1. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1926.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1926 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	30000	
			1045000
4.	Aukatekjur	280000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	210000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
	Flyt ...	835000	1045000

		kr.	kr.
	Flutt ...	835000	1045000
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	22000	
			877000
11.	Útflutningsgjald		700000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og límonade)	460000	
13.	Tóbakstollur	430000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	890000	
15.	Annað aðflutningsgjald	115000	
16.	Vörutollur	1200000	
17.	Verðtollur	450000	
			3545000
18.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		15000
19.	Pósttekjur	350000	
20.	Símatekjur	1150000	
			1500000
21.	Víneinkasala...	300000	
22.	Tóbakseinkasala	200000	
23.	Steinolíueinkasala.	60000	
			560000
	Samtals ...		8242000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		33000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		15000
	Samtals ...	... ...	48100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		55000
5. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
7. Aðrir vextir		20000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1926 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	234776	
2. Dönsk lán, danskar kr. 257442 á 1/10	283186	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8781 : 8 á 28/00	245879	
4. Lausaskuldir	267500	
		1031341
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Dönsk lán, danskar kr. 542349 á 1/10	596584	
3. Enska lánið 1921, £ 1827 : 5 : 4 á 28/00	53163	
		907147
III. Framlag til Landsbankans, 13. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2038488

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	4000		
		34000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		82280	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	10000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200		
		12100	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
			182380
II. Hagstofan.			
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16300	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
			49600
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn		17000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		8000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		1500	
			38500
Samtals ...		... ...	270480

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun	53650	
	b. Annar kostnaður, alt að	2000	
			55650
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151220
3.	Laun hreppstjóra		32000
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun	27168	
	b. Húsaleiga	3240	
	c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
	d. Ýms gjöld, alt að	2400	
			34908
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	23300	
	b. Laun 3 tollvarða...	14300	
	c. Húsaleiga	4500	
	d. Hiti og ljós	1300	
	e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
			52400
	Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		81000
7.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8.	Til landhelgisgæslu gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði		85000
9.	Framlag til landhelgissjóðs		20000
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
12.	Borgun til sjódómsmanna		1000
13.	Borgun til setu- og varadómara		3000
	Samtals ...	... ...	542678

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
Samtals ...	... ...	125000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		285000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn... ... ... Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.		3000
4. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		2000
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til sama, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
		1500
Flutt ...	... ...	293500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	293500
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		10000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Holdsveikraspítalinn		82120
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 2500		
	4. Meðul og sáraumbúðir 2000		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3000		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		73420	
		82120	
11.	Geðveikrahælið á Kleppi		69175
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 14500		
	Flyt ...	7700	459295

		kr.	kr.
	Flutt ...	7700	459295
2. Viðurværi 94 manna (ca. 150 a. á dag)	52000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	6300		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		101800	
		109500	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	69175	
12. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			19560
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi	136000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	6000		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	12000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		246000	
		253700	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
	Flyt ... 173375	253700	478855

		kr.	kr.
Flyt ...	173375	253700	478855
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
Mismunur ...		19560	
13. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (lokaveiting) alt að		25000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		15000	
d. Bólusetningarkostnaður		2500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...		4000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
h. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur		4000	
i. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að		2500	
j. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá		300	
			85300
14. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna			27000
Samtals ...		... ...	591155

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	90366	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	71000	
c. Brjefhirðingamenn	21000	
		182366
2. Póstflutningur		160000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	8000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	11000	
d. Önnur gjöld	46000	
		85000
		427366
B.		
Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra	8700	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	5000	
5. Skrifstofukostnaður, alt að	5500	
		28620
II. Þjóðvegir:		
Til nýrra akvega:		
1. Kjalarnesvegur	8000	
3. Hvítárbraut	20000	
3. Miðfjarðarbraut	20000	
4. Sauðárkróksbraut	20000	
5. Þelamerkurvegur	10000	
Flyt ...	78000	28620

		kr.	kr.
	Flutt ...	78000	28620
6.	Vallavegur	10000	
7.	Hróarstunguvegur	15000	
			103000
III.	Þjóðvegir:		
	Viðhald og umbætur		175000
IV.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		90000
V.	Til slitlags á akvegum		22000
VI.	Fjallvegir		6000
VII.	1. Til áhalda, alt að	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
VIII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	15000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 9, 1923	10000	
			25000
IX.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
X.	Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		2000
	Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn:		
	1. Á Tvískerjum	600	
	2. Í Fornahvammi	700	
	Flyt ... 1300	1300	467820

	kr.	kr.
Flutt ...	1300	467820
3. Á Hrauntanga	600	
4. Í Bakkaseli	700	
		2600
		470420
C.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Esju	150000	
b. Eimskipafjelags Íslands	45000	
		195000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		70000
		265000
D.		
Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		23000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
III. Til nýrra símalagninga		100000
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	290000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	11000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24000	
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	100000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	6000	
10. Símastöðin á Borðeyri	7000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	5000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	7000	
13. Símastöðin á Siglufirði	4500	
Flyt ...	488500	148000

		kr.	kr.
	Flutt ...	488500	148000
14.	Til aukaritsímaþjónustu	2000	
15.	Til loftskeytastöðvar í Flatey	3000	
16.	Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	2500	
17.	Til loftskeytastöðvar á Síðu	2000	
18.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva... ...	85000	
19.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að..	10500	
20.	Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
			594700
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		30000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		35000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		7000
VIII.	Viðhald landssímanna		130000
IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
			946200
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	8700	
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	5920	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
			20120
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		21050
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		60000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		15000
V.	Ýmislegt		8000
	Samtals ...	... ...	124170

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	306	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
5. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	10000	
		293706
		305206
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt, þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið á háskólanum.		
e. Til kensluáhalda læknadeildar	500	
f. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors	1600	
Flyt ...	121100	.. ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	121100	
g. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4500	
h. Önnur gjöld:			
1. Til ritara:			
a. Laun 1000			
b. Dýrtíðaruppbót 500			
	1500		
2. Til dyravarðar:			
a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600			
b. Dýrtíðaruppbót 800			
	2400		
3. Ýms gjöld	3000		
		6000	
			131600
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 1—3 ár.		18800	
b. Viðbót við styrkinn fyrir 1925...		7800	
c. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
			29100
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		86400	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. — skólahússins utan og innan ...	3500		
Flyt ...	9900	86400	160700

		kr.	kr.
Flutt ...	9900	86400	160700
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	20500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
		39800	
			126200

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		27840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og tímakenslu ...	8000		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til eldiviðar og ljósa	7000		
4. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
6. Til vatnssalerna og fráræslu... ...	6700		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		28800	
			56640
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17800	
Flyt ...		17280	343540

		kr.	kr.
	Flutt ...	17280	343540
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til girðingar og lagfæringar á lóð skólans..	5000		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		17000	
			34280
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		15360	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
		9800	
			25160
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		9600	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	900		
2. Húsnæði	1800		
3. Ljós og hiti	1700		
4. Ýms kostnaður	1600		
5. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		8800	
			18400
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skóla-			
	Flyt ...	... ...	421380

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	421380
gjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda. 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 4000			
	9500		
		21980	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	7500		
		18400	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	40380	421380

			kr.	kr.
		Flutt ...	40380	421380
3.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
	a. Laun	11200		
	b. Til aðstoðarkenslu	600		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til búnaðarnáms ... 600			
	2. Til kensluáhalda.. ... 500			
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
	4. Ýmisleg gjöld 3000			
		8100		
			19900	
IX.	Iðnfræðsla:			60280
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		5000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
				6000
X.	Verslunarskólar:			
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar		3000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..		3000	
				6000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:			
	1. Laun forstöðumanns		1000	
	2. Til verklegrar kenslu:			
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík	900		
	b. Annar kostnaður, alt að	400		
			1300	
		Flyt ...	2300	493660

		kr.	kr.
	Flutt ...	2300	493660
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 2000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		27000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		17000	
			44000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9900	
2.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	315000	
3.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	2500	
			336400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	30000	
	Flyt ...	30000	885640

	kr.	kr.
Flutt ...	30000	885640
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
3. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		45000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		1000
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Flyt ...	4300	944640

	kr.	kr.
Flutt ...	4300	944640
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		4300
Samtals ...	... ...	948940

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21800	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja skrá yfir handrit	2000	
f. Til ritaukaskrár	800	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
h. Húsaleiga	500	
i. Ýmisleg gjöld	700	
		42360
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	7200	
b. Til að binda inn og búa um skjöl	3000	
		10200
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1600	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
Flyt ...	11400	52560

	kr.	kr.
Flutt ...	11400	52560
e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 4 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13000
4. Náttúrufræðifjelagið ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		1600
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		10000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
8. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
9. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3000
10. Til Þjóðvinafjelagsins		1000
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út alþingisbækur og landsyfirdóma		2000
12. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
13. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
14. a. Styrkur til skálda og listamanna	10000	
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
c. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
d. Til þess að kaupa listaverk.	3000	
		19200
15. Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
Flyt ...	... ...	119260

	kr.	kr.
Flutt ...		119260
16. Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót og 4500 kr. til ritlauna.		12200
17. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		1500
18. Til Sigurðar Nordals prófessors, til ritstarfa..		2000
19. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
		9200
20. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
21. Til dr. Helga Pjeturss		5000
22. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðlegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
23. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
24. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
25. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
26. Til landsskjálftarannsókna		800
Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		
27. Til veðurathugana og veðurskeyta		30000
28. Til íþróttasambands Íslands		1000
29. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
30. Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.		5000
31. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, lokagreiðsla		2500
32. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
Samtals ...	... ...	200960

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands		150000
2.	Til sandgræðslu		18000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3.	Til búnaðarfjelaga		10000
4.	Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
5.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
6.	Til skógræktar:		
	a. Laun	12960	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	11000	
			23960
7.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
	c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
	Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		22380
8.	Til fjárkláðalækninga		10000
9.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
10.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
	b. Húsaleiga	1000	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
			8000
11.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
12.	Til Fiskifjelagsins		55000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
13.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	3400	
	Þar af fær fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík		
	Flyt ...	22600	358340

		kr.	kr.
	Flutt ...	22600	358340
	1000 kr. og fiskiyfirmatsmennirnir á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum 600 kr. hver.		
	c. 4 síldarmatsmanna	10240	
	d. 4 ullarmatsmanna	2560	
	e. 5 kjötmatsmanna	4800	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			48200
14.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		3000
15.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		10000
16.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
17.	Til gerlarannsókna		2000
18.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		5200
19.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
20.	Til sambands norðlenskra kvenna		500
21.	Til Bandalags kvenna		500
22.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
23.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		1500
24.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
25.	Laun húsagerðarmeistara		8300
26.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð		5600
27.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		25000
	Flyt ...	... ...	486940

	kr.	kr.
Flutt ...		486940
28. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1000
29. Til vatnsrenslismælinga		2000
30. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		5000
Samtals ...	... ...	494940

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		300000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61. 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4. Til slysatryggingar sjómanna		14000
5. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
6. Til bjargráðasjóðs		24000
7. Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
8. Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
Samtals ...	... ...	458500

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27168,95	
	b. Embættismannaekkjur og börn	15794,89	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5936,68	
			49535,80
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
	6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar, ef hann lætur af embætti 3000,00		
		5859,87	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 500		
	8. — Ágústu Jóhannsdóttur. 300		
		2575	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
	4. — Sig. prófasts Gunnarssonnr 662,25		
		2267,25	
	d. Prestsekkjur:		
	1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130,00		
	2. — Auðar Gísladóttur 300,00		
	Flyt ... 430,00	10702,12	49535,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	430,00	10702,12	49535,80
3.	Til Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15.	— Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20.	— Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
25.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
			7374,97	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— 2 barna hennar	150,00		
3.	— Bjargar Jónsdóttur	300,00		
4.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
5.	— Hjartar Snorrasonar	500,00		
6.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
7.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
8.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300,00		
	Flyt ...	2710,00	18077,09	49535,80

			kr.	kr.
	Flutt ...	2710,00	18077,09	49535,80
9.	Til 1 barns hennar	33,33		
10.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
11.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
12.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
			3743,33	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar	200		
4.	— Hallgríms Krákssonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	100		
9.	Til Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	1000		
			6000	
g.	Ritböfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
			10000	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritböfunda:			
1.	Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson ...	300,00		
2.	— Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
3.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600,00		
	Flyt ...	1100,00	37820,42	49535,80

		kr.	kr.
	Flyt ... 1100,00	37820,42	49535,80
4.	Til Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ... 475,00		
5.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
6.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
7.	— 3 barna hennar 300,00		
8.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 266,67		
		2741,67	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða 500		
3.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
4.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... 300		
5.	— Páls Erlingssonar 800		
6.	— Erlends Zakaríassonar 300		
7.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
8.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
9.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 400		
10.	— Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar... 400		
11.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 400		
12.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
13.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
		5200	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...	1200	
k.	— ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds	1000	
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000	
			50962,09
	Flyt ...		100497,89

	kr.	kr.
Flutt ...		100497,89
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		57178,74
Samtals ...		157676,63

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Árið 1926 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt 2. gr.			kr.	8242000.00	
—— 3. —			—	48100.00	
—— 4. —			—	230000.00	
—— 5. —			—	227000.00	
				kr.	8747100.00
En til gjalda er veitt:					
Samkvæmt 7. gr.			kr.	2038488.00	
—— 8. —			—	60000.00	
—— 9. —			—	199800.00	
—— 10. —			—	270480.00	
—— 11. — A.	kr.	542678			
—— 11. — B.	—	125000			
			—	667678.00	
—— 12. —			—	591155.00	
—— 13. — A.	kr.	427366	—		
—— 13. — B.	—	470420	—		
Flyt ...	kr.	897786	kr.	3827601.00	kr. 8747100,00

	Flutt ...	kr.	897786	kr.	3827601.00	kr.	8747100.00
Samkvæmt	13. gr. C.	—	265000	—			
——	13. — D.	—	946200	—			
——	13. — E.	—	124170	—			
				—	2233156.00		
——	14. — A.	kr.	305206	—			
——	14. — B.	—	948940	—			
				—	1254146.00		
——	15. — ...	...	.. ...	—	200960.00		
——	16. — ...	..	... ...	—	494940.00		
——	17. — ...	...	... ...	—	458500.00		
——	18. — ...	...	... ...	—	157676.63		
——	19. — ...	...	... ...	—	100000.00		
——	20. — ...	...	... ...	—	4000.00		
						—	8730979.63
					Tekjuafgangur	kr.	16120.37

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum

1. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1926, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir 1926.

Af núgildandi löggjöf, sem kemur til greina við ákvörðun tekna og gjalda ríkissjóðs, falla tvenn ákvæði úr gildi með árslokum 1925, en það eru gjaldamegin ákvæðin um dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna, og tekjumegin lögin frá 1. apr. 1924 um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum. Það þykir nú fyrirsjáanlegt, að óhjákvæmilegt verði að endurnýja ákvæðin um dýrtíðaruppbót í einhverri mynd, og hefir þótt rjett að gera ráð fyrir því þegar í þessu frv., þar sem frv. annars mundi gefa mjög skakka mynd af áætluðum útgjöldum ríkissjóðs 1926. Hinsvegar þykir þá ekki verðtollurinn mega missast, ef tekjur og gjöld eiga að standast á, og er hann því tekinn upp í tekjuáætlun þessa frv. Verða lagafrv. um dýrtíðaruppbót og um framlengingu á verðtollinum lögð fyrir þingið.

Samkvæmt óskum hagstofustjóra hafa verið gerðar nokkrar breytingar á flokka- og greinaskiftingu tekna og gjalda, til þess að flokkunin yrði í betra samræmi við þær grundvallarreglur sem fylgja ber í hagfræðiskýrslum um tekjur og gjöld ríkisins. Aðal breytingin er sú, að upp er tekin ný 17. gr. og í henni talin gjöld til almennrar styrktarstarfsemi, sem áður hafa verið talin í ýmsum öðrum greinum fjárlaganna, innan um gjöld til all-óskildra málefna. Ennfremur er gerð ný undirflokkun á tekjum í 2. gr., og nokkrar upphæðir fluttar í aðra grein en þær hafa áður staðið í. Það hefir þó þótt rjett að gera þetta án þess að trufla

nokkuð verulega þá niðurröðun greinanna í frv., sem venja undanfarinna ára er búin að festa.

Frv. er að mjög miklu leyti sniðið eftir fjárlögunum fyrir 1925. Í þeim eru allar launaupphæðir miðaðar við 50% dýrtíðaruppbót, og í 19. gr. þeirra þar að auki áætluð í einu lagi upphæð, er samsvara mundi hækkun uppbótarinnar úr 50 upp í 60%. Eins og kunnugt er varð uppbótin fyrir 1925 hærri en þetta, eða 78%, og hefir ekki þótt varlegt að áætla uppbótina fyrir 1926 lægri en 60%, og eru því launaupphæðirnar í þessu frv. að öðru óbreyttu þeim mun hærri en í fjárlögum 1925.

Reynt hefir verið að fylgja þeirri reglu, að áætla öll bundin gjöld með fullri upphæð, en bundin eru talin þau gjöld, sem annaðhvort samkvæmt lögum eða eðli gjaldanna eru þannig ákvörðuð, að framkvæmdarvaldið getur ekki með ráðstöfunum sínum haft áhrif á þau til lækkunar. Aftur á móti hefir þótt varhugaverðara að hækka áætlunina um þau gjöldin, sem eru ekki þannig bundin, fullkomlega eftir því sem reynsla undanfarinna ára bendir til að þurft hafi, því að ef of langt er farið í því efni, gæti það máske dregið úr hvöt framkvæmdarvaldsins til sparsamlegrar meðferðar á landsfje.

Í frv. er ekki áætluð nein upphæð til afborgana á lausaskuldum ríkissjóðs. Það er þó óhjákvæmilegt að greiða þessar skuldir, sem voru í árslok 1923 rúmar 4 milj. kr., og þykir m. a. þess vegna nauðsynlegt að áætla tekjurnar svo varlega, að vænta megi nokkurs afgangs til greiðslu upp í lausaskuldir, ef engin óvænt og stórfeld óhöpp koma fyrir.

Um þær upphæðir tekju- og gjaldamegin, sem teknar eru óbreyttar eftir fjárlögunum 1925, eða eru teknar með þeirri einni breytingu, er leiðir af áætluninni um dýrtíðaruppbótina, þykir nægja að vísa til framanskráðra almennra athugasemda.

TEKJUBÁLKURINN:

Um 2. gr.

5. Erfðafjárskattur. Hann var tæp 37 þús. kr. 1922 og rúm 44 þús kr. 1923.

6. Vitagjaldið nam fullum 203 þús. kr. 1922 og fullum 196 þús. kr. 1923, en síðan hefir taxtinn verið hækkaður um 25%.

8. Hjer er einungis átt við stimpilgjaldið samkvæmt lögum nr. 75 1921.

12. Áfengistollurinn nam rúmum 497 þús. árið 1923, og hefir síðan verið hækkaður um 25%.

13. Tóbakstollurinn var 339 þús. 1922 og 434 þús. kr. 1923. Með 25% hækkun þykir mega áætla 430 þús. kr.

16. Vörutollurinn var 1923 1051 þús. kr., og hefði orðið 1922 með sömu löggjöf 1145 þús. kr. Gjaldið hefir verið hækkað um 25%, og með því að vörumagnið fer vaxandi þykir ekki óvarlegt að áætla 1200 þús. kr.

17. Upphæðin er mjög varlega áætluð, ef gert er ráð fyrir núgildandi lögum óbreyttum eða lítið breyttum.

20. Upphæðin er sett eftir áætlum landssímastjóra.

Um 3. gr.

1. Er sett eftir áætlun ríkisbókhaldsins, en vegna ákvæða í jarðræktarlögunum er liðurinn orðinn óvissari en áður.

3. Þykir ekki varlegt að áætla jafnháa upphæð og í fjárlögum 1925.

Um 4. gr.

4. Upphæðin fyrir útdregin bréf virðist hafa verið óþarflega lágt áætluð að undanförnu.

7. Vextir af skuld Landsverslunar og af dýrtíðarlánum.

Um 5. gr.

Óbreytt eins og í fjárlögunum 1925.

GJALDABÁLKURINN:

Um 7. gr.

Skrá yfir hinar samningsbundnu afborganir og áætlaða vexti verður afhent fjárveitingarnefndum Alþingis.

Um 8. gr.

Upphæðin er lögákveðin.

Um 9. gr.

1. Alþingiskostnaðurinn hefir árið 1923 orðið kr. 244881 42, með sömu dýrtíðaruppbót (60%), sem hjer er gert ráð fyrir. Fjárveitingin fyrir 1925 er 170 þús. kr., og er auðsjeð að hún muni ekki nægja, nema ráðstafanir sjeu gerðar til að draga úr kostnaðinum. Hjer er stungið upp á 195 þús. kr. og til þess að sú upphæð nægi þarf að færa niður kostnaðinn um 1/6 hluta þess, er var 1923.

Um 10. gr.

I. 5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum, að meðtöldum kostnaði við ríkisbókhaldið, eru í fjárlögunum 1925 veittar kr. 20 000, en sú áætlun getur ekki staðist. Kostnaðurinn hefir orðið 27 þús. kr. árið 1922 og tæpar 25 þús. kr. 1923. Hækkun sú, sem farið er fram á, stafar af launahækkun eftir þjónustualdri, og af því að nú er notað dýrara húsnæði en áður. Kostnaðurinn sundurliðast þannig:

Laun með dýrtíðaruppbót	23080 kr.
Húsaleiga, ljós og hiti	3316 —
Bækur, pappír, prentun, ræsting o. fl.	1104 —
Samtals	27500 —

I. 6. Þessi liður er fluttur hingað frá 11. gr. B eftir bendingu hagstofustjóra, og prentunarkostnaðurinn áætlaður 2000 kr. hærri en í fjárlögunum 1925 samkvæmt undanfarinni reynslu.

II. Kostnaður við Hagstofuna varð 49 þús. kr. 1922 og rúmar 46 þús. kr. 1923. Samning og útgáfa ýmsra skýrslna, þar á meðal verslunaskýrslna er orðin svo langt á eftir tímanum, að stofnunin kemur ekki að tilætluðum notum fyrir stjórnina. Nauðsyn þykir að kippa þessu í lag, og hefir á þessu ári verið bætt við einum starfsmanni, háskólakandidat í hagfræði, og hefir hann fengið veitingu fyrir aðstoðarmannsstöðunni, en öðru starfsfólki þó ekki verið fækkað, og þykir ekki fært að gera það meðan stofnunin er að vinna upp það verkefni, sem dregist hafði aftur úr. Hagstofustjóri hefir farið fram á fjárveitingar, sem nema mundu alls 56600 kr. fyrir árið 1926, þar á meðal til aðstoðar og skrifstofukostnaðar 21 þús. kr., en ekki þykir fært að verða við þeim óskum að öllu leyti, og þess er vænst að störfunum miði svo áfram, að í síðasta lagi frá ársbyrjun 1926 megi fækka starfsfólki eitthvað frá því sem nú er.

III. 3. Með hliðsjón af breytingu þeirri, sem varð við það að sendiherrann ljet af störfum þykir ástæða til að fara fram á 4000 hr. hækkun á þessum lið frá því, sem áður hefir verið.

III. 4. Þóknun til nefndarmanna, 500 kr. til hvers.

Um 11. gr.

A.

1. a. Launaupphæðin er miðuð við núverandi tilhögun.

3. Hreppstjóralaunin virðast of lágt áætluð í fjárlögum 1925.

4. a. Launaupphæðin er miðuð við það starfsmannahald, sem nú er.

4. b. Leigan er ákveðin með mati.

4. c.—d. Þessar upphæðir eru hækkaðar lítið eitt samkvæmt tillögum bæjarfógeta.

6. Það hefir reynst ómögulegt að komast af með þá upphæð, sem veitt hefir verið að undanförnu til skrifstofukostnaðar sýslumanna og bæjarfógeta. Störf þeirra hafa farið mjög vaxandi vegna ýmsrar nýrrar lagasetningar. Sumir þeirra verða nú að greiða af launum sínum til skrifstofuhaldsins, og mega alls ekki við því. Þykir ekki von um að komist verði af með lægri upphæð en hjer er farið fram á.

13. Þessi störf fara heldur vaxandi, og er farið fram á 1000 kr. hækkun frá því sem nú er.

B.

1. a.—b. Upphæðirnar eru hækkaðar um 5000 kr. hvor samkvæmt undanfarandi reynslu.

Um 12. gr.

2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis mun eigi verða komist af með lægri upphæð en 2000 kr.

3. Talið er að 3000 kr. muni nægja til að fullnægja sanngjörnum kröfum á þessum lið.

4. Upphæðin er hækkuð lítið eitt með hliðsjón af dýrtíðaruppbótinni.

10. Áætlun yfirlæknisins verður lögð fyrir þingið.

11. Áætlun geðveikralæknis, sem fer fram á nokkru hærri upphæð en hjer er stungið upp á, verður lögð fyrir þingið.

12. Yfirlæknir Vífilsstaða hefir farið fram á nokkru hærri veitingu, og verður áætlun hans lögð fyrir þingið.

13. d. Samkvæmt undanfarinni reynslu þýðir ekki að áætla liðinn lægri.

13. g. Upphæðin er 1000 kr. lægri en í fjárl. 1925, og ætti að nægja.

14. Liðurinn er bundinn af lögum, og er of lágt áætlaður í fjárl. 1925.

Um 13. gr.

A. Póstmál.

Upphæðirnar eru settar eftir tillögum aðalpóstmeistara, og verða þær lagðar fyrir þingið.

B. Vegamál.

Í fjárlögunum fyrir 1925 er af sparnaðarástæðum ekkert fje ætlað til nýrra verklegra framkvæmda, og heita má að slíkar framkvæmdir hafi einnig fallið niður á árinu 1924. Þótt brýn nauðsyn sje, að viðhafa einnig fylstu gætni árið 1926, hefir þó ekki þótt rjett, að gera ráð fyrir því, að framkvæmd nýrra mannvirkja fjelli niður með öllu, heldur að minni framkvæmdir yrðu ráðgerðar, en venjulegt verður að teljast. Eru samkvæmt tillögum vegamálastjóra, sem þó hafa verið færðar nokkuð niður, áætlaðar 103000 kr. til 7 nýrra akvegakafla, og 90000 kr. til brúargerða, auk framlaga til sýsluvega. Með tilliti til þessa hefir og liðurinn I. 4 verið hækkaður um 3000 kr. frá fjárlögum 1925. Enn fremur liðurinn I. 5. hækkaður um 1000 kr., með því að eigi mun verða komist af með lægri upphæð. Liðurinn XI, styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn, er fluttur hingað til þess að koma þessu atriði undir beint eftirlit vegamálastjóra, en upphæðirnar hafa áður staðið í 16. gr. Að öðru leyti er vísað til álits vegamálastjóra, sem lagt verður fyrir þingið.

C. Samgöngur á sjó.

Óbreytt eins og í fjárlögum 1925.

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Landssímastjóri hefir gert tillögur um útgjöld, er nema samtals krónum 1 338 953 84. Hefir ekki þótt fært að taka þær til greina nema að nokkru leyti. Til nýrra símalína- og loftskeytastöðva fer landssímastjóri fram á 308 400 kr. í 8 liðum, en ekki hefir þótt fært að áætla meira en 100 þús. kr, til þessa. Flestar áætlanir landssímastjóra um rekstrarkostnað hafa einnig verið færðar nokkuð niður, enda eru þær miðaðar við hærri dýrtíðaruppbót (78 %) en hjer er reiknað með. Loks hefir landssímastjóri áætlað VIII. »Viðbót og viðhald símanna« ósundurliðað 175 þús. kr., en sú upphæð er færð niður í 130 þús. kr., og ætluð til viðhalds eingöngu. Tillögur landsímastjóra verða lagðar fyrir þingið.

E. Vitamál.

Vitamálastjóri hefir farið fram á 160000 kr. fjárveitingu til að byggja landtökuvita á Dyrhólaey. Af sparnaðarástæðum hefir ekki þótt fært að taka upp þessa tillögu eða aðrar upphæðir til nýrra vita í þetta sinn. Að öðru leyti er að mestu farið eftir tillögum vitamálastjóra, sem lagðar verða fyrir þingið.

Um 14. gr.

A. Andlega stjettin.

a. 2. Skrifstofukostnað biskups þykir ekki mega áætla lægri en 2000 kr.

b. 3. Framlag til prestlaunasjóðs er bundið af lögum, og er of lágt talið í fjárl. 1925.

b. 5. Þessi fjárveiting er, eins og aðrar veitingar til verklegra framkvæmda, feld niður árið 1925. Áður voru veittar í þessu skyni 15 þús. kr. á ári, til skifta í 3 staði, en af sparnaðarástæðum er í þetta sinn einungis farið fram á 10 þús. kr.

B. Kenslumál.

I. b. Liðurinn er samningsbundinn.

I. d. Með hliðsjón af undanfarinni reynslu er stungið upp á ákveðnari skilyrðum en áður um námsstyrki við háskólann, og upphæðin hækkuð um 2000 kr. frá því, sem veitt er 1925.

I. h. 3. Ýms gjöld við háskólann hafa sum undanfarinna ára farið langt fram úr fjárveitingu, en háskólaráðið hefir ekki í tillögum sínum farið fram á hækkun.

II. a. Upphæðin er miðuð við það, að þeirri reglu verði á komið, að veita 4 stúdentum á ári styrk til 4 ára, fyrst um sinn 100 kr. á mánuði, og að þeir stúdentar haldi styrknum í 4 ár, sem þegar eru byrjaðir að njóta hans.

II. b. Af stúdentum þeim, sem útskrifuðust vorið 1924, hefir enginn fengið utanfararstyrk, af því að fjárveitingin fyrir 1925 nægði ekki til þess. En hún nægir ekki heldur til þess, að þeir stúdentar, sem áður voru byrjaðir að njóta styrks, geti haldið honum alt árið 1925, og er hjer farið fram á þá upphæð, sem til þess vantar, því að það virðist ekki geta komið til mála að láta styrkinn til þeirra falla niður í nokkra mánuði aftan af árinu.

III. Mentaskólinn. Liðurinn til tímakenslu er hækkaður úr 13000 kr. upp í 20500 kr., og er það ekkert annað en leiðrjetting á of lágri áætlun núgildandi fjárlaga. Sama er að segja um aðrar smærri hækkanir á einstökum liðum.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Nauðsyn þykir að taka upp fjárveitingu til vatnssalerna og fráræslu (6. lið), kr. 6700. — Að öðru leyti hefir áætlunin um gjöld skólans verið leiðrjett, svo að hún sje í samræmi við raunveruleg gjöld eins og skólahaldið er nú.

V. Kennaraskólinn. Lóð skólans er ógirt og ómæld að nokkru. Þykir ekki mega dragast lengur að girða hana, svo sem skylt er eftir bæjarlöggjöfinni.

VI.—XI. Á þessum liðum eru einungis nokkrar smávægilegar breytingar samkvæmt tillögum skólastjóranna, er verða lagðar fyrir þingið.

XII. Kvennaskólar. Tillagið til rekstrarkostnaðar kvennaskólans í Rvík er hækkað um 1000 kr., samkvæmt umsókn stjórnarnefndar skólans.

XIII. Almenn barnafræðsla:

1. b. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra virðist hæfilega settur 1200 kr., enda hefir hann lengstum verið það.

2. Laun kennara og dýrtíðaruppbót er að öllu leyti lögbundinn liður, og er of lágt áætlaður í fjárlögum 1925. Með dýrtíðaruppbót 60 % og núverandi löggjöf óbreyttri mun upphæðin verða um 315 þús. kr. á ári.

XIV. Undir þessum lið er tekin upp aftur 1000 kr. fjárveiting til unglingaskólans í Bergstaðastræti í Reykjavík. Þessi skóli stendur öllum opinn, og þykir rjettara að styrkja hann heldur en sjerskóla fyrir einstakan flokk. Er því feldur niður liðurinn XIV. 3 í fjárlögum 1925.

XV.—XVIII. Óbreyttir liðir.

Um 15. gr.

1. Fjárveitingarnar til landsbókasafnsins voru lækkaðar mjög í fjárlögum 1925, en samkvæmt tillögum hins nýja yfirbókavarðar, sem þó hafa ekki orðið teknar til greina að öllu leyti, er nú lagt til að nokkuð verði rýmkvað aftur um framlög til þessarar stofnunar.

2. b. Það þykir óhjákvæmilegt að hækka þennan lið nokkuð, m. a. til þess að unt verði að halda uppi daglegri afgreiðslu við safnið í forföllum eða fjarveru þjóðskjalavarðar.

3. Fjárveitingarnar til Þjóðmenjasafnsins og verndunar fornmenja voru færðar mikið niður í fjárlögum 1925, og hefir ekki þótt fært að stinga upp á öðrum hækkunum en 500 kr. til að útvega forngripi, og að aftur yrði tekin upp lítil upphæð, 600 kr., til rannsókna og ferðakostnaðar, svo að lögmælt starf fornmenjavarðar á því sviði þurfi ekki með öllu að falla niður.

4. Stungið er upp á 400 kr. hækkun á þessum lið samkvæmt umsókn forstöðumanns.

5. b. Dálítil hækkun á upphæðinni til viðhalds Safnahússins virðist óhjákvæmileg. Málun hússins að utan og viðgerð á stigum og göngum er nú svo aðkallandi, að ekki má bíða ársins 1926, og er ráðgert að þetta verði framkvæmt sumarið 1925 upp á væntanlega aukafjárveitingu.

9. Rjett þykir að láta niður falla sjerstaka fjárveitingu til þess, að vinna að útgáfu Fornbrjefasafnsins, en hækka styrkinn til bókmentafjelagsins um sömu upphæð, svo að það sjái beinlínis um útgáfuna að öllu leyti.

10. Stungið er upp á að lækka liðinn um 1000 kr.

11. Lagt er til að liðurinn sje hækkaður um 1000 kr., og bundinn við ákveðið verkefni.

12. Þessi liður var feldur úr fjárlögum 1925 fyrir sparnaðarsakir, en þar sem hjer er um að ræða, að halda áfram útgáfu merkilegs heimildarrits, sem þegar er byrjað, þykir rjett að taka liðinn upp.

14. Liðurinn a. hækkaður um 2000 kr., og farið fram á að taka upp aftur 3000 kr. fjárveitingu í d. lið til að kaupa listaverk.

15. Það þykir eðlilegast að skoða fjárveitinguna beinlínis sem laun, er breytist með breytilegri dýrtíðaruppbót.

16. Upphæðin til ritlauna, 4500 kr., er samningum bundin.

17. Farið er fram á að þessi liður, sem var lækkaður í fjárlögunum 1925, verði aftur hækkaður um 1000 kr.

18. Sama upphæð og í fjárlögum 1925, en án dýrtíðaruppbótar.

19. b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknir Bjarna Sæmundssonar er farið fram á 500 kr. hækkun.

27. Það er ekki sjáanlegt, að komist verði af með minna en 30,000 kr. til veðurathugana og veðurskeyta, ef halda skal í svipuðu horfi og nú.

Um 16. gr.

1. Búnaðarfjelag Íslands hefir farið fram á mikla hækkun á þessum lið, en ekki hefir þótt fært að taka upp meira en 10 þús. kr. hækkun, er samsvarar nokkurn veginn hækkun á dýrtíðaruppbót, sem áætluð er.

2. Liðurinn er hækkaður um 3 þús. kr. sökum þess, að hjer er um mikið nauðsynjaverk að ræða og virðist bera góðan árangur.

5. Í samræmi við það, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda eru ríflegar nokkuð, þykir rjett að hækka þennan lið um 15 þús. kr.

15. Til markaðsleitar. Líklegt þykir að komast megi af með 10 þús. kr. í þessu skyni.

27. Með því að ráðgert er að e/s Þór verði tekinn á leigu til landhelgisgæslu lengri tíma ársins en áður, eða líkt og 1924, virðist gerlegt að lækka tillagið til útgerðar hans um 5 þús. kr.

30. Í fjárlögunum 1925 er ekki veitt neitt fje til framkvæmdar laganna um skipulag bæja og sjávarþorpa. Það þykir þó ekki rjett, að láta verk þetta falla niður, og því er þessi liður tekinn upp hjer.

Um 17. gr.

Hjer eru talin gjöld til almennrar styrktarstarfsemi, sem áður voru í ýmsum greinum fjárlaganna.

1. Styrkur til berklasjúklinga, sama upphæð og í 12. gr. 12. 1. fjárl. 1925. Eftir undanfarinni reynslu er upphæðin of lág, en það er að nokkru leyti á valdi framkvæmdarvaldsins, hve mikið fje er brúkað á þessum lið, og hefir því ekki þótt rjett að hækka áætlunina.

2. Sama upphæð og í 12. gr. 13. h. fjárl. 1925.

3. Sama sem 12. gr. 13. j. fjárl. 1925.

4. Í fjárl. 1925 er þessi veiting í 16. gr. 31. Upphæðin er bundin af lögum, og er hjer áætluð 6 þús. kr. lægri en í núg. fjárl., samkvæmt undanfarinni reynslu.

5. Sama sem 16. gr. 32. í fjárl. 1925.

6. Lögbundið gjald, sbr. 16. gr. 29. í fjárl. 1925.

7. Sömuleiðis, sbr. 18. gr. IV. í fjárl. 1925, en þar er gjaldið of lágt áætlað.
8. Sama sem 15. gr. 33. í fjárl. 1925.

Um 18. gr.

Skrá yfir eftirlaun þau, er um ræðir í I. a—d., er prentuð hjer aftan við.

II. Óbreytt í aðalatriðum. Bætt er við:

II. b. 7. Ekkja Þórhalls heitins Jóhannessonar hjeraðslæknis. Það mun hafa farist fyrir að henni væri trygður ekkjulífeyrir, og þykir ekki verða hjá því komist að bæta henni það upp.

II. c. 4. Viðbót við lögmælt eftirlaun Sig. próf. Gunnarssonar, samkvæmt mjög eindregnum tillögum biskups.

II. i. 13. Ekkja Magnúsar Gunnarssonar, sem var ráðinn dyravörður við stjórnarráðið, er hann ljest, og hafði verið um margra ára skeið starfsmaður Alþingis.

Um 19.—21. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Um 22. gr.

Meðan ríkissjóður er í stórskuldum, þar á meðal miklum lausaskuldum, getur ekki komið til mála að viðlagasjóður sje aukinn, heldur verður að verja sjerhverjum tekjuafgangi til afborgunar á lausaskuldum. Þar af leiðir, að ekki verður unt að veita lán úr viðlagasjóði svo neinu nemi. Lánveitingar hafa að undanförnu gengið svo langt, að ekki einungis er allur viðlagasjóðurinn í útlánum, heldur hefir og verið lánað talsvert úr ríkissjóði, sem er alveg óeðlilegt, þar sem hann hefir ekki haft nóg fje til eigin þarfa. Virðist sjálfsagt, að þær afborganir af lánum, sem tilfalla viðlagasjóði, sjeu fyrst og fremst notaðar til þess að ljetta af ríkissjóði og færa yfir á viðlagasjóð þau útlán, sem ríkissjóður sjálfur hefir veitt af því að fje var ekki fyrir hendi í viðlagasjóði til þess. Er hjer einkum átt við dýrtíðarlán og rafmagnslán til Reykjavíkurbæjar vegna tauganna að Laugarnesi og Kleppi.

Það hefir þó þótt rjett að taka upp heimildirnar til girðingalána og þurrabúðarlána utan kaupstaða og í kaupstöðum úr fjárl. 1925.

Um 23. gr.

Rjett þykir að hafa samskonar heimild og nú er til þess að greiða Eimskipafjelagi Íslands þennan samkepnisstyrk, og það því fremur, sem strandferðastyrkur sá, sem fjelaginu er ætlaður, er lágur, eftir því sem skipagöngum fjelagsins er háttað.

Um 24. og 25. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1924.

	kr.	kr.
A. Embættismenn.		
1. Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu (konungsúrskurður $^{13}/_{6}$ 1899)	1601,40	
2. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1907)	641,91	
3. Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
4. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
5. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
6. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
7. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
8. Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði (konungsúrskurður $^{26}/_{5}$ 1914)	1000,00	
9. Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{3}$ 1914)	1000,00	
10. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
11. Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{28}/_{7}$ 1915)	875,00	
12. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{7}$ 1915)	2571,35	
13. Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{3}/_{8}$ 1914)	1266,67	
14. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
15. Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsneshjeraði... ...	800,00	
16. Jón Jónsson, læknir	991,67	
17. Sigurður Magnússon, læknir	963.33	
18. Sigvaldi Kaldalóns, læknir	560,00	
19. Kl. Jónsson, fv. landritari	4000,00	
		27168.95
Flyt ...		27168,95

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	27168,95
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá 1/12 1873	197,00	
2. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1/7 1875...	529,16	
3. Elínborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá 1/2 1886	919,17	
4. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1890	187,50	
5. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1/10 1891...	750,00	
6. Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsens hjeraðslæknis, frá 1/8 1891	187,50	
7. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
8. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/8 1894...	305,00	
9. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
10. Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1896	187,50	
11. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns frá 1/1 1905...	625,00	
12. Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis ...	187,50	
13. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
14. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
15. Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
16. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910	150,00	
17. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
18. Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913...	560,83	
19. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915...	750,00	
Flyt ...	7781,33	27168,95

		kr.	kr.
	Flutt ...	7781,33	17168,95
20.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
21.	Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
22.	Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensens, frá 1/5 1917	1166,67	
23.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
24.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
25.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919	350,00	
26.	Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar hjeraðslæknis í Dalahjeraði	187,50	
27.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndal hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
28.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920 .. .. kr. 340,00 Samkv. konungsúrskurði 12/11 1920, handa Jóni Þórði f. 15/1 1913 .. .. — 100,00	440,00	
29.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
30.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólahjeraði	187,50	
31.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
32.	Anna Daníelsson, ekkja hæstarj.d. Halldórs Daníelss.	859,37	
33.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
34.	Ágústa Jóhannsdóttir, ekkja Þórhalls Jóhannessonar, hjeraðslæknis, frá 1/8 1924.	150,00	
35.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
36.	Margrjet Lárusdóttir, ekkja Guðm. Þorsteinssonar hjeraðslæknis, frá 1/4 1924.	150,00	
37.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1924 ... ... kr. 187,40 Samkvæmt konungsúrði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega:		
	Flutt ... kr. 187,40	14582,39	27168,95

		kr.	kr.
	Flutt ... kr. 187,40	14582,39	27168,95
	1. Tómas Gústaf, f. $^{23}/_{10}$ 1911.		
	2. Elísabet Vilhelmína, f. $^{14}/_{7}$ 1914.		
	3. Karl Jóhann, f. $^{7}/_{9}$ 1916.		
	4. Guðríður Erla, f. $^{8}/_{1}$ 1921.		
	5. Axel Valgarður, f. $^{30}/_{9}$ 1922 ... ... — 400,00		
		587,50	
38.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá $^{1}/_{12}$ 1924	425,00	
39.	Til tveggja barna H. Hafsteins.	200,00	
			15794,89
	C. Uppgjafaprestar:		
1.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
			635,28
	D. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5.	Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7.	Guðríður Pjetursdótfir frá Höfða	114,63	
8.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107,54	
10.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	100,00	
12.	Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14.	Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
16.	Hansína Þorgrímsdóltir frá Þingeyrum	129,06	
17.	Ingibjörg Sigurðardóttir frá Kálfatjörn	146,10	
18.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
19.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
20.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
21.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað..	118,43	
22.	Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
	Flyt ...	3034,71	43599,12

		kr.	kr.
	Flutt ...	3034,71	43599,12
23.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
24.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
25.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
26.	Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	127,73	
27.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
28.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
29.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
30.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
31.	Þórunn S. Pjetursdóttir frá Heydölum	204,48	
32.	Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal	142,00	
33.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
34.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
35.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
36.	Sigríður Gísladóttir frá Mosfelli í Grímsnesi	147,50	
37.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði	184,36	
38.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
39.	Valgerður Gísladóttir frá Mosfelli	123,44	
40.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
41.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
42.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
43.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
44.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
			5936,68
	Samtals ...	... ...	49535,80

2. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

I. TEKJUR.	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Fasteignaskattur	210000,00	221489,73
2. Tekju- og eignaskattur	900000,00	781739,11
3. Aukatekjur	250000,00	360144,62
4. Erfðafjárskattur	55000,00	44223,25
5. Vitagjald	150000,00	196547,20
6. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	14120,01
7. Útflutningsgjald	600000,00	882445,89
8. Áfengistollur	250000,00	497498,72
9. Tóbakstollur	500000,00	434384,00
10. Kaffi- og sykurtollur	800000,00	825076,53
11. Vörutollur	1000000,00	1050893,96
12. Annað aðflutningsgjald	60000,00	111691,49
13. Gjald af brjóstsykurs- og konfektgerð	20000,00	15675,94
14. Stimpilgjald	500000,00	314609,01
15. Lestagjald	40000,00	35869,50
16. Pósttekjur	400000,00	410411,00
17. Símatekjur	1075000,00	1017153,34
18. Tóbakseinkasala	200000,00	200000,00
19. Skólagjöld	5000,00	6850,00
20. Tekjur af fasteignum og af skipum	190050,00	249916,22
21. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	576000,00	879925,82
22. Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld	22400,00	186176,85
23. Tekjur samkvæmt sjerstökum lögum og þingsályktunum	... ...	328828,29
24. Innborgað af útistandandi upphæðum frá f. á.	... ...	31494,23
25. Aukið skipalán í Handelsbanken	... ...	25000,00
26. Auknar lausar skuldir	... ...	1491161,35
27. Eytt af sjóði	... ...	582493,06
Samtals	7813450,00	11135819,12

II. GJÖLD.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1709313,95	2057020,11
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	223000,00	248681,42
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Ráðuneytið o. fl.	182280,00	181777,29
B. Hagstofan	47800,00	46290,28
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	67500,00	78554,85
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	439820,00	428604,68
B. Ýmisleg útgjöld	163600,00	259274,60
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	695556,00	675470,91
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	422900,00	448741,36
B. Vegabætur	330940,00	360831,62
C. Samgöngur á sjó	300000,00	286500,00
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	766100,00	1099863,26
E. Vitamál	120600,00	147680,17
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	295308,28	333141,75
B. Kenslumál	1009880,00	1026831,89
9. Til vísinda, bókmenta og lista	219150,00	208101,34
10. Til verklegra fyrirtækja	561920,00	520486,98
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	... ...
12. Eftirlaun og styrktartje	202660,99	180993,85
13. Óviss útgjöld	100000,00	405094,28
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	2081878,48
Samtals	7922329,22	11135819,12

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningurinn fyrir árið 1923 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

3. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1923, veitast kr. 1070715,34 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. veitast:

		kr.	kr.
	A. Ráðuneytið o. fl.		
2.	Utanfarir ráðherra	4903,05	
4.	Annar kostnaður	8462,85	
5.	Ríkisfjehirðisstörf	5476,25	
6.	Umbætur og viðhald á stjórnarráðshúsinu	1328,26	
			20170,41
	B. Hagstofan.		
3.	Pappír o. fl.	9,59	
4.	Prentun eyðublaða	0,71	
5.	Húsaleiga o. fl.	455,77	
			466,07
	C. Sendiherra o. fl.		
1. d.	Skrifstofuhald	3759,42	
3.	Ríkisráðskostnaður	1979,99	
4.	Sambandslaganefnd	5315,45	
			11054,86
		Samtals	31691,34

3. gr.

~~Sem viðbót~~ við gjöldin í 11. gr. veitast:

		kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.	
1. c.	Annar kostnaður...	565,15
	Flyt	565,15

		kr.	kr.
	Flutt	565,15	
5. a.	Laun fulltrúa o. fl.	776,00	
b.	Laun tollvarða	5880,00	
d.	Hiti og ljós	486.83	
e.	Ýms útgjöld	1778,11	
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta ...	11545,00	
7.	Hegningarhúsið í Reykjavík o. fl.	3041,31	
9.	Sjódómsmenn	572,00	
			24644,40

B. Ýmisleg gjöld.

1. b.	Pappír og prentun	5696,85	
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	5235,15	
3.	Brunaábyrgðargjöld o. fl.	13459,11	
6.	Landhelgisgæsla	75237,33	
7.	Yfirskattanefndir	9057,57	
			108686,01
		Samtals	133330,41

4. gr.

	Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast:	kr.	kr.
8.	Geislalækningastofa	2917,21	
11.	Geðveikrahælið á Kleppi	4185,18	
12.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	4530,00	
13. a.	Sjúkrahús og sjúkraskýli	5094,38	
b.	Bólusetningarkostnaður	1226,85	
c.	Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20974,15	
d.	Varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands	766,72	
f.	Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	520,10	
			40214,59
		Samtals	40214,59

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast:

		kr.	kr.
	A. Póstmál.		
3. c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur	7881,67	
	d. Önnur gjöld...	34484,88	
			42366,55
	B. Vegabætur.		
I. 3.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	1169,75	
4.	Aðstoðarmenn og mælingar	1872,71	
5.	Skrifstofukostnaður	1731,98	
II. 4.	Hvammstangabraut	4452,22	
5.	Viðhald flutningabrauta	12400,00	
6.	Holtavegurinn	12478,41	
III. 5.	Vegabætur og viðhald...	24674,15	
V. 1.	Áhöld	523,85	
			59303,07
	C. Samgöngur á sjó.		
2.	Bátaferðir á flóum og víðar		1500,00
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
II.	Viðauki símakerfa	117412,53	
III. 2.	Aðalskrifstofa landsímans	1773,49	
4.	Þráðlausastöðin í Reykjavík	3256,18	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	147708,15	
6.	Áhaldahúsið í Reykjavík	297,25	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri o. fl.	8005,63	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði o. fl.	949,20	
10.	Símastöðin á Borðeyri	4601,38	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	2303,45	
14.	Aukaritsímaþjónusta	363,88	
17.	Eftirlitsstöðvar o. fl.	20593,53	
	Gengismunur	803,18	
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	16457,54	
VI.	Kostnaður við ferðalög	507,40	
VIII.	Alþjóðaskrifstofan í Bern.	830,15	
			325862,94
	E. Vitamál.		
I. 3.	Skrifstofuhald	491,28	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	74,20	
	Flyt	565,48	429032,56

		kr.	kr.
	Flutt	565,48	429032,56
III.	Rekstursкostnaður vitanna	7361,26	
IV.	Hvanneyjarvitinn	5847,94	
VII.	Ýmislegt	16133,70	
			29908,38
	Samtals		458940.94

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast:

B. Kenslumál.

		kr.	kr.
I.	Háskólinn:		
	b. Kennari í sögu og málfræði	100,00	
	g. 3. Ýms gjöld	8169,39	
			8269,39
II.	Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum		25978,05
III.	Mentaskólinn:		
	b. 2. Eldiviður og ljós	2826,66	
	3. Skólahúsið utan og innan	1883,92	
	4. Tímakensla og prófdómendur	11507,25	
	9. Ýmisleg útgjöld	994,25	
	11. Áhöld við fimleikakenslu	82,00	
	12. Verðlaunabækur	45,20	
			17339,28
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	b. 2. Tímakensla	1159,00	
	4. Eldiviður og ljós	2058,13	
	8. Ýms gjöld	667,77	
			3884,90
V.	Kennaraskólinn:		
	b. 1. Tímakensla	2370,00	
	3. Bækur og áhöld	29,93	
	5. Viðhald	192,77	
	6. Ýms gjöld	642,91	
			3235,61
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	b. 1. Tímakensla	114,00	
	3. Ýms útgjöld	741,08	
			855,08
	Flyt		59562,31

		kr.	kr.
	Fultt		59562,31
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	b. 2. Ljós og hiti	394,46	
	3. Ýmislegur kostnaður	625,78	
	4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra	500,00	
			1520,24
VIII.	Bændakensla:		
	1. c. 2. Kensluáhöld.	329,81	
	3. Eldiviður og ljós	1509,45	
	4. Ýms útgjöld	537,91	
	2. c. 3. Eldiviður og ljós	152,77	
	4. Ýms útgjöld	1770,91	
	3. b. Aðstoðarkensla	200,00	
	c. 4. Ýms útgjöld	2200,00	
			6700,85
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	2. b. Annar kostnaður	1628,37	
	3. Styrkur til námskvenna	3800,00	
	4. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl....	135,00	
			5563,37
XVII.	Kensla heyrnar- og málleysingja:		
	a.—b. Fæði nemenda, utanfararstyrkur forstöðukonu o. fl. ...		8281,45
		Samtals	81628,22

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast:

		kr.
21. a.	Skáld og listamenn	80,43

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast:

		kr.	kr.
8.	Útflutningur hrossa	536,75	
13. e.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	2186,98	
14.	Markaðsleit fyrir fiskiafurðir erlendis	17011,40	
			19735,13
		Samtals	19735,13

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast:

	kr.
Óviss gjöld	305094, 28

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1923, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

4. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1924, veitast kr. 37.973.07 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (Læknaskipun og heilbrigðismál) veitast kr. 300.00.

Til læknisvitjana í Breiðdalshreppi 1923 ... ... kr. 300.00

3. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (Kirkju- og kenslumál) veitast kr. 31240.99.

1.	Guðmundur Thoroddsen: Kensla í lagalegri læknisfræði við Háskólann	kr.	500.00
2.	Sigurbjörn Á. Gíslason, kennari launabót 1924	—	1500.00
3.	Guðmundur Kristjánsson kennari, sama	—	1500.00
4.	Eftirstöðvar af raflagnarkostnaði dómkirkjunnar	—	47.21
5.	Kostnaður við aðgerð á bændaskólanum á Hvanneyri ...	—	23800.98
6.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík og kaupa á landsspildu handa honum	—	3892.80
		Samtals kr.	31240.99

4. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 3654.75.

1. Til 5 fiskiyfirmatsmanna, launauppbót 1924 ... ... kr. 3400.00
2. Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði (aðgerð) ... ... — 254.75

Samtals kr. 3654.75

5. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (Til eftirlauna og styrktarfjár) veitast kr. 2777.33.

1. Til fyrv. póstafgreiðslumanns Friðriks Klemenssonar ... ... kr. 1520.00
2. Til Sigríðar Finnbogadóttur, ekkju dr. Jóns Þorkelssonar — 633.33
3. Til barna Hannesar sál. Hafstein, uppeldisstyrkur fyrir árin 1923 og 1924 ... ... — 624.00

Samtals kr. 2777.33

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 2. gr.

Hreppsnefnd Breiðdælahrepps hafði láðst að hefja í tíma styrk þann til læknisvitjunar, er henni var veittur fyrir árið 1923, en eigi þótti eðlilegt að hún þar fyrir misti styrksins og var hann því greiddur.

Við 3. gr.

1. Upphæð þessi hafði af vangá fallið burt af fjárlögum 1924 eins og af fjárlögum 1923 (sbr. fjáraukalög fyrir 1923), en sjálfsagt þótti að greitt yrði fyrir þessa kenslu eins og áður, enda upphæðin tekin á fjárlög fyrir árið 1925.

2—3. Þessar upphæðir hafa verið greiddar umræddum kennurum eins og fyrir árin 1920—1923 og vísast í þessu efni til athugasemda við 3. gr. 1—2 fjáraukalaga fyrir árið 1923.

4. Þetta eru eftirstöðvar af kostnaði við raflagningu í dómkirkjuna sbr. fjáraukalög fyrir 1923, 3. gr. 8.

5. Skólastjóri sneri sjer til stjórnarinnar vorið 1924 og tjáði henni, að skólahúsið, sem var bygt 1910, væri sumstaðar svo fúið og skemt, að óhjákvæmilegt væri að gera við það til muna. Útaf þessu var húsagerðarmeistari ríkisins sendur á staðinn í júní í sumar til þess að gera áætlun um kostnaðinn og athuga hvað gera þyrfti. Bar skýrslu hans alveg saman við skýrslu skólastjóra og var því afráðið að láta gera við húsið.

Það sem gert var sjerstaklega var að útveggir allir voru korklagðir og sett sementshúð á þá til þess að fyrirbyggja raka, sem hafði verið ákaflega mikill. Innveggir voru og húðaðir með sementi, húsið málað innan og innri gluggar settir í það, því að ytri gluggar voru svo slæmir, að vatn rann inn um þá til mikilla muna og hafði feygt gólfin.

Fyrri part vetrar sprakk svo miðstöðvarketillinn í húsinu og varð að kaupa nýjan í hans stað og breyta að nokkru leiðslum að honum.

6. Það varð óumflýjanlegt að greiða meira fje á árinu til uppfyllingar á kirkjugarðinum, því að öðrum kosti hefði tekið fyrir gröft í garðinum, vegna skorts á hæfilegum legstöðum. Voru því í þessu skyni veittar 3000 kr.

Þegar farið var að mæla upp landsspildu þá til kirkjugarðsins, er keypt var með afsali dags 3. júlí 1918, og samkvæmt brjefinu átti að vera 1370 ferálnir að stærð, kom það í ljós, að landsspildan í raun og veru var 2350 ferálnir, 980 ferálnum stærri en tiltekið var í brjefinu. Þótti því eigi annað fært en að greiða hlutaðeiganda, samkvæmt kröfu hans, viðbót fyrir þessar álnir, með sama verði og í afsalsbrjefinu var ákveðið, en vaxtalaust, og nam sá kostnaður kr. 892.80.

Við 4. gr.

1. Í 16. gr. 13. b. fjárlaga fyrir árið 1925 eru veittar 3400 kr. til launauppbótar yfirfiskimatsmanna. Í umr. um þenna lið var það tekið fram á þinginu, að ef hann yrði samþ. mætti einnig líta á þá samþykt sem heimild til að greiða jafnháa uppbót fyrir árið 1924. Í samræmi við þetta hefir upphæð þessi verið greidd.

2. Sjóvarnargarðurinn skemdist af sjávargangi á síðastliðnu hausti og var því bráðnauðsynlegt að bæta úr til bráðabirgða. Eru þessar kr. 254,75 helmingur aðgerðarkostnaðarins.

Við 5. gr.

1. Í 18. gr. II. f. 17 fjárlaga fyrir árið 1925 eru veittar 1000 kr. til fv. póstafgreiðslumanns Fr. Klemenssonar og í umræðum á þinginu var það tekið fram, að ef þessi eftirlaun yrðu samþykt, mætti telja þá samþykt sem heimild til þess að greiða nefndum manni jafnhá eftirlaun fyrir árið 1924.

2. Í sömu fjárlagagrein, II. b. 7, eru Sigríði Finnbogadóttur veitt 500 kr. eftirlaun og á sama hátt tekið fram í umræðunum, að jafnhá eftirlaun mætti greiða fyrir árið 1924, eða frá 1. marz það ár.

3. 2 ómyndugum börnum Hannesar sál. Hafstein er í 18. gr. I. b. fjárlaga fyrir árið 1925 veittur 100 kr. uppeldisstyrkur hvoru þeirra, og var því lýst yfir í þinginu að ef þetta yrði samþykt teldist það sem heimild til þess að greiða styrkinn einnig fyrir árin 1923 og 1924 og hefir það verið gert.

5. Frumvarp

til laga um almenna skiftimynt.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Slegin skal íslensk skiftimynt, er skal vera gjaldgeng á Íslandi einung-

is, og skulu myntirnar gilda 2 krónur, 1 krónu, 25 aura, 10 aura, 5 aura og 2 aura. Heimilt skal einnig að slá mynt er gildir 1 eyri.

2. gr.

Tveggjakrónupeningar og krónupeningar skulu slegnir úr samsteypu af eiri, nikkeli og alúmíni, tuttugu og fimmeyringar og tíeyringar úr samsteypu af eiri og nikkeli, fimmeyringar og tvíeyringar og eineyringar, ef til kemur, úr samsteypu af eiri, tini og sinki, eftir nánari ákvæðum í 3. gr.

3. gr.

Skiftimyntir þessar skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þvermál mm.	Þyngd alls gr.	Málmblöndun:
a) Peningar, sem gildi 2 krónur ...	28	9,5	92 þyngdarhlutar af eiri, 6 þyngdarhlutar af alúmíni og 2 þyngdarhlutar af nikkeli
b) Peningar, sem gildi 1 krónu ...	22,5	4,75	
c) Peningar, sem gildi 25 aura... ...	17	2,4	75 þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngdarhlutar af nikkeli
d) Peningar, sem gildi 10 aura... ...	15	1,5	
e) Peningar, sem gildi 5 aura	24	6	95 þyngdarhlutar af eiri, 4 þyngdarhlutar af tini og 1 þyngdarhluti af sinki
f) Peningar, sem gildi 2 aura	19	3	
g) Peningar, sem gildi 1 eyri	15	1,6	

4. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir, og skulu 2 krónu, 1 krónu, 25 aura og 10 aura peningarnir vera gáróttir í röndina, en hinir peningarnir sljettir í röndina.

5. gr.

Ekki má skakka meiru um rjetta þyngd á tveggja krónu peningum og einnar krónu peningum, þegar hver peningur er prófaður fyrir sig, en hjer segir:

Á tveggja krónu peningi 1 af hundraði.
Á einnar krónu peningi $1^1/_2$ af hundraði.

6. gr.

Skiftimyntir þær, sem að framan eru nefndar, skulu vera löglegur gjaldeyrir, eftir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna í milli, ef þær eru ekki orðnar mjög mikið eða ólöglega skaddaðar. Þó skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnar krónu og tveggja krónu peningum, 5 krónum í 25 eyringum og 10 eyringum, og 1 krónu í 5 eyringum, 2-eyringum og 1-eyringum. Gagnvart ríkissjóði eru skiftimyntir þessar ekki lengur löglegur gjaldeyrir, þegar þær eru orðnar svo slitnar, að ekki verður sjeð fyrir reikning hvaða

ríkis þær eru slegnar, en gagnvart öllum öðrum hætta þær að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

7. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði auglýsingar frá 25. sept. 1873, er birtir á Íslandi peningalög frá 23. maí 1873, um skiftimyntir þessar, að því leyti sem þau geta átt við þær.

8. gr.

Sjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á sliku banni varðar sektum frá 10 til 10000 krónum. Um mál út af þeim brotum fer sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9 20. júní 1923, um skiftimynt úr eirnikkel.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eftir að peningagengi Norðurlandaríkjanna frá árinu 1918 var orðið mjög mismunandi, hafa ákvæði myntsamningsins milli þessara ríkja um það, að silfurmyntir og aðrar skiftimyntir hvers ríkis skyldu innleystar af þjóðbönkum hinna ríkjanna, valdið talsverðum vandkvæðum, því að skiftimyntin hefir streymt til þess landsins, sem hafði hæst peningagengi. Varð þetta til þess, að með viðauka við myntsamninginn var ákveðið að hvert samningsríki fyrir sig mætti láta gera sjerstaka skiftimynt, til innanríkisnota eingöngu, sem ekki er gjaldgeng í hinum ríkjunum. Þykir þá og sjálfsagt, að Ísland, sem hefir gengið að myntsamningnum ásamt viðaukanum við hann, láti gera sjerstaka skiftimynt fyrir sig og að því miðar frv. þetta.

Um gerð, stærð og efni skiftimyntanna hefir konunglega danska myntsláttan góðfúslega látið í tje uppástungur. Svo er til ætlast, að þessar skiftimyntir hvers ríkis verði auðþekkjanlegar frá sjerskiftimyntum hinna ríkjanna, og verður að haga stærð og gerð nokkuð eftir þessu.

Þær 25 aura og 10 aura myntir, sem slegnar hafa verið samkvæmt lögum nr. 9 frá 20. júní 1923, eru teknar upp í myntsamstæðu þessa frv. Það þykir ekki nauðsynlegt að fyrirskipa í lögunum að slegnir skuli einseyringar, en rjett að heimild sje til þess.

Uppdrættir af hinum fyrirhuguðu myntum verða lagðir fyrir Alþingi.

Einstakar greinir frv. gefa ekki tilefni til athugasemda.

6. Frumvarp

til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í stað »á öðru« í 2. gr. d. komi: eftir ráðstöfun póststjórnarinnar.

Á eftir liðnum e. komi nýr liður: f. Póstinnheimtum.

Í stað »f.« komi: g.

Framan við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í bæjum þar sem komið hefir verið á fót daglegum útburði póstbrjefa má enginn reka það sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út brjefasendingar (2. gr. a.).

Á eftir liðnum e. í 11. gr. komi nýr liður:

f. Fyrir póstinnheimtur innheimtar greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir og þar að auki 25 aurar fyrir hverja kröfu, en fyrir hverja kröfu, sem eigi fæst borguð, skal að eins greiða 15 aura.

Í stað »f.« »g.« »h.« komi: g. h. i.

Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna í 16. gr. komi:

Glatist ábyrgðarbrjef í vörslum póststjórnarinnar skal greiða sendanda alt að 36 kr. í skaðabætur.

Sje innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og uppfylt hafa verið nánari skilyrði, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur er samsvari tjóninu.

Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 36 krónum,

Glatist brjef með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var í brjefinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarrjetturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sje framseldur henni.

Komist það upp að verð póstsendingar sje í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 27. gr.

Hafi póstkröfusending glatast eða skaddast eða þá innihaldið glatast alt eða eitthvað af því í vörslum póststjórnarinnar er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein, um þá tegund sendinga, sem hún heyrir undir.

Sje póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi

verið innheimt, hefir sendandi rjett til að heimta að póstkröfuupphæðin sje sjer borguð af póststjórninni.

Á eftir orðunum »afleiðingar skaðans« í næst síðustu málsgrein 16. greinar komi: þar af leiðandi hvorki símakostnað, sendiferðakostnað nje málskostnað.

Á eftir 28. gr. komi ný grein svohljóðandi:

29. gr.

Ráðherra hefir heimild til að ákveða að burðargjaldstaxtar þeir, sem 11. gr. ræðir um, megi innheimtast með öðrum upphæðum en þar eru settar, ef gengi íslenskrar krónu kynni að gefa tilefni til þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæðan fyrir breytingunni á 2. gr. d., er sú, að það kemur fyrir að menn vilja fá póstávísanir afgreiddar innan umdæmis sama pósthúss, þannig að útborgun fari fram við sama pósthúsið, þar sem póstávísunin er innborguð, og sýnist ekkert vera á móti því. Svo gæti líka komið til greina að símastjórninni væri falið að greiða símapóstávísanir að einhverju leyti, eins og á sjer stað sumstaðar í útlöndum.

Það þykir líka ástæða til að bæta við í sömu gr. undir liðnum f. póstinnheimtum. Í sumum atriðum eru þær hentugri til afnota en póstkröfur. Þær eru notaðar í viðskiftum við útlönd. Því þykir líka rjett að nota þær einnig innanlands.

Viðbótin við 3. gr. þykir nauðsynleg af því, að það getur komið fyrir, að einstakir menn vilji fara að hafa atvinnu af því að taka að sjer brjefaburð á vissum svæðum, þar sem haganlegt er, en láti póststjórnina hafa útkjálkana, þar sem brjefaútburður er kostnaðarsamastur.

Þetta hefir verið reynt og eigi loku fyrir skotið að það verði reynt aftur.

Breytingin eða viðbótin við 11. gr. er að eins taxti fyrir póstinnheimtur og er hann hinn sami og fyrir póstinnheimtur í viðskiftum við útlönd.

Með breytingum við 16. gr. er farið fram á að hækka skaðabætur fyrir ábyrgðarbrjef í samræmi við það, sem er í viðskiftum við Danmörku og önnur útlönd miðað við gullgildi íslensku krónunnar.

Ábyrgðargjaldið fyrir þessi brjef er hið sama og því virðist rjett að skaðabæturnar sjeu líkar.

Svo þykir líka ástæða til að borga bætur, þótt brjefið glatist eigi með öllu, ef gengið er frá innihaldinu fulltryggilega eins og t. a. m. er ákveðið um peningabrjef eða verðbrjef.

Þá þykir og rjett í þessari grein póstlaganna að ákveða skaðabætur fyrir póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur.

Sömuleiðis virðist ástæða til þess að taka sjerstaklega fram, að póststjórnin borgi engar bætur fyrir kostnað, sem sendandi eða viðtakandi kann að baka sjer, oftast að ástæðulausu, með símskeytum, sendiferðum eða málaþrasi.

Ef vanskil verða á einni eða annan hátt þarf póststjórnin að hafa frið til að rannsaka málið og fá upplýst, hvernig á þeim stendur og hverjum sje um að kenna, áður en skaðabætur eru greiddar.

Með því að miklar breytingar hafa orðið á gengi íslenskrar krónu að undanförnu og eigi ómögulegt að slíkt geti komið fyrir aftur, verður það að teljast hyggilegt, að ráðherra sje heimilað að breyta töxtum þeim, sem ákveðnir eru í 15. gr. og er það ástæðan fyrir að 29. er bætt við.

7. Frumvarp

til laga um sjúkratryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hverju sýslufjelagi á landinu skal stofna sjóð til tryggingar þeim, sem verða fyrir veikindum.

2. gr.

Gjaldskyldir til sjúkrasjóðanna eru allir til fulls 65 ára aldurs, og skal árlegt gjald vera:

a. Frá 1 til fulls 15 ára aldurs 1,00 kr.
b. Frá upphafi 16. aldursárs til fulls 60 ára aldurs: karlar 5,00 kr., konur 3,00 kr.
c. Frá upphafi 61. aldursárs til fulls 65 ára aldurs 1,00 kr.

Undanþegnir gjaldi til sjúkratryggingarsjóða eru þeir, sem eru meðlimir í lögskráðu sjúkrasamlagi, svo og holdsveikir menn og geðveikir.

3. gr.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemur 2 kr. fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða sýslufjelagsins það ár. Enn fremur skal greitt úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði tillag, er nemur 1 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins eða hreppsins það ár.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum til tryggingarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin.

Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er atvinnumálaráðuneytið lætur prenta á kostnað ríkissjóðs og útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur að láta nefndum þessum í tje skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til sjúkratryggingarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn skyldir að leggja fram gjöldin fyrir aðra, svo sem hjer segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir konur sínar meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir börn sín og fósturbörn, sem eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms. Sveitar- og bæjarstjórnum er heimilt að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjöld fyrir börn fátækra fjölskyldumanna úr bæjar- eða sveitarsjóði, og telst það ekki þeginn sveitarstyrkur.
c. Húsbændur eiga að greiða tryggingarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða tryggingarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verzlunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir eiga ekki sjálfir heimili forstöðu að veita.
f. Húsráðendur eiga að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjöld fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir aðra, hafa rjett til þess að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, sem gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til sjúkratryggingarsjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúar-

mánaðar ár hvert á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýsa það með viku fyrirvara, hvar skrárnar verða lagðar fram.

7. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfs mánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða lögreglustjóra innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefir sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum eða sýslufjelögum, og hefir hann þá rjett á að fá gjaldið endurgoldið úr tryggingarsjóðnum í því sveitar- eða sýslufjelagi, sem hann átti ekki lögheimili 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða lögreglustjóra innan ársloka.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu lögreglustjórar, en annarsstaðar sýslumenn heimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu á tryggum stað þar til úthlutun fer fram.

9. gr.

Árgjald til sjúkratryggingarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885. Sjúkratryggingarsjóðsgjöld hafa sama forgangsrjett í dánareða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til ríkissjóðs. Rjett til greiðslu úr sjóðunum missa menn meðan þeir, eða þeir sem eiga að greiða fyrir þá, standa í skuld við þá.

10. gr.

Í kaupstöðum skulu lögreglustjórar, en í sýslufjelögum sýslumenn hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskírteini þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um hag sjúkratryggingarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin atvinnumálaráðuneytinu, og í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag sjúkratryggingarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

11. gr.

Úr sjúkratryggingarsjóðunum skal á ári hverju greiða $^{9}/_{10}$ hluta af tekjum sjóðanna næsta ár á undan til þess að greiða yfirstandandi árs sjúkdómskostnað þeirra, sem rjett hafa til greiðslna úr sjóðnum. Eftirstöðvunum, $^{1}/_{10}$

hluta, skal sýslumaður eða bæjarfógeti koma á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Heimilt er þó að ávaxta eftirstöðvar þessar í peningastofnun innan sýslu- eða bæjarfjelagsins, ef viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn óskar þess og fjármálaráðuneytið, að fengnum tillögum bankaeftirlitsmanns, telur stofnunina fulltrygga.

12. gr.

Úthlutun úr sjúkratryggingarsjóðunum skal fara fram fjórum sinnum árlega, dagana 1.—7. febrúar fyrir undangengna 3 mánuði, október—desember. 1.—7. maí fyrir janúar—mars, 1.—7. ágúst fyrir apríl—júní, og 1.—7. nóvember fyrir júlí—september.

13. gr.

Úthluta skal úr sjóðunum eftir þessum reglum: Fyrir öðrum greiðslum skulu sitja greiðslur vegna berklaveikra samkvæmt 14. gr. berklavarnalaganna, þannig að þær greiðslur, sem eftir þeim hvíla á ríkissjóði og sýslu- og bæjarsjóðum, skulu greiddar úr sjúkrasjóðunum. Að öðru leyti fer eftir því, sem rjett þykir eftir efnahag og öðrum ástæðum styrkbeiðenda. Styrkur úr sjóðunum er bundinn við sjúkralegu innanlands, og undanskildir eru þeir sjúkingar, sem hið opinbera annast, t. d. holdsveikir, svo og geðveikir menn

14. gr.

Uthlutun úr sjóðunum hafa með höndum: í kaupstöðum 3 menn, kosnir af bæjarstjórn, í sýslum 3 menn, kosnir af sýslunefnd. Þóknun til þeirra greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Ráðherra setur, ef þurfa þykir, með reglugerð nánari reglur um stjórn sjóðanna, eftirlit og úthlutanir.

15. gr.

Sjúkdómskostnaður, sem tekið skal tillit til við úthlutun úr sjóðnum er: legukostnaður, lyf og læknishjálp sjúklinga í sjúkrahúsum, lyf, læknishjálp og aðkeypt hjúkrun sjúklinga í heimahúsum.

16. gr.

Sjúklingar eiga rjett til greiðslna úr þeim sjúkrasjóði, þar sem þeir greiddu síðast tillag sitt eða það var greitt fyrir þá.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna frá 27. júní 1921, um greiðslu ríkissjóðs og sýslusjóða vegna berklasjúklinga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi bar Jón Sigurðsson þingm. Skagfirðinga fram frv. það, sem að framan er tekið upp með litlum breytingum. Frv. varð þá ekki útrætt, enda kom það seint fram, en það fjallar um svo mikilsvert mál, að stjórninni þykir rjett að láta það á ný koma fyrir þingið.

Hjer á landi vantar tilfinnanlega skýrslur um sjúkrakostnað og þar af leiðir, að erfitt er að gera sjer í hugarlund hversu hátt gjald muni þurfa til þess að standast allan þenna kostnað. Úr þessu] verður reynslan að skera. En af þessu leiðir að í þessum málum verðum vjer að prófa oss fram og það sýnist naumast rjett að draga lengur að byrja að afla sjer þessarar reynslu. Og auk þess leiðir af þessu frv., ef það verður að lögum, að nokkuð af fje ríkissjóðs losnar og mætti þá verja því til verklegra framkvæmda, enda er þess full nauðsyn, eftir þá kyrstöðu, sem hefir verið undanfarin ár.

Það þykir rjett að prenta hjer upp greinargerð þá, sem fylgdi frv. frá flutningsmanni þess á þinginu 1924. En að öðru leyti virðist ekki ástæða til frekari athugasemda. Greinargerðin er svohljóðandi:

Tryggingar ýmiskonar hafa verið notaðar frá fornu fari. Það er þó ekki fyr en á síðustu áratugum, að þjóðfjelögin, með aðstoð löggjafarvaldsins, skipa fyrir um almennar tryggingar, til þess að hjálpa olnbogabörnum þjóðfjelagsins eða þeim, sem hafa orðið fyrir sjerstökum óhöppum.

Í nágrannalöndum okkar er lögboðin ellitrygging, slysatrygging, sjúkratrygging o. fl.

Hjer á landi er lögskipuð ellitrygging og slysatrygging, og með berklavarnalögunum er ríkissjóði og sýslusjóðunum í reyndinni gert að skyldu að greiða sjúkrakostnað nálega allra berklaveikra manna á landinu án nokkurs tillags frá þeirra hendi.

Reynslan, sem þegar er fengin hjer á landi t. d. með ellistyrktarsjóðina, hefir sýnt, að slíkar tryggingar eru hagfeld og ódýr hjálp, sje þeim hyggilega fyrir komið.

Á ríkissjóði, sýslusjóðum og sveitasjóðum hvíla nú þung gjöld vegna margvíslegs sjúkrakostnaðar. Síðastliðið ár var greitt úr ríkissjóði vegna berklasjúklinga um 300 þús. kr. og úr sýslusjóðum líklega 100—120 þús. kr. Á sama tíma greiddi ríkissjóður vegna annara sjúklinga, samkv. 77. og 78. gr. fátækralaganna, 52 þús. kr., og loks eru ótalin öll gjöld sveitarfjelaganna vegna sjúkrakostnaðar. Með þeirri skipulagsbreytingu, sem hjer er gert ráð fyrir, mundi meiri hlutinn af þessum gjöldum færast yfir á sjúkrasjóðina. Hjer er því að ræða um sparnað fyrir hið opinbera, sem síðar mun verða sýnt. Ennfremur er þjóðlíf okkar að breytast á þann veg, að þörfin á almennri sjúkratryggingu verður brýnni með hverju árinu sem líður. Í því efni má benda á, að sá gamli og góði siður, að fólk dveldi árum eða áratugum saman í sömu vistinni, er nú sem óðast að hverfa. Verkafólkið fer því á mis við þá hjálp, er flestir húsbændur töldu sjer skylt að veita slíkum hjúum, er veikindi bar þeim að höndum.

Nú fer mikill fjöldi fólks árlega landshorna á milli og eyðir bestu

árum æfi sinnar án þess að leggja eyri fyrir. Bili heilsan eða veikindi steðji að, fer það á sveitina eða ríkissjóðinn. Þessi lausung og umrenningsháttur fer stöðugt vaxandi og virðist ætla að verða þyngri og þyngri byrði á öllum þeim, er hugsa lengra en um líðandi stund.

Það, sem drepið hefir verið á hjer að framan, reynslan, sem fengin er af tryggingum hjer á landi, bein gjöld þess opinbera til sjúklinga og kæruleysið í fjármálum, sem alment gerir vart við sig, alt þetta bendir ótvírætt í þá átt, að nú sje tímabært að koma hjer á nokkrum vísi til almennrar sjúkratryggingar.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er því sá, að knýja hvern mann til að leggja til hliðar — spara nokkrar krónur árlega fyrir væntanlegum veikindakostnaði. Og þá auðvitað oftast peninga, sem færu fyrir lítið eða ekkert. Í ársútgjöldum þeirra, sem berjast í bökkum með að framfleyta sjer og sínum, er þetta svo lítill liður, að það gæti tæplega orðið tilfinnanlegt, enda mundu þeir að sjálfsögðu fyrstir njóta þess hagræðis, sem tryggingin veitir.

Tekjur sjóðanna mun óhætt að áætla þannig:

Frá ríkissjóði	kr. 185000,00
— sveitarsjóðum	— 93000,00
Árstillag barna til 15 ára aldurs	— 31000,00
— karla 15—60 ára	— 127000,00
— kvenna 15—60 ára	— 81000,00
— karla og kvenna 60—65 ára ...	— 3000,00
Samt.	kr. 520000,00
Þar frá dregst 1/10 hluti	52000,00
Eftir verða	kr. 468000,00

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að mestur hluti berklavarnakostnaðarins, þ. e. allur sjúkrakostnaðurinn, greiðist af sjúkratryggingarsjóðunum. Þessi kostnaður er nú um 400 þús. kr. Með smávægilegum breytingum á berklavarnalögunum, sem að nokkru leyti leiddi af þessum lögum, mundu þessi útgjöld lækka nokkuð, t. d. ef úrskurðarvaldið um styrkhæfi berklasjúklinga væri lagt í hendur stjórnum sjúkratryggingarsjóðanna og þeim heimilað að úrskurða, að sjúklingur greiði árlega nokkurn hluta sjúkrakostnaðar, ef hann telst efnalega fær um það.

Útgjöld sjúkratryggingarsjóðanna til berklaveikra, að fengnum þessum breytingum, mun hæfilegt að áætla 350—360 þús. kr. Eru þá eftir þegar á fyrsta ári rúmar 100 þús. kr., sem koma til skifta milli þeirra sjúklinga, sem nú verða að leita á náðir sveitanna eða góðra manna.

Að endingu má taka það fram, þó það sje ekkert aðalatriði í þessu máli, að með þessu skipulagi er lagður grundvöllur undir stórfelt fjársafn, sem getur orðið sem veltufje til ómetanlegs gagns fyrir allskonar framkvæmdir og umbætur er stundir líða.

8. Frumvarp

til laga um verslunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar, lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup.

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans eða nemenda, sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða fyrnefnt skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum afla eða framleiðslu, enda hafi aðili ekki opna sölubúð.
3. Vöruútvegun manna í fjelagi til þarfa sinna, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrir fram.

Um farandsala, sem ekki eru hjer búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum.

Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málssókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir.

2. gr.

Enginn má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má

nauðsynlega til þess að reka verslun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hjer að lýtur.

Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til þeirra, sem ætla að versla einungis með innlenda mjólk, rjóma eða egg, brauð eða kökur.

6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum, til þess að mega reka verslun.

4. gr.

Verslunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verslunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem nú skal sagt verða:

1. Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skulu þeir, sem þá ábyrgð bera, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr.
2. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórar og að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþyktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um hlutafjeð, ef sjerstaklega stendur á.
3. Fyrirmæli 2. mgr. taka einnig, að því leyti sem við á, til fjelaga þar sem fjárstofn er breytilegur eða tala fjelagsmanna, enda þótt fjelagsmenn beri fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verslun látins manns síns án nýs leyfis, nema sveitaverslun sje, enda þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er öllum þeim kostum sje búinn, er í 3. gr. segir.

Bú aðilja, er verslunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verslunarleyfi.

Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann lullnægi eigi skilyrðunum í 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir versluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3., 1. málsl. 4., og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 2.—4. málsgr. 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdastjóri fjelags eða stofnunar þeirra kosta, sem í 5. gr. segir, fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá bafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, af sjerstaklega stendur á.

8. gr.

Lögreglustjóri í kaupstað, löggiltu kauptúni eða sveit, þar sem aðili ætlar að versla, lætur leyfisbrjef af hendi, sbr. þó 10. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verslun leyfið hljóðar um, hvar versla megi samkvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er ráðherra kann að ákveða.

Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verslunarleyfi hafa á landinu.

9. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um verslunarleyfi eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist verslunarheimild sína, og er honum þá rjett að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En alt að einu er aðilja rjett að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans áður sex mánuðir sje liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetningu úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi.

10. gr.

Greina skal í verslunarleyfi, hverskonar verslun (stórsala, smásala, sveitaverslun o. s. frv.) leyfð er. Leyfi til verslunar einnar tegundar felur ekki í sjer heimild til að reka annarskonur verslun, þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverslun og tilboðasöfnun.

Verslunarleyfi veitir einungis heimild til verslunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verslunarstað. eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar og 11. gr.

Veita má sama aðilja leyfi til verslunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verslunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama

kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, nje heldur geta þeir, sem hafa leyfi til annarskonar verslunar fengið heimild til nokkurrar áðurnefndra þriggja verslunartegunda í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit.

Rjett er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landinu sem er og í íslenskri landhelgi.

11. gr.

Leyfi til sveitaverslunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verslun sje í þeirri sveit, enda telji hún umsækjanda hæfan til að reka þá verslun.

12. gr.

Leyfi til lausaverslunar veitir lögreglustjóri þar sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur eða þar sem hann hyggst að byrja verslun sína.

Leyfið veitir heimild til að versla hvar við land sem er, ef það hljóðar um verslun á skipi, og til að versla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verslun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verslunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verslun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sje að selja.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til heildsölu og umboðsverslunar	kr.	1000,00
Leyfi til lausaverslunar	—	250,00
Leyfi til annarar verslunar	—	200,00

Ráðherra er heimilt að færa niður eða gefa alveg eftir gjald fyrir:
Smásöluleyfi,
Sveitaverslunarleyfi og
Lausaverslunarleyfi, ef sjerstaklega stendur á, svo sem ef sönnuð er fátækt aðilja og nauðsyn hans til þess að koma verslun á fót sjer og sínum til framfæris, að nauðsyn sje á verslun á staðnum o. s. frv,

14. gr.

Það varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, ef maður:

1. Rekur án þess að hafa fengið leyfi eða eftir að hann hefir mist það, verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum.

2. Byrjar verslun án þess að fullnægja settum skilyrðum eða hann fullnægir ekki skilyrðnm fyrir að halda byrjaðri verslun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda hafi ekki almennur ómöguleiki tálmað.

Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjald það fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið.

Mál út af brotum gegn fyrirmælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hjer á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurjett hjer samkvæmt samningum en lög þessi heimila.

16. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður komst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Þeir, er fengið hafa verslunarleyfi fyrir þann tíma, halda því. Þó er þeim óheimilt að reka verslun fleiri tegunda en samskonar leyfi hefði veitt þeim, ef þeir hefðu fengið það eftir 1. júlí 1925.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Op. br. 29. okt. 1824.

Op. br. 7. apr. 1841.

Lög nr. 28 7. nóv. 1879.

Lög nr. 28 2. des. 1887.

Lög nr. 78 22. nóv. 1907 6. gr. og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi 1922 lagði stjórnin frumvarp til atvinnulaga, bæði um verslun og margskonar aðra atvinnu. Frumvarp þetta hlaut ekki samþykki þingsins að því sinni. Verslunarráðið eða trúnaðarmaður þess hefir athugað kafla stjfrv. 1922 um verslun. Hefir sá kafli verið tekið tekinn út úr frumvarpi stjórnarinnar, með því að það þykir rjett að reyna að koma þeim hluta þess fram sem fyrst, hvernig sem um önnur atriði þess fer. Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er gert upp úr kafla stjfrv. 1922 um verslun, og einnig eru tillögur verslunarráðsins teknar til greina, að því leyti sem heppilegt og fært þótti. Má yfirleitt vísa til athugasemdanna við stj.frv. 1922. (Alþt. 1922 A. bls. 115—120 og 123—125).

Um 1. og 2. gr.

Eru samhljóða 1. og 2. gr. frv. 1922.

Um 3. gr.

Eins og frv. 1922, að öðru en því, *að* ekki má veita þeim manni, sem opinbert mál hefir verið höfðað á hendur, verslunarleyfi (4. tölul.), og *að* þekkingar er krafist á bókhaldi og vörum m. fl. (5. tölul.). Ennfremur skal maður hafa átt eitt ár heima hjer á landi og að hann má ekki hafa orðið tvisvar gjaldþrota (3. tölul.), til þess að geta fengið leyfið (1. tölul.). Stafa breytingarnar frá verslunarráðinu. Það mun alment mega telja það skilyrði fyrir þessum atvinnurekstri, að þeir sem við hann fást, hafi sæmilega þekkingu á bókhaldi, og því er ekki ófyrirsynju, að þess skilyrðis sje krafist. Sá, er fengið hefir uppreist æru eða heldur skilyrði eftir l. 39 1907, á auðvitað rjett á að fá verslunarleyfi.

Um 4. gr.

Verslunarráðið hafði hugsað sér, að skipstjórar o. fl. mætti alls ekki fá verslunarleyfi. Það þykir of hörð regla og óþörf, því að oft getur verslunarrekstur slíkra manna alls ekki komið í bág við skyldustörf þeirra, Verður að skera úr þessu hverju sinni eftir málavöxtum.

Um 5. gr.

Er sem 4. gr. frv. 1922, nema *að* skilyrði um þekkingu (5. tölul. 3. gr.) er ekki látið ná til allra stjórnenda eða fulltrúa. Hinsvegar skal framkvæmdastjóri og að minsta kosti einn þeirra, sem firmað rita, vera þeim kostum búinn. 3. tölul. er að mestu samkvæmur tillögum verslunarráðsins.

Um 6. gr.

2.—4. málsgr. er tekin úr tillögum verslunarráðsins að mestu leyti óbreytt að efni til.

Um 7. gr.

Það verður aðalreglan, að aðili missir verslunarheimild sína, ef hann glatar skilyrðum til þess að öðlast verslunarleyfi. Undantekning er gerð um það, ef opinbert mál er höfðað á hendur honum fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti.

Um 8. gr.

1. og 2. mgr. er samkvæm 6. gr. frv. 1922. 3. mgr. er tekin eftir tillögum verslunarráðsins. Allsherjarskrá yfir verslunarrekendur mun heppileg og til þæginda. En kostnaður af henni alls ekki teljandi.

Um 9. gr.

Er samhljóða 7. gr. frv. 1922 að öllu verulegu.

Um 10. gr.

Er að efni til sem 9. gr. frv. 1922, nema heildsölum er leyfð smásala

í öðrum kaupstöðum o. s. frv. en þar sem þeir reka heildsölu, og þeir þurfa ekki sjerstakt leyfi til að safna tilboðum í vöru sína utan staðarins, þar sem þeir hafa heimild til að reka heildsölu.

Um 11. og 12. gr.

Svara til 10. og 11. gr. frv. 1922.

Um 13.—16. gr.

Vísast til 26. og 27. gr. frv. 1922. Gjald fyrir smásöluleyfi er þó haft 50 kr. lægra hjer. Sektafyrirmælin eru eins og í 28. gr., og ákvæði um málsmeðferð o. fl. sem í 29. gr. sama frv. 16. og 17. gr. svara til 31. og 32. gr. frv. 1922.

Um 17. gr.

Það þykir ekki lengur ástæða til að halda í gildi op. br. 7. apr. 1844, er bannar kaupmönnum að hafa útsölu á fleirum stað en einum í sama kaupstað eða kauptúni. Munu ákvæði þessa brjefs lítt vera haldin og ekki unt að sjá, að þörf sje á þeim.

9. Frumvarp

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps þess, sem lagt var fyrir Alþingi 1924, sjá Atþingistíðindi 1924 A. bls. 81—96.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta hefir svo oft verið lagt fyrir þingið, að það er óþarft að rita langt mál um það. Þess þykir að eins rjett að geta, að stjórninni hefir ekki þótt næg ástæða til að prenta frv. upp af nýju, enda hefir þessi aðferð, sem hjer er viðhöfð, verið notuð áður og sparar kostnað, ef málið verður ekki afgreitt frá þinginu. Hins vegar þykir líklegt, að þinginu virðist nú ástæða til að afgreiða málið í lagaformi, þar sem ný lög eru sett um vatnamálin.

10. Frumvarp

til laga um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands, er atvinnumálaráðherra heimilt að lána af fje sjóðsins:

a) hreppsfjelögum eða bæjarfjelögum, sem eru nauðulega stödd vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar miklu eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum.
b) fóðurbirgðafjelögum eða öðrum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.
c) hreppsfjelögum, er koma á fót hjá sjer bústofnslánadeildum.

2. gr.

Lán þessi skulu veitt gegn 5 af hundraði í vöxtu á ári og ekki til lengri tíma en 20 ára. Lánin skulu jafnan trygð með ábyrgð hlutaðeigandi sýslusjóðs eða bæjarsjóðs. Nánari reglur um afgreiðslu lánanna, innihald skuldabrjefa og innheimtu lánanna getur atvinnumálaráðherra sett.

3. gr.

Hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi, sem óskar láns eftir heimild a-liðs 1. gr., er skylt að gefa atvinnumálaráðherra nákvæma skýrslu um hag sinn, og sýna fram á hvers vegna efnahagur hreppsins eða bæjarins er kominn svo, að lán sje nauðsynlegt. Og meðan nokkuð er ógreitt af slíku láni er hlutaðeigandi hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi skylt að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega, nægilega snemma, áætlun um tekjur sínar og gjöld, og má ekki, meðan svo tesndur á, ráðast í neinar framkvæmdir, án samþykkis ráðuneytisins, nema þær sjeu beinlínis lögskipaðar, enda er hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyld til að breyta áætluninni, ef ráðuneytið leggur svo fyrir.

4. gr,

Lán þau, er ræðir um í b-lið 1. gr., skal að eins nota til stofnunar forðabúra eða stækkunar þeirra, enda sjeu samþyktir þeirra settar og staðfestar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru en helmingi stofnkostnaðar eða aukningar.

5. gr.

Lán eftir c-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfjelag hafi sett reglur um bústofnslánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefir staðfest, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnsdeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum

í tje fyrirmynd að slíkum reglum, og hefir heimild til að setja frekari reglur um lán þessi ef þurfa þykir.

6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað, en sem svarar hluta þeirra í sjereigninni og hinum sameiginlega sjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðari árum hafa ósjaldan heyrst raddir um það, að nauðsyn væri á því að breyta Bjargráðasjóðslögunum í það horf, að meiri trygging væri fyrir, að sjóðurinn kæmi að notum, bæði til þess að afstýra hallæri og til þess að hjálpa þegar hallæri væri komið. Í þessu sambandi hefir verið bent á með rjettu, að það stoðaði ekki mikið, að minsta kosti suma hluta landsins, þótt þeir eigi fje í Landsbankanum, ef t. d. ís hamlar gersamlega öllum aðflutningum. Í samræmi við þessa skoðun er það, að á síðustu þingum hafa komið fram á Alþingi tillögur um að breyta lögum sjóðsins þannig, að tilgangi hans yrði betur náð. Síðasta tilraunin í þá átt mun hafa verið gerð á Alþingi 1923, og gekk þá frv. um breytingu á fyrirkomulagi sjóðsins gegnum Nd., en var vikið frá með rökstuddri dagskrá í Ed. Þessi rökstudda dagskrá var þess efnis, að málið skyldi borið undir sýslunefndir og bjæarstjórnir landsins og þær auk þess spurðar, hvort ekki væri rjettast, að Bjargráðasjóður rynni saman við ellistyrktarsjóðina, að meira eða minna leyti.

Hinn 17. júlí 1923 voru svo fyrirspurnir um þetta sendar sýslunefndum og bæjarstjórnum, en svör hafa ekki komið frá nema 16 sýslu- og bæjarfjelögum. Af þeim hafa 2 ekki tekið afstöðu til málsins, en 8 eru því mótfallin að Bjargráðasjóður og ellistyrktarsjóðir renni saman og 6 meðmælt því. Þau sýslu- og bæjarfjelög, sem eru mótfallin því, að sjóðir þessir renni saman virðast meðmælt því, að breyting verði gerð á fyrirkomulagi sjóðsins. Yfirleitt mun því mega segja, að það sje almennt álit, að rjett sje að breyta fyrirkomulaginu.

Landsstjórnin er þeirrar skoðunar, að tími sje kominn til þess að gera breytingar á sjóðnum. Meðan sjóðurinn var lítill mátti segja, að ekki skifti verulegu máli, hvar hann væri eða hvernig hann væri ávaxtaður, því að auðvitað gat hann ekki int af hendi það, sem honum var ætlað, fyr en honum óx fiskur um hrygg. En nú er hann orðinn yfir 600000 kr. og því má ætla, að nú sje tími til kominn að hann fari að vinna að hinum eiginlegu ætlunarverkum sínum.

Markmið Bjargráðasjóðsins ætti fyrst og fremst að vera það að draga úr eða afstýra skaðlegustu afleiðingum hallæris. Hallærisafleiðingar eru fyrst

og fremst hnignun efnahags, og ef hallæri stendur lengi eða veldur flutningateppu getur af því leitt hungur manna og skepna og jafnvel dauða. Aðalmarkmið Bjargráðasjóðs er að fyrirbyggja þetta eða að minsta kosti draga úr því. Til þessa eru ýmsar leiðir. En hin beinasta og besta virðist vera stofnun fóðurbirgðafjelaga með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Það er því beinlínis í samræmi við þá hugsun, sem lá til grundvallar stofnun Bjargráðasjóðsins, að láta hann stuðla að stofnun þeirra og aukningu. Ennfremur verður það að teljast starfssvið sjóðsins að hjálpa, þar sem misæri (dýrtíð) hefir þjakað svo efnahag manna, að þeir eiga við verulega örðugleika að stríða.

Hjer á landi mun ekki óvíða vera þannig ástatt, að bú bænda eru svo lítil, að mjög er erfitt fyrir þá, að framfleyta sjer og skylduliði sínu á þeim. Þetta er ein af afleiðingum dýrtíðar undanfarandi ára. Bændur hafa ekki óvíða á landinu orðið að ganga á bústofn sinn, til þess að geta staðið í skilum, svo að bústofninn er nú hjá ýmsum þeirra svo lítill orðinn, að til vandræða horfir. Þessum bændum er hin mesta nauðsyn á, að geta aukið bústofn sinn og þar með framleiðslu sína. En margir þeirra hafa ekki lánstraust og er því bönnuð þessi leið, nema hið opinbera hjálpi til. Þetta má verða meðal annars á þann veg, að hreppar kæmi á fót hjá sjer svo nefndri »bústofnslánadeild« og fái lán til þess í byrjun. Þessi aðferð hefir sumstaðar verið viðhöft hér á landi og gefist vel, þar sem góð stjórn hefir verið á. Aðferðin hefir verið sú, að hreppssjóður hefir keypt ær eða kýr eða hvorttveggja fyrir lánsfjeð, og síðan leigt gripi þessa þeim bændum hreppsins, sem þess hafa þurft, ef líkur hafa verið til, að það gæti orðið þeim til bjargar. Ef lánskjörin eru sæmileg, þarf leigan eftir gripi þessa ekki að vera há, og ef lánskjörin eru góð, verður leigan miklu lægri en arður sá, sem hafa má af gripunum. Mismunurinn á leigunni og arðinum rennur í vasa leigutaka og getur þannig orðið til að hjálpa honum.

Að þannig vöxnu máli hefir þótt rjett að reyna, hvort Bjargráðasjóður geti ekki komið að góðum notum í þessu. Árferði er nú að batna, og því má sennilega telja líkur til, að flest sveitar- og bæjarfjelög komist af án þeirrar hjálpar, sem ráðgerð er í 1. gr. a. þessa frumvarps. Það virðist því ekki ólíklegt, að nokkurt fje kunni að verða til umráða í þessu skyni, jafnvel þótt gengið sje út frá, að fóðurbirgðafjelögunum fjölgi til muna og þau sem fyrir eru verði aukin.

Gegn lánum til bústofnslánadeilda mætti ef til vill mæla á þeim grundvelli, að þau fari út fyrir það svið, sem Bjargráðasjóði var ætlað í fyrstu, og verður að játa, að nokkuð er til í því. En þar til er því fyrst og fremst að svara, að löggjöfinni er ekki markaður bás í þessu efni, og í öðru lagi verður því ekki neitað, að ef vel gengur með bústofnslánadeildirnar, sýnist margt mæla með því, að þær geti lagt nokkurn skerf til þess að auka velmegun fátækari bænda, en það yrði aftur til þess að verja þá falli fjárhagslega, ef misæri bæri að höndum. Á þenna hátt má segja, að slík lán sem þessi vinni í sama anda og Bjargráðasjóðnum er ætlað, því að ekki verður því neitað, að svo mikils

virði sem það er að hjálpa þegar vandræðin hafa barið að dyrum, er hitt þó enn meira virði að fyrirbyggja, að svo verði.

Um hinar einstöku gr. þykir rjett að geta þess, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Það virðist réttast að fela atvinnumálaráðuneytinu að veita lánin. Störf, sem þessu verða samfara, geta orðið töluverð, og þau muna ekki verða unnin ódýrar á annan hátt.

Um 2. gr.

Til þess að lánin komi að notum verða þau að vera með vægum vaxtakjörum, en hins vegar er sjóðurinn skaðlaus af að lána gegn 5% vöxtum í samanburði við þau kjör, sem hann nú hefir. Lánstíminn verður að fara eftir nauðsyn í hverju einstöku tilfelli, en álitamál er það vitaskuld, hve lengi lán megi standa. Hjer er stungið upp á 20 árum, sem virðist hæfilegt. Lán þessi hljóta að teljast trygg, ef varlega er lánað, þegar sýslufjelag eða bæjarfjelag ábyrgist.

Um 3. gr.

Þegar lán er veitt sýslu- eða bæjarfjelagi, sem er komið í þröng, sýnist ekki nema sjálfsagt, að það skýri nákvæmlega frá högum sínum. Og jafneðlilegt er það, að sá hreppur eða bær fari varlega í framkvæmdum sínum, meðan hann nýtur hjálpar þess opinbera, til þess að reisa sig við. Ákvæðið þessarar gr. miða öll að þessu.

Um 4. gr.

Það er varla efamál, að besta og tryggasta leiðin til að tryggja bústofn bænda, að því leyti sem hið opinbera getur átt þar hlut að máli, er hjálp til fordabúrastofnunar og sýnast kornfordabúrin þar heppilegust, því að með þeim má bjarga bæði mönnum og skepnum. Í þeirri starfsemi ætti því að liggja þungamiðja Bjargráðasjóðsins. Lán þau, sem ætluð eru í þessu skyni, eru miðuð við helming stofnkostnaðar, en álitamál er, hvort það er rjett.

Um 5. gr.

Að innihaldi þessarar gr. hefir verið vikið svo nákvæmlega í fyrri hluta þessara aths., að hjer sýnist þess ekki þörf frekar.

Um 6.—7. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

11. Frumvarp

til laga um úrskurði í útsvarsmálum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Nú er gjaldandi útsvarsskyldur í hreppsfjelagi eða kaupstað, án þess að hann eigi þar lögheimili, og er honum þá heimilt að skjóta úrskurði sýslunefndar, bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar um fjárhæð útsvarsins til atvinnumálaráðherra, nema hann sje búsettur í sama sýslufjelagi og sýslunefnd sú, er úrskurð hefir lagt á málið. Málskot skal fram fara áður 8 vikur eru liðnar frá úrskurði sýslunefndar, bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar.

2. gr.

Þegar málum, sem um er rætt í 1. gr., er skotið til atvinnumálaráðherra, ber hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd, þar sem útsvörunum er jafnað á kæranda, að láta í tje allar skýrslur um álagninguna, sem unt er og um er beðið. Hið sama er um sýslunefnd, bæjarstjórn eða yfirskattanefnd, sem úrskurð hefir felt um málið.

3. gr.

Urskurður atvinnumálaráðherra um fjárhæð útsvarsins er fullnaðarúrskurður.

4. gr.

Þegar útsvar er lagt á sama gjaldanda á fleiri stöðum en einum, mega útsvörin samanlögð ekki fara fram úr því, sem útsvarið mundi hafa orðið á þeim stað, sem það hefði orðið hæst, ef á einum stað hefði verið á lagt.

5. gr.

Nú er gjaldandi útsvarsskyldur á tveim stöðum, bæði þar sem hann rekur atvinnu og þar sem hann á lögheimili, og má þá það sveitar- eða bæjarfjelag, sem atvinna er rekin í, ekki að jafnaði leggja á nema $^2/_3$ hluta þeirra tekna, sem þar er aflað, en á lögheimili gjaldanda má leggja á allar aðrar tekjur hans og eignir.

6. gr.

Nú er svo ástatt um gjaldanda, sem í 5. gr. segir, að því undanskildu, að hann rekur atvinnu í tveim eða fleiri bæjarfjelögum eða sveitarfjelögum, og má þá ekki að jafnaði í hvorugu eða neinu þeirra leggja útsvar á meira en $^2/_3$ hluta þeirra tekna, sem aflað er í hvoru eða hverju þeirra, en hinn hlutinn er útsvarsskyldur þar, sem lögheimili er.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er nú orðið altítt, að sami maður, fjelag eða stofnun verður að greiða útsvar á fleiri stöðum en einum, og er það eðlileg afleiðing af vaxandi atvinnu- og viðskiftalífi. En yfir því hefir oft verið kvartað, að þegar útsvarsgreiðsla fer fram á fleiri stöðum en einum, verði gjaldendur hart úti, vegna þess að hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir láti sjer ekki eins ant um að sýna utanbæjar- eða utansveitarmönnum fulla sanngirni og innanbæjar- eða innansveitarmönnum. Því verður ekki heldur neitað, að finna má ýms dæmi, er sýna, að gjaldþegnum úr öðrum umdæmum hefir verið gert að greiða meira en góðu hófi gegnir, og er ekki ólíklegt, að ókunnugleiki um efnahag gjaldanda hafi þar ráðið nokkru um. Ennfremur hafa verið raddir uppi um það, að nauðsyn væri á að heimila með lögum að skjóta úrskurðum sýslunefnda og bæjarstjórna um útsvar utanbæjarmanna eða utansýslumanna til einhvers stjórnarvalds, sem ekki yrði álitið, að hafa mundi tilhneigingu til að halda frekar fram rjetti annars aðilja. Hingað til hefir það verið svo, að bæjarstjórnir hafa felt endanlegan úrskurð um útsvör utanbæjarmanna og sýslunefndir um útsvör utansýslumanna. Þetta hefir ekki þótt tryggilegt, enda er nú, að því er Reykjavík snertir, ráðin bót á þessu með lögum nr. 36, 4. júní 1924, á þann veg, að úrskurðum bæjarstjórnar í útsvarsmálum má skjóta til yfirskattanefndar.

Í frv. þessu er stungið upp á, að úrskurðum sýslunefnda, bæjarstjórna og yfirskattanefndar megi skjóta til atvinnumálaráðherra, og virðist það tiltækilegast, þar sem vjer höfum enga landsyfirskattanefnd. Tilgangur frv. er ekki að breyta í neinu takmörkunum milli dómsvalds og umboðsvalds í þessum málum, og umboðsvaldið úrskurðar því framvegis eins og hingað til aðeins um fjárhæð útsvara, en útsvarsskyldan sjálf er dómstólamál. Ennfremur hefir ekki þótt næg ástæða til að leyfa að skjóta áfram úrskurðum sýslunefnda, bæjarstjórna eða yfirskattanefndar, þegar í hlut eiga innanbæjar- eða innansýslumenn, því að í þeim málum verður að álita, að næg vernd liggi í hinu úrskurðanda valdi.

Um 1. gr.

Um hana nægir að vísa til hinna almennu athugasemda, með þeirri viðbót, að ekki hefir þótt næg ástæða til að banna utanbæjarmönnum, sem útsvar eiga að greiða í Reykjavík, að skjóta úrskurði yfirskattanefndar til atvinnumálaráðherra. Til mála hefði einnig getað komið að leyfa kærendum að velja milli málskots til ráðherra eða yfirskattanefndar.

Um 2. gr.

Það er auðsætt, að atvinnumálaráðuneytið getur ekki skorið úr ágreiningi um fjárhæð útsvars, nema fyrir liggi allnákvæmar skýrslur um, hvaða reglum hafi verið fylgt um niðurjöfnun á hverjum stað, og verður að álíta, að slíkar skýrslur sje hverri niðurjöfnunarnefnd og hreppsnefnd unt að gefa. Nánari reglur um þetta er varla hægt að gefa, því að sitt á við í hverju máli.

Um 3. gr.

Hún gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Heimildin til þess að leggja útsvar á sama gjaldanda á fleiri stöðum en einum hlýtur að byggjast á því, að sanngjart sje, að fleiri en eitt bæjar- eða sveitarfjelag njóti tekna af atvinnu eða eign þessa gjaldanda, en vitaskuld á gjaldandinn ekki að verða harðar úti vegna þessa, og regla gr. er því fullströng í hans garð, en naumast unt að finna aðra sanngjarnari leið.

Um 5. gr.

Það hefir verið vikið að því hjer áður, að sveitar- og bæjarstjórnir hafi stundum lagt nokkuð freklega á utanhjeraðsmenn, og þykir því ástæða til að setja nokkrar skorður í þessu efni. Frá sanngirninnar sjónarmiði verður ekki sjeð, að neitt bæjarfjelag eða sveitarfjelag geti átt heimtingu á tekjum af atvinnu manna, sem eru búsettir annarsstaðar, nema af ágóða þeirrar atvinnu sem rekin er í því bygðarlagi. En um það má deila, hvort t. d. sá maður, sem hefir alla atvinnu sína í öðru sveitarfjelagi en þar sem hann er heimilisfastur, skuli greiða af öllum atvinnuarðinum á atvinnustaðnum. Hjer er stungið upp á, að útsvarinu sje skift milli atvinnustaðar og heimilis í hlutfallinu 2 : 1.

Það er vitaskuld, að oft getur það orkað tvímælis, hvar tekna er aflað, en ef ágreiningur rís um það, verður það að sæta úrskurði sem önnur vafaatriði, því að almenna reglu um þetta er tæpast hægt að gefa.

Með því að svo getur farið, að atvinna gefi engan arð, þótt hún í raun og veru sje útsvarsskyld, hefir þótt varlegra að orða gr. þannig, að »að jafnaði« megi ekki leggja á nema $^2/_3$ tekna utansveitarmanna. Með þessu er átt við, að frá þessu megi víkja, þegar sjerstaklega stendur á, t. d. ef atvinna gengur sjerstaklega illa á útsvarsstaðnum eitthvert ár og hlutaðeigandi sveitarfjelag kemst ekki af nema jafna niður útsvörum á fyrirtæki, sem jafnvel hafa ekki borið sig fjárhagslega.

Um 6. gr.

Vísast til aths. við næstu gr. á undan.

Um 7. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

12. Frumvarp

til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar.

2. gr.

Laun fiskifulltrúans greiðast að þriðjungi úr ríkissjóði, en hinn hluta launanna greiða Landsbankinn og Íslandsbanki, að helmingi hvor.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður launaupphæðina með samningi, að fengnum tillögum bankanna, og sá hlutinn, sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn upp í fjárlög.

4. gr.

Landsstjórnin gefur fulltrúanum erindisbrjef og ákveður starfssvið hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að mjög mikill hluti af framleiðslu landsins fer til Spánar og Ítalíu og er seldur þar, en af þessu leiðir, að markaðurinn í þessum löndum fyrir vörur vorar, sjerstaklega á Spáni, skiftir meiru fjárhagslega en nokkur annar markaður. Í þessum löndum eru staðhættir og verslunarvenjur ólíkt því, sem hjer er. Lönd þessi liggja svo fjarri oss, að erfitt er að hafa þaðan ábyggilegar og nákvæmar frjettir um alt það, sem máli skiftir fyrir fiskmarkaðinn, nema hafa þar sjerstakan trúnaðarmann. Alt þetta hefir orðið þess valdandi, að bankarnir og landsstjórnin hafa tvö undanfarin ár sent menn til Spánar til þess að greiða fyrir fiskimarkaði vorum, og hefir kostnaðurinn af ferðum þessum verið greiddur á þann hátt og í sömu hlutföllum og ráðgert er í þessu frv. Báðir bankarnir hafa látið það í ljósi, að þeir telji mjög æskilegt, að fastur erindreki fyrir oss sje á þessum stöðum.

Að öllu þessu athuguðu hefir stjórnin talið rjett að bera frv. þetta fram, og er tilætlunin sú, að maður sá, sem starf þetta hefir á höndum, verði ráðunautur eða fulltrúi landsstjórnar, banka og annara, sem á því kynnu að þurfa

að halda, um þau mál, er lúta að sölu fiskjar á Spáni eða Ítalíu. Búist er við, að sendimaður þessi verði búsettur á Spáni, en fari einstaka sinnum til Ítalíu, ef þörf gerist.

Með því að ekki er heimilt lögum samkvæmt að leggja þá kvöð á Íslandsbanka, sem frv. ráðgerir, án samþykkis hans, skal það tekið fram, að hann hefir sent stjórninni yfirlýsingu um, að hann sje samþykkur því að greiða 1/3 kostnaðarins.

Hinar einstöku gr. frv. virðast ekki þurfa skýringa.

13. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðuneytið getur undanþegið ákvæðum þessarar gr. það eða þau rjómabú, sem framleiddu bæði smjör og smjörlíki sumarið 1923.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt heimild í 21. gr. 6. tölul. fjárlaga fyrir árið 1923 var Áslækjarrjómabúi í Hrunamannahreppi, á öndverðu ári 1923, veitt 5000 kr. lán úr Viðlagasjóði, til þess að koma upp smjörlíkisgerð við Áslækjarrjómabú, en á Alþingi 1923 voru lög þau sett, sem hjer er ráðgert að breyta á þann veg, að atvinnumálaráðuneytið megi veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laganna.

Ástæðan til þess að landsstjórnin telur rjett að veita þessa undanþáguheimild er sú, að henni þykir ekki sanngjarnt, að löggjafarvaldið veiti fyrst óbeint samþykki sitt með lánsheimild til þess að rjómabú og smjörlíkisgerð megi starfa saman og setji svo fáum mánuðum síðar lög, er alveg banna þetta. Það er einnig venja þegar ný lög eru sett, sem grípa inn í atvinnufrelsi manna, að undanþága er gerð eða heimiluð um fyrirtæki, sem þegar eru sett á stofn. Og hættulegt getur það alls ekki talist að leyfa þessa undanþágu.

Stjórninni er ekki kunnugt um, að annarsstaðar sje eins ástatt og um Áslækjarrjómabúið, en ef svo er, á hið sama að ganga yfir önnur slík bú, og í samræmi við þetta er heimildin orðuð almennt í frv., en ekki bundin við Áslækjarrjómabúið eitt.

Forráðamenn Áslækjarrjómabúsins hafa farið þess á leit að fá eftirgefið Viðlagasjóðslánið vegna ákvæða laga nr. 38, 1923, en hefir verið synjað um það. Hins vegar getur það tæpast talist sanngjarnt nema frv. þetta verði að lögum.

Að öðru leyti þarf frv. ekki skýringa.

14. Frumvarp

til laga um breytingar á almennum hegningarlögum 25. júní 1869 og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

I. kafli.

Um fjársvik og ótrúmensku.

1. gr.

Sektum, fangelsi eða alt að 3 ára hegningarvinnu skal sá sæta, er á órjettmætan hátt og til þess að auðga sjálfan sig eða aðra ranglega, kemur öðrum manni með ósönnum skýrslum eða með því að dylja atvik, er máli skifta, og hann hefði sem heiðarlegur maður eða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sjerstökum atvikum átt að láta getið, til athafna, er valda þeim manni eða þeim, sem hann er fyrir, fjártapa.

2. gr.

Sá skal sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, er gerist sekur um fjársvik með þeim hætti, er nú skal greint:

1. Með því að klæðast dularbúningi eða með því að látast hafa eða misbrúka opinbert vald eða opinbera skipan.

2. Með því að nota í verslunarskiftum falskt mál, mæli, vog eða merki eða stimpil á muni, er ákveðið merki eða stimpill á að veita tryggingu fyrir gæðum þeirra.

3. Með því að láta af hendi húsdýr, sem haldin eru sóttnæmri veiki.

4. Með því að láta af hendi vörur falsaðar með efnum, er gera þær hættulegar heilsu manna eða húsdýra.

5. Ef framferði sökunauts bakar þeim, er fyrir því verður, tjón er meiru nemur en 5000 krónum.

3. gr.

Sá, sem með ósönnum skýrslum eða með því að dylja atvik, er máli skifta, fær annan mann til að takast á hendur vátrygging, er hann mundi annars alls eigi hafa að sjer tekið eða þá einungis með öðrum skilmálum, skal sæta fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

Sá, er skemmir, eyðileggur eða skýtur undan vátrygðu verðmæti í því skyni að auðga sig eða aðra á kostnað tryggingarsala, eða krefur ranglega bóta fyrir vátrygð verðmæti, er hann kveður hafa skemst eða eyðilagst, eða fyrir óvátrygð verðmæti, skal sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi eigi skemur en 3 mánuði eða hegningarvinnu alt að 6 árum.

4. gr.

Sá skal sæta sektum, fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum, er breiðir út rangar skýrslur til þess að hafa með því áhrif á verðlag vöru, verðbrjefa og annara slíkra hluta.

Sömu refsingu skal sá sæta:

1. Er býður upp á þátttöku í stofnun hlutafjelags, í lánveitingu eða öðrum slíkum fyrirtækjum á þann hátt, að hann lætur í tje rangar skýrslur um málsatvik eða dylur atvik, er máli skifta.

2. Er birtir skýrslur um nefnd fyrirtæki, sem annaðhvort eru beinlínis ósannar eða látið er ógetið í þeim atriða, er máli skifta, svo að þær eru lagaðar til að afvegaleiða menn, eða lætur valdstjórninni eða öðrum, sem hlut eiga að máli, slíkar skýrslur í tje.

5. gr.

Sá skal sæta sektum, fangelsi eða alt að 1 árs hegningarvinnu, er útvegar sjer eða öðrum lán eða annað án samstundis endurgjalds eða fullrar tryggingar fyrir því, með ósönnum skýrslum eða með því að dylja atvik, er máli skifta um gjaldfærni sína eða þess, sem hann er fyrir, enda hljótist fjártjón af.

6. gr.

Sá skal sæta sektum, fangelsi eða alt að eins árs hegningarvinnu, er í því skyni að auðga sig eða aðra ranglega eða til þess að baka tjón, vanrækir hagsmuni annara, sem eru undir stjórn hans eða gæslu, eða ráðstafar slíkum málum þeirra þeim í óhag.

Ef gæslumaður hefir bakað þeim, sem hann er fyrir, verulegt tjón eða hann hefir leitast við að dylja brot sitt með röngum skilríkjum, aflað sér falsaðra skilríkja, eyðilagt eða ónýtt, falsað eða falið reikninga eða bækur eða önnur skilríki, þá skal hann sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi ekki skemur en 3 mánuði eða hegningarvinnu alt að 6 árum.

7. gr.

Sá skal sæta sektum, fangelsi eða alt að 2 ára hegningarvinnu, er ráð-

stafar ólöglega með samningi til þess að auðga sig eða aðra, hlutum eða rjettindum, sem hann hefir veitt öðrum manni, eða skuldaskírteinum, enda þótt skyldan samkvæmt þeim sje að öllu eða einhverju leyti fallin burt.

8. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 1.—7. gr., áður sætt fangelsisrefsingu fyrir eitthvert brota þeirra, er í þessum kafla eða í II. og III. kafla laga þessara getur, eða fyrir brot þau, er í 23., 24., 25. eða 27. kap. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 greinir, og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Sama er og, ef maður hefir áður sætt fangelsisrefsingu fyrir brot samkvæmt 1.—7. gr., en verður síðar dæmdur til refsingar samkvæmt áðurnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga eða II. og III. kafla laga þessara.

9. gr.

Ef telja má brot, er í 1.—7. gr. getur, varða eftir atvikum að eins sektum, má málsókn niður falla, ef sá æskir þess, sem misgjört var við.

II. kafli.

Um refsivert athæfi gagnvart lánardrotnum manns.

10. gr.

Sá skal sæta sektum, fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum, er í því skyni að svifta lánardrottinn sinn eða lánardrotna sína færi á að fá kröfum sínum fullnægt eða rýra möguleika til þess skýtur undan eignum sínum, eyðileggur þær eða spillir þeim, gefur þær burt eða lætur þær af hendi undir sannvirði eða til málamynda, eða stofnar yfir þeim málamynda-rjettindi, setur þær til tryggingar óeindöguðum kröfum, greiðir með þeim óeindagaðar kröfur, eða kemur þeim undan á annan hátt eða dylur þær með orðum eða þögn eða gefur upp eða kannast við rangar eða lognar kröfur.

11. gr.

Refsingu, sem í 10. gr. segir, sætir sá, er í umboði eða fyrirsvari fyrir aðra, gerist sekur um afbrot þau, er í þessum kafla greinir.

Refsingu innan sömu takmarka, sem skuldunautur eða fyrirsvarsmaður hans, sætir sá, er þiggur hag sjer til handa af hjergreindum afbrotum. Ef lánardrottinn er, skal hann þó refsilaus, nema brotið hafi verið með vitund hans við tryggingarrjettindi annars lánardrottins.

12. gr.

Nú hefir lánardrottinn veð eða önnur tryggingarrjettindi í eignum skuldunauts, en hann ráðstafar þeim eignum á þann hátt sem í 10. gr., sbr. 11. gr., segir og í bága kemur við rjett lánardrottins, og skal sökunautur þá

sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi eigi skemur en 3 mánuði, enda má dæma hann til alt að 6 ára hegningarvinnu.

13. gr.

Sá skal sæta sektum eða fangelsi, er sekur reynist í eftirgreindum brotum, enda liggi eigi þyngri refsing við:

1. Ef hann stofnar nýjar kröfur sjer á hendur, greiðir óeindagaðar kröfur eða setur tryggingu fyrir þeim eða vanrækir að gera það, sem í hans valdi stendur, til að koma í veg fyrir það, að einstakir lánardrottnar hans leiti fullnustu eða tryggingar í eignum hans, öðrum lánardrotnum hans til tjóns, enda þótt hann viti eða ætti að vita, að hann er ófær til að fullnægja lánardrotnum sínum og hefir eigi líkur til að geta það.

2. Ef hann spillir gjaldfærni sinni til tjóns lánardrotnum sínum með óhófi, glæfraspilum eða þess konar, áhættufyrirtækjum, sem annaðhvort liggja fyrir utan verkahring hans, eða svara ekki til efnahags hans, eða með sjerstakri ljettúð eða óreglu í atvinnurekstri sínum eða á annan slíkan hátt.

3. Ef hann heldur eigi þær bækur eða reikninga, sem honum er eða kann að verða lögskylt að halda, eða hann gerir ranga eða mjög óreglulega reikninga eða bækur, eða eyðileggur eða ónýtir slík skilríki eða skýtur þeim undan.

Brot þau, er í 3. lið getur, geta og varðað missi atvinnuleyfis 1 ár, eða lengur, ef miklar sakir eru.

14. gr.

Sá skal sæta sektum eða einföldu fangelsi, enda varði atferli hans eigi þyngri refsingu að lögum, er aðhefst nokkuð það í meðferð sinni á eignum, er löghald eða löggeymsla er lögð á eða aðför gjörð í, eða teknar eru til gjaldþrotaskifta eða til skifta samkvæmt III. kap. skiftalaga 12. apríl 1878, er brýtur bág við þannig fengin rjettindi yfir þeim eignum.

15. gr.

Út af brotum þeim, er í 10. og 13. gr. sbr. 11. gr. getur, skal mál því að eins höfða, að fógetagjörð hafi reynd verið eða gjaldþrotaskifti án þess að lánardrotnar hafi fengið kröfum sínum fullnægt, nema almenningsheill krefji.

16. gr.

Nú verður maður, er áður hefir sætt fangelsisrefsingu fyrir brot samkvæmt 10.—14. gr., eða fyrir brot samkvæmt 23., 24., 25. og 27. kap. alm. hegningarlaga eða samkvæmt III. kafla laga þessara, enn sekur um brot samkvæmt 10.—14. gr., og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi um fram það, er hún hefði orðið fyrir slíkt brot dæmt fyrsta sinni. Samskonar verkun hefir brot eftir 1.—14. gr. á síðar framin afbrot, er varða við I. og II. kafla þessara laga eða áðurnefnda kapítula hegningarlaganna.

III. kafli.

Um undanskot fjár.

17. gr.

Sá skal sæta sektum, einföldu fangelsi eða alt að 3 ára hegningarvinnu, sem í því skyni að auðga sig eða aðra leggur ólöglega undir sig lausafjármuni, sem annar maður á og eru í vörslum sjálfs hans, eða synjar fyrir að hafa tekið við slíkum munum, eða afhendir, ónýtir, eyðileggur eða felur muni annara manna, sem í vörslur hans hafa komið.

Sömu refsingu skal sá sæta, er í áður nefndu skyni:

1. Skýtur hlut, sem hann sjálfur á, undan afnotum þess, sem afnotarjett á yfir hlutnum eða lögmæta kröfu til þess að nota hann.
2. Heldur fyrir fram mótteknu endurgjaldi fyrir eitthvað það, er hann skyldi inna af hendi og hann nú kemur sjer undan.
3. Leggur undir sig fasteign, sem annar maður á.

18. gr.

Nú hefir afbrot, sem í 17. gr. 1. lið segir, verið framið á þann hátt eða undir þeim skilyrðum, sem í 231. eða 245. gr. alm. hegningarlaga getur, og má þá hækka refsinguna í alt að 6 ára hegningarvinnu.

19. gr.

Nú verður maður, er áður hefir sætt fangelsisrefsingu fyrir brot samkvæmt 17. og 18. gr. eða fyrir brot samkvæmt 23., 24., 25. eða 27. kap. alm. hegningarlaga, enn sekur um brot samkvæmt 17. og 18. gr., og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi um fram það, er hún hefði orðið fyrir slíkt brot, dæmt fyrsta skifti. Samskonar verkun hefir brot eftir 17. og 18. gr. á síðar framin brot, er varða við I. og II. kafla laga þessara eða áðurnefnda kapitula hegningarlaganna.

IV. kafli.

Um aðra refsiverða meðferð á fjárrjettindum annara manna.

20. gr.

Sá skal sæta sektum eða fangelsi, enda liggi eigi þyngri refsing við að lögum, er ranglega hagnýtir sjer eða ráðstafar fjármunum, er annar maður á rjett yfir eða kröfu til, eða er í annars vörslum, eða meinar þeim afnotin, sem rjett á til þeirra.

21. gr.

Refsingu sem í 20. gr. segir skal sá sæta:

1. Er í búi, fjelagi eða fyrirtæki, þar sem afráðið er um fjármálefni með atkvæðagreiðslu, aflar sjer ranglega færis til þátttöku í henni eða til að greiða fleiri atkvæði en honum ber, eða gerir eitthvað það, er falsar atkvæðagreiðsluna.

2. Er fær annan með brögðum eða á annan ólöglegan hátt til að greiða atkvæði á ákveðinn hátt um málefni þau, er í 1. lið getur, og sá, er undir sama skilorði þiggur eða krefur fjár til að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

3. Er með brögðum eða á annan ólöglegan hátt reynir að hamla því, að boðið sje í á nauðungar- eða stranduppboði eða líkum uppboðum.

22. gr.

Refsingu, sem í 20. gr. segir, skal sá sæta:

1. Er í atvinnuskyni notar sjálfur eða veitir öðrum færi á að hagnýta sjer kaupsýslu — eða rekstrar — leyndarmál atvinnustofnunar, sem hann hefir síðustu 3 árin átt hlut í eða haft atvinnu í.

2. Er ranglega og í atvinnuskyni hagnýtir sjer eða veitir öðrum færi á að hagnýta sjer kaupsýslu- eða rekstrarleyndarmál atvinnustofnunar, er hann hefir komist að fyrir ólöglegt atferli sjálfs síns eða annara.

3. Er skýrir frá atvikum, er standa í sambandi við atvinnu annars manns, enda sjeu þau löguð til að vinna þeirri atvinnu tjón og eigi sönnur að þeim leiddar.

23. gr.

Refsingu, sem í 20. gr. segir, skal sá sæta, er leita skal í umboði annara tilboða um vörur eða annað og í því tilefni heimtar eða þiggur fje fyrir að taka eða hafa tekið eitt tilboð fram yfir önnur.

24. gr.

Mál út af brotum samkvæmt þessum kafla skal því að eins höfða að sá krefjist þess, sem misgjört var við.

V. kafli.

Um okur, glæfraspil og annarskonar skylt atferli.

25. gr.

Sá, er í samningum notar sjer neyð einhvers, ljettúð, fávisku, æsku eða reynsluskort til þess að afla sjer eða öðrum eða áskilja endurgjald, sem eftir öllum atvikum stendur bersýnilega í verulega skökku hlutfalli við það, er sjálfur hann eða sá, sem hann er fyrir, innir af hendi, skal sæta sektum, og ef miklar sakir eru, svo sem það, ef kaupunautur hans er undir 18 ára aldri, ef samningum er hagað á ákveðinn hátt til að dylja hið sanna eðli ráðstöfunarinnar, ef skriflegt heit er gefið eða hátíðlegt loforð af þess hálfu, er

misgjört er við, ef sökunautur hefir áður sætt refsingu fyrir brot samkvæmt þessari grein eða hann gerir slik brot sjer að atvinnu, skal hann sæta fangelsi eða alt að 1 árs hegningarvinnu.

Sá, er leitar aðstoðar dómstóla til innheimtu ógildrar kröfu samkvæmt þessari grein, skal sæta sektum eða fangelsi.

Nú hefir greiðsla, sem refsivert var að áskilja sjer samkvæmt þessari grein, verið int af hendi, og skal þá, ef þess er krafist, dæma sökunaut til þess að skila henni eða jafnvirði hennar aftur.

Málssókn má láta niður falla, ef sá, sem misgert var við eða fyrirsvarsmaður hans, æskir þess.

26. gr.

Sá, er gerir sjer atvinnu af glæfraspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, enda sjeu þau eigi leyfð af þeim, sem að lögum eða venju samkvæmt er heimilt að veita slík leyfi, skal sæta fangelsi eða alt að 1 árs hegningarvinnu.

Nú fremur maður brotið í atvinnu sinni, og má þá dæma hann til að hafa fyrirgjört rjetti sínum til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

Í stað þess að gera vinning af glæfraspili upptækan, má dæma sökunaut til að endurgreiða hann þeim, er tapað hefir.

27. gr.

Glæfraspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til glæfraspila.

VI. kafli.

Ymisleg ákvæði.

28. gr.

Um afbrot þau, er í lögum þessum getur, gilda hin almennu ákvæði í 1.—8. og 31. kap. hegningarlaga 25. júní 1869, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvisi ákveðið.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi . . . . . Frá sama tíma er úr lögum numið refsiákvæði 17. kap. Þjófabálks Jónsbókar 238., 250. gr. og 26. kap. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Þó gilda lög þessi eigi um afbrot, sem framin hafa verið áður en þau öðluðust gildi, nema væg-

ari refsing liggi við eftir þessum lögum, enda sje málið og eigi dæmt úrslitadómi.

30. gr.

Nú hefir maður sætt dómi fyrir afbrot, sem aukin refsing liggur við eftir þessum lögum, áður en þau öðluðust gildi, og skal þá farið eftir ákvæðum 8., 16. og 19. gr., ef hann verður enn sekur um þau brot.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í Neðri deild Alþingis 1914 var samþykt tillaga til þingsályktunar um að skora á stjórnina, meðal annars, að taka til endurskoðunar 26. kafla hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og leggja fyrir næsta Alþingi á eftir frumvarp til laga um breyting á þessum kafla.

Umgetin endurskoðun var svo framkvæmd, með því að það var viðurkent, að framangreindur kafli hegningarlaganna, sem hefir að geyma fyrirmæli um fjársvik og ýmsar aðrar skyldar athafnir, væri orðinn að ýmsu úreltur. Bæði er það, að í hann — og reyndar hegningarlögin í heild sinni — vantar ýms ákvæði, er nýrri refsilög hafa og sjálfsagt er eða heppilegt að setja og svo er hann að efnisskipun til eigi svo sem æskilegt væri. Það varð þó ekki úr því, að frumvarp þetta, er þá var samið, yrði lagt fyrir Alþingi, fyr en nú, líklega af því, að talið hefir verið, að hegningarlögin öll þyrftu meira eða minna endurskoðunar við, ekki síður en þessi eini kafli.

Með því að gagngerð endurskoðun á hegningarlögunum er ekki byrjuð, og vera má að hún dragist nokkra hríð enn, þá þykir rjett að draga það ekki lengur, að leggja frumvarp þetta fyrir þingið.

Í hegningarlögunum er engin almenn regla um afbrotategund þá, er þar getur aðallega. Þar er engin skilgreining á hugtakinu svik eða fjársvik í refsirjettarmerkingu, eins og nýrri hegningarlög hafa. Í hegningarlögum vorum eru aðeins greind nokkur tilfelli, eða nokkur dæmi upp á þessa afbrotategund, og svo sagt, hvernig refsa skuli þeim, sem fremur þau brot, sem sjerstaklega eru nefnd. Talning dæma, svo sem hegningarlögin hafa, getur aldrei orðið nálægt því tæmandi. Af þessu leiðir það, að þau tilfelli, er hegningarlögin nefna eigi, verða annaðhvort refsiverð samkvæmt analogiu þeirra tilfella, er nefnd eru, eða refsilaus. Og vegna hinna ströngu skilyrða, sem sett eru í 1. gr. hegningarlaganna til analogiskrar notkunar þeirra, hlýtur að fara svo, að mýmargar athafnir, sem samkvæmt almenningsálitinu ættu að baka refsingu, og samkvæmt refsilögum annara þjóða eru refsiverðar, varða hjer eigi við lög.

Í 26. kap. hegningarlaganna eru hins vegar ákvæði um ýms brot, sem eigi heyra undir hugtakið fjársvik, eins og fræðimönnum nú kemur saman um að skilgreina það, enda þótt slík brot megi heimfæra undir »svik« í hinni rúmu merkingu, sem það orð hefir eftir almennri málsvenju hjer á landi.

Eins og drepið var á, vantar í hegningarlög vor ákvæði um mörg brot eða yfirsjónir, sem almenningsálitið telur engu vítaminni en sum þau, er lögð er refsing við í lögum, og refsilög annara þjóða hafa fyrirmæli um. Þetta á eigi að eins við þau afbrot sum, er til fjársvika í lagalegri merkingu heyra, heldur einnig um mörg önnur, sem alls eigi heyra þar undir, en eru þeim þó að nokkru leyti skyld eða jafnvel skyldust allra brota. Í sambandi við endurskoðun 26. kap. hegningarlaganna þykir hlýða að setja ákvæði einnig um slík brot. Og eru hin helstu þeirra talin í IV. og V. kafla frumvarpsins.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir hverju einstöku ákvæði í frumvarpinu í athugasemdum við einstaka kafla þess og greinar.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru tekin: 1) Þau brot, er heyra undir hugtakið »fjársvik«, ef það er á sama hátt skilið og afmarkað og fræðimenn og nýrri hegningarlög gera (Sbr. Goos, Den danske Strafferets specielle Del II. 451—452, 469—470, v. Liszt, Deutsches Strafrecht bls. 448 o. s. frv.). »Fjársvik« ná í þessum kafla yfir þau brot, sem í hegningarlögum Norðmanna eru heimfærð undir »Bedrageri« og í hegningarlögum Þjóðverja undir »Betrug« (sjá 26. kap. í hegnl. Norðm. og 22. kap. í hegnl. Þjóðverja). 2) Nýja tegund brota, sem eigi eru sjerstök fyrirmæli um í íslenzkum hegningarlögum, og nefnd er heitinu »Ótrúmenska«. Bæði norsku og þýsku hegningarlögin hafa þessar tegundir brota, »fjársvik« (Bedrageri, Betrug) og »ótrúmensku« (Utroskab, Untreue) í sama kapítula, og er þeirri niðurskipun fylgt hjer.

Um 1. gr.

Gildandi hegningarlög vor hafa eigi að geyma skilgreiningu á hugtakinu »svik«, er stendur í yfirskrift 26. kapitula, eins og áður er vikið að. Í 270. gr. norsku og 267. gr. þýsku hegningarlaganna er hugtakið »Bedrageri« og »Betrug« skilgreint og á sama hátt er gert hjer. Sömu skilgreiningu hefir refsilaganefnd Dana tekið í 290. gr. refsilagauppkasts síns, með þeirri viðbót þó, að þar er tekið með, ef maður misbrúkar æsku, fávisku og annað slíkt þess, er maður á við.

Samkvæmt skilgreiningu hugtaksins fjársvik getur ekki verið um þau afbrot að tefla, nema annar maður auðgist á kostnað hins. Og ávinningurinn á að vera ólöglegur. Sá, sem að eins fer rjetti sínum fram, verður vítalaus af því. Og sá, sem einungis fær af skuldunaut sínum það, sem hann átti lögmætt tilkall til, t. d. greiðslu skuldar verður eigi sekur um *fjársvik*, jafnvel þótt hann fái skuldunaut til þess að greiða með ósannindum eða því um líku. —

Meðalið til þess að fremja fjársvik verður að vera fólgið í ósannindum, vísvitandi rangri skýrslu um atriði, sem máli skifta þann, er leiðist til einhverrar ráðstöfunar, eða eftir atvikum í því að dylja samskonar atriði. Það hlýtur auðvitað að vera álitamál oft og einatt, hversu rík skylda hvílir á mönnum að herma rjett frá um atriði, sem til greina geta komið í viðskiftum manna á milli. Hvarvetna þess, er ætla má, að maður hefði eigi gert einhverja ráðstöfun, ef honum hefði verið kunnugt um atriði, sem kaupunautur hans vissi um og hlaut sjálfur að telja veruleg, en skýrði honum þó ekki frá, þá mundi hann oft verða sekur um fjársvik. Tilætlunin er auðvitað ekki, að allskonar miður áreiðanlegar skýrslur geti varðað refsingu. Fyrst og fremst er það, að heilvita menn taka sumum slíkum skýrslum með varúð, t. d. venjulegum verslunarauglýsingum. Þar með er vitanlega alls eigi sagt, að slíkar og aðrar auglýsingar um vörur eða verk geti eigi bakað þeim refsingu, er kemur öðrum, sem treysta auglýsingunum, til að kaupa við sig á þeim grundvelli. Það er ekki nauðsynlegt, að sökunautur hafi upphaflega komið inn rangri hugmynd hjá kaupunaut sínum. Hitt er nóg, ef hann leiðrjettir hann ekki, svo framarlega sem hann sá, að hann byggir ráðstöfun sína á slíkum röngum grundvelli. En hjer er vitanlega mjótt mundangshófið, og verður það dómstólanna að skera úr því hverju sinni, hvers krefja ber í þessu efni. Stundum geta lög eða venjur skorið úr, hver sannsöglis- eða fræðsluskylda hvíli á mönnum um ákveðnar tegundir viðskifta og getur þá sá orðið sekur, er eigi fullnægir þar gerðum kröfum. Og svo verður að taka til greina, hvernig ástatt er um kaupunaut. Einn trúir því, sem annar mundi ekki trúa, hvort sem slíkt er að kenna fáfræði, æsku eða öðru, og geta því sömu ósannindin orðið ósaknæm gagnvart einum, þótt þau verði refsiverð gagnvart öðrum. Því er það fjársvik og heyrir undir þessa grein, þótt maður beri fram svo og svo ósennileg ósannindi, ef hinn trúir þeim og það er ákvörðunarástæða fyrir hann, að það sje satt, sem hinn segir honum. Því getur afbrot það, er í 257. gr. alm. hegningarlaga greinir (signingar, særingar o. s. frv.) verið refsivert samkvæmt þessari grein.

Það er einsætt, að ákvæði greinarinnar taka einnig til þess, ef maður ákvarðar ótakmarkaðan fjölda manna á þann hátt sem í greininni segir til fjárráðstöfunar, er veldur ólögmætum gróða á aðra hlið og tapi á hina, t. d. almenn framboð eða útboð, þátttaka í fyrirtækjum o. s. frv.

Það felst í orðum gr., að ráðstöfunin *þarf* eigi að valda þeim fjártjóni, sem ákvarðar sig til að gera hana eða framkvæmir hana. Þetta gildir eigi að eins um eiginlega umboðsmenn, fjárhaldsmenn, stjórnendur fjelaga eða stofnana, heldur getur það líka náð til þess, ef þeir, sem úrskurða eiga mál manna, svo sem dómarar, matsmenn, umboðsvöldin o. s. frv. verða að úrskurða mál eftir röngum skýrslum annars aðilja og þar með baka hinum tjón, svo framarlega sem einhver takmörk eru fyrir því, hversu rangt aðili megi skýra frá málavöxtum þegar mál hans á að sæta slíkri úrlausn.

Samkvæmt framanskráðu heyra þessi ákvæði almennra hegningarlaga undir þessa grein:

253. gr. 1., 2. og 3. og (að nokkru) 4. l.

254. gr. 2., 3., 4. (að nokkru), 5. og 6. l.
257. gr.
258. gr.
259. gr. (að því leyti, sem ýms tilfelli, er heimfærð hafa verið af dómstólunum undir hana, kunna að heyra undir eiginleg fjársvik), og
261. gr. (en við því broti er lögð sérstök refsing í 3. grein).

Þar sem svo margsháttar brot heyra undir greinina, smærri og stærri, verður að breyta refsingunum frá því, sem ákveðið er í 353. gr. alm. hegningarlaga. Er það og í samræmi við 258. (og 259.) gr. Þar sem greinin tekur yfir þau brot, er í 258. gr. getur, virðist sjálfsagt, að heimila dómstólunum að beita vægustu refsingum, sem lög leyfa, ef þeim finst ástæða til.

Um 2. gr.

Samskonar ákvæði eru í 271. gr. norsku hegningarlaganna. Þar er þó lágmark tjónsins sett 1000 krónur, en hjer 5000. Ástæða þess að hjer er sett 5000 kr. lágmarkið er sú, að oft getur það verið tilviljun ein, hvort tjónið er mikið eða lítið. Aðalatriðið frá refsirjettar sjónarmiði er öllu heldur hitt, hversu mikið tjón sökunautur hefir ætlað sjer að valda eða getur búist við að valda. Hins vegar verður þó á það að líta, að oft er ástæða til að taka stærð tjónsins til greina, og því má telja rjett að hafa svipað fyrirmæli og það sem hjer er um að ræða.

Þýðing þessarar greinar er sú, að refsingin verður ekki minni en hegningarvinna, ef verknaðurinn er framinn á þann hátt, er greinin getur eða bakar slíkt tjón.

Um einstaka liði gr. athugast:

1. Það er ein sjerstök aðferð til að koma fram svikum að klæðast dularklæðum, því að með því dylur maður, eða reynir að dylja, hver hann er og gefur sig út fyrir annan en hann er. Það er meira en að eins segjast vera annar en hann er. Líkt er að segja um það, ef maður kveðst hafa opinbert vald, en hefir ekki, og notar sjer það til að koma fram sviksamlegum verknaði. Ennfremur er tekið með það, ef maður að vísu hefir slíkt vald, en misbrúkar það í sviksamlegum tilgangi. Við því að taka sjer opinbert vald og að misbrúka opinbert vald eru að vísu lagðar refsingar, hinu fyrra í 108. gr. alm. hegningarlaga, og hinu síðara í 13. kapítula þeirra, í ýmsum greinum. En engin þau ákvæði brjóta bág við hér greint ákvæði, enda er varnagli sleginn, þar sem með þarf, um það, ef atferlið varðar þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum. 108. gr. t. d. á eigi við eingöngu, ef maður fremur sviksamlegt athæfi með því að taka sjer opinbert vald. Og líkt er að segja um aðrar greinar í hegningarlögunum, er þetta efni varða.

2. Hjer er um hrein fjársvik að tefla, en aðferðin talin sjerstaklega hættuleg og refsiverð, og eiga nú að sæta refsingu samkvæmt 279. gr. 1. mgr. og 280. gr. 1. mgr. alm. hegningarlaga. En þessar greinar geta þó allar staðist samhliða, því að 279. og 280. gr. hegningarlaganna hafa að geyma ákvæði um sjerstaka tegund glæpa, og ekki skilyrði þar til þess að glæpurinn sje fullframinn, að nokkur sjerstakur hafi beðið tjón af verknaðinum, líkt og á sjer stað um skjala og peningafals.

3. Í 294. gr. hegningarlaganna er að vísu ákvæði um það, ef næmum sjúkdómum er dreift út meðal húsdýra af ásettu ráði. En það er einnig sjerstakur glæpur, og þar þarf enginn auðgunartilgangur að vera og engin fjársvik. Og geta því ákvæði þessarar greinar og 294. gr. hegningarlaganna staðist báðar saman í lögum.

4. 280. gr. hegningarlaganna hefir einnig ákvæði um vörufals, en þar er eigi skilyrðið, að auðgunartilgangur eða fjársvik hafi átt sjer stað, og mega því ákvæði þessarar greinar og nefnd gr. hegningarlaganna vel samrýmast.

5. Vísast til þess, er í upphafi er sagt um þessa grein.

Um 3. gr.

1. mgr. þessarar greinar svarar til 261. gr. alm. hegningarlaga. Þegar 1. gr. frv. og þessi gr. eru bornar saman, þá kemur fram sá munur, að eftir þessari grein er brotið fullframið, enda þótt tryggingarsali hafi ekkert tjón beðið af framferði tryggingarkaupa. Ástæða þessa sjerákvæðis um vátryggingu er vitanlega sú, að ríkari freisting er fyrir menn til að beita þar sviksamlegu atferli en víðast annarsstaðar af því að hinn aðilinn á oftast sjerstaklega ilt aðstöðu, á sjerstaklega erfitt með að sannreyna skýrslur tryggingarkaupa, og verður því að byggja á þeim. Þess vegna hvílir sjerstök ströng sannsöglisskylda á tryggingarkaupa, og á hjer einkum við, að hann má engin atvik dylja, er máli kunna að skifta.

2. málsgr. hefir einnig ákvæði, er sumpart mundu falla undir 261. gr. alm. hegningarlaga og sumpart undir 283. gr. 2. mgr. þeirra.

Greinin nær til trygginga hverrar tegundar sem eru, bruna-, sjó-, líftrygginga o. s. frv., að því leyti sem við hverja tryggingartegund getur átt. Þess skal sjerstaklega getið, að bótakrafa fyrir óvátrygt verðmæti eða hagsmuni er væntanlega einkum títt um lausafjárvátrygging, en síður um annarskonar, t. d. hús, líftrygging o. s. frv. Auðvitað er hjer sem annars, að orka kann tvímælis, hvort verðmæti fellur undir ákveðinn vátryggingarsamning, og mismunandi skoðun á því eða ef manni skjátlast þar um, þá getur það afsakað framkomu hans gagnvart tryggingarkaupa.

Ákvæði þessarar greinar eru sams efnis og tilsvarandi fyrirmæli í 272. gr, norsku hegningarlaganna.

Um 4. gr.

Í almennum hegningarlögum 25. júní 1869 er ekkert, er svari til ákvæða þessarar greinar. Í 273. gr. norsku hegningarlaganna eru þar á móti samskonar reglur.

Brot þau, sem í þessari grein segir, eru fullframin, þegar skýrslan er í tje látin, án þess það þurfi að hafa verið gert í auðgunartilgangi eða að nokkur hafi beðið tjón. Að því leyti fer ákvæði greinarinnar út fyrir eiginleg svik, eins og hugtaksskýringin í 1. gr. afmarkar það hugtak.

Það er eigi nauðsynlegt eftir orðalagi greinarinnar, að skýrsla um atvik, er haft geta áhrif á verðlag vöru o. s. frv.. sje birt opinberlega. Það sýnist nægilegt, að svo sje með hana farið, að hún komist til fleiri eða færri

þeirra manna, er nota mundu sjer af henni. Greinin tekur til allrar verslunarvöru, þ. e. hlutir, sem eru verslunarvara í verslunarrjettar merkingu. Einstakur ákveðinn hlutur, t. d. hestur, mundi eigi alment geta talist verslunarvara, enda þótt hann væri til sölu. Þar á móti væru hestar það alment. Samskonar takmörkun verður að gera um verðbrjef. Skuldabrjef útgefið af einstakling er ekki »verðbrjef« í þeirri merkingu, sem það er hjer haft. Þar á móti hlutabrjef, skuldabrjef landssjóðs, bæjar- og sveitafjelaga, bankanna o. s. frv. Ákvæðið nær til »annara slíkra hluta«, að eins ef þeir ganga kaupum og sölum á svipaðan hátt og verzlunarvörur. Annars verður það hlutverk dómstólanna að úrskurða þesskonar atriði.

Fyrirmæli það, sem í 1. lið greinir er hugsað sett í því skyni að vernda menn fyrir ósönnum skýrslum og skrumi því, sem eftir reynslu annarstaðar er helst til títt, þegar boðið er til þátttöku í ýmiskonar atvinnufyrirtækjum. Enda má ætla, að þingsályktunartillagan 1914 hafi jafnframt átt við ákvæði, er stefndu í einhverja slíka átt. Þar sem ennfremur er talað um lánveitingar, er átt við þær lánveitingar, sem almenningi er boðið upp á að taka þátt í, t. d. til bæjar- og sveitarfjelaga o. s. frv. Um það, hverskonar tilmælin þurfi að vera, nægir að vísa til þess, er sagt var áður um útbreiðslu skýrslna.

2. liður hefir ákvæði, sem eiga að vernda menn fyrir ósönnum skýrslum um þegar stofnuð fyrirtæki. 1. liður nær til þess, er verið er að stofna þau eða ætlað er að gera það, en 2, liður miðar til þess að vernda menn fyrir skiftum við þessi fyrirtæki á röngum grundvelli eftir að þau eru komin á fót.

Loka-ákvæði 2. liðs er samskonar efnis og 156. gr. almennra hegningarlaga, en þar sem sú grein er miklu viðtækari, stendur hún að sjálfsögðu óhögguð.

Um 5. gr.

Akvæði samskonar og þessi grein er í 274. gr. norsku hegningarlaganna, en í gildandi íslenskum hegningarlögum er ekkert, sem til þess svarar. 253. gr., 4. l. er alt annars efnis, og miklu þrengra. Brot, er undir þessa (5.) grein heyra, eru að því leyti ólík brotum, er undir aðalreglu 1. gr. frv. falla, að þau þurfa ekki í öndverðu að vera framin í auðgunarskyni. Hinsvegar eiga brot samkvæmt 1. gr. og 5. gr. sammerkt í því, að þau eru ekki fullframin, nema fjártjón hafi hlotist af þeim fyrir þann, sem misgert var við. Greinin tekur bæði til svonefnds láns til eignar og til hvers annars, er endurgjald skal greitt fyrir í peningum eða peningaviði. Það heyrir eigi undir ákvæði greinarinnar, ef maður fær annan til að láta af hendi við sig verðmæti með ósönnum skýrslum um annað en gjaldþolið, t. d. vekur meðaumkun hans og fær hann á þann hátt til ráðstöfunar.

Um 6. gr.

Hjer er tekið brot það, er heimfært er undir hugtakið »Utroskab« í norsku hegningarlögunum (275. gr.) og »Untreue« í hinum þýsku (266. gr.). Ákvæðið nær til allra, sem samningi samkvæmt, svo sem venjulegir umboðs-

menn, forstjórar eða starfsmenn einkastofnana, eða þeir er óboðið annast málefni annars manns (negotiorum gestor), gæta annara manna hagsmuna. Sama er um þá, er fara með mál annara samkvæmt opinberu umboði eða skipun, svo sem fjárhaldsmenn. Um embættis- og sýslunarmenn gilda jafnhliða ákvæði 13. kap. hegningarlaganna og koma þau til greina hvarvetna þess er þau eiga við, en ella ákvæði þessarar greinar.

Í annari málsgrein eru tekin tilfelli, sem sjerstaklega þykja refsiverð, og því sett lágmark refsingar annað en hið venjulega (sektir).

Um 7. gr.

Þessi grein hefir að geyma sjerstakt ákvæði um ótrúmensku, og tekur yfir svipað og 255. gr. almennra hegningarlaga gerir nú. Greinin á alment við það, ef maður ráðstafar með samningi ólöglega verðmæti, sem hann hefir látið annan fá til eignar eða réttinda yfir, svo sem tvísala, veðsetning, er brýtur bág við aðra veðsetningu o. s. frv. Ákvæðið um ráðstöfun skuldaskirteina stendur í sambandi við gildandi reglur í tilsk. 9. febr. 1798 og reglur þær, sem af fyrirmælum hennar eru leiddar. Samsvarandi ákvæði og í þessari grein eru í 276. gr. norsku hegningarlaganna.

Um 8. gr.

Í gildandi hegningarlögum vorum er ekkert alment ákvæði um ítrekun brota, nema að því leyti sem 58. gr. segir, að taka skuli tillit til undanfarinnar hegðunar sökunauts. Um einstök brot eru þar á móti sjerákvæði, sjá 232, 233., 234., 240., 241., 242., 243., 245., 248., 249., 253. og 279. gr. En öll þau brot, sem í I.—III. kafla laga þessara getur, eru sín á milli svo skyld og svo skyld brotum þeim, er í 23., 24., 25. og 27. kap. hegningarlaganna getur, að rjett þykir að veita dómstólunum heimild til hækka refsinguna eins og í greininni segir, þannig að t. d. 2 ára hegningarvinna hækkar, ef um ítrekun er að tefla, í 3 ára hegningarvinnu o. s. frv. Auðvitað haldast skilyrði hegningarlaganna hin sömu og verið hafa til þess að ítrekunarrefsingu megi beita, sbr. einkunn 62. gr. alm. hegningarlaga.

Um 9. gr.

Þar sem ákvæði 1.—7. gr. taka einnig til mjög smávægilegra afbrota, meðal annars þeirra, er nú heyra undir 258. gr, alm. hegningarlaga, þykir rjett að heimila valdstjórninni að láta málsókn niður falla út af brotum, sem in concreto varða að eins sektum eftir áliti hennar, ef sá óskar þess, sem misgert er við. Og fer þetta í sömu átt sem ákvæði 258. gr. hegningarlaganna.

Um II. kafla.

Hjer er safnað þeim refsireglum, er miða til þess að vernda lánardrotna gegn fjárprettum og öðru slíku af hendi skuldunauta, og 262—265. gr.

hegningarl. ræðir nú um. Þessar athafnir eru taldar í 27. kap. norsku hegningarlaganna og kallaðar »Forbrydelser i Gjældsforhold«, og í 24. kap. þýsku hegningarlaganna undir nafninu »Bankerutt«.

Um 10. gr.

Í þessari grein er að nokkru leyti samskonar ákvæði sem í 262. og 263. gr. hegningarlaganna. En þar að auki er hjer fyrirmæli um það, ef maður spillir eða eyðileggur eignir sínar til þess að þær megi ekki koma lánardrotnum hans að gagni. Er hjer því auðsætt, að verknaðurinn þarf eigi að vera framinn í því skyni að bæta fjárhag nokkurs manns. Um eitt þeirra tilfella, sem í þessari grein getur, er ennfremur ákvæði í 254. gr. 7. lið hegningarlaganna (málamynda-sala o. frv.). Það er eigi refsivert, þótt skuldunautur greiði eindagaðar kröfur, eftir þessari grein. En það getur varðað refsingu eftir 13. gr. 1. lið, svo framarlega sem skuldunautur gerir ekki það, sem í valdi hans stendur til að afstýra því að einstakir skuldheimtumenn hans fái leitað fullnægju í eignum hans á kostnað annara lánardrotna hans. Það er ekki refsiskilyrði hér, að maður sé orðinn gjaldþrota eða sjái gjaldþrot fyrir, heldur málshöfðunarskilyrði samkvæmt ákvæðum 15. gr. Afbrotið er fullframið, þegar sökunautur hefir aðhafst það, sem greinin telur og í þar nefndu skyni, og þess er ekki krafist, að tjón leiði af. Samskonar ákvæði eru í 281.—283. gr. norsku hegningarlaganna.

Um 11. gr.

Þessi grein tekur til þeirra, er í umboði annara fara með fjármál þeirra, forstjóra stofnana og fjelaga, og sýnist það sjálfsagt. Ennfremur virðist rjett að taka af allan vafa um það, hvenær þeir skuli sæta refsingu, sem þiggja hag af atferli sökunauts. Ef það er maður, sem eigi hefir þurft í þessu sambandi að gæta fjárhagsmuna sinna, sýnist hann, ef innri skilyrðin eru til þess, jafnan eiga að sæta refsingu. Ef hann er þar á móti einn lánardrotna, þá rekur hann rjettar síns, og er því afsakanlegt, þótt hann t. d. taki við greiðslu upp í kröfu sína, ef eigi eru með vitund þar með skert tryggingarrjettindi annara lánardrotna. Orðalag gr. (»refsinga innan sömu takmarka«) á að merkja það, að há- og lágmark refsingar sje hið sama og um aðalmanninn gildir, en hitt er á valdi dómarans, að ákveða refsinguna in concreto lægri en þá refsingu, er aðalmaðurinn hlýtur.

Um 12. gr.

Hjer eru tekin fram tilfelli, þar sem sakir eru sjerstaklega miklar. Ákvæði þessarar greinar standa í sambandi við 7. gr. að því leyti sem í báðum ræðir um stofnun rjettinda yfir eignum, er brjóta bág við áður veitt rjettindi. En sá er munur, að hjer er eigi krafist, að brotið sje framið í auðgunartilgangi, heldur er nóg að það sje framið til að skaða lánardrottinn. Í 7. gr. á ráðstöfunin að vera gerð með samningi, en hjer er þess eigi þörf. Þessi gr. tekur aðeins til lánardrotna, en 7. gr. til annara.

Um 13. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar ganga í sömu átt og 264. og 265. gr. almennra hegningarlaga, 285.—287. gr. norsku hegningarlaganna og 281.—283. gr. þýsku hegningarlaganna. Samkv. hegningarlögum vorum er það skilyrði til refsingar, að bú sökunauts sje tekið til gjaldþrotaskifta, en því skilyrði er slept hjer í samræmi við 10. og 11. gr.

Um einstaka liði þessarar greinar athugast:

1. Innra skilyrðið er hjer vitund sökunauts um eða rjettmæt krafa til vitundar hans um vanfærni sína til að geta fullnægt á gjalddaga kröfum þeim, sem á honum hvíla, eða það, að hann hafði eigi líkur til að geta það. Sá tími, sem hjer skiftir máli, er gjalddaginn. Þótt maður geti nú eigi greitt skuldir sínar, má vera, að hann hafi fullar líkur til að geta það á gjalddaga, og sje því alveg vitalaus þótt hann hafist það að, er hjer segir. Lokaákvæði þessa töluliðs er alveg nýtt í íslenskri löggjöf, og gerir mönnum undir vissu skilorði skylt að framselja bú sitt til gjaldþrotaskifta. Sá, sem löglega er krafist aðfarar hjá, hefir eigi að lögum annað færi til að afstýra því en annaðhvort að greiða kröfuna eða lýsa sig gjaldþrota, nema ef svo er að hann geti með áfrýjun aðfararheimildarinnar frestað aðför. Eftir atvikum getur það verið unt fyrir hann að afstýra aðför með greiðslu og sú greiðsla má ekki -- og þarf ekki heldur — brjóta bág við ákvæði 10. greinar, og er það þá vanrækslu hans að kenna, t. d. et hann lætur hjá líða að innheimta útistandandi skuldir, sem fyrir þá sök fyrnast. Þar á móti getur það verið refsivert, ef hann stofnar nýjar kröfur til þess að greiða með skuld, til þess að afstýra aðför, ef sú kröfustofnun er óhagfeldari öðrum skuldheimtumönnum hans en sú krafa, er hann er krafinn til fullnægju á.

2. Er í nokkurn veginn samræmi við 265. gr. núgildandi hegningarlaga. Þó eru refsiskilyrðin vægari, auk þess sem áður segir um gjaldþrotaskilyrðið, enda getur refsingin orðið vægari, sektir í stað þess, að fangelsisrefsing liggur við samkvæmt 265. gr. alm. hegningarlaga.

3. Þessi ákvæði svara til 264. gr. almennra hegningarlaga. Þó er hjer lögð sama refsing við, ef maður skýtur undan, ónýtir eða eyðileggur bækur sínar.

Jafnframt þessu ákvæði heldur 8. gr. laga nr. 53, 11. júlí 1911 gildi sínu. Samkvæmt þeirri grein gilda engin slík ákvæði um málshöfðun, sem ætlast er til að gildi um hjergreind afbrot eftir 15. grein.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einskonar viðbót við 12. gr., því að verknaður, sem við báðar varðar, hefir sömu ytri einkenni, en 14. gr. á því að eins við, ef eigi hefir verið sá tilgangur með verknaðinum, sem í 10. gr. er lýst.

Um 15. gr.

Hjer eru sett ríkari skilyrði til málshöfðunar en í hegningarlögunum, eða rjettara sagt, hjer er það málshöfðunarskilyrði, sem þar er refsiskilyrði, heyrir til ytri atvika við brotið. Þó er þetta skilyrði, að árangurslaus fógeta-

gerð hafi verið reynd o. s. frv., eigi sett sem skilyrði málshöfðunar samkvæmt 12. gr., og gildir því um hana 300. gr. hegningarlaganna. Ástæða þessa munar er sú, að brot þau, er 12. gr. tekur yfir, eru stærri venjulega en hin, enda í fullu samræmi við gildandi refsilög, sbr. 255. gr. alm. hegningarlaga, sbr. við 300. gr. sömu laga, að binda málshöfðun engum sjerstökum skilyrðum.

Loks er ákvæði um það, að mál megi þó höfða út af brotum þeim, sem í 10. sbr. 11. gr. og 13. gr. getur, ef almenningsheill krefur, enda þótt eigi hafi enn komið til aðfarar eða annara þeirra dómsgjörða, sem í greininni segir. Valdstjórnin úrskurðar þetta atriði að sjálfsögðu. Hugsunin með því að veita þessa heimild er sú, að verið getur, að svo mjög kveði að þeim yfirsjónum, sem í nefndum greinum getur, að eigi sje rjett að látnar sjeu afskiftalausar af hálfu valdstjórnarinnar.

Um 16. gr.

Vísast til þess, er áður segir um 8. gr.

Um III. kafla.

Hjer er um þau brot talað, er í norsku hegningarlögunum eru nefnd »Underslag« (255. gr.) og í hegningarlögum Þjóðverja »Unterschlagung« (246. gr.). Og í Uppkasti dönsku refsilaganefndarinnar eru þau nefnd »Underslæb«. Í fornu lagamáli íslensku er haft »undanskot fjár« yfir athafnir þær sumar, sem hjer er um að ræða. Og er því heiti haldið hjer. Í daglegu tali eru ýmsar þessar athafnir nefndar stuldur úr sjálfs síns hendi. En undanskot fjár sýnist vera betra samheiti á afbrotunum, því að sökunautur dregur sjer hlutina eða umráð þeirra með því að skjóta þeim undan umráðum þess, sem þau á, eða firrir hann færi á að ná þeim til sín.

Sum þessara brota heyra nú undir 250., 254. og 255. gr. almennra hegningarlaga, og hafa því að sumu verið sett á bekk með ólögmætri meðferð á fundnu fje og því um líku, og að sumu verið talin til svika. En í nýrri refsilögum eru þau talin skyldust þjófnaði og gripdeild, og tekin sjer sem sjerstök tegund auðgunarbrota.

Samhliða ákvæðum þessa kafla standa óhögguð fyrirmælin í 249., 251. og 252. gr. hegningarlaganna um fundið fje og skyld afbrot.

Um 17. gr.

Í upphafi greinarinnar er aðalreglan, og nær hún til þeirra athafna, sem 250. og 254. gr. 1. lið og 255. gr. tekur yfir, að því leyti sem í henni er talað um það, að maður leggi undir sig eignir annars manns, sem honum er trúað fyrir. Samskonar fyrirmæli eru í 255. gr. í hegningarlögum Norðmanna. Að því leyti sem munir þeir, sem um er ræða, hafa komið í vörslur manns samkvæmt trúnaðarstöðu, er hann hefir á hendi fyrir annan mann, þá gæti sami verknaður sem hjer ræðir um einnig heyrt undir 6. gr. En hjer er gert

ráð fyrir meiri háttar afbrotum og refsingin getur því orðið þyngri en eftir 6 gr., sem einnig tekur yfir fjölmörg tilfelli, sem þessi grein nær hvergi til. Annars verður það dómstólanna að leysa úr spurningum um takmörk milli þessara tveggja greina.

Innri skilyrði refsingar samkvæmt þessari grein eru hin sömu sem í 1. gr. segir um fjársvik, en hið ytra er munur milli athafna samkvæmt 1, gr. og þessari grein, Og er sá munur fólginn í aðferðinni við framkvæmd verknaðarins. Fjársvikum í þrengri merkingu, þeim er í 1. gr. segir, er framkomið fyrir ákvörðun þess, er fyrir svikunum verður, ákvörðun sem byggist á ósannindum sökunauts, en hjer fremur hann athöfnina einhliða. Brotið er fullframið, þegar maður hefir í því skyni að auðga sig eða aðra slegið eign sinni á hlutinn, synjað fyrir móttöku hans, afhent, ónýtt, eyðilagt eða falið hann, Afhendi maður, eyðileggi eða feli maður hlutinn án þess að gera það til að auðga sig eða aðra, heyrir brotið eigi undir þessa gr. Með þessu er ekki sagt, að það verði ávalt refsivert eftir greininni, þótt maður hagnýti sjer muni annars manns, sem í vörslum hans eru, jafnvel þótt í auðgunartilgangi sje gert. Hluturinn þarf ekki fyrir það að rýrna svo að nokkru nemi, og brotið fellur ef til vill undir 20. gr. Og ef maður eyðileggur eða ónýtir hlut, sem annar maður á í vörslum hans án þess að hafa sjálfur eða geta haft og án þess að aðrir hafi eða geti haft fjárhagnað af, t. d, ef hlut er kastað í eld og honum brent, þá heyrir það ekki undir greinina. Það er heldur eigi refsivert eða þarf eigi að vera refsivert eftir þessari grein, þótt maður hagnýti sjer tegundarákveðna muni, sem í vörslur hans hafa komið, svo framarlega sem hann skilar aftur sömu mergð af sömu gæðum á rjettum tíma og eigi hefir verið tilgangurinn upphaflega að draga sjer verðmætið. Þesskonar athöfn getur eftir atvikum heyrt undir 20. gr. frumvarpsins.

Það skiftir ekki máli, hvernig hlutur er kominn í vörslur sökunauts, samkvæmt orðalagi greinarinnar, hvort honum hafi verið faldir munir til geymslu, að láni eða veði o. s. frv. eða hann hefir upphaflega tekið hlutinn í misgripum eða haldið að hann væri alveg yfirgefinn (resderelicta), en eigandi gefur sig fram og kallar eftir honum, eða hluturinn er af tilviljun kominn í vörslur hans. Þó leiðir það af því, sem áður er sagt um áframhaldandi gildi 249., 251. og 252. gr. almennra hegningarlaga, að ef hlutur er kominn í vörslur manns á þar nefnda háttu, gilda ákvæði þeirra greina. Það skiftir eigi máli, hverrar tegundar hluturinn er, ef lausafjármunur er, enda sje til þess ætlast, að eignarrjettur hins haldist. Því getur verið refsivert að leggja undir sig depositum irregulare svo nefnt, eftir ákvæðum greinarinnar. Það er ávalt skilyrðið, að annar maður eigi hlutinn. Ef svo er eigi, getur athöfnin orðið refsiverð samkvæmt 1. eða eftir atvikum 2. tölulið þessarar greinar, eða 12. eða 14. gr., eða ef til vill 20. gr.

Í tölul. 1—3 í síðara hluta gr. eru talin tilfelli, sem skyld eru, en mundu þó eigi falla undir aðalákvæði hennar.

Um 1. tölul. er þess að geta, að ákvæði hans getur jafnt átt við, hvort sem hluturinn er í vörslum eiganda eða annara, nothafa eða annars manns. Takmörkin milli ákvæða 1. tölul. og 20. gr. felast í því, að eftir 1. tölul. þess-

arar greinar er refsiskilyrðið, að brotið sje framið í auðgunarskyni, en þess er eigi krafist í 20. gr. Auk þess er brot það, er hjer greinir, eigi fullframið, nema hlutnum sje skotið undan afnotunum, en eftir 20. gr. er það nóg, ef rjetthafa er meinað að nota hlutinn, hvort sem er fyrir skemmri tíma eða lengri, en þarf eigi að vera skotið með öllu undan afnotunum eða neinn tilgangur í þá átt. Svo á 1. tölul. þessarar greinar því að eins við, ef sökunautur á sjalfur hlutinn, en 20. gr. tekur eigi síður til þess ef aðrir eiga hann. En sama regla gildir eftir almennum grundvallarreglum, ef maður fremur samskonar verknað í fyrirsvari fyrir annan mann.

Um ákvæði tölul. 2 skal þess getið, að það tekur til allra þeirra tilfella, er maður hefir undirgengist að inna eitthvað af hendi, hvort sem það eru peningar, verk eða annað peningavirði, en hefir fengið fyrirfram meira eða minna af endurgjaldi fyrir það. Það er eigi heldur nauðsynlegt, að sökunautur hafi átt mögulegt með að skila því, er hann tók við og nú kemur sjer hjá að borga, til þess að hann verði refsiverður eftir þessu ákvæði. Það þarf eigi að hafa verið samið berum orðum um það, að maður skuli greiða fyrir það, er maður hefir móttekið. Ef endurgjaldið er alt að einu ekki af hendi látið, enda þótt sökunaut hlyti að hafa verið það vitanlegt, að það, sem hann hefir móttekið, var honum fengið því að eins að hann borgaði það, þá varðar atferli hans við ákvæði þessa liðs.

Brot það, er í siglingalögum nr. 56, 30. nóv. 1914, 267. gr. segir, fellur hjer undir. Það mundi og oft varða við sömu ákvæði, ef maður t. d. lætur afhenda sjer vörur í búð og kemur sjer síðan undan að borga þær, en hjer verða takmörkin milli ákvæða 1. gr. og þessa liðs vafalaust stundum óglögg.

Í 3. lið er fyrirmæli um það, ef maður leggur undir sig fasteign annars manns. Eins og kunnugt er, þá er eftir gildandi reglum um þjófnað og hugtakinu þjófnaður, eins og það er afmarkað, eigi hægt að nota ákvæði hegningarlaganna um þjófnað um líkar athafnir, ef dýrgðar eru í sambandi við fasteign, þ. e., ef maður dregur sjer fasteign á allan sama hátt og lausafje með leynd og að öðru leyti svo að þjófnaður gæti talist að lögum. Þar á móti gilda reglur 245. gr. væntanlega um rán og fjárkúganir einnig, ef maður er kúgaður á þann hátt, sem þar segir, til að láta af hendi fasteign. En um hitt, ef maður leggur undir sig, slær eign sinni á, fasteign annars manns án þess að rán sje eða fjárkúgun, er engin almenn regla í gildandi hegningarlögum. Stundum getur það verið saknæmt eftir 281. gr. hegningarlaganna. Stundum getur verknaðurinn verið svik, er heyra undir einhver ákvæðin í 253., 254. eða 255. gr. Á sama hátt mundu þessar athafnir sumar falla undir 1. gr. frv. En hvergi nærri allar. 1. gr. frv. og 281. gr. hegningarlaganna eru því eigi einhlítar í þessu efni. Liðurinn á að eins við einhliða athafnir sökunauts, enda falli þær eigi undir 245. eða 247. gr. hegningarlaganna. Það er sjálfsagt refsiskilyrði, að sökunautur viti að hann eigi ekki eignina eða hafi lögmætt tilkall til hennar. Ef svo er, getur verknaðurinn að vísu verið ólögleg sjálftaka, refsiverð eftir 117. gr. hegningarlaganna, en eigi eftir þessu ákvæði, sem hjer um ræðir. Í orðalaginu þarf eigi að liggja það, að maður slái eign sinni á fasteignina. Það getur líka náð til þess að maður afli sjer á ofannefndan hátt

rjettinda yfir henni, t. d. slægju- eða beitarítak í jörð. Þó eru hjer óglögg takmörkin milli þessa ákvæðis og 20. gr.

Um. 18. gr.

Brot það, er í 17. gr. 1. tölul. segir, getur verið framið á þann hátt, sem 231. gr. hegningarlaganna talar um. Og er þá rjett að taka þetta atriði til greina, þegar kveða skal á um refsinguna. Svo getur og brotið verið framið á þann hátt, sem í 245. gr. sömu laga segir, og er þá ef til vill vafasamt, hvort það heyrði undir þá grein. En til þess að taka af þann vafa, er ákvæðið sett um heimild til að hækka refsinguna, ef atvik liggja svo til sem í 245. gr. getur. Enn má vera, að brotið sje framið með þeim hætti sem í 247. gr. alm. hegningarlaga greinir, en þegar svo er, þarf hjer ekkert sjerákvæði um það, því að þá má beita fyrirmælum þeirrar greinar vegna þess, hversu rúmt þau eru orðuð.

Um 19. gr.

Vísast til þess, sem sagt var um 8. gr.

Um IV. kafla.

Hjer eru talin ýms brot, er snerta meðferð á fjárrjettindum annara manna. Um sum þessara brota eru ákvæði í alm. hegningarlögum. Má þar einkum nefna 238. gr., og ef til vill má koma sumum þeirra undir 259. gr. En um önnur — og þau eru mörg — vantar alveg ákvæði, svo sem um afnotasvik, sem er samhliða brot og nytjastuldur eftir 238 gr., nema ef vera mætti að þessum athöfnum mætti koma undir 259. gr. hegningarlaganna.

Í erlendum refsilögum eru talin ýms þau brot, sem í þessum kafla greinir. Í norsku hegningarlögunum eru þau mörg talin undir yfirskriftinni: »Forseelser mod Formuerettigheder« og »Forseelser mod den almindelige Tiltid«. Í þýsku hegningarlögunum eru þau látin heyra undir hugtakið: »Strafbarer Eigennuts« o. s. frv. Brotin, sem í þessum (IV.) kafla eru talin, eru allósamkynja, og má því greina á um það heiti, er velja skuli sem samheit yfir þau.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka yfir brot það, sem 238. gr. hegningarlaganna ræðir um, og sumt af því, sem hún nær til, mun nú heyra undir 259. gr. Hún kemur til greina, þar sem aðrar greinar ná ekki til vegna þess að þar eru sett einhver önnur eða ríkari refsiskilyrði. Ef skilyrðum þessara gr., svo sem 1., 6., 12., 14. eða 17. gr. eru fyrir hendi, þá er athöfnin dæmd eftir því. Ákvæði greinarinnar miða í þá átt að friða um eignir eða fjárrjettindi manna, enda þótt árásir á þau verði eigi talin stórsaknæm eða beint glæpsamleg. Greinin tekur yfir hverskonar ranglega hagnýtingu, svo sem notk-

un framar en leyfð er á leigðum eða lánuðum hlut eða hlut í sameign, og ráðstöfun á honum, t. d. framlán eða framleigu, ef hún er ólögleg, notkun hlutar, sem er í annars manns vörslum sem eigi er heimil að lögum, hvort sem hluturinn er þar með tekinn úr vörslum hans eða ekki, svo og ef maður, án þess að hagnýta hlutinn sjálfur eða ráðstafa honum, meinar eiganda, eða öðrum sem rjett á þar til, afnot hans.

Lík fyrirmæli eru í 40. kap. norsku hegningarlaganna og í Uppkasti dönsku refsilaganefndarinnar 314. gr.

Um 21. gr.

Þessi grein hefir ákvæði að geyma, sem eigi finnast í íslenskum lögum eða neitt svarandi til þeirra. Vera má þó, að koma mætti þeim athöfnum, sem hjer er lýst, undir 259. gr. hegningarlaganna, en mjög sýnist það þó hæpið. Í 373. og 401. gr. norsku hegningarlaganna eru samskonar ákvæði, svo og í D. K. U. 316. gr. Að öðru virðist greinin eigi þurfa skýringar.

Um 22. gr.

Miðar til að vernda gegn ósæmilegri samkeppni, og broti á trausti, sem nauðsynlegt er að sýna mönnum í ákveðnum stöðum. Að því leyti eru ákvæði greinarinnar skyld 6. gr. En munurinn er sá, að innri skilyrði refsingar eru þar önnur og strangari, auðgunartilgangur, en hjer er þess eigi krafist beinlínis. Um 1. og 2. tölul. er það reyndar að segja, að brotið er því að eins refsivert, að það sje framið í atvinnuskyni, og að því leyti mætti gera ráð fyrir auðgunartilgangi, en þótt svo sje, þá eru takmörkin sæmilega glögg milli þessara ákvæða og 6. gr., því að hjernefnd ákvæði eiga við alveg tilteknar og glögt afmarkaðar athafnir, en 6. gr. hefir að geyma almenna reglu.

Engin ákvæði þessarar greinar geta átt við, þegar skýrslan er gefin í embættisnafni eða samkvæmt opinberri skyldu, t. d. samkvæmt vitnaskyldunni, í dómsmálum. Sama er og um kærur til stjórnarvalda að segja. Þar um gildir 228. gr. alm. hegningarlaga, og sú athöfn eigi refsiverð framar en þar segir.

Samskonar fyrirmæli eru í 294. gr. norsku hegningarlaganna og D. K. U. 317. gr.

Um 23. gr.

Samhljóða ákvæði eru í D. K. U. 318. gr. Ákvæðið nær til allra útboða um vörur eða annað ef um samkeppni er að ræða og fleiri tilboð koma fram en eitt. Það er eigi skilyrði til þess að nota megi ákvæði greinarinnar, að það tilboðið sje verra, sem tekið er. Það er líka refsivert að krefja eða þiggja fje til þess að taka eða fyrir það að hafa þegið tilboð, jafnvel þótt það sje betra en hin. Ef embættis- eða sýslunarmaður á í hlut, þá getur atferli hans varðað við einhver fyrirmæli 13. kap. hegningarlaganna. En ef svo er eigi, þá kemur þessi grein til álita.

Um 24. gr.

Þar sem brot samkvæmt þessum kafla eru tiltölulega smávægileg sýn-

ist ekki ástæða til þess að mál sje höfðað út af þeim, nema sá æski þess, sem misgjört er við, og því sýnist þetta fyrirmæli vera eðlilegt og eigi þurfa framar skýringar.

Um V. kafla.

Þessi kafli hefir fyrirsögnina: »Um okur, glæfraspil og annarskonar skylt atferli«. Um þessar athafnir eru engin fyrirmæli í almennum hegningarlögum. Brot þessi hafa það sameigið, að annar vinnur en hinn tapar og atvik liggja svo til, að sá vinningur er eigi að eins órjettmætur, heldur einnig það, að til grundvallar honum liggur engin fjárráðstöfun, sem stefni að þarflegu eða heppilegu takmarki fyrir þjóðfjelagið.

Í refsilögum Norðmanna eru ákvæði um þessi afbrot í 29. kapítula og í þýsku hegningarlögunum í 25. kapítula, og eru þau sama efnis og þau, er hjer eru sett.

Um 25. gr.

Í gildandi lögum er engin refsing lögð við því, þótt maður bersýnilega noti sjer neyð annars manns og annað það, er í greininni er talið, til þess að fá hann til ráðstafana þeirra, sem þar segir, svo framarlega sem verknaðurinn er eigi saknæmur eftir ákvæðum laga um svik, fjárkúganir og þess konar glæpi. Eina ákvæðið, þar sem refsing er lögð við því, ef maður tekur ofhátt endurgjald fyrir það, sem hann innir af hendi, er í tilsk. 27. maí 1859, sbr. lög nr. 10, 7. febr. 1890, og er ætlast til að það standi áfram. Það tekur að eins til hærri leigutöku en 6 af hundraði af peningaláni, sem trygt er með fasteignarveði. Það getur hugsast, að þessi athöfn, sem í tilsk. 1859 segir, geti verið svo löguð, að hún falli líka undir ákvæði þessarar greinar, og fer það þá eftir áliti dómarans, hvorri heimildinni hann beitir. Ef refsingin yrði hærri eftir þessari grein, er sjálfsagt að beita henni. En það er engu síður hugsanlegt, að tilsk. 1859, sbr. l. nr. 10, 1890 komi til álita, enda þótt alls eigi verði sagt að atferli sökunauts varði við þessa grein. Auk þess að sá, er lánar peninga fyrir t. d. 7% og gegn fasteignarveði, þarf alls eigi að hafa notað sjer neyð, æsku, ljettúð eða reynsluskorts annars manns, er þess að gæta, að það sem hann lætur í tje og það, sem hinn lofar, þarf ekki að standa í svo skökku hlutfalli sín á milli, að ákvæði þessarar greinar geti tekið til þess.

Greinin tekur að eins til samninga. Taki maður einhliða, án samnings, endurgjald fyrir eitthvað, þá nær greinin eigi til þess. Til þess að ákvæðum greinarinnar geti orðið beitt, þarf hinn að hafa lagt samþykki sitt á kröfu sökunauts. Það er eigi skilyrði til refsingar samkvæmt greininni, að neyðin sje beinlínis þess, er samninginn gerir. Svo geta atvik legið til, að annar maður, sem aðili vill hjálpa á einhvern hátt, sje nauðulega staddur. Það er eigi heldur ástæða til að binda notkun greinarinnar eingöngu við fjárhagsvandræði. Annars konar neyð getur haft alveg sömu verkanir, engu síður hægt að nota sjer hana. Í greininni er enn fremur talin æska, fáviska og reynsluskortur. En

þessi talning er varla tæmandi. Það er gert ráð fyrir því, að sökunautur bruki eigi ósannindi eða fari svo að sem um er talað í 1. gr., því að þá er athöfnin hrein fjársvik, ef hún veldur tjóni. Hjer er eigi skilyrði, að verknaðurinn valdi tjóni. Sá, er misgjört er við, getur jafnvel haft gagn af honum. Hitt að afla sjer eða áskilja sjer á þann hátt, sem sagt var, of hátt endurgjald, er saknæmt fyrir því. Endurgjaldið verður að standa í verulega og bersýnilega skökku hlutfalli við það, sem sökunautur lætur í tje af sinni hálfu. Tilætlunin er eigi að hefta frjáls viðskifti manna alment. Gróði eins á kostnað hins er alment ekki refsiverður. Það er auðvitað álitamál, hvenær endurgjaldið er svo bersýnilega of hátt sem heimtað er til refsingar samkvæmt greininni. Leiðbeiningar veitir í því efni hagur aðilja, efni samningsins, venjur eða jafnvel lög, sbr. t. d. siglingal. nr. 56, 30. nóvbr. 1914, 230. gr.

Innra skilyrði refsingar er það, að sökunautur viti, hvernig ástatt er um neyð, æsku o. s. frv. kaupunauts síns. Annars getur hann eigi »notað« sjer þessar ástæður hans.

Nefnd eru atvik, er auka sektina. Þar er fyrst ef kaupunautur er undir 18 ára. Er hjer miðað við gildandi reglur um hálfgert fjárforræði. En þótt þeim yrði breytt, gæti samt aldurstakmark þetta staðist. Og það skiftir eigi hjer máli, þótt samningurinn sje alveg ógildur eftir ákvæðum laganna um fjárforræði ungra manna. Samningar sem brjóta bág við þessa grein, eru einmitt alveg ógildir. Þar sem enn er talað um, að samningum sje hagað á ákveðinn hátt til að dylja hið sanna eðli ráðstöfunarinnar, þá er átt við þau tilfelli, er skriflegur samningur er gerður og rangt er sagt til í honum um kaupin, t. d. gefið út skuldabrjef fyrir 1000 kr., en helmingur upphæðarinnar samstundis tekinn fyrirfram sem leiga af fjenu. Ef skriflegt heit er gefið eða hátíðlegt loforð um að efna samninginn eða halda honum leyndum, þá er það einnig refsiauki, því að það miðar til þess að sökunaut verði auðveldara að hafa tilætluð not af gjörðum sínum og halda þeim áfram. Þá sýnist sjerstaklega ástæða til að auka refsinguna, ef slík brot eru ítrekuð eða beinlínis höfð að atvinnu.

Önnur málsgr. er nauðsynleg viðbót við 1. málsgr. Ef það varðar refsingu að áskilja slíkt endurgjald sem í 1. málsgr. segir, þá er lítlu sæmra að leita aðstoðar ríkisvaldsins, dómstólanna, til þess að innheimta ólöglegan arð af brotinu. Auðvitað koma hjer til greina reglurnar um eignarheimild á skuldaskírteinum og öðrum viðskiftabrjefum, sbr. lög nr. 18, 4. nóvbr. 1887, 7. gr. og önnur þar um gildandi ákvæði. Og yfir höfuð er hjer innra skilyrðið, að innheimtumaður viti af hvaða rót krafan er runnin.

Um 3. málsgr. er þess að geta, að fæstir þeir samningar, sem í 1. málsgr. segir, munu nú alment verða ógildir eftir borgaralegum rjettarreglum. Það er undantekning, ef samningur verður ógildur, þótt annar noti sjer neyð hins, sbr. sem einstakt dæmi siglingal. 232. gr. Líkt er að segja um fávisku og reynsluskort. Þeir samningar, sem ófullveðja menn gera, fyrir sína hönd um fjármál, eru þar á móti venjulega ógildir. En úr því að samningar þeir, sem í 1. málsgr. segir, eru refsiverðir, þá er rökrjett afleiðing af því, að þeir skuli einnig ógildir að borgaralegum lögum og eigi einungis þannig, að eigi sje skylt að

inna af hendi samkvæmt efni þeirra, heldur sje einnig rjett að heimta aftur greiðslur, sem fram hafa farið eða jafnvirði þeirra. Endurheimtan á að eins við það, er ólöglega hefir verið heimtað Að öðru leyti getur samningurinn haldist.

Málshöfðunarreglan í 4. mgr. er þannig orðuð, af því að oft mundi það vera, að sá, er misgjört er við, mundi vera orðinn svo háður sökunaut, að hann mundi eigi heimta málssókn á hendur honum. Hins vegar sýnist rjett, að *heimila* valdstjórninni niðurfall saka, ef aðili æskir þess, sá er misgjört var við.

Um 26. gr.

Í norsku hegningarlögunum segir um þetta brot í 298. og 299. gr., og í hegningarlögum Þjóðverja í 284. og 285. gr. Í íslenskum lögum eru engin fyrirmæli til hjer að lútandi, nema í Jónsbók, Þjófab. 17. Þar er rætt um »dufl«, teningskast um peninga og veðmál. En þetta ákvæði Jónsb. Þjfb. 17 er orðið úrelt að sumu leyti og jafnframt of viðtækt, þar sem þar er lögð refsing við þessum athöfnum, hvernig sem á stendur. Það má til sanns vegar færa, að allar kröfur, sem risnar eru beinlínis af spilum, teningskasti og veðmálum alment, sjeu ógildar að borgaralegum lögum. En hitt að refsa fyrir hvers konar peningaspil samrýmist fráleitt rjettarmeðvitund manna. Tilgangur refsilöggjafarinnar getur ekki verið að taka fyrir meinlausar skemtanir til dægrastyttingar, eins og mörg spil eru eða eins og þau eru spiluð af almenningi. Því verður að setja einhver takmörk. Þau getur verið erfitt að setja rjett og erfitt að framkvæma ákvæðin. Lög þau, sem vísað var til í upphafi um þessa grein, láta þessar athafnir því að eins varða við lög, að þau sjeu þá jafnframt lögreglubrot, að þær sjeu framdar í atvinnuskyni, og að þær sjeu framdar þannig, að hættulegt eða ósiðsamlegt megi teljast.

Heitið »glæfraspil« á að taka til allra þeirra athafna, sem í næstu grein 1. mgr. er lýst. Það svarar til danska orðsins »Hazardspil«, og í þýsku hegningarlögunum er heitið »Glückspiel« og í hegningarl. Norðmanna »Lykkespil« haft um sömu athafnir.

Ákvæði 3. málsgr. er svo orðað, af því að oft er allskostar óhæfilegt, að sá fái endurgreitt, er tapað hefir. Hann getur einmitt verið sá, er refsiverður er eða refsiverðastur. Ef svo er, að sá einn eða þeir einir, sem tapa, ættu að sæta refsingu eða svo er ástatt um þá alla, jafnt þá, sem vinna, og þá sem tapa, þá er sjálfsagt að gera vinninginn upptækan. Ef sá eða þeir hafa tapað, er eigi eru refsiverðir, getur verið ástæða til að dæma hina til að endurgreiða þeim í stað þess að gera vinninginn upptækan. Hins vegar er það eigi lögskylt eftir 3. málsgr., og er ástæðan fyrir því, að dómaranum er að eins veitt heimild til þess, sú, að einatt mundi tvímælis orka, hvort sá, sem hefir tapað, en er eigi beint refsiverður, væri svo hreinn af sökinni, að sæmilegt væri að dæma honum tap hans.

Um 27. gr.

Hjer eru nánar afmarkaðar þær athafnir, sem refsiverðar eru eftir 26. gr.,

eftir því sem föng eru á. Eins og tekið er fram í 26. gr., er athöfnin því að eins refsiverð, að hún sje framin í atvinnuskyni. Þá verður ávinningslöngunin aðalatriðið. Það er spilað til þess að vinna fremur en til skemtunar. Annað mál er það, að ávinningslöngunin, eða atvinnan af að spila, útilokar vitanlega ekki skemtunina. Sem atriði, er mestu valda um dóminn um það, hvort ávinningslöngunin eða ávinningstakmarkið sje aðalatriðið, er eðli spilsins og hvort það sje mikið eða lítið, sem undir er lagt. Spilið þarf eigi að vera þess eðlis, að tilviljun ráði ein eða aðallega úrslitum. Spilið getur vel heyrt undir glæfraspil samkvæmt ákvæðum greinarinnar, þótt úrslitin fari að nokkru leyti eftir kunnáttu og hagsýni spilarans. Og hitt, þótt tilviljun ráði mestu, þarf eigi að gera spilið að glæfraspili, ef um smáræði er spilað, svo að vinningur hlýtur jafnan að verða lítill.

Í 2. málsgr. eru talin tilfelli, er að vísu verða eigi nefnd spil, en jöfn ástæða er til að refsa fyrir. Takmörkin eru hjer heldur eigi glögg. Veðmálið og teningskast um peninga hafa að vísu sömu einkennin, að minsta kosti oftast nær. »Differences-verslun svo nefnd getur því vel fallið hjer undir, eins og eftir 299. gr. norsku hegningarlaganna.

Um VI. kafla.

Hjer eru tekin ákvæði almenns efnis, sem eigi snerta fremur eina grein frv. en aðra, og nauðsynleg eru til að taka af allan vafa um ýms atriði, sem varða framkvæmdir á ýmsum fyrirmælum frv.

Um 28. gr.

Þótt svo mundi hafa verið litið á, að almenn ákvæði hegningarlaganna hlytu einnig að gilda um brot þau, sem hjer eru talin að framan, hefir verið talið rjett að setja hjer ákvæði þess efnis. Er þar með girt fyrir vafa, er rísa kynni um einstök atriði. Hvarvetna þar sem öðru vísi er látið ummælt í frv., svo sem sum málshöfðunarákvæðin, víkja almennu reglurnar í hegningarlögunum, þar á meðal almenna reglan um málshöfðun í 300. gr.

Um 29. gr.

Ákvæði í þessari grein um verkun laganna aftur fyrir sig er samkvæmt alment viðurkendum refsirjettarreglum og í samræmi við 308. gr. almennra hegningarlaga.

Um 30. gr.

Það er og í samræmi við alment viðurkendar reglur, að refsiauki sá, sem ítrekun afbrota hefir í för með sjer, komi því að eins til álita, að sökunautur hafi sætt dómi fyrir hið fyrra, eða hin fyrri afbrot, er varða aukinni refsingu, ef aftur eru framin eða í sambandi við önnur síðar framin afbrot, er lög leggja við aukna refsingu, sbr. 62. og 309. gr. almennra hegningarlaga.

Með »dómi« er hjer átt við þá dóma, er eftir 62. gr. hegningarlaganna eða öðrum ákvæðum, er þar um kynnu að verða sett, valda aukinni refsingu. Enda leiðir það af ákvæðum 28. gr., að hið almenna ákvæði 62. gr. nær til þessa ákvæðis í þessari grein. Fyrirmæli greinarinnar um áhrif eldri refsidóma til refsiauka fyrir endurtekin afbrot er í samræmi við 309. gr. hegningarlaganna. Virðist ekki með því hallað rjetti sökunauts, því að eftir að ákvæði frv. hafa öðlast gildi sem lög, þá er honum vitanlegt, hvað við liggur, ef hann verður eftir þann tíma sekur um afbrot, sem hafa ítrekunaráhrif á afbrot, sem hann hefir sætt refsingu fyrir samkvæmt dómi eftir eldri lögum.

15. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóvember 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum laga nr. 75, 28. nóvbr. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra: 1. gr., 8. gr., 9. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., og ákvæði um stundar sakir.

1. gr.

Við 1. gr. Í staflið b falla burtu orðin: »eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár, og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu« — og eftir staflið e bætist við nýr stafliður, f, svohljóðandi: hafi verið settur við skólann að minsta kosti eitt ár, nema hann hafi áður verið skipaður kennari við samskonar barnaskóla.

2. gr.

Við 8. gr. Í stað orðanna: »Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins« komi: Skólanefnd eða fræðslunefnd skal skýra ráðherra tafarlafarlaust frá ráðstöfun þessari. Að öðru leyti fer um frávikning kennara þeirra, er um ræðir í lögum þessum, hvort er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, svo sem um embættismenn ríkisins alment. Enn sæta afbrot kennara sömu hegningu og meðferð sem embættisafbrot starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði eða

24 vikur af árinu, og kenna 36 stundir á viku, skulu hafa í árslaun sem hjer segir:

— Aftan við greinina bætist ný málsgrein þannig orðuð:

Nú eru við barnaskóla fleiri kennarar en tveir, og má þá fækka kenslustundum forstöðumanns. Ráðherra ákveður með ráði fræðslumálastjóra stundafjöldann, að fengnum tillögum skólanefndar.

Við 12. gr., síðustu málsgr. Málsgreinin orðist svo:

Launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum sem launin sjálf.

5. gr.

Við 13. gr. Greinin orðist svo: Auk framantalinna launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglu og embættismenn ríkisins. Uppbótin greiðist af sömu aðiljum sem launin og í sömu hlutföllum. Hlunnindi þau, er ræðir um í 11. gr. 2. málsgr. koma ekki til greina í þessu sambandi.

6. gr.

Við 14. gr. Greinist orðist svo: Verði kennarastaða óþörf, skal kennarinn eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

Löglegur uppsagnarfrestur er 6 almanaksmánuðir til fráfarar 1. október

7. gr.

Við ákvæði um stundarsakir. Ákvæðið fellur burtu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjer eru tekin upp — í 1., 6. og 7. gr. frumvarps þessa — aðalatriðin úr samnefndu frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi 1924 af stjórnarinnar hálfu, og var komið frá Mentamálanefndinni frá 1920. Samkvæmt lögunum sjálfum (nr. 75 frá 1919) er krafist aðallega ákveðinna þekkingarskilyrða, — sannaðra með prófi, — til þess að verða skipaður barnakennari. Jafnframt er slakað á þessu skilyrði gagnvart þeim mönnum, sem hefðu fengist við barnakenslu í 3 ár og farist það vel úr hendi. Þessi tilslökun var eðlileg og sanngjörn, er lögin voru sett. Þá voru eflaust ekki nógu margir prófaðir menn til, er tekið gætu

að sjer kenslu í öllum barnaskólum landsins, en á hinn bóginn ekki fáir óprótaðir barnaskólakennarar við kensluna. En megi líta svo á, og það virðist sjálfgefið, að lögin hafi haft það fyrir augum og bygt á því, að smátt og smátt mundi verða nóg til af prófuðum mönnum, þá verður tilslökunin að teljast bráðabirgðaráðstöfun, er nú ætti að mega falla burtu. Hinir eldri skólakennarar, er eigi höfðu prófskilyrðin, en taldir voru að öllu hæfir að öðru leyti, hafa eflaust allir fengið skipun, svo fremi þeir hafa sótt um það. Til þess að skipa þau kennaraembætti, sem hjeðan af losna, mun verða nóg til af mönnum, er fullnægja umræddum prófskilyrðum.

Það er lagt til (í 3. gr. frvs.), að ákveðið sje að barnakennurum sje skylt að kenna 36 klukkustundir á viku, í stað þess að nú er aðeins krafist 30 stunda kenslu.

Þessi aukning á skyldukenslunni verður á engan hátt talin ósanngjörn. Það er ekki ofætlun heilbrigðum manni, að kenna 6 stundir á dag í barnaskóla, enda er það í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru í þessu efni til barnakennara annarsstaðar á Norðurlöndum.

Þar sem barnafjöldinn í skólanum ekki er meiri en svo, að ekki þarf meira en 2 kennara, virðist ekki þurfa að færa niður kenslustundafjöldann hjá forstöðumanni skólans, en sje skólinn svo fjölsóttur, að fleiri kennara þurfi en 2, þá er öðru máli að gegna. Að gefa fasta reglu um það þykir þó ekki fært. En á hinn bóginn þykir rjett, að yfirstjórn barnaskólanna ákveði skyldukenslu forstöðumanna í hinum fjölmennari skólum, og að það samræmisins vegna sje betra að fela það yfirstjórninni heldur en skólanefndum eins og nú.

Fyrri málsgrein 6. gr. er tekin upp úr áðurnefndu stjórnarfrumvarpi frá 1924, og virðist ekki þurfa skýringar við.

Síðari málsgreinin er ný og sett til þess að tryggja rjett kennara. Frestur inn er ákveðinn 6 mánuðir, að telja til 1. október, en sá dagur telst fráfarardagur. Kennarastöðurnar eru jafnaðarlega veittar frá þeim degi, og sje uppsagnarfresturinn, hæfilega langur, miðaður við þann dag, þá getur kennari sá, er upp er sagt, fremur leitað fyrir sjer um stöðu við annan skóla. Auk þess eru launin, sem lögin ákveða fyrir 6 mánaða vinnu, miðuð við ár, með öðrum orðum árslaun, sem greidd eru jafnaðarlega með $^1/_{12}$ hvern mánuð. Það er því ljóst, að væri uppsögn óbundin við tímamark, þá gæti svo farið, að kennari yrði fyrir órjetti á þann hátt, að hann hefði leyst af hendi alt starfið, en ekki fengið árslaunin að fullu.

Enn skal það tekið fram, að í 2. gr. er tekið upp það ákvæði, sem sjálfsagt má telja, að barnakennarar sæti sömum kjörum yfirleitt um frávikning að öðru leyti, og um embættisafbrot, sem starfsmenn ríkisins yfirleitt.

Loks skal þess getið, að tillögurnar í 4. og 5. gr. frumvarpsins um það, af hverjum aðiljum og í hverjum hlutföllum skuli greiða alduruppbætur og dýrtíðar, eru komnar frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið samkvæmt þingsályktun efri deildar Alþingis 1924, um nefndarskipun til íhugunar sparnaði í ríkisrekstrinum. Um ástæður fyrir þessum tillögum er vísað til greinargerðar þeirrar frá nefndinni, er hjer fer á eftir.

Greinargerð nefndarinnar:

Síðan lögin um laun barnakennara frá 1919 komu til framkvæmda hafa útgjöld ríkissjóðs samkvæmt þeim numið því sem hjer segir:

1920: 457.709 kr.
1921: 497.523 —
1922: 407.857 —
1923: 332.398 —

Árið 1924 mun þessi kostnaður vera nalægt 310 þús. kr. og árið 1925 má búast við að hann verði um 390 þús. kr. Hjer við bætist svo styrkur til barnakenslu, sem stendur skemur heldur en áskilið er í lögunum um laun barnakennara, kostnaður við barnapróf, kostnaður við yfirstjórn barnafræðslunnar, styrkur til barnaskólabygginga o. fl. Barnafræðslukostnaðurinn er þannig orðinn einn af þyngstu útgjaldaliðum ríkissjóðs.

Það getur ekki verið hlutverk þessarar nefndar að taka barnafræðslufyrirkomulagið í heild sinni til endurskoðunar eða rannsaka hvort finna mætti annað fyrirkomulag, sem hefði minni útgjöld í för með sjer, heldur verður hún að ganga út frá því fyrirkomulagi, sem nú er. Nefndin lætur sjer því nægja að benda á, að þegar launum barnakennaranna var skift á milli sveitarsjóðanna og ríkissjóðs í ákveðnum hlutföllum með lögunum frá 1919, þá var það mjög óeðlilegt og óheppilegt, að ríkissjóður skyldi einn vera látinn greiða allar launauppbætur til kennaranna, bæði aldursuppbætur og dýrtíðaruppbætur, og gerir það því að tillögu sinni, að þessum uppbótum verði skift milli ríkissjóðs og sveitarsjóðanna í sömu hlutföllum sem sjálfum launum. Samskonar tillaga kom fram á síðasta þingi frá fjárveitinganefnd neðri deildar, og náði hún samþykki deildarinnar, en var feld í efri deild.

Dýrtíðaruppbótin er einungis nokkur hluti launanna, sem breytist eftir því sem verðlag breytist, og er ekki unt að færa fram neina viðunanlega ástæðu fyrir því, að ríkissjóður eigi að taka meiri þátt í þeim hluta launanna heldur en í sjálfum grundvallarlaununum. Því hefir verið haldið fram þessu til rjettlætingar, að skattar ríkissjóðs, svo sem tekjuskattur, verðtollur og útflutningsgjald, ykjust þegar verðlag hækkaði, en svo væri ekki um skatta sveitarsjóðanna. En þetta er ekki rjett. Aðalskattur sveitarsjóðanna er útsvarið og það eykst eftir því sem þarfir sveitarsjóðanna útheimta á hverju ári, en skattar ríkissjóðs eru lögákveðnir og hrökkvi þeir ekki fyrir útgjöldunum eitthvert ár, verður því sem á vantar ekki jafnað niður, heldur verður að fylla holuna með láni, ef ekki er til afgangur frá fyrri árum, og leggja síðan með lögum á nýjan skatt eða hækka eldri skatta til þess að greiða lánið. Ríkissjóður er því yfirleitt engu færari um að standast þá útgjaldaukningu, sem stafar af hækkandi verðlagi heldur en sveitarsjóðirnir og enga ástæðu því unt að finna í eðlismismun ríkis- og sveitarskatta fyrir því, að ríkissjóður taki á sig dýrtíðarauknigu þá, sem verður á útgjöldum sveitarsjóðanna.

Fyrir því að ríkissjóður tæki meiri þátt í aldursuppbótum kennaranna heldur en sveitarsjóðirnir hefir verið færð sú ástæða, að aldursuppbótin mið-

ast við þjónustualdur við kenslu yfirleitt, en ekki við kenslu í hverju einstöku skólahjeraði, svo að greiða verður kennara þar hærri byrjunarlaun, ef hann hefir verið kennari annarsstaðar áður heldur en ef hann hefir ekki fengist fyr við barnakenslu. Þetta á þó að eins við, er kennarar flytjast frá einum skóla til annars, því að ekki er nema sjálfsagt, að sveitarfjelögin greiði hækkandi laun með hækkandi þjónustualdri við þeirra eigin skóla. En bæði er það, að það mun ekki mjög títt, að kennarar flytjist þannig milli skóla, og svo er hitt, að þegar svo ber undir, má búast við, að sú reynsla, sem kennarinn hefir fengið á fyrri staðnum sje þess virði fyrir kenslu hans á síðari staðnum, að eðlilegt sje að honum sjeu greidd þar hærri laun þegar í byrjun heldur en þeim sem er óreyndur í starfinu.

Að vísu má segja, að með breytingu þessari sje ekki beinlínis fenginn neinn sparnaður fyrir þjóðina í heild sinni, þar sem útgjöld að eins flytjast frá ríkissjóði til sveitarsjóðanna. En það er fengin rjettari og eðlilegri skifting á þessum útgjöldum. Og það er ekki loku skotið fyrir, að breytingin kunni óbeinlínis að leiða til nokkurs sparnaðar. Þegar lögboðin útgjöld sveitarfjelaganna til kennaralauna aukast, er ekki ósennilegt, að þau reyni meir til að draga úr kostnaðinum við barnafræðsluna. Gæti það jafnvel leitt til nokkurrar lækkunar á launaliðnum við það að menn sæju sjer fært að komast af með færri kennara heldur en ef meiri hluti launanna væri greiddur úr ríkissjóði. En þótt sú yrði ekki raunin á, gæti breytingin eigi að síður leitt til sparnaðar óbeinlínis við það, að sú upphæð sem jafna yrði niður með aukaútsvari þyrfti að vera hærri og það gæti leitt til þess, að reynt yrði að draga úr henni með því að lækka eða fella burtu önnur útgjöld, sem helst þætti tiltækilegt.

Miðað við dýrtíðaruppbót og skólahald 1925 mundi ríkissjóður með frumvarpi þessu losast við nal. 160 þús. kr. af tillaginu til barnakennaralauna við fasta skóla (135 þús. kr. dýrtíðaruppbót og 24 þús. kr. aldursuppbót). Af þessari upphæð mundi 52 þús. koma á Reykjavík, 53 þús. á hina kaupstaðina og 54 þús. á þau sveitarfjelög, sem hafa fasta skóla utan kaupstaðanna. Auk þessa mundi ríkissjóður sennilega losast við rúmlega 7 þúsund er færðist yfir á þau sveitarfjelög, sem hafa farskóla lengur en 6 mánuði á ári.

16. Frumvarp

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna, skal farið eftir þessum reglum:

a. Skattgjaldið skal miðað við meðaltal af skattskyldum tekjum fjelags-

ins 3 reikningsárin næstu á undan niðurjöfnunni, ef fjelagið hefir starfað svo lengi og við meðaltal tveggja ára ef fjelagið hefir starfað tvö ár einungis.

b. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutafjár, skal með innborguðu hlutafje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

c. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er ¼ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.

d. Sem varasjóð samkvæmt b. og c. lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

e. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Ef einstaklingur eða innlent fjelag, annað en hlutafjelag, rekur sjerstaklega áhættusama atvinnu, og hefir beðið tap af atvinnurekstri sínum í heild eitt eða fleiri af þrem árunum næstu á undan niðurjöfnun tekjuskatts, þá er fjármálaráðaneytinu heimilt að veita ívilnun í lögmæltum tekjuskatti, ef umsókn kemur um það frá gjaldþegni, og yfirskattanefnd mælir með henni, þó aldrei meiri en svo, að skatturinn sje reiknaður eftir meðaltali af skattskyldum tekjum síðustu þriggja ára. Jafnan skal heimtað að tap, er þannig á að koma til greina, sje sannað með fullgildu reikningshaldi.

3. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju og eignarskatti þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Reglurnar um tekjuskatt innlendra hlutafjelaga í lögunum um tekju- og eignarskatt eru að ýmsu leyti miklu harðari en gerist í öðrum löndum. Mikið af þeirri starfsemi, sem hjer er rekin með hlutafjelögum, er mjög áhættusöm, einkanlega allskonar sjávarútvegur, en þjóðfjelaginu mjög nauðsynleg. Af því að atvinnuvegurinn er áhættusamur, leiðir það, að arður og afkoma fyrirtækjanna verða mjög misjöfn frá ári til árs. Nú stendur svo á, að þorri þeirra hlutafjelaga, er stunda sjávarútveg, hefir tapað árlega næstu 3 til 4 árin fyrir 1924, en hagnast mjög vel á þessu síðasta ári. Hjá flestum mun allur gróði ársins ganga beinlínis til að greiða tap undanfarinna ára, og eignir þeirra þó ekki meiri en fyrir skuldum í árslokin, er stafar með fram af því, að jafnhliða rekstrartapinu á undangengnum árum, hafa skip og aðrir fjármunir fjelaganna stöðugt fallið í verði. Í sumum fjelögunum er jafnvel alt hlutafjeð enn þá tapað, en lánstraust þeirra hvílir á persónulegum ábyrgðum aðstandendanna.

Þegar svona stendur á — og það getur oftar komið fyrir — virðist vera óforsvaranlegt að skattleggja arð síðasta ársins án tillits til taps undanförnu áranna. Það væri sama sem að neyða fjelögin til að taka lán til greiðslu á skattinum, í von um að sú skuld gæti greiðst af arði komandi árs, en slíkt er alveg óheilbrigt, og getur beinlínis orðið fyrirtækjunum til falls ef arðsvonir bregðast.

a. Það þykir því rjett að stinga upp á, sem meginreglu, að skattgjald innlendra hlutafjelaga skuli miða við þriggja ára meðaltal af skattskyldum tekjum. Er þetta í samræmi við þá reglu í löggjöf ýmsra þjóða um fjelagaskatt, að ef tap hefir orðið, þá greiðir fjelagið það að fullu af arði sínum áður en skattskyldur arður kemur fram, en þó er hjer ekki farið eins langt.

Fyrir ríkissjóðinn hefir reglan það í för með sjer, að skatturinn af hlutafjelögum verður jafnari ár frá ári, og þá í rauninni vissari tekjustofn.

b. Eptir núgildandi reglum mundi arður, sem skift hefði verið meðal hluthafa með því að gefa þeim hlutabrjef fyrir honum, teljast til innborgaðs hlutafjár, og þannig verða til þess, að lækka skattstig fjelagsins, en ef sami arður er lagður í varasjóð, þá fær fjelagið ekki tilsvarandi stiglækkun á skatti sínum. Þegar hjer við bætist það, að frá skattskyldum tekjum dragast 4 % af hlutafjenu, en ekki af varasjóði, þá er auðsætt, að löggjöfin hvetur mjög til þess, að verja sem mestu af arði þeim, er ekki kemur beinlínis til útborgunar, til aukningar hlutafjárins, en að leggja sem minst af honum í varasjóð. — Þetta er mjög óheppilegt fyrir sjálf fyrirtækin og fyrir þjóðfjelagið, því að aukningu hlutafjárins fylgja auknar kröfur um útborgun arðs, einnig í erfiðum árum, en arð eða vexti af varasjóði þarf fjelagið ekki að greiða hluthöfum. Varasjóðurinn er fyrirtækinu sjálfu hollari eign en aukið hlutafje, einkanlega þegar áhættusöm atvinna er rekin. Það þykir því rjett að stinga upp á, að varasjóð skuli telja með innborguðu hlutafje í þessu sambandi, og ákvarðast þá skatt-

stigið af hlutfallinu milli arðsins annarsvegar, og sjálfseignar fjelagsins, eða þess höfuðstóls, sem hefir tekið þátt í öflun arðsins hinsvegar, og er það eðlileg regla.

c. Eftir fyrirmynd í dönsku lögunum um tekjuskatt og eignarskatt þykir rjett að löggjöfin gefi fremur hvöt til þess að leggja arð í varasjóð, fyrirtækinu til eflingar, heldur en að honum sje útbýtt meðal hluthafa, og er því stungið upp á að 1/4 þeirrar upphæðar, sem í varasjóð er lögð, sje skattfrjáls, en verði einhverju af varasjóðnum síðar varið gagnstætt tilganginum, þá teljist helmingur þar af til skattskyldra tekna á því ári.

d. og e. munu ekki þarfnast skýringar.

Um 2. gr.

Það mun geta komið fyrir að einstaklingur eða fjelag, annað en hlutafjelag, bíði á einu ári svo mikið tjón af sjerstaklega áhættusömum atvinnuvegi, svo sem síldveiðum eða síldarverslun, að ósanngjarnt væri að taka ekkert tillit til þessa taps við ákvörðun tekjuskatts fyrir fyrsta eða annað ár þar á eftir. Um þetta þykir þó ekki gerlegt að setja almennar reglur, en farið fram á heimild til ívilnunar, þó ekki umfram grundvallarregluna fyrir innlend hlutafjelög.

Um 3. gr.

Það er tíska hjá öðrum þjóðum, að minsta kosti hjá öllum Norðurlandaþjóðunum, að undanþiggja sendiherra sína, útsenda ræðismenn og starfsfólk þeirra tekjuskatti að nokkru eða öllu af starfslaunum þeirra, og byggist þetta m. a. á því, að dvöl erlendis verður hverjum manni jafnaðarlega dýrari en dvöl heima fyrir, og að þessir menn geta ekki nema að litlu leyti notið þeirra hlunninda þjóðfjelagsins, sem koma í móti sköttunum. Þykir rjett að fara fram á heimild til þess að taka upp hliðstæðar reglur hjer.

Um 4. gr.

Undirbúningur að slíkum samningum hefir verið upp tekinn eftir frumkvæði hinnar sameiginlegu ráðgjafarnefndar, og þykir rjett að fara fram á heimild til að gera þá ef saman gengur. Er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður missi tekna svo neinu nemi vegna þessara ívilnana.

17. Frumvarp

til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Ríkið tekur að sjer kvennaskólann í Reykjavík og skal hann framvegis að öllu leyti rekinn á kostnað ríkissjóð.

Sjóður kvennaskólans, sem upphaflega var myndaður af samskotum, skal framvegis ávaxtast þannig að 1/4 hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn en 3/4 hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar skólans. Allar aðrar eignir skólans, kensluáhöld, rúmfatnaður o. fl. fylgja honum.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum, er forstöðunefnd kvennaskólans hefir haft á hendi, nfl. styrktarsjóði hjónanna Páls og Thoru Melsteð, styrktarsjóði frú Elinar Briem Jónsson og verðlaunasjóði H. Th. A. Thomsen.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur skólanum starfsreglur og hefir öll umráð hans, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd og sje meiri hluti hennar konur.

3. gr.

Skólinn er miðaður við 4 ára nám og auk þess hússtjórnardeild í tveimur námsskeiðum.

4. gr.

Kenslugreinar skulu vera: Íslenska, danska, enska, saga, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, heilsufræði, hjúkrun, teiknun, skrift, leikfimi, söngur, útsaumur, ljereftasaumur, utanyfirfatasaumur, fatasnið, prjón og baldýring.

Í hússtjórnardeildinni skal kenna alt, er lýtur að hússtjórn, svo sem matargerð, þvott og meðferð á honum og önnur innanhússtörf. Ennfremur fá námsmeyjar tilsögn í efnasamsetningu fæðunnar og næringargildi hennar. Mikil áhersla skal lögð á hreinlæti, reglusemi, nýtni og sparsemi. Námsmeyjar í hússtjórnardeildinni skulu búa í skólanum.

5. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu með 3000 kr. árslaunum auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar og að minsta kosti einn fastan kennara í bóklegum námsgreinum með 2000 kr. árslaunum, kenslukonu í handavinnu með 2000 kr. árslaunum og stundakennara eftir þörfum. Ennfremur skal skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1500 kr. árslaunum auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita og fæðis meðan kenslan stendur yfir, og veita henni þá aðstoð við kensluna, er hún þarfnast.

Fastir kennarar skólans njóta dýrtíðaruppbótar eftir hinum almennu reglum um embættismenn ríkisins.

6. gr.

Skólaarið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

7. gr.

Próf skal haldið í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er komið frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, og hefir ráðuneytið getað fallist á ástæður þær, er nefndin hefir fært fyrir því í brjefi, er fylgdi frumvarpinu, að rjett sje að ríkið taki að sjer rekstur skólans. Skóli þessi er rekinn nú svo að segja eingöngu á ríkisins kostnað, og virðist eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi þá og umráð hans. Eftir afstöðu ríkisins til mentamálanna yfirleitt, virðist ekki ósanngjarnt, að það kosti einn sjerskóla fyrir konur.

Að öðru leyti er vísað til nefnds brjefs forstöðunefndar skólans, frá 15. desbr. 1924, sem prentað er hjer á eftir.

FORSTÖÐUNEFND
KVENNASKÓLANS Í REYKJAVÍK.

Jafnframt því að senda hinu háa stjórnarráði meðfylgjandi frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík, leyfir nefndin sjer að láta eftirfarandi athugasemdir fylgja frumvarpsuppkasti þessu.

Kvennaskólinn í Reykjavík hefir nú um langa hríð verið að mestu leyti rekinn fyrir styrk þann, er hann hefir fengið úr ríkissjóði. Er þá að því er virðist rjettast að ríkisstjórnin ráði rekstri skólans, ákveði skólagjöld, skipi kennara og ákveði laun þeirra. Það hefir og reynst mjög óhentugt, að ekki hefir verið auðið að vita það fyrirfram hvort skólinn fengi framvegis nauðsynlegan rekstursstyrk. Þannig hefir eigi verið hægt að leigja húsnæði handa skólanum lengur en frá ári til árs, nema með persónulegri ábyrgð forstöðunefndarmanna. Af þessum ástæðum hefir forstöðunefnd kvennaskólans hvað eftir annað farið þess á leit að ríkið tæki skólann að sjer.

Eins og frumvarpið ber með sjer ætlumst vjer til að skólinn verði rekinn eftirleiðis með svipuðu fyrirkomulagi og verið hefir og um einstakar greinar frumvarpsins má taka þetta fram:

Við 1. gr.

Þar sem sjóður kvennaskólans upphaflega var stofnaður af samskotum einstakra manna, telur forstöðunefndin eðlilegast að honum verði haldið óeyddum og hann aukinn svo sem telja má verðfalli peninga geti numið, en vöxtum hans að öðru leyti sje varið til reksturs skólans.

Við 2. gr.

Þar sem hjer er að ræða um sjerskóla fyrir stúlkur, þá virðist eigi

óeðlilegt að stjórnin kjósi nefnd manna sjer til ráðuneytis, er sjerþekkingu hafi á því sviði.

Við 4. gr.

Kenslugreinarnar eru yfirleitt þær sömu, sem nú eru kendar í skólanum.

Við 5. gr.

Það þykir nauðsynlegt að hafa auk forstöðukonunnar að minsta kosti einn fastan kennara forstöðukonunni til aðstoðar við skólastjórnina og til þess í forföllum hennar að hafa stjórn skólans á hendi. Þar sem allskonar handavinna, sjerstaklega ljereftasaumur og utanyfirfatasaumur, er einn aðalþátturinn í kenslunni í skólanum þykir nauðsynlegt að skipaður sje fastur kennari í þeim kenslugreinum.

Upphæð launanna er miðuð við það, að kennararnir fái dýrtíðaruppbót eins og aðrir starfsmenn ríkisins. Laun forstöðukonu hússtjórnardeildarinnar eru sett 500 kr. lægri en laun föstu kennaranna í notum þess, að hún hefir ókeypis húsnæði í skólanum og fæði meðan kenslan stendur yfir.

Reykjavík, 15. desember 1924.

Anna Daníelsson. Guðrún J. Briem. Katrín Magnússon.
Bjarni Jónsson. Eiríkur Briem.

Til Stjórnarráðs Íslands.

18. Frumvarp

til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Fastir kennarar við eftirtalda ríkisskóla skulu kenna svo margar klukkustundir á viku, sem hjer segir:

I. Við hinn almenna mentaskóla: Hver kennari 27 stundir, nema söngkennari og leikfimiskennari. Þeir tveir eru skyldir að kenna alt að 33 stundum á viku.
II. Við Gagnfræðaskólann á Akureyri, Kennaraskólann, Stýrimannaskólann og Vjelstjóraskólann: Hver kennari 30 stundir á viku.
III. Um kenslustundafjöldann í öðrum ríkisskólum fer eftir ákvæði ráðherra.

2. gr.

Kenslustundafjölda forstöðumanna nefndra ríkisskóla ákveður ráðherra, hvers forstöðumanns fyrir sig, þó aldrei minna en 18 stundir á viku.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að færa niður í alt að 24 klukkustundir á viku kenslustundafjölda þeirra kennara við nefnda ríkisskóla, sem komnir eru yfir sextugt.

Af sömu ástæðum má færa niður kenslustundafjölda forstöðumanna.

Enn er ráðherra heimilt að ákveða að vikukenslustundum kennara megi fækka um 1—3 stundir, ef kennari hefir á hendi miklar heimaleiðrjettingar á stílum, ritgerðum eða öðrum skriflegum úrlausnum nemenda.

4. gr.

Nú hefir fastur kennari við einhvern ríkisskóla þeirra, er um ræðir í lögum þessum, ekki fulla tölu kenslustunda við þann skóla, er hann er skipaður við, og er honum þá skylt að kenna það sem á vantar töluna fulla í öðrum ríkisskóla á sama stað, ef þess er krafist.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það eru ekki til bein lagafyrirmæli um fjölda kenslustunda þeirra, er fastir kennarar við ríkisskólana skuli kenna. En í því efni hefir myndast nokkuð föst venja. Hingaðtil hefir stundafjöldinn ekki verið ákveðinn fyrir forstöðumenn skólanna. Þeir hafa ráðið því sjálfir, að minsta kosti jafnaðarlega. En fyrir aðra fasta kennara er stundafjöldinn þessi í skólum þeim, sem um ræðir í frumvarpinu: Í Mentaskólanum, Gagnfræðaskólanum á Akureyri og Kennaraskólanum 24 stundir á viku fyrir hvern kennara, en í Stýrimannaskólanum og Vjelstjóraskólanum 30 stundir vikulega.

Þegar það er athugað, að í samskonar skólum í nálægum löndum, og hjá skyldum þjóðum, er krafist í samskonar skólum fleiri klukkustunda kenslu af kennurunum en hjer, 27–33 klukkustundir og jafnvel meira, og þó er kenslan þar miklu lengri tíma ársins en hjer, þá virðist ekki ósanngjarnt, að krefjast nokkru meira en nú er gert alment í þessu efni af hinni íslensku kennarastjett.

Eftir frumvarpinu helst kenslustundafjöldinn eins og hann nú er orðinn við Stýrimannaskólann og Vjelstjóraskólann, 30 stundir á viku. En breytingin verður til hækkunar við hina skólana, er taldir eru í frumvarpinu. Kenslustundirnar fjölga við Akureyrarskólann og Kennaraskólann um 6 stundir á viku fyrir hvern kennara, eða eina stund hvern virkan dag. Aftur á móti er stundafjöldinn settur að eins 27, hækkar að eins um 3 stundir á viku, við Mentaskólann fyrir aðra kennara en söngkennara og leikfimiskennara. Er ástæðan sú, að af kennurum við þennan skóla er yfirleitt krafist meiri undirbúningsmentunar af kennurunum en við hina skólana, og kenslan við þann skóla verður að teljast erfiðari fyrir kennara, að minsta kosti við lærdóms-

deildina, en við hina skólana. Þetta á sjer ekki stað um söngkennara og leikfimiskennara, og er því af þeim krafist alt að 33 stunda kenslu.

Það verður auðvitað ekki ætlast til þess, að forstöðumenn skólanna kenni eins margar stundir og hinir föstu kennararnir, en ekki er það ofætlun, að hver þeirra kenni að mista kosti 3 stundir á dag, eða 18 stundir á viku. Það má máske krefjast meiri kenslu af forstöðumönnunum, að minsta kosti við suma af skólunum

Ákvæðið um að færa megi niður stundafjölda gamalla kennara er sett í samræmi við það, sem á sjer stað annarsstaðar.

Kennsla kennara við fleiri skóla en einn í senn getur ekki og mun varla geta átt sjer stað annarsstaðar en í Reykjavík.

Það hefir ekki þótt ástæða til að tiltaka beint kenslustundafjöldann í öðrum ríkisskólum en þeim, er nefndir eru í lögunum, heldur heimila það ráðherra.

Verði frumvarp þetta samþykt, hefir það í för með sjer nokkurn sparnað fyrir ríkissjóð.

19. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Fyrirsögn laganna skal vera: Lög um skemtanaskatt.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð: Skemtanaskattssjóðinn.

Helmingi af tekjum sjóðsins skal varið til þess, að byggja landsspítala og reka hann. Dóms- og kirkjumálaráðherra varðveitir fje þetta og ráðstafar því, þar til spítalinn tekur til starfa, en síðan gengur það til árlegs reksturs.

Hinum helmingnum af tekjum sjóðsins skal varið til þess, að koma upp þjóðleikhúsi í Reykjavík, og til þess að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa fjár hafa á hendi þrír menn, valdir af dóms- og kirkjumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, sem vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta fje þetta, skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Dóms- og kirkjumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar. — Ríkið sjer leikhúsinu fyrir ókeypis lóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er komið frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið samkvæmt þingsályktun efri deildar Alþingis 1924, um nefndarskipun til íhugunar sparnaði í ríkisrekstrinum, og vísast til greinargerðar nefndarinnar, er hjer fer á eftir.

Greinargerð nefndarinnar:

Það má ganga að því vísu, að óhjákvæmilegt sje að byggja landsspítala á næstu árum. Bygging hans og rekstur verða tilfinnanleg útgjöld fyrir ríkissjóð. Frv. þetta ljettir þau að góðum mun. Flestir munu líta svo á, að landsspítali sje meira nauðsynjamál en þjóðleikhús og hefði átt að ganga fyrir leikhúsinu, en hér er þó ekki farið fram á það, af tilliti til þingviljans 1923. Það er og álit nefndarinnar, að helmingurinn af tekjum sjóðsins nægi til þess að tryggja byggingu og starfsemi leikhússins, þó það komist nokkru seinna upp en ætlast var til. Það virðist og lítið samræmi í því, að leggja 40—50 þús. kr. á ári í leikhús, en skera allt annað við nöglur sér.

20. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

Lög nr. 3 frá 1. apr. 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum skulu vera í gildi til 1. apríl 1926.

Athugasemdir við frumvarpið:

Lögin frá 1. apr. 1924 um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum falla úr gildi í árslok 1925. Ríkissjóður mun enganveginn mega missa á árinu 1926 tekjuauka þann, er leiðir af lögum þessum, síst að öllu leyti, en búast má við að rjett þætti að gera einhverjar breytingar á lögunum þegar liðinn er sá tími, sem þeim upphaflega var ætlað að standa. En það er ótækt að gera slíkar breytingar löngum tíma áður en þær eiga að ganga í gildi, þær þurfa helst að koma með sem minstum fyrirvara eins og breytingar á aðflutn-

ingstollum yfir höfuð. Það er því ekki hagkvæmt að taka til meðferðar á Alþingi, er nú fer í hönd, breytingar á lögunum, er ganga ættu í gildi í árslok 1925, heldur þykir hentugra að fara fram á að gildi laganna verði framlengt í 3 mánuði, til 1. apr. 1926, og verði svo tekin ákvörðun um frekara framhald, með breytingum ef ástæða þykir til, á Alþingi 1926.

21. Frumvarp

til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Heimilt er ráðherra að veita styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, alt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn.

2. gr.

Styrkurinn veitist til 4 ára, alt að 1200 kr. á ári, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, er segir í lögum þessum, og sett kunna að verða í reglugjörð eða á annan hátt af ráðherra.

3. gr.

Styrkurinn skal að jafnaði veittur þeim stúdentum einum, er lokið hafa stúdentsprófi á því ári, er styrkurinn er veittur.

Styrkinn má að eins veita reglusömum og ástundunarsömum stúdentum, og að öðru jöfnu skulu þeir stúdentar ganga fyrir, er mest þarfnast styrks fyrir fátæktar sakir.

Að öðru leyti setur ráðherra reglur um styrkveitingar þessar, svo sem um það, hvernig umsóknum um styrkinn skuli hagað, hverjar sönnur stúdentar skuli færa á það, að þeir noti vel styrkinn; ennfremur um það, fyrir hverjar sakir þeir missi styrkinn, og þess konar.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Það þykir rjett bæði vegna stúdenta þeirra sjálfra, er stunda vilja nám við erlendan háskóla, og vegna hins íslenska háskóla. að ákveða það beint með lögum, hve mörgum stúdentum veita megi styrk til náms við erlenda háskóla. Það er mikilsvert fyrir stúdentana sjálfa, að vita með vissu þegar við byrjun námsins, að hverju þeir megi ganga. Það er og af atriði fyrir háskólann hjer, og þá stúdenta, sem við hann stunda nám, að takmörk sje sett fyrir

þeim styrk, er fer til stúdenta við erlenda háskóla. Sje það mikið fje, sem á ári hverju er veitt til þessa úr ríkissjóði, og auk þess meira eitt árið en annað, þá er hætt við, að styrkurinn til stúdenta við vorn eigin háskóla verði fremur af skornum skamti og óviss.

Styrkurinn er ákveðinn alt að 1200 kr. á ári í 4 ár, og ætlast til að hann samsvari nokkurn veginn Garðstyrknum, eða þeim styrk, er íslenskir stúdentar nutu áður á Garði.

Með þessu móti yrði styrkur sá, er ríkissjóður greiddi árlega stúdentum við er erlenda háskóla, alt að 19200 kr., því að sennilega yrði styrkurinn notaður að fullu.

Það virðist rjett að setja það ákvæði, að styrkurinn skuli venjulega veittur fyrstu fjögur stúdentsárin, en ekki t. d. þeim stúdentum, er byrja námið við háskólann hjer, en fara síðan utan, eða þeim, er af öðrum ástæðum byrjuðu ekki þegar námið erlendis. Þó gæti það verið, að ástæða væri til út af þessu að bregða einstöku sinnum, og er ekki loku fyrir það skotið eftir orðalagi frumvarpsins.

Það ákvæði er ekki tekið upp í frumvarpið, sem hefir staðið í fjárlögunum, að styrkur skuli að eins veittur til að stunda það háskólanám, sem ekki fæst kensla í við háskólann hjer. Það er sjálfgefið, að svo verður að jafnaði. En það á ekki að vera fyrir það girt, að stúdent geti fengið styrk til að stunda háskólanám erlendis, þótt og sje kent hjer.

Um einstakar greinir þykir ekki ástæða til að ræða sjerstaklega.

22. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í stað »1 kr. 50 aur.« í 1. málsgr. 2. gr. komi: 3 kr.

2. gr.

Lögin ganga í gildi í fardögum 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er komið frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið samkvæmt þingsályktun efri deildar Alþingis 1924, um nefndarskipun til íhugunar sparnaði í ríkisrekstrinum, og vísast til greinargerðar nefndarinnar, er hjer fer á eftir.

Greinargerð nefndarinnar:

Eftir landsreikningnum fyrir 1923 hefir framlag ríkissjóðs til Prestlaunasjóðs það ár numið 299740,08, en er í Prestlaunasjóðsreikningnum fyrir fardagaárið 1922—23 talið kr. 320489,19. Í fjárlögunum fyrir 1923 var það þó að eins áætlað kr. 260000,00.

Í fjárlögunum fyrir 1925 er framlagið gert 210000 kr., en verður vafalaust miklu hærra, Fyrst er áætlunin í sjálfri sjer sýnilega of lág, 50000 kr. lægri en 1923 og 40000 kr. lægri en 1924. Og í annan stað er dýrtíðaruppbótin allmiklu hærri fyrir 1925 en fyrir 1923 og 1924. Má óhætt gera framlagið fyrir 1925 töluvert yfir 300000 kr., verði búið við sömu kjör og áður, en við svo háu framlagi má ríkissjóður ekki. Mætti lækka það með fleiru en einu móti, t. d. með fækkun prestakalla, enda hefir nefndin hana til athugunar. En það er svo umsvifamikið verk. að nefndinni vinst ekki tími til þess að ljúka því að svo stöddu, og ríkissjóður má ekki við því, að bíða þess.

Samkv. landsreikningnum fyrir 1910—11 nam framlag landssjóðs til Prestlaunasjóðs 48549 kr. 06 aur. fyrra árið, en 50368 kr. 94 aur. síðara árið. Hefir framlag ríkissjóðs þannig sexfaldast frá 1910 til 1923.

En prestgjaldið samkvæmt lögum nr. 40, 1909 hefir alt af haldist óbreytt, þrátt fyrir stórkostlegt verðfall peninga. Er það sennilega einasta almenningsgjaldið, sem ekki hefir verið hækkað. Þannig var kirkjugjaldið, sem lögmælt var með sömu lögum og prestgjaldið, hækkað með lögunum nr. 29, 1921 úr 75 aur. á mann upp í 1 kr. 25 aur. Prestgjaldið mundi nú í raun og veru ekki vera helmingur móts við það, sem það var framan af.

Virðist því ekki áhorfsmál að hækka það, enda er niðurjöfnunargjald fríkirkjumanna, a, m. k. hjer í Reykjavík, mun hærra en samanlagt niðurjöfnunargjald þjóðkirkjumanna hjer til prests og kirkju.

Eins og kunnugt er, er prestgjaldið samkvæmt nefndum lögum frá 1909 1 kr. 50 aur. fyrir hvern 15 ára gamlan mann, og nam alls 77356. kr. 98 aur. samkvæmt Prestlaunasjóðsreikningnum 1922—23. Væri gjaldið tvöfaldað eins og lagt er til í frumvarpinu, lækkaði framlag ríkissjóðs að sama skapi og gjaldið hækkaði, eða, sje miðað við prestgjaldið 1922—23, um 75—80000 kr. á ári.

23. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í stað orðanna »12 rúmlestir« í b-lið 4. gr. komi:
20 rúmlestir.

2. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi:
20 rúmlesta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1923 kom fram frv. um breyting á lögunum um atvinnu við siglingar, og í því frv. var gert ráð fyrir þeirri breytingu, sem hjer er stungið upp á. En auk þess voru ráðgerðar ýmsar breytingar aðrar á lögum þessum. Um frv. þetta fór þannig, að því var vísað til 2. umr. og nefndar, en komst ekki lengra. því að það mun ekki hafa haft byr í nefndinni. Þykir líklegt, að því hafi valdið þær breytingar, sem hjer eru ekki teknar upp.

Þær breytingar, sem farið er fram á í þessu frv. eru nauðsynlegar, því að í b-lið 4. gr. laganna um atvinnu við siglingar er greinilega gert ráð fyrir, að stýrimaður sje yfirleitt á skipi yfir 12 rúml., en þó sagt berum orðum í 18. gr. sömu laga, að stýrimann þurfi að eins að hafa á skipum yfir 30 rúml. Hjer vantar því skýr ákvæði um stýrimensku á 12—30 rúml. skip. Sýnist liggja næst að skilja lögin á þann hátt, að heimilt sje, en ekki skylt, að hafa stýrimann á skipum af þeirri stærð. En þetta er óheppileg regla bæði af því, að það getur tæpast talist forsvaranlegt að hafa ekki stýrimann á skipum, sem hafa stærð til að geta legið úti á sjó sólarhringum saman, og einnig af því, að þá er hætt við að færri en holt er fyrir sjómannastjettina fái að reyna sig sem stýrimenn. Auk þess er það ekki heppilegt, að skipseigandi eða útgerðarmaður geti ráðið því, hvort hann hefir stýrimann á skipi eða ekki, þegar skipið annars er af þeirri stærð, að gera verður ráð fyrir að vaktaskifti þurfi.

Með hliðsjón af þessu er stungið upp á því í frv., að aðeins stýrimenska á 20 rúmlesta skipum eða stærri, komi til greina til þess að öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipum, og að jafnframt sje fyrirskipað, að stýrimaður skuli jafnan vera á skipum yfir 20 rúml. Hefir stýrimannaskólastjórinn algerlega fallist á þetta.

Um einstakar gr. frv. er óþarft að ræða.

24. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheimilt að nota til veiða umhverfis landið, erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsgr. um þau erlend skip, sem stunda veiðar hjer við land, er lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Akvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi haldast óbreytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hafa ekki allir verið á einu máli um það, hvort íslenskum ríkisborgurum og öðrum, sem rjett hafa til fiskiveiða hjer við land, væri heimilt að nota til veiðanna erlend leiguskip. Telja sumir, að bann við þessu felist í fiskiveiðalögunum nr. 33, 1922, en aðrir líta svo á, að það sje ekki.

Nú er það svo, að fiskiveiðum vorum og fiskmarkaði getur stafað mikill hætta af leiguskipum, sem hingað kynnu að safnast, ef leiga á erlendum skipum væri leyfð, því að enginn efi er á, að margir mundu hafa hug á að ná sjer í skip á þann hátt, auk þess sem naumast mundi unt að fyrirbyggja, að í kjölfar þeirra skipa, sem í raun og veru væru leigð, mundu koma skip, sem að eins væru á leigu í orði kveðnu. Þetta gæti haft í för með sjer of snögga aukningu fiskiflotans og það er hættulegt bæði fiskiveiðunum sjálfum og öðrum atvinnuvegum, sem mundu snögglega missa vinnukraft á tilfinnanlegan hátt. Hin hollasta aukning og þróun sjávarútvegsins er sýnilega sú, sem kemur fram við vaxandi innlendan skipastól og fjármagn í landinu. Að þessu athuguðu hefir þótt rjett að bera frv. þetta fram. Í augum þeirra, sem halda því fram, að leiga erlendra skipa sje óheimil eftir gildandi lögum, er frv. þetta að eins löggjafarvalds-lögskýring (autentisk Fortolkning) en í augum hinna eru ákvæði frv. viðauki við gildandi lög, en það er þá að eins við-

auki, sem veit að landsins eigin börnum og virðist því ekki geta valdið neinum erfiðleikum gagnvart öðrum þjóðum.

Sjálfsagt þykir að hafa undanþáguheimild um skip, sem kynnu að hafa verið leigð áður en frv. þetta verður að lögum, en hún mundi ekki verða notuð gagnvart þeim skipum, sem vissa eða líkindi væru á, að leigð væru t. d. eftir síðustu áramót.

25. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 2 frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi 1. gr. laganna:

»Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að«

skal koma:

Ríkisstjórninni skal heimilt að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við frumvarpið:

Heimild laga nr. 2 frá 27. marz 1924 til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka er einskorðuð við það, að gengi á sterlingspundi sje skráð í Reykjavík á 25 kr. eða meira. En það þykir sýnt, að sá tekjuauki handa ríkissjóði sem lög þessi heimila, megi ekki missast alt í einu, máske fyrirvaralítið, þótt svo færi að skráð gengi á sterlingspundum í Reykjavík færi niður úr 25 kr. Að vísu minka ýms útgjöld ríkissjóðs að krónutali með hækkandi gullgildi íslensku krónunnar, en mjög lítið af þeim útgjaldaljetti kemur fram þegar í stað sem bein afleiðing af gengisbreytingu, að mestu kemur hann ekki fram fyr en hið hækkaða gengi hefir náð að lækka vöruverð, laun, verkakaup og annan kostnað, og það tekur ávalt nokkuð langan tíma. Í annan stað er mjög óhentugt að hafa núgildandi ákvæði óbreytt ef það kæmi fyrir að skráð gengi á sterlingspundi sveiflaðist ýmist upp fyrir eða niður fyrir 25 kr., jafnvel um langan tíma. Þykir hentugra að kveða svo á um heimildina, að hún haldist þangað til hún kynni að verða burtu feld með nýrri lagasetningu, og miðar frv. að þessu.

26. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1925.)

I. kafli.

Skipulag bankans og tilgangur.

1. gr.

Landsbanki Íslands er þjóðbanki ríkisins og sjálfstæð stofnun, og skal tilgangur hans vera:

1. Að hafa á hendi útgáfu bankaseðla innan þeirra takmarka, er þarf til þess að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.
2. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje jafnan tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og að það sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu, og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.
3. Að reka bankastarfsemi, eftir því sem nánar er tiltekið í III. kafla.

2. gr.

Landsbanki Íslands er hlutafjelag, og er hlutafjeð 2 miljónir króna, er skiftist í 200 hluti, hvern að upphæð 10 000 krónur. Hlutafje þetta er innskotsfje það, er ríkissjóður greiðir bankanum skamkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, og er eign ríkisins. Fyrir hlutafjenu skal gefa út hlutabrjef, þegar í stað fyrir því, sem innborgað er, en fyrir afganginum jafnóðum og hann verður innborgaður.

Fulltrúaráð bankans getur, með samþykki ráðherra, ákveðið að hlutafje bankans skuli aukið um alt að 2 miljónum króna. Ríkissjóður skal hafa forgangsrjett til að leggja til slíkt hlutafje með nafnverði, að því leyti sem ríkisstjórnin ákveður. Að öðru leyti skal, ef til kemur, afla hlutafjáraukans með almennu útboði til íslenskra ríkisborgara og innlendra fjelaga og stofnana samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um stjórn og starfrækslu bankans. Má ákveða í reglugerðinni að opinberir sjóðir og stofnanir skuli á eftir ríkissjóði ganga fyrir öðrum. Sje útboðsgengi þessara hluta hærra en nafnverð þeirra, rennur upphæð sú, sem umfram er nafnverðið, í varasjóð bankans. Hluthafar taka arð samkvæmt ákvæðum 33. gr.

Hlutabrjef bankans skulu hljóða á nafn eiganda. Eigi geta aðrir löglega eignast hlutabrjefin en íslenskir ríkisborgarar og innlend fjelög og stofnanir. Hlutabrjefin skulu undirrituð af fulltrúaráði og framkvæmdarstjórn bankans. Framkvæmdarstjórnin sjer um að hluthafaskrá sje haldin. Nánari ákvæði um rjett til að eiga hlutabrjef og um eigendaskifti má setja í reglugerð um stjórn og starfrækslu bankans.

Ákvæði laga nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafjelög, taka til bankans að því leyti sem eigi er öðruvísi ákveðið í þessum lögum eða í reglugerð um stjórn hans og starfrækslu.

II. kafli.

Seðlaútgáfa bankans.

3. gr.

Landsbanki Íslands hefir einkarjett í 50 ár til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga, og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögum fulltrúaráðs bankans, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingar um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann úti.

4. gr.

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt, ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2\%$ í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema fulltrúaráð bankans mæli svo fyrir.

5. gr.

Landsbanka Íslands skal heimilt að gefa út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, gegn því að bankinn:

1. eigi gullforða er nemi $^{3}/_{5}$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti,
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum.

6. gr.

Til gullforða telst:

a. lögleg gjaldgeng gullmynt,
b. ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli,
c. innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem fulltrúaráðið álítur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi fram yfir $^{1}/_{4}$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a og b lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans. Þó má til þessa hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300 000 kr. í einu.

7. gr.

Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast einkum skuldabrjef gefin út fyrir lánum gegn handveði, víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis, kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er greiðast skulu þegar heimtað er, og opinber verðbrjef eftir gangverði.

8. gr.

Bankanum skal skylt að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, á hverjum mánuði skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 6. gr. er til tryggingar seðlunum.

Beri skýrsla þessi það með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmælt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi í lok eftirfarandi mánaðar.

9. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er heimilt, með konunglegri tilskipun, að veita bankanum undanþágu frá ákvæðum 4. gr. um tryggingu seðla, þó aldrei um lengri tíma en tvö ár í senn. Af seðlamagni því, sem í umferð er umfram það, sem trygt er samkvæmt 4. gr., greiði bankinn í ríkissjóð gjald, er sje $^{1}/_{2}\%$ undir forvöxtum bankans. Gjald þetta greiðist á hverjum mánuði.

III. kafli.

Bankastarfsemi bankans.

10. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar sem fulltrúaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er er með bankamál.

11. gr.

Bankinn tekur við peningum:

1. á dálk eða í hlaupareikning,
2. sem innláni eða með sparisjóðskjörum,
3. til geymslu.

12. gr.

Bankanum er heimilt:

1. að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands,
2. að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis,
3. að kaupa og selja dýra málma,
4. að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð,
5. að kaupa og selja skuldabrjef ríkja-, bæjar- og sveitafjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annara,
6. að annast að öðru leyti öll venjuleg bankastörf, sem eigi binda fje bankans um of.

13. gr.

Bankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki fulltrúaráðs og ráðherra.

14. gr.

Bankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Bankinn getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur bankinn tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

15. gr.

Bankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

16. gr.

Bankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkj-

andi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri skiftimynt en bankastjórninni þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

17. gr.

Bankastjórninni er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 5. gr. 2. lið og í 7. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Ennfremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum bankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

18. gr.

Meðan bankinn tekur við innlánsfje til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, skal hann eiga að minsta kosti sem svarar $^1/_3$ af slíku innlánsfje í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum eða veðdeildarbrjefum og öðrum jafn tryggum verðbrjefum. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.

19. gr.

Bankinn má veita ríkissjóði bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi $^1/_4$ af hlutafje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

IV. kafli.

Stjórn bankans.

20. gr.

Stjórn bankans annast fulltrúaráð, skipað fimm fulltrúum, og framkvæmdarstjórn, skipuð þrem bankastjórum.

21. gr.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningum tvo fulltrúa til 6 ára og tvo varafulltrúa til sama tíma. Annar þessara fulltrúa skal hafa sjerstaka þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi, og varafulltrúarnir slíkt hið sama.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, skipar 3 fulltrúa til 6 ára. Af þeim, sem skipaðir eru í fyrsta sinn, fer einn frá eftir hlutkesti, að tveim árum liðnum, og annar hinna eftir hlutkesti að fjórum árum liðnum. Nú fer fulltrúi, sem ráðherra hefir skipað, frá starfinu áður en skipunartími hans er á enda, og skal þá skipa annan í hans stað fyrir þann hluta tímabilsins, sem eftir er.

Fulltrúar þeir, er ráðherra skipar, skulu valdir meðal þeirra manna, er ætla má, að vegna sjerþekkingar sinnar eða vegna fyrri starfsemi sinnar í þjónustu hins opbinbera, eða á sviði atvinnuveganna, hafi til að bera þá þekkingu og reynslu, sem útheimtist til þess, að bankanum verði stjórnað í samræmi við aðalverkefni hans sem seðlabanka.

Fulltrúaráðið kýs formann og varaformann til eins árs í senn.

Hver fulltrúanna fær í þóknun 1500 kr. á ári, og uppbót á sama hátt og ákveðin er um bankastjóra.

22. gr.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, skipar bankastjóra, að fengnum tillögum fulltrúaráðsins. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

23. gr.

Fulltrúaráðið skal halda fundi einu sinni í hverjum mánuði, en annars svo oft, sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti þess krefst, eða þegar framkvæmdarstjórnin mælist til þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 fulltrúar að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr.

Framkvæmdarstjórnin á rjett á að vera á fundum fulltrúaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er taka til bankastjóranna sjálfra.

Á hverjum mánuði skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir fulltrúaráðið skýrslu um útlán bankans, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum, og um það, hve mikið af því megi hefja fyrirvaralaust, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og annað það, er fulltrúaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að það geti haft eftirlit með starfsemi bankans.

24. gr.

Fulltrúarráðinu ber:

a. að semja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í stjórnartíðindum.
b. að skipa aðalbókara, aðalfjehirði, útibússtjóra, bókara og fjehirða við

útibúin, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar. Á sama hátt getur fulltrúaráðið vikið þessum starfsmönnum frá.

c. að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
d. að ákveða laun starfsmanna bankans og setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans.
e. að hafa á hendi leiðbeinandi endurskoðun á gerðum framkvæmdastjórnar.
f. að ganga eftir því, að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.
g. að taka ákvörðun um eftirgjafir af skuldum, án gjaldþrotaskifta eða löglegra nauðasamninga, ef framkvæmdarstjórnin ber fram tillögu um slíkar eftirgjafir.
h. að úrskurða reikninga bankans og gera ályktun um skiftingu ársarðsins.
i. að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir fulltrúaráðið.

Fulltrúaráðið tekur þátt í ákvörðun um stofnsetning og niðurlagning útibúa samkv. 10. gr. Það ákveður hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

Fulltrúaráðið getur hvenær sem er rannsakað ráðstafanir framkvæmdarstjórnarinnar og framkvæmt endurskoðun í bankanum; fulltrúaráðinu er einnig heimilt að fela einstökum fulltrúum að annast slíka rannsókn og endurskoðun.

25. gr.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans; henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er fulltrúaráðinu heimilt (sbr. 24. gr. c) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni, ásamt einum bankastjóra.

26. gr.

Kvittanir bankans eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem hefir umboð samkvæmt 25. gr.

27. gr.

Bankastjórar hafa að árslaunum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót sam-

tals aldrei nema meir en 24000 kr. handa hverjum þeirra. Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

28. gr.

Bankastjórar mega ekki hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

29. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Fulltrúaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

V. kafli.

Reikningsskil og arður.

30. gr.

Starfsár bankans er almanaksárið. Ársreikning bankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum; kýs sameinað Alþingi annan þeirra til 6 ára, og einn varamann, en hinn skal skipaður af ráðherra til 6 ára. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera hann saman við bækur bankans og heimafjeð. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð bankans.

31. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og byggingar niður á alt að 5 ár.

2. tap, sem lokið er uppgerð á.
3. enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

32. gr.

Afganginum skal verja þannig:

1. 6% af innborguðu hlutafje til hluthafa.
2. því næst skal leggja 1/3 af því, sem þá er eftir, í varasjóð.
3. af því, sem þá er eftir, skal greiða 2% af innborguðu hlutafje til hluthafa.
4. af afganginum renna 20% í jöfnunarsjóð, þar til sá sjóður nemur 1/5 af stofnfjenu;
5. það, sem þá er eftir, skiftist þannig, að 4/5 renna til ríkisins og 1/5 til hluthafa. Meðan ríkið er eitt hluthafi rennur öll þessi upphæð í ríkissjóð.

Fulltrúaráðið getur ákveðið að greiða fje úr jöfnunarsjóði til hæfilegrar aukningar á arði af hlutafjenu; þó má arðurinn við slíka aukningu eigi fara fram úr 8%.

33. gr.

Hrökkvi árstekjur bankans eigi til að bera tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem búast má við, ber varasjóður það, sem á vantar.

34. gr.

Bankinn skal eiga fjárhæð, er nemi 1/3 af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabréfum,
2. víxlum er greiðast erlendis, eða
3. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún, jafnskjótt og unt er, aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

VI. kafli.

Ýms ákvæði.

35. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða

viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

36. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankann. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

37. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

38. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sér hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

39. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

40. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

41. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

42. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita eigi um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

43. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum hand-

veðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

44. gr.

Akvæði 4. gr. um seðlainnlausn og gullkaup ganga í gildi þegar gengi á seðlum bankans í 2 ár hefir verið skráð svo að ekki muni meira en $1^1/_4$% frá gullverði, nema öðruvísi verði áður með lögum ákveðið. Þangað til getur og ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 6. gr. c lið um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr $^1/_4$ alls gullforðans. Ákvæði 34. gr. um varasjóð, ganga í gildi 1. jan. 1928.

45. gr.

Auk seðla þeirra, er bankinn hefir rjett til að gefa út samkv. 4. gr. þessara laga, er honum heimilt að gefa út seðla alt að 1 miljón króna. Koma ákvæði laga þessara um innlausn og tryggingu seðla og gjald af ótrygðum seðlum eigi til greina um þessa seðla. Meðan seðlar þeir, er gefnir hafa verið út samkvæmt lögum nr. 14, 18. september 1885, og lögum nr. 2, 12. janúar 1900, eru í umferð, skulu þeir taldir til seðlamagns þess, er bankinn má gefa út samkvæmt þessari grein. Seðlamagn þetta skal minka um 100 000 kr. fyrir 1 nóvember 1926 og úr því árlega um sömu upphæð. Af seðlum þessum skal greiða árgjald 1% til ríkissjóðs og 1% til byggingarsjóðs.

46. gr.

Landsbankinn kaupir af ríkissjóði, honum að skaðlausu, gullforða Íslandsbanka jafnóðum og ríkissjóður kaupir hann af þeim banka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

47. gr.

Ákvæði 19. gr. um lán til ríkissjóðs, taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá bankanum, þegar lög þessi öðlast gildi.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

48. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, lög

nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, lög nr. 50, 10. nóvember 1913, 1. gr. 2.—4. málsgr., um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum nr. 6, 31. maí 1921, var ákveðið, að á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistíma (31. des. 1933) skuli Íslandsbanki draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru 2½ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans. Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á tímabilinu til ríkissjóðs, og átti fyrir 1. júní 1922 að ákveða með lögum, hversu seðlaútgáfunni skyldi komið fyrir framvegis. Með lögum hefir fresturinn síðan verið framlengdur frá ári til árs, og á nú að vera lögskipað í þessu efni fyrir 1. júní þ. á.

Inndráttur Íslandsbanka á seðlunum er nú kominn svo langt, að eigi hefir orðið komist hjá því að gera ráðstafanir til frekari seðlaútgáfu samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7, 4. maí 1922. Má því ekki dragast lengur að gera endanlega skipun á seðlaútgáfunni.

Á Alþingi 1924 voru borin fram tvö frv. hjer að lútandi, frv. til laga um Landsbanka Íslands á þskj. 173 og frv. til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins, þskj. 105. Var hið fyrnefnda borið fram af fjárhagsnefnd e. d. eftir tilmælum þáverandi fjármálaráðherra, en hið síðara, flutti alþm. Björn Kristjánsson. Hvorugt frv. komst út úr e. d., en stjórnin lofaði að undirbúa málið frekar til næsta Alþingis. Í því skyni ljet stjórnin gera yfirlit yfir sögu og núverandi ástand bankamálanna hjer á landi, og sendi síðan bæði hin framkomnu frv. með nefndarálitum ásamt yfirlitinu til prófessors Axel Nielsens við Kaupmannahafnarháskóla, og beiddist þess að prófessorinn ljeti uppi álit um málið. Jafnframt var fulltrúi landsins í Kaupmannahöfn, hr. J. Krabbe, beðinn að ræða málið við prófessorinn, láta honum í tje aðstoð eftir þörfum, og að gera að lokum einnig sínar athugasemdir um málið. Rjett eftir að málið var afgreitt frá ráðuneytinu barst frá Landsbankanum umsögn próf. A. N. um frv. á þskj. 173, sem hann hafði gefið eftir beiðni stjórnar Landsbankans, og í umsögn sinni til ráðuneytisins um málið, sem er dagsett 1. des. 1924, vísar hann í umsögnina til landsbankastjórnarinnar, sem dagsett er 29. sept., það sem hún nær. Loks fjekk svo ráðuneytið umsögn um málið, dags. 8. des. 1924 frá fulltrúa J. Krabbe, ásamt ákveðnari tillögum um orðun ýmsra atriða í

væntanlegu frv., en fram koma í álitum Axel Nielsens. Verða skjöl þessi lögð fyrir þingið.

Það er nú álit þeirra beggja, Axel Nielsens og J. Krabbe, að rjett sje að gera Landsbankann að seðlabanka landsins. Stjórnin hefir fallist á þetta. Þó verður að viðurkenna, að ýmsir annmarkar eru á þessu, sem beinlínis leiða af því að Landsbankinn hefir ekki verið aðalseðlabanki landsins hingað til, og að starfsemi hans þar af leiðandi hefir beinst nokkuð mikið inn á aðrar brautir en þær, sem eðlilegar eru fyrir seðlabanka, þar á meðal rekur hann meiri sparisjóðsstarfsemi en æskileg er fyrir seðlabanka. En það virðist verða að gera ráð fyrir því, að með breyttum verkefnum muni starfsemi bankans beinast inn á þær brautir, sem samsvara hinum nýju verkefnum.

Stjórnin hefir litið svo á, að með lögum nr. 6, 31. maí 1921, sbr. lög nr. 7, 4. maí 1922, hafi því verið slegið föstu, að Íslandsbanki verði ekki aðalseðlabanki landsins lengur en þau lög tiltaka. Að því sleptu hefir stjórnin ekki komið auga á aðra möguleika en þá tvo, sem felast í frv. þeim, er fram komu á þinginu 1924. Það verður að viðurkenna, að frv. á þskj. 105 um seðlaútgáfurjett ríkisins, sneiðir hjá þeim annmörkum, sem eru á því að gera Landsbankann að seðlabanka, en sú tilhögun hefir aftur ýmsa aðra galla, sem aðallega koma af því, að vjer erum of smáir til þess að seðlastofnun sú, er frv. fer fram á, geti starfað sem eiginlegur þjóðbanki í viðbót við þær peningastofnanir, sem fyrir eru.

Samkvæmt þessu hefir frv. á þskj. 173 frá 1924 verið lagt til grundvallar við samningu þessa frv., en gerðir þó allmiklir viðaukar og breytingar.

Um 1. gr.

Hjer er lýst tilgangi bankans, og í samræmi við stöðu hans sem þjóðbanka eru fyrst talin þau sjerstöku verkefni, sem aðalseðlabanki og þjóðbanki hlýtur að hafa á hendi.

Um 2. gr.

Bankinn á að vera hlutafjelag, og felst þar í að hluthafar, þar á meðal ríkissjóður, bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans um fram hlutafjáreignina, nema slík ábyrgð sje sjerstaklega gefin og þá fyrir tilteknum skuldbindingum, svo sem ábyrgð ríkissjóðs fyrir enska láni bankans frá 1924. Sbr. 1. gr. frv. á þskj. 153 frá 1924 (hjer eftir nefnt alþfrv.) og athugasemdir við hana. Rjett hefir þótt að áskilja ríkissjóði fyrst og þar á eftir opinberum sjóðum og stofnunum, ef svo sýnist, forgangsrjett að hlutafjáraukanum, og að útiloka aðra en íslenska ríkisborgara frá hluttöku.

Um 3. gr.

Sbr. 2. gr. alþfrv. og aths. Vegna þess að gert er ráð fyrir hluttöku annara en ríkissjóðs þykir ekki rjett að binda seðlaútgáfurjettinn lengur en í 50 ár. Svo stendur og lögmæltur seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka til enda leyfistíma hans.

Um 4. gr.

Sbr. 3. gr. alþfrv. með aths. Ákvæðið um að upphæð seðla, er innleystir verða, skuli standa á heilli tölu gullmynta er tekið eftir bendingu frá próf. A. N.

Um 5. og 6. gr.

Tryggingarhlutfallinu er haldið óbreyttu eins og það er ákveðið í l. nr. 65, 10. nóv. 1905. og ákveðið eins og þar að 1/4 gullforðans megi vera innstæða í erlendum bönkum, en beint tekið fram, að það skuli vera nettó-innstæða þ. e. innstæða umfram þær skuldir bankans við erlenda banka, sem greiða ber þegar heimtað er. Í nánu sambandi við tryggingu seðlanna er ákvæði 34. gr. um að 1/3 varasjóðs skuli komið fyrir í erlendum verðbrjefum, víxlum eða innstæðum, og miða bæði ákvæðin að því að styðja bankann í því aðalverkefni hans, að halda uppi verðmæti gjaldeyris landsins. Geta bankans í þessu efni verður þó samkvæmt eðli málsins aldrei trygð til fulls með lagaákvæðum einum, heldur verður hún ávalt einnig komin undir gætilegri bankastjórn.

Um 7. gr.

Sbr. 6. gr. alþfrv. m. aths.

Um 8. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 9. gr.

Sbr. 8. gr. alþfrv. m. aths.

Um 10. og 11. er.

Sbr. 9. og 10. gr. alþfrv. Af ákvæði 10. gr. leiðir það, að samþykki framkvæmdarstjórnar, fulltrúaráðs og ráðherra þarf til þess að stofnsetja og leggja niður útibú.

Um 12. gr.

Sbr. 11. gr. alþfrv. Rjett þykir að banna bankanum verslun með hlutabrjef fyrir eigin reikning, en þetta er vitanlega ekki því til fyrirstöðu, að bankinn geti eignast hlutabrjef vegna innheimtu á skuldum sínum, og þá selt þau aftur ef svo ber undir.

Um 13. gr.

Bankinn verður að hafa heimild til þess að útvega sjer lán erlendis gegn tryggingu í eignum sínum, aðallega í verðbrjefum. Hinsvegar er það að jafnaði ekki viðeigandi, að bankinn gefi sjerstakar tryggingar fyrir neinum innlendum skuldbindingum, nema um fasteignaveð sje að ræða. Þykir nægja að áskilja samþykki fulltrúaráðs og ráðherra til tryggingar gegn misbrúkun á heimildinni.

Um 14. og 15. gr.

Sbr. alþfrv.

Um 16. gr.

Nýmæli eftir bendingu frá prof. A. N., þarfnast ekki skýringar.

Um 17. og 18. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því, að tryggja sparisjóðsfje bankans. Því hefir verið haldið fram, og með nokkrum rökum, að seðlabanki, sem tekur við sparisjóðsinnlögum til ávöxtunar, þurfi að gulltryggja innlögin á svipaðan hátt og seðla sína. Ekki hefir þótt nauðsynlegt eða rjett, að gera svo strangar kröfur, en greinirnar fela í sjer áminningu til stjórnenda bankans um að hafa gát á þessu atriði, auk hinna beinu ákvæða í 18. gr.

Um 19. gr,

Reynsla undanfarinna ára sýnir að ekkert hefir verið eins hættulegt fyrir seðlabankana og getu þeirra til að halda uppi verðmæti gjaldmiðilsins eins og lánbeiðnir ríkisstjórnanna, eða kröfur þeirra um lán frá seðlabönkunum. Þessi hætta liggur einnig nærri hjer, ekki síst þegar seðlabankinn er orðinn eign ríkisins að hálfu leyti eða meira. Eftir uppástungu frá J. Kr., sem prof. A. N. hefir fallist á, er þessi grein orðuð, og er tilgangur hennar sá, að tryggja bankann gegn lánkvöðum af hendi stjórnarinnar. Búast má við að af þessu leiði það, að ríkissjóður verði á stundum til neyddur að hafa einhver viðskifti við aðra banka.

Um 20.—29. gr.

Sbr. 15.—24. gr. alþfrv. og aths. við það. Ætlast er til að stjórn bankans sje í höndum þriggja manna framkvæmdarstjórnar og fimm manna fulltrúaráðs. Á skipan framkvæmdarstjórnar er engin breyting gerð frá því sem nú er, en fulltrúaráðið er nýmæli, og er ætlast til að það verði starfandi stofnun, sem taki beinan og stöðugan þátt í stjórn bankans. Er stungið upp á að sameinað Alþingi kjósi tvo fulltrúa, með sjerþekkingu á tveim aðalatvinnuvegum landsins, landbúnaði og sjávarútvegi, en að ráðherra skipi þrjá fulltrúa, er valdir sjeu með það fyrir augum, að þeir sjeu færir um að gæta þess, að bankanum sje stjórnað í samræmi við aðalverkefni hans sem seðlabanka. Það þykir ekki nauðsynlegt að áskilja að sjerstaklega verslunarfróður maður eigi sæti í fulltrúaráðinu, því að verslunarstjettin á greiðan aðgang að því að bera fram málefni sín við framkvæmdarstjórn og fulltrúaráð, þar sem aðsetur bankans er í aðalverslunarstað landsins.

Um 30. gr.

Þar sem fulltrúaráðinu er ætlað að hafa á hendi leiðbeinandi (kritiska) endurskoðun á gerðum framkvæmdarstjórnar, verður verkefni hinna eiginlegu endurskoðenda eingöngu reikningslegs eðlis, þ. e. þeir eiga að líta eftir reiknings-

haldi, bókfærslu og sjóði, að lögum og reglum bankans sje fylgt í þessum efnum. Það þykir því sjálfsagt að áskilja að endurskoðendurnir sjeu bókhaldsfróðir, og rjettara þykir að þóknun þeirra sje ákveðin í reglugerð bankans, svo að hún geti jafnan staðið í eðlilegu hlutfalli við starf þeirra, en að hún sje lögákveðin.

Um 31.—33. gr.

Sbr. alþfrv. 26.—28. gr. með aths. Stungið er upp á að nokkru meira sje lagt í varasjóð, en alþfrv. gerði ráð fyrir, og arður til hluthafa lækkaður nokkuð. Í 32. gr. 5. er orðalaginu breytt með það fyrir augum, að ríkið ef til vill eignist meira en helming hlutafjárins.

Um 34. gr.

Sbr. alþfrv. 29. gr. og athugasemd við hana.

Um 35.—43. gr.

Sbr. alþfrv. 30.—38. gr. með aths. Fyrri hluti 36. gr. er orðaður í samræmi við 11. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka. Rjettara þykir að um ávöxtun opinberra sjóða og fjár þess er opinberar stofnanir eiga, fari eftir ákvörðunum í reglum þessara sjóða og stofnana sjálfra, heldur en að almennt ákvæði um ávöxtun sliks fjár sje tekið hjer upp. Vegna takmörkunarinnar á heimild bankans til að veita ríkissjóði lán (í 19. gr.), og þar af leiðandi möguleika á því að ríkissjóður neyðist til að skifta að einhverju leyti við aðrar peningastofnanir, þykir ekki heldur rjett að einskorða öldungis í þessu frv., að handbært ríkisfje skuli ávalt geymt í Landsbankanum, heldur þykir rjettara að slíkt sje komið undir samningum milli bankans og ríkisstjórnarinnar; þó er ekki tilætlunin að gera neina breytingu á þessu í framkvæmdinni frá því sem verið hefir.

Um 44. gr.

Ákvæði frv. um seðlainnlausn og gullkaup geta að sjálfsögðu eigi komið til framkvæmda, fyr en seðlar bankans í reyndinni eru komnir í jafnvirði við gull, hvort sem það verður með hækkun á gengi seðlanna, eða með sjerstökum ráðstöfunum löggjafarvaldsins. Meðan seðlarnir eru óinnleysanlegir er nettó-innstæða í tryggum erlendum bönkum betri trygging og hagkvæmari en gull, og þykir því rjett að heimila undanþágu frá niðurlagsákvæði 6. gr. c.

Um 45. gr.

Sbr. alþfrv. 40. með aths. Ekki þykir næg ástæða til að undanþiggja bankann því sjerstaka gjaldi til ríkissjóðs og byggingarsjóðs, sem greiða ber af tilsvarandi seðlum eftir núgildandi lögum.

Um 46.—48. gr.

Munu ekki þarfnast skýringa.

27. Frumvarp

til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Í sjóðinn rennur ennfremur andvirði þjóðjarða þeirra, er hjer eflir verða seldar, svo og ársvextir hans. Ennfremur rennur í hann varasjóður 1. flokks veðdeildar Landsbankans, þá er lokið er skuldbindingum þess flokks.

3. gr.

Ræktunarsjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef, er nefnast Jarðræktarbrjef. Skulu það vera skuldabrjef er hljóða upp á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um lögun og útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa brjefin.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Vextir af vaxtabrjefum 1. flokks skulu vera 6%.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabrjefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn, sem ráðherra setur, skal ákveða fjárhæð brjefanna, vexti annara flokka en hins fyrsta, gjalddaga vaxtanna, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 30 árum frá því er flokkur var opnaður.

4. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur ríkissjóður 10 þús kr. árlega í þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi öðlast gildi, og úr því fer upphæðin minkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

5. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

6. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að 4% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 10% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins heimilt að leggja í varasjóð einungis svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 10% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs,
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka taka þarf til tryggingganna, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

8. gr:

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum. Lán til jarðræktar skulu ganga fyrir lánum til húsagerðar.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktarlaganna frá. 20. júní 1923, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðunni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafist að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Upphæð lánanna má nema alt að $^{5}/_{6}$ virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyr en jarðabót eða hús, sem lánið er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar fyrirfram eða meðan verkið stendur yfir, að nokkru eða öllu, ef nægilegt veð er fyrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. og lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verð-

hækkun vegna hennar liggur fyrir, enda er lántakanda þá skylt að ljúka við mannvirkið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðsins tiltekur, og aldrei má lengri vera en 5 ár. Nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd slíkra mannvirkja skal setja í reglugerð sjóðsins.

Nú er veittur styrkur af opinberu fje til mannvirkis, og má þá upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr $^{2}/_{3}$ virðingarverðs mannvirkisins.

9. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^{3}/_{5}$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli eigi veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna sjálfra til viðauka við virðingarverð eignarinnar óbættrar, án þess að ný virðing á fasteigninni í heild fari fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.
b. Gegn afgjaldskvöð á býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfjelaga, enda sje lánið veitt leiguliða til umbóta á býlinu sjálfu. Afgjaldskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt.
c. Gegn ábyrgð hreppsnefnda eða sýslunefnda, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgjaldskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

10. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins mega telja til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu vátrygð í vátryggingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs telur góða og gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða að Ræktunarsjóður annist vátryggingar og innheimti iðgjöldin með árgjöldum af láninu, þegar stjórn sjóðsins ákveður svo.

11. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og umbætur þær, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjelaganna.

12. gr.

Búnaðarfjelag Íslands og trúnaðarmenn þess skulu láta í tje umsögn sína og upplýsingar um sjerhverja lánbeiðni, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs óskar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti, eða oftar ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfjelags Íslands, eða öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því að jarðabótinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið, og að veðið hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Lánsupphæð út á einstaka fasteign má eigi fara fram úr 25 þús. kr. Gegn afgjaldskvöð á einstakri fasteign má ekki lána meira en 10 þús. kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og samþykki jarðareiganda komi til, og þá aldrei meira en 25 þús. kr.

Lánstíminn má vera:

a. Til matjurtagarða 5 ár.
b. Til girðinga, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu 10 ár.
c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og áburðargryfja 20 ár.
d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga 20 ár.

Af láninu samkvæmt staflið a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflið c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

14. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta að Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga bezt, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram, og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

15. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu, skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds, og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til, að annast án endurgjalds

útborganir á lánum úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirliggjandi hjá þeim, og gera reikningsskil eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt, að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

17. gr.

Vilji maður, vegna eigendaskifta eða ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar sjóðsins um það, og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins.

18. gr.

Lánum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar eða gjöld, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt, að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr. um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $^1/_2$% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

20. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út,

eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Sjóðurinn má og á þann þátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

21. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

22. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins, með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

24. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

25. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Ræktunarsjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

26. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða

láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auð-jáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

27. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

28. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins almennt.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir hvað veldur.

29. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Ræktunarsjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Ræktunarsjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

30. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hve nær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

31. gr.

Lán þau, er veitt hafa verið úr Búnaðarlánadeild Landsbankans, þá er Ræktunarsjóður tekur til starfa samkvæmt þessum lögum, má yfirfæra til Ræktunarsjóðs, þótt lánsskilmálar séu aðrir en þessi lög ákveða, enda taki Landsbankinn vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði sem greiðslu fyrir skuldabrjef þau, er hann samkvæmt þessu afhendir Ræktunarsjóði.

32. gr.

Úr Ræktunarsjóði má veita lán samkvæmt þessum lögum til jarðabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. mars 1900, lög 20. okt. 1905 um breytingu á þeim lögum, lög 14. nóv. 1917 um breytingu á sömu lögum, lög 4. júní 1924 um stofnun Búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á umliðnum árum, að minsta kosti síðan 1913, hafa einatt komið fram óskir um sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, bygðar á því, að þær lánsstofnanir, sem til eru í landinu, komi landbúnaðinum ekki að fullum notum, og að til hans renni því ekki svo mikill hluti af lánsfjenu í landinu, sem eðlilegt væri og vera þyrfti, til þess að framfarir í þeim atvinnuvegi fylgdust með framförum annara atvinnuvega landsmanna. Framan af hugsuðu menn sjer þessa sjerstöku lánsstofnun aðallega sem almenna veðlánastofnun fyrir sveitirnar, sem ætti að veita lán gegn jarðaveði á sama hátt og veðdeild Landsbankans lánar gegn veði í húsum í kaupstöðum og gegn jarðaveði. Yrðu veðlánastofnanirnar þá tvær, önnur fyrir sveitir, en hin fyrir kaupstaði og kauptún. Árið 1920 tók Böðvar Bjarkan lögfræðingur málið til rannsóknar fyrir landsstjórnina, og komst að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri að hafa eina veðlánastofnun sameiginlega fyrir sveitir og sjávarpláss, og voru upp úr því sett lög nr. 64, 27. júní 1921, um

stofnun Ríkisveðbanka Íslands, en þau lög hafa ekki komið til framkvæmdar enn þá. Á Alþingi 1924 flutti þm. Strandamanna (Tr. Þ.) frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, er samþykt var með nokkrum breytingum, og varð að lögum 4. júní s. á. Var tilætlunin sú, að bæta úr lánaþörf landbúnaðarins um stundarsakir, þangað til Ríkisveðbankinn tæki til starfa. Frv. mætti frá upphafi mótspyrnu frá stjórn Landsbankans, sem taldi það óhagkvæmt fyrir bankann, og hvernig sem annars er litið á ástæður bankastjórnarinnar, þá geta þau lög ekki til lengdar samrýmst því, að Landsbankinn sje gerður að þjóðbanka og seðlabanka fyrir landið. Í umræðunum um þetta frumvarp hjet stjórnin því, að undirbúa úrlausn málsins fyrir næsta Alþingi, og er endir bundinn á það loforð með frv. því, er hjer liggur fyrir.

Í lögunum um Ríkisveðbanka er annarsvegar gert ráð fyrir því, að sá banki taki að sjer það verkefni, að veita lán til landbúnaðar, og hinsvegar er svo ákveðið, að bankinn taki að sjer forsjá og stjórn veðdeildar Landsbankans, þannig að henni er í rauninni ætlað að renna inn í Ríkisveðbankann og verða fyrsta byrjun hans. Af þessum ástæðum þótti eðlilegast og í bestu samræmi við ríkisveðbankalögin, að stofnsettur yrði sjerstakur flokkur við veðdeild Landsbankans, er hefði það eitt verkefni, að veita landbúnaðarlán, og mundi sá veðdeildarflokkur þá á sínum tíma renna yfir í Ríkisveðbankann eins og hinir veðdeildarflokkarnir. Gerði ráðuneytið uppkast að lagafrv. í þessa átt, og sendi það m. a. Búnaðarfjelagi Íslands til umsagnar. Fjelagsstjórnin skipaði með samþykki landsstjórnarinnar þriggja manna nefnd til að taka málið í heild til athugunar, og áttu þeir sæti í nefndinni: Thor Jensen framkvæmdarstjóri (formaður), Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri og Halldór Vilhjálmsson skólastjóri.

Búnaðarfjelagsnefndin (hjer eftir skammstafað Bfn.) komst að þeirri niðurstöðu, að æskilegra væri að hafa stofnunina sjálfstæða, og byggja hana upp á Ræktunarsjóðnum núverandi. Samdi nefndin uppkast að lögum um þetta, og þar sem stjórnin getur í öllum aðalatriðum fallist á tillögur nefndarinnar, þá hefir uppkast hennar verið lagt til grundvallar við samningu þessa frv.

Ætlast er til að Ræktunarsjóði sje útvegað aukið fje til útlána aðallega með vaxtabrjefasölu, á svipaðan hátt og veðdeild Landsbankans gerir nú. Af þessu leiðir að flest ákvæði frv. eru með líku sniði og ákvæði annara laga um veðlánastofnanir. Aðalmismunurinn, sem leggja verður mjög mikla áherslu á, er sá, að Ræktunarsjóði er ekki ætlað að veita lán gegn jarðarveði alment, heldur eingöngu lán til jarðabóta og nauðsynlegra húsabóta á býlum í sveitum, en hins vegar gert ráð fyrir að þessi lán verði venjulega trygð með jarðarveði. Aftur á móti er það tilgangi Ræktunarsjóðs óviðkomandi, að veita lán gegn jarðarveði, sem nota á til annars en þessara umbóta á býlunum, t. d. lán vegna jarðakaupa. Slík lán verða menn eftir sem áður að sækja í hina almennu veðlánastofnun eða aðrar lánsstofnanir. Þær talsvert veigamiklu ástæður, sem færðar hafa verið gegn tvískiftingu veðlánanna alment milli sveita og sjóplássa, koma því ekki til greina gagnvart þessu afmarkaða verkefni Ræktunarsjóðsins.

Um 1. gr.

Tekið upp úr 3. gr. laga 2. mars 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands.

Um 2. gr.

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs var í árslok 1923 kr. 927,529,07. Eftir núgildandi lögum fær ríkissjóður 3% vexti af sjóðnum og nam upphæðin tæpum 25 þús. kr. árið 1923. Er gert ráð fyrir að þessi greiðsla í ríkissjóð falli burtu, og að sjóðurinn fái að vaxa af vöxtum sínum. Varasjóður 1. flokks veðdeildar er nú um 150 þús. kr., og er stungið upp á að hann renni til Ræktunarsjóðs þegar hann losnar, sem ætti að geta orðið eftir fáein ár.

Bfn. hefir stungið upp á að auka Ræktunarsjóð enn meira með framlagi úr ríkissjóði og með sjerstökum tollum, sem lagðir yrðu á í því skyni. Stjórnin getur ekki fallist á að rjett sje að greiða fje úr ríkissjóði í þessu skyni, eins og fjárhag hans er nú háttað, en gæti fallist á hina uppástunguna, ef nauðsyn þætti að auka sjóðinn eins og nú stendur.

Um 3. gr.

Stungið er upp á að sjóðurinn megi útvega sjer fjármagn með vaxtabrjefasölu, sexfalt á við höfuðstól sjóðsins. Sje gert ráð fyrir að 4% ársvextir leggist jafnan við hann, og að varasjóður 1. fl. veðdeildar komi til viðbótar, ætti höfuðstóll sjóðsins eftir 10 ár að vera orðinn full $1^1/_2$ milj. kr. fyrir utan aukningu þá, er hann kann að fá vegna sölu þjóðjarða á því tímabili. Þá mættu vera í umferð um eða yfir 9 milj. kr. í vaxtabrjefum. Þykir ekki líklegt að þörf muni verða fyrir meiri brjefasölu en þessu svarar, þegar litið er til þess, að allir 4 flokkar veðdeildar Landsbankans samtals hafa til þessa aldrei haft meira en rúmar 6 milj. kr. í umferð. En auðvitað er ávalt unt að auka höfuðstól sjóðsins ef þörf skyldi verða fyrir meiri brjefasölu.

Bfn. leggur með rjettu áherslu á að lánin verði ekki veitt til lengri tíma en samsvarar endingu jarðabótanna og arði af þeim, en þegar lánin eru veitt til stutts tíma, er hagstæðara fyrir lántakendur að vextir brjefanna sjeu svo háir, að þau seljist affallalaust eða því sem næst, heldur en að vextir sjeu lægri og afföll á vaxtabrjefunum. Út frá þessu sjónarmiði og með tilliti til núverandi ástands á peningamarkaðinum hefir Bfn. lagt það til, að vextir 1. flokks yrðu í sjálfum lögunum ákveðnir 6%, en þá er til ætlast að þeim flokki verði lokað, jafnskjótt og almennir vextir lækka svo, að tiltækilegt þykir að selja brjef, er bera lægri vexti.

Um 4. gr.

Er í samræmi við tilsvarandi ákvæði í lögum veðdeildarflokka Landsbankans, en upphæðin hjer samkvæmt tillögu Bfn. höfð nokkru hærri og fyrir lengri tíma, til þess að greiða fyrir myndun varasjóðs.

Um 5. gr.

Samskonar rjettindi hefir veðdeild Landsbankans nú.

Um 6. gr.

Þar sem höfuðstóll og varasjóður eru báðir sjálfseign stofnunarinnar, er

aðgreining milli þeirra fremur þýðingarlítil, öðruvísi en sem ákvörðun um að halda einhverju fje handbæru, og þykir nægja að áskilja alt að 10% af höfuðstólnum.

Um 7. gr.

Með hliðsjón af ákvæðinu í 7. gr. 4. lið laga nr. 64, 1921 hafði ráðuneytið upphaflega stungið upp á að ábyrgð ríkissjóðs yrði takmörkuð við 25% af upphæð vaxtabrjefa í umferð, og tók Bfn. þetta upp. Við nánari athugun varð það þó ofan á, að slík takmörkun ábyrgðarinnar mundi ef til kæmi verða þýðingarlítil fyrir ríkissjóð, en að fullkomin ábyrgð mundi greiða mjög fyrir sölu brjefanna og jafnvel lyfta söluverði þeirra dálítið, og þótti því rjett að stinga upp á að hún yrði í tje látin.

Um 8. gr.

Þessi grein er orðuð eftir samráði við Bfn. Niðurlagsákvæðið er sett í samræmi við 7. gr. laga 4. júní 1924 um stofnun Búnaðarlánadeildar. Annars á greinin að tryggja það, að lánum úr Ræktunarsjóði verði varið eingöngu til arðberandi og nauðsynlegra umbóta á býlunum.

Um 9. gr.

Heimilað er að taka tryggingu í veðrjetti innan $^{3}/_{5}$ af virðingarverði fasteignarinnar, þó svo að opinberir sjóðir (þar á meðal veðdeild Landsbankans og sparisjóðir) einir hafi veðrjett á undan Ræktunarsjóði. Hlutfallið $^{3}/_{5}$ er í samræmi við ákvæði laganna um Ríkisveðbanka.

Afgjaldskvöð á býlum, sem eru eign ríkis eða sveitarfjelaga, mun vera nýmæli. Þessi lán verða veitt leiguliðunum, og samkvæmt niðurlagi 8. gr. er ætlast til að þeir eins og aðrir lántakendur beri ávalt sjálfir $^{1}/_{3}$ kostnaðar við umbótina, þannig að ef hið opinbera sem landeigandi leggur eitthvað til kostnaðar við umbótina, þá lækkar upphæð sú, sem lána má, að sama skapi.

Um 10. gr.

Bfn. hefir bent á, að hentugt muni, að sjóðurinn annist vátryggingu húsa, sem honum eru veðsett, og innheimti iðgjöld ásamt með árgjöldum af lánum. Rjett þykir að heimila þetta, en það mun þó naumast koma til greina, þar sem sjerstaklega er með lögum ákveðið um brunatryggingar, t. d. þar sem lög um vátrygging sveitabæja ná til.

Um 11. og 12. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru tekin svo að segja óbreytt eftir tillögum Bfn. Gerir hún ráð fyrir, að mönnum muni þykja lánstíminn stuttur, en bendir rjettilega á, að af því að vextir sjeu nú háir, þá sje varhugavert að binda eftirkomendunum byrðar á herðar með því að hafa lánin löng.

Um 14. gr.

Það mun oft reynast hentugt, að útvega fje með því að selja vaxtabrjefin fyrirfram, og með því að heimild sje til þess, verður oft unt að nota tækifæri til brjefasölu, sem annars yrði ónotað. Að sjálfsögðu líður Ræktunarsjóður ofurlítið vaxtatap við þetta, sem hann verður að bera.

Þótt aðalreglan verði sú, að setja vexti brjefanna svo háa, að þau seljist með litlum eða engum afföllum, þá þykir þó rjett að slá varnagla við því, að menn verði fyrir afföllum á lánum sínum vegna affalla á vaxtabrjefunum, og að því miðar niðurlagsákvæði greinarinnar.

Um 15. gr.

Ákvæðin miða að því að greiða fyrir sölu vaxtabrjefanna, og opna leið til þess, að menn geti fengið lánin útborguð í næstu peningastofnun. Getur þetta einnig gert það aðgengilegra fyrir sparisjóði og bankaútibú að veita mönnum bráðabyrgðalán til umbóta, sem endurgreiðast af ræktunarsjóðsláni, að umbótinni lokinni.

Um 16.—18. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæðin um lántökugjald (½%) og árlegt gjald til kostnaðar (½%) eru sett samkvæmt tillögum Bfn. Í 4. fl. veðdeildar er lántökugjaldið 1%, en árlegt gjald til kostnaðar er hið sama sem hér er stungið upp á í 2., 3. og 4. fl. veðdeildar.

Um 20.—27. gr.

Munu ekkt þurfa skýringa.

Um 28.—30. gr.

Meðan engin reynzla er fengin um, hve mikið sjóðurinn verður notaður með hinni nýju tilhögun, er í rauninni erfitt að gera uppástungur um haganlegustu tilhögun á stjórn hans og afgreiðslu. Rjett þykir þó að stinga upp á að skipaður verði frá öndverðu einn framkvæmdarstjóri, sem hafi forstöðu sjóðsins fyrir aðalstarf, en gæslustjórunum er ætlað að hafa eftirlit með lánveitingum. Til þess að spara kostnað við sjerstakt húsnæði og fólkshald í byrjun, er ráðgert að fela Landsbankanum afgreiðslustörfin fyrst um sinn.

Um 31. gr.

Ákvæði hennar eru sett eftir samráði við stjórn Landsbankans, til þess að greiða fyrir lánveitingum úr Búnaðarlánadeild hans þangað til Ræktunarsjóður tekur til starfa eftir þessum lögum.

Um 32. gr.

Með því að gjört er ráð fyrir að lánin verði venjulega veitt eftir á, þegar umbæturnar eru fullgerðar, þykir rétt að á þessu ári megi veita lán út á jarðabætur frá 1924, sem samkvæmt venjunni verða mældar og teknar í skýrslur á þessu ári.

Um 33. og 34. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

Um 35. gr.

Vegna prentunar á vaxtabrjefum og eyðublöðum og vegna annars undirbúnings, sem tekur nokkurn tíma, má naumast vænta að stofnunin verði tilbúin til starfa fyr en að áliðnu sumri.

28. Frumvarp

til laga um skráning skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hjer, og óheimilt er skipi að hafa íslenskan fána, nema fullnægt sje skilyrðum þeim, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip eru eign fjelags, þar sem fjelagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu $^2/_3$ fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal fjelagið eiga heimilisfang og varnarþing hjer á landi, enda eigi hver af stjórnendum fjelagsins hluti í fjelaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal fjelag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef fjelag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip þau, er lögum samkvæmt hafa verið tekin á skrá yfir íslensk skip áður en lög þessi koma til framkvæmdar, skulu þó hafa rjett til að standa á skrá og nota íslenskan fána, þótt ekki sje fullnægt skilyrðum þessarar greinar um heimilisfang eigenda eða stjórnenda.

2. gr.

Bannað er íslenskum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í konungsúrskurði nr. 41, 30. nóv. 1918, sbr. konungsúrskurð nr. 1, 12. febr. 1919.

3. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert á landi hjer er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu á hendi. Fjármálaráðuneytið löggildir skipaskrár í umdæmi hverju. Skulu þær vera tvær:

1. Skrá yfir skip 12—30 smálesta brutto og
2. Önnur yfir skip yfir 30 smálesta brutto.

Halda skal fjármálaráðuneytið aðalskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hjer á landi samkvæmt lögum þessum, enda á það úrskurðarvald um mælingu skipa og skráningu.

4. gr.

Umdæmaskrár skulu greina um hvert skip í dálki sjer:

1. Skráningarstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hverskonar skip það sje, lögun þess og aðalmál (lengd, dýpt og breidd).
3. Smálestatal skips, og með hvaða aðferð það sje reiknað.
4. Nafn, stöðu og heimildarbrjef eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafjelags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang, heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skráningarár og skráningardag.

5. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá (sbr. 3. gr.) í áframhaldandi töluröð (1 2 3 o. s. frv.), eftir því hvenær skráningar er beiðst.

Skip yfir 30 smálestir skal skrá þar í lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar sem eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tl. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

6. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra, þar sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipsmíðarskírteini, ásamt heimildarbrjefi eiganda eða eigenda, ef eigandaskifti hafa orðið að skipi síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þessi frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðilja um önnur þau atriði, er með þarf svo að skip megi skrásetja (sbr. 4. gr.).

3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap um það, að hann eða þeir sje í raun rjettri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki að eins í orði kveðnu, og ef eigandi er fjelag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja samskonar yfirlýsing stjórnenda allra um það, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er í 4. tölul. 1. gr. segir. Ennfremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins skuli ekki verða notað þess til að útvega öðru skipi rjettindi skipa, skrásettra hjer á landi, nje sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hjer. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notarii publici.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hjer segir, ef öflun þeirra er sjerstökum erfiðleikum bundin, enda sje rjettur aðilja til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar til þess að skráning megi fram fara með öðrum hætti fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hjer skip sitt eða hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skifta.

7. gr.

Nú telur lögreglustjóri, eftir atvikum að undangenginni rannsókn samkvæmt 6. gr., aðilja tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri fjármálaráðuneytinu skjöl þau, er í 6. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Gerir ráðuneytið síðan annaðhvort, að leggja fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda því skjölin af nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

8. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt sem þess er kostur senda fjármálaráðuneytinu öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 6. og 7. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í tje láta og máli skiftir. Skal ráðuneytið athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur ráðuneytið látið nýja mælingu fram fara. Ráðuneytið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef ráðuneytið telur skip ranglega skráð, þá getur það fyrirskipað rannsókn samkvæmt 6. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 7. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa, eða skip skuli aftur stryka af skrá.

9. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 7.

og 8. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstóla. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í hjeraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðilja eða ekki.

10. gr.

Nú telur fjármálaráðuneytið skip rjettilega skráð, og tekur það þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 smálestir brutto. þá gefur ráðuneytið út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu í því formi, er ráðuneytið ákveður. En ef skip er minna, þá gefur ráðuneytið að eins út mælingarbrjef því til handa, nema sigla eigi því til annara landa. Fær það þá þjóðernisskírteini auk mælingarbrjefsins.

Rita skal mælingarskírteini skips og alt það, er greina skal í skipaskrá samkvæmt 4. gr., á þjóðernisskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf í skipaskrá, leiðrjettir smálestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskírteini og fær aðilja það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 6 gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefir af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

11. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka netto smálestatal þess og skráningarstafi á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkent skrásett íslenskt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir skráningarstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávalt vera að minsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annara landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sje gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, enda samþykki fjármálaráðuneytið breytinguna, og óbreyttir haldist skráningarstafir skipsins.

12. gr.

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi fyrr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn á íslenska höfn, enda sje skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sje.
2. Hvar og hvenær skip sje bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

13. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini skal ávalt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollafgreiðslu skips og samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiftafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiftafulltrúi landsins erlendis.

14. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafist, enda sje eldra skírteini skilað aftur um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiftafulltrúi hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 6. sbr. 7. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá viðskiftafulltrúi landsins þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 12. gr.),

og skal þar frá því skýrt, hversvegna skírteinið sé útgefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefir glatast.

4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini þess stendur um það. hverskonar skip það sje, smálestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip af nýju, nema hallkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri fjármálaráðuneyti þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin og verður skipið svo skrásett af nýju.

15. gr.

Ef eigandaskifti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rjetti til að sigla undir íslenskum fána, eða skipstjóraskifti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 4. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigandaskifti hafa orðið, bæði fyrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því innan 4 vikna, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrjett samkvæmt því.

Skal svo skrá breytingarnar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar sem hjer segir erlendis, og skal þá næsti viðskiftafulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda fjármálaráðuneytinu þegar skýrslu um þær.

Rjett er, að rannsókn samkvæmt 6. sbr. 7. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigandaskifti eftir þessari grein varða.

16. gr.

Stryka skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggvið upp eða er ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiftafulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, fjelags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rjetti til að nota íslenskan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, með sama hætti sem í 15. gr. segir, að skýra lögreglustjóra frá breytingunni innan 4 vikna frá því er hún varð. Ef eigandaskifti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiftafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda fjármálaráðuneytinu þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar sem enginn viðskiftafulltrúi er fyrir hönd Íslands skal skipstjóri eða

eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sje að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi, um breytinguna, og senda skjölin síðan fjármálaráðuneytinu. Nú verða eigandaskifti að skipi eða skipshluta vegna skifta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiftaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiftafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.

3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

17. gr.

Lögreglustjóri skýrir fjármálaráðuneytinu jafnskjótt sem unt er frá hverri þeirri breytingu, sem í 15. og 16. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rjett aðilja til að hafa skip áfram skrásett á Íslandi eða grunur kemur upp um það, að sá rjettur sje glataður eða hafi aldrei verið til, nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra fjármálaráðuneytinu frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þess máls og úrskurð eins og í 6., 7. og 9. gr. segir.

18. gr.

Ef eigandi æskir þess og sjerstök ástæða er til þess, þá getur fjármálaráðuneytið veitt skipi, sem heima á hjer á landi, leiðarbrjef til þess að fara hjer hafna á milli áður en það sje skrásett, enda hefir slíkt leiðarbrjef sama gildi hjer við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu rétt að veita skipi, ef nauðsyn ber til að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi ráðuneytið fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 12. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en 2 ár, en þó getur ráðuneytið lengt frestinn, ef sjerstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það smálestatal og skrásetningarstafi eftir 11. gr.

19. gr.

Lögreglustjóra er skylt að láta í tje, gegn 5 króna endurgjaldi fyrir hvert skip, ágrip úr skipaskrá. Fjármálaráðuneytið lætur og í tje, með sömu skilyrðum, staðfest eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum og mælingarbrjefum. Greina skal á eftirriti, hvers vegna það var af hendi látið.

20. gr.

Það varðar sektum 100—200 kr. á hverja brutto smálest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skrásetningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hjer.

2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er valda missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefir skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hjer eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefir aðili eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

21. gr.

Það varðar 50—100 kr. sektum á hverja brutto smálest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 20. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsgr. 20. gr. eiga og hjer við.

22. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skifta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 20. og 21. gr., enda má kyrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

23. gr.

Ef aðili útvegar sjer annars eða lætur útvega sjer ranglega skráningu á skipi sinu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbrjef (18. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 11., 12., 13., 14., 15. eða 16. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum alt að 2000 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur fjelaga og stofnana.

25. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru settar.

26. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 25. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 25. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirmæli skipaskráningarlaganna nr. 70, 1919 um afskifti fjármálaráðuneytisins af skipaskráningu eru ekki svo glögg sem skyldi. Heimild skortir í lögunum til opinberrar réttarrannsóknar um rétt manna til að láta skrá hér skip sitt eða halda því hér á skrá. Og er varla vafamál, að slíkrar rannsóknar muni geta orðið þörf. Refsingar á hendur þeim, sem svíkja eða reyna að svíkja sér út skráningu á skipi sínu, virðast vera of vægar eftir l. nr. 70, 1919. Þessi atriði hafa einkum valdið því, að löggjöfin um skipaskráningar hefur verið tekin til meðferðar að þessu sinni. En úr því að þörf sýndist að breyta lögunum í þessum atriðum, og gera þau fyllri, þá þótti réttast að taka þau öll fyrir og breyta þar orðalagi og efnisskipun, er betur þótti fara, enda mundi hafa þurft að gefa þau út af nýju með áorðnum breytingum, þó að numið hefði verið staðar við þær greinir einar, sem óhjákvæmilegt var að taka hér fyrir, því að mjög er óhentugt, að slík lög sem skráningarlögin sé í mörgu lagi.

Um einstakar greinir athugast:

Um 1. gr. Svarar til 1. gr. l. 70, 1919.

Um 2. gr. Svarar til síðasta málsl. 2. gr. l. 70, 1919.

Um 3. gr. Svarar til 4. og 5. gr. l. 70, 1919.

Um 4. gr. Svarar til 7. gr. l. 70, 1919.

Um 5. gr. Sbr. 2. og 5. gr. l. 70, 1919.

Um 6. gr. Svarar til 9. gr. l. 70, 1919. Síðasta málsgr.

Veitir skýlausa heimild til opinberrar rannsóknar á skilyrðum aðilja til þess að láta skrá hér skip samkvæmt 1. gr., svo að komist verði fyrir það, hvort hann fullnægi þessum skilyrðum í *raun réttri* eða að eins í *orði kveðnu*.

Um 7. gr. Það er varla fullglöggt, eftir 10. gr. l. 70, 1919, hver afskifti fjármálaráðuneytið getur haft af því, ef vafi verður um það, hvort maður hafi rétt til að láta skrá hér skip sitt. Þenna vafa á grein þessi og þær næstu að fyrirgirða. Fjármálaráðuneytið getur fyrirskipað rannsókn og eftir atvikum ónýtt skráningu.

Um 8. gr. Vísast til aths. við 7. gr.

Um 9. gr. Það þykir hentast og í beztu samræmi við 6.—8. gr., að með mál þessi verði farið sem opinber mál, enda lúta þau að þeim atriðum, er rannsaka skal samkvæmt 6., 7. og 8. gr.

Um 10. gr. Sbr. 2., 4. og 11. gr. l. 70, 1919.

Um 11. gr. Sbr. 3., 6. og 14. gr. l. 70, 1919.

Um 12. gr. Svarar til 13. gr. l. 70, 1919.

Um 13. gr. Svarar til 12. gr. l. 70, 1919.

Um 14. gr. Svarar til 15. og 19. gr. l. 70, 1919. Sbr. og 13. og 18. gr. sömu laga.

Um 15. gr. Svarar til upphafs 18. gr. l. 70, 1919.

Um 16. gr. Sbr. 16. og 17. gr. l. 70, 1919.

Um 17. gr. Svarar til fyrirmæla síðustu mgr. 6. gr. og 7. og 8. gr., og er jafnnauðsynleg sem þau.

Um 18. gr. Svarar til 21. gr. l. 70, 1919.

Um 19. gr. Svarar til 20. gr. l. 70, 1919.

Um 20.—22. gr. Það þykir nauðsynlegt að þyngja refsingar fyrir það, ef maður svíkur eða reynir að svíkja sér út skráningu hér á skipi sínu, enda þótt hann skorti skilyrði 1. gr. Eftir fyrirmælum frumv. hættir hver sá, er fremur slík brot, skipinu, með því að selja má það til lúkningar sektum og málskostnaði.

Um 23. gr. Svarar til 25. gr l. 70, 1919.

Um 24. gr. Það er lögð áherzla á það, að sektir eftir lögum um skipaskráning verið greiddar, og að ekki þurfi að koma til afplánunar þeirra í fangelsi. Grein þessi svarar til 27. gr. l. 70, 1919.

Um 25. og 26. gr. Það virðist einsætt, að mál til refsingar fyrir brot á lögunum sæti jafnan meðferð dómstóla.

29. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgr. svohljóðandi:

Brot samkvæmt þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi í því skyni, að koma því, beinlínis eða fyrir milligöngu annara, hjer á land eða til sölu eða neytslu í landhelgi eða í íslenskt skip til sölu eða neytslu. En landhelgi telst 4 sjómílur í haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landsmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

7. gr. skal orða svo:

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

3. gr.

2. málsgr. 9. gr. skal orða þannig:

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna (sbr. þó 18. gr.), en þó aldrei oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til neytslu, heldur aðeins til lækninga.

4. gr.

14. gr. skal orða svo:

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni, að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni 500—5000 krónum.

Öðru sinni 1000—10000 krónum.

Þriðja sinni og oftar 2000—20000 krónum.

Auk þess skal sökunautur sæta fangelsi, eða, ef brot er marg ítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Nú flytur skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegann hluta af farmi þess, og skal skip þá gert upptækt með dómi til handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, enda má kyrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

2. Ef áfengi er ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, þá varðar það sektum frá 100—2000 krónur.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

5. gr.

1. málsgr. 15. gr. skal orða svo:

Nú skýrir skipstjóri lögreglustjóra eða umboðsmanni hans rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—2000 krónur, enda liggi ekki þyngri refsing við broti hans, samkvæmt öðrum lagafyrirmælum. Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði eins og segir í síðustu málsgrein 1. tölul. 14. gr.

3. málsgr. sömu greinar skal orða svo:

Ef nokkur brýtur oftar ákvæði þessarar greinar, eða gerir sjer sölu eða veitingar átengra drykkja að atvinnu, þá varðar það, auk sekta samkvæmt 2. málsgr., fangelsi, ekki skemra en 1 mánuð, eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Síðustu málsgr. sömu greinar skal orða svo:

Afgreiðslumanni lyfsala eða hjeraðslæknis liggur sama hegning við, ef hann afhendir áfengi án lyfseðils, oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli eða lyfseðli læknis, er sviftur hefir verið heimild til að láta áfengislyfseðla af hendi

samkvæmt 18 gr., eða eftir lyfseðli, sem ekki er að öllu leyti samkvæmur þeim reglum, er í 2. málsgr. 9. gr. segir.

Ef lyfsali sjálfur eða forstöðumaður lyfjabúðar eða hjeraðslæknir brýtur með þeim hætti, sem í næstu málsgr. hjer á undan segir, þá varðar það sektum 200—5000 krónum. Ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar verður tvisvar sannur að þessum brotum eða einhverju þeirra eða ef ofannefndir þjónar hans verða það, sami maður þrisvar sinnum í þjónustu hans, þá getur dómsmálaráðherra svift hann lyfsöluleyfi eða rjetti til að standa fyrir lyfjabúð.

Lyfsali og hjeraðslæknir ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er þjónn hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, enda má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

6. gr.

18. gr. skal orða svo:

Nú lætur læknir áfengi af hendi án þess að hann hafi fullvissað sig um þörf beiðanda á því til lækninga, eða læknir brýtur reglur þær, sem settar eru eða settar verða samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., og skal hann þá sæta sektum, fyrsta skifti 200—5000 krónum, og tvöfaldri sekt, ef brot verður ítrekað. Nú verður læknir þrisvar sinnum sannur að sök um þessi brot, og skal þá svifta hann með dómi heimild til þess að gefa út seðla á áfengi eða láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Dómsmálaráðherra getur sett, með ráði landlæknis, nánari reglur um þetta atriði.

7. gr.

Eftir 18. gr. komi ný grein, er verði 19. gr. — greinatalan breytist samkvæmt því — svo látandi:

19. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum eða hótunum eða ráðum sínum, að brot á lögum þessum verði framið, enda verði hann ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, eða veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, sæti sektum frá 50—5000 krónum. Ef brot er ítrekað eða ef miklar sakir eru, skal, auk sekta, dæma sökunaut í fangelsi, eða, ef mjög miklar sakir eru, í alt að 1 árs hegningarvinnu.

8. gr.

19. gr., er verður 20. gr., skal orða svo:

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því að eins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim, enda gangi málskostnaður fyrir.

9. gr.

20. gr., er verður 21. gr., skal orða svo:

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt 2. málsgr. 9. gr. skal fara að hætti almennra lögreglumála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Þau brot, sem framin eru fyrir þann tíma, skal dæma eftir þessum lögum, ef úrslitin verða sökunaut vægari, en ella eftir eldri lögum.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 91, 14. nóv. 1917, og gefur konungur þau lög þannig breytt út sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er tilætlunin að bæta úr ýmsum göllum, sem þykja nú vera á lögum nr. 91, 1917. Bæði þykir mönnum vanta í þau nauðsynleg ákvæði, og sum fyrirmæli þeirra ekki sem skyldi. Verður nánar gerð grein fyrir þessu í athugasemdum um einstakar greinar.

Um 1. gr. frumvarpsins.

Ekki er það sagt berum orðum í l. nr. 91, 1917, hve nær brot á 1. gr. þeirra sje fullframið. En svo mun hafa verið talið, að það væri, þegar áfengið væri flutt í landhelgi. En sá flutningur skal auðvitað vera í því skyni framkvæmdur, sem í þessari grein frv. segir. Annarskostar mundi hann vera saklaus. En svo vantar fyrirmæli í lög vor um það, hversu telja skuli landhelgi langt í haf út. Um fiskiveiðar eru einungis ákvæði um landhelgi í samningi við Bretland frá 24. júní 1901, 11. gr., þar sem fiskiveiðar eru áskildar þegnum konungs einum 3 sjómílur (= $^3/_4$ danskrar mílu) undan landi og í fjörðum innan við beina línu, sem dregin er þvert yfir fjörð næst mynni hans, þar er breiddin fer ekki fram úr 10 sjómílum, og 3 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

Til forna voru fiskiveiðar bannaðar öllum öðrum en Íslendingum og einokunarkaupmönnum 4 mílur frá landi. Fyrst var þessi regla sett í einkaleyfi 16. desember 1631 og síðast er hún endurtekin í einkaleyfi 15. ágúst 1763, 13.—15. gr. Í tilsk. 13. júní 1787, I. kap. 2. gr., var öllum skipum erlendra ríkja bannað að koma inn í firði landsins eða flóa eða hafnir og að veiða við landið. Var regla þessi skilin svo, að engir, nema þegnar konungs, mætti fiska við landið nje í fjörðum þess eða flóum, hversu víðáttumiklir sem þeir væru. Þó að regla þessi væri allónákvæm, gerði stjórnin þó oftast ráð fyrir því, að hún væri gildandi lög, og það þó að landhelgi við Danmörku og Noreg hefði verið ákveðin 1 dönsk míla, konungsúrskurður 22. febr. 1812 o. fl., sjá kgsbr. 3. maí 1846, erindisbr. 18. maí 1850 og stjórnarbrjef. 18. apr. 1859. Með kgsúrsk. 8. júní 1863 var ákveðið *að banna þegnum annara ríkja fiskiveiðar í danskrar mílu fjarlægð frá landi,* talið frá ystu eyjum og hólmum, er upp úr

sjó koma, eins og gert er nú alment, *og auk þess í fjörðum og flóum.* Í tilsk. 12. febr. 1872, 1. gr., er loks þegnum annara ríkja bönnuð fiskveiði í landhelgi hjer við land, eins og hún sje ákveðin í þjóðarjetti eða verði ákveðin með samningum.

Engir samningar eru til, er bindi öll ríki, um landhelgistakmörk. Og engin notandi þjóðrjettarregla er heldur til um þau. Það er reyndar gömul kennning, að landhelgi sje svo langt í haf út sem fallbyssa dragi af sjávarströndinni (skothelgi). En sá er galli á þessu, að slíkt fer eftir því, hversu langt menn eru á hverjum tíma komnir í fallbyssugerð. Og ekkert alment samkomulag er enn til ríkja milli um það, hversu skothelgi skuli talin ná langt til hafs. Bretar, Frakkar, Þjóðverjar og Bandaríkin í Norður-Ameríku hafa talið landhelgi hjá sjer í ýmsum samböndum 3 sjómílur, en Danir, Norðmenn og Svíar 4 sjómílur, Spánverjar 6 o. s. frv. Það getur því ekki komið til mála, að Ísland brjóti nokkra þjóðrjettarreglu, þótt það telji landhelgi sína 4 sjómílur, nema samningar standi til annars. Regla þessarar greinar endurtekur í raunínni gömlu regluna í kgsúrsk. 8. júní 1863 með þeirri breytingu, að um firði og flóa er stungið upp á fyrirmælum, er betur munu samrýmast rjettarvitund manna nú á tímum, og sniðin eru annars eftir reglunni í samningnum við Breta. Það má að minsta kosti ráða það af lögum nr. 70, 3. nóv. 1915, að Hjeraðsflói er ekki allur talinn í landhelgi. Og þá mun mega segja svipað um aðra stærstu flóana. Annars gæti komið til mála, að telja landhelgi lengra til hafs en hjer er farið fram á í *þessu* sambandi, þó að einnar mílu takmörkunum væri haldið í öðrum samböndum. En hagurinn af því væri sennilega tvísýnn.

Um 2. gr.

Orðabreyting í samræmi við 1. gr.

Um 3. gr.

Það hafa að vísu komið uppástungur um að afnema með öllu heimild lækna til að láta at hendi lyfseðla á áfengi. Áfengi er talið lækninglayf, og því virðist það varhugavert að svifta lækna yfir höfuð alveg þessum rjetti. Auk þess er hætt við, að þeim veitti ekki mjög erfitt að fara í kringum það bann með því að láta ýmsar blöndur með áfengi í stað hreins áfengis.

Það virðist rjettara og samræmara löggjöf vorri, að ráðherra setji reglur þær, er hjer segir, en vitanlega með ráði landlæknis.

Um 4. gr.

Það virðist einsætt, að gera fullan mun á því, hvort brotið er framið í gróðaskyni eða ekki. Sektir eru allmikið hækkaðar frá því, sem er í l. nr. 91, 1917, skip skal gera upptækt, ef verulegur hluti af farmi þess er ólöglega aðflutt áfengi, og skip er jafnan að veði fyrir sektum, ef áfengi er flutt inn til sölu eða veitinga fyrir endurgjald. Sama er um málskostnað. Fyrirmæli frv. herða því mjög refsireglur 14. gr. l. 91, 1917.

Um 5. gr.

Refsing skipstjóra, tryggingin í skipi og refsihækkun á hendur þeim, er gera sjer sölu eða veitingar áfengra drykkja ólöglega að atvinnu, er í samræmi við fyrirmæli 4. gr. frv. Það virðist rjett að láta afgreiðslumenn lyfsala og lækna sæta refsingu fyrir brot gegn reglunum um áfengisafhendingu, en hitt, að húsbóndi þeirra skuli greiða sekt og ef til vill missa atvinnuleyfi sitt, ef hann heldur sama manni þrátt fyrir ítrekuð brot hans, er til að skapa aðhald að lyfsölum og er í rauninni ekki harðara en fyrirmæli laganna og frv. um veðtrygging í skipi og upptöku (Konfiskation) skips eða ábyrgð skipstjóra á skipverjum eftir 5. gr. l. nr. 91, 1917.

Nýmælið um heimild til að svifta lyfsala og forstöðumann lyfjabúðar atvinnuheimild ætti að vera ríkt aðhald að þessum mönnum um að láta ekki viðgangast brot á aðflutningsbannlögunum í atvinnu sinni, og ákvæði þessi eru ekki harðari en t. d. fyrirmæli laga nr. 43, 2. nóv. 1914, um að svifta mann verslunarheimild fyrir ítrekuð brot á tolllöggjöfinni.

Um 6. gr.

Það þykir of hart og líka óheppilegt að svifta ef til vill ágæta lækna lækningaleyfi fyrir brot á bannlögunum, þau, er hjer segir. Heimild til að gefa út áfengis-lyfseðla virðist þar á móti rjett að taka af læknum, ef þeir ítreka brotin.

Um 7. gr.

Nú er hlutdeildarmönnum í þessum brotum ekki refsað, ef þeir verða ekki taldir aðalmenn í verknaðinum. Oft er þó lítill munur á aðalmönnum og hlutdeildarmönnum svonefndum, og því hneyxlar það almenning að vonum, ef hlutdeildarmenn sleppa, en aðalmenn svonefndir verða dæmdir sekir. Tilætlunin er að ráða bót á þessu með ákvæðum þessarar greinar. Það þykir þó ekki rjett, að hafa hlutdeildareglurnar hjer svo víðtækar sem þær eru í 5. kap. alm. hegningarlaga. Og öll hin flókna greining, sem þar er höfð, er algerlega óþörf, enda tæplega hugsanrjett að öllu leyti. Og er henni því slept hjer. Maður, sem t. d. neytir ólöglega aðflutts víns hjá hinum seka, mundi ekki verða látinn sæta refsingu eftir þessari grein, enda þótt hann hefði vitað, hvernig ástatt var um áfengið. Að »taka þátt í gróða« af broti getur ekki verið svo víðtækt. Það tekur til þess, ef aðili skyldi fá hluta af gróðanum, sem verða kynni af broti. Það er auðvitað, að skilyrði refsingar eftir þessari grein er alment vitund hlutdeildarmanns um það, að verknaður aðalmanns sje ólögmætur, enda virðist það felast í orðalagi greinarinnar. Þá er og bygt á því, að samskonar reglur og 56. gr. hegningarlaganna tekur einnig til hlutdeildarmanna eftir þessari grein.

Reglurnar um tilraun til brota virðast ekki eiga við brot þessi. Einungis mætti nota þær um svokölluð »putativ«brot, t. d. ef maður tryði því, að hann flytti spíritus í hnakktösku sinni, en svo reyndist það vera sýrublanda. En varla er ástæða til þess að fara að setja sjerstakar reglur um þessi tilvik. Þau munu verða afarsjaldgæf, og er í rauninni rétt talin fullframið brot.

Um. 8. gr.

Það virðist rjett að gert sje það, sem unt er til þess að hinir seku fái ekki að halda gróða af brotum sínum. Til þess er helsta ráðið að þröngva þeim til að *greiða* sektir í stað *afplánunar*. Fyrirmælin um ábyrgð lyfsala á sektagreiðslu fyrir þjóna sína og um veðtrygging í skipi stefna í sömu átt.

Um 9. og 10. gr.

Það er samkvæmt almannaskoðun, að sökunautur njóti linkinda af nýjum refsilögum, en lög, sem þyngri refsingu leggja við broti, komi ekki til greina um brot, sem framin eru áður en lögin koma til framkvæmda.

30. Frumvarp

til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkvæmt öðrum lögum, sem ekki ákveða sjerstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, þangað til öðruvísi verður með lögum ákveðið, launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

2. gr.

Síðari málsgrein lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^2/_3$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári — eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^2/_3$ launauppbótar.

Athugasemdir við frumvarpið.

Í árslok 1925 falla úr gildi ákvæði launalaganna frá 1919 um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins, en ástandið hefir ekki tekið þeim breytingum, síðan þau ákvæði voru sett, að gerlegt sje að láta þau falla úr gildi án þess þá að lögleiða einhver tilsvarandi ákvæði í þeirra stað.

Fyrst liggur þá fyrir að rannsaka, hvernig núverandi ákvæði um dýrtíðaruppbót hafi reynst í framkvæmdinni. Tilætlunin með þeim var sú, að bæta upp að nokkru eða öllu leyti þá verðhækkun á lífsnauðsynjum, sem orðið hefir síðan 1914. En að nokkru leyti var þó með launalögunum gerð á annan hátt ráðstöfun til þessa, nefnilega með hækkun á sjálfum grunnlaununum. Til þess að sjá, hvort launahækkunin í heild hefir fylgt vöruverðhækkuninni, verður að líta bæði á hækkun grunnlaunanna og á dýrtíðaruppbótina. Verður þá fyrst að líta á grunnlaunin.

Samanburður hefir verið gerður á starfslaunum 123 embætta og sýslana 1914, og grunnlaunum hinna sömu 1924; eru þá aldurshækkanir þær, sem raunverulega voru greiddar 1924, taldar með grunnlaunum. Útdráttur úr þessum samanburði lítur þannig út:

	Laun 1914	Grunnlaun 1924	Hækkun %
18 sýslumenn og bæjarfógetar .	53000	84575	60
3 skrifstofustjórar í stjr. . .	10500	16525	57
6 verkfræðingar	19400	29600	52
1 biskup	5000	6500	30
11 háskólakennarar	36000	60000	67
7 mentaskólakennarar . . .	21600	33900	57
18 aðrir kennarar	32600	52425	61
4 skógræktarmenn	6000	7800	30
5 fiskiyfirmatsmenn	8000	12000	50
42 læknar	70900	160953	127
6 safnaverðir	11000	25760	134
2 dýralæknar	2800	6700	139
Samtals 123 embættis- og sýslunarmenn .	276800	496738	79

Hækkun þessara launa skiftist í 2 ákveðna flokka. Í hinum fyrri eru 73 stöður, sem hafa hækkað samtals úr 192100 kr. upp í 303325 kr., eða að meðaltali um 58%. Í hinum síðari eru 50 stöður (læknar, dýralæknar og safnaverðir), sem hafa hækkað úr 84700 kr. upp í 193413 kr., eða að meðaltali um 128%. Það verður að líta svo á, að tilætlunin hafi verið, að bæta launakjör þessa síðara flokks móts við laun annara starfsmanna, af því að þeir hafi þótt óhæfilega lágt launaðir áður, og virðist því hin almenna launahækkun vera að meðaltali 58%. Jafnframt var lögð á embættismennina kvöð um lífeyrisgjald, sem virðist samsvara 5% af launum, og verða það sem næst 8 kr. af hverjum 158, eða hrein hækkun grunnlaunanna frá 1914 til 1924 er 50%. Það hefir nú viljað svo til, að þessi hækkun samsvarar sem allra næst lækkuninni á kaupmætti gullsins í heiminum yfirleitt á þessu sama tímabili, svo að ef krónur vorar væru gullgildar og verðlagsbreytingar móti gulli svipaðar hjá oss og annarstaðar, þá mundu launakjörin verða svipuð og 1914, með því að greiða grunnlaunin uppbótarlaus. Sama ætti að verða ofan á, þótt krónurnar sjeu ekki gullgildar, ef uppbót væri greidd fyrir afföllum pappírskrónunnar móti gulli.

Dýrtíðaruppbótin er miðuð við vöruverðhækkun í októbermánuði hvert ár. Til samanburðar má taka aðalvísitölu Hagtíðinda fyrir smásöluverð í byrjun okt. hvert ár, og vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík á hverju hausti, og er þessi samanburður fyrir árin 1919—1924 sýndur í eftirfarandi töflu.

Haust	Dýrtíðaruppbót % af alt að 4500 kr.	Vísitala embættislauna, alt að 4500 kr.	Meðalvísitala Hagtíðinda f. smásöluverð í Reykjavík.	Vísitala framfærslukostnaðar í Rvík.	Vísit. 2 lægri en vísit. 4, %
	1.	2.	3.	4.	5.
1919	120	340	368	348	2.3
1920	137⅓	367	460	446	17.7
1921	94	298	328	331	10.0
1922	60	245	287	291	15.8
1923	52	232	268	277	16.2
1924	78	273	317	321	14.9

Í 2. dálki töflunnar er vísitala embættislauna reiknuð út með því að gera grunnlaunahækkunina 58%, leggja dýrtíðaruppbót þar á ofan og draga 8 frá fyrir lífeyrisgjaldi; t. d. haustið 1921 verður sá útreikningur: 158 × 1 . 94 ÷ 8 = 298. Þessi reikningur gildir einungis fyrir embættislaun 4500 kr. og þar fyrir neðan; fyrir hærri laun verður vísitala embættislauna lægri. Í 4. dálki töflunnar er sýnt, hve miklu lægri þessi vísitala embættislauna er en vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík, og sjest þar, að frá 2.3 til 17.7% vantar til að launahækkunin í heild (fyrir þá, er njóta óskertrar dýrtíðaruppbótar) hafi fylgst með hækkun framfærslukostnaðar í Reykjavík, og að síðari árin eru þessi afföll litlum breytingum undirorpin, þau nema 15—16% af vísitölu framfærslukostnaðar. En einmitt þetta, að vísitala launanna helst í nokkurnveginn föstu hlutfalli við aðrar samtíma vísitölur, sýnir greinilega, að sjálfur grundvöllurinn fyrir útreikningi dýrtíðaruppbótarinnar, þ. e. valið á vörutegundum þeim, sem miðað er við, er viðunandi, og óvíst, að breytt verði til batnaðar með því, að velja aðrar eða fleiri vörutegundir, til þess að byggja þann útreikning á.

Þegar meta á, hvort fært sje að lækka dýrtíðaruppbótina frá því, sem verið hefir, eða hvort nauðsynlegt sje að hækka hana, má fyrst líta á það, að starfslaun hjá hinu opinbera voru árið 1914 efalaust fremur lág, af því að

peningagildið hafði þá um 18 ára skeið farið lækkandi, en launahækkanir ekki fylgst þar með. Þar næst verður að líta á það, að verkalaun og starfslaun hjá öðrum en ríkissjóði hafa síðan 1914 hækkað meira en svarar vísitölu framfærslukostnaðar, að minsta kosti í Reykjavík. Það yrði því alt of mikið ósamræmi milli launakjaranna hjá ríkissjóði og öðrum, ef færð yrðu niður laun opinberra starfsmanna, sem frá lágu stigi 1914 hafa ekki hækkað meira en svo, að 15—16% vantar í hækkun framfærslukostnaðar hjá þeim, sem njóta þó óskertrar núverandi dýrtíðaruppbótar, og á þetta fyrst og fremst við launin í Reykjavík.

Ýmislegt bendir til að hækkunin á framfærslukostnaði sje minni annarstaðar á landinu en í Reykjavík og hinum kaupstöðunum flestum. Hagstofan hefir nokkuð rannsakað þetta, og má sjá, að verð á aðfluttum vörum er haustin 1923 og 24 dálítið hærra víðast hvar en í Reykjavík, en verð á innlendum vörum sumstaðar miklum mun lægra en í Reykjavík. En svo hefir einnig verið 1914, og bæði fyr og síðar. Sá mismunur á vöruverði, sem var 1914 og áður, ætti að koma fram í mismunandi grunnlaunum, en meðan ekki liggja fyrir upplýsingar um mismun á hlutfallslegri verðhækkun í Reykjavík og annarsstaðar síðan 1914 er ekki unt að finna grundvöll fyrir mismunandi útreikningi dýrtíðaruppbótar eftir vöruverði á þessum stöðum.

Það er þó auðsjáanleg veila í núverandi grundvelli fyrir útreikningi dýrtíðaruppbótar, að tölur þær, sem á er bygt, eru miðaðar við ástandið í Reykjavík eingöngu. Það væri æskilegt að geta bygt útreikninginn á grundvallartölum, sem gilda fyrir alt landið. Slík tala er peningagengið, og með því að reikna út gengisuppbót, í stað dýrtíðaruppbótar, væri fenginn eðlilegur og sameiginlegur grundvöllur fyrir alt land. En til þess að þetta verði ekki of áhættusamt, hvorki fyrir ríkissjóðinn nje starfsmennina, þarf að vera komin nokkur stöðvun á gengið, svo að ekki þurfi að óttast stórar sveiflur upp og niður, og nokkurn veginn festa á hlutfallið milli peningagengis og vöruverðhækkunar Þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi enn þá, og þykir því ekki tímabært að stinga upp á slíkri breytingu á dýrtíðaruppbótinni, en ýmislegt bendir til þess, að nauðsynleg stöðvun og festa á gengi og verðlagi muni nást á næstu árum, og einnig af þeirri ástæðu þykir rjettara að halda í bráðina núverandi grundvelli, en að fitja upp á nýjum reglum um dýrtíðaruppbót miðaða við vöruverðlag.

Eftir framansögðu væri sanngjarnt að stinga upp á nokkurri hækkun á dýrtíðaruppbótinni, að minsta kosti í Reykjavík og þeim kaupstöðum, sem búa við svipað verðlag, t. d. með því að greiða tulla uppbót af einhverju tilteknu lágmarki launanna. En þetta þykir ekki fært vegna þröngs fjárhags ríkissjóðs og af sömu ástæðu þykir ekki fært að hækka þá upphæð launa — nú 4500 kr. er njóta skal uppbótar að $^2/_3$. Hins vegar er stungið upp á að nema burtu ákvæðið um að dýrtíðaruppbótin af fyrstu 3000 kr. launanna skuli skerðast ef laun + uppbót ná hámarki 9500 kr. eða 10 500 kr. hjá hæstarjettardómendum, því að bæði er reglan alveg óeðlileg, og svo má heita að hún skerði einungis laun hæstarjettardómendanna, og getur það ekki talist sæmilegt að neita þeim um

dýrtíðaruppbót af einum 3000 krónum, sem verður þó ávalt mjög lág móts við laun þeirra. Fyrir ríkissjóðinn hefir afnám reglunnar væntanlega mjög litla þýðingu.

Að öðru leyti er stungið upp á þeirri einni efnisbreytingu frá núverandi ákvæðum, að uppbótina fái einnig þeir, sem laun taka eftir sjerstökum lögum, öðrum en launalögunum, nema þau lög ákveði sjerstaklega um dýrtíðaruppbót.

31. Frumvarp

til laga um sektir.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 5 krónur og eigi hærri en 10000 krónur, hvort sem sekt er ákveðin í dómi, úrskurði dómara eða yfirvalds eða í sátt fyrir dómara eða yfirvaldi, nema sjerstök lagaheimild sje til að ákveða sekt hærri eða lægri.

Nú eru fleiri en einn sekir um sama brot eða sömu brot, og skal þá gera sekt á hendur hverjum þeirra.

Ákveða skal í dómi, úrskurði eða sátt frest til sektargreiðslu.

2. gr.

Nú greiðist ekki sekt, sem gerð er á hendur manni samkvæmt 1. gr. og skal hann þá afplána sektina eða það, sem ógreitt er af henni, í einföldu fangelsi, er ákveðið sje í dómi, úrskurði eða sátt, þó þannig, að í stað hverrar 200 króna sektar komi aldrei meira en 20 daga fangelsi, enda má fangelsisvist aldrei nema meiru en 3 árum og ekki minna en 2 dögum.

Nú greiðist sekt að nokkru leyti, og skal þá sá dómur eða það yfirvald, er sekt ákvað í öndverðu, kveða á um fangelsisvist fyrir það, sem ógreitt er, eftir sömu reglum sem áður segir.

3. gr.

Ef sá, er misgert er við, á að fá sekt eða hluta af henni, þá má hann heimta sekt með aðför. En að því leyti sem sekt greiðist ekki, skal fara um afplánun hennar eins og í 2. gr. segir, enda krefjist sá afplánunar, er sekt skyldi taka.

4. gr.

Nú er manni boðið með dómi eða úrskurði eða hann gengst undir það með sátt að gegna einhverri lagaskyldu í þágu ríkis, sveitarfjelags eða

sýslufjelags eða annars í þágu almennings, og lögð er við sekt, ef aðili innir eigi af hendi skyldu sína innan tiltekins tíma, og skal hann þá, ef hann hvorki vinnur verkið nje greiðir sekt eftir því sem hún fellur á hann, afplána hana samkvæmt 2. gr., eftir kröfu þess, sem heimtingu á til þess, að dómi, úrskurði eða sátt verði fullnægt. Þó skal gæta þess, að afplánun fari ekki fyrsta skifti fram úr eins mánaðar fangelsi, og að 4 vikur líði frá því að aðili hefir sætt þeirri refsingu þangað til hann tekur að afplána sekt af nýju, en þá má heimta, að hann afpláni samkvæmt 2. gr. þær sektir, er safnast hafa saman frá lokum síðustu fangelsisvistar, og svo framvegis á sama hátt, hvert skifti sem 4 vikur eru liðnar frá því er aðili lauk síðustu fangelsisvist.

5. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar annast um afplánun sekta.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Frá sama tíma er úr lögum numin 31. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og tilskipun s. d. um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

Nú er sekt gerð á hendur manni áður en lög þessi öðlast gildi, enda hafi hann þá ekki greitt eða afplánað sekt að fullu, og ákveður þá dómsmálaráðherra fangelsisvist til þess að afplána sektina eða það af henni, sem þá er ógreitt, í samræmi við lög þessi, enda verði hlutur sökunauts þá betri en hann hefði orðið eftir hinum eldri fyrirmælum. Þó skal engum leyft að afplána sektir í fangelsi við vatn og brauð eftir að lög þessi eru komin til framkvæmdar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirmæli gildandi laga, 31. gr. alm. hegningarlaga og tilskipunar 25. júní 1869, um afplánun fjesekta, eru nú orðin allskostar úrelt. Sektir þær, er dæma má eftir 31. gr. hgnl., kr. 2—2000, eru nú orðið, sakir breytts peningaverðlags, mikils til of lágar. 60 daga einfalt fangelsi getur, eftir 31. gr. hegningarlaganna, verið vararefsing í stað 200 króna, og er það mikils til of löng fangelsisvist í stað 200 króna sektar. Ef brot er ekki dæmt eftir alm. hegningarlögum, þá fer vararefsing eftir tilsk. 25. júní 1869. En þar er refsingin algerlega tölubundin, svo að dómari hefir þar ekkert um að velja. Það er tiltekið, til hversu margra króna af sektinni hver fangelsisdagur svari, þannig:

Ef sekt er 2—20 kr., þá svarar dagur til 2 kr. Ef sekt er frá 21—50 kr., svarar dagur til 3 kr., og ef sekt er hærri, svarar dagur til 5 króna.

Með þessu móti getur fangelsistíminn orðið óhæfilega langur, eins og sýna má með nokkrum dæmum:

500 kr.	sekt	gerir	110	daga	einfalt	fangelsi.	
1000	—	—	210	—	—	—	
2000	—	—	410	—	—	—	
5000	—	—	1010	—	—	—	(eða 2 ár og 290 d.).
10000	—	—	2010	—	—	—	(eða 5 ár og 185 d.).
20000	—	—	4010	—	—	—	(eða 11 ár og 5 d. miður).

Nú eru t. d. dæmdar allháar sektir fyrir ýms brot utan hegningarlaganna, svo sem fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, fyrir bannlagabrot o. s. frv. Og verður þá fangelsisvistin svo löng, að engri átt nær, enda stendur hún í alveg röngu hlutfalli við brotið.

Þá er eftir gildandi lögum heimilt að leyfa sökunaut að taka refsinguna út í fangelsi við vatn og brauð í stað einfalds fangelsis. Nú mun það flestra manna mál, að refsing í fangelsi við vatn og brauð ætti helst alveg að leggjast niður. En ef fangelsi við vatn og brauð er óhæfilegt til þess að vera aðalrefsing, þá er það ekki síður óhæft til að vera vararefsing. Það er jafnskaðlegt heilsu sökunauts þá sem ella. Þess vegna er ætlast til að heimild til að afplána sektir í fangelsi við vatn og brauð verði lögð niður.

Það virðist engin ástæða til þess að hafa mismunandi reglur um tímalengd vararefsingarinnar — einfalda fangelsisins — eftir því, hvort brotið kemur undir einhverja grein hegningarlaganna eða einhver önnur lög. Og ekki virðist hættulegra að leggja úrskurðarvald um fangelsistímann undir dómara, þó að brotið sje dæmt eftir öðrum lögum en hegningarlögunum en það er að fela dómara úrlausn þess máls, þegar brot kemur undir einhverja grein hegningarlaganna. Og þegar yfirvald úrskurðar sektahegningu, sem sjaldgæft er, þá virðist ekki hættulegra að fela því ákvörðun á vararefsingunni en á aðalrefsingunni.

Um 1. og 2. gr.

Af ástæðum þeim, sem áður getur, hefir þótt einsætt að hækka sektir að miklum mun frá því, sem þær eru ákveðnar í 31. gr. hegnl. Hámarkið er fimmfaldað, er nú 2000 kr., en á að verða 10000 kr. Við hlið þessa almenna ákvæðis eru svo, og koma væntanlega síðar, ýms sjerlög, þar sem hærri sektir verða ákveðnar. Það er álitamál, hversu fangelsistíminn megi lengstur vera. 3 ár eru hjer sett, en gert er ráð fyrir því, að hámarki þessu verði ekki náð nema mjög sjaldan. Og gildir sama um samskonar hámarks-ákvæði refsilaga vorra. Það verður að telja sanngjarnt, að sá hluti sektar, sem greiddur kann að vera, sje alt af dreginn frá, eins og er eftir tilsk. 1869 gagnstætt því, sem verður, þegar sekt er dæmd eftir hegningarlögunum. Þá skal aðili afplána sektina alla, eins og í dóminum segir, enda þótt hann hafi greitt hluta hennar. En af þessari breytingu, að draga skal frá, það sem greitt er, áður en vararefsing er ákveðin, leiðir það, að taka verður að nýju ákvörðun um fangelsistímann, ef hluti sektar greiðist, áður en afplána skal eftirstöðvar sektarinnar.

Um 3. og 4. gr.

Þær svara til 2. og 3. gr. tilsk. 25. júní 1869, með þeim breytingum, sem 1. og 2. gr. frv. hafa í för með sjer.

Um 5. gr.

Áður gildandi regla, sem nú er tekin berum orðum upp í lög.

Um 6. gr.

Það er í samræmi við skoðanir rjettarfræðinga og gildandi lög, að þeir, er brotið hafa áður en lög um refsingar koma til framkvæmda, njóti góðs af þeim, ef þau reynast, að öllu samanlögðu vægari. Þykir rjett, að hafa þá reglu hjer líka, og því er dómsmálaráðherra falið að breyta vararefsingu slíkra manna í samræmi við ákvæði frv. þess, enda verði hlutur sökunauts betri fyrir það.

32. Frumvarp

til laga um varalögreglu.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Landstjórninni er heimilað að koma á fót sveit varalögreglumanna í hverjum kaupstaða landsins, — eftir því er við verður komið, — til þess að vera til taks lögreglustjóra til aðstoðar, er nauðsyn krefur, og hinir föstu lögreglumenn reynast eigi einhlítir, eða fyrirfram er sjáanlegt, að þeir sje ekki einhlítir.

2. gr.

Allir karlmenn, sem eru fullra 20 ára að aldri, en ekki yfir fimtugt, eru skyldir að ganga í varalögreglusveit þá, er í þeim kaupstað er, þar er þeir eiga heimili eða dvelja um tíma, enda sje þeir ekki til þess ófærir vegna sjúkdóms eða annara slíkra forfalla.

Engin þóknun greiðist varalögreglumönnum, öðrum en forstöðumanni og flokksforingjum (sbr. 3. gr.).

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar forstöðumann varalögreglusveitar, eftir tillögum lögreglustjóra. Forstöðumaður kveður til varalögreglumenn og skipar úr þeirra hóp flokkstjóra eftir þörfum.

Þóknun má greiða forstöðumönnum og flokkstjórum.

4. gr.

Með konunglegri tilskipun skulu settar ítarlegar reglur um varalögreglu, skipulag lögregluliðs þessa, starfshætti, tæki og einkenni, og enn þjónustuskyldur forstöðumanns, flokksstjóra og varalögreglumanna annara. Þar skulu

og vera fyrirmæli um eið þann eða drengskaparheit, sem þeir skulu vinna, áður en þeir taka til starfa.

Fyrir neitun um að verða við kvaðning í varalögregluliðið og brot á þjónustuskyldum skal í tilskipuninni ákveða sektir eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Fer um mál út af brotum þessum sem um mál út af brotum í embættisþjónustu.

5. gr.

Allan kostnað við framkvæmdir eftir lögum þessum skal greiða úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitthvert hið fyrsta og sjálfsagðasta verkefni hvers sjálfstæðs þjóðfjelags eða ríkis er, að koma sjer svo fyrir, að það geti haldið uppi þeim lögum, fyrirskipunum eða rjettarvenjum, sem það hefir ákveðið að gilda skuli innan þjóð- eða ríkisfjelagsins. Sje ekki sjeð nægilega fyrir þessu, er fjelaginu hætta búin. Nú á tímum er það aðallega fastir skipaðir lögreglumenn, sem framkvæmdina hafa í þessu efni, hafa á hendi löggæsluna í hverjum stað. En hvarvetna er það alment viðurkent, að fyrir geti komið þeir atburðir eða þau atvik, að hið venjulega lögreglulið sje ekki einhlítt.

Hjer á landi hefir framkvæmdarvaldinu frá upphafi sögu vorrar að þessu leyti verið mjög ábótavant, og enn er svo, að löggæsluliðið er of fámennt og ófullnægjandi, jafnvel til daglegra starfa, og ekkert sjeð fyrir óvæntum atburðum.

Kaupstaðirnir kosta einir að heita má löggæsluna hjá sjer, og greiða eflaust fje þar til í svo miklum mæli, sem til má ætlast eftir fjárhagnum. Það má vera að ríkisvaldið hafi hlíft sjer fullmikið í því að taka nær engan þátt í löggæslu kaupstaðanna, annan en þann, að leggja til lögreglustjórann, og reyndar jafnframt hlaða á embættismann þennan svo mörgum öðrum og annarlegum störfum, að hann getur einatt ekki gefið sig við löggæslunni svo sem þyrfti.

Það virðist því ekki til of mikils ætlast, að ríkisvaldið leggi enn það til löggæslu í kaupstöðum, að þau sjái fyrir aðstoðar- eða varalögregluþjónustu, er á þarf að halda og sjerstaklega stendur á.

Í þessu frumvarpi er leitast við að koma þessari viðbótar- eða varalöggæslu fyrir á sem kostnaðarminstan hátt og sem mest í samræmi við það sem fyrir er í þessari grein. Það má vera, að nokkur þörf sje vara- eða við-

bótarlöggæslu á öðrum stöðum en í kaupstöðunum, en mest er eflaust þörfin þar, eða að minsta kosti í sumum þeirra, og eðlilegt að byrja þar, er mest er þörfin.

Um einstakar greinir frumvarpsins skal tekið fram.

Um 1. gr.

Í þessari grein er ákveðið ætlunarverkið, svo sem áður er á vikið, að lögreglumenn þeir, er hjer um ræðir, skuli vera til vara og til taks, til aðstoðar lögreglustjóra, ef hann telur hið venjulega, fasta lögreglulið eigi vera einhlítt.

Um 2. gr.

Hjer er ákveðið, að það skuli vera skylda hvers karlmanns, er til þess er fær á aldrinum frá tvítugu til fimtugs, að ganga í sveit varalögreglumanna, ef krafist er, og starfa þar án endurgjalds. Áþekk ákvæði eru í gildandi lögum svo sem um skyldu manna til að vera í slökkviliði m. m. Kvöðin er ekki bundin við búsetu, því að vel getur verið, að hagkvæmt sje að grípa til manna, er dvelja í kaupstaðnum, máske langdvölum, án þess að vera beint búsettir.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru sett ákvæði um ráðning forstöðumanns varalögreglumanna í hverjum kaupstað, kvaðning þeirra og skipun flokksforingja. Það þykir rjett, að ráðherra skipi forstöðumann með ráði lögreglustjóra, eða að fengnum tillögum hans, úr því ætlunarverk lögregluliðs þessa er það eitt að vera lögreglustjóra til aðstoðar. Hitt þykir og rjett, að forstöðumaður ráði kvaðning þeirra, er undir hann eru skipaðir og skipun flokksforingja, því að hann á að bera embættislega ábyrgð á framkvæmdnm þeirra, enda á best að vera kunnugur þeim, og geta matið hæfileika þeirra til starfa. Hinu má byggja á, að forstöðumaður, sjerstaklega í byrjun, njóti ráða lögreglustjóra í þessu efni.

Forstöðumaður hefir á hendi, með aðstoð flokkstjóra, stjórn varalögregluliðsins og umsjón, sjer um æfing þess, útbúnað og reikningshald. Starf hans verður því talsvert og verður að launa. Flokkstjórar hafa og talsvert starf, fram yfir aðra varalögreglumenn, og verður því að greiða þeim þóknun. Ráðherra er ætlast til að semji við forstöðumann um endurgjald fyrir starf hans, og ákveði þóknun handa flokkstjórum.

Um 4. gr.

Það þykir rjett að fastákveða ekki með lögum þegar í byrjun nánara um skipulag varalögregluliðs og starfshætti, heldur fela það landsstjórninni að setja hinar nánari reglur þar um, því að þetta verður glögglegar sjeð, er farið er að undirbúa framkvæmd laganna, en lögin sjálf afmarka greinilega ætlunarverkið.

Það þykir rjett að um þjónustuafbrot varalögreglumanna gildi hinar sömu reglur sem um samskonar afbrot hinna föstu lögreglumanna.

Um 5. gr.

Eins og áður er á vikið, þykir rjett að ríkissjóður greiði allan kostnað við varalögregluliðið.

Um 6. gr.

Vegna undirbúnings á framkvæmd, sem eflaust mundi taka alllangan tíma, þykir rjett að ákveðið sje að lögin öðlist gildi þegar í stað. Það má samt ekki búast við að varalögreglulið verði sett á stofn í öllum kaupstöðum landsins jafnsnemma. Það verður eflaust að koma til framkvæmda smátt og smátt.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í hinum lærða skóla skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift niður á 6 bekki og 6 ár. Læra allir saman í fjórum neðri bekkjunum, en í tveim efstu bekkjunum eru tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er velja skal á milli.

3. gr.

Kenna skal íslensku og sögu íslenskra bókmenta, ensku, þýsku, frakknesku og latneska tungu, sagnfræði, eðlisvísindi (dýrafræði, grasafræði, steinafræði og kristallafræði, stjörnufræði og efnafræði), stærðfræði, teiknun, söng, leikfimi og glímur. Auk þess skal gefa nemendum kost á að nema handíðir. Íslensk tunga og latnesk skulu vera höfuðnámsgreinar í 4 neðri bekkjunum og í málfræðideild, en stærðfræði er höfuðnámsgrein í stærðfræðideild.

4. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem eru yngri en 12 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir, nema óspilt mannorð hafi, og engir, nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá viðtöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatriðum, í latneskri tungu og latneskum stíl og meginatriðum latneskrar málfræði, í reikningi og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku. Skrifa skal hann og læsilega.

Nú vill maður fá viðtöku í einhvern annan bekk en 1. bekk, og skal hann þá standast sömu reynd sem væntanlegir bekkjunautar hans.

5. gr.

Í skólanum eru tvær kunnáttureyndir á hverju ári, ársreynd í hverjum bekk og fullnemareynd (stúdentspróf).

Við allar lögskipaðar kunnáttureyndir í skólanum skulu vera þrír kunnáttudómarar í hverri námsgrein: kennari í þeirri námsgrein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans og þriðji maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Örsteds, með sama hætti sem tíðkaður var í lærða skólanum áður, meðan metið var eftir þessum einkunnastiga. Einkunnir skulu vera sem þá var: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali með sama hætti sem þá.

Við ársreynd og fullreynd eru gefnar einkunnir í öllum námsgreinum, að undanskildum söng, leikfimi og handíðum.

7. gr.

Skólastjóri ákveður stundafjölda og skifting kenslunnar með ráði kennarafundar. Skal þó íslensku og latnesku ætlaður hálfu meiri tími en öðrum málum, og stíltímar að auki, svo og stærðfræðinni í stærðfræðideildinni. Hálfu meiri tíma skal og verja til leikfimi og íþrótta en verið hefir.

8. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessu leyfi lögboðin:

Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.
Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Öskudagurinn.
Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.
Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.
Afmælisdagur konungs og 17. júní.
Mánaðarleyfi, einn dagur í hverjum mánuði.

Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

9. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að enginn þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á

viku, en skólastjóri 14. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn. Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

10. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu eigi haldnir af næmum sjúkdómum og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

11. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkini sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

12. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samningi.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar. Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar þá honum þurfa þykir.

14. gr.

Skólastjóri semur skólafyrirsögn með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins. Í skólafyrirsögn eru fyrirmæli um:

kenslu í skólanum,
kunnátturaunir og flutning milli bekkja,
viðtökuraun,
kenslutíma,
framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nýsveina í 1. bekk 1926 og færast með þeim bekkjarsveinum smámsaman yfir allan skólann jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum, síðastir þeir, er flytjast upp í annan bekk á vori komanda.

Greinargerð.

Sú umbót á skólanum, sem hjer er farið fram á, má eigi dragast, og verður því þetta þing að minsta kosti að koma fram þeirri höfuðbreytingu, að hann verði samfeldur sex ára lærður skóli. Á það legg jeg höfuðáhersluna, því að samband hans við gagnfræðaskólana er mjög svo skaðlegt. Hin önnur atriði hefi jeg sett svo sem mjer þykir vera eiga, en þótt eigi gengi fram óbreytt, þætti mjer vel fara, ef höfuðatriðið næst. Jeg hefi samið þetta frumvarp með hliðsjón af frumvarpi milliþinganefndarinnar, en hefi þó gert smábreytingar á því.

Frumvarp þetta með framanritaðri greinargerð bar jeg fram á síðasta þingi, en sakir veikinda minna var það ekki tekið til meðferðar. Ber jeg það því nú fram aftur, því að nú er nauðsynin þeim mun meiri, að nú hefir liðið svo eitt ár enn, að nauðsynlegar umbætur hafa eigi verið gerðar.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingaskólahalds í sýslum landsins.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samþykt svo við 3. umr. í Nd. 1923. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi upphaflega frumvarpinu (þskj. 107, 1923), svo og framsöguræðunnar í málinu (Alþt. 1923, C. bls. 591).

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands skal heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta eigi upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Greinargerð.

Þetta frv. bar jeg fram á þingi 1914. Gekk það þá í gegnum Nd. svo sem jeg ber það fram nú. Þörfin er nú orðin miklu brýnni en þá var, og sýnist því einsætt að láta þetta verða að lögum.

Nd. **36. Tillaga**

til þingsályktunar um að krefja Dani um forngripi.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Jakob Möller, Tr. Þórhallsson, H. J. Kristófersson, Magnús Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að krefjast þess af Dönum, að þeir skili oss öllum þeim munum íslenskum úr söfnum sínum

er eigi verður sannað um, að þeir sjeu þangað komnir með rjettum eignarheimildum.

Greinargerð.

Auk eðlilegs rjettar, sem öllum er auðsær, styðjum vjer þessa kröfu vora við það fordæmi, er Danir tóku við Slesvík. Þá kröfðust þeir og fengu *öll* skjöl, er snertu Slesvík, og *alla* muni þaðan, sem voru í þýskum söfnum. Má af þessu ætla, að Dönum verði ljúft að gera oss sömu skil sem Þjóðverjar gerðu þeim.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 25, 19. júní 1922. *[Bæjarstjórn í Hafnarfirði].*

Flutningsmaður: Ágúst Flygenring.

A eftir annari málsgrein í lögunum komi svo hljóðandi ný málsgrein:

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á gjaldárinu eigi skemur en þrjá mánuði á skip, sem skrásett eru í Hafnarfirði, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir, eða skip, sem þaðan ganga til fiskiveiða eigi skemur en 3 mánuði gjaldársins. Hlutaðeigandi skipseigendur eða útgerðarmenn skulu standa skil á útsvari þessara utanbæjarmanna, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10% af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu samkvæmt tilkynningu niðurjöfnunarnefndar, að lokinni auka- eða aðalniðurjöfnun útsvara, um útsvör þau, er þeim ber að standa skil á.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna ákvæða í lögum um bæjargjöld í Reykjavík, nr. 36, 4. júní f. á., þar sem útsvarsskyldan er látin ná til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, er eiga heimilisfang í Reykjavík, án tillits til þess, hvar þessir menn eiga heima. En þar af leiðir, að fjölda sjómanna úr Hafnarfirði, sem eru á skipum í Reykjavík, verður þar gert að greiða útsvar, sem aftur rýrir gjaldþol þeirra í Hafnarfirði. Hins vegar eru nokkrir sjómenn úr Reykjavík á skipum í Hafnarfirði, sem þá eftir sömu reglu ættu að gjalda útsvar þar, til þess að jöfnuður yrði á þessari tekjuheimild milli kaupstaðanna, og er það tilgangur frumvarpsins.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur sett lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar og til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um kaup á nauðsynlegu áfengi til lyfja, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

2. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, skal leggja 50—75 %, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. á þskj. 43, 1924, að öðru leyti en því, að lágmark álagningar á áfengi er fært úr 25 % upp í 50 %. Flutningsmenn hafa orðið þess áskynja, að í álagningu á Spánarvín hefir verið farið sem næst þeirri 25 % lágmarksálagningu, sem núgildandi lög heimila. En með því að Alþingi virðist í seinni tíð hafa hallast að aukning á munaðarvörutollum, og með því hinsvegar, að nú mun venja að leggja 50 % til 60 % á vínanda til iðnaðar, er hjer lagt til, að lágmarkið sje hækkað. Má og gera ráð fyrir, að tollar verði hækkaðir á þessu þingi á öðrum munaðar- og óþarfavörum.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar á þskj. 43, 1924, og umræðu um frv. á síðasta þingi.

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

2. gr. A 1. í vegalögum frá 4. júní 1924 breytist þannig:

a. Á eftir orðinu »Skeiðarársand« bætist inn í:
Öræfi og Breiðamerkursand.

b. Fyrir »Hóla í Nesjum« komi:
Höfn í Hornafirði.

Greinargerð.

Um breytingar þær, sem þetta frv. fer fram á að gerðar sjeu á vegalögunum, er það styst að segja, að þær verða að teljast sjálfsagðar. Hin fyrri af því, að þetta hefir auðsælega fallið óviljandi úr við samning laganna, og má ekki svo búið standa, þar eð hjer er um svo stór svæði að ræða, sem sje heila sveit (Öræfin) og þann lengsta sand, sem þjóðvegur er yfir á landi hjer (Breiðamerkursand). Síðari breytingin er einnig á liðnu ári orðin sjálfgefin, þar eð nú er búið að flytja *bæði* póstafgreiðsluna og aðalstöð landssímans í kauptúnið Höfn, sem hvorugt var, þegar vegalögin voru afgreidd í fyrra. — Vegarkaflinn á Höfn (sem að þessu hefir talist til sýsluvega og mikið fje var lagt í frá sýslunni á síðasta sumri, til endurbyggingar) verður því nú að komast í tölu þjóðvega.

Nd. **40. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem fram eru færðar fyrir frumvarpi þessu, og leggur til við háttv. þingdeild, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 13. febr. 1925.

Pjetur Þórðarson, form. Árni Jónsson, fundaskrifari. Hákon J. Kristófersson.

Magnús Torfason. Halldór Stefánsson, framsm.

Ed. **41. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [Bæjarstjórn á Siglufirði].

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvarinu hlutfallslega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, má leggja útsvar á þá atvinnu, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. Ef um samvinnufjelag er að ræða, fer um útsvar þess eftir lögum nr. 36, 27. júlí 1921.

Á síldarkaup og síldarsölu, síldverkun á landi eða á höfn, allskonar bræðslu og verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, má leggja útsvar, þótt atvinnan sje rekin enn styttri tíma.

Nú er hvalur, selur eða síld lagt á land eða á höfn innan lögsagnarumdæmisins, og má þá leggja aukaútsvar á slíka veiði.

Svo má og leggja útsvar á afnot af lóðum og öðrum fasteignum, er einhvern arð gefa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem flutt er eftir beiðni bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, er samhljóða 1. gr. frumvarps, sem flutt var á Alþingi 1923 á þingskjali 57, en varð þá ekki útrætt.

Um ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi vísast til greinargerðar á áðurnefndu þingskjali.

Nd. **42. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson, Pjetur Þórðarson, Pjetur Ottesen.

2. gr. vegalaga, nr. 41, 4. júní 1924, breytist þannig:
a. Við B. 2. bætist:
og frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kláffossbrú.
b. Aftan við C. 3. komi:
4. Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ.

Greinargerð.

Alþingi 1923 mun hafa ætlast til þess, að viðhaldskostnaði *allra* flutningabrauta yrði með nýjum vegalögum ljett af sýslufjelögunum. Í nefndaráliti samgöngumálanefndar Ed. um þetta mál segir t. d. svo: »Og væntir nefndin því þess, að viðhaldsskyldunni verði í endurskoðuðum vegalögum ljett algerlega af sýslufjelögunum að því er allar flutningabrautir snertir«.

Á þingi í fyrra voru svo samþykt ný vegalög, þar sem flutningabrautir eru afnumdar sem sjerstakur flokkur vega og teknar í þjóðvegatölu; hvílir því viðhald þeirra hjer eftir á ríkissjóði. Aðeins tvær brautir voru settar hjá og skildar eftir í greinarleysi: Eyjafjarðarbrautin og partur af Borgarfjarðarbraut. Er því ekki hægt að líta öðruvísi á en að Eyjafjarðar-, Mýra- og að nokkru leyti Borgarfjarðarsýsla hafi í þessu efni orðið fyrir hinu megnasta misrjetti. Er frumvarp þetta borið fram til að bæta úr því.

Ed. **43. Frumvarp**

til laga um húsmæðraskóla á Staðarfelli.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkið skal stofna og starfrækja hússtjórnarskóla á Staðarfelli. Til skólans skulu leggjast minningarsjóðir Herdísar Benedictsen og Gests Magnússonar, eftir því sem gjafabrjefin mæla fyrir.

2. gr.

Skipa skal við skólann forstöðukonu, er hefir að launum 2000 kr., og kenslukonu með 1500 kr. launum. Fastir starfsmenn skólans njóta dýrtíðaruppbótar og hafa auk þess leigulausan bústað, ljós og hita.

3. gr.

Inntöku í skólann geta aðeins fengið þær stúlkur, sem eru 16 ára eða eldri og hafa fengið þá almennu mentun, sem forstöðukonan telur nægilega til að þær geti notið sjerfræðslu skólans.

4. gr.

Kenna skal í skólanum almenna heilsufræði, um efnasamsetning fæðunnar, alla einfalda matargerð, sem tíðkast hjer á landi, og framreiðslu. Ennfremur garðrækt, um meðferð mjólkur, þvott og einfaldan fatasaum. Þá skal og kent um, hversu húsum og sveitabæjum verður best fyrir komið hjer á landi að því er snertir byggingarefni, stíl og skiftingu herbergja. Nánari fyrirmæli um starfshætti við skólann ákveður atvinnumálaráðherra í reglugerð, er hann semur í samráði við búnaðarmálastjóra og forstöðukonu skólans.

5. gr.

Áður en skólinn tekur til starfa, má verja úr landssjóði alt að 8000 kr. til óhjákvæmilegra breytinga á íbúðarhúsinu á Staðarfelli og til kenslutækja. Ennfremur skal landsstjórninni heimilt að láta kaupa skólanum til handa fyrir almannafje hálfa lausafjárháhöfn á jörðina. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands sker úr því, hvað teljast skuli meðaláhöfn á Staðarfelli. Búið og jörðina skal síðan leigja forstöðukonunni. Leiguskilmálarnir skulu vera hinir sömu, eftir stærð jarðarinnar og áhafnar, eins og forstöðumaður bændaskólans á Hvanneyri á við að búa.

Greinargerð.

Það er nú varla vansalaust að ætla íslenskum konum engan sjerskóla, er samsvarar bændaskólunum. Í öðru lagi ber landinu skylda til sem allra fyrst að nota jörðina Staðarfell til þess, sem hún var gefin, svo og sjóð Herdísar Benedictsen. Ætti að mega reka skólann fyrst um sinn með tiltölulega litlum kostnaði fram yfir styrk úr Herdísarsjóðnum. Stofnkostnaður yrði eðlilega nokkur, en þó er stilt hjer mjög í hóf. Búið ætti að geta vaxið landssjóði að kostnaðarlausu, undir góðri stjórn, upp af stofni þeim, er landið kaupir í fyrstu. Hefir sú orðið reyndin á Kleppi. Þar var lagður til mjög lítill bústofn í fyrstu, en nú er þar orðið stórbú, sem landið á. Nánar í framsögu.

Ed. **44. Frumvarp**

til laga um eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

1. gr.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps í Eyjafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu undir skóla- og þinghús hreppsins á svonefndri Grund í Ytri-Reistarárlandi.

Stærð lóðarinnar má vera alt að 50 × 50 = 2500 □ metrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæma samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Arnarneshreppi.

Í brjefi til flutningsmanns hefir oddviti hreppsins gefið þessar skýringar:

»Vorið 1914 var bygt skóla- og þinghús fyrir hreppinn, með framlagi úr ríkissjóði, á svonefndri Grund við Reistará, í landi jarðarinnar Ytri-Reistarár, og var húsið bygt úr steinsteypu. En svo óheppilega tókst til, að hreppsnefndin hafði engan skriflegan samning gert við landeigandann um grunn undir húsið. Skömmu síðar flutti jarðareigandi burtu og seldi öðrum jörðina, án þess að nokkuð væri um húsgrunninn samið. En þá fóru afleiðingarnar af þessu samningaleysi að koma í ljós, ekki einasta í því, að grunnleigan hækkaði mjög mikið, heldur það sem verra var, að ómögulegt reyndist að komast að samningum fyrir lengri tíma. Síðan hefir því þurft að smásemja og framlengja um örfá ár í senn, og þar við situr.

Hjer má og geta þess, að komið hefir til tals að stækka húsið, svo skóla- og fundastofa yrðu aðgreindar, en fjekst ekki fyrir landeiganda«.

Um stærð þeirrar lóðar, er tekin yrði eignarnámi, segir oddvitinn: »Vildi jeg helst, að heimildin yrði miðuð við svo mikið land, sem hreppsnefndin teldi nauðsynlegt fyrir framtíðina, en þurfi að taka fram í lögunum, hve landið ætti að vera stórt, þá hefir hreppsnefndin enga ákvörðun um það tekið, en nægilegt mun vera 50 × 50 = 2500 □ metrar, þó tekið væri tillit til þess, að leikvöll þyrfti fyrir skólabörnin.

Þess má geta, að land þetta er gróðurlítil grjóteyri, fjarri bænum, við landamerki jarðarinnar«.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um Ræktunarsjóð hinn nýja.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Ræktunarsjóður sá, sem stofnaður var með lögum 2. mars 1900, skal aukinn eftir því, sem lög þessi mæla fyrir. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að rækta og byggja landið.

2. gr.

Stofnfje Ræktunarsjóðs verður:

1. Ræktunarsjóður allur, þá er lög þessi ganga í gildi.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra, sem seldar verða.
3. Tillag frá ríkissjóði, er samsvarar þeirri upphæð, er Ræktunarsjóðurinn hefir greitt honum í vexti samkv. lögum 20. okt. 1905. Upphæð þessi sje reiknuð með rentum og renturentum, þangað til greiðslan fer fram. Hún greiðist á 3 árum — fyrsta afborgun 1. júní 1925, önnur og þriðja sama mánaðardag 1926 og 1927.
4. Varasjóður 1. fl. veðdeildar, þá lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
5. Af öllum út- og innfluttum vörum skal greiða verðtoll í Ræktunarsjóð. — Verðtollur þessi skal nema $^1/_2$ % árið 1925 af verði út- og innfluttra vara, $^1/_4$ % árin 1926 og 1927. Eftir arslok 1927 fellur þetta ákvæði úr gildi.

   Ríkisstjórnin sjer um innheimtu gjalds þessa, eftir nánari reglum, er hún setur um það. Gjaldið greiðist til Ræktunarsjóðs á ársfjórðungum.

3. gr.

Þá Ræktunarsjóðurinn tekur til starfa samkv. lögum þessum, leggur ríkissjóður honum 10000 kr. þrjú fyrstu árin. Úr því fer gjald þetta minkandi um 1000 kr. árlega, uns það hverfur. Gjald þetta gengur til starfrækslu við sjóðinn.

Landsbankinn lætur sjóðnum í tje húsnæði og trygga geymslu fyrir verðmæt skjöl og fje, alt endurgjaldslaust.

4. gr.

Ræktunarsjóðnum er heimilt að gefa út vaxtabrjef. Skulu þau vera skattfrjáls. Þau og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetningu og löghaldi, og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda, eða löglegra handhafa, verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.

5. gr.

Vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins skulu vera skuldabrjef, er sjóðurinn gefur út, og hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum Ræktunarsjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður um lögun og útlit brjefanna, og ráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugerð, svo og vaxtahæð þeirra (framvegis) og gjalddagi vaxtanna og hvar þá skuli greiða.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum (serium). Ákveður stjórn sjóðsins, hvenær lokið skuli hverjum flokki. Þó skal það ætíð gert áður en liðin eru 3 ár frá því, að flokkurinn var opnaður. Vextir af 1. fl. vaxtabrjefum skulu vera 6 %.

Í reglugerð skal ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið. Þó skal aldrei ákveða innlausnartímann lengri en 30 ár, talið frá því er flokkur er opnaður.

Reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn setur stjórnarráðið, að fengnum tillögum frá stjórn sjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Aldrei má gefa út meira af vaxtabrjefum en sem nemur sexfaldri upphæð stofnsjóðs.

Ef meira er gefið út af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóðurinn á í veðskuldabrjefum (fyrir utan stofnsjóð), þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis- og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

7. gr.

Leggja skal í varasjóð alla vexti og annan tekjuafgang, þann er kann að verða samkv. árlegum reikningsskilum sjóðsins.

Varasjóð má eigi nota til útlána, heldur skal hann geymdur og ávaxtaður á tryggilegan hátt, eins og reglugerð sjóðsins mælir fyrir. Af varasjóðnum má greiða tap það, er sjóðurinn kann að verða fyrir vegna útlána, meðan til hrekkur.

Þá varasjóður er orðinn 200000 kr., leggjast 25 % af honum við stofnsjóðinn. Þá hann er orðinn 300000 kr. takast aftur af honum 25 %, og svo skal ætíð gert, þegar varasjóðurinn er orðinn 100000 kr. hærri en þá er síðast var af honum tekið (að 25 % sje þá lagt við stofnsjóðinn) í hvert sinn.

8. gr.

Til trygginga vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkv. 5. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs, samkv. 7. gr.
3. Stofnsjóður Ræktunarsjóðs, samkv. 2. gr.
4. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir 25 % af upphæð vaxtabrjefa í umferð.

Þegar taka þarf til trygginga, skal það gert í þeirri röð, sem þær eru taldar.

9. gr.

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar (þar til teljast allar jarðabætur, sem taldar eru á skýrslum búnaðarfjelaganna) og húsagerðar á býlum bænda og landnema.

Öll lán, sem veitt eru, skulu ætluð til jarðabóta eða bygginga, er hafi í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar. Má í virðingargerð meta sjerstaklega þá verðhækkun og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni. Af láninu má þó eigi greiða út í byrjun meira en lána mætti út á eignina óbætta, en afganginn jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar.

Áður en lán eru veitt, skal vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verðhækkun vegna hennar. Hafi hlutaðeigandi nægilegt veð til þess að geta fengið það lán, sem nægir til að gera jarðabótina eða bygginguna, fær hann fje útborgað, en skuldbindur sig um leið til að framkvæma jarðabótina eða bygginguna innan þess tíma, er stjórnin telur hæfilegan, þó aldrei lengri en 5 ár, og skal þá skoðun fara fram á mannvirkinu. Bresti hlutaðeiganda nægilegt veð, skal á undan hverri útborgun fara fram skoðun, eða bráðabirgðamat, á mannvirkinu, og skal aldrei meira útborgað af láninu en svo, að nemi $^{8}/_{5}$ af verði jarðeignar og $^{1}/_{2}$ af verði húseignar, að viðbættri endurbótinni fullgerðri og í gagni, eins og henni er komið á hverjum tíma.

10. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, ef eignin að áliti stjórnar sjóðsins er trygging til langs tíma. Lánsupphæðin má aldrei fara fram úr $^{8}/_{5}$ hlutum af virðingarverði jarðarinnar og $^{1}/_{2}$ af verði húsa (samkv. 9. gr.). Ef lán úr opinberum sjóðum hvíla á eigninni, má lána til viðbótar það, sem á vantar að lánsupphæðin samtals verði $^{8}/_{5}$ af virðingarverði jarðar og $^{1}/_{2}$ af verði húsa.
b. Gegn afgjaldskvöð af býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfjelaga. Afgjaldskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal kvöðin haldast uns lánið er að fullu greitt.
c. Gegn ábyrgð sveitarsjóða eða sýslunefnda. Lán til landnema verða að eins veitt gegn ábyrgð nefndra stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgjaldskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

11. gr.

Lán til sýslu- og sveitarfjelaga, eða trygð með ábyrgð þeirra, skulu því

að eins veitt, að stjórnarráðið, eða önnur yfirskipuð stjórnarvöld, þau er hlut eiga að máli, hafi samþykt lántökuna eða ábyrgðina.

12. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins teljast til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu vátrygð, og skal Ræktunarsjóðurinn sjá um vátrygginguna.

Gjalddagi á vátryggingargjöldum sje sá sami og á öðrum greiðslum til Ræktunarsjóðsins.

Vanskil á vátryggingargjöldum lántakenda eru háð sömu reglum og ákveðið er í 20. og 28. gr. um vanskil á greiðslum til Ræktunarsjóðs.

13. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og mat jarðabóta þeirra, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og ákveða, að gildandi fasteignamat skuli koma í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta skuli fara eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands, og sömu reglum þar fylgt og með mat jarðabóta í skýrslum búnaðarfjelaganna.

14. gr.

Sjerhverri lánbeiðni skulu fylgja meðmæli frá Búnaðarfjelagi Íslands og umsögn frá trúnaðarmönnum þess. Svo skal lántakandi á hverjum 5 ára fresti, eða oftar, ef stjórn sjóðsins og Búnaðarfjelag Íslands álíta þess þörf, sýna skírteini frá trúnaðarmönnum Búnaðarfjelags Íslands fyrir því, að jarðabótinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið og að veðið hafi eigi rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

15. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Lánsupphæð út á einstakar fasteignir má eigi fara fram úr 25000 kr., eða gegn afgjaldskvöð á einstaka fasteign 10000 kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Þó aldrei meira en 25000 kr.

Lánstíminn má vera:

a) 5 ár. Til matjurtagarða.
b) 11 ár. Til girðinga, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu.
c) 20 ár. Til túnræktar og framræslu vegna hennar, áburðarhúsa og hlaða, íbúðar- og peningshúsa, alt úr steini með járnþaki.

Lán undir staflið a—b endurgreiðast með jafnri upphæð árlega, en þau undir staflið c sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en endurgreiðist síðan með jafnri upphæð árlega (þar í talið afborgun, vextir og annar kostnaður).

16. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða eftir vali hans sjálfs í peningum eða vaxtabrjefum, eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Ræktunarsjóðurinn annist um að koma vaxtabrjefunum í peninga, svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll.

Stjórn sjóðsins getur samið um sölu vaxtabrjefa fyrirfram, eftir því sem þörf krefur, og boðið þau opinberlega almenningi til kaups, ef með þarf, enda samþykki stjórnarráðið sölu þeirra.

17. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til að annast án endurgjalds útborganir á lánum úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirliggjandi hjá þeim, og gera reikningsskil eftir því, sem stjórn sjóðsins ákveður.

18. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

19. gr.

Vilji maður, vegna ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar sjóðsins um það og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins, ásamt öðrum gjöldum.

20. gr.

Lánum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða falli á veðið skattar eða gjöld, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga án uppsagnar.

21. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern

gjalddaga (sbr. 15. gr.). Þó eru lán þau, sem veitt eru til 20 ára, afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $^1/_2\%$ af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag til að borga kostnað við sjóðinn er $^1/_2\%$ af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum Ræktunarsjóðsins, eftir nafnverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir. Þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

22. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður stjórnarráðið til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

23. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

24. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

25. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer sem almenn lög mæla fyrir.

26. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framar setja í veltu, heldur ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

27. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út af Ræktunarsjóði í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

28. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (samkv. 20. gr.) hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

29. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

Erlend lífsábyrgðar- og brunabótafjelög, er reka starfsemi hjer á landi, skulu skyld, ef þess er óskað, að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði fyrir að minsta kosti 10% af innborguðum iðgjöldum árs hvers.

Sömuleiðis er Landsbanka Íslands skylt að kaupa með nafnverði, ef stjórn Ræktunarsjóðs æskir og sjóðurinn hefir þess þörf, vaxtabrjef fyrir alt að 100000 kr. árlega, þar til þeirri upphæð er náð, er lög um stofnun búnaðarlánadeildar frá 4. júní 1924 mæla fyrir, að Landsbankinn skuli leggja búnaðarlánadeildinni til.

30. gr.

Ræktunarsjóði skal stjórnað af þrem mönnum. Skulu þeir skipaðir af ríkisstjórninni, eftir tillögum Búnaðarþings.

31. gr.

Stjórnin hefir alla umsjón með starfsemi sjóðsins. Hún skiftir með sjer störfum og ræður starfsmenn sjóðsins. Laun formanns skulu vera 800 kr., meðstjórnenda 500 kr. hvors. Við launin bætist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins hafa.

32. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu endurskoðaðir af mönnum, er ríkisstjórnin tilnefnir, og getur hún hvenær sem er krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

33. gr.

Verði ríkisveðbanki stofnaður samkvæmt lögum 27. júní 1921, má sameina Ræktunarsjóðinn honum, ef nauðsyn krefur, og verður hann þá áfram sem sjerstök deild og heldur áfram starfsemi sinni með óskiftum rjettindum, nema annað jafngilt frá bankans hendi komi í staðinn.

Nánari ákvæði um, hvernig þessu skuli fyrir komið, skal gera með lögum.

34. gr.

Ræktunarsjóðurinn tekur til starfa samkvæmt lögum þessum 1. júní 1925.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um Ræktunarsjóð 2. mars 1900. Breyting á sömu lögum, 20. okt. 1905 og 14. nóv. 1917. Ennfremur önnur lög, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, er Búnaðarfjelag Íslands skipaði á síðastliðnu hausti til þess að gera tillögur um lánsstofnun til stuðnings ræktun og bygging landsins. Um einstök atriði frumvarpsins vísast til greinargerðar þeirrar nefndar, sem er á þessa leið:

Eftir að hafa athugað nákvæmlega allar ástæður hjer á landi viðvíkjandi lánveitingum til jarðyrkjuumbóta, og sjerstaklega um reynslu þá, er fengist hefir með lánsstofnanir þær, sem aðallega hafa haft þann tilgang að bæta lánskjör bænda og styðja að ræktun og bygging landsins, svo sem var með stofnun Landsbankans, veðdeildarinnar, lögum um ríkisveðbanka og lögum um búnaðarlánadeild við Landsbankann, — höfum vjer komist á þá skoðun, að engin af þessum ráðstöfunum hins opinbera hafi náð tilgangi sínum: þeim, að styðja verulega að því, að rækta og byggja landið.

Framkvæmdirnar hafa verið litlar hjá þeim, er peningaráð hafa haft, í þessum tilgangi, og pappírslög hafa til þessa að sjálfsögðu verið gagnslaus. Sú stofnun, sem af veikum mætti hefir stutt að ræktun landsins, er Ræktunarsjóðurinn. Hann hefir unnið í rjetta átt og orðið mörgum að liði. Sá sjóður hefir heldur eigi tapað neinu fje á lánveitingum sínum, og er það sönnun þess, að lán til jarðræktar eru tryggari en flest önnur lán.

Að öllu þessu athuguðu ræður nefndin eindregið til, að komið verði upp sjerstakri lánsstofnun, er hafi það hlutverk einungis, að stuðla að því, að rækta og byggja landið. Vjer álítum því, að það liggi hendi næst að auka og efla Ræktunarsjóðinn, svo hann verði þess umkominn að bæta úr hinni brýnu lánsþörf bænda.

Land vort er lítt ræktað, en umbótamöguleikarnir eru miklir; meiri en vjer vitum og hlutfallslega meiri en hjá nágrönnum vorum. Vjer erum sjálfstætt ríki. Sómi vor og heiður byggist á því, að vjer ræktum og byggjum landið, svo að það gefi oss og niðjum vorum lífsskilyrði, sem menning og manndáð heimta af þjóð, sem er á framfaravegi, og sem þykist vera af góðu bergi brotin.

Til þess að ná þessu takmarki þarf stuðning alþjóðar. Einn aðalliður í þeirri viðleitni er hentug lánsstofnun fyrir þá, sem vilja rækta og byggja landið. Grundvöll að þeirri stofnun vill nefndin leggja með tillögum sínum. Þetta er sú hugsjón, sem fyrir oss hefir vakað.

Viðvíkjandi hinum sjerstöku greinum frumvarpsins leyfum vjer oss að taka fram:

1. gr.

Nefndinni er það ljóst, að fje það, sem Ræktunarsjóður hefir nú yfir að ráða, er of lítið til að geta fullnægt þeim kröfum, sem gerðar verða til hans. Þess vegna brýn nauðsyn að efla hann. Ýms ákvæði í frumvarpinu miða í þessa átt. Starfssvið sjóðsins ætlumst vjer til, að sje lánveitingar til að rækta og byggja landið. Á það verður að leggja aðalhersluna, þar til sjóðurinn fær meira starfsfje.

2. gr.

Það er nauðsynlegt, að Ræktunarsjóðurinn eignist töluvert stofnfje, sem árlega geti aukist, svo veltufje sjóðsins geti vaxið ár frá ári. Aðeins á þann hátt getur Ræktunarsjóðurinn leyst það hlutverk, sem honum er ætlað að vinna.

Stofnfjeð er hægt að auka á ýmsan hátt. Vjer bendum á þær leiðir, er oss hafa hugkvæmst heppilegastar, en þær eru:

1. Ræktunarsjóðurinn er að sjálfsögðu aðalstofnfjeð. Hann er stofnaður með því sama augnamiði, sem þessi sjóður á að vinna að. Við árslok 1923 var þessi sjóður 963456 kr. Mikið af þessu fje er fast í veðskuldabrjefum, sem endurgreiðast smátt og smátt. Þetta fje nær því skamt, en til stuðnings koma eftirfarandi tekjuuppsprettur.
2. Þá grundvöllurinn var lagður að Ræktunarsjóðnum árið 1900, var ætlast til, að andvirði allra seldra þjóðjarða frá 1883 rynni í sjóðinn. Þetta hefir

einnig verið reglan síðan. Nefndin er fyllilega samþykk þessari stefnu, en vill ganga feti lengra og láta sjóðinn strax njóta þeirra tekna, sem eru af óseldum þjóðjörðum. Samkvæmt skýrslu stjórnarráðsins er tala óseldra þjóðjarða 155, en virðingarverð þeirra er um 800000 kr. samkvæmt fasteignamatinu.

Afgjöld þjóðjarða rýrna nú að sjálfsögðu í bráð, þar eð margir landsetar munu nota sjer hlunnindi þau, er jarðræktarlögin bjóða, og vinna af sjer landskuldir í jarðabótum.

Tekjur og andvirði seldra þjóðjarða telur nefndin hvergi betur komið en í Ræktunarsjóði.

3. Samkvæmt stofnlögum Ræktunarsjóðs áttu allir vextir að leggjast við sjóðinn. En lög frá 20. okt. 1905 mæla aftur svo fyrir, að Ræktunarsjóðurinn greiði árlega til landssjóðs 3% af andvirði þjóðjarða, er seldar verða eftir árslok 1905.

Með þessu er hinum upprunalega tilgangi raskað, og virðist nefndinni því rjettmætt, að ríkissjóður endurgreiði Ræktunarsjóði þessa upphæð. Við árslok 1923 var Ræktunarsjóðurinn búinn að greiða ríkissjóði í vexti 225286 kr. Þar við bætist svo rentur og renturentur, sem alt ætti að endurgreiðast til Ræktunarsjóðs.

Vjer gerum ráð fyrir, að gjald þetta endurgreiðist á 3 árum. Mætti vera 5—6 árum, ef hentugra þætti.

4. Varasjóður 1. fl. veðdeildar ætlast nefndin til, að renni í Ræktunarsjóð, þá lokið er öllum skuldbindingum þess flokks. Veðdeildin var stofnuð sjerstaklega með því augnamiði, að bæta lánskjör bænda. Virðist því eigi til mikils mælst, þótt Ræktunarsjóður fengi umráð yfir varasjóð 1. fl. veðdeildar. Við árslok 1923 var sá sjóður 140830 kr.

5. Verðtolli þeim, er nefndin leggur til að settur verði og renni í Ræktunarsjóð, mun mörgum við lauslega athugun rísa hugur við; nóg sje af sköttum og skyldum áður. Þetta viðurkennir og nefndin fúslega. En markmið Ræktunarsjóðs er að stuðla að því að rækta og byggja landið. Þetta markmið er svo fagurt og háleitt, að styðja að því, að klæða fósturjörðina á ný, sem hefir verið rúin og rænd, að allir sannir Íslendingar munu fúslega leggja fram þann skerf, sem tillögur nefndarinnar leggja þeim á herðar. Vjer viljum koma upp öflugri stofnun, sem styður að því, að vjer náum takmarkinu, sem útvegar öllum þeim, sem vilja leggja hönd á plóginn, — rækta og byggja landið — starfsfje með hagfeldum kjörum. Ekkert af þessu fje á að vera eyðslueyrir. Það á að aukast, svo að með ári hverju verði meira og meira fje til umráða, svo að umbæturnar og ræktunin geti aukist frá ári til árs.

Aðeins á þennan hátt verður land vort ræktað og bygt, og þá taka niðjar vorir við landinu í betra ástandi en það var áður. Þetta mun styðja að velliðan þeirra og hvetja þá til atorku og dugnaðar við ræktun og aðrar framkvæmdir fósturjörðinni til viðreisnar. Slíku markmiði sem þessu verður eigi náð nema með sameinuðum kröftum. Vjer bindum oss að vísu byrðar á herðar, en þær byrðar eiga að vera ljettar að bera, því

þær eru, ef þetta nær fram að ganga, einn þáttur í viðreisnarstarfi þjóðar vorrar og búa í haginn fyrir eftirkomendurna.

Nefndinni hefir eigi hugkvæmst annað einfaldara ráð en þessi verðtollur til þess að afla Ræktunarsjóðnum fjár, sem nokkru nemi, og gefa öllum tækifæri til að leggja sinn skerf til þessarar stofnunar. Ef þing og stjórn sjer aðra vegi heppilegri, og sem gefa sjóðnum líkar tekjur og þetta mun gera, teljum vjer tilgangi vorum náð.

Þessi skattur er eigi mjög þungbær. Tökum dæmi til skýringar:

Ef rúgmjölstunnan kostar 50 kr., þá hækkar verð hennar um 25 aura, eða lítið eitt meira en hálfan eyri á hvert rúgbrauð. Þetta þó aðeins fyrsta árið eftir að verðtollurinn er lagður á; hálfu minna næstu árin. Segjum að kjöttunnan sje seld á 200 kr. — þá þarf að greiða 1 kr. í verðtoll, eða $12^1/_2$ eyri fyrir kjöt af einum dilk, — hálfu minna með $^1/_4$ %.

Ef eitt skippund af fiski kostar um 200 kr., verður þar um sama gjald að ræða og af kjöttunnunni.

Ef 1 kg. af kaffi kostar 3 kr. og 1 kg. af sykri 1 kr., hækkar tollurinn verðið hlutfallslega um 1.5 og 0.5 aura á kg. fyrsta árið; næstu ár hálfu minna.

Þannig mætti telja dæmin áfram, sem munu færa oss heim sanninn um, að flestum eða öllum er skattur þessi vel kleifur, sem annars hafa til hnífs og skeiðar. Þyngst kemur þetta gjald niður á framleiðendum sjávarafurða, sem nú munu þó þurfa að bera allmikla skatta, en vjer treystum veglyndi allra, að þeir sjái eigi ofsjónum yfir því, þótt þeir þurfi eitthvað að láta af hendi rakna til þessa augnamiðs. Oss finst, að þetta ætti að vera tilfinningamál fyrir þjóðina. Viljum vjer eigi allir hlynna að því, sem oss er kært? Hver sjer t. d. ofsjónum yfir því að fæða og klæða barnið sitt eða leita því heilsubótar, ef sjúkt er, og styrkja það áfram til menningar og þroska? Oss þykir öllum vænt um eitthvað, og viljum þá gera því svo vel til, sem vjer höfum efni á.

Hjer er það hún móðir vor, fósturjörðin, sem í hlut á. Ætti það eigi að vera öllum ljúft að styðja að því, að hún fái betri búning, svo klæðin hennar verði fegurri og haldbetri en nú? Og vjer megum vera vissir um, að hún launar börnum sínum þennan klæðnað, gefur þeim úr skauti sínu margföld gæði, sem verða þeim til ánægju og blessunar.

Þessi tillaga vor byggist því á þeirri trú vorri, að allir vilji styðja að viðreisn fósturjarðarinnar, taka fúslega hina litlu byrði, sem þetta leggur þeim á herðar, án möglunar, því Íslendingar viljum vjer allir vera.

Í staðinn fyrir verðtoll gat verið spursmál um, að ríkissjóður legði Ræktunarsjóði til allmikið fje. En vjer höfum fremur kosið oss þessa leið, að gera fjársöfnun þessa að sjálfstæðu atriði, svo að hún þannig yrði almenn og minnisvarði núverandi kynslóðar um hugarþel hennar til Fjallkonunnar.

3. gr.

Þá peningastofnun sem þessi er að komast á laggirnar, þarf hún

stuðning. Það fjárframlag, sem farið er fram á, er í rauninni lítið og tekur fljótt enda.

Þá er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái húsnæði hjá Landsbankanum. Þetta eru bræðrastofnanir. Því náttúrlegt, að Landsbankinn veiti sínum yngra bróður húsnæði endurgjaldslaust, þar eð hann hefir af miklu að miðla.

4. gr.

Til þess að auka starfsfje Ræktunarsjóðs, álítur nefndin nauðsynlegt, að honum sje leyft að gefa út vaxtabrjef, og að þannig sje um hnútana búið, að vaxtabrjef þessi sjeu vel trygð, njóti ýmsra hlunninda og beri sæmilega háa vexti. Gerir nefndin sjer þá von um, að gangverð þeirra verði nafnverð og að brjefin verði auðseljanleg, svo Ræktunarsjóð þurfi eigi að skorta fje.

5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu þau sömu og í ríkisveðbankalögunum.

Þó eru hjer ákvæði um, hve vextir skuli háir af 1. fl. vaxtabrjefunum, sem út verða gefin. Verið getur, að vextir þessir — 6% — þyki háir, en útlánsvextir bankanna eru nú 8% eða meira, og það, sem fyrir nefndinni hefir vakað, er að brjefin geti selst með nafnverði. Þá verða lánin í raun og veru ódýrari — þó vextir sjeu háir — en ef mikil afföll eru af brjefunum.

Vextir hjer eru nú vonandi á hámarki, og fara því væntanlega lækkandi. Að sjálfsögðu verður 1. fl. vaxtabrjefa eigi haldið lengur opnum en þangað til vextir lækka, svo að hægt sje að selja 2. fl. vaxtabrjefa með lægri vöxtum, án affalla.

Gert er ráð fyrir, að gefa megi út sexfalda upphæð stofnsjóðs í vaxtabrjefum. Veðdeildin hefir einnig haft leyfi til að gefa út sexfalda upphæð í bankavaxtabrjefum, miðað við tryggingarfjeð, en í ríkisveðbankalögunum er gert ráð fyrir áttfaldri upphæð.

Nefndin álítur, að vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins sjeu vel trygð, þar eð aðallega er lánað út á jarðeignir í landinu, og aldrei lánað hærra en $^3/_5$ af virðingarverði.

6. gr.

Fyrir Ræktunarsjóðinn er gert ráð fyrir líkum rjettindum og venja er til með slíkar peningastofnanir.

7. gr.

Nefndin vill, að komið sje upp öflugum varasjóði, sem tekið geti þau skakkaföll, er sjóðurinn kann að verða fyrir. Því er ætlað, að allar tekjur sjóðsins, vextir og annað, renni í varasjóð. Í síðari hluta greinarinnar er gert ráð fyrir, að nokkuð af varasjóðnum leggist við stofnsjóð, þá hann hefir náð þeirri upphæð, er tryggileg virðist vera.

8. gr.

Þarf vart skýringa.

Ákvæðið um 25% ábyrgð ríkissjóðs er tekið eftir frumvarpi stjórnarinnar um jarðræktarflokk við veðdeild Landsbankans.

9. gr.

Nefndinni er umhugað um, að fje það, sem Ræktunarsjóðurinn hefir til umráða, komi að verulegum notum, svo ræktun landsins verði aukin og býli bygð upp. Að þessu miða ákvæði þessarar greinar. Það er ætlast til, að áætlun verði gerð um sjerhverja umbót. Ræktunarsjóðurinn ætti að gefa út eyðublöð, þar sem ástandi og upplýsinga er óskað um sjerhvert verk. Með þessu verða umbæturnar betur undirbúnar, og því líklegra, að þær komi að tilætluðum notum.

10. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Það, sem vakir fyrir nefndinni, er að hlynna sem mest að ræktun landsins, en til bygginga ætti ætíð að veita takmarkað fje, nema því að eins, að ræktun sje gengin á undan.

Eigi ætti að lána fje til bygginga, sem kynnu að bera jörðina ofurliði.

11. gr.

Þessi ákvæði eru tekin eftir ríkisveðbankalögunum.

12. gr.

Nýmæli er það, að Ræktunarsjóðurinn skuli sjá um vátrygging húsa þeirra, sem vátrygð eru með jarðeignum. Nefndin hyggur, að þetta geti verið tryggilegra fyrir sjóðinn og til hagræðis fyrir hlutaðeigendur.

13. gr.

Í reglugerð er ætlast til, að nánari ákvæði komi um efni þessarar greinar, og þar sje um búið sem haganlegast og tryggast, bæði fyrir sjóðinn og lántakendur.

14. gr.

Hjer er gert ráð fyrir, að Búnaðarfjelag Íslands gefi Ræktunarsjóðnum álit sitt um hinar fyrirhuguðu umbætur, og segi til um hvernig ræktuninni sje viðhaldið. Samkvæmt jarðræktarlögunum hefir Búnaðarfjelagið trúnaðarmenn um land alt, sem mæla allar jarðabætur, og koma því árlega á hvert býli á landinu, þar sem eitthvað er unnið. Auðvelt ætti því að vera fyrir Búnaðarfjelagið að leysa verkefnið af hendi. En vitanlega verður að gera þær kröfur til trúnaðarmannanna, að þeir sjeu starfi sínu vaxnir.

15. gr.

Nefndin hefir sett hámark lána út á einstaka eign 25000 kr., en gegn

afgjaldskvöð 10000 kr. Nefndin álítur, að varhugavert sje að setja þungar kvaðir á jarðir leiguliða, og því eigi reglan að vera sú, að lána eigi meira en 10000 kr. Ef um stórar jarðeignir er að ræða og sjerstakar ástæður mæla með, má þó lána alt að 25000.

Lánstímann hefir nefndin sett 5—20 ár.

Mörgum mun þykja þessi lánstími of stuttur, en fyrir nefndinni hefir vakað, að þar eð vextir eru nú háir, þá þurfi að fara varlega í að ráðast í stór fyrirtæki og binda með því eftirkomendunum byrðar á herðar. Ef vextir lækka, myndi mega lengja lánstímann.

Hinsvegar álítur nefndin, að stutt og lítil lán geti oft komið að miklum notum. Þau auka mest starf, og koma því fleirum að gagni.

16. gr.

Þarf engra skýringa.

17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru tekin eftir frumvarpi stjórnarinnar um jarðræktarflokk við veðdeild Landsbankans. Virðist þetta rjettmætt, þar sem hjer er að ræða um þjóðþrifamál.

18. og 19. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því, að Ræktunarsjóðurinn hafi jafngóða tryggingu, þó eigendaskifti verði.

20. gr.

Þarf eigi skýringa.

21. gr.

Auk $^1/_2$% árgjalds, sem búast má við, að gangi til kostnaðar við sjóðinn, gerir þessi grein ráð fyrir, að lántakendur greiði $^1/_2$% af lánsupphæðinni, um leið og lánið er tekið, sem renni í varasjóðinn. Lántakendur munar það lítlu, þar eð þetta er að eins greitt einu sinni, en varasjóði verða það töluverðar tekjur.

22., 23., 24., 25., 26., 27. og 28. gr.

Hafa inni að halda lík ákvæði og venjulegt er í lögum um samskonar lánsstofnanir og hjer er um að ræða.

29. gr.

Hjer eru sett ákvæði, sem miða að því, að tryggja sölu vaxtabrjefanna, fyrst og fremst með því, að fje ómyndugra manna og opinberra stofnana megi verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðs.

Þá eru ákvæði um, að erlend lífsábyrgðarfjelög og brunabótafjelög skuli skyld, ef þess er óskað, að kaupa vaxtabrjef fyrir $^1/_{10}$ hluta af iðgjöldum sínum, sem goldin eru hjer á landi.

Þetta ætti að vera fjelögunum ljúft. Þau þurfa að ávaxta fje hjer á landi, og óvíst, að það verði gert á annan tryggari hátt.

Þá eru ákvæði um, að Landsbankanum sje lögð hin sama skylda á herðar, í samræmi við lög um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbankann, frá 4. júní 1924.

Nefndin álítur, að bankanum sje það ljúft, að losna á þennan hátt við þá kvöð, sem lög um búnaðarlánadeild leggja honum á herðar, enda eru þessar 100000 kr., sem ætlaðar eru til kaupa á vaxtabrjefum, lítill hluti af venjulegum árstekjum bankans, og einnig lítill hluti af núverandi varasjóði bankans. En þetta yrði töluverður stuðningur fyrir Ræktunarsjóð, einkum í fyrstu, meðan sjóðurinn er að eflast.

30. og 31. gr.

Stjórn Ræktunarsjóðs mun eigi þykja hálaunuð. En nefndin gerir ráð fyrir, að störfin verði eigi mjög mikil fyrst um sinn. Það myndi nægja, að sjóðurinn væri opinn einu sinni til tvisvar á viku. Starf þetta ætti að vera heiðurs og trúnaðarstarf. Menn þeir, sem því gegndu, myndu væntanlega hafa öðrum störfum að gegna og taka þar laun fyrir. Þessi borgun myndi því nægja í bráð. Síðan er hægt að gefa launaviðbót, ef ástæða þykir til og starfið vex og þar með tekjur sjóðsins.

32. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar vildi nefndin búa sem best um alt eftirlit með sjóðnum.

33. gr.

Nefndin ráðgerir, að Ræktunarsjóðurinn verði eitt af óskabörnum þjóðarinnar. Lög um ríkisveðbanka gefa vonir um slíkt hið sama. Verði ríkisveðbankinn stofnaður, miða ákvæði þessarar greinar að því, að Ræktunarsjóðurinn geti sameinast honum, ef nauðsyn krefur og hagkvæmara þykir fyrir báðar stofnanir.

Hins vegar hefir nefndin viljað tryggja, að Ræktunarsjóðurinn haldi áfram sem sjerstök deild og í sama horfi og til er efnt.

34. og 35. gr.

Þurfa engra skýringa.

Umsögn Búnaðarþings.

Nefndin afhenti Búnaðarfjelagi Íslands tillögur sínar. Tók Búnaðarþing, er nú situr að störfum, málið til athugunar, og bar fjárhagsnefnd þess fram álit sitt. Var það álit samþykt á Búnaðarþingi í einu hljóði á fundi þess 13. þ. m. Fer það álit hjer á eftir.

»Fjárhagsnefnd hefir eftir föngum athugað álit nefndar þeirrar, er Búnaðarfjelag Íslands skipaði til að gera tillögur um lánsstofnun til stuðnings ræktun og bygging landsins, og frumvarp það sjerstaklega, sem hún ber fram. Er fjárhagsnefndinni ljúft að votta nefndarmönnum þakkir fyrir mikið og gott starf.

Í öllum aðalatriðum fellst fjárhagsnefnd á frumvarp nefndarinnar og telur sjálfsagt, að það verði borið fram á Alþingi. En við athugun frumvarpsins hefir nefndin veitt athygli einstöku atriðum, sem hún vill vekja athygli háttv. Alþingis á, hvort ekki mætti breyta.

Við 5. gr.

Orðið »framvegis« í 3. setningu 1. málsgreinar falli burt.

Orðin »Vextir — — vera 6%« síðast í 2. málsgrein falli burt.

Við 9. gr.

Síðasta setning 2. málsgreinar orðist svo: Lánið má eigi greiða fyr en verkið er hafið og jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar.

Orðin »Hafi hlutaðeigandi — — á mannvirkinu« falli burt, en í þess stað komi: Skoðun skal fara fram á mannvirkinu, er lokið er.

Við 15. gr.

Fyrir orðin í c.-lið »alt úr steini með járnþaki« komi: Alt úr varanlegu efni.

Enn vill nefndin beina því til Alþingis til athugunar, hvort ekki ætti að veita lán til rafveitu á sveitabæjum í smáum stíl, ef peningar væru fyrir hendi í Ræktunarsjóði, þó þannig, að hitt gangi fyrir, sem þegar er nefnt.

Að lokum lítur fjárhagsnefnd svo á, að það skifti mestu máli, að Ræktunarsjóður hinn nýi verði sjálfstæð og sterk stofnun, sem fái sem mestu stofnfje yfir að ráða og sem tryggilegast sje frá því gengið, að stjórn sjóðsins skilji sem best þarfir bændastjettarinnar, og vill því leggja sjerstaka áherslu á þau einstök atriði í frumvarpi nefndarinnar, sem að því miða að tryggja þetta.

Fjárhagsnefnd leggur því til, að Búnaðarþing afgreiði málið á þessa leið:

»Búnaðarþingið ályktar að skora á Alþingi að samþykkja í aðalatriðum Frumvarp til laga um Ræktunarsjóð hinn nýja, sem borið er fram af nefnd, er skipuð var af Búnaðarfjelagi Íslands. Jafnframt leggur Búnaðarþingið sjerstaka áherslu á ákvæðin í 3. og 5. lið 2. gr., í 3. málsgrein 29. gr. og í 30. gr.«.

Enn fremur vill Búnaðarþingið benda á, hvort ekki sje hægt með sjerstökum lögum að skylda erlend lífsábyrgðar- og brunabótafjelög til þess að kaupa innlend vaxtabrjef, ef það verður ekki látið standa óbreytt eins og það er orðað í 2. málsgr. 29. gr.«.

Nd. **46. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um innlenda skiftimynt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Slegin skal íslensk skiftimynt, er gjaldgeng sje á Íslandi einungis. Myntirnar gildi 2 krónur, 1 krónu, 25 aura, 10 aura, 5 aura, 2 aura og 1 eyri.

2. Við 6. gr. Síðasti málsl. 6. gr. orðist svo:
   Skiftimyntir þessar hætta þá fyrst að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð, er þær eru orðnar svo slitnar, að ekki verður með vissu sjeð, að þær sjeu íslenskar. Gagnvart öllum öðrum hætta þær að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

Alþingi, 14. febrúar 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Árni Jónsson, framsögum.

Jón Kjartansson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

5. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, skal orða svo:

Nú verður skipstjóri sekur um brot gegn 1. gr., og missir hann þá við fyrsta brot rjett sinn til skipstjórnar á fiskiskipi um eitt ár. Ef hann ítrekar brotið, skal hann sviftur sama rjetti um tvö ár. Verði hann brotlegur í þriðja skifti, skal hann hafa fyrirgert ævilangt rjetti til að vera skipstjóri á fiskiskipi.

Skipstjóri, er gerir sig sekan um ítrekað brot gegn 1. gr., skal enn fremur, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endrarnær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en fjell þá í neðri deild með litlum atkvæðamun. Er það nú flutt aftur með þeirri breytingu, að rjettindamissir brotlegra skipstjóra taki að eins til skipstjórnar á fiskiskipum.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar í Alþt. 1924, A. bls. 329, þskj. 144, og umræðna á síðasta þingi (Alþt. 1924, C. 499—564).

Nd. **48. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (þskj. 42).

Frá Ágúst Flygenring.

Á undan a-lið kemur nýr liður:
a. Við A. 6. bætist:
og að Gerðum í Garði.
Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **49. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmenn: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. D. 4. komi nýr tölulíður, er verður 5. tölulíður, svo hljóðandi:

5. Upphjeraðsvegur frá Lagarfljótsbrú norðan fljóts að Brekku í Fljótsdal.

Greinargerð.

Fá eða engin af hinum stærri og fjölbygðari hjeruðum landsins munu hafa orðið jafnaugljóst útundan um vegagerð á kostnað ríkissjóðs og Fljótsdalshjerað. Með vegalögunum, sem samþykt voru á síðasta þingi, var lagður nýr grundvöllur í vegamálum, þar sem taldar eru til þjóðvega flestar alfara leiðir um landið ásamt vegum í helstu kaupstaði og kauptún, en slept vegum og leiðum, sem eru eindregið innansveitar. Nú hafa komið fram frumvörp, þar sem farið er fram á að taka slíka vegi inn í þjóðvegakerfið, og verður þá eigi — ef þau frv. ná samþykki — komist hjá að taka þennan vegkafla, sem í þessu frv. er nefndur, einnig í tölu þjóðvega, til þess að gætt sje samræmis og rjettlætis milli hinna einstöku hjeraða.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og takmörkun á ádráttarveiði.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og um ádráttarveiði.

2. gr.

Nú vilja veiðieigendur í á eða vatni, sem lax eða silungur er í, auka veiði með því að koma á laxa- eða silungaklaki og starfrækja það, eða takmarka ádráttarveiði til þess að gera veiðina jafnari, þannig að áin sje alfriðuð fyrir ádrætti nokkra virka daga, meðan veiði er stunduð, þó aldrei meira en 2 virka daga í viku hverri, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktar og gera það hlutaðeigendum kunnugt. Skal það síðan sent sýslunefnd, og semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst með nægum fyrirvara kvatt til fundar á því svæði, sem samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem veiði hafa til eignar eða afnota í þeirri á eða vatni, sem takmörkunin á ádráttarveiðinni á að gilda um og klakhúsið eða klakhúsin eru bygð sjerstaklega fyrir.

Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fund með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundarmenn á frum-

varpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga og rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er hlut eiga að máli samkv. 2. gr.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skal tekið fram, hvaða svæði samþyktin taki yfir, um stjórn klakhúsfjelagsins og niðurjöfnun á kostnaði við klakið, og skal í því efni fylgt þeirri reglu, að stofnkostnaði sje jafnað niður á jarðeigendur á samþyktarsvæðinu. Skal sú niðurjöfnun að nokkru leyti miðuð við landverð samkvæmt fasteignamati og að nokkru leyti við aðstöðu jarðanna til veiðinnar, en árlegum rekstrarkostnaði skal jafnað niður á sama hátt á ábúendur jarðanna. Nú er veiðirjettur seldur undan jörð á samþyktarsvæðinu, og skal þá eigandi hans bera bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

6. gr.

Gjöldum til klakhúsfjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþyktum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir alt að 200 krónum, er renna í sjóð klakhúsfjelagsins, ef um er að ræða brot á klaksamþykt, en ella í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Á allra síðustu árum hefir víðsvegar á landinu vaknað talsverður áhugi fyrir því, að koma á fót laxa- og silungaklaki; einstakir framtaksmenn hafa

hafist handa, bygt klakhúsin og rekið þau á sinn kostnað. Þetta er eðlilegt í byrjun, meðan allur þorri almennings er ekki búinn að átta sig á, hvert hagræði klakið getur veitt.

Á hinn bóginn kemur hagnaðurinn af klakinu óviða þeim einstaklingum einum að notum, sem starfrækja það, heldur öllum, sem veiðirjett eiga í ánni eða vatninu, sem klaksins nýtur. Skipulagið hlýtur því að smáfærast í það horf, að klakhúsin verði fjelagseign og starfrækt af fjelagi veiðieigenda, sem hlut eiga að máli; slík klakhúsfjelög eru þegar stofnuð og önnur í undirbúningi. Það, sem einkum stendur þessum fjelagsskap fyrir þrifum, er að enn þá vantar lög, sem heimili að gera samþyktir um þessi efni, sem komi í veg fyrir, að einstakir veiðieigendur geti skorist úr leik og neitað að styrkja fyrirtækið, en notið þó engu að síður þess arðs, sem klakið veitir.

Jafnframt er reynt að stuðla að því, að gera veiðina jafnari, þannig, að þar, sem svo hagar til, eins og vitanlegt er um að á sjer stað, að einstakir veiðieigendur, einkum þeir, sem nærri ósunum búa, hafa aðstöðu til þess að geta með ádráttarveiði dregið upp mikinn hluta af þeim laxi, sem í ána gengur, en aðrir veiðieigendur bera þar af leiðandi mjög skarðan hlut frá borði, sje heimilt með samþyktum að takmarka ádráttarveiðina framar því, sem laxveiðalögin heimila.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 27, 4. júní 1924 *[Friðun rjúpna]*.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Fyrir orðin »frá 1. janúar til 15. október ár hvert« í fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi:

frá 1. janúar til 1. nóvember ár hvert.

Greinargerð.

Breytingin, sem hjer er lagt til að gerð sje á rjúpnafriðunarlögunum, er sú ein, að hinn árlegi friðunartími rjúpna sje lengdur um hálfan mánuð, þannig, að friðunartíminn nái frá áramótum til 1. nóvember, í staðinn fyrir 15. október eins og það er nú.

Ástæðurnar til þess, að farið er fram á þetta, eru einkum tvær. Í fyrsta lagi sú, að rjúpnaveiðar í október koma jafnaðarlega mjög í bága við haustannirnar, sem þá er óviðast lokið, húsa- og jarðabætur, vallarvinslu o. fl. Í öðru lagi er mikill hluti rjúpunnar því lakari útflutningsvara, sem fyr er byrjað að skjóta.

Nd. **52. Frumvarp**

til laga um innlenda skiftimynt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 13 með breytingunum á þskj. 46.

Nd. **53. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson, Pjetur Ottesen og Þórarinn Jónsson.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Um kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar fer eftir lögum nr. 49, 30. júlí 1909.

2. gr.

35. gr. orðist svo:

Reikningsár hreppsins er almanaksárið.

3. gr.

36. og 37. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju á tímabilinu frá 1. maí—15. júnímánaðar gera áætlun um allar tekjur og gjöld hreppsins yfirstandandi ár og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir gjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá útsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar.

Ef bú, verslun eða annað arðsamt fyrirtæki er rekið alt gjaldárið í einum hreppi, sem eigandi á ekki lögheimili í, hefir hreppsnefndin í hreppnum, þar sem fyrirtækið er rekið, rjett til að leggja fult útsvar á arðinn af því

og eignina, sem notuð er til að reka fyrirtækið með, eins og eigandinn ætti lögheimili í hreppnum, en hreppsnefndin þar, sem eigandi fyrirtækisins á lögheimili, hefir þá engan álögurjett á þær eignir eða arðinn af þeim.

Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða að eins til skemtunar og á hvern hátt sem veiðin er stunduð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliða-afnot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin um styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd í samanburði við innansveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer á brott.

Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn í öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð og flóa sem útræði er í.

4. gr.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 37. gr., svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um, hversu útsvarsálagningu skuli hagað innan sýslu, og senda síðan reglugerðina stjórnarráðinu til staðfestingar. Þyki stjórnarráðinu hún koma í bága við lög þessi eða grundvallarreglur laga, skal reglugerðin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið reglugerðina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir sýsluna. Reglugerð, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún er stofnuð.

5. gr.

38. gr. orðist svo:

Aukaútsvörum skal hreppsnefnd jafna niður á tímabilinu frá 1. maí til 15. júní ár hvert fyrir það reikningsár, er þá stendur yfir; þó getur stjórnarráðið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að aðalniðurjöfnun aukaútsvara megi fram fara síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Hreppsnefnd gerir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því, er niðurjöfnun er lokið, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

6. gr.

Fyrri málsgrein 41. gr. orðist svo:

Nú verður einstaklingur, sem ekki á lögheimili í hreppnum, eða atvinnufyrirtæki, sem ekki er rekið í hreppnum alt gjaldárið, útsvarsskylt samkvæmt 36. gr. fyrir eða eftir að hin almenna útsvarsniðurjöfnun fer fram, og hreppsnefnd þykir fullvíst, að þessi einstaklingur eða fyrirtæki muni ekki dvelja í hreppnum þegar áðurgreind niðurjöfnun fer fram, er hreppsnefnd þá heimilt að jafna niður á þessa gjaldendur með aukaniðurjöfnun, en tilkynna skal

nefndin það gjaldanda og þeim, sem ætlast er til að greiði útsvarið, eða hluta af því, samkvæmt næstu málsgrein, innan 8 daga frá því útsvarið var á hann lagt.

Húsbændur eða atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra manna, sem á þeirra vegum eru, þegar niðurjöfnun fer fram, og á er lagt samkvæmt þessari grein, en þó ekki hærri upphæð en gjaldþegn hefir unnið fyrir.

Heimilt er húsbónda og atvinnurekanda að halda eftir af kaupi eða afla útsvarsgreiðanda þeirri upphæð, er útsvarinu nemur samkvæmt tilkynningu hreppsnefndar.

7. gr.

Fyrri málsgrein 42. gr. orðist svo:

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður samkvæmt 38. gr., er 20. október næst á eftir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er niður eftir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður.

8. gr.

45. gr. orðist svo:

Tekjur sveitarsjóða eru:

1. Aukaútsvör.
2. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
3. Vextir af innstæðufje og leigufje.
4. Hundaskattur.
5. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
6. Frá öðrum hreppum:
   a. Endurgjald á veittum þurfamannastyrk.
   b. Endurgjald fyrir önnur viðskifti.
7. Óskilafjárverð.
8. Sektir eftir sættum eða dómi.
9. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.
10. Gjald af síldveiði og ufsa með nót.

9. gr.

48. gr. orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 3 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa; þó mega launin ekki vera minni en 60 kr. Heimilt er þó að greiða oddvita hærri laun, að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra hreppsbúa á almennum hreppsfundi. Þóknun til oddvita greiðist úr sveitarsjóði.

10. gr.

50. gr. orðist svo:

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og gjöld hreppsins síðastliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skifti einhvern innansveitarmann, annaðhvort úr hreppsnefndinni eða

utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 1. febrúarmánaðar. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 1. til 14. febrúarmánaðar. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 20. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

11. gr.

Síðasta málsgrein 66. greinar falli burt.

12. gr.

69. gr. orðist svo:

Sýslunefndin kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda fyrir 15. marsmánaðar hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar, og ber oddvita að svara þeim fyrir lok sama mánaðar. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

13. gr.

74. gr. orðist svo:

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og gjöld sýslunnar. Að því leyti sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal jafna því, sem til vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

14. gr.

76. gr. breytist þannig:

Fyrir 4 krónur komi: 6 krónur.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 46, 26. október 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum, lög nr. 67, 27. júní 1921, um breyting á sveitarstjórnarlögunum, og lög nr. 29, 19. júní 1922, um breytingu á sveitarstjórnarlögum, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

16. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau ásamt öðrum gildandi breytingum og viðaukum við lög nr. 43, 10. nóvember 1905, inn í meginmál þeirra laga, og gefa þau út svo breytt.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

Niðurjöfnun útsvara fer fram í október 1925, með gjalddaga 31. desember það ár, og í maí til júní 1926, með gjalddaga 20. október, en tímabilið frá fardögum 1925 til ársloka 1926 telst eitt reikningsár.

Greinargerð.

Sveitarstjórnarlögin eru nú hjer um bil 20 ára gömul. Á þessum 20 árum hefir margt breyst hjer á landi, bæði í atvinnuháttum og sjerstaklega í löggjöf síðustu ára, svo að óumflýjanlegt er nú orðið að breyta þeim í nokkrum atriðum. Þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru samþykt, var lausafjártíund úr lögum numin og þar með sá grundvöllur, sem hreppsnefndir viðsvegar um land höfðu að nokkru stuðst við um útsvarsálagningu. Í stað fasteigna- og lausafjártíundar komu skýrslur um tekjur og eign, en þær eru orðnar hjer um bil ársgamlar, þegar hreppsnefnd getur notað sjer þær, og því oft orðnar óábyggilegar sem mælikvarði á efni og ástæður útsvarsgreiðanda þegar niðurjöfnunin fer fram. Það er því orðin almenn ósk, að fá þessu kipt í lag á þann veg, að útsvarsniðurjöfnunin fari fram að vorinu, eftir að skattanefndir hafa lokið störfum sínum, og að reikningsárið verði almanaksárið.

Annað atriði, sem víða veldur óánægju, er ósamræmið milli hreppanna í útsvarsálagningu. Til þess að bæta úr þessu eru tvær leiðir, að kveða nánar á í lögum en nú er gert, hvernig útsvörum skuli jafnað niður; en sú leið mun reynast torfarin; staðhættir og aðstaða svo ólík viðsvegar á landinu. — Hin leiðin, sem hjer hefir verið valin, að veita sýslunefndum heimild til að setja nánari reglur um útsvarsálagninguna, mun reynast greiðfærari. Fjölbreytnin í staðháttum og atvinnulífi tæplega eins mikil innan hverrar sýslu, og kunnugleikinn meiri. Þetta hefir einnig verið reynt og gefist vel.

Ákvæðin um, að atvinnurekendum beri að greiða útsvar fyrir nokkuð af verkafólki sínu, eru sett vegna þess, hve örðugt reynist að ná sveitargjöldum hjá landshornafólki, sem að eins dvelur 3—4 mánuði í stað og fer oft eins ljetthlaðið af fjármunum og það kom.

Að endingu má geta þess, að rýmkað er á nokkrum ákvæðum, sem reynslan hefir sýnt, að eru orðin óhagkvæm, svo að menn hafa verið knúðir til að fara í kringum þessi ákvæði eftir krókaleiðum. Svo er um laun oddvita og fleira.

Nd. **54. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Lög þessi um innheimtu tolla og gjalda með 25% gengisviðauka voru sett á síðasta þingi til þess að afla ríkissjóði meiri tekna, með því að sýnilegt var, að hann þyrfti þeirra við. Innheimta gengisviðaukans var bundin því skilyrði, að gengi á sterlingspundi sje skráð í Reykjavík á 25 krónur, eða þar yfir, og er nú í þessu frv. farið fram á, að þetta ákvæði verði felt burtu og stjórninni veitt heimild til að innheimta gengisviðaukann framvegis, þangað til hann verður feldur burtu með nýrri lagasetningu.

Með því að þörf ríkissjóðs til tekjuauka er enn hin sama sem í fyrra, og með því að skráning sterlingspunds er ekki neitt sjálfsagt skilyrði fyrir tekjuaukanum, en það hinsvegar getur valdið skyndilegum tekjumissi, ef skráningin fer niður fyrir takmarkið, og jafnvel öðrum óþægindum, ef sveiflur væru kringum takmarkið, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 17. febrúar 1925.

Kl. Jónsson, form., frsm. — Magnús Jónsson. — Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Jakob Möller, með fyrirvara. — Halldór Stefánsson, með fyrirvara.

Sveinn Ólafsson. — Björn Líndal.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Flutningsmenn: Björn Líndal, Ágúst Flygenring, Jón Auðunn Jónsson, Jón Kjartansson, Magnús Jónsson og Sigurjón Jónsson.

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í fyrstu grein laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.
   b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 4.80 af hverju kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 12.80 af hverju kg.
   Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.

2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álímdum miðum, er stjórnarráðið lætur tollheimtumönnum í tje og á er letrað »tollur greiddur«.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur stjórnarráðið nánari ákvæði um tollmerkin.

3. gr.

Nú finnast tóbaksvörur, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki, en ekki verða þó taldar falla undir ákvæði gildandi laga um tollsvik, og skal þá telja tollinn ógreiddan nema handhafi sanni, að tollur sje greiddur. Þó skal altaf telja saknæma vanrækslu, ef ómerktar tóbaksvörur finnast hjá þeim, er versla með tóbak, og varðar slík vanræksla sektum, alt að þreföldum tolli af hinum ómerktu vörum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

5. gr.

Lög nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki, eru úr gildi feld frá 1. september 1925, svo og önnur lög, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Eins og sjá má af greinargerð stjórnarinnar fyrir frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi (stjfrv. 6, 1921) eru aðalástæður stjórnarinnar hin brýna þörf ríkissjóðs á auknum tekjum. Hið sama má og sjá, að aðallega hefir vakað fyrir meiri hluta fjárhagsnefndar, en hinsvegar er það ljóst, að fyrir stjórninni og fjárhagsnefnd hefir ekki vakað það, að einkasölufyrirkomulagið væri hagstætt neytendum, því gert er ráð fyrir, að einkasölufyrirkomulagið muni hækka verðið á tóbaksvöru í landinu að stórum mun.

Það verður ekki sjeð, hvorki af ástæðum stjórnarinnar, nefndarálitinu eða umræðum, að stuðningsmenn laganna yfirleitt hafi verið einkasöluhugmyndinni fylgjandi, heldur að þessi stefna hafi verið tekin vegna fjárhagsörðugleikanna og þess, að þetta fyrirkomulag gæti gefið ríkissjóði meiri tekjur en tollauki, þar sem ríkisvaldinu var í sjálfsvald sett að leggja því nær ótakmarkað á þessa vörutegund.

1. Tekjur ríkissjóðs.

Einkasala á tóbaki hefir nú verið rekin í þrjú ár.

Frá 1. jan. 1922 hefir innflutningur á tóbaki og tekjur ríkissjóðs af tolli og einkasölu verið sem hjer segir í þúsundum króna:

	1922	1923	1924
Innflutningur tóbaks	52023 kg.	75000 kg.	74300 kg.
Vindlar og vindlingar	13051 —	16000 —	17583 —
Tollur	339 þús. kr.	434 þús. kr.	525 þús. kr.
Verslunarágóði	100 — —	200 — —	350 — —

Þess ber að geta, að af verslunarhagnaðinum 1924 mun, að því er næst verður komist, 90—100 þúsund krónur stafa frá gengiságóða og verðhækkunar á birgðum verslunarinnar, er gengisviðaukinn (25 % tollaukinn) gekk í gildi.

Jafnframt ber þess að gæta, að gengistap á árinu 1923 er talið rúmar 25000 krónur.

Hinn 1. apríl 1924 hækkar tóbakstollurinn, eins og aðrir tollar, um 25 % (gengisviðaukinn). Ef þessi hækkun hefði verið í gildi öll þrjú árin, hefðu samanlagðar tekjur af tolli og verslun orðið, að öðru óbreyttu:

1922	524	þúsund krónur,
1923	742	— —
1924	903	— —
Meðaltal	723	— —

Ef óhætt á að vera að gera ráð fyrir, að ríkissjóður fái sömu tekjur af tolli eingöngu og hann hefir fengið af tolli og verslunarhagnaði samtals,

verður að ákveða hinn nýja toll þannig, að eftir honum fáist meðaltal tekna þeirra þriggja ára, sem einkasalan hefir staðið. Sje lagður til grundvallar meðalinnflutningur þessara þriggja ára, sem var 67100 kg. af allskonar tóbaki, 15545 kg. af vindlum og vindlingum, og tollurinn að viðbættum gengisviðauka ákveðinn 6 kr. á kg. tóbaks og 16 kr. á kg. vindla og vindlinga, fæst tollur af meðalinnflutningi:

67100 kg. á kr. 6.00 = 402600
15545 — - — 16.00 = 248720
Kr. 651320

eða um 72 þús. kr. lægra en meðaltal tekna af einkasölufyrirkomulaginu þessi þrjú ár.

Sje nú gert ráð fyrir, að tóbaksinnflutningurinn aukist um 12% frá því, sem hann hefir verið að meðaltali síðustu þrjú ár, verða tolltekjurnar þessar:

75152 kg. tóbak	á kr.	6,00	kr. 450912,00
17410 — vindlar og vindlingar.	á —	16,00	— 278560,00
		Samtals	kr. 729472,00

eða litlu hærri en meðaltals tekjur. Sá innflutningur, sem hjer er gert ráð fyrir, er nálega sá sami sem innflutningur síðasta árs, og að eins litlu meiri en árið 1923.

Sjeu nú loks tekjur síðasta árs lagðar til grundvallar, sem ekki verður þó talið rjett, ef byggja skal sæmilega gætilega áætlun ríkissjóði til handa, verður útkoman þessi:

Tekjur þess árs hafa verið lagðar til grundvallar við fyrri útreikninga með kr. 903000,00 en samkvæmt því, sem áður er sagt, er hinn rjetti verslunarhagnaður, að viðbættum tolli, naumast meiri en *810 þús. króna.*

Það má með góðum rökum gera ráð fyrir, að innflutningurinn aukist frá því, sem hann var á síðasta ári, um 10%, bæði vegna þess, að fleiri verði um innflutninginn, og ýmsar verslanir, kaupmenn og kaupfjelög, sem ekki hafa haft tóbak til sölu síðustu árin, byrji að selja tóbak á ný. Reynsla fyrri ára staðfestir það, að innflutningurinn muni aukast þegar verslunin verður frjáls, eins og skýrslur þær, sem á eftir koma, best sýna.

Með 10% hækkun á innflutningi frá því, sem hann var 1924, yrðu tolltekjurnar þessar:

81730 kg tóbak.....	á kr.	6,00 =	kr. 490380,00
19338 — vindlar og vindlingar	á —	16,00 =	— 309408,00
		Samtals	kr. 799788,00

eða nálega sömu tekjur og árið 1924.

Ársinnflutning *á mann* síðan 1914 má sjá á eftirfarandi yfirliti og þar

í aftasta dálkinum lagt í »tolleiningar« eftir núgildandi tolllögum, þannig, að 1 kg. af tóbaki er tolleining og ½ kg. af vindlum og vindlingum sömuleiðis.

	Tóbak allskonar kg	Vindlar, vindlingar kg	Tolleiningar
1914	1,01	0,133	1,29
1915	1,07	0,203	1,48
1916	1,18	0,229	1,64
1917	0,81	0,144	1,10
1918	0,40	0,370	1,14
1919	1,36	0,463	2,28
1920	1,25	0,201	1,65
1921	0,56	0,258	1,08
Meðaltal 1914—21	0,96	0,250	1,46
1922	0,54	0,135	0,81
1923	0,77	0,165	1,10
1924	0,75	0,179	1,10
Meðaltal 1922—24	0,69	0,159	1,01

Þessar tölur sýna alveg greinilega, að innflutningurinn (að minsta kosti sá, sem skýrslur greina og tollur er greiddur af) hefir minkað mjög mikið við breytinguna í ársbyrjun 1922, þegar einkasalan tók við.

Eftir meðaltölunum hefir tóbaksinnflutningur minkað um 28%, vindla og vindlinga um 36%. Sjerstakar orsakir kunna að vera til þess, að innflutningurinn 1922 varð alveg óvenjulega lítill.

Því hefir verið haldið fram, að það stafi af því, að menn hafi viðað að sjer óvenjulegum birgðum árið 1921. En þetta er auðsjáanlega rangt. Innflutningurinn 1921 er langt fyrir neðan meðaltal á tóbaki, og mjög nálægt meðallagi á vindlum og vindlingum. Ekki sýnir heldur meðaltal áranna 1920—21 neinn meiri innflutning en venjulega á tímabilinu 1914—21, heldur minni. Afturkippurinn 1922 getur því alls ekki stafað af því, að óvenjulega miklar birgðir hafi verið fyrirliggjandi, en hann stafar líklega að nokkru leyti af því, að birgðirnar minka óeðlilega mikið af því, að innflutningurinn safnast á eina hönd. En hinn svo að segja hnífjafni *innflutningur 1923 og 1924 sýnir 20%* **minkun** á tóbaki og rúmlega *30%* minkun á vindlum og vindlingum móts við meðaltal áranna 1914—21.

Ef innflutningur á mann væri nú sá sami að meðaltali og hann var 1914—21, mundu tolltekjurnar eftir frumvarpi þessu nema um 940 þús. króna á ári.

2. Tóbaksiðnaður.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir, að tollur sje hækkaður á ónunnu tóbaki, og er það gert til þess að þeir, sem þessa iðn vildu stunda, fái

ívilnun í tollgreiðslu, í samanburði við unnið tóbak, svo þeir geti frekar verið samkepnisfærir.

3. Tóbaksverð innanlands.

Rjett þykir að athuga, hverjar afleiðingar þessi breyting muni geta haft á verð tóbaksins innanlands. Eins og gefur að skilja, getur ekki fengist jafnmikill hagnaður af rekstri einkasölunnar og hann er talinn síðastliðið ár, nema með mikilli álagningu.

Eftir því, sem næst verður komist, mun álagningin að minsta kosti hafa verið um 35% á munn- og neftóbak og 40% á reyktóbak, en 50% á vindla og vindlinga, auk þess sem smásölum er leyft að leggja á 10% auk kostnaðar við flutning á tóbaki út um landið, alt að 2%.

Álagning *einkasölunnar einnar* síðastl. ár mun hafa numið 4—5 krónum á hvert kg. af nef- og munntóbaki, en 10—11 krónum af vindlum og vindlingum. Mun þetta síst of hátt talið.

Eftir þeim upplýsingum, sem vjer höfum aflað oss um verð á munn- og neftóbaki nú, sem vitanlega eru þær tóbakstegundir, sem minst er lagt á, kosta bestu tegundir, að viðbættum 6 króna tolli og öllum kostnaði, hingað komnar:

Neftóbak . . . . kr. 16,12 pr. kg.
Munntóbak . . . — 16,57 — —

Núverandi heildsöluverð einkasalanna er:

Neftóbak . . . kr. 19,50 pr. kg. + álagning smásala 10% = 21,45
Munntóbak. . . — 21,00 — — + —— — 10% = 23,10

Auk þess er smásölum utan Reykjavíkur heimilt að leggja á alt að 2% fyrir flutningskostnaði o. fl., og verður því hið raunverulega verð úti um land þeim mun hærra.

Venjulega mun álagning á tóbak ekki vera hærri en sem hjer segir: Neftóbak 20% og munntóbak 25%, en þótt nú sje gert ráð fyrir 25% álagningu á neftóbak og 30% á munntóbak, yrði verðið þó lægra en nú er, eða:

Neftóbak . . . kr. 20,15 pr. kg.
Munntóbak . . — 21,55 — —

eða sem svarar kr. 1,75—2,00 lægra en smásöluverð úti um landið.

Er því auðsætt, að af breytingunni leiðir ekki verðhækkun á tóbaki; þvert á móti mun tóbakið verða neytendum ódýrara.

Í 2. og 3. gr. eru sett hliðstæð ákvæði þeim, sem nú eru, til tryggingar gegn óleyfilegum innflutningi.

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 2. málsgrein 2. gr. laga nr. 29, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eins er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv., sem samþykt var í neðri deild á síðasta þingi, en felt athugunarlítið í efri deild. Frv. er upphaflega flutt á þingi samkvæmt ósk Rakarafjelags Reykjavíkur, og hefir fjelagið nú enn á ný mælst til þess, að slík heimildarlög verði sett. Fer hjer á eftir brjef fjelagsins, er að þessu lýtur.

Fylgiskjal.

Undirritað »Rakarafjelag Reykjavíkur« leyfir sjer hjer með að beina þeirri ósk til hins háa Alþingis, er nú stendur yfir, að það samþykki heimildarlög til bæjarstjórnar Reykjavíkur um það, að ákveða megi með reglugerð um lokanir á rakarastofum hjer í bæ.

Ástæður þær, er Rakarafjelag Reykjavíkur telur styðja þessa málaleitun sína, eru aðallega þessar.

Í öllum nágrannalöndunum eru komin föst lagaákvæði um lokanir, er bæði ná til sölubúða og rakarastofa. Hjer í bæ gildir, samkvæmt heimild í lögum, reglugerð um lokun sölubúða, en ákvæði hennar ná ekki til rakarastofanna. Virðist þó engu minni nauðsyn á, að fastar reglur sjeu settar um þessar starfsstofur. Vinnutími á rakarastofum hjer í bænum er alment svo langur, að vjer teljum að ekki megi vera lengri, til þess að starfið verði vel af hendi leyst.

Ef vinnutíminn er misjafnlega langur á rakarastofunum, veldur það óánægju, bæði meðal rakaranna sjálfra og eins meðal viðskiftamannanna. En eins og þessu er nú háttað, hafa rakarastofur þær, sem eru utan fjelags vors, bæði lengur opið á kvöldin, og eins á sunnudögum, þegar rakarastofur fjelaganna eru allar lokaðar. En aftur á móti sjáum vjer enga ástæðu til þess, að unnin sje helgidagavinna fram yfir það, sem nauðsynlegt er (þegar tveir helgidagar fara saman í röð). Eftir því, sem fleiri ráðast til rakarastarfa, verður meiri þörf á föstu skipulagi og ákvæðum um þessa iðn, er bæði tryggi það, að vinnutími verði ekki óhæfilega langur, og eins hitt, að einstakir rakarar geti ekki haldið uppi óhæfilegri samkepni.

Af þessum ástæðum, og öðrum fleiri, er vjer hirðum eigi upp að telja, álítum vjer óskir vorar í þessu efni á fylstu rökum og sanngirni reistar, og treystum hinu háa Alþingi til þess að ráða fram úr máli þessu á sem heppilegastan hátt.

Reykjavík, 16. febrúar 1925.

Virðingarfylst.

Í umboði »Rakarafjelags Reykjavíkur«.

Eyjólfur Jónsson. Mogens L. Andersen. Elías Jóhannesson. Sigurður Ólafsson.

Til Alþingis.

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmaður: Klemens Jónsson.

Á eftir 2. gr. A, 5 komi tveir nýir liðir:

6. *Landbraut* frá vegamótum í Holtum upp á Land, alt að Skarði.
7. *Fljótshlíðarvegur* frá þjóðveginum neðan Stórólfshvols fram Fljótshlíð að Barkarstöðum.

Liðirnir á eftir tölubreytast samkvæmt þessu.

Greinargerð.

Það lítur út fyrir, að allmargir þingmenn sjeu á þeirri skoðun, að rjett sje að gera fjölfarna innanhjeraðsvegi að þjóðvegum, enda er viðhald þeirra mjög tilfinnanleg byrði á hlutaðeigandi hjeruð.

Báðir þeir vegir, sem hjer er farið fram á að setja í þjóðvegatölu, hafa ekki einungis þýðingu fyrir innanhjeraðsmenn, heldur einnig mjög mikla fyrir utanhjeraðsmenn og fyrir útlendinga. Um Landbrautina fara allir þeir, sem vilja skoða Heklu, og Fljótshlíðarveginn fara allir þeir, sem ferðast inn á Þórsmörk, og er það alkunnugt, að þeim fjölgar árlega, sem þangað leita á sumrin.

Það er því af þessum ástæðum sjálfsagðara að taka þessa vegi í þjóðvegatölu en sennilega flesta aðra innanhjeraðsvegi á landinu.

Nd. **58. Fyrirspurn**

til utanríkisráðherra Íslands um utanríkismál.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Er nokkur ráðherranna skipaður af konungi ráðherra fyrir utanríkismál Íslands?
2. Eða á að skilja svo konungsúrskurð 30. desember 1924, að þar með sje stofnað sjerstakt ráðuneyti í utanríkismálum vorum, svo sem t. d. í dómsmálum og í kirkju- og kenslumálum?
3. Er þess ekki getið í brjefum frá stjórnarráðinu, t. d. með brjefhaus eða undirskrift eða hvorutveggja, hvort brjefið er frá forsætisráðuneytinu, frá dómsmálaráðuneytinu eða frá kirkju- og kenslumálaráðuneytinu? Verður þess eigi getið framvegis á sama hátt, hver brjef eru frá utanríkisráðuneytinu?
4. Verða utanríkismál eigi látin hafa sína eigin skrifstofu?
5. Eru danskir umboðsmenn Íslands í utanríkismálum handfaldir þjóðhöfðingjum?
6. Hafa þeir fengið fyrirsögn um verk sín frá utanríkisráðherra Íslands, t. d. um fánadaga, undirskrift og þ. h.?
7. Hefir stjórnin þann sið að nota danska umboðsmenn sem oftast eða sem sjaldnast?
8. Hefir utanríkisstjórn Íslands sjeð þessum mönnum fyrir íslenskum þjóðtignarmerkjum, svo sem skjaldarmerkjum, fánum, stimpilmerkjum og öðru því, er sýnir að gerðir þeirra fari fram í nafni Íslands?
9. Hvernig hefir utanríkisstjórn Íslands framkvæmt 7. gr. sambandslaganna, 4. lið, og 17. gr. stjórnarskrár fyrir konungsríkið Ísland í sambandi við hann? Hvernig ætlar hún að framkvæma þetta framvegis?
10. Telur stjórnin það sæma Íslandi að fela þegnum annara ríkja sendiherrastöður fyrir oss?
11. Ætlar stjórnin að senda sendiherra til Danmerkur? Og hvernig?
12. Telur stjórnin Dani hafa sendiherra hjer?

13. Hvers eðlis er staða fyrirhugaðs sendimanns í Miðjarðarhafslöndunum?
14. Í hverju sambandi stendur ríkisráðskostnaður við utanríkismál?
15. Hvað hefir stjórnin gert til þess að fá viðurkenning annara ríkja en Danmerkur á fullveldi Íslands með þeim hætti, sem tíðkast í heiminum, að senda sendiherra sína til þeirrar þjóðar, sem hefja á ríkjaviðskifti við?

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson, Hákon Kristófersson og Ásgeir Ásgeirsson.

Við 2. gr. B. 1. Við töluliðinn bætist:
Frá Ísafirði að Gemlufelli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri við Arnarfjörð, frá Bíldudal um Fossheiði póstleiðina til Þorskafjarðar.

Greinargerð.

Engin hjeruð landsins eru eins augljóslega útundan um vegagerð á kostnað ríkissjóðs sem Ísafjarðarsýslur og Vestur-Barðastrandarsýsla. Í nokkrum tilfellum eru heilar sýslur, sem hafa því nær enga hreppavegi, heldur eru hinir gömlu hreppavegir gerðir að þjóðvegum með vegalögunum frá síðasta þingi, og þó verður engan veginn sagt, að sumir þessara þjóðvega sjeu fjölfarnir.

Þess ber að gæta, að Vestur-Ísafjarðarsýsla hefir engan styrk til samgangna innanhjeraðs, og heldur ekki Vestur-Barðastrandarsýsla.

Vegurinn frá Ísafirði að Dýrafirði mun vera einn af fjölförnustu vegum landsins, og því auðsætt, að ríkissjóði ber skylda til að halda þar uppi sæmilegri vegagerð. Norður-Ísafjarðarsýsla hefir svo þunga bagga vegna Djúpbátsins, að henni er algerlega um megn að leggja nokkuð af mörkum til annara samgöngubóta.

Ed. **60. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Um nauðasamningagerð milli Sparisjóðs Árnessýslu og lánardrottna hans skulu þessar sjerreglur gilda:

1. Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hundraðshluta sem almennir lánardrottnar verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum. Sparisjóðurinn er ekki skyldur til að taka sem gilda borgun upp í slíka skuld við sjóðinn innieignir annara manna í sjóðnum að meira en 1/4 á ári og að frádregnum sama hundraðshluta sem áður segir.

   Sjóðurinn verður ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.
2. Rjettur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 1. okt. 1924.
3. Frumvarp að nauðasamningi skal telja löglega samþykt að tölu lánardrottna til, ef einfaldur meiri hluti atkvæðismanna, er fund sækja (sbr. 3. málsgr. 37. gr. laga nr. 19, 4. júní 1924), greiða því atkvæði, án tillits til þess, hversu margir hafa lýst kröfum á hendur sjóðnum.
4. Tilkynning samkvæmt 4. málsgr. 37. gr. nauðasamningalaganna skal talin nægileg, ef alment brjef til lánardrottins er afhent í póstinn á staðnum.
5. Skiftaráðanda er heimilt að setja á kostnað sjóðsins framkvæmdarstjóra fyrir hann, er stjórni sjóðnum undir umsjá skiftaráðanda, meðan á nauðasamningagerð stendur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 14. október 1924 gaf Hans hátign konungurinn, samkvæmt tillögum dóms- og kirkjumálaráðherrans, út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru sem fylgiskjal við frumvarp þetta, og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, er þau byggjast á. Frumvarp þetta er því lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð Oss, að Sparisjóður Árnessýslu þurfi vegna erfiðs fjárhags að leita nauðasamninga við lánardrottna sína, en að fyrirmæli gildandi laga eigi ekki að öllu leyti við, með því að alveg sjerstaklega standi á, og sje því nauðsynlegt að gera aðra skipun á nokkrum atriðum. Fyrir því teljum Vjer brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Því bjóðum Vjer og skipum á þessa leið:

1. gr.

Um nauðasamningagerð milli Sparisjóðs Árnessýslu og lánardrottna hans skulu þessar sjerreglur gilda:

1. Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hundraðshluta sem almennir lánardrottnar verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum. Sparisjóðurinn er ekki skyldur til að taka sem gilda borgun upp í slíka skuld við sjóðinn innieignir annara manna í sjóðnum að meira en ¼ á ári og að frádregnum sama hundraðshluta sem áður segir.

   Sjóðurinn verður ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.
2. Rjettur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 1. okt. 1924.
3. Frumvarp að nauðasamningi skal telja löglega samþykt að tölu lánardrottna til, ef einfaldur meiri hluti atkvæðismanna, er fund sækja (sbr. 3. málsgr. 37. gr. laga nr. 19, 4. júní 1924), greiða því atkvæði, án tillits til þess, hversu margir hafa lýst kröfum á hendur sjóðnum.
4. Tilkynning samkvæmt 4. málsgr. 37. gr. nauðasamningalaganna skal talin nægileg, ef alment brjef til lánardrottins er afhent í póstinn á staðnum.
5. Skiftaráðanda er heimilt að setja á kostnað sjóðsins framkvæmdarstjóra fyrir hann, er stjórni sjóðnum undir umsjá skiftaráðanda, meðan á nauðasamningagerð stendur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 14. október 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Nd. **61. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við lög nr. 25, 19. júní 1922 [Bæjarstjórn í Hafnarfirði].

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta fer fram á, að útsvarsskylda nái til manna, sem eru lögskráðir á skip, skrásett í Hafnarfirði, eigi skemur en þrjá mánuði gjaldársins. En samskonar ákvæði eru í lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Úr Hafnarfirði ganga nú til fiskiveiða nokkur erlend leiguskip; ofannefnd fyrirmæli frv. ná ekki til manna á þessum skipum, þar sem þau eru ekki skrásett þar. Fyrir því er í frv. tekið upp sjerstakt ákvæði, sem heimilar að leggja útsvar á þá, sem lögskráðir eru á skip, sem ganga frá Hafnarfirði til fiskiveiða þrjá mánuði eða lengur, þótt ekki sjeu skipin skrásett þar. Þetta ákvæði er ekki áður í lögum. En bæði flutningsmaður frv. og meiri hluti allsherjarnefndar, sem leggur með þessu frv., litur svo á, að þetta ákvæði í frv. eigi eingöngu við þessi erlendu leiguskip, en taki ekki til manna á innlendum skipum fram yfir það, sem almenn lög að öðru leyti ákveða.

Að þessu athuguðu ræður meiri hluti allsherjarnefndar háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 17. febrúar 1925.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari. Framsm. meiri hl.

Árni Jónsson.

Jón Kjartansson.

Bernharð Stefánsson.

Samkvæmt lögum nr. 29, frá 1922, hafa sveitarstjórnir því að eins rjett til að leggja útsvar á þá, er eigi hafa lögheimili innanhrepps, að þeir eigi þar *fast aðsetur* eða reki þar arðsamt eða arðvænlegt fyrirtæki.

Með lögum þessum er Hafnarfirði veittur rjettur til að leggja nefskatt á hjerlenda vertíðarmenn, en þeir geta ekki talist að eiga þar fast aðsetur fremur en kaupafólk til sveita. Til þess að varna slíku misrjetti, geri jeg við frumvarpið svofelda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. málslið bætist:

enda eigi ekki lögheimili eða fast aðsetur í öðru sveitarfjelagi hjer á landi.

Alþingi, 18. febrúar 1925.

Magnús Torfason.

Ed. **62. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

Flutningsmaður: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við fyrstu grein laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja.

2. gr.

Í stað »5—500« í 8. gr. komi: 50—500.

3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öll ákvæði laga nr. 86, frá $^{14}/_{11}$ 1917, eru miðuð við sýslunefndir.

Vestmannaeyjasýsla er nú öll orðin kaupstaður, og ná því lög þessi ekki til Eyjanna, nema ákvæði sje sett í þau, sem mæli svo fyrir. Fiskiveiðasamþyktin í Vestmannaeyjum er orðin úrelt, þar eð hún aðeins heimilar að gera samþyktir um eftirlit með bátum 15 smálesta eða minni.

Nú er fjöldi báta orðinn stærri en svo, að samþyktin nái til þeirra, þó veiðar sjeu stundaðar á þeim á alveg sama hátt og hinum, sem henni verða að hlíta, og veldur þetta misrjetti.

Þau lög, sem hjer er farið fram á að megi ná til Vestmannaeyjakaupstaðar, heimila að gera samþyktir um ýmislegt veiðarnar snertandi á bátum, sem eru 30 smálestir eða minni.

Lágmark sekta, sem ákveðið er í lögum þessum (5 kr.), er alt of lágt. Er það alt of lítið aðhald fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að hafa sektir svo lágar. Er því hjer farið fram á, að lágmarkið sje sett 50 kr.

Nd. **63. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Flutningsmaður: Björn Líndal.

Á eftir 1. málsgrein 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningar nefnda, ef að minsta kosti 4 bæjarfulltrúar krefjast þess.

Greinargerð.

Í öllum kaupstöðum landsins, nema Akureyrarkaupstað, mun það vera orðin regla að kjósa nefndir bæjarstjórna með hlutfallskosningu. Í 3 kaupstöðunum er þetta lögákveðið. Talið er, að bæjarstjórnarlög Akureyrar heimili ekki, að slík regla verði þar upp tekin án lagabreytingar. — Frumvarpið er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar.

Nd. **64. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason.

Á eftir 2. gr. A. 4. komi nýr liður:
5. Skeiðabraut frá vegamótum Suðurlandsvegar norðan Flatholts upp Skeið að Húsatóftaholti.
Liðatalan á eftir breytist samkvæmt þessu.

Greinargerð.

Enginn vafi er á, að Skeiðavegurinn er nú langfjölfarnastur þeirra vega, sem farið er fram á, að á þessu þingi verði teknir í þjóðvegatölu. Sakir Skeiðaáveitunnar hlýtur umferð um þennan akveg að margfaldast á næstu árum.

Ed. **65. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Flutningsmaður: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 10—15 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að tveim mánuðum ár hvert.

2. gr.

Undanþegnir námsskyldu skulu þeir, sem sannað geta með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests, svo og þeir, sem þegar hafa lært að synda, svo að þeir megi teljast sæmilega syndir.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum.

Yfirleitt má telja þörfina fyrir sundkunnáttu brýna í öllum sjávarþorpum landsins, og enda í sveitum líka, þar eð mikið af yngri mönnum þaðan fer til sjávarplássanna tíma úr árinu.

Sundkunnátta er þó frekar óalgeng, þrátt fyrir það, þótt kenslu sje víða haldið uppi einhvern hluta sumars, og mun það meðal annars orsakast af því, að námsskeiðin eru illa sótt. Er því varla við að búast, að sundkunnátta nái þeirri útbreiðslu, sem æskileg hlýtur að teljast, nema gerðar sjeu þær ráðstafanir, að sveitar- og bæjarstjórnir geti haft hönd í bagga með því, að unglingar noti sjer sundkensluna þann stutta tíma, sem hún vanalegast stendur yfir. Verið getur, að hjer þyki of langt farið með þessu frv., eða nokkurri skyldukvöð í þessu efni. En þess ber að gæta, að kenslutíminn er stuttur ár hvert, og auk þess falla vanalega nokkuð margir dagar úr, nema því betur viðri, og þá dagana, sem kent er, fer tæplega meira en einn klukkutími til kenslunnar.

Rjett þykir að minna á það í þessu sambandi, að stjórn Íþróttasambands Íslands fór fram á það 1920, með opnu brjefi til allra skóla- og fræðslunefnda, að þær reyndu að koma því til leiðar, að sund væri gert að skyldunámsgrein í öllum skólum. Segir meðal annars í brjefinu, að sundið sje jafnágæt íþrótt sem hún sje nytsöm, og það jafnt fyrir stúlkubörn sem pilta.

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsmenn: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílikt, að skifta hreppi í tvær eða þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti annarar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, ef þrjár eru, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lögákveðnu kjördeildaoddvita kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslið 9. gr. laganna komi: Kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« komi: laugardagurinn í 12. viku sumars.

4. gr.

Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu grein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ógildur er seðill í tvímenningskjördæmi, ef að eins einn er kosinn.

5. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

6. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögunum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin, þannig breytt, út í einu lagi.

Greinargerð.

Frv. þetta til breytinga á kosningalögunum er samhljóða frv. því um sama efni, sem Nd. afgreiddi á síðasta þingi, en Ed. afgreiddi til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Ástæður fyrir frv. eru þær sömu og þá, og þær kunnar hv. þingdeild frá meðferð málsins. Látum við nægja að vísa til þess.

Nd. **67. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og þá jafnframt borið það saman við Bjargráðasjóðslögin. Telur nefndin frumvarpið fara í rjetta átt og mælir með, að það verði gert að lögum.

Alþingi, 20. febr. 1925.

Pjetur Þórðarson, form.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Halldór Stefánsson, frsm.

Hákon J. Kristófersson. Magnús Torfason.

Nd. **68. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem teknar eru fram í athugasemdum við frumvarpið, og ræður því hv. þingdeild til að samþykkja það með eftirfylgjandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögum þar til kvaddrar nefndar, styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, alt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn. Nefndina skipa 3 menn, rektor mentaskólans og 2 menn aðrir, og sje annar kosinn af háskólaráði, en hinn af stúdentaráðinu; skulu þeir kosnir til tveggja ára, og ganga þeir úr nefndinni sitt árið hvor, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

Alþingi, 20. febr. 1925.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Björn Líndal, frsm.	Ásg. Ásgeirsson, skrifari.

Sigurj. Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. **69. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsmaður: Jóhann Jósefsson.

Á eftir »akkerisvindum« í 2. lið 1. greinar laganna bætist: netum, lóðarbelgjum, önglum, öngultaumum, blásteini, bjarghringjum, björgunarbeltum.

Greinargerð.

Undir lið þann, er hjer að ofan greinir, eru talin ýms veiðarfæri og annað til bátaútvegs, eins og líka hliðstæðar vörur til sveitanna falla undir hinn sama lið.

Þær vörur, sem hjer er farið fram á að eftirleiðis verði undir 2. lið 1. greinar, hafa hingað til fallið undir 7. fl., þ. e. 6 kr. + 25 % gengismismun á hver 100 kíló.

Sanngjarnt virðist, að vörur þessar sjeu taldar með öðrum samskonar vörum í 1. grein, eins og aðrar vörur, sem þar eru taldar og eru jafnbráðnauðsynlegar til útvegsins.

Nd. **70. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Upphaf stafl. C, 1. tölul. 2. gr. laganna skal orða svo:

Norðurlandsvegur. Af Breiðamel, um Laxárdal og Laxárdalsheiði og Borðeyri, fyrir botn á Hrútafirði, um Hrútafjarðarháls o. s. frv.

Greinargerð.

Með svofeldri breytingu, sem hjer er farið fram á, lengist vegurinn að vísu um nokkrar stikuþúsundir (km.), en hitt vinst, að sama sem allur vegurinn verður í bygð, en Norðurlandsvegur, sá sem nú er, liggur mestallur í óbygðum frá Dalsmynni að Melum í Hrútafirði.

Nd. **71. Nefndarálit**

um frv. til laga um sektir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og fellst fullkomlega á rjettmæti þess. Síðan hegningarlögin frá 25. júní 1869 öðluðust gildi, og einkum nú síðustu árin, hefir verðlag peninganna breyst mjög mikið, svo að sektir þær, sem dæma má eftir hegningarlögunum, 2—2000 kr., eru nú óhæfilega lágar. Af sömu ástæðu getur vararefsing sú, fangelsisvistin, sem koma á í stað sektar, sje sekt eigi greidd, orðið mikils til of þung innan þess ramma, sem 31. gr. hegningarlaganna setur, þar sem 60 daga einfalt fangelsi getur verið vararefsing í stað 200 króna. — Þó getur vararefsingin orðið ennþá þyngri og órjettlátari, þegar dæmt er í málum utan hegningarlaganna. Þar fer vararefsingin

eftir fyrirmælum tilsk. 25. júní 1869, sem einskorðar með tölum, hversu löng fangelsisvistin skuli vera fyrir hverja sektarupphæð. Er þar tiltekið, til hversu margra króna af sektinni hver fangelsisdagur svari, og er aldrei hægt að afplána meira en 5 krónur á dag. En þegar farið er að dæma í mjög háar sektir, tugi þúsunda króna, eins og á sjer stað eftir yngri lögum, þá er það ljóst, að fangelsistíminn eftir tilsk. frá 1869 verður óhæfilega langur. — Nefndin er einróma þeirrar skoðunar, að þessu beri að breyta, og þar sem hún getur fallist á þær tillögur, sem gerðar eru í frumvarpinu, leggur hún til, að það verði samþykt með eftirfylgjandi

ORÐABREYTINGU:

Við 4. gr. fyrsta málsl.

Í stað orðanna »og lögð er við sekt — nje sekt greiðir« komi: og lögð sekt við, ef aðili innir eigi af hendi skyldu sína innan tiltekins tíma, og skal hann þá, vinni hann hvorki verkið nje greiði sektina.

Alþingi, 21. febrúar 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Kjartansson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson. Árni Jónsson.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri síld, sem útflutningshæf telst og veidd er hjer við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði síldarinnar, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði síldar skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af síld. Af tekjum þeim, sem ríkissjóður þannig fær af söluverði síldar, má verja alt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir síld og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar síldar í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar síldar afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 50 þúsund króna sektum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög þau eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1925.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og var þá felt. 1923 var það einnig borið fram, en varð þá eigi útrætt. Frv. fylgdi þá svo látandi greinargerð:

»Síldarútvegurinn er orðinn það stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ekki verður lengur gengið fram hjá því skipulagsleysi, sem ríkt hefir í þeim atvinnuvegi síðan 1919, sjerstaklega að því er sölu síldarinnar snertir. Þetta hefir síldarútvegsmönnum sjálfum líka verið ljóst, því að 1921 leituðu þeir aðstoðar löggjafarvaldsins til þess að koma skipulagi á þennan atvinnuveg. Þingið tók að vísu vel í þetta mál, en nokkur mistök urðu á afgreiðslu þess fyrir þá sök, að málið var svo seint á ferðinni í þinginu, að afgreiðsla þess varð nokkuð flaustursken d.

Með þessu frv. er það trygt, að hægt er að hafa fult skipulag á framboði og sölu síldarinnar erlendis. Þegar öll síldin, sem veiðist, er á einni hendi, er hægt að haga sölunni þannig, að ekki verði boðið fram meira í einu en mark-

aðurinn þolir. En annað enn mikilsverðara í frv. er þó það, að ríkisstjórnin hefir til umráða fje til þess að finna nýja markaði og gera tilraunir í þá átt. Þetta mundi verða ofvaxið þeim einstaklingum, sem nú reka síldarsöluna. Atvinnuvegurinn er, eins og nú stendur, of mikið áhættuspil til þess, að þeir geti ráðist í að gera kostnaðarsamar tilraunir til að finna nýja markaði. En ríkinu er þetta alt auðveldara. Það getur valið úr starfskröftum til að vinna að þessu. Og það getur fyrir milligöngu fulltrúa sinna erlendis notið ívilnana, sem einstaklingar verða ekki aðnjótandi.

Nokkuð hefir verið um það rætt, að þörf muni vera á að takmarka veiði á síld. Í frv. er ekki gert ráð fyrir þessu. Á hitt verður að leggja aðaláhersluna, að koma skipulagi á söluna og vinna nýjan markað fyrir síldina. Telji þingið þetta nú samt sem áður nauðsynlegt, mætti bæta ákvæði um þetta inn í frv., ef hægt er að finna færa leið til að koma slíkri takmörkun í framkvæmd.

Um 1. gr.

Einkasalan tekur fyrst og fremst til allrar þeirrar síldar, sem söltuð er í tunnur á venjulegan hátt og ætluð er til útflutnings, en lögin ná einnig til síldar, sem kann að vera öðruvísi tilreidd. Um það, hvort síld skuli talin útflutningshæf eða ekki, ráða að sjálfsögðu síldarmatslögin. En þar sem þau ná ekki til, verður ríkisstjórnin eða umboðsmaður hennar að skera úr.

Um 2. gr.

Ríkisstjórnin verður að hafa víðtækar heimildir til þess að geta skipað fyrir um alt, sem snertir afhending síldar til útflutnings, skyldu eigenda til að geyma síldina o. s. frv.

Um 3. og 4. gr.

Kaup þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar til að hafa söluna á hendi, svo og skrifstofukostnaður þeirra, telst og með kostnaði við sölu og útflutning síldar. En auk þess renna 2% af söluverðinu í ríkissjóð. Og má verja, og ætti að verja, helmingi þess fjár til að leita nýs markaðs fyrir íslenska síld, þar til lítil eða engin hætta er orðin á því, að við getum ekki selt alla þá síld fyrir viðunandi verð, sem landsmenn geta veitt. Síldarútflutningsgjaldið, sem nú er 1 kr. 50 a. á hverja síldartunnu, fellur niður, ef frv. verður samþykt.

5.—8. gr. virðast ekki þurfa skýringar við.

Um 9. gr.

Lögunum er ætlað að ganga í gildi 1. júlí 1925, og kæmu þau þá þegar í framkvæmd á komandi sumri«.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. A. I. bætist:

32. Hvítá í Borgarfirði hjá Hvítárvöllum.
33. Hölkná í Þistilfirði.
34. Hafralónsá í Þistilfirði.
35. Selá í Vopnafirði.
36. Hofsá í Vopnafirði.

2. gr.

Úr 2. gr. A. falli:

Undir staflið I. (Nýjar brýr á þjóðvegum):

4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.

Undir staflið II. (Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum):

2. Flóká.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Greinargerð.

Frumvarp alveg samhljóða þessu var borið fram af stjórnarinnar hendi á síðasta Alþingi, með því að það stóð í nánu sambandi við frumvarp til nýrra vegalaga, er þá var samtímis lagt fyrir þingið og náði samþykki þess. En frumvarp þetta dagaði uppi.

Um leið og vísað er til greinargerðarinnar við frv. í fyrra (Alþt. 1924, A. bls. 128—129), skal þess getið, að nefndin ber þetta frv. fram eftir tilmælum samgöngumálaráðherrans.

Nd. **74. Þingsályktun**

um að krefja Dani um forngripi.

(Afgreidd frá Nd. 21. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að krefjast þess af Dönum, að þeir skili oss öllum þeim munum íslenskum úr söfnum sínum, er eigi verður sannað um, að þeir sjeu þangað komnir með rjettum eignarheimildum.

Nd. **75. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 4. júní 1924 [Friðun rjúpna].

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Breyting sú, er frv. þetta fer fram á, að gerð verði á ofannefndum lögum, er að eins að lengja ofurlítið hinn árlega friðunartíma rjúpna, og er fram komin fyrir óskir þingmálafunda í góðum veiðihjeruðum, Borgarfjarðar- og Mýrasýslum.

Meiri hluti nefndarinnar getur fallist á þessa breytingu, og ræður því háttv. deild til þess að gera frv. að lögum.

Alþingi, 21. febrúar 1925.

Pjetur Þórðarson, form., frsm. Hákon J. Kristófersson.

Magnús Torfason.

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um bygðarleyfi.

Flutningsmenn: Bernh. Stefánsson, Pjetur Ottesen og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Enginn má flytja sig úr einu framfærsluhjeraði í annað, hvort heldur

er sveitar- eða bæjarfjelag, nema með samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar í því framfærsluhjeraði, sem hann ætlar að setjast að í.

Slíkt leyfi þurfa þó ekki:

1. Starfsmenn ríkisins.
2. Þeir, sem eiga 5000 kr. skuldlausa eign.
3. Vistráðin árshjú.

2. gr.

Ákveða skal með reglugerð, er stjórnarráðið setur, nánari skilyrði fyrir bygðarleyfi í hreppum og kaupstöðum.

3. gr.

Nú sest maður að í framfærsluhjeraði án þess að hafa fengið þar bygðarleyfi eða sje það heimilt samkvæmt 1. gr., og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum. Dvelji hann áfram í framfærsluhjeraðinu án þess að fá þar bygðarleyfi, skal hann sæta sömu sektum árlega. Húsráðandi, húseigandi eða jarðeigandi, sem tekur mann í húsmensku eða leigir honum íbúð, þurrabúð eða jarðarafnot, án þess að hann fullnægi skilyrðum 1. gr., skal og sæta sektum, frá 200—500 krónum.

4. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið niðurlag 10. greinar og 11. grein í lögum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, 22. nóv. 1907, og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um bygðarleyfi var borið fram á þingi í fyrra, en varð þá ekki útrætt. Er þetta frv. að mestu leyti samhljóða því, og nægir því að vísa til greinargerðar, sem fylgdi frv. í fyrra (þskj. 85, 1924) og framsöguræðu flutningsmanns (Alþt. 1924, C. bls. 1239).

Nd. **77. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Flutningsmaður: Sigurjón Jónsson.

1. gr.

Aftan við 7. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kjósendur, sem ekki geta verið í bænum á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns í skrifstofu bæjarfógeta á Ísafirði, eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

2. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 19. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru á Ísafirði, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð störf og aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir, enda sje atvinnan stunduð eigi skemur en 3 mánuði.

Önnur málsgrein sömu greinar falli burt, en í staðinn komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, á báta og skip, sem gerð eru út frá bænum eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, og á skipverja á þeim bátum og skipum má leggja útsvar, þótt atvinna sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarstaðar, utan lands eða innan.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10% af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu. Niðurjöfnunarnefndin tilkynnir þeim, er standa eiga skil á útsvörum utanbæjarmanna, jafnskjótt er hún hefir lokið niðurjöfnun, útsvör þau, er þeim ber að standa skil á.

Um útsvör samvinnufjelaga og skatt ríkisstofnana fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um þau fjelög og stofnanir gilda.

3. gr.

Síðasta málsgrein 20. greinar: »Enginn getur . . . . sem ofgoldið er« flytjist aftur fyrir 23. grein og verði þar sjerstök grein: 25. grein. Greinatalan breytist eftir því.

4. gr.

Aftan við 20. gr. bætist ný grein, er verður 21. gr., svo hljóðandi:

Úrskurði bæjarstjórnar í útsvarskærumálum má skjóta til yfirskattanefndar Reykjavíkur. Skal kæran með öllum gögnum og skilríkjum, er henni

eiga að fylgja, komin í póst innan 15 daga frá úrskurði bæjarstjórnar, enda hafi áfrýjandi tilkynt bæjarstjórninni þetta málskot innan sama tíma. Yfirskattanefndin úrskurðar kæruatriðin svo fljótt sem ástæður leyfa og birtir þeim, sem hlut eiga að máli, úrslitin. Er því máli þar með lokið.

Ekkert gjald má yfirskattanefnd lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10% of lágt eða hátt.

Nefndin tekur borgun fyrir störf sín, og reiknast hún samkv. lögum nr. 74, 27. júní 1921, og tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, þó þannig, að það greiðist úr bæjarsjóði, sem þar greiðist úr ríkissjóði, enda úrskurðar bæjarstjórn reikningana. Nú fær áfrýjandi ekki lækkun á útsvari sínu, og ber honum þá að endurgreiða bæjarsjóði allan kostnað af áfrýjuninni, og úrskurðar yfirskattanefnd þann kostnað. Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, greiðir hann helming kostnaðarins með sama hætti. Þessum kröfum bæjarsjóðs á áfrýjendur fylgir lögtaksrjettur.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

21. gr., sem verður 22. gr., orðist svo:

Aukaniðurjöfnun skal fram fara, þegar ástæður eru fyrir hendi (sbr. 2. málsgrein 19. greinar). Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvör á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og þá, sem fallið hafa af niðurjöfnunarskrá áður.

Skal niðurjöfnunarskráin liggja frammi til sýnis um vikutíma á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir hálfu skemmri en við aðalniðurjöfnun.

6. gr.

23. gr., sem verður 24. gr., orðist þannig:

Öll bæjargjöld bæjarmanna skulu goldin fyrir 15. janúar og 15. júlí ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarfjelagsins. Sjeu þau eigi greidd innan hálfs mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður úr bænum innan ársloka, fellur alt gjaldið niður, sem lagt er á hann fyrir ár það, er í hönd fer. Sá, sem flytur úr bænum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur til að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Gjalddagi á útsvari utanbæjarmanna er þann dag, er niðurjöfnunarskrá yfir þau er lögð fram.

7. gr.

Aftan við 24. grein, sem verður 26. gr., bætist ný grein, sem verður 27. grein, svo hljóðandi:

Sjeu bæjargjöld eigi greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð, sem líður frá gjalddaga uns gjaldið er greitt. Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

8. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, og sömuleiðis laga nr. 47, 27. júní 1921, inn í meginmál laga nr. 67, 14. nóv. 1917, og gefa þau síðan út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, en breytingar þær, sem farið er fram á, að gerðar verði á gildandi lögum frá 1917, eru samhljóða lögum frá Alþingi í fyrra um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur og lögum um bæjargjöld í Reykjavík. Nauðsyn ber til þess, að sem mest samræmi sje um löggjöf kaupstaðanna. Sjerstaklega verður aldrei rjettmætt, að einn bærinn hafi öðrum fremur rjett til þess að taka gjald af utanbæjarmönnum, en hjer er leitað samræmis við nýjustu lög í þessu efni. Þess skal getið, að þótt 23. grein, 6. grein í frumv., sje öll tekin upp, þá er hún þó í litlu breytt. Þótti það að eins hentugra en að tilfæra þrjár litlar breytingar við jafnstutta grein.

Þá hefi jeg í 4. grein frumvarpsins sett inn ákvæði um yfirskot í útsvarskærumálum. Ákvæði þetta, sem er sniðið eftir 10. gr. laga um bæjargjöld í Reykjavík frá síðasta þingi, ætti að verða trygging þess, að gjaldþoli utansem innanbæjargjaldþegna væri ekki ofboðið, nje þeir misrjetti beittir. Er fylsta þörf að fá einhvern slíkan dómstól, sem hjer um ræðir, en hinsvegar er mjer ljóst, að tvímælis getur orkað, hvort aðrir menn finnist heppilegri til þess að skipa þann dómstól en hjer er stungið upp á.

Nd. **78. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. 1. janúar 1926 lækkar gengisviðauki sá, sem ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eftir 1. gr. laga nr. 2, 27. mars 1924, niður í 15%.
   b. Lög nr. 2, 27. mars 1924, falla úr gildi 1. apríl 1926.
2. Við fyrirsögn frv.
   Í stað: »með 25% gengisviðauka« komi: með gengisviðauka.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Sigurjón Jónsson.

Hólssókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

Ástæður.

Söfnuðunum í Ísafjarðarprestakalli hefir um langan tíma verið skifting þessi á prestakallinu mikið áhugamál. Synodus hefir gefið eindregin meðmæli skiftingunni, hjeraðsfundir samþykt hana og biskup hefir verið og er henni meðmæltur.

Fólkstala í prestakallinu hefir verið:

árið 1801	514,	þar af í	Hólssókn	244
— 1880	1292,	— - -	—	346
— 1920	3783,	— - -	—	935

Af þessu má sjá, að fólki hefir fjölgað óvenjumikið í prestakallinu síðari áratugi og að færri prestaköll landsins yrðu fjölmennari en Hólsprestakall.

Þar við bætist, að fleiri hundruð aðkomumanna dvelja í Bolungarvík yfir vorvertíðina.

Ekki myndi þó farið fram á skiftingu prestakallsins af þessum ástæðum einum saman, en aðalástæðurnar til þess eru:

Að leiðin milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur er svo erfið og hættuleg, að með einsdæmum mun vera milli sókna. Landleiðin stórhættuleg vegna jarðfalla og grjótkasts vor og haust og snjóflóða á vetrum, enda oft orðið að slysum, t. d. fórst sóknarpresturinn frá Ísafirði á þessari leið (Óshlíð) í annexíuferð að Hóli á öndverðri 19. öld.

Sjóleiðin er einnig ill, einkum vegna sviftibylja, og alkunn er lendingin í Bolungarvík fyrir stórbrim, sem tept getur ferðir í fleiri daga, þótt veður sje sæmilegt til sjóferða að öðru leyti.

Svo er aðalástæðan sú, að íbúar Hólssóknar þykjast mjög vanhaldnir í prestsþjónustu, þrátt fyrir skyldurækni sóknarprestsins, sem eingöngu stafar af þeim ástæðum, sem nefndar hafa verið, fólksfjölda í prestakallinu og hinum erfiðu og hættulegu ferðum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Þar við bætist, að íbúar þorpsins Hnífsdals hafa ákveðið að byggja þar í þorpinu kirkju og fá þar grafreit. Þessar framkvæmdir, sem eru að öllu eðlilegar og sjálfsagðar frá sjónarmiði þorpsbúa, munu auka störf sóknarprestsins og Hólssókn verða enn ver sett með prestsþjónustu en nú er.

Að lokum skal þess getið, að prestsþjónustukostnaður er nú orðið lítt bærilegur presti og safnaðarmönnum.

Þar sem allflestir háttv. þm. eru kunnir málavöxtum frá meðferð málsins á þingi 1921, þykir ekki ástæða til frekari greinargerðar.

Ed. **80. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. febrúar 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. Jónas Jónsson, frsm.

Eggert Pálsson, skrifari.

Ed. **81. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp og leggur til, að háttv. deild samþykki það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir orðunum í 1. gr.: »flytja eða bera út brjefasendingar (2. gr. a.)« komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   d-liður 11. gr. orðist svo:
   Fyrir póstávísanir:
   12 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aur.
   yfir 12 kr. alt að 25 kr. . . . . 30 —
   yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 60 —
   og 20 aur. fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.
2. Í staðinn fyrir orðin »þar af leiðandi . . . málskostnað« í 1. gr. komi: og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fjekk tilkynningu um vanskilin.
3. Í stað orðanna »gefa tilefni til þess« síðast í 1. gr. komi: gera það óumflýjanlegt.

Alþingi, 23. febr. 1925.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, skrifari og frsm. Jónas Jónsson.

Sþ. **82. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson, Þorleifur Jónsson, Ingvar Pálmason, Hákon J. Kristófersson, Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, að hún í samráði við forstjóra Eimskipafjelags Íslands og samgöngumálanefndir Alþingis taki til athugunar, hvort eigi sje tiltækilegt að breyta skipulagi strandferðanna nú á þessu ári og framvegis eins og hjer segir:

A. Að fjölga hraðferðum strandferðaskipsins Esju.
B. Að halda úti hæfilegu skipi til strandferða og flutningaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða alt að Skálum á Langanesi.
C. Að láta »Suðurland« fara að m. k. einu sinni í mánuði strandferð um Breiðafjörð.
D. Að leigja ca. 300 smálesta skip til flutningaferða með ströndum fram frá septemberbyrjun til ársloka.

Greinargerð.

Strandferðirnar eru nú mjög ófullnægjandi. Langan tíma árs eru engar sjóferðir milli sumra landshluta. Esja, sem fyrst og fremst er bygð til mannflutninga, verður oft að tefjast við vöruflutninga, til stórskaða fyrir landið og fólk, sem þarf að ferðast með henni. Reynslan sýnir, að hraðferðir Esju vor og haust gera mest gagn og bera sig best. Á löngu ferðunum er tekjuhallinn mestur, eins og meðfylgjandi skýrsla sýnir. Sumstaðar á landinu, t. d. á Breiðafirði, eru nú nálega engar strandferðir, til stórtjóns fyrir hjeruðin. Aftur má sanna, að vaxandi velmegun í hjeruðunum kringum Borgarnes stendur í beinu hlutfalli við hinar tiltölulega greiðu sjósamgöngur milli Borgarness og Reykjavíkur.

Fyrsta breytingin er fólgin í því, að Esja fari hraðferðir frá því snemma á vorin og þangað til seint á haustin, er fólksflutningur þverrar. Um hásumarið er þó þörfin minni um tíma. Í þessum ferðum ætti skipið að geta komið við á 25—27 höfnum á 7—8 dögum, ef ekki væri um vörusendingar að ræða, sem tefðu viðdvöl fram yfir það, sem fólksflutningur krefur.

Annar liður lýtur að Austfjörðum. Esja getur tæplega komið á Hornafjörð, nema sjerstaklega standi á, ef hún er í hraðferð. Verður þá heil sýsla útundan með strandferðir. Auk þess er nú mikil sjósókn á útmánuðum frá Hornafirði, og eru þar margar bátshafnir frá öllum Austfjörðum. Er þá mikil þörf samgangna við Hornafjörð. En á sumrin er aftur ágæt veiðistöð á Skálum og mikið um vörur til flutnings. Verða skip Eimskipafjelagsins oft að bíða þar lengur en má vera, sökum veðurs, til stórskaða fyrir fjelagið. Gera má

ráð fyrir, að best yrði að leigja til Austfjarðaferðanna svo sem hundrað smálesta bát norskan með nokkru fólksflutningsrúmi.

Í þriðja lagi er Breiðifjörðurinn nú herfilega útundan með strandferðir, svo að það stendur atvinnulífinu bæði í Dala- og Barðastrandarsýslu fyrir þrifum. Suðurland, sem nú annast Borgarnesferðirnar, hefir ekki nægilega mikið verksvið. Er skipið oft dögum saman liggjandi hjer á höfninni milli ferða. Hjer er gert ráð fyrir, að senda megi Suðurland alt að því 12 ferðir á ári úr Borgarnesi í strandferð um Breiðafjörð. Síðan komi skipið aftur við í Borgarnesi á leið til Reykjavíkur.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir, að landið leigi skip, alt að 300 smálestum á stærð, til vöruflutninga með ströndum fram um mesta annatímann, haustið og fyrri hluta vetrar. Er það sjer í lagi gert vegna erfiðu hafnanna, sem myndu missa nokkuð við hraðferðir Esju að því er snertir vöruflutninga.

Vafalaust myndi þetta skipulag kosta landið eitthvað meira í beinum útgjöldum heldur en nú á sjer stað í strandferðaleysinu. En óbeini hagurinn yrði þeim mun meiri. Esja myndi geta annast megnið af fólksflutningum með ströndum fram, og gróði, sem nú rennur til útlendu fjelaganna, rynni þá til landsins. Landsmenn ættu kost á fljótari og betri ferðum. Og heil hjeruð, sem nú eru nálega án samgangna, myndu fá margfalt bætta aðstöðu við atvinnureksturinn.

Æskilegt væri, að þetta mál fengi fljóta afgreiðslu nú á þinginu, svo að þetta skipulag gæti komist á í sumar.

Es. „Esja“.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld (eftir ferðum) 1. apríl til 31. des. 1924.

Ferð	Frá þ.	Til þ.	Leið	Hafnir	Dagar alls	Kvartm. siglðar	Útgjöld í ferðinni	Tekjur í ferðinni			Tap í ferðinni	Tala farþega
								Flutn gj.	Fargjöld	Samtals		
	1. jan.	13. jan.	Bið í Kaupmannahöfn	»	13	»	12 988.69	»	»	»	12 988.69	»
1. ferð	15. —	14. febr.	Kmh — kringum land — Rvk	29	32	2458	44 453.79	17 560.96	7 022.50	24 583.46	19 870.33	271
	15. —	21. —	Lagt upp í Eiðsvík	»	7	»	6 719.91	»	»	»	6 719.91	»
2. —	26. febr.	16. mars	Suður og austur um	35	25	1509	31 059.55	7 311.48	4 209.50	11 520.98	19 538.57	257
3. —	21. mars	7. apríl	Vestur og norður um	42	22	1565	28 988.47	7 338.95	6 858.50	14 197.45	14 791 02	388
4. —	14. apríl	30. —	Suður og austur um	44	23	1525	29 771.24	7 819.22	8 472 50	16 291.72	13 479.52	561
5. —	4. maí	21. maí	Vestur og norður um	51	20	1623	26 858.53	11 510.75	11 361.00	22 871.75	3 986.78	877
6. —	22. —	25. —	Til Búðardals	5	4	270	5 687.69	2 679.40	9 961.50	3 640.90	2 046.79	91
7. —	27. —	8. júní	Suður og austur um	41	15	1559	21 258.74	7 949.22	11 325.00	19 274.22	1 984.52	639
8. —	16. júní	28. —	Vestur og norður um	38	20	1533	26 245.40	9 263 94	10 959.00	20 222.94	6 022.46	663
9. —	2. júlí	9. júlí	Vestur og norður um	13	11	1053	15 153.68	1 544.75	8 089.50	9 634.25	5 519.43	325
10. —	12. —	28. —	Suður og austur um	49	19	1642	25 507.37	8 153.00	6 923.00	15 076.00	10 431.37	416
11. —	3. ágúst	11. ágúst	Vestur og norður um	16	14	1175	19 132.73	5 770.97	6 513.50	12 284.47	6 848 26	192
12. —	15. —	23. —	Suður og austur um	17	12	1210	17 062.25	5 486.43	5 026.00	10 512.43	6 549 82	222
13. —	27. —	9. sept.	Vestur og norður um	39	17	1515	22 777.38	6 992.66	5 289.00	12 281.66	10 495.72	298
14. —	13. sept.	21. —	Til Vestfjarða	17	12	644	15 351.54	6 153.46	3 581.50	9 734.96	5 616.58	285
15. —	23. —	9. okt.	Suður og austur um	38	18	1595	25 453.88	11 312.90	10 801.50	22 114.40	3 339 48	538
16. —	12. okt.	18. —	Til Austfjarða	13	9	844	12 783 62	2 914.91	5 449.00	8 363.91	4 419.71	255
17. —	20. —	7. nóv.	Vestur og norður um	36	20	1527	29 122.32	16 485.60	9 101.00	25 586.60	3 535.72	552
18. —	10. nóv.	16. —	Til Búðardals	5	9	297	12 416.82	5 228.00	1 337.00	6 565.00	5 851 82	126
19. —	19. —	11. des.	Suður og austur um	37	25	1567	35 271.86	12 024.77	8 846.50	20 871.27	14 400.59	459
20. —	15. des.	22. —	Til Leith	2	10	944	16 563.19	12 092 25	782.00	12 874.25	3 688.94	68
	23. —	31. —	Bið í Leith	»	9	»	8 923.67	»	»	»	8 923.67	»
			Samtals	567	366	26055	489 552.32	165 593.62	132 909.00	298 502.62	191 049.70	7483

Nd. **83. Varatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 78 *[Gengisviðauki]*.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við brtt. 1. b.:
Í stað orðanna »1. apríl 1926« komi: 1. apríl 1927.

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögum þar til kvaddrar nefndar, styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, alt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn. Nefndina skipa 3 menn, rektor mentaskólans og 2 menn aðrir, og sje annar kosinn af háskólaráði, en hinn af stúdentaráðinu; skulu þeir kosnir til tveggja ára, og ganga þeir úr nefndinni sitt árið hvor, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

2. gr.

Styrkurinn veitist til 4 ára, alt að 1200 kr. á ári, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, er segir í lögum þessum og sett kunna að verða í reglugerð eða á annan hátt af ráðherra.

3. gr.

Styrkurinn skal að jafnaði veittur þeim stúdentum einum, er lokið hafa stúdentsprófi á því ári, er styrkurinn er veittur.

Styrkinn má að eins veita reglusömum og ástundunarsömum stúdentum, og að öðru jöfnu skulu þeir stúdentar ganga fyrir, er mest þarfnast styrks fyrir fátæktar sakir.

Að öðru leyti setur ráðherra reglur um styrkveitingar þessar, svo sem um það, hvernig umsóknum um styrkinn skuli hagað, hverjar sönnur stúdentar skuli færa á það, að þeir noti vel styrkinn; ennfremur um það, fyrir hverjar sakir þeir missi styrkinn, og þess konar.

Nd. **85 Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita íslenskum stúdentum styrk til náms við erlenda háskóla, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi með 1. einkunn. Aldrei skulu fleiri en 16 njóta styrks þessa í senn.

Nd. **86. Breytingartillaga**

við frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr.

Í stað orðanna »alt að 4 á ári« kemur: svo mörgum, að hlutfallslega fái alt að 4 á ári.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um sölu á kolum eftir máli.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Allir, sem kol selja í landinu, hverrar tegundar sem þau eru, þar með talin gastæmd kol (koks), skulu selja þau eftir máli, þannig að verðið sje miðað við rúmmál þeirra, talið í hektólítrum, nema kaupandi æski sjálfur, að kolin sjeu honum úti látin eftir þyngd.

Ákvæði þetta tekur ekki til sölu í heilum skipsförmum eða hluta úr þeim, er koma til landsins frá útlöndum.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, frá 100—500 krónum, er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að kol eru iðulega geymd undir beru lofti, og verða kaupendur þeirra þá fyrir miklum halla, er þeir kaupa þau með eins miklu af vatni eins og í þeim getur tollað. Nemur það sjálfsagt miklum upphæðum, sem kaupendur kolanna eru látnir borga fyrir vatn og snjó, þegar kolin eru seld eftir þyngd. Einkum nemur þetta miklu á þyngd gastæmdra kola (koks). Gerir þetta og mikið misrjetti milli þeirra, sem vanda til geymslunnar (geyma kolin í húsi), og hinna, er minna kosta til, en fá meira fyrir vöruna.

Hið eina, sem vafasamt má telja við frv. þetta, er það, að mjög stórgerð kol mundu mælast illa, en þó mun það ekki vera algengt, að kol sjeu svo laus við mylsnu, að verulegar holur myndist í mælikerunum. Þá mætti og koma í veg fyrir halla af þessu með því að ákveða minstu þyngd, sem mætti vera á hektólíter, en jeg hefi þó ekki tekið það upp í frv. af ótta fyrir að það yrði gagnslítið í framkvæmd.

Þetta sölufyrirkomulag mun nú tíðkast allmikið í nágrannalöndum vorum, að minsta kosti um gastæmd kol.

Rjett þótti að undanþiggja þessum lögum þá verslun með kol, þar sem kaupandi sjálfur æskir að fá kolin eftir þyngd. Er ekki ósennilegt, að það mundi verða notað, þegar allmikið er tekið í einu og kaupandinn er ekki hræddur um misnotkun á þessu, t. d. þegar skip taka kol. Lögin eru aðallega ætluð til þess, að vernda kolakaup almennings til heimilisnotkunar.

Þau óþægindi, sem fyrst í stað hlytust af þessari breytingu, að menn ættu erfiðara með að átta sig á verði kolanna, mundu fljótt hverfa. Hektólíter mun vera mjög nálægt $^1/_2$ skippundi af venjulegum kolum.

Ed. **88. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkið tekur að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi, og skulu þeir framvegis að öllu leyti reknir á kostnað ríkissjóðs.

Sjóðir hvors kvennaskólans fyrir sig skulu framvegis ávaxtast þannig, að 1/4 hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstól, en 3/4 hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar hvors skóla. Allar aðrar eignir skólanna, kensluáhöld, rúmfatnaður o. fl. fylgja þeim.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum kvennaskólanna, er forstöðunefndir þeirra hafa haft á hendi.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin setur skólunum starfsreglur og hefir öll umráð þeirra, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd við hvorn skóla, og sje meiri hluti beggja nefndanna konur.

3. Við 5. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Við kvennaskólann í Reykjavík skal skipa forstöðukonu.

b. Aftan við fyrstu málsgrein bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Við kvennaskólann á Blönduósi skal skipa forstöðukonu með 2400 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar, og tvo fasta kennara með 1700 kr. árslaunum hvorn. Þá skal og skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1200 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan kensla stendur yfir.

c. Í annari málsgrein, er verði 3. málsgr., komi fyrir »skólans«: skólanna.

4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um tilbúinn áburð.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Á tímabilinu 1926—1930, að báðum árum meðtöldum, annast ríkisstjórnin, eða lætur annast, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, útvegun á tilbúnum áburði fyrir hreppa- og bæjarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnufjelög bænda.

2. gr.

Meðan ríkisstjórnin annast útvegun tilbúins áburðar, skulu skip ríkisins annast flutning hans endurgjaldlaust bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem þau annars koma við á.

3. gr.

Sje verð hins keypta áburðar greitt við móttöku, selst varan álagningarlaust á öllum viðkomustöðum skipanna. Heimilt er að lána vöruna í alt að 6 mánuði, og má þa leggja á 5%.

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísi um notkun tilbúins áburðar. Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarfjelög landsins skulu útbýta leiðarvísi þessum ókeypis. Kostnaður við útgáfu og útsending greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Ríkisstjórnin auglýsir árlega, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, áætlað verð á tilbúnum áburði.

6. gr.

Pantanir á tilbúnum áburði skulu komnar til ríkisstjórnar fyrir 1. jan. ár hvert.

7. gr.

Fjelög þau, er áburð panta samkvæmt lögum þessum, leggi fram tryggingu fyrir fullri greiðslu, sem ríkisstjórn tekur gilda.

8. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar og allan kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkissjóður.

9. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd einstakra atriða í lögum þessum getur ríkisstjórnin sett í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925 og koma að öllu leyti til framkvæmda á árinu 1926.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú, á sínu sviði, alveg hliðstætt gaddavírslögunum, eins og þá var ástatt. — Þá var nýlega farið að nota það ágæta og ódýra girðingarefni (gaddavírinn), og einhver mesta nauðsyn landbúnaðarins auknar girðingar. Gaddavírslögin áttu áreiðanlega mjög mikinn þátt í því, hversu stórmiklar breytingar urðu í því efni á næstu árum. Hlunnindi þau, sem lögin veittu bændum, voru og á engan hátt misnotuð. — Nú er það lýðum ljóst,

að aðalverkefni bændastjettarinnar á þessum árum og næstu er að auka túnræktina. En meðan bændur hafa engan annan áburð en búfjáráburð, eru túnræktinni settar mjög þröngar skorður. Hinsvegar hafa nú um allmörg ár verið framkvæmdar rækilegar tilraunir um notkun tilbúins áburðar, og einstakir bændur, fáir þó, hafa fengið allmikla reynslu í þessu efni. Er óhætt að fullyrða, að Búnaðarfjelagi Íslands er ekki um megn að gefa út nægilega ákveðnar reglur um notkun áburðarins, svo að ekki eigi að vera hætta á, að hann verði notaður óskynsamlega. Er og reynslan búin að sýna, að a. m. k. á ræktuðu landi verða fylstu not tilbúins áburðar, og ætti það að losa búfjáráburðinn til nýræktar. Aðstaðan virðist því vera sú nú, að ríkinu bæri að gera svipaðar ráðstafanir um að ýta undir og greiða fyrir notkun tilbúins áburðar, sem það gerði á sinni tíð um notkun gaddavírsins. Það er tilgangur þessa frumvarps, að ná því marki.

Flutningsmaður þessa frv. lagði fyrir nýafstaðið Búnaðarþing uppkast að frv. til laga um tilbúinn áburð og kjarnfóður. Var það að mestu samhljóða þessu frv., að viðbættu því, sem titill segir til, að ætlast var til, að sama skipulag gilti um kjarnfóður. Við nánari athugun varð það að ráði á Búnaðarþingi, að breyta frv. á þá leið, að fella niður öll atriðin um kjarnfóðrið, og verður ekki hjer vikið að ástæðum fyrir því. En meiri hluti nefndar þeirrar, er á Búnaðarþingi hafði málið til meðferðar, aðhyltist frumvarpið eins og það er nú borið fram á Alþingi, að öðru leyti en því, að 2. gr. þess nú var ekki með. Var frumvarpið þannig samþykt á Búnaðarþingi með 10 atkv. gegn 2. Loks fór fram atkvæðagreiðsla, til reynslu, samkvæmt ósk flutningsmanns, um 2. gr., og var hún þá samþykt með 6 atkv. gegn 4. Í þeirri mynd er frv. nú borið fram.

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Flutningsmenn: Tr. Þórhallsson, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Enginn má festa upp auglýsingar í búð sinni eða veitingasölum, sýna opinberlega, kunngera í rituðu eða prentuðu máli eða á annan hátt birta almenningi, að hann hafi til sölu áfengisvökva, sem ekki hefir verið gerður óhæfur til drykkjar. Þó nær þetta ekki til þeirra auglýsinga, sem birtar eru að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða 500—5000 kr. sekt. Ef brotið er

gert í stærri stíl eða gróðaskyni, má hegna hlutaðeigandi með fangelsi, alt að ári.

Ábyrgðarmaður blaðs þess, er flytur auglýsingar um áfengi til drykkjar, skal sekur um 100—1000 kr. fyrir hverja slíka auglýsingu í blaði sínu. Sje enginn ábyrgðarmaður, ber prentsmiðjan ábyrgð á því.

Ef auglýsandi sjálfur er ekki búsettur hjer á landi, skal sá, er birt hefir auglýsinguna hjer, auk sektar sinnar, svara að öllu til sakar fyrir hönd auglýsanda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frv., er við bárum fram á síðasta þingi (þingskjal 104), með þeirri breytingu, er meiri hluti allsherjarnefndar bar fram (þingskjal 442). Vísast til greinargerðar frumvarpsins þá. Er frumvarpið aftur borið fram samkvæmt ósk Stórstúku Íslands.

Nd. **91. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Fyrir »4« í frumvarpsgreininni komi: 3.
2. Frumvarpsgreinin verður 1. grein, en við bætist ný 2. grein, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur bæjarstjórnin þá samþykt að láta fara fram að nýju kosningar í allar fastanefndir.

Nd. **92. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1. gr.:

Í stað orðanna »t. d. konfektbúða« komi: þó að undanteknum konfektbúðum.

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um sektir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 31, með breytingunni á þskj. 71.

Nd. **94. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1925.

Þorleifur Jónsson, form. Þórarinn Jónsson, frsm. Ingólfur Bjarnarson.

Tryggvi Þórhallsson. Pjetur Ottesen. Jón Sigurðsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ed. **95. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp og leggur til, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 25. febr. 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.

Eggert Pálsson, skrifari og frsm. Jónas Jónsson.

Nd. **96. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningar nefnda, ef að minsta kosti 3 bæjarfulltrúar krefjast þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur bæjarstjórnin þá samþykt að láta fara fram að nýju kosningar í allar fastanefndir.

Nd. **97. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í stað »200 kr.« í 5. og 6. málsgrein 1. greinar kemur: 400 kr.

2. gr.

Í stað síðustu málsgreinar 1. greinar koma tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Laun yfirsetukvenna skulu hækka 3 hvert ár um 50 kr., þar til uppbótin nemur 200 krónum.

Í kaupstöðum skal uppbót þessi vera 100 kr. 3. hvert ár, þar til uppbótin nemur 500 krónum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk frá stjórn Ljósmæðrafjelags Íslands, en þó ekki farið fram á neitt nálægt því, sem þar var óskað. Þar er óskað eftir allríflegri launahækkun, dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins, eftirlaunum, er nemi helmingi launanna eftir 15 ára starf, en fullum launum eftir 25 ára starf o. fl. Er það fært sem ástæður, að í nágrannalöndum eru kjör ljósmæðra miklu ríflegri en hjer er farið fram á, og það, hve erfitt sje að fá stúlkur, sem starfinu sjeu vaxnar, til þess að taka það að sjer, þegar það er svo illa borgað.

Hjer er nú ekki farið fram á annað en það, að föstu launin sjeu hækkuð, og þó ekki eins mikið og óskað var eftir. En það virðist mjög sanngjarnt, þegar þess er gætt, hve miklar kröfur eru nú gerðar til þess, að þetta starf sje rækt verulega vel, og hve nauðsynlegt og áhrifarikt það er, hvort starfið er í góðum höndum eða ekki. Er þess varla að vænta, að stúlkur gefi sig í þetta starf, þegar borgun fyrir það er varla eins og vinnukonukaup, því að jafnvel þar, sem störf eru lítil, eru ljósmæður samt mjög ófrjálsar og bundnar af því. En breytingin, sem yrði með þessu frumvarpi, er mest fyrir þær ljósmæður, sem nú hafa minst laun. Lágmarkslaunin hækka, en hámarkið, 1000 kr., látið halda sjer, nema hvað aldursuppbót snertir. Þá er ekki heldur haggað neitt við taxtanum, sem verk ljósmæðra eru greidd eftir.

Hve mikilli upphæð þessi hækkun muni nema fyrir ríkissjóð, hefi jeg ekki getað reiknað út, nema svo mikið má segja, að sá liður mun hvorki með breytingunni nje án hennar verða annað en einn af smáliðum útgjaldanna. Á hinn bóginn er hjer um fjölda starfsmanna að ræða (um 200) og ekki um það deilt, hve mikils virði sje, að starf þeirra sje sem best rækt.

Nd. 98. Fyrirspurn

til landsstjórnarinnar um undirbúning lagabreytingar um selaskot á Breiðafirði.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Hefir stjórnin leitað álits sýslunefnda í Snæfellsnes-, Hnappadals- og Dalasýslum um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði, sem flutt var í efri deild á síðasta þingi (Alþt. 1924, A. bls. 287) og stjórninni var með rökstuddri dagskrá (Alþt. 1924, A. bls. 536) falið að bera undir áðurgreindar sýslunefndir, og hver svör hafa þær gefið?

Nd. 99. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir orðunum »Ríkisstjórninni skal heimilt« komi: til ársloka 1926.

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um slysatryggingar.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn, þá er hjer greinir:
   a. Farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
   b. Fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum fjórrónum eða stærri, er stunda fiskiveiðar 1 mánuð á ári eða lengur.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaup í þeim atvinnugreinum, sem hjer eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsvinna og vöruflutningar í sambandi þar við.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, námugröftur, enn fremur fiskverkun, ísvinna og vinna við rafleiðslur, þar sem notaðar eru aflvjelar að staðaldri eða 5 manns eða fleiri vinna.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum.
   d. Vegavinna, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, vinna við vatnsleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu trygðir hafnsögumenn, sótarar og slökkvilið, sem ráðið er af því opinbera.

Skilyrðið fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., er, að starfið sje rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfjelags, eða þá einstaklings eða fjelags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þótt það sje framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.

Tryggingin samkvæmt 2. tölul. nær ekki til skrifstofufólks, nema það taki einnig beinan þátt í verklegum störfum fyrirtækisins.

Tryggingarskyldan hvilir á atvinnurekendum, svo og ríki eða sveitarfjelögum, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning.

Ef ágreiningur verður um, hvort fyrirtæki sje tryggingarskylt, hver skuli skoðast sem atvinnurekandi eða hverjir falli undir trygginguna, skal Slysatryggingin skera úr því, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

2. gr.

Trygginguna samkv. 1. gr. annast stofnun, sem nefnist »Slysatrygging ríkisins«. Er henni stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Hefir stjórnarráðið yfirumsjón með stjórn Slysatryggingarinnar, og greiðist kostnaðurinn við hana úr ríkissjóði.

3. gr.

Slysatryggingin veitir bætur samkvæmt eftirfarandi reglum, þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er trygður í.

Sjómenn eru trygðir fyrir slysum á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

4. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal Slysatryggingin greiða þær bætur, sem hjer segir:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 4 vikur, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður aftur vinnufær eða úrskurður er feldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó aldrei lengur en í 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag, þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð.
b. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 4000 kr., og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, er að læknis dómi algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en að $^1/_5$ hluta.

5. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því, að það bar að höndum, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum dánarbætur 2000 kr.

Rjett til dánarbótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og þau verið samvistum, þegar það vildi til, eða hafi konan notið framfærslueyris frá manninum. Hafi þau eigi verið samvistum og konan eigi notið framfærslueyris frá manninum, er það á valdi Slysatryggingarinnar að skera úr, hvort hún skuli fá bæturnar að öllu eða nokkru leyti eða alls ekki.

   Ef gift kona deyr af slysi, fær ekkillinn bæturnar eftir sömu reglum sem ekkja.
2. Börn hins látna, skilgetin eða óskilgetin, hafi þau verið á hans framfæri þegar slysið varð. Sama gildir og um fósturbörn.
3. Foreldrar hins látna. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.
4. Systkini hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Hljóti ekkja eða ekkjumaður dánarbæturnar, skal að auki greiða 200 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 400 kr., er ekkja fær dánarbæturnar,

ef barnið er ekki á framfæri ekkjunnar, en 200 kr., ef það er á framfæri hennar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 200 kr. í viðbót. Þó skal engin viðbótarupphæð greidd, ef eitt barn fær dánarbæturnar.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkv. 4. gr. b.

6. gr.

Til þess að standast útgjöld Slysatryggingarinnar önnur en þau, sem nefnd eru í 2. gr., skulu atvinnurekendur í þeim atvinnugreinum, sem nefndar eru í 1. gr., svo og ríki og sveitarfjelög, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem trygðir eru, til útgjalda.

Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skifta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir tryggingunа, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sjerstök iðgjaldsupphæð fyrir hvern trygðan mann í þeim flokki, miðuð við tímalengd (klukkustund, dag, viku, mánuð eða ár), og skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem Slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiftinguna í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingu á skiftingunni í áhættuflokka og á iðgjöldunum, en slíkar breytingar koma þó ekki til framkvæmda fyr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sjerstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur Slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessum hlutum aðgreindum, ákveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið, bygt á iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

7. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem trygðir eru samkvæmt 1. gr. 1, reiknast eftir vikum, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og telst frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráningin fer fram skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr. 1) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn vjelbáta minni en 5 lestir greiða að eins $^4/_5$ og útgerðarmenn róðrarbáta $^7/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

Skráningarstjóri skal senda skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. máls-

grein greinar þessarar, til Slysatryggingarinnar. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

8. gr.

Nú forfallast slysatrygður skipverji og gengur ótrygður maður í skiprúm hans, skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

9. gr.

Sjerhver forráðamaður þesskonar atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 1. gr. 2., skal þegar lög þessi ganga í gildi, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra) tvíritaða tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er Slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða iðgjaldagreiðslu þess. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skift að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir Slysatryggingunni. Verkamenn skoðast trygðir frá þeim tíma, er lögin ganga í gildi eða fyrirtækið byrjar, hvort sem það hefir verið tilkynt eða ekki.

Forráðamenn þeirra fyrirtækja og starfrækslna, er getur í 1. gr. 2., skulu skyldir að halda vinnuskrár í því formi, sem Slysatryggingin tekur gilt. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast iðgjöldin við þær, en lögreglustjóri sjer um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. má taka lögtaki.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir. Af iðgjöldum samkvæmt 9. gr. greiðast 6% í innheimtulaun. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

11. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæti auk þess sektum.

12. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyri samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda svo fljótt sen auðið er lögreglustjóra, eða hreppstjóra áleiðis til lögreglustjóra, tilkynningu um slysið í því formi, sem Slysatryggingin skipar fyrir um. Ef lögreglustjór álítur, að slysið veiti rjett til bóta frá Slysatryggingunni, sendir hann tilkynn inguna áfram til Slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsing um. Getur lögreglustjóri, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óska þess, haldið próf í málinu.

Ef sá, sem átti að tilkynna slysið, hefir vanrækt það, skal það eig vera því til fyrirstöðu, að hinn slasaði, eða eftirlátnir vandamenn hans, get gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð

13. gr.

Undir eins og Slysatryggingunni hafa borist nægar upplýsingar um slysið og annað, sem til greina kemur við ákvörðun bóta, úrskurðar hún hvort bætur skuli greiða samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. E um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpen ingar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir mist af vinnuafli sínu. Eru þá örorkubætur ákveðnar.

14. gr.

Skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum er eigi leyfilegt að fram selja eða veðsetja, og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefi rjett til að skerða neitt þær bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögunum, nj leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

15. gr.

Eigandi tryggingarskylds fyrirtækis má tryggja sjálfan sig, ef hann óskar þess, með verkamönnum sínum og með sömu skilmálum. Ennfremur getur hann krafist þess, að aðrir þeir, sem starfa við fyrirtækið, en eru eig tryggingarskyldir, sjeu látnir falla undir trygginguna.

16. gr.

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingar skyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í Slysatrygging unni á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyri hverja viku, og greiðist þá hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

17. gr.

Þeir, sem stunda einhverja þá atvinnu, er nefnd er í 1. gr. 2., en ekk eru tryggingarskyldir, hafa rjett til að tryggja verkamenn sína og einnig sjálfa sig gegn slysum hjá Slysatryggingunni, með sömu kjörum sem tryggingarskyld

fyrirtæki sömu tegundar. Ef vafi er á, til hvaða áhættuflokks slíkt fyrirtæki skuli telja, sker Slysatryggingin úr því.

18. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiftingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifjelag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verslunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur skipar. Ef stofnaður verður almennur fjelagsskapur meðal atvinnurekenda í mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiftingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rjett til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar. Sama rjett hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum Slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist, að Slysatryggingin standi í skilum. Þær fjárhæðir, er ríkissjóður kynni að greiða samkvæmt þessu, skulu endurgoldnar ríkissjóði jafnskjótt sem Slysatryggingin verður þess megnug.

20. gr.

Slysatrygging ríkisins tekur við eignum og skuldbindingum Slysatryggingarsjóðs sjómanna. Að öðru leyti eru lög nr. 32, 27. júní 1921, úr gildi numin.

21. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar og þeirra 2 fulltrúa, er um getur í 18. gr.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna til Slysatryggingarinnar. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun frá Alþingi 1924 skipaði atvinnumálaráðherra þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar slysatryggingar. Í nefndina voru skipaðir Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri, formaður, Gunnar Egilson forstjóri og Hjeðinn Valdimarsson skrifstofustjóri.

Með brjefi 14. febrúar 1925 sendi nefndin atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu frumvarp það, sem hjer er borið fram, en atvinnumálaráðherra sendi allsherjarnefnd neðri deildar málið.

Allsherjarnefnd hefir ekki haft tök á að athuga málið til hlítar, og telur rjett, að frumvarpið komi sem fyrst fram, til þess að þingmenn geti athugað þetta merkilega mál.

Frumvarpi nefndarinnar fylgdi svolátandi greinargerð:

Á Alþingi 1924 var samþykt þingsályktun um að skora á stjórnina að skipa 3 manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar slysatryggingar. Samkvæmt því skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið slíka nefnd 23. ágúst f. á., og er meðfylgjandi frumvarp árangurinn af starfi nefndarinnar.

Hjer á landi hefir hingað til aðeins verið skyldutrygging gegn slysum fyrir eina stjett manna, sjómennina. Þó að við þau störf sje að vísu miklu hættara við slysum heldur en við nokkur önnur, þá hafa þó líka ýms önnur störf töluverða slysahættu í för með sjer, og þess vegna hafa oft komið fram óskir um að láta slysatrygginguna ná til fleiri starfsgreina. Af því er sprottin þingsályktun síðasta þings um að semja frumvarp um almennar slysatryggingar. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, fullnægir því að því leyti, að það nær til flestra þeirra starfa, sem nokkra verulega slysahættu hafa í för með sjer. En nefndin hefir eigi treyst sjer til að leggja það til, að tryggingarnar yrðu að svo stöddu gerðar svo almennar, að þær yrðu lögboðnar fyrir alla verkamenn við hverskonar störf sem er. Er það eigi fyrir þá sök, að hún viðurkenni ekki, að slíkt væri fullkomlega rjettmætt. En það, sem fyrir nefndinni hefir vakað, er það, að gera trygginguna sem umsvifaminsta og ódýrasta í rekstri, en ef hún ætti að verða svo víðtæk, að hún næði til allra verkamanna við hverskonar störf sem er, þá mundi reksturinn, einkum viðvíkjandi innheimtu iðgjaldanna, verða miklu erfiðari og dýrari, en vinningurinn hinsvegar minni, þar sem um störf með tiltölulega lítilli slysahættu væri að ræða. Virðist nefndinni heppilegast að ganga út frá þeirri tryggingu, sem fyrir er, og bæta við hana þeim atvinnugreinum, sem mest slysahætta er í. Þegar reynsla væri komin á um þær tryggingar, sem hjer er stungið upp á, þá gæti og verið auðveldara að færa trygginguna út til fleiri greina síðar, ef svo sýndist. En aðalatriðið virðist að koma nú á slysatryggingu í sem flestum starfsgreinum, er nokkra verulega slysahættu hafa í för með sjer, og það virðist fengið með frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir. Þau störf, sem ekki falla undir frumvarpið, munu yfirleitt hafa mjög litla slysahættu í för með sjer, nema helst

landbúnaður. En nefndin hefir ekki viljað leggja til að taka hann með að svo stöddu. Það mundi gera innheimtuna miklu fyrirhafnarmeiri og reksturinn dýrari. Hinsvegar virðist slík trygging ekki vera eins knýjandi þar eins og annarsstaðar, þar sem hjúin fá aðhlynningu hjá húsbændum sínum alt að þrem mánuðum, enda erfitt að koma þar við tryggingu frá landsstofnun. Það hafa heldur ekki heyrst raddir frá bændum nje sveitahjúum um, að til slíkra trygginga væri stofnað.

Sjómannatryggingin, sem nú er, veitir aðeins bætur fyrir slys, er valda dauða eða örkumlum, er gera menn ófæra til vinnu upp frá því eða draga að minsta kosti verulega úr vinnufærleik þeirra. En þótt slysið valdi langvarandi sjúkleika, greiðast engar bætur fyrir það, ef maðurinn nær sjer, svo að hann verður aftur nokkurn veginn fullfær til vinnu. Það er þó augljóst, að langvarandi heilsumissir hlýtur að vera mjög þungbær fyrir verkamanninn, enda þótt lækning fáist um síðir. Hefir því nefndinni þótt ástæða til að taka upp nokkrar bætur í slíkum tilfellum, enda er svo víðast hvar gert, þar sem slysatryggingar eru lögleiddar. Eru bæturnar ákveðnar sem dagpeningar á meðan maðurinn er ófær til vinnu sinnar. Þó er sú takmörkun gerð, að engir dagpeningar greiðast fyrir fyrstu 4 vikurnar eftir að slysið varð og aldrei lengur en fyrir 6 mánuði. Það er því einungis fyrir slys, er valda langvarandi sjúkleika, að slíkar bætur veitast. En fyrir þann sjúkleika, er eigi varir lengur en 4 vikur, þykir eigi hentugt að veita bætur úr slysatryggingarsjóði, sem er einn fyrir alt landið, því að þá yrði varla komist hjá, að Slysatryggingin hefði umsjónarmenn úti um alt land til þess að hafa eftirlit með því, að dagpeningar yrðu eigi greiddir, nema þegar ástæða væri til og eigi lengur en ástæða væri til, og það mundi gera trygginguna miklu dýrari. Að vísu væri æskilegt, að menn gætu einnig trygt sig gegn þessum skammvinnu slysaafleiðingum, en það væri þá nánast með sjúkratryggingu, sem venjulega tekur aðeins yfir lítið svæði. Svo er líka víðast erlendis, að slysatryggingin veitir eigi bætur fyrir ákveðinn tíma næstan eftir að slysið varð, heldur er sjúkratryggingunum eða atvinnurekanda án nokkurs millilíðs ætlað að sjá um þann tíma, en sá tími er misjafnlega langur á ýmsum stöðum, í Danmörku og Þýskalandi 13 vikur, Svíþjóð 5 vikur, Noregi 10 dagar (en ráðgert að lengja þann tíma) o. s. frv. Þau slys, er Slysatryggingin kæmi þá til að greiða dagpeninga fyrir samkvæmt frumvarpinu, yrðu einungis hin alvarlegri slys, sem eru tiltölulega mjög fá á móts við hin smærri, og auðveldari viðfangs fyrir landsstofnun í fjarlægð.

Í núgildandi lögum um slysatryggingu sjómanna eru ákveðnar bæði bæturnar, sem greiddar eru úr sjóðnum, og iðgjöldin, sem greiðast í hann, hvorttveggja jafnhátt fyrir alla. Þessu leggur nefndin til, að breytt verði þannig, að í lögunum sjeu aðeins ákveðnar bæturnar eins fyrir alla, en iðgjöldin verði ákveðin með reglugerð, mismunandi há eftir því, hvort slysahættan er mikil eða lítil, og skuli þeim breytt eftir því, sem reynslan sýnir að þörf er á. Tryggingin á þannig ávalt að bera sig sjálf án nokkurs styrks úr ríkissjóði fram yfir það, sem slysatrygging sjómanna nýtur nú (greiðsla stjórnarkostnaðar og nokkur hluti iðgjalds fyrir sjómenn á smábátum). Jafnframt leggur nefndin til, að öll iðgjöldin greiðist af atvinnurekendum. Er það í samræmi við þá

almennu meginreglu, sem fylgt er svo að segja undantekningarlaust alstaðar þar, sem slysatryggingar hafa verið teknar í lög, að sjálfur atvinnureksturinn sje látinn bera slysaáhættuna, en ekki hinir einstöku verkamenn, enda virðist það eðlilegt, þar sem slysaáhættan er svo misjöfn við mismunandi atvinnurekstur og venjulega eigi tekið mikið tillit til þess mismunar við ákvörðun vinnukaups. Og það virðist því sanngjarnara, að atvinnurekendur beri kostnaðinn við þessar tryggingar, sem þeir eru eigi skyldir að taka neinn beinan þátt í kostnaði við aðrar tryggingar verkamanna, svo sem sjúkratryggingar og ellitryggingar. Nefndinni þótti því eðlilegt, að kostnaðurinn við hinar nýju tryggingar, sem stungið er upp á í frumvarpinu, yrði lagður á atvinnurekendur, en þá þótti líka eðlilegt, að sama regla yrði látin gilda um tryggingu sjómannanna, enda þótt verkamenn sjálfir hafi þar hingað til tekið nokkurn þátt í kostnaðinum.

Nefndinni er ljóst, að með frumvarpi þessu er eigi fengin fullkomin slysatrygging, en hún hyggur, að með því sje samt stigið allstórt spor í þá átt.

Að öðru leyti vísast til athugasemdanna um hinar ýmsu greinar frumvarpsins. Núgildandi lög um slysatryggingu sjómanna hafa verið tekin upp í frumvarpið með mjög litlum breytingum.

Um 1. gr.

1. töluliður er tekinn upp úr lögunum um slysatryggingu sjómanna, með tveim smábreytingum. Önnur er sú, að tryggingin er eigi aðeins bundin við hjerlenda sjómenn, heldur við alla sjómenn, sem eru á íslenskum skipum, hvort sem þeir eru íslenskir eða útlendir. Það virðist eigi ástæða til að útiloka frá tryggingu útlenda menn, sem vinna fyrir íslensk fyrirtæki, því að þeir eru eigi trygðir heima fyrir á meðan. Að öðrum kosti mundi útgerðarmaður verða að kaupa tryggingu fyrir slíka menn hjá útlendum slysatryggingarfjelögum. Hin breytingin er sú, að sá tími, sem bátar þurfa að stunda veiðar árlega til þess að verða tryggingarskyldir, er settur 1 mánuður, í stað einnar vertíðar. Er það skýrara, því að sumstaðar á landinu eru engar eiginlegar vertíðir.

Í 2. tölulið eru taldar upp þær atvinnugreinar, sem nefndin leggur til, að verði gerðar slysatryggingarskyldar, en eru það eigi nú. Er það aðallega vinna við skipaafgreiðslu, verksmiðjuvinna, húsasmíðar, svo og ýmisleg vinna, mestmegnis fyrir hið opinbera, svo sem við vegi, brýr, hafnir, vita, síma o. fl. Við suma slíka vinnu fyrir hið opinbera mun það upp á síðkastið vera farið að tíðkast, að bætur sjeu veittar fyrir meiriháttar slys, en það er engin lagaskylda og það eru engar fastar reglur um það, hvernig þær bætur skuli vera. Virðist því eðlilegast að ákveða, að um þau slys skuli fara sem um samskonar slys, er menn verða fyrir við atvinnufyrirtæki einstaklinga.

Fyrir tryggingarskyldu við verksmiðjuvinnu eru sett þau skilyrði, að notaðar sjeu aflvjelar að staðaldri eða að minsta kosti 5 manns vinni við fyrirtækið. Það hefir eigi þótt ástæða til að láta tryggingarskylduna ná til smærri fyrirtækja, því að það mundi gera innheimtu iðgjaldanna töluvert erfiðari, enda í slíkum fyrirtækjum slysahætta miklu minni heldur en í hinum stærri,

en öll slík fyrirtæki, sem óska þess, geta fengið að taka þátt í tryggingunni (sbr. 17. gr.).

Um 2. gr.

Hún er að efni til samhljóða 10. gr. núgildandi laga um slysatryggingu sjómanna.

Um 3. gr.

Undir slysatrygginguna falla aðeins atvinnuslys, þ. e. slys, sem menn verða fyrir við vinnu þá, sem þeir eru trygðir við. Síðari málsgrein þessarar greinar er því nær orðrjett tekin upp úr núgildandi lögum, og er hún dálitið víðtækari.

Um 4. gr.

Hjer eru ákvæði um greiðslu dagpeninga og örorkubóta. Örorkubæturnar eru eins og eftir núgildandi lögum, en dagpeningar eru ákveðnir 5 kr. á dag þann tíma, sem þeir eru veittir, þó svo, að þeir fari aldrei fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi mannsins. Það þótti ekki fært að hafa dagpeningana misjafnlega háa eftir ástæðum, vegna þess hve eftirlit er örðugt með slíku fyrir landsstofnun.

Um 5. gr.

Þessi grein hljóðar um dánarbætur, og er hún því nær óbreytt frá því, sem nú er. Helsta breytingin er sú, að fósturbörn og fósturforeldrar hafa rjett til dánarbóta, auk barna og foreldra. Virðist það rjettmætt, er þau missa framfæranda sinn.

Nefndin hefir látið upphæð örorku- og dánarbóta haldast óbreytta frá því, sem nú er. Að vísu munu upphæðir þessar ekki geta talist fullnægjandi, síst á meðan gengi íslenskra peninga er svo lágt sem nú, en með dagpeningagreiðslunni hefir tryggingin verið aukin nokkuð, og mun ekki fært að fara lengra, nema iðgjöld verði hækkuð yfirleitt til muna á sjómannatryggingunni, en nefndin hefir eigi sjeð sjer fært að leggja það til að svo stöddu.

Um 6. gr.

Nefndin telur sjálfsagt, að tryggingin eigi ávalt að bera sig sjálf. Ef iðgjöldin því reynast of lág, þá verður að hækka þau. Hinsvegar má líka lækka þau, ef það sýnir sig, að þau sjeu óþarflega há til þess, að tryggingin standist skuldbindingar sínar. Slíkum breytingum er mjög örðugt að koma við, ef iðgjöldin eru ákveðin með lögum, og er því lagt til, að þau verði ákveðin með reglugerð. Það virðist og sjálfsagt og í samræmi við eðli allra vátrygginga, að iðgjöldin lagi sig eftir áhættunni, sjeu hæst þar, sem áhættan er mest, en eftir því lægri sem hún er minni. Við fyrstu ákvörðun iðgjaldanna verður auðvitað bygt á þeirri reynslu, sem fengin er um slysatryggingu sjómanna, svo langt sem hún nær, en þar sem hana þrýtur, verður að byggja á erlendri reynslu, þar til fengin er reynsla hjer.

Samkvæmt skýrslu, sem nefndin hefir fengið frá Slysatryggingu sjómanna um reynslu áranna 1919—1923, þá hafa dánarbætur fyrir slys frá þessum árum numið 79.9 % af þeim iðgjöldum, sem greiðst hafa fyrir þessi ár, en örorkubætur 4.6 %, svo að alls hafa bæturnar numið 84,5% af iðgjöldunum. Annar kostnaður, sem sjóðurinn hefir borið, mun hafa verið nálægt 5½ %, svo að þá hafa um 10 % af iðgjöldunum gengið af og safnast fyrir í sjóði. Þar sem eitt af þessum árum (1922) var mjög óhagstætt fyrir sjóðinn, þar sem skipskaðar urðu þá miklir og útborganir fóru langt fram úr iðgjöldunum, þá má líklega gera ráð fyrir, að iðgjöld þurfi ekki að hækka yfirleitt í sjómannatryggingunni til þess að standast þær bætur, sem greiddar hafa verið hingað til, og jafnvel ekki eða þá aðeins sáralítið, þó að þær væru auknar nokkuð með greiðslu dagpeninga, eins og hjer er stungið upp á.

Í skýrslu Slysatryggingarinnar hefir allri sjómannatryggingunni verið skift í 5 flokka, og hafa bæturnar í samanburði við iðgjöldin í hverjum flokki verið svo sem hjer segir árin 1919—1923:

	Dánarbætur	Örorkubætur	Alls
Gufuskip	18.1 %	4.6 %	22,7 %
Seglskip	87.6 —	0.0 —	87.6 —
Mótorskip yfir 12 tonn . .	120.0 —	5.6 —	125.6 —
Mótorbátar undir 12 tonn .	126.5 —	5.5 —	132.0 —
Róðrarbátar	41.0 —	4.5 —	45.5 —
Alls	79.9 —	4.6 —	84.5 —

Skýrslan sýnir, að bætur fyrir slys á mótorbátum og mótorskipum hafa þessi 5 ár farið langt fram úr iðgjöldunum. Fyrir slys á seglskipum hafa bæturnar slagað hátt upp í iðgjöldin, en fyrir slys á róðrarbátum og gufuskipum hafa bæturnar aðeins numið litlum hluta af iðgjöldunum.

Hve mikil iðgjöldin þurfi að vera í þeim atvinnugreinum, sem við bætast samkvæmt frumvarpi þessu, verður ekki sagt með neinni vissu, og nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að reyna að gera neina áætlun um það eftir erlendum fyrirmyndum. En svo mikið mun mega fullyrða, að iðgjaldið um vikuna muni yfirleitt verða miklu lægra fyrir þessar atvinnugreinar heldur en í sjómannatryggingunni.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar svara til 2.—4. gr. laganna um slysatrygging sjómanna. Fyrirkomulagið er alt óbreytt, og það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki jafnmikinn þátt sem nú í iðgjaldi smærri bátanna.

Um 9. gr.

Hinum tryggingarskyldu fyrirtækjum, sem bætast við tryggingunа samkvæmt frumvarpi þessu, er gert að skyldu að senda lögreglustjóra tilkynningu, því að hann á að hafa skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki til notkunar við innheimtu iðgjaldanna. Þeim er einnig gert að skyldu að halda vinnuskrár, er nota skal við útreikning iðgjaldanna, en að öðru leyti eru í frumvarpinu ekki settar reglur fyrir því, hvernig innheimtunni skuli hagað,

heldur er gert ráð fyrir, að stjórnarráðið skipi fyrir um það í reglugerð þeirri um framkvæmd laganna, sem ráð er gert fyrir í 21. gr.

Um 10. gr.

Hjer eru hin núgildandi ákvæði um innheimtulaun og tilsvarandi fyrir þær tryggingar, sem við bætast.

Um 11. gr.

Núgildandi ákvæði um refsingu fyrir að vanrækja að tryggja tryggingarskylda menn virðast vera nokkuð hörð, þar sem þeim, er gert hafa sig seka í sliku, er gert að skyldu að endurgreiða Slysatryggingunni allar bætur fyrir hina ótrygðu menn. Hjer er því stungið upp á, að látið sje nægja, að þeir greiði tvöföld iðgjöld og sekt að auki.

Um 12. og 13. gr.

Greinar þessar, sem hljóða um tilkynningar um slys og úrskurðun bóta, gefa ekki tilefni til neinna athugasemda.

Um 14. gr.

Samhljóða núgildandi lögum.

Um 15.—17. gr.

Í þessum greinum er öðrum en þeim, sem eru tryggingarskyldir, heimilað að taka þátt í tryggingunni, ef þeir óska þess. Að því er sjómannatrygginguna snertir, eru ákvæðin þar um óbreytt í 16. gr. Í 15. gr. er eigendum tryggingarskyldra fyrirtækja heimilað að tryggja sjálfa sig og aðra, sem vinna við fyrirtækið, en eru ekki tryggingarskyldir, og í 17. gr. er sama heimild veitt öðrum fyrirtækjum en þeim, sem tryggingarskyld eru, en þó samkynja, sem líklega mundu aðallega vera smærri iðnaðarfyrirtæki.

Um 18. gr.

Þar sem atvinnurekendur eiga samkvæmt frumvarpinu að standa allan straum af tryggingunni, þá virðist sjálfsagt, að þeir hafi íhlutunarrjett um skiftingu atvinnugreinanna í áhættuflokka og um ákvörðun iðgjaldanna í hverjum flokki. Til þess að gæta hagsmuna þeirra í þessu efni er hjer stungið upp á nefnd, sem í sjeu fulltrúar fyrir alla hina stærstu flokka atvinnurekenda, sem undir trygginguna falla. Ennfremur er gert ráð fyrir, að atvinnurekendur og verkamenn hafi hvorir sinn fulltrúa til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar og gæta þess, að hagsmunir hvorugs þessara aðilja sjeu þar fyrir borð bornir.

Um 19. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs er hjer gerð ótakmörkuð, en ef til hennar skyldi þurfa að taka, yrði þar aðeins um bráðabirgðaframlag að ræða, því að jafnskjótt mundu verða gerðar ráðstafanir til þess að hækka iðgjöldin, svo að

tryggingin gæti greitt allar sínar skuldbindingar, og þar með einnig endurgreitt framlag ríkissjóðs.

Um 20.—23. gr.

Gefa eigi tilefni til athugasemda.

Ed. **101. Frumvarp**

til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í heimspekisdeild Háskóla Íslands skal auk þriggja prófessora vera einn dócent. Dócentinn kennir málfræði og sögu íslenskrar tungu í sambandi við almenna málsögu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1925.

Greinargerð.

Mentamálanefnd neðri deildar Alþingis bar 1921 fram samskonar frumvarp, er þá náði ekki fram að ganga. Samt hefir slík kensla farið fram í háskólanum til síðustu ársloka fyrir fje, sem þar til hefir verið veitt í fjárlögum. Heimspekisdeild háskólans hefir farið fram á, að slíkur kennarastóll verði settur, og þykir háskólinn eigi mega án hans vera.

Ed. **102. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin lítur svo á, að ef vel árar áfram, muni ekki líða á löngu áður en fært verði að byggja landsspítalann, en telur hins vegar, að ekki sje á nokkurn hátt fært að bíða með spítalabygginguna þangað til nægilegt fje safn-

ist til hans á þann hátt, sem ráðgert er í frv. Ef frv. yrði samþykt, mundi það fremur verða til að skapa kyrstöðu í málinu. Hinsvegar mundu lög eins og þessi tefja fyrir byggingu þjóðleikhússins. En þessu vill nefndin ekki stuðla að, þar sem þjóðleikhús ætti að geta orðið ein af bestu lyftistöngum menningar vorrar, en víðtæk menning er besta kjölfestan fyrir hvaða þjóð sem er.

Loks þykir nefndinni rjett að geta þess, að henni virðist kenna of mikils hringls í því, að breyta nú lögum, sem samþykt voru á næstsíðasta þingi.

Alþingi, 26. febrúar 1925.

Sig. Eggerz, form. og framsm. Ingibjörg H. Bjarnason.

Jónas Jónsson.

Ed. **103. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin getur fallist á það, að meira samræmi væri í orðalagi laganna, ef þær breytingar, sem frv. fer fram á, næðu fram að ganga. En þá myndu koma fram annmarkar við lögin, sem að áliti nefndarinnar eru bagalegri en þetta ákvæði, þótt það standi í lögunum eins og það er, að því er 4. gr. snertir.

Skilyrðin í 4. gr. eru sett fyrir þá, sem fá þurfa skipstjóraskírteini fyrir smáskip. Er umræddur liður þess efnis, að til þess að geta fengið þetta skírteini verði skipstjóraefnið að hafa verið minst 8 mánuði stýrimaður á skipi eigi undir 12 rúmlesta. Sje þessu nú breytt og miðað við 20 rúmlesta skip, þá mun koma í ljós, að margar veiðistöðvar með stóran smáskipaflota (vjelbáta) hafa alt of fá skip, sem væru nægilega stór handa skipstjóraefnum þeim, sem á þyrfti að halda, og meira að segja má finna veiðistöðvar, sem ekkert skip hafa, er nái 20 rúmlestum.

Algengust vjelbátastærð mun vera um 14 rúmlestir. Þykir sú stærð víða hentugust.

Í þeim veiðistöðvum, sem svo hagar til, að flestir eða allir bátar eru undir 20 rúmlestum, fjöldinn kannske 10 til 12 rúmlesta, sýnist vera ófært að binda undirbúningssiglingatímann við 20 rúmlesta skip.

Á þennan hátt gæti svo farið, að alt of mikill hörgull yrði í sumum veiðistöðvum á þeim mönnum, sem gætu aflað sjer þeirra rjettinda, sem nauðsynleg eru smáskipaskipstjórum.

Það gæti orðið mjög bagalegt, því að ekki væri það heppilegt, að fá sem skipstjóra fyrir smærri fiskibáta menn af stærri vjelskipum, bara vegna þess að þeir hefðu rjettindi til að vera með skip.

Telur nefndin heppilegast, að kröfur laganna sjeu þannig vaxnar, að vel mögulegt sje það þeim, sem eru búnir að sýna dugnað sem hásetar á vjelbátum og eru líklegir til að geta orðið góðir formenn, að öðlast þau rjettindi, sem nauðsynleg eru.

Nefndin getur fallist á það, að 18. gr. sje breytt eins og til er ætlast með frv.

Þó sýnist ekki rjett að skylda menn til að hafa stýrimann, auk skipstjóra, á bátum í þeim veiðistöðvum, þar sem eigi er sótt lengra en svo, að bátar koma daglega að úr róðri.

Flytur hún því tillögu um viðbót við 18. gr. í þessa átt.

Þá finst nefndinni ástæða til að breyta ákvæðum laganna um það, hvar smáskipaprófin sjeu haldin.

Sýnist mega halda prófin í kaupstöðunum, eins og átt hefir sjer stað hingað til. Það er óþarfa kostnaður og tímatöf fyrir þá, sem heima eiga úti um land, að þurfa endilega að fara til Reykjavíkur til að ganga undir þetta próf.

Hinsvegar, til þess að samræmi sje í kröfum þeim, sem gerðar verða til kunnáttu prófsveinanna, álítur nefndin rjett, að verkefnin við þessi próf, hvar sem þau eru haldin, sjeu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

Þeir útvegsmenn, sem gera út skip 30—60 rúmlesta og láta þau fiska hvar sem best gengur við landið, munu margir hafa í hyggju að breyta til og fá stærri skip til veiðanna, og sýnist þá sanngjarnt, að þeir, sem um langt skeið hafa stýrt skipum af þessari stærð og hafa kynt sig að góðri skipstjórn, geti fengið að halda atvinnu sinni, þótt breytt sje til um skip.

Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að á frumvarpinu verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsgr. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við e-lið 10. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að veita þeim skipstjórum, er verið hafa skipstjórar á fiskiskipum 25—60 rúmlesta í full 6 ár, rjett til skipstjórnar á fiskiskipum alt að 150 rúmlesta stærð, enda hafi þeir kynt sig að góðri skipstjórn að áliti þar um dómbærra manna.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

Alþingi, 26. febrúar 1925.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og framsm.

Ingvar Pálmason.

Ed. **104. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað »á öðru« í 2. gr. d. komi: eftir ráðstöfun póststjórnarinnar.

Á eftir liðnum e. komi nýr liður: f. Póstinnheimtum.

Í stað »f.« komi: g.

Framan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í bæjum, þar sem komið hefir verið á fót daglegum útburði póstbrjefa, má enginn reka það sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út brjefasendingar (2. gr. a.).

d-liður 11. gr. orðist svo:

Fyrir póstávísanir:

12 kr. eða minni upphæð ..... 15 aur.
yfir 12 kr. alt að 25 kr. ..... 30 —
yfir 25 kr. alt að 100 kr. ..... 60 —

og 20 aur. fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

Á eftir liðnum e. í 11. gr. komi nýr liður:

f. Fyrir póstinnheimtur innheimtar greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og þar að auki 25 aurar fyrir hverja kröfu, en fyrir hverja kröfu, sem eigi fæst borguð, skal að eins greiða 15 aura.

Í stað »f.« »g.« »h.« komi: g. h. i.

Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna í 16. gr. komi:

Glatist ábyrgðarbrjef í vörslum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda alt að 36 kr. í skaðabætur.

Sje innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og uppfylt hafa verið nánari skilyrði, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu.

Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 36 krónum.

Glatist brjef með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var í brjefinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarrjetturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sje framseldur henni.

Komist það upp, að verð póstsendingar sje í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum, ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 27. gr.

Hafi póstkröfusending glatast eða skaddast, eða þá innihaldið glatast alt eða eitthvað af því í vörslum póststjórnarinnar, er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún heyrir undir.

Sje póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi verið innheimt, hefir sendandi rjett til að heimta, að póstkröfuupphæðin sje sjer borguð af póststjórninni.

Á eftir orðunum »afleiðingar skaðans« í næstsíðustu málsgrein 16. greinar komi: og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fjekk tilkynningu um vanskilin.

Á eftir 28. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

29. gr. Ráðherra hefir heimild til að ákveða, að burðargjaldstaxtar þeir, sem 11. gr. ræðir um, megi innheimtast með öðrum upphæðum en þar eru settar, ef gengi íslenskrar krónu kynni að gera það óumflýjanlegt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1925.

Nd. **105. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá mentamálanefnd.

Aðalbreytingarnar, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, eru í 3., 4. og 5. grein frumvarpsins, og eru þær:

I. Að kennurum sje skylt að kenna 36 stundir á viku, í stað 30 stunda áður.
II. Að launaviðbætur eftir þjónustualdri skulu greiðast af ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum eftir sömu hlutföllum og launin sjálf greiðast af þessum aðiljum. Nú eru launaviðbætur allar greiddar af ríkissjóði.
III. Að dýrtíðaruppbót bæði af stofnlaunum og launauppbót greiðist af sömu aðiljum sem launin og í sömu hlutföllum. Nú greiðist öll dýrtíðaruppbót af ríkissjóði.

Öllum þessum aðal-efnisbreytingum frumvarpsins er nefndin mótfallin. Þykir ekki sanngjarnt að fjölga skyldutímum kennara, með ekki hærri launum en þeir hafa. Í kaupstöðunum mun það að minsta kosti vera svo, að þar sem kennarar hafa fjölskyldu fyrir að sjá, þá hrökkva launin ekki þeim og skylduliði þeirra til framfærslu, svo að þeim er nauðugur einn kostur að vinna sjer inn eitthvað utan hjá sjálfu kennarastarfinu eða skyldutímunum. Verða kennarar þannig óhjákvæmilega tímabundnari en lögin gera ráð fyrir. Væru launin yfirleitt svo há, að fjölskylda gæti sómasamlega af þeim lifað, mundi nefndin alls ekki hafa á móti þessari fjölgun skyldustundanna.

Atriði II og III voru til meðferðar á síðasta þingi. Var mál þetta borið fram af hv. fjárveitinganefnd neðri deildar. Var atriði II um launaviðbæturnar felt í þessari hv. deild, en frv. í heild felt í efri deild.

Í atriðum þessum er ekki um sparnað að ræða á þjóðarbúskapnum í heild, heldur að eins um hitt, að færa gjöld af ríkissjóði yfir á bæjar- og sveitarsjóði, og teljum vjer það ekki sanngjarnt nje gerandi, eins og sakir nú standa. Látum vjer oss að öðru leyti nægja þessu til stuðnings að vísa til þskj. 208 frá síðasta þingi.

Nefndarmenn skiftast um 1., 2., 6. og 7. grein, en meiri hluti nefndarinnar litur svo á, að efnisbreytingar þær frá gildandi lögum, er greinar þessar ráðgera, sjeu svo veigalitlar, að ekki taki að breyta lögunum vegna þeirra breytinga einna, og leggur nefndin því til við hv. deild, að frv. þetta verði felt. Nánar við framsögu.

Alþingi, 25. febr. 1925.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Sigurjón Jónsson, frsm.	Bernharð Stefánsson, með fyrirvara.

Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari. Björn Líndal.

Nd. **106. Lög**

um breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Afgreidd frá Nd. 26. febr.).

1. gr.

Um nauðasamningagerð milli Sparisjóðs Árnessýslu og lánardrotna hans skulu þessar sjerreglur gilda:

1. Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hundraðshluta sem almennir lánardrotnar verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum. Sparisjóðurinn er ekki skyldur til að taka sem gilda borgun upp í slíka skuld við sjóðinn innieignir annara manna í sjóðnum að meira en 1/4 á ári og að frádregnum sama hundraðshluta sem áður segir.

   Sjóðurinn verður ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.
2. Rjettur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 1. okt. 1924.
3. Frumvarp að nauðasamningi skal telja löglega samþykt að tölu lánardrotna til, ef einfaldur meiri hluti atkvæðismanna, er fund sækja (sbr. 3. málsgr. 37. gr. laga nr. 19, 4. júní 1924), greiða því atkvæði, án tillits til þess, hversu margir hafa lýst kröfum á hendur sjóðnum.
4. Tilkynning samkvæmt 4. málsgr. 37. gr. nauðasamningalaganna skal talin nægileg, ef alment brjef til lánardrottins er afhent í póstinn á staðnum.
5. Skiftaráðanda er heimilt að setja á kostnað sjóðsins framkvæmdarstjóra fyrir hann, er stjórni sjóðnum undir umsjá skiftaráðanda, meðan á nauðasamningagerð stendur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **107. Nefndarálit**

um frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt að því er frv. þetta snertir. Meiri hl. getur fallist á, að ástæður þær, sem taldar eru fyrir frv. í

aths. við það, sjeu rjettmætar og að það muni vera mjög þýðingarmikið atriði, að fulltrúinn hafi fast aðsetur í Miðjarðarhafslöndunum.

Því ber ekki að neita, að starfsemi erindreka á Spáni, eins og henni hefir verið hagað að undanförnu, hafi verið til mikils gagns, en hitt sýnist auðskilið, að slíkur erindrekstur sje nokkuð óstöðugur og sundurlaus meðan honum er svo fyrir komið, að erindreki er hafður þar suður frá aðeins lítinn part úr árinu.

Venjur og staðhættir í þessum löndum, sem hjer um ræðir, hugsunarháttur og þarfir fólksins, alt er þetta næsta frábrugðið því, sem hjer er, og útheimtir því, að fulltrúinn geti notið óskiftra krafta sinna til að lifa sig inn í hið nýja umhverfi sitt.

Sje það því viðurkent, að þörf hafi verið á þeim erindrekstri eins og honum hingað til hefir verið fyrir komið og að gagn hafi af honum leitt, virðist þeim mun frekar ástæða til að koma þessari starfsemi á fastan grundvöll, með tilhögun slíkri, sem frv. fer fram á.

Sje nú að því horfið, að landið hafi búsettan fulltrúa á Spáni, sem gæta eigi hagsmuna Íslendinga þar og í nálægum löndum, þarf ríkisstjórnin að gera það, sem nauðsynlegt er til að tryggja sem besta aðstöðu fulltrúans gagnvart yfirvöldum og öðrum í þeim löndum, sem starfsemi hans á að ná til, og einnig gagnvart ræðismönnum sambandsríkis vors í hinum sömu löndum.

Skal í þessu sambandi bent á það, er í 7. gr. sambandslaganna segir um sendimenn, sem stjórn Íslands kjósi að senda úr landi á sinn kostnað.

Þykir meiri hl. nefndarinnar rjett að taka þetta fram, vegna þess að hann leggur áherslu á, að fulltrúi landsins á Spáni og Ítalíu komi í hvívetna fram sem opinber sendimaður hins íslenska ríkis.

Alþingi, 27. febrúar 1925.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. **108. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það nákvæmlega saman við landsreikninginn 1923, athugasemdir yfirskoðunarmanna og svör ráðherra við þeim. Um einstakar umframgreiðslur, sem teknar hafa verið upp í frv., er að vísu álitamál, hvort leita þurfi aukafjárveitingar fyrir þeim, svo sem þegar um lögskipaðar greiðslur er að ræða, t. d. brunabótagjöld af opinberum bygging-

um o. fl., eða umframgreiðslur á öðrum augljósum áætlunarliðum fjárlaganna. En þetta skiftir litlu, enda ekki um háar upphæðir að ræða. Hefir nefndin því ekki fundið ástæðu til að gera tillögur um breytingar á frv. að þessu leyti.

Ein umframgreiðsla, sem upp í frv. hefir verið tekin, á námsstyrk til íslenskra stúdenta í erlendum skólum, er hinsvegar of há. Samkvæmt LR. og fjárlögunum fyrir árið 1923 eru að vísu að eins veittar 8000 kr. í þessu skyni, en greiddar kr. 33978,05. En auk þess, að hjer er væntanlega að eins um áætlunarupphæð að ræða, þá hafa í fjáraukalögum fyrir sama ár, frá 20. júní 1923, verið veittar 4000 kr. til þess að bæta stúdentum upp gengishalla á námsstyrknum. Ber því að draga þessar 4000 kr. frá þeirri upphæð, sem tekin hefir verið upp í frv., 6. gr. B. II, enda eru þessar 4000 kr. ekki taldar greiddar samkv. nefndum fjáraukalögum í LR. og hljóta því að felast í upphæðinni, sem talin er greidd samkv. heimild aðalfjárlaganna, 14. gr. B. II, sbr. LR. bls. 33.

Láðst hefir að taka upp í frv. þessar umframgreiðslur: Kr. 2582,42 til sjóvarnargarðs á Siglufirði, sem veitt hefir verið til 30000 kr. í fjáraukalögum frá 20. júní 1923, en greitt samkv. LR. kr. 32582,42; kr. 2091,25 til raflagningar í dómkirkjuna í Reykjavík, sem veitt hefir verið til kr. 4539.49 í fjáraukal. frá 4. júní 1924, en greiddar samkv. LR. kr. 6630,74; kr. 20564,15 til byggingar Svalbarðseyrar- og Hjalteyrarvita og kr. 18380,55 til Skeiðaáveitunnar, sem LR. gerir ráð fyrir, að aukafjárveitingar verði leitað fyrir á væntanlegum fjáraukalögum, sbr. LR, bls. 56. — Þessar umframgreiðslur leggur nefndin til, að verði teknar upp í frv. og að það verði þá samþykt með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 5. gr. E. Nýr liður:
   Til byggingar Svalbarðseyrar- og Hjalteyrarvita . . . . kr. 20564,15

2. Við 6. gr. Nýr liður:
   A. Andlega stjettin.
   6. Til raflagningar í dómkirkjuna í Reykjavík . . . . — 2091,25

3. Við 6. gr. B. II.:
   Í stað »kr. 25978,05« komi: . . . . . — 21978,05

4. Við 8. gr. Nýir liðir:
   a. Til sjóvarnargarðs á Siglufirði . . . . . — 2582,42
   b. Til Skeiðaáveitunnar . . . . . — 18380,55

Aðalupphæð frumvarpsins og einstakar samtölur þess breytast samkvæmt þessu.

Alþingi, 27. febrúar 1925.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.
Halldór Stefánsson.	Sveinn Ólafsson.	Magnús Jónsson.
	Björn Líndal.	

Ed. **109. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Hv. minni hluti vill færa sóknargjöldin lítið eitt upp frá því, sem nú er, en meiri hlutinn leggur til við háttv. deild, að frumv. sje felt. Það er rjettilega tekið fram í athugasemdum við frumv., að ríkissjóður verður að leggja allálitlega fúlgu árlega í prestlaunasjóð, en við þessu mátti auðvitað búast, þar sem laun prestanna voru hækkuð að mun. Aðalástæða meiri hlutans gegn frumv. er, að hann telur persónugjald sem þetta mjög ranglátt og vill ekki á neinn hátt, að gjald þess eðlis fái sterkari ítök í skattalöggjöf landsins en nú er orðið. Sannleikurinn er sá, að öll sæmileg skattalöggjöf hlýtur að taka tillit til mismunandi fjárhagsástæðna gjaldendanna, en hjer er með öllu horfið frá þeim mælikvarða.

Alþingi, 27. febr. 1925.

Sig. Eggerz, formaður og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jónas Jónsson.

Ed. **110. Nefndarálit**

um frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Undirritaður minni hluti leyfir sjer því að koma fram með sjerstakt nefndarálit.

Undanfarin tvö ár hefir herra skipamiðlari Gunnar Egilson verið sendur til Spánar og annara landa við Miðjarðarhafið, að tilhlutun stjórna beggja bankanna hjer og landsstjórnarinnar, til þess að afla upplýsinga um markaðshorfur, gefa skýrslur um þær og leiðbeina um sölu saltfisks þar syðra. Ferðir þessar virðast hafa haft allmikla þýðingu og gefið góðan árangur, því að báðir bankarnir og landsstjórnin virðast fús til að kosta slíka starfsemi áfram. Þótt jeg viðurkenni, að sendimaður þessi hafi unnið fisksölunni gagn og geti gert það framvegis, þá get jeg ekki fallist á, að rjett sje nú þegar að setja á stofn slíkt embætti, sem frv. fer fram á. Tel rjettara að þreifa sig fram á líkan hátt og tvö síðustu ár, með sendimanni til Miðjarðarhafslandanna á þeim tímum árs, er heppilegast kynni að þykja eftir atvikum. Meðal íslensku þjóðarinnar lifir sú von mjög alment, að okkur í náinni framtíð geti tekist að færa fiskmarkað vorn sem mest frá Spáni til annara fiskneytandi þjóða við Miðjarðarhafið og viðar, og verða þannig Spánverjum óháðari um fisksöluna. Reynsla síðustu ára virðist líka benda í þá átt, að sú von geti ræst, því að fiskmarkaður utan Spánar hefir aukist að mun, einkum síðastliðið ár. Ástæðum fyrir því, að þjóðin óskar að losa sig undan áhrifum Spánverja, þarf ekki að lýsa; þær þekkja allir. Stofnun embættis þess, er frv. ræðir um, með búsetu á Spáni, virðist mjer ekki vera spor í þá átt að flýta fyrir, að slíkar vonir rætist, heldur hið gagnstæða. Enda mun það alls ekki vera ósk þjóðarinnar, að embætti þetta verði sett upp nú. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að háttvirt deild afgreiði málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin lítur svo á, að í fisksölumálinu beri að leggja aðaláhersluna á aukinn markað fyrir íslenskan saltfisk utan Spánar, og þar sem því marki virðist engu síður verða náð með svipaðri starfsemi og verið hefir undanfarin ár, þá telur deildin stofnun embættis þess, er frv. fer fram á, ekki nauðsynlega að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1925.

Ingvar Pálmason.

Nd. **111. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 4. gr. Á eftir 2. lið komi nýr liður, sem verður 3. liður, svo hljóðandi:

Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra 3000,00

Ed. **112. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið samferða í máli þessu; vill meiri hlutinn fella frumvarpið, en minni hlutinn lækka gjaldið frá því, sem frumvarpið leggur til, úr 3 kr. ofan í 2 kr. Gjöld til prests og kirkju eru nú hjá fríkirkjusöfnuðunum í Reykjavík sem hjer segir:

1. Í fríkirkjusöfnuðinum kr. 5,00,
2. Í söfnuði prófessors Haralds Níelssonar kr. 4,00

um árið, og er þessu gjaldi jafnað niður eftir höfðatölu.

Eftir tillögum minni hlutans yrði gjaldið til prests og kirkju í þjóðkirkjunni kr. 3,25 um árið, og verður ekki sjeð, að hinir fátæku sjeu miklu harðrjetti beittir, þótt þeim sje ætlað að greiða þetta gjald.

Að vísu er þetta gjald eigi lagt á eftir efnum og ástæðum, og má því telja, að það valdi dálitlu misrjetti. En svo verður um alla skatta og tolla meira og minna, ef ekki samkvæmt lögunum, þá í framkvæmdinni.

En þar sem gjald þetta er svo lítið, þá er auðsætt, að t. d. tollar vorir eru miklu ranglátari en þetta litla gjald, svo sem kaffi-, sykur- og tóbakstollur, sem er hár og hvílir jafnþungt á fátækum sem ríkum.

En þrátt fyrir þetta ranglæti virðist óframkvæmanlegt að haga tolllögunum öðruvísi eða á annan heppilegri hátt, þegar á alt er litið.

Minni hlutinn leggur svo til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrir »3 kr.« komi: 2 kr.

Alþingi, 1. mars 1925.

Björn Kristjánsson, form. og framsögum.

Jóhann Jósefsson,

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

7. gr. 4. málsgr. orðist svo:

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra, sem lögskráðir eru á

skip, sem skrásett eru í Reykjavík, ef þeir eiga eigi fast aðsetur annarsstaðar hjer á landi.

Loks má leggja alt að 5% á launuð störf og aukastörf manna í bænum, ef þau nema alls 6000 krónum á ári, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir.

Greinargerð.

Vísast til umræðu og upplýsinga þeirra, sem fram komu við 2. umræðu deildarinnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 25, 19. júní 1922. (Bæjarstjórn í Hafnarfirði).

Ed. **114. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi 1. gr. laganna:

»Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að«

skal koma:

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1926 að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **115. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 4, með breytingunni á þskj. 111.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um að banna næturvinnu við að ferma og afferma skip og báta í Reykjavík og Hafnarfirði.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Í Reykjavík og í Hafnarfirði er á tímabilinu 1. október til 1. maí bönnuð öll vinna við að ferma og afferma skip og báta frá klukkan 10 að kvöldi til klukkan 6 að morgni.

2. gr.

Ef brýna og óhjákvæmilega nauðsyn ber til, getur lögreglustjóri þó veitt undanþágu til að vinna við að ferma eða afferma skip á þeim tíma sólarhrings, sem bannið í 1. gr. tekur til. Leyfi til undanþágu skal vera skriflegt og gildi aðeins næturlangt. Lögreglustjóri heldur skrá yfir leyfi þau, er hann veitir samkvæmt þessari grein, og skal þar geta ástæðunnar til undanþágunnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—5000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skal afgreiðslumaður skips greiða sektir. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1925.

Greinargerð.

Á síðari árum hefir það farið mjög í vöxt að vinna að uppskipun og útskipun að nóttu til; sjerstaklega er mikið að þessu gert í Reykjavík og Hafnarfirði. Það eru fyrst togararnir, sem oftast mun unnið við að afgreiða, þótt að nóttu sje. En einnig er það talsvert algengt, að unnið sje á nóttum við fermingu og affermingu vöruflutningaskipa, þó að oft, og sennilega langoftast, ekki virðist brýn ástæða til. Um togarana er það að segja, að þeir koma náttúrlega að jafnaði inn, þegar þeir hafa fiskað í sig, sem kallað er, eða þá þeir þurfa að koma inn af öðrum ástæðum.

Um það má sjálfsagt deila, hvort ekki yrði tap við það, að banna að vinna að afgreiðslu þeirra jafnskjótt og þeir koma til hafnar, ef það væri að

nóttu til eða kvöldi. En á hitt ber ekki síður að líta, hve afaróeðlilegt og óholt það er að vinna á nóttunni, sjerstaklega að haustinu og vetrinum til í öllum veðrum. Það er slit á því, sem hverjum manni er dýrmætast, en það er heilsan og þrekið; og það ber þó fyrst og fremst að vernda eins og hægt er, þótt sú vernd kostaði nokkurt fje, eða einhverju slept niður, sem gæfi af sjer fje; þykir því ekki í það horfandi, að banna með lögum hina afaróhollu næturvinnu, sem hjer hefir farið mjög í vöxt á seinni árum.

Þess skal getið, að þetta mál, að banna með lögum næturvinnu, hefir oft verið til umræðu í verkamannafjelaginu »Dagsbrún« hjer í Reykjavík. Hefir það verið einróma álit fjelagsins, að nauðsyn bæri til slíkrar lagasetningar, og farið fram á það við flutningsmann, að bera fram á Alþingi frv. í þessa átt. Í þingmálafundargerð frá Hafnarfirði, sem verkamannafjelagið »Hlíf« gekst fyrir, var og samþykt tillaga um þetta, og liggur sú fundargerð frammi í lestrarsal Alþingis.

Um 1. gr.

Ætlast er til, að lög þessi gildi aðeins fyrir Reykjavik og Hafnarfjörð. Og ekki farið lengra en svo, að banna næturvinnu á tímanum frá kl. 10 að kvöldi til kl. 6 að morgni á kaldasta tíma ársins, eða frá 1. október til 1. maí. Tekur bannið til skipa og báta, en ekki er ætlunin, að opnir róðrarbátar falli undir ákvæði greinarinnar.

Um 2. gr.

Það ætti ekki að þurfa að koma oft fyrir, að veittar yrðu undanþágur frá banni því, sem ræðir um í 1. gr. frv. þessa. En þó geta komið fyrir atvik, að brýn og óhjákvæmileg nauðsyn sje til að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, svo sem ef ferma þyrfti skip eða bát að nóttu til með nauðsynjar í bjargarlaust hjerað og því um líkt. Getur þá lögreglustjóri eða fulltrúi hans veitt leyfi til þess, þrátt fyrir bannið í 1. gr. En lögreglustjóri á að ganga úr skugga um það, að brýna og óhjákvæmilega nauðsyn beri til að veita leyfið. Enn er lögreglustjóra lögð sú skylda á herðar, að halda skrá yfir leyfi þau, er hann veitir.

Um 3. gr.

Sektir þykir ekki mega ákveða lægri en 500—5000 krónur; gæti annars svo farið, að menn sæu sjer hag í því, að brjóta lögin. Í greininni er ákveðið, að afgreiðslumaður skips, sem oft er líka eigandi, skuli greiða sektir; hann ræður því, hvenær skipið er afgreitt. Taki einhver að sjer í samningsvinnu að afgreiða skip, verður hann að teljast afgreiðslumaður.

4. gr. þarf ekki að skýra.

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Þá er vinnusali og vinnuþegi geta eigi orðið ásáttir um verð vinnunnar, þá skal svo með fara sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Vinnusalar í hverri grein eður allra vinnugreina í sameiningu skulu hafa fimm manna nefnd, kosna til eins árs í senn, til þess að semja um vinnuverð eða kaup fyrir sína hönd, þá er eigi semst meðal einstaklinga. Með sama hætti skulu og vinnuþegar í hverri grein eður allra vinnugreina í sameiningu hafa fimm manna nefnd, kosna til eins árs, til þess að semja fyrir sína hönd um vinnuverð eða kaupgjald, þegar eigi semst meðal einstaklinga.

3. gr.

Nú semst eigi milli nefnda þeirra, er getur í 2. gr., og skal þá leita milligöngu hins opinbera, ráðherranna, ef til næst, eða dómara þess eða þeirra, sem næstir eru.

4. gr.

Náist eigi sættir með þeim hætti, er segir í 2. og 3. gr., skulu málin koma í gerðardóm, svo skipaðan sem hjer segir.

5. gr.

Gerðardómur í kaupgjaldsþrætum skal vera svo skipaður, að vinnusali nefnir tvo menn í dóminn og vinnuþegi tvo. Því næst ryður vinnusali öðrum manni vinnuþega úr dóminum og vinnuþegi öðrum manni vinnusala slíkt hið sama, og er þá í dómi sinn maður frá hvorum aðilja. Þá nefnir atvinnumálaráðherra oddamann í dóminn. Þetta er hið fyrsta dómstig, og dæma þessir þrír menn.

Nú vilja aðiljar, annar eða báðir, eigi hlíta dóminum, og skal þá skotið málinu til annars dómstigs. Þá skal dómur svo skipaður, að hvor aðili nefnir fjóra menn í dóm og hvor aðili ryður tveim mönnum hins aðiljans úr dóminum, en dómsmálaráðherra nefnir oddamann, og dæma nú fimm menn.

Nú vilja aðiljar eigi ennþá hlíta dóminum, og skal málinu þá stefnt til efsta dómstigs. Þá skal gerðardómur vera svo skipaður, að hæstirjettur velur einn úr sínum hópi til oddamanns í gerðardóminum, en aðiljar nefna hvor um sig átta menn í dóminn. Því næst ryður hvor aðili fjórum af mönnum andstæðingsins úr dóminum, og eru þá eftir átta auk oddamanns, en sjö menn skulu dæma. Fyrir því skal nú hæstirjettur ryðja einum manni hvors

aðilja úr dóminum. Dómur þessara sjö manna er úrslitadómur, og verða aðiljar að hlíta honum.

6. gr.

Hraða skal samningaumleitunum, og varðar 200 kr. til 2000 kr. sektum að tefja þær með ráðnum hug. Gerðardómi skal og hraða sem mest má verða, og má aldrei líða lengri tími en hálfur mánuður frá því, er málið fer til 1. dómstigs, þar til er endanlegur dómur fellur.

7. gr.

Tregðist vinnusalar við að hlíta dóminum, skal hver einstakur maður, er það gerir, gjalda 5 króna dagsektir, þar til er hann hlýðir. En tregðist vinnuþegar við að hlíta dóminum, skal hver þeirra gjalda í dagsektir 5 krónur á hvern mann, þann er fer á mis við atvinnu sakir tregðu hans.

8. gr.

Alla þá stund, sem samningar og dómar í kaupþrætumálum standa yfir, skal unnið fyrir sama kaup, sem unnið var fyrir, þá er deilan hófst.

Greinargerð.

Af því að verkbönn og verkföll eru svo skaðleg þjóðinni og kostnaðarsöm, þykir hlýða að skipa þeim málum með lögum.

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

2. gr. laganna skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að sektarupphæðin skal nema 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk ýmsra selalátraeigenda á Breiðafirði. Sektarákvæði þau, sem í gildi eru viðkomandi skotum á sel í

friðlýstum selalátrum, eru orðin svo gömul, að menn hafa fundið til þess, að þau væru orðin öldungis óviðeigandi, þar sem þau eru svo lítil fjáruppbæð, að þau enganveginn geta verið því til fyrirstöðu, að óhlutvandir menn sjái sjer hag í því að brjóta lögin.

Allmörgum jörðum á Breiðafirði fylgja hin svokölluðu selalátur. Þar sem svo stendur á, mun allmikill hluti af verðmæti jarðarinnar, svo og eftirgjald, byggjast á selveiðinni. Það leiðir því af líkum, að rýrnun selveiðinnar á viðkomandi jörðum hefir áhrif á verðmæti þeirra, jafnframt því og hún hefir áhrif á efnahag ábúanda, sem og landsins í heild.

Á Breiðafirði hefir því miður mjög mikið borið á því, að einstöku menn hafa gert allmikið að selaskotum á friðlýstum svæðum, ekki einungis mjög svo nálægt hinum ýmsu selalátrum, heldur oft og tíðum í þeim sjálfum. Selveiðieigendur vilja reyna að sporna við því, að slíkt eigi sjer stað í framtíðinni, og í því skyni er þetta frumvarp, sem fer fram á hækkuð sektarákvæði, fram komið.

Nánar í framsögu.

Ed. **119. Nefndarálit**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað »50—500« komi: 25—500.

Alþingi, 2. mars 1925.

Björn Kristjánsson, form.
Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og framsm.

Ingvar Pálmason.

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

Síðasti málsliður 15. gr. skal orðast svo:

Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna sektir allar að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Greinargerð.

Með breyttu verðgildi peninga hafa öll hlutföll raskast um hæð þessara sekta sem annara. Er frv. flutt samkvæmt ósk bænda í norðurhluta Strandasýslu.

Nd. **121. Nefndarálit**

um frumvörp til laga um breytingar á vegalögunum 1924 á þskj. 39, 42 (með brtt. á þskj. 48), 49, 57, 59, 64 og 70.

Frá samgöngumálanefnd.

Framantalin 7 frv. um breytingar á og viðauka við vegalögin frá síðasta þingi, ásamt brtt. á þskj. 48, hefir nefndin rætt á tveim fundum og borið saman við vegalögin. Einnig hefir hún leitað umsagnar vegamálastjóra um málið.

Dylst nefndinni ekki, að með því að fallast á þessar breytingar mundi verða varpað á ríkissjóð þyngri byrði en líkur eru til, að hann geti annast næsta áratuginn. Auk þess hagga sumar þessar breytingar því jafnvægi milli hjeraða um þjóðvegalagningu, sem telja verður sanni næst eftir gildandi lögum.

Þessu til stuðnings og skýringar skal hjer tilfært niðurlag af svari vegamálastjóra til nefndarinnar, dags. 27. f. m., um þessi mál, en hann leggur eindregið móti öllum framantöldum breytingum vegalaganna:

Eftirfarandi yfirlit sýnir vegalengdir og áætlaðan umbótakostnað þeirra vega, sem farið er fram á að taka í þjóðvegatölu, en brúagerðakostnaður er ekki með talinn.

Frv. á þskj. nr.	Nafn vegar	Vegar-lengd km.	Ástand			Aætlaður kostnaður kr.		
			Akbraut	Akfært	Reiðv.	Nýbygging	Aðgerð og endurbygging	Viðhald árlegt
39	Hafnarvegur	5,5	5,5	»	»	»	10000	600
42	Borgarfjarðarbr. .	14,0	14,0	»	»	»	»	1000
42	Eyjafjarðarbraut .	24,5	24,5	»	»	»	5000[2]	2000
48	Gerðavegur	9,0	9,0	»	»	»	»	600
49	Upphjeraðsvegur .	30,0	»	»	»	60000	»	1000
57	Landbraut	26,0	»	26,0	»	»	15000	1500
57	Fljótshlíðarvegur.	24,0	10,0	14,0	»	»	12000[1]	1500
59	Vestfjarðavegur...	171,0	»	»	171,0	»	»	3000
64	Skeiðavegur	12,3	12,3	»	»	»	»	1500
70	Laxárdalsvegur...	34,0	»	9,0	25,0	160000[3]	10000	2000
		350,3	75,3	49,0	196,0	220000	52000	14700

1 aðallega Grjótá—Hlíðarendi 4 km.
2 — endurbygging ræsa.
3 — kaflinn frá Búðardal um Laxárdal upp að heiðarveginum.

Samkvæmt nýju vegalögunum eru þjóðvegir samtals um 2150 km., og eru alls um 1400 km. akfærir. Af akvegum eru um 620 km. akbrautir og bílfærir vegir, en um 780 km. tel jeg akfæra kerrum. Hjer er þó slept að telja ýmsa kafla, sem ekki koma að notum til vagnaflutninga, þó kerrufærir sjeu.

Með frumvörpum þeim, sem fyrir liggja, er farið fram á að bæta um 16 % við lengd þjóðvega, og mun það meiri viðbót en komið hafa frumvörp um á nokkru fyrirfarandi þingi.

Um hvert frumvarp sjerílagi vil jeg láta þessa getið:

1. *Þskj. 39.* Mjer virðist breyting sú, sem farið er fram á í fyrri lið þessa frumvarps, algerlega óþörf. Það getur enganveginn tvímælum orkað, hvar þjóðvegurinn liggur á þessum stað, með því að þarna er engin önnur leið möguleg en um Öræfi og Breiðamerkursand, enda er víða í vegalögunum slept að skilgreina legu þjóðvegarins, þar sem ekki kemur til greina nema ein leið.

Síðari liður frumvarpsins fer fram á að taka í tölu þjóðvega veginn frá Hólum að Höfn í Hornafirði. Sá vegur er upphleypt braut 5,5 km. að lengd, en er nú nokkuð úr sjer gengin fyrir ónóg viðhald. Þessi vegur er nú sýsluvegur, og var á síðustu fjárlögum nokkur fjárveiting til endurbyggingar hans móti jafnmiklu framlagi frá hlutaðeigendum. Býst jeg við að það verði úr, að ríkissjóður kosti alla endurbygginguna að hálfu.

Jeg get alls ekki fallist á, að það sje nokkur ástæða til þess að taka vegkafla þenna í þjóðvegatölu, þó póstafgreiðslan hafi verið flutt frá Hólum að Höfn. Póstleiðum er þráfaldlega breytt af ýmsum ástæðum, sem eru vega-

málum allsendis óviðkomandi, ástæðum, sem ekki er unt að taka til greina um ákvörðun þjóðvega.

2. *Þskj. 42.* Jeg tel báða þessa vegi, sem hjer er farið fram á að taka í þjóðvegatölu, innansveitarvegi, sem engin ástæða sje til þess að taka í tölu þjóðvega. Jeg get enganveginn fallist á, að hlutaðeigandi sýslufjelög verði neinum misrjetti beitt með vegalögunum frá síðasta alþingi. Sjerstaklega má geta þess, að með nýju vegalögunum var Hvítárbrautin tekin í tölu þjóðvega, og var það þeim sýslum miklu meiri fengur en þó ljett hefði verið af þeim viðhaldi Borgarfjarðarbrautar.

3. *Þskj. 48.* Sýsluvegurinn frá Keflavík að Gerðum í Garði hefir verið lagður á undanförnum árum og var kostaður að hálfu af ríkissjóði. Mjer þykir alveg nógu langt gengið að láta þjóðveginn ná til Keflavíkur.

4. *Þskj. 49.* Mjer vitanlega hefir aldrei fyr verið minst á að gera þenna veg norðan við Lagarfljót að þjóðvegi, enda get jeg ekki sjeð nokkra ástæðu fyrir því. Mjer virðist liggja í augum uppi, að Lagarfljót sje þeim sveitum, sem hjer liggja að, eðlilegasta flutningaleiðin.

5. *Þskj. 57.* Bæði Landbraut og Fljótshlíðarvegur eru innanhjeraðsvegir, sem jeg tel ekki rjett að gera að þjóðvegum. Ráðuneytið hefir fyrir nokkru staðfest sýsluvegasamþykt fyrir Rangárvallasýslu, sem opnar sýslufjelaginu leið til þess að fá framlag úr ríkissjóði til vegabóta þegar er kostnaður verður nokkuð tilfinnanlegur.

6. *Þskj. 59.* Jeg get ekki fallist á, að þessi leið verði tekin í tölu þjóðvega. Auðvitað væri hjer ekki um annað en reiðveg að ræða, en leið þessi á ekki heima í þeim flokki vega. Hinsvegar eru margir kaflar á þessari leið um fjöll og heiðar, og hefir verið veitt þó nokkuð fje árlega undanfarið af fjárveitingunni til fjallavega til umbóta á þeim köflum, og býst jeg við, að því verði og haldið áfram.

7. *Þskj. 64.* Mjer þykir síst ástæða til þess að bæta við þjóðvegina fleiri vegum í Árnessýslu. Með nýju vegalögunum hefir verið ljett svo mjög af þessari sýslu kostnaði til vegabóta, að jeg býst ekki við að viðhald Skeiðavegarins verði sýslunni sjerlega örðugt.

8. *Þskj. 70.* Hjer er farið fram á að nema úr tölu þjóðvega veginn frá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði að Hrútafjarðará, það er aðalleiðina til Norðurlands og fjölförnustu fjallaleið milli landsfjórðunga. Í hennar stað á að ákveða þjóðveginn gegnum endilanga Dalasýslu og frá Búðardal um Laxárdalsheiði um Borðeyri að Hrútafjarðará. En tilgangurinn er auðvitað að fá tekinn í þjóðvegatölu kaflann frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði til Borðeyrar. Náttúrlega getur ekki komið til mála að afnema

þjóðveginn yfir Holtavörðuheiði, og nokkuð er í greinargerð frumvarpsins missagt um samanburð á legu þessara vega.

Vegalengdin frá Dalsmynni um Holtavörðuheiði að Hrútafjarðará er 48,1 km. Hjer af í óbygð (Holtavörðuheiði) 25,5 km., en milli sömu endastöðva er leiðin um Dalasýslu 91,6 km. Hjer af í óbygð (Bjarnadalur, Brattabrekka og Laxárdalsheiði) 27,3 km.

Nefndin verður að telja álit vegamálastjóra í þessu efni á gildum rökum bygt. Hafa þeir nefndarmanna, sem hlut eiga í flutningi framangreindra frv., orðið ásáttir um að halda eigi frumvörpum sínum til streitu, ef hin verði eigi samþykt, og með því fororði leggur nefndin móti öllum framangreindum vegalagabreytingum og ræður hv. deild frá að samþykkja frumvörpin.

Alþingi, 3. mars 1925.

Kl. Jónsson, form. Sveinn Ólafsson, frsm. Jón A. Jónsson.

Pjetur Þórðarson. H. J. Kristófersson.

Ed. **122. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsgr. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Aftan við e-lið 10. gr. kom nýr liður, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að veita þeim skipstjórum, er verið hafa skipstjórar á fiskiskipum 25—60 rúmlesta í full 6 ár, rjett til skipstjórnar á fiskiskipum alt að 150 rúmlesta stærð, enda hafi þeir kynt sig að góðri skipstjórn að áliti þar um dómbærra manna.

3. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Flutningsmenn: Tryggvi Þórhallsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal skipa sáttasemjara, er hafi það starf með höndum, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum, að vinna að því að koma á sáttum í deilumálum milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Nefnd, skipuð 11 mönnum, skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjarans. Skulu fjelög vinnuveitenda í Reykjavík skipa 5 menn í nefndina, fjelög vinnuþiggjenda 5, en stjórnir Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands skipa einn. Verði meiri hluti nefndarinnar ásáttur um tilnefning, enda sje a. m. k. einn úr hóp hvors um sig af fulltrúum vinnuveitenda og vinnuþiggjenda samþykkur, er tilnefningin bindandi.

Náist ekki slíkt samkomulag $^1/_2$ mánuði áður en skipa skal, skipar atvinnumálaráðherra sáttasemjara án tillits til tilnefningar.

Skipun gildir til 3 ára og miðast við áramót.

Nú deyr sáttasemjari, eða fær lausn frá starfi, vegna ástæðna, sem atvinnumálaráðherra metur gildar, og skal þá fara fram tilnefning á ný, samkvæmt fyrsögðum reglum, og vera lokið mánuði eftir að tilkynning berst um að tilnefna skyldi. Komi eigi tilnefning að þeim fresti liðnum, skipar atvinnumálaráðherra nýjan sáttasemjara fyrir þann hluta af kjörtíma þess, er frá fór, sem eftir er.

2. gr.

Sáttasemjara er skylt að kynna sjer nákvæmlega á hverjum tíma horfur og ástand atvinnulífsins og launakjör vinnuþiggjenda sjerstaklega. Hefir sáttasemjari rjett til að krefjast þess, að sjerhvert fjelag vinnuveitenda og vinnuþiggjenda sendi honum afrit af öllum samningum um vinnu og vinnulaun, sem þau hafa gert.

Árlega skal sáttasemjari senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um starf sitt.

3. gr.

Nú þykir ástæða til að óttast, að vinnuteppa verði, eða er þegar orðin, og sáttasemjari álítur, að þjóðfjelaginu sje af því búin mikil eða nokkur hætta, getur hann þá — enda hafi samningar farið fram aðilja í milli eftir því, sem þeim hefir komið saman um, og annarhvor lýst yfir, að ekki gangi saman — hvort heldur af eigin hvöt eða að beiðni annarshvors aðilja, kvatt hlutaðeigendur til samninga. Hvor aðili um sig velur sína fulltrúa til samninganna. Fulltrúar skulu annaðhvort vera fjelagar fjelaga þeirra, er hlut eiga að máli, eða í aðalstjórn allsherjarfjelags vinnuveitenda eða vinnuþiggjenda. Það er skylda aðilja að hlíta kvaðning sáttasemjara.

4. gr.

Þá er sáttasemjari hefir kvatt til samninga, er það skylda hans að reyna að koma á friðsamlegri úrlausn deilunnar. Hefir hann rjett til, meðan á samningum stendur, að bera fram uppástungur um ívilnanir af beggja hálfu, sem líklegar væru til að draga til sátta. Þyki honum líklegt til sátta, getur hann borið fram miðlunartillögu, og má ekki gera hana heyrinkunna án samþykkis hans, meðan ekki er komið svar beggja aðilja við henni. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um hana við tvo fulltrúa hvors aðilja.

5. gr.

Nú hefir svo farið, að sáttasemjari hefir fundið ástæðu til að skerast í deilumál (sbr. 3. gr.) um launakjör, lengd vinnutíma, yfirvinnu o. s. frv. og nauðsynlegt þykir, vegna úrslita málsins, að fá rjettan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rjett til að krefja aðilja yfirlýsinga um það. Sjeu yfirlýsingar þessar ekki öruggar eða nægilega skýrar, hefir sáttasemjari rjett til að krefjast um það vitnaleiðslu hjá hlutaðeigandi yfirvaldi. Hefir sáttasemjari rjett til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og að láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

6. gr.

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í fjelagi vinnuveitenda eða verkamanna, skal hún borin fram í því formi, sem sáttasemjari hefir gengið frá henni. Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að óheimilt er að svara á annan hátt en með ákveðnu já eða nei. Þá er atkvæði hafa verið talin, er fjelaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir fjelagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er fjelagi skylt að sjá um, eftir því sem við verður komið, að sjerhver atkvæðisbær fjelagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild.

7. gr.

Bannað er að gefa út vottorð um eða leiða vitni um, hvað hvor aðili hefir borið fram eða stungið upp á, meðan samningar standa yfir undir forystu sáttasemjara, nema því að eins að báðir aðiljar samþykki.

8. gr.

Laun sáttasemjara og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Nánari ákvæði um framkvæmd einstakra atriða í lögum þessum er atvinnumálaráðherra heimilt að setja með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1925.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum sniðið eftir löggjöf Dana í þessu efni. Hefir þetta skipulag reynst stórlega vel í nágrannalöndunum, og hafa sáttasemjararnir mjög oft borið gæfu til að setja niður deilur milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Mundi mega telja hyggilegt að læra af reynslu annara þjóða í þessu efni, og fara meðal annars þessa leið, um að sjá við hinni miklu hættu, sem þjóðfjelaginu stendur af deilum vinnuveitenda og vinnuþiggjenda.

Nd. **124. Breytingartillögur**

við frv. til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum.

Frá Sigurjóni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sje fastur fjelagsskapur ekki til meðal vinnusala nje vinnuþega, skulu ofangreindar nefndir kosnar af aðiljum, er þeirra er þörf.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Nú semst eigi milli nefnda þeirra, er um getur í 2. gr., og skal þá leita til hins opinbera, bæjarfógeta í kaupstöðum, en sýslumanns annarsstaðar. Skal hvor málsaðilja tilnefna einn mann, er gangi í nefnd með bæjarfógeta eða sýslumanni. Skal nefnd þessi af fremsta megni reyna að miðla málum. Ber henni, eða meiri hluta hennar, í því efni að koma fram með rökstuddar en ákveðnar tillögur til sátta.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Náist eigi sættir með þeim hætti, er segir í 3. gr., skulu málin koma í gerðardóm, en nefnd sú, er um getur í 3. gr., skal senda til dómsins tillögur sínar með ástæðum. Gerðardómurinn skal skipaður sem segir í 5. gr.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Hæstirjettur velur einn mann úr sínum hópi til oddamanns í gerðardóminum. Hamli fjarlægð, að hæstarjettardómari geti verið oddamaður, skal hæstirjettur tilnefna oddamanninn. Aðiljar nefna hvor um sig átta menn í dóminn. Því næst ryður hvor aðili fjórum af mönnum andstæðingsins úr dóminum, og eru þá eftir átta auk oddamanns, en sjö menn skulu dæma. Fyrir því skal nú hæstirjettur ryðja einum manni hvors aðilja úr dóminum. Dómur þessara sjö manna er úrslitadómur, og verða aðiljar að hlíta honum.

5. Við 6. gr. síðara málslið:
a. Fyrir »hálfur mánuður« komi: sjö dagar.
b. Fyrir »1. dómstigs« komi: gerðardóms.

Nd. **125. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og greinargerð frv. ber með sjer, var það samþykt í neðri deild á síðasta Alþingi, en felt í efri deild frá 2. umræðu. Málið var þá athugað allrækilega í allsherjarnefnd neðri deildar og gerðar við það lítilsháttar breytingartillögur. Fjelst deildin á þær tillögur, og er frv. nú samhljóða því, sem þá var samþykt.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar í fyrra segir svo um málið:

»Nefndin leitaði umsagnar borgarstjórans í Reykjavík um þetta mál, og hefir hann í brjefi 7. apríl síðastl. mælt með frv. og telur »rjett, að bæjarstjórnin fái heimild til að setja reglugerð um lokunartíma rakarastofa og annara vinnustofa, þar sem einhver viðskifti við almenning fara fram«, en jafnframt óskar borgarstjóri eftir frekari heimild til að ákveða »lokunartíma útsölustaða fyrir innlendan varning«, og nefnir þar sjerstaklega til konfektbúðir.

Nefndin hefir athugað málið, og vill hún taka hvorttveggja til greina,

það sem felst í frv. og hitt, sem kemur fram í áðurnefndu brjefi borgarstjórans í Reykjavík«.

Frumvarpið er nú eins og á síðasta þingi flutt eftir ósk »Rakarafjelags Reykjavíkur«, en það hefir líka fengið meðmæli borgarstjórans í Reykjavík, eins og hjer segir að framan. Komið hafa fram mótmæli gegn málinu frá nokkrum rökurum hjer í bæ, sem standa utan við fjelagsskap rakara. En eins og frumvarpið ber með sjer, er þar að eins farið fram á að fá heimild fyrir bæjarstjórnir í kaupstöðum til að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og vinnustofa, sem lög nr. 79 frá 14. nóv. 1917 ekki taka til. Spurningin er því að eins um það, hvort beri að samþykkja þessa auknu heimild eða eigi, en ekki um það, hvort t. d. rakarastofur megi vera opnar í 11—14 klukkutíma á sólarhring eða lengur, eða konfektbúðir lengur opnar á kvöldum en aðrar sölubúðir. En það verður að telja í fullu samræmi við það, sem áður hefir verið gert í málinu, að bæjarstjórnirnar fái heimild til að setja reglur um lokunartíma sölubúða og vinnustofa þeirra, sem hjer um ræðir, eins og um lokunartíma sölubúða kaupmanna.

Þær sölubúðir og vinnustofur, sem í Reykjavík einni mundu falla undir ákvæði frv., eru sjálfsagt nokkuð á annað hundrað. Og sýnist það í alla staði eðlilegt, að kaupstaðarstjórnir fái heimild til að setja reglur um slíka starfsemi, sem þær álíta að hentugast sje íbúunum á hverjum stað. Enda mundi þeim alls ekki haldast uppi að gera samþyktir í þessu efni, sem algerlega brjóta í bág við hagsmuni almennings.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti allsherjarnefndar það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Þess skal getið, að nefndin hefir fundið 3 villur í frv., sem annaðhvort eru misritanir eða prentvillur. Í fyrirsögn frv. og í 1. málsgrein 1. greinar er vitnað í lög nr. »29«, en á að vera 79 á báðum stöðum.

Fyrsta orðið í 2. málsgrein 1. greinar á að vera enn, en ekki »eins«, svo sem í frv. stendur.

Teljum vjer, að þetta mætti laga í upprentun frv. milli umræðna.

Tveir nefndarmenn, Magnús Torfason, 1. þm. Árn., og Jón Kjartansson, þm. V.-Sk., áskilja sjer óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 4. mars 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari og framsögum.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.

Árni Jónsson. Bernharð Stefánsson.

Ed. **126. Frumvarp**

til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar.

Flutningsmaður: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Vestmannaeyjabæ land alt norðan við línu, sem dregin er úr mynninu á Kaplagjótu beint í húsið Brimhól, yfir Prestastein og þaðan á austurströnd Heimaeyjar, þar sem heitir Sigurðar-Ranka. Á alla aðra vegu ræður sjórinn takmörkum.

2. gr.

Þeir, sem hafa öðlast rjettindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, halda óskertum rjetti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rjetturinn með öðru móti niður fallinn.

3. gr.

Land það, er Vestmannaeyjabær eignast samkvæmt 1. gr., má aldrei selja eða afhenda einstökum mönnum eða fjelögum til eignar.

4. gr.

Söluverðið er tuttugu sinnum sú leiga, er landið gefur nú af sjer, og skal það greiðast að fullu á fjörutíu árum. Bæjarstjórn Vestmannaeyja gefur út 6% handhafaskuldabrjef fyrir söluverðinu. Að öðru leyti ákveður ríkisstjórnin söluskilmála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tekjur ríkissjóðs af Vestmannaeyjum fara óðum vaxandi, sökum þess hve bærinn stækkar og inn- og útflutningur eykst.

Síðastliðið ár munu þessar tekjur hafa numið rúmlega hálfri miljón króna, en af þeirri upphæð eru jarða- og lóðaafgjöldin að eins rúmlega tíu þúsund krónur.

Bæjarsjóður, sem árlega ver stórfje í ýmsar framkvæmdir til að gera kaupstaðinn byggilegri, fer, með því fyrirkomulagi sem nú er, algerlega á mis við þá verðhækkun, sem við þetta er orðin og verður á lóðum kaupstaðarins.

Þessi verðhækkun lendir því hjá einstaklingum enn sem komið er, en öll sanngirni mælir með því, að hún lendi hjá bænum sjálfum.

Eðlilegast hefði það verið, að sú skipun eða lík þeirri, er frv. fer fram á, hefði verið gerð um leið og Vestmannaeyjar komust í tölu kaupstaða. Hinir kaupstaðirnir standa líka betur að vígi í þessu efni, þar eð þeir eiga allir einhvert bæjarland, enda er það nauðsynlegt skilyrði fyrir heilbrigðum vexti og viðgangi allra kaupstaða.

Nd. **127. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Á. F., Sigurj. J. og Jak. M., leggur til, að frv. verði felt, en minni hlutinn, Á. Á. og J. Bald., er því eindregið fylgjandi. Að öðru leyti vísast til umræðna um sama mál á síðasta þingi.

Alþingi, 4. mars 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. minni hl. — Jón Baldvinsson.

Jakob Möller, fundaskr., frsm. meiri hl. — Aug. Flygenring.

Sigurjón Jónsson.

Nd. **128. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með skírskotun til athugasemdanna við frumvarpið getur nefndin fallist á það, að viðauki sá, sem hjer er farið fram á við fiskiveiðalöggjöf vora, sje nauðsynlegur. Með þessum viðauka er alveg skorið úr þrætunni um það, hvort framvegis sje hægt að taka erlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land af ísl. ríkisborgurum, í skjóli laga um fiskiveiðar í landhelgi frá 19. júní 1922. En fyrir þetta er girt með frumvarpinu.

Að því er skip þau snertir, sem þegar hafa fengið hjer leyfi til fiskiveiða, en heimilisfang eiga í útlöndum, þá fellst nefndin og fyllilega á það, að þeim beri að veita undanþágu frá þessari viðaukalagasetning, eins og frumvarpið fer fram á, en álítur eftir atvikum rjett, þegar sú undanþága verður veitt, að hún verði bundin við ákveðið tímabil, en verði ekki gefin um aldur og æfi.

Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykt með svo feldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgr.

Á eftir orðunum »Atvinnumálaráðherra getur þó veitt« komi: um ákveðið árabil.

Einn nefndarmanna, Jón Baldvinsson, er andvígur frv.

Alþingi, 4. mars 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Ágúst Flygenring, frsm. Sigurj. Jónsson.

Jón Baldvinsson. Jakob Möller, fundaskr.

Nd. 129. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnám á landspildu á Grund í Ytra-Reistarárlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem fram eru færðar í greinargerð frv., og ræður hv. þingdeild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 4. mars 1925.

Magnús Torfason, form. Bernharð Stefánsson, frsm. Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Jón Kjartansson. Árni Jónsson.

Ed. **130. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt.

Alþingi, 2. mars 1925.

Sig. Eggerz, form.	Ingvar Pálmason, skrifari og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Björn Kristjánsson.	Jónas Jónsson.	

Ed. **131. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um innlenda skiftimynt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp og leggur til, að háttv. deild samþykki það með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 3. gr. bætist inn ný gr. (4. gr.), svo hljóðandi:

Breyta má ákvæðum 2. og 3. gr. með konungsúrskurði, ef hin önnur Norðurlandaríki krefjast þess, eftir myntsamningnum, til þess að hin nýja mynt verði ekki of lík þeirra eigin skiftimynt.

Greinatalan breytist eftir þessu.

Alþingi, 4. mars 1925.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Jónas Jónsson, frsm.

Ed. **132. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Aftan við frv. komi ný 4. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **133. Frumvarp**

til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir byggingar- og landnámssjóður. Verksvið hans er að gera sveitabændum og grasbýlamönnum við kauptún fært að endurbyggja niðurnýdd býli og nema ný lönd. Stjórnir Búnaðarfjelagsins og Landsbankans ráða fyrir sjóðnum. Eftir að fasteignabankinn er stofnaður, kemur hann í þessu efni í stað Landsbankans.

2. gr.

Tekjur fær byggingar- og landnámssjóður árlega með skatti, sem jafnað er niður eftir efnum og ástæðum á alla þá einstaklinga í landinu og gróðafjelög, sem hafa meira en 20 þús. kr. skattskyldar tekjur eða 30 þús. kr. í skattskyldum eignum, samkvæmt eignar- og tekjuskattslögum þeim, er gilda á hverjum tíma. Á þessar eignir og tekjur alstaðar í landinu skal jafna árlega 500 þús. kr. Jafnskjótt og skattanefnd hvers hrepps eða kauptúns hefir ár hvert lokið skattskýrslu sinni, skulu skýrslur um eignir þeirra manna og gróðafjelaga, sem undangengið ár hafa haft tekjur skattskyldar 20 þús. eða meira og eignir 30 þús. eða meira, sendar skattanefnd Reykjavíkur. Hún jafnar niður hálfri miljón á umræddar eignir og tekjur allra þessara skattborgara, eftir sömu reglu og útsvörum. Skjóta má úrskurði skattanefndar Reykjavíkur til yfirskattanefndar Reykjavíkur, og fellir hún fullnaðarúrskurð í öllum málum um gjaldskyldu til byggingar- og landnámssjóðsins. Um innheimtu á tekjum sjóðsins fer eftir sömu reglum og innheimtu á tekju- og eignarskatti í landssjóð.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands ræður fyrir lánveitingum úr byggingar- og landnámssjóði, en reikningsfærsla, útborgun og innborgun sjóðsins skal framkvæmd í Landsbankanum, þar til fasteignabankinn tekur til starfa.

4. gr.

Lán úr byggingar- og landnámssjóði skal veita til að endurbyggja gamla sveitabæi á varanlegan hátt, til landnáms í sveitum, bæði nauðsynlegrar húsagerðar, túnræktar, engjaræktar og garðræktar. Ennfremur má eftir sömu skilyrðum veita lán til húsagerðar og nýræktar við kauptún og kaupstaði, ef sannað þykir, að landneminn geti að hálfu leyti eða meira framfleytt sifjaliði sínu með arði hins ræktaða lands.

5. gr.

Lán úr byggingar- og landnámssjóði skal veita til 55 ára. Fyrstu 5 árin eru lánin bæði afborgunar- og vaxtalaus. Síðan er höfuðstóllinn endurborgaður með jöfnum afborgunum á 50 árum, en engir vextir greiddir. Auk þess skal greitt af byggingum, sem reistar eru með stuðningi sjóðsins, ½ % af verði eignarinnar eftir fasteignamati í fyrningarsjóð. Hann skal vera sjerstök deild við byggingar- og landnámssjóð. Hverri fasteign fylgir sem sjereign framlög hennar í fyrningarsjóð, með vöxtum og vaxtavöxtum. Stjórn byggingar- og landnámssjóðs veitir úr fyrningarsjóði styrk til viðhalds byggingum, sem reistar eru fyrir fje sjóðsins, eftir því sem nánar er fyrir mælt í reglugerð.

6. gr.

Um lánveitingar úr byggingar- og landnámssjóði skal bygt á þessum fjórum meginreglum:

1. Að byggingin sje varanleg og að stærð og dýrleika samsvarandi gildi lands þess, er henni fylgir til ræktunar.
2. Að sjerfróðir aðstoðarmenn Búnaðarfjelags Íslands hafi fallist á teikningar af húsum þeim, er byggja skal, og fallist á ráðagerð lánbeiðanda viðvíkjandi ræktun þeirri, er framkvæma skal.
3. Að lán til byggingar fari ekki fram úr sannvirði hins óhjákvæmilega aðflutta byggingarefnis, eins og meðalverð þess er í kaupstöðum landsins það ár, og helmings af útlögðu kaupi steinsmiða og trjesmiða, er að dómi stjórnar Búnaðarfjelags Íslands þurfa við hverja ákveðna byggingu eftir stærð hennar. Dagkaup smiða skal metið eftir meðalkaupgjaldi slíkra manna það ár í því hjeraði, sem bygt er.
4. Að lán til ræktunar fari ekki fram úr helmingi af óhjákvæmilegum kostnaði, þar í talið landbrot, girðing, framræsla, fræ og áburður fyrstu tvö árin. Um lán til áveitu skal fylgt hliðstæðum reglum.

Um nánari fyrirmæli viðvíkjandi lánveitingum úr sjóðnum skal farið eftir reglugerð, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir.

7. gr.

Að veði fyrir endurgreiðslu á lánum byggingar- og landnámssjóðs og iðgjöldum í fyrningarsjóð hefir stjórn sjóðsins ábúðar- og afnotarjett þeirra bygginga og lands, sem lán hefir verið veitt til og ekki er endurgreitt að fullu og öllu. Útbygging er því aðeins lögleg, að lántakandi hafi vanrækt að greiða afborgun eða fyrningargjöld í tvö ár. Þar, sem slík útbygging fer fram, skal viðtakandi skyldur að kaupa, eftir fasteignamati, sjereign fráfaranda í býli hans. Náist ekki samkomulag um, hvað telja skuli sjereign fráfaranda, eða um greiðsluskilmála, skulu fráfarandi og viðtakandi nefna sinn manninn hvor í gerðardóm, en Búnaðarfjelag Íslands oddamanninn. Úrskurður þess gerðardóms er fullnaðardómur.

8. gr.

Nú verða ábúendaskifti eða eigendaskifti með sölu eða erfðum að fasteign, sem stendur í skuld við byggingar- og landnámssjóð, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur um eignina gildur, nema hann hafi verið samþyktur af stjórn Búnaðarfjelags Íslands, sem tryggi það, að söluverð jarðarinnar eða leiga af eigninni, ef um leiguábúð er að ræða, verði aldrei hærri en sem svarar innlánsvöxtum Landsbankans, af andvirði sjereignar lands- eða húsaeiganda, miðað við síðasta fasteignamat. Frá sjereign land- eða húseiganda skal, er um jarðarafgjald og söluverð er að ræða, jafnan dreginn sá hluti af verði fasteignar, sem skuld er á við byggingar- og landnámssjóð. Þar, sem þræta kemur upp milli eiganda fasteignar, sem lán hefir þegið við byggingar- og landnámssjóð, og stjórnar sjóðsins um verðmæti sjereignar hans í sambandi við leigu, sölu eða erfðir, skal þriggja manna gerðardómur fella fullnaðarúrskurð. Tilnefna málsaðiljar hvor sinn mann í dóminn, en atvinnumálaráðherra hinn þriðja. Kostnað við gerðardóma samkvæmt lögum þessum bera málsaðiljar til helminga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925. Jafnframt eru þá úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, sem koma í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Nú skal í stuttu máli gerð grein fyrir meginstefnu þessa frv. Það stefnir að því, að halda þungamiðju þjóðlífsins í sveitinni. Undanfarin ár hefir fjármagni landsins verið veitt í atvinnurekstur við sjóinn, útgerð og verslun. Þegar vel gengur, græðist á þessari atvinnu stórfje, en hingað til hefir reynslan orðið sú, að gróði sá hefir orðið haldlítill og svipull. Hin óbærilegu vaxtakjör hjer á landi stafa aðallega af stórtöpum lánsstofnana á fyrirtækjum, sem græða öðruhvoru og eyða þá fjenu með lítilli forsjá, eins og hjer tíðkaðist á stríðsárunum. Hitt árið er stundum ekkert nema tap, sem skellur á bönkunum, en þeir jafna aftur niður á skilamennina með þungbærum vöxtum.

Allur almenningur er nú svo hlaðinn nefsköttum, að varla er fært á að bæta. Hinsvegar hafa efnamenn landsins mjög hliðrað sjer hjá að taka á sig þunga í hlutfalli við getu þeirra, í samanburði við fátæklingana, sem greiða með nefsköttum meginið af tekjum ríkissjóðs.

Sum stórgróðafyrirtækin hjer á landi, t. d. Krossanesverksmiðjan, hafa borið hlægilega lítið af byrðum landsins, í samanburði við gróða sinn.

Nú um mörg ár hefir varla verið bygður upp einn sveitabær í heilum hreppum. Enn síður hefir býlum fjölgað í sveit, nema ef telja skyldi ofurlitla viðleitni í Suður-Þingeyjarsýslu. Fólksfjölgunin í landinu eflir bæina, en ekki sveitina. Nýju heimilin skapast á mölinni við sjóinn. Nokkuð mikið af þeim heimil-

um er í kjöllurunum í Reykjavík og Vestmannaeyjum, þar sem þroskaskilyrðin eru óglæsileg fyrir hina uppvaxandi kynslóð.

Fyrir utan það, að nýju heimilin myndast að heita má öll í verstöðvunum, fækkar að sama skapi fólki á gömlu heimilunum í sveitinni. Ein af ástæðunum til burtflutningsins er sú, að bæjarhúsin níðast niður og a. m. k. nokkur hluti lausa og liðuga fólksins flýr húskuldann og lekann í ljelegum sveitabæjum, þótt ekki sje að miklu að venda í verstöðvunum. Þar er þó bygt á hverju ári meira og minna, og fólkið leitar í húsaskjólið.

Sveitin getur ekki rjett við nema fleira fólk sje þar búsett, ræktunin vaxi, gömlu heimilin verði endurbygð og ný heimili reist með skiftingu jarða. Í Mývatnssveit er fólkið svo ánægt með heimahagana, að burtflutningur er lítill. Á tveimur gömlum einbýlisjörðum þar, Reykjahlíð og Vogum, eru nú sjö sjálfstæð heimili, fjögur systkini búa á annari, þrír bræður á hinni jörðinni. Öllu þessu fólki líður ágætlega. En túnin hafa verið grædd út og engjar ræktaðar með vatni. Sjálft Mývatn hefir verið ræktað með silungaklaki.

Það, sem gert hefir verið í Reykjahlíð og Vogum, þarf að gera um alt land í hverri sveit. Bræður og systur eiga að taka hin hálfræktuðu óðul eftir fólksfáa foreldra, skapa ný heimili, rækta landið og láta tvö strá vaxa þar, sem áður var eitt.

En í stórum stíl verður þetta landnám ekki framkvæmt nema þjóðfjelagið greiði götu landnemanna. Það, sem vantar, er ný tún og nýir sveitabæir, sterkir, hollir og haldgóðir. Meðalsteinhús með tvísteypta veggi kostar nú um 20 þús. kr. Með núverandi bankakjörum eru vextir fyrir utan afborganir og fyrningu 1800 kr. af slíku húsi. En segjum, að vextir lækki og verði aðeins 5%, eins og gera mætti ráð fyrir í vel reknum fasteignabanka, þá eru vextirnir af slíku láni 1000 kr. — Nálega engin jörð á Íslandi ber slíkan húsakostnað.

Það er ómögulegt að endurbyggja bæina vandaða, hlýja og endingargóða, nema með því að krefjast lítilla eða engra vaxta af höfuðstólum. Enginn venjulegur banki getur hjálpað til að endurreisa sveitabæina, skapa ný tún og mörg ný heimili. Allir bankar þurfa að láta borga sjer vexti. En landnám í sveitunum þolir ekki vexti, sem neinu nema, þó að ræktaðar og uppbygðar jarðir veiti á hinn bóginn hið hollasta og öruggasta lífsuppeldi.

Á fundi við Þjórsábrú vorið 1922 sagði hr. Ólafur Thors útgerðarmaður, um leið og hann veitti Jóni Magnússyni vígsgengi til kosninga: Við útvegsmenn erum »aflaklærnar«. Frá okkur eiga að koma peningarnir í ræktun landsins.

Jeg er samþykkur ályktun þessari. Stórgróðinn við sjóinn er skapaður með hjálp manna, sem flestir eru aldir upp í sveit. Fullorðinn, vinnandi maður er mikill höfuðstóll. Þennan höfuðstól hefir sveitin lagt fram til atvinnurekstrar við sjóinn. Nú er kominn tími til, að greiddir sjeu vextir og afborganir af láni sveitanna. Fyrir þetta fje á að skapa ný heimili í hverri sveit og endurreisa og styrkja mörg hin gömlu. Til að koma þessu í framkvæmd verður að taka ofurlítið af stóru tekjunum. Samt verður hvergi nærri jafnhart að gengið, þótt jafnað sje niður hálfri miljón árlega á breiðu bökin, eins og áður er þyngt með nefsköttum ríkissjóðs á fátækum barnamönnum.

Með frv. þessu er »aflaklónum« gefið tækifæri til að sýna, að þeir viður-

kenni skuld sína við sveitina og að þeir vilji vinna að viðhaldi íslensks þjóðernis og tungu.

Eins og að sjálfsögðu lætur, má ekki láta jarðir þær, sem bættar verða á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í frv., lenda í höndum fjárglæframanna, svo að þangað lendi gróðinn af hjálp landsins. Eru því reistar skorður við því. Sömuleiðis getur ekki verið að tala um annað veð í jörðum þessum og húsum fyrir láni ríkissjóðs heldur en ábúðarrjettinn, með því að það er besta og eðlilegasta tryggingin, sem landnemarnir geta veitt.

Nd. 134 Frumvarp

til laga um aflaskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fiskifjelag Íslands skal safna aflaskýrslum um allan þann fisk, sem veiddur er hjer við land og ætlaður er til útflutnings, að undanskildum laxi og silungi.

Skal Fiskifjelagið hafa umboðsmenn í helstu veiðistöðvum landsins, til þess að taka við aflaskýrslum og senda þær til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík eða erindreka þess.

2. gr.

Fiskifjelagið skal birta heildaraflann í aðalveiðistöðvum, landsfjórðungum eða landinu í heild sinni á hálfsmánaðarfresti, eða oftar, ef þurfa þykir.

Sömuleiðis skal Fiskifjelaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða fjelögum um fiski í landinu.

3. gr.

Allir árabátar eða smærri vjelaskip, sem leggja veiði sína á land óverkaða, skulu á viku hverri gefa skýrslu um veiði sína, sundurliðaða eftir tegundum, eftir því sem krafist verður.

Formaður og útgerðarmaður bera ábyrgð á því í sameiningu, að skýrslurnar sjeu rjettar og að þeim sje skilað á ákveðnum tíma.

4. gr.

Botnvörpungar og önnur fiskiskip, sem verka afla sinn á skipsfjöl að nokkru eða öllu leyti, skulu í hvert skifti, er þau leggja afla sinn á land, allan eða nokkurn hluta hans, tafarlaust senda skýrslu um þann hluta, sem á land er fluttur, sundurliðaða eftir því sem krafist er.

Skipstjórar á þeim skipum, sem hjer um ræðir, bera ábyrgð á, að skýrslunum sje komið til rjettra viðtakenda, ef þeir leggja aflann á land ut-

an heimilis skipsins. Annars ber útgerðarmaður skipsins ábyrgð á, að skýrslurnar sjeu sendar.

5. gr.

Hver sá, sem afla kaupir eða veitir viðtöku af útlendu skipi, skal skyldur að gefa skýrslu um það, og skal þess þá jafnframt getið, af hvaða skipi veiðin er keypt, eða af hvaða ástæðum hún er flutt á land.

6. gr.

Yfirsíldarmatsmenn skulu skyldir til að senda Fiskifjelaginu á viku hverri skýrslu um þá síld, sem söltuð er í umdæmi þeirra.

7. gr.

Síldarbræðslustöðvar skulu skyldar til að senda á viku hverri skýrslu um alla þá síld, sem þær veita viðtöku og ekki er ætluð til söltunar.

8. gr.

Vanræki einhver að gefa þær skýrslur, sem um ræðir í lögum þessum, varðar það sektum, frá 10 til 50 krónum á dag, eftir að veiðin er komin á land. Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu um nokkuð af þeim atriðum, sem hjer um ræðir, eða neiti að staðfesta skýrslu sína með vottorði að viðlögðum drengskap, varðar það sektum, frá 1000 til 5000 krónum.

9. gr.

Fiskifjelag Íslands sjer fyrir eyðublöðum til skýrslusafnana, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á aðalfundi Fiskifjelags Íslands þann 16. f. m. var samþykt með öllum atkvæðum eftirfarandi tillaga:

»Fundurinn skorar á sjávarútvegsnefndir Alþingis, að þær fái samþykt á þessu þingi lög um aflaskýrslusöfnun, sem skuldbindi fiskiframleiðendur til að gefa upp afla sinn nákvæmlega eftir hverja ferð, eða svo oft sem krafist verður«.

Fiskifjelagið samdi síðan frumvarp það, er vjer hjer leggjum fyrir háttv. deild.

Það mun ekki orka tvímælis, að holt sje, og í mörgum atriðum mjög nauðsynlegt, að hafa ávalt sem glegst og ábyggilegast yfirlit yfir allan hag þjóðarbúskaparins. Til þess að geta haft slíkt yfirlit, er nauðsynlegt að fylgjast vel með í framleiðslu á aðalútflutningsvörum vorum, sjávarafurðunum. Skýrslur þær, er frumvarpið gerir ráð fyrir, eru nauðsynlegar til þessa. Fiskifjelagið hefir undanfarin ár safnað aflaskýrslum, en kvartað undan, að oft og einatt hafi reynst erfitt að ná skýrslunum, vegna þess að ekki hefir verið við lög að styðjast í þessu efni.

Af þessum ástæðum hefir sjávarútvegsnefnd orðið við tillögum Fiskifjelagsins um að flytja þetta frumvarp, en nefndin hefir hinsvegar ekki tekið afstöðu til einstakra greina frumvarpsins nje orðalags á þeim.

Nd. **135. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsgr. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Aftan við e-lið 10. gr. kom nýr liður, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að veita þeim skipstjórum, er verið hafa skipstjórar á fiskiskipum 25—60 rúmlesta í full 6 ár, rjett til skipstjórnar á fiskiskipum alt að 150 rúmlesta stærð, enda hafi þeir kynt sig að góðri skipstjórn að áliti þar um dómbærra manna.

3. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **136. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja.

2. gr.

Í stað »5—500« í 8. gr. komi: 25—500.

3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **137. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 4. júní 1924. [Friðun rjúpna].

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið meðnefndarmönnum okkar samferða í þessu máli. Breytingin, sem farið er fram á með frv. þessu, fer í þá átt að lengja friðunartíma rjúpunnar. Við getum ekki fallist á, að ástæðurnar, sem færðar eru fram fyrir þessu frv., sjeu svo ríkar, að þær rjettlæti, að farið sje að gera breytingar á lögum þeim, sem síðasta þing samþykti í þessu efni.

Á Norður- og Austurlandi hagar þannig til um samgöngur, að tæplega er hægt að koma rjúpunni á erlendan markað nema með kjötflutningaskipum á haustin, en þau eru venjulega á ferð síðari hluta októbermánaðar. Er því auðsætt, að það er töluvert fjárhagstap fyrir þau hjeruð, ef þeim yrði gert ókleift að nota bestu markaðsskilyrðin. Samgönguskilyrðin eru vitanlega betri í sumum öðrum landshlutum, en það er að bæta gráu ofan á svart, ef hjeruðum

þeim, sem við nefndum, er meinað að nota þann markað, sem fáanlegur er, af því að önnur hjeruð eiga við betri samgönguskilyrði að búa og geta því notfært sjer markaðsskilyrðin betur.

Alþingi, 4. mars 1925.

Halldór Stefánsson. Árni Jónsson, fundaskr., frsm.

Ed. **138. Tillaga**

til þingsályktunar um að rannsaka orðabókarstarfsemi Jóhannesar L. L. Jóhannssonar og Þórbergs Þórðarsonar.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela mentamálanefnd að rannsaka, hve langt er komið hinni íslensku orðabók, sem Jóhannes L. L. Jóhannsson hefir nú unnið að um nokkur ár, og hve mikið liggur eftir Þórberg Þórðarson að safna orðum úr alþýðumáli. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um, hversu haga skuli orðasöfnun þessari framvegis.

Nd. **139. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmaður: Jón Auðunn Jónsson.

Við 1. gr.

Fyrir »Nú verður skipstjóri sekur um brot . . . að vera skipstjóri á fiskiskipi« komi:

Nú verður skipstjóri sekur um ítrekað brot gegn 1. gr., og missir hann þá rjett til skipstjórnar á botnvörpuskipi um eitt ár. Verði hann brotlegur í þriðja skifti, skal hann missa rjett til skipstjórnar á botnvörpuskipi um fimm ára skeið.

Ed. **140. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Aftan við 4. gr. bætist þessi málsliður:
Fulltrúinn má ekki vera í þjónustu annars ríkis. Hann skal og vera fullkomlega óháður fjárhagslega ríkinu og ríkisstofnunum.

141. Frumvarp

til laga um að landhelgissjóður Íslands skuli taka til starfa.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Landhelgissjóður Íslands, sem stofnaður er með lögum nr. 55 frá 1913, sbr. lög nr. 68 frá 1915 og lög nr. 34 frá 1924, skal taka til starfa. Má verja af fje hans í þessu skyni alt að 700 þúsundum króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Fiskiveiðar við landið fara vaxandi, og aðsókn erlendra fiskimanna eykst hröðum fetum. Það er því hin mesta þörf á sem rækilegastri gæslu landhelginnar, og þar sem landhelgissjóðurinn er nú orðinn rúm miljón, þá þykir rjett, að hann sje nú látinn taka til starfa.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum

og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þúsund krónum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1925.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta þingi, en var þá felt. Greinargerð þessi fylgdi frv.:

»Þær almennu ástæður, sem bornar eru fram fyrir frv. um einkasölu á síld, eiga að mestu einnig við um frv. þetta. En gott skipulag á sölu fiskjarins er þeim mun mikilsverðara, að fiskveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur landsmanna, og mistök þar hafa stórkostlegri og háskalegri afleiðingar fyrir landsmenn, eins og reynsla undanfarinna ára hefir því miður sýnt.

Einstakar greinar frv. þykir ekki þörf að skýra«.

Nd. **143. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur:

a. *Vegna ómegðar.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleira en 1 barn talið ómegð.
b. *Vegna slysa og vanheilsu.* Styrkur skal talinn veittur vegna slysa og vanheilsu, þegar styrkþurfi sannar með vottorði læknis, eða vottorði tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða vanheilsa, sem styrkþurfi á ekki sök á, geri hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma.
c. *Vegna atvinnuskorts.* Styrkur skal talinn veittur vegna atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki veitt styrkþurfandi fjölskyldumanni atvinnu eða vísað honum á atvinnu, sem hann getur stundað sjer og sínum til lífsviðurværis.
d. *Vegna elli.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. gr.

Engan þann, sem ræðir um í 1. gr. laga þessara, má flytja fátækraflutningi, nema hann hafi veitt til þess skriflegt samþykki sitt.

Nú verður þurfalingur ekki fluttur fátækraflutningi, vegna þess að samþykki hans til þess hefir ekki fengist, og skal þá framfærslusveit endurgreiða allan þann styrk, sem dvalarsveit veitir honum.

3. gr.

Skuldir vegna styrks, er veittur hefir verið eftir þessum lögum, fyrnast á 5 árum.

Allar fátækraskuldir, stofnaðar samkvæmt fátækralögum 10. nóv. 1905 og seinni breytingum á þeim lögum, sem ekki er veð fyrir og orðnar eru til

yrir 1. jan. 1922, skulu falla í fyrningu, ef þær hafa ekki verið innheimtar fyrir 1. jan. 1926.

4. gr.

Þau ákvæði fátækralaga frá 10. nóv. 1905, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bág við þessi lög, eru úr gildi numin.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fer í sömu átt og breytingartillögur, sem fluttar voru við fátækralögin á þinginu 1921. Hefir stefna Alþingis undanfarið heldur farið í þá átt, þótt hægt sje, að rjetta hluta þeirra, sem svo ólánssamir eru að þurfa að leita styrks af opinberu fje hjá bæjar- og sveitarsjóðum. Má í þessu efni benda á berklavarnalögin o. fl. Með þessu frv. er Alþingi gefinn kostur á að ganga nokkru lengra í þessu efni.

Nd. **144. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 34, 3. nóv. 1915, um dýraverndun.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú telur lögreglustjóri, að brotið sje gegn ákvæðum þessarar greinar, og getur hann þá gert ráðstafanir til þess að hindra hina illu meðferð, og sje maður dæmdur sekur um brot gegn þessari grein, en heldur þó áfram að gengnum dómi verknaði þeim, sem hann er dæmdur fyrir, skal lögreglustjóri, jafnvel þótt dómnum sje áfrýjað, svifta hann umráðum þeirrar skepnu, sem hinn dæmdi misgerði við, láta hjúkra henni á hans kostnað, eða taka hana af lífi, ef eigi er talið fært að ala hana. — Allan hjer að lútandi kostnað má taka lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk formanns dýraverndunarfjelags Íslands og er í raun rjettri að eins lögskýring.

Nokkur ágreiningur hefir komið fram meðal lögfræðinga um það, hvort lögreglustjóri hafi heimild til, án dóms, að svifta þann, sem sekur er talinn um brot á 1. gr. laga 3. nóv. 1915 um dýraverndun, umráðum þeirrar skepnu, sem hann hefir misgert við, og eins um hitt, hvort sá, sem dæmdur hefir verið, en skotið máli sínu til æðri dóms, verði sviftur umráðum yfir skepnunni fyrri en endanlegur dómur er fallinn.

Þessi ágreiningur getur, þegar svo ber undir, stefnt til vandræða í framkvæmd dýraverndunarlaganna. Einn lögreglustjórinn telur sig að vísu hafa vald til að taka af eiganda frá brúkun haltan hest eða meiddan, en hafi eigandinn verið dæmdur í sekt fyrir að brjóta dýraverndunarlögin, og skotið máli sínu til æðri dómstóls, telur hann sig ekki hafa vald til að svifta eiganda skepnunnar umráðum hennar fyrri en endanlegur dómur er fallinn. Annar lögreglustjórinn segir: Jeg hef enga heimild til að taka haltan hest, meiddan eða þróttlausan af hor af eigandanum, nema eftir dómi.

Svo þegar til dómstólanna kemur, segja dómararnir: Við getum ekki samkvæmt dýraverndunarlögunum dæmt lögbrjótinn til umráðamissis yfir skepnunni. Lögin leyfa það ekki; þau gera að eins ráð fyrir sekt.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka af tvímælin um það, hvað lögreglustjórum er heimilt í þessu efni og hvað þeim er skylt að gera.

Nd. **145. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu, sem komið er frá póststjórninni, var breytt lítilsháttar í efri deild, og þar sem nefndin getur fallist á breytingar þær, sem gerðar voru á því í efri deild, ræður hún háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 6. mars 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Kjartansson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.

Árni Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **146. Nefndarálit**

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er ekki sammála um það, hvort halda beri þeirri skifting, sem nú er, milli gagnfræða- og lærdómsdeildar í Mentaskólanum, eða taka aftur upp latínulærdóm og óskiftan skóla. En ef horfið væri til þess ráðs, að hverfa nú aftur til hins gamla skipulags, þá þyrfti um leið að sjá borgið gagnfræðamentun í Reykjavík, en það mundi hafa í för með sjer ærinn kostnað, sem ekki eru líkur til, að nú verði lagt í. Auk þess má geta þess, að Jón Ófeigsson, kennari við Mentaskólann, dvelur nú erlendis og leggur stund á að kynna sjer fyrirkomulag mentaskóla. Má gera ráð fyrir, að hann hafi nokkuð að leggja til málanna, þegar heim kemur, og ber engin nauðsyn til að ráða málum þessum til lykta, áður en öll kurl eru komin til grafar. Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem búast má við, að meiri kostnaður muni af frv. leiða en nú þykir fært að ráðast í, og vænta má, að fleiri gögn muni innan skamms fram koma um málið, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. mars 1925.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari og frsm.

Bernh. Stefánsson.	Sigurj. Jónsson.	Björn Líndal, með fyrirvara.

Ed. **147. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið og borið frv. saman við gildandi lög um þetta efni. Er hún frv. samþykk, en þykir rjettara, að tekið sje fram í frv., hvaða lög eigi að falla úr gildi, og leggur því til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 27. gr. Aftan við greinina komi:
Og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 70, 28. nóv. 1919, um skrásetning skipa.

Alþingi, 6. mars 1925.

Björn Kristjánsson, form.
Jóhann Jósefsson, frsm.

Ingvar Pálmason.

Nd. **148. Frumvarp**

til laga um ungmennafræðslu.

Flutningsmaður: Ásgeir Ásgeirsson.

I.

Markmið og skipulag.

1. gr.

Markmið ungmennafræðslunnar er að veita þeim, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sjer frekari mentunar, gera þá nýtari þegna þjóðfjelagsins og hæfa til að stunda nám í ýmsum sjerskólum.

2. gr.

Ungmennafræðslan veitist á námskeiðum, í kvöldskólum, í framhaldsbekk barnaskóla og ungmennaskólum.

3. gr.

Námskeið þessi og skólar eru jafnt fyrir stúlkur og pilta, nema öðruvísi sje ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Við barnaskóla, hvort heldur er heimangönguskóli eða heimavistarskóli, má hafa námskeið, kvöldskóla og framhaldsbekk fyrir ungmenni á þeim tíma, er ekki þarf að nota skólann til barnafræðslunnar, þó ekki skemur en 4 vikur á ári og ekki fyrir færri nemendur en 12. Kenslukostnaðinn greiðir sveitarfjelag (bæjarfjelag) og ríki eftir sömu reglum og gilda um barnafræðsluna.

5. gr.

Stjórn og umsjón námskeiðs, kvöldskóla eða framhaldsbekkjar við barnaskóla hefir skólanefnd skólahjeraðsins. Hún semur og reglugerð um tilhögun kenslunnar og leggur fyrir yfirstjórn fræðslumála til samþyktar.

6. gr.

Tveggja ára ungmennaskóla skal setja á stofn í sveitum jafnskjótt og fje verður veitt til þess í fjárlögum. Skulu slíkir skólar vera 5 í landinu:

Einn á Austurlandi fyrir Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýslu.

Einn á Norðurlandi fyrir Þingeyjarsýslur, Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.

Einn á Vestfjörðum fyrir Strandasýslu, Ísafjarðarsýslur og Barðastrandarsýslu.

Einn á Suðvesturlandi fyrir Húnavatnssýslu, Dalasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Kjósar- og Gullbringusýslu.

Einn á Suðurlandi fyrir Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

7. gr.

Stofnkostnað slíks skóla greiðir ríkið að hálfu, þegar hinn helmingurinn er fenginn með frjálsum framlögum skólahjeraðsins. Skólastað ákveður yfirstjórn fræðslumála í samráði við framkvæmdanefnd, sem kosin er heima í hjeraði. Skólinn skal settur á hentugum stað í hjeraðinu, þar sem hann hefir hæfilega bújörð til afnota.

8. gr.

Árlegur ríkisstyrkur til ungmennaskóla skal vera:

1. Fast framlag til skólans kr. 3000,00.
2. 75% af launum skólastjóra og tveggja kennara, þó eigi af hærri launum en ákveðin eru í lögum um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919, 26. gr.
3. 50% af andvirði keyptra kensluáhalda og bóka handa skólanum.
4. 5% af virðingarverði fasteigna skólans, enda sje ríkið með því undanþegið sjerstökum fjárveitingum til viðgerða á húsum skólans og endurbyggingar.

Að öðru leyti greiðist kostnaður af sýslufjelögum skólahjeraðsins, af tillögum einstakra manna eða sjóða eða með skólagjöldum. Skólanefnd ungmennaskóla ákveður skólagjald með samþykki yfirstjórnar fræðslumála til tveggja ára í senn, en það, sem á vantar til rekstrarkostnaðar, skal, nema annarsstaðar komi frá, greiðast af sýslusjóðum innan hjeraðsins í hlutfalli við fólksfjölda sýslnanna, þó svo, að fólksfjöldi þeirrar sýslu, sem skólinn er í settur, sje þrefaldaður, næstu sýslu eða sýslna tvöfaldaður, en þeirra, er fjær liggja, tekinn einfaldur.

9. gr.

Skólana skal stofna í þeirri röð, er fjárframlög þau, er koma eiga móti tillagi ríkisins, verða lögð fram.

Yfirstjórn fræðslumála lætur gera uppdrátt að skólahúsum og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum á skólastaðnum, ásamt kostnaðaráætlun, og skipar verkfróðan mann til umsjónar með framkvæmd verksins, enda greiði ríkissjóður kostnaðinn við þá umsjón.

II.

Kenslan.

10. gr.

Skyldunámsgreinar á námskeiðum, í kvöldskólum og framhaldsbekk barnaskóla skulu vera: íslenska og íslenskar bókmentir, Íslandssaga og fjelagsfræði. Um aðrar námsgreinar fer eftir reglugerð, sem yfirstjórn fræðslumála samþykkir.

11. gr.

Í ungmennaskóla skal kenna: íslensku og íslenskar bókmentir, eitt útlent tungumál, sögu, fjelagsfræði, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði ásamt bókfærslu, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og íþróttir. Ennfremur er heimilt að kenna fleiri námsgreinar með samþykki yfirstjórnar fræðslumála. Undanþágu má skólastjóri veita fyrsta árs nemendum frá þátttöku í einni eða fleirum námsgreinum, og eldri nemendum eftir því, sem áhugi og hæfileikar benda til.

12. gr.

Kenslunni í tveggja ára ungmennaskóla skal svo hagað, að í 1. bekk sjeu kendar þær námsgreinar og það af hverri, sem mest ríður á fyrir þann, sem kynni að eins að stunda nám eitt ár, þó svo, að jafnframt fáist eðlilegur undirbúningur undir 2. bekk.

13. gr.

Kenslan skal í hvivetna miða að því, að glæða námfýsi og sjálfstæða hugsun nemenda, og auka leikni þeirra jafnt í því að afla sjer þekkingar með athugun, tilraunum og bókum, sem í því, að beita fenginni þekkingu við úrlausn nýrra verkefna.

14. gr.

Í ungmennaskólum skal, þegar því verður við komið, auk kenslu þeirrar, er um ræðir í 11.—13. gr., a. m. k. 6 vikur ár hvert hafa námskeið að vorinu, eða haust og vor. Á sliku námskeiði skal kenna eitt eða fleira af því, sem hjer segir: heimilisiðnað, hússtjórn, jarðrækt, garðrækt, íþróttir, söng. Jafnframt skulu haldnir vekjandi og fræðandi fyrirlestrar um ýms efni. Þegar ástæður leyfa, skal og hafa fyrirlestramót fyrir almenning vikutíma nær miðj-

um vetri. Skólastjóri stendur fyrir námskeiðum og fyrirlestramótum og ákveður tilhögun þeirra í samráði við kennara skólans.

15. gr.

Um próf á námskeiðum, í kvöldskólum, framhaldsbekkjum barnaskóla og ungmennaskólum fer eftir ákvæðum í reglugerð þeirra.

16. gr.

Árlegur kenslutími ungmennaskóla skal vera að minsta kosti 6 mánuðir.

III.

Nemendur.

17. gr.

Skilyrði fyrir skólavist nemenda í ungmennaskólum eru:

1. Að innsækjandi hafi staðist fullnaðarpróf barnafræðslunnar.
2. Að hann sje ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi, er orðið geti hinum nemendum skaðvænn.
3. Að siðferði hans sje óspilt.
4. Að hann við byrjun skólaársins sje fullra 16 ára. Þó getur skólastjóri, ef honum þykir sjerstök ástæða til, veitt undanþágu um aldurstakmarkið. Hinsvegar er skólanum heimilt að setja hærra aldurstakmark með reglugerð.

IV.

Kennarar.

18. gr.

Við ungmennaskóla skal skipaður skólastjóri, og auk þess er heimilt að skipa fyrir hvern bekk skólans einn kennara, er ríkissjóður tekur þátt í að launa samkv. 7. gr.

19. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri við ungmennaskóla skal umsækjandi hafa gott kennarapróf eða annað próf jafngott, hafa kynt sjer skólamál erlendis, verið kennari við ungmennaskóla a. m. k. þrjú ár við góðan orðstír, nema um viðurkenda yfirburði sje að ræða.

20. gr.

Til að verða skipaður kennari við ungmennaskóla skal umsækjandi hafa gott kennarapróf eða aðra mentun jafngóða, hafa framast erlendis og þjónað embættinu a. m. k. eitt ár.

V.
Lækniseftirlit.

21. gr.

Hjeraðslæknir skal í byrjun hvers skólaárs og um miðjan vetur líta eftir líkamsuppeldi og heilbrigði nemenda ungmennaskóla í hjeraði sínu og öllum hollustuháttum skólans og heilsufari kennara. Skýrsla hans um þetta skal send yfirstjórn kenslumála, og er það skilyrði fyrir styrk til skólans. — Fyrir skoðunarferðir sínar fær hjeraðslæknir venjulega dagpeninga.

VI.
Yfirstjórn og umsjón.

22. gr.

Skólanefnd skal skipa fyrir hvern ungmennaskóla til þriggja ára í senn. Sitja í henni 3 menn, og skal einn þeirra valinn af sýslunefnd skólahjeraðsins með samþykki yfirstjórnar kenslumála, en um hina nefndarmennina skal ákveðið í reglugerð hvers skóla. Skólanefnd skiftir sjálf með sjer verkum. Hún hefir umsjón með fjármálum skólans, innheimtir rekstrarfje hans og ber ábyrgð á, að allar greiðslur hans sjeu skilvíslega af hendi leystar.

23. gr.

Yfirstjórn ungmennafræðslunnar er í höndum kenslumálaráðuneytisins.

VII.
Ýmisleg ákvæði.

24. gr.

Með reglugerðum verður nánar ákveðið um tilhögun kenslunnar, próf, skólavist nemenda og burtför úr skóla, kenslutíma og leyfi, reglu og aga, heimavistir, bókasöfn og kennara skóla þeirra og námskeiða, er lög þessi ræða um.

25. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1926.

Greinargerð.

Frumvarpið er að mestu leyti bygt á frumvarpi, er samið var af millipinganefnd, og vísast um ýms aðalatriði málsins til Mentamálanefndarálits

IV: Ungmennafræðslan og sjerfræðslan, Reykjavík 1922. Ungmennafræðslan er nú það af mentamálum þjóðarinnar, sem mest kallar að, og ber nauðsyn til að skipa þeim málum, er hana snerta, hið fyrsta með lögum, bæði vegna ríkisins, svo ekki verði ósamræmi í því, að hve miklu leyti ríkið ber kostnaðinn af ungmennafræðslunni í einstökum hjeruðum landsins, og eins vegna þeirra hjeraða, sem enn eru að undirbúa unglingafræðsluna, svo þau viti, hvaða kostum þau muni sæta af hálfu ríkisins. Um ungmennafræðsluna eiga öll hjeruð að njóta sömu hlunninda án tillits til dugnaðarins í því að ota sínum tota á Alþingi.

Að öðru leyti verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.

Ed. **149. Frumvarp**

til laga um einkenning fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.

Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar samskonar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hjer á eftir.

Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

2. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

3. gr.

Það varðar sektum, frá 50—2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við án þess að hafa á sjer merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá alt að 400 kr. sekt við því.

Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísvitandi duld-

um, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um alt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

4. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrsetja skip og síðan selja, að undangenginni aðför, til lúkningar hvorstveggja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi milli Bretlands, Frakklands, Belgíu, Hollands, Þýskalands og Danmerkur 6. maí 1882, um fiskiveiðar í Englandshafi til 61. stigs norðurbreiddar, og í samningum milli Bretlands og Danmerkur 24. júní 1901, um gæslu fiskiveiða utan landhelgi í hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar, eru fyrirmæli um merkingu skipa þeirra ríkja, er að samningunum standa, ef þau stunda veiði á þessum svæðum, og viðurlög sett, ef ákvæði þeirra eru rofin. Sjá samning 6. maí 1882, 6.—10. gr., lög nr. 20, 13. sept. 1901, og tilsk. nr. 32 s. d., og samning 24. júní 1901, 6.—11. gr., lög nr. 17, 8. júlí 1902, og tilsk. nr. 2, 2. mars 1903, 5.—8. gr. Fyrirmæli þessi ná ekki til íslenskrar landhelgi. En einsætt er, að slíkra reglna sje ekki síður þörf þar, enda er kunnugt, að skip, sem ólöglegar veiðar reka í landhelgi, dylja einatt merkin á skipum sínum til þess að koma sjer undan ábyrgð. Og má þeim takast það, er vopnlaus skip standa þau að verki. Það er því full ástæða til að gera skipum skylt að hafa einkennismerki sín í lagi, þegar þau eru í íslenskri landhelgi, og leggja refsingu við, ef af er brugðið. Kröfur um merkinguna eru svo, að bæði á öllum að vera unt að fullnægja þeim og þær eru fullnægjandi til þess að skip megi þekkja. Það er og einsætt, að nægilegt er alt af, ef skip er svo einkent, sem í áðurgreindum samningum segir. En sömu kröfur verða þó ekki gerðar til ríkja, sem þeir samningar skuldbinda ekki.

Einstakar greinar frv. virðist ekki þurfa að skýra.

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 27. júní 1921, um slysatryggingar sjómanna.

Flutningsmaður: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Í stað fyrsta og annars málsl. 3. gr. laganna (»Fyrir hvern, sem trygður er ..... greiðist úr ríkissjóði«) komi:

Fyrir hvern, sem trygður er samkvæmt lögum þessum, skal greiða í slysatryggingasjóð þann, er síðar getur, iðgjald á viku hverri, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast iðgjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom til skiprúms, eftir þeim hlutföllum, er hjer segir:

a. Á róðrarskipum:
   skipverji 20 aura,
   útgerðarmaður 20 —
   ríkissjóður 50 —
b. Á vjelbátum og seglskipum alt að 10 rúmlesta:
   skipverji 25 aura,
   útgerðarmaður 25 —
   ríkissjóður 50 —
c. Á mótorskipum, segl- og gufuskipum 10—30 rúmlesta:
   skipverji 40 aura
   útgerðarmaður 40 —
   ríkissjóður 50 —
d. Á mótor-, segl- og gufuskipum 30—100 smálesta:
   skipverji 50 aura,
   útgerðarmaður 50 —
   ríkissjóður 50 —
e. Á mótor-, segl- og gufuskipum yfir 100 smálesta:
   skipverji 75 aura,
   útgerðarmaður 75 —
   ríkissjóður 50 —

2. gr.

a. Fyrir »4000 krónur« í 6. gr. stafl. a. komi: 6000 krónur.
b. Fyrir »1/5« í sama stafl. komi: 1/10.
c. Fyrir »2000 kr.« í stafl. b. komi: 3000 kr.
d. Á eftir »foreldrar hins látna« í tölul. 3 komi: og fósturforeldrar, ef hinn látni hefir veitt þeim fjárhagslega aðstoð.
e. Í stað »200 kr.« í sömu gr., »400 kr.« og »200 kr.« komi á öllum stöðum: 600 kr.

Ástæður.

Mjer þykir vansjeð, að frv. um slysatryggingar (á þskj. 100) verði samþykt á þessu þingi, en hinsvegar er brýnasta þörf á því að auka tekjur slysatryggingarsjóðs sjómanna, svo sjóðurinn verði þess megnugur að borga hærri slysa- og dánarbætur; einkum er þó nauðsynlegt að hækka verulega bætur til eftirlifandi barna.

Frekari greinargerð fyrir hinum einstöku liðum frv. þessa verður gerð við framsögu í deildinni.

Nd. **151. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskót á Breiðafirði.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley, og frá Stagley hálfa mílu suður frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. Ennfremur á Hvammsfirði utan línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn, eina mílu innan Lambeyjar.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti þm. Snæfellinga frv. samhljóða þessu, og var því þá vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, í þeim tilgangi, að álits sýslunefnda þeirra, er þetta mál skiftir, yrði leitað. Hefir hæstv. atvinnumálaráðherra nú skýrt frá, að sýslunefndir Dala-, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslna hafi tjáð sig samþykkar frumvarpinu, en frá sýslunefnd Barðastrandarsýslu er ekki komið svar við fyrirspurn stjórnarinnar. Er því frv. þetta nú borið fram á ný, samkvæmt vilja sýslunefndanna, og vísast að öðru leyti til Alþt. 1924, A. bls. 287, um ástæður fyrir frv.

Ed. **152. Frumvarp**

til laga um innlenda skiftimynt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 5, með breytingunum á þskj. 46 (1.—2.) og breytingunni á þskj. 131.

Nd. **153. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjúkratryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir tekið frumvarp þetta til rækilegrar athugunar. Þótti nefndinni rjett að leita álits heilbrigðisstjórnarinnar um málið og sneri sjer í því

skyni til landlæknis. Átti landlæknir fund með nefndinni og ljet henni í tje álit sitt um það. Hafði hann snúið sjer til stjórnar Berklavarnafjelags Íslands og fengið frá henni álitsskjal það, sem prentað er hjer á eftir.

Álit landlæknis er í engu frábrugðið áliti stjórnar berklavarnafjelagsins. Getur nefndin og í flestum atriðum fallist á þá skoðun, sem kemur fram í brjefinu. Nefndin telur almennar sjúkratryggingar mjög nauðsynlegar þjóðinni, en hún getur ekki fallist á, að frv. það, sem hjer um ræðir, svari þeim tilgangi nema að litlu leyti. Málið er auk þess almenningi svo lítið kunnugt, að ekki þykir rjett að afgreiða það fyr en betri undirbúningur er fenginn. Þyrfti að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna um málið.

Þess vegna leggur nefndin til, að málið sje afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að landsstjórnin leiti álits sýslunefnda og bæjarstjórna um málið og undirbúi það að öðru leyti til næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. mars 1925.

Magnús Torfason, form. Jón Baldvinsson, fundaskrifari. Bernharð Stefánsson, frsm.

Árni Jónsson. Jón Kjartansson.

Fylgiskjal.

BERKLAVARNAFJELAG ÍSLANDS.
Reykjavík, 28. febrúar 1925.

Samkvæmt tilmælum yðar, herra landlæknir, hefir stjórn berklavarnafjelags Íslands átt fund með yður til þess að ræða um frv. það til laga um sjúkratryggingar, sem ríkisstjórnin hefir lagt fyrir yfirstandandi alþingi.

Út af þessu vill ofannefnd stjórn láta eftirfarandi álit sitt í ljósi, enda telur hún sjer það einkum skylt, þar sem frv. þetta mundi að hennar áliti vinna berklavarnalöggjöfinni, berklavarnastarfsemi fjelags vors og öllum berklavörnum hið mesta ógagn, ef að lögum yrði.

Ekki mun hún þó fjölyrða um hvert einstakt atriði, heldur að eins í fáum orðum nefna helstu agnúana.

1. Frv. heitir frv. um *sjúkratryggingar*. En það nafn er, vægast talað, mjög villandi. Trygging er það venjulega talin, ef menn greiða ákveðin gjöld í því

skyni að eiga síðar kröfu til ákveðinna bóta, hvernig svo sem efnahag þeirra annars er komið. Engin slík trygging felst í þessu frv. Nei, frv. þetta er í raun og veru *hreint skattafrv.* og tilgangur þess fyrst og fremst sá, að ná með *nefskatti* þeim kostnaði, sem ríkis-, sýslu-, bæjar- og sveitarsjóðir nú hafa af efnalitlum sjúklingum samkv. berklavarnalögunum og fátækralögunum. Í mesta lagi mætti kalla þennan fyrirhugaða sjóð *styrktarsjóð*, og þá »*styrktarsjóð* ríkissjóðs og hinna ofannefndu sjóða, til þess að standast sjúkrakostnað o. s. frv.«. Skattgreiðendurnir sjálfir hafa enga lagalega kröfu til styrks eftir frv. Hverjir fái hann og hve mikið hver, er eingöngu komið undir geðþótta þeirra, sem úthluta eiga, er fylgja mundi hver sínum reglum eða regluleysi í hinum ýmsu landshlutum.

Þessi lög eiga að vera til sparnaðar fyrir þjóðina, en slíkt nær ekki nokkurri átt. Það má að vísu færa nokkur rök fyrir því, að þetta verði sparnaður fyrir ríkissjóðinn, en fyrir þjóðfjelagið í heild sinni verður það aldrei sparnaður. Enda er það öllum skiljanlegt, að sjúkrakostnaðurinn muni verða engu minni eftir en áður; að eins gerir þetta frv. nú ráð fyrir því, að sá kostnaður verði tekinn af þjóðinni á hinn *allra ranglátasta hátt*, sem hægt er að hugsa sjer, sem sje þannig, að gjaldþyngslin verði *hlutfallslega mest* á *hinum efnalitlu*, í stað þess að nú greiðir þó þjóðin þennan kostnað nokkuð eftir efnum og ástæðum, á þann hátt, sem önnur opinber gjöld.

2. Lögum þessum er ætlað að nema úr gildi 14. gr. berklavarnalaganna, eitt hið helsta og besta grundvallaratriði þeirra. Þetta telur fjelagsstjórnin mjög illa farið, því það er engum vafa undirorpið, að sú gr. er, eins og sakir standa, eitt af því, sem best stuðlar að berklavörnum. Að fara nú einmitt, þegar festa er að komast á fyrirkomulagið, að kippa þessari máttarstoð undan berklavarnalögunum virðist mjög hættulegt, vanhugsað og til þess að koma öllu aftur á ringulreið.

Síðasta þing taldi rjett, að berklavarnalögin fengju að reyna sig til fulls. Fjelagsstjórnin er þessu alveg sammála. En reynslan getur ekki komið til fulls á slík lög fyrr en á talsvert mörgum árum, og þá eftir því, sem skilyrðum fjölgar til þess að þeim verði fullnægt. En einmitt 14. gr. berklavarnalaganna *hefir þegar sýnt*, að hún hefir hin allra bestu áhrif, og ætti því síst að *byrja* á þeirri breytingu að nema hana úr gildi.

3. Allar breytingar, sem miða að því að losa hið opinbera undan kostnaði við berklavarnir í því skyni að koma honum yfir á einstaklingana, eru *ranglátar* og *hættulegar*. Þær eru *ranglátar* vegna þess, að berklavarnir eru fyrst og fremst »sóttvarnir«, varnir gegn útbreiðslu þessa næma sjúkdóms. En kostnaður sá, sem af slíkum vörnum leiðir, á fyrst og fremst að hvíla á ríkissjóði, en síst á sjúklingum eða einstaklingum. — Það er *hættulegt*, að ríkissjóður og aðrir opinberir sjóðir hliðri sjer hjá að bera mikið af hinum beina kostnaði við berklavarnir og láta einstaklingana um að standa straum af þeim. — Almenningur fær miklu betur skilið, hver alvara hjer er á ferðum, þegar Alþingi og stjórn sýna, að þeim þykir svo mikið við liggja, að ríkið eigi að verja miklu fje til varna. Og þess er síst að vænta, að almenningur sýni áhuga til

varna, er ríkið sjálft (þ. e. stjórn og Alþingi) lætur sig litlu skifta, hvernig veltur.

Hið nýstofnaða berklavarnafjelag hefir ætlað sjer að beitast fyrir því, að hinum lögskipuðu vörnum verði á ýmsan hátt hjálpað af almenningi. En til þess að það geti orðið, þarf að fá fje frá einstaklingum. Væntir fjelagið, að sjer verði talsvert ágengt í því efni, ef þetta frumvarp *nær ekki* fram að *ganga*. En hitt er aftur á móti víst, að erfitt verður, eða ef til vill ómögulegt, að fá fólk til að láta nokkuð verulegt af hendi rakna til þessa fjelags, ef ríkið *skattleggur* hvern einstakan mann í landinu einmitt til berklavarna. Mun mörgum þykja, að þeir geri skyldu sína, ef þeir borga lögmælt árgjald, þó þeir ekki bæti við sig fjelagsgjöldum í sama augnamiði.

Þetta mundi því leiða til þess, að starfsemi berklavarnafjelagsins kæmi að litlu liði og vinna á móti því, að hún geti í framtíðinni sparað ríkinu fje og mannslíf. *Gæti þá ríkinu orðið dýr hinn fyrirhugaði* »sparnaður« frv.

Þetta voru nú höfuðatriðin, herra landlæknir, af því, sem stjórn berklavarnafjelagsins vill framfæra til mótmæla gegn þessu nýja »*skattafrumvarpi*«. Mætti samt benda á fjölda annara atriða, sem eru því til mótmæla, svo sem erfiðleika á innheimtu, óvinsældum o. fl., er draga mundi mjög úr hinni áætluðu upphæð, en út í það hirðir stjórnin ekki að fara að svo vöxnu máli; væri þó ekki úr vegi fyrir þingnefnd að leita sjer vitneskju um þá hluti hjer í Reykjavík hjá þeim mönnum, sem kunnugastir eru, t. d. borgarstjóra.

Fjelagsstjórnin treystir yður hið besta, herra landlæknir, til þess að beita yðar mikilvægu áhrifum, svo ekki verði heilbrigðislöggjöf landsins nje sjúkdómsvörnum þjóðarinnar unnið það tjón, sem þetta frv. bendir til.

F. h. stjórnar Berklavarnafjelags Íslands.

Magnús Pjetursson,
ritari.

Til landlæknisins á Íslandi.

Nd. **154. Breytingartillaga**

við frv. til laga á þskj. 151 *[Selaskot á Breiðafirði]*.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Síðari málslið frumvarpsgreinarinnar skal orða svo:

Sama bann skal og gilda á Hvammsfirði utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og þaðan í Hólmlátursborgir.

Ed. **155. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurhreppi.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Hellnar í Breiðuvík í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt óskum íbúanna í Breiðuvíkurhreppi. Ef frekari skýringar kynnu að þykja nauðsynlegar, verða þær gefnar við framsögu málsins.

Nd. **156. Frumvarp**

til laga um kynbætur hesta.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kynbótanefnd skipuð 3 mönnum.

Um kosningu nefndarinnar gilda sömu ákvæði og um kosningu í sveitarstjórn.

Í þeim hreppum, þar sem hrossaræktarfjelag er starfandi, er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

Starf nefndarinnar er að ákveða, hvaða graðhesta skuli nota til undaneldis í hlutaðeigandi sveit.

2. gr.

Á hverjum vetri skal kynbótanefnd eða stjórn hrossaræktarfjelags ákveða, hvaða hestar skuli látnir ógeltir næsta ár, og hafa gert hlutaðeigandi hreppsbúum þetta kunnugt eigi síðar en 30. mars ár hvert.

Alla aðra graðhesta, sem eru á 2. vetri eða eldri, skal gelda eigi síðar en 20. apríl það ár.

3. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis, skal merkja þannig, að klippa **K h** á hægri lend þeirra, og skal endurnýja klippinguna svo oft, að merkið sje ávalt glögt.

Sannist, að einhver hafi merkt graðhest þessu marki án leyfis hlutaðeigandi kynbótanefndar, þá varðar það 50—300 króna sektum, sem renna í sýslusjóð, þar sem sakborningur á heima.

4. gr.

Nú er einhver, sem vanrækir að gelda hest sinn, sem orðinn er eldri en að framan greinir — sjá 2. gr. — og má þá taka slíkan hest, hvar sem hann hittist, nema í öruggri girðingu eða húsi, og selja hann sem óskilagrip án innlausnarfrests. Þó má ekki fara svo með graðhest, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis og merkt með **K h** — sjá 3. gr. Sömu rjettindа njóta þeir graðhestar, sem verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt, samkvæmt ákvæðum Búnaðarþings 1925, um hrossasýningar, enda sjeu hestarnir merktir á sama hátt og aðrir kynbótahestar.

5. gr.

Nú hittist graðhestur merktur með **K h** á hægri lend — sjá 3. gr. — utan þeirrar sveitar eða þess svæðis, sem hann er valinn fyrir sem kynbótahestur, og má þá taka hann í hús og gefa honum inni, en gera eiganda aðvart, hvorttveggja á hans kostnað. Verði hestsins ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður innan 6 vikna frá því hann var tekinn, má selja hann sem óskilagrip án innlausnarfrests.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 300 kr. sektum.

7. gr.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926, og skulu kynbótanefndir kosnar í fyrsta sinn eftir þeim í janúarmánuði það ár.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34, 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta, og lög nr. 74, 14. nóv. 1917, um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum um kynbætur hesta byggist framkvæmd þeirra mála á tveim mismunandi ákvæðum, sumpart á beinum lagafyrirmælum og sumpart á hjeraðssamþyktum.

Auk þess sem það virðist óheppilegt að hafa tvenskonar aðferðir við skipun þessara mála, þá hefir 30 ára reynsla sýnt það, að þessi samþyktarheimild er ekki svo alment notuð sem skyldi. Það hefir því oft farið svo, að af tveim eða fleiri sýslum, sem eiga saman afrjetti, hefir í einni sýslunni verið sett samþykt, en í annari ekki, og verður þá, sem vænta má, lítill eða enginn árangur af kynbótastarfseminni.

Því er hjer lagt til að láta ein og sömu lög um þetta efni gilda fyrir land alt, og er frumvarpið sniðið eftir gildandi lögum og venjulegum hjeraðasamþyktum um þessi efni.

Ed. **157. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1925.

Eggert Pálsson, form.	Hjörtur Snorrason, fundaskr.	Sigurður Jónsson, frsm.

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrv. á þskj. 28, með breytingunni á þskj. 147.

Nd. **159. Lög**

um eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi.

(Afgreidd frá Nd. 9. mars).

1. gr.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps í Eyjafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu undir skóla- og þinghús hreppsins á svonefndri Grund í Ytri-Reistarárlandi.

Stærð lóðarinnar má vera alt að 50 × 50 = 2500 □ metrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæma samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Ed. **160. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allítarlega. Varð það að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1925.

Björn Kristjánsson. Ingvar Pálmason, skrifari og frsm.

Jónas Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **161. Breytingartillaga**

við frv. til laga um slysatryggingar.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

3. töluliður 5. greinar orðist svo:

Foreldrar hins látna. Nú hefir að eins annað foreldri hans að nokkru eða öllu leyti á hendi framfærslu systkina hans í ómegð, og fær það þá allar

dánarbæturnar, enda sje hitt foreldrið ekki styrkþurfi sjer til framfæris. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.

Nd. **162. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Klemens Jónssyni.

Við 3. gr. a. Á eftir orðunum »sögu íslenskra bókmenta« komi: dönsku.
b. Á eftir orðinu »sagnfræði« komi: landafræði.

Nd. **163. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefði helst kosið að geta borið fram heilsteypt bannlagafrumvarp, en það verður að farast fyrir vegna anna nefndarmanna; þær breytingar, sem meiri hlutinn ber fram, verður því að miða við frv. stjórnarinnar; að öðrum kosti mundi naumast vinnast tími til að afgreiða málið á þessu þingi, en breytingar á lögunum hinsvegar bráðnauðsynlegar.

Í frv. stjórnarinnar er ráð fyrir því gert, að læknar haldi áfram leyfi til að gefa út áfengislyfseðla, en í frv. eru aftur á móti ýms ákvæði til að tryggja það, að slíkt leyfi verði eigi misnotað; mun þó mörgum þykja ákvæði frv. eigi ganga nógu langt í þessu.

Meiri hluti allsherjarnefndar vill aftur á móti taka til greina aðalkröfu bannvina og fella niður úr lögunum heimild lækna til að gefa út lyfseðla á áfengi. Verður og ekki um það deilt, að þessi heimild hefir verið herfilega misnotuð af sumum læknum. Það verður og síður talið varhugavert að nema þessa heimild úr lögum, eftir að læknaþingið samþykti ályktun þess efnis á síðastliðnu sumri.

Meiri hluti nefndarinnar ber því fram breytingartillögur við lögin og frv. stjórnarinnar, þar sem farið er fram á að nema þau ákvæði burt, sem lúta að leyfi lækna til að gefa út lyfseðla á áfengi.

Þá vill meiri hlutinn fella niður heimild stjórnarráðsins til að veita

íslenskum fólksflutningaskipum leyfi til að flytja áfengi til landsins til sölu á skipunum í siglingum milli landa og jafnvel milli hafna hjer við land.

Svo er og gerð tillaga um að fella niður heimild sendiræðismanna »framandi« ríkja til að flytja inn áfengi til heimilisþarfa.

Sumum hefir þótt orka tvímælis, að »áfengi« eða »áfengan drykk« í bannlögunum eigi líka við áfengisvökva; til að taka af allan vafa í þessu efni vill meiri hlutinn bæta inn í 1. gr. orðinu »áfengisvökva«, og telur það nægja, þótt ekki verði það nefnt berum orðum annarsstaðar í lögunum, þar sem talað er um áfengi eða áfengan drykk.

Þá er það nýmæli, að lögreglustjóra sje heimilt að láta fara fram húsrannsókn, án undangengins dómsúrskurðar þar um, hjá manni, sem grunur leikur á um óleyfilega sölu eða veitingu áfengis.

Er þetta nauðsynlegt vegna eftirlitsins með bannlögunum hjer í Reykjavík, þar sem lögreglustjóri þarf að leita til bæjarfógeta um dómsúrskurði til húsrannsóknar. Getur lögreglan t. d. talið húsrannsókn nauðsynlega að kvöldi til, eftir að skrifstofu bæjarfógeta er lokað; mætti þá svo fara, að stórum áfengisbirgðum væri komið undan, áður en dómsúrskurður fengist. Þessu verður þó ekki beitt gegn öðrum en þeim, er sekir hafa orðið með dómi fyrir brot gegn 1. málsgrein 12. greinar.

Hefir hjer verið minst á aðalefnið í breytingartillögum meiri hlutans, en að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu; og meiri hluti allsherjarnefndar leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Upphaf 1. greinar skal orða svo:
   Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja o. s. frv.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Við 2. grein.
      2. og 3. málsgrein falli niður.
   b. Við 4. grein. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Á hverju missiri skal birta í Lögbirtingablaðinu skrá yfir þau iðnaðarfyrirtæki, sem hafa fengið áfengi eða áfengisvökva til iðnþarfa. Jafnframt skal geta nafns stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis og hversu mikið áfengi eða áfengisvökva fyrirtækið eða einstakur iðnaðarmaður hefir fengið á umliðnu missiri.
   c. Við 5. grein.
      I. 2. málsgrein falli niður.
      II. Aftan við 6. málsgrein bætist: en farþegar á farangri sínum.
      III. Síðasta málsgrein falli niður.
   d. Við 8. grein.
      Orðin »og 10« falli niður.

3. 3. gr. frv. skal orða svo:
   2. málsgrein 9. greinar falli niður.
4. Á eftir 3. grein frv. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. 10. grein falli niður.
   b. Við 12. grein.
      Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Enn getur lögreglustjóri í Reykjavík, þegar honum þykir ástæða til, látið án dómsúrskurðar gera húsrannsókn hjá manni, er dæmdur hefir verið fyrir brot gegn 1. málsgrein.
5. Við 5. gr. frv.
   5. málsgrein skal orða svo:
   Síðasta málsgrein sömu greinar falli niður.
6. 6. grein frv. skal orða svo:
   18. grein falli niður.

Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 11. mars 1925.

Magnús Torfason, form.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Bernh. Stefánsson.

Nd. **164. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 1. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

Breytingartillagan í nál. á þskj. 128 er tekin aftur.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Ágúst Flygenring, Sigurjón Jónsson og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Allir skíðishvalir skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Enn fremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Ef tjón verður á skipum, farmi, afla eða veiðarfærum af völdum hvalveiðamanna, er sjerleyfi hafa, innan landhelginnar, skal sjerleyfishafi bæta tjónið að fullu, nema um sje að kenna ólöglegu athæfi eða vítaverðu gáleysi þeirra, er fyrir tjóninu verða. Sama gildir og, ef manntjón verður eða aðrar slysfarir af völdum hvalveiðamanna.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Greinargerð.

Norðmenn og — eftir því sem flutningsmenn vita til — allar aðrar þjóðir eru nú horfnir frá algerðri friðun stórhvelis og hafa tekið í lög heimild fyrir ríkisstjórnir sínar til að veita sjerleyfi til hvalveiða, gegn endurgjaldi í ríkissjóð. Á síðasta sumri voru hvalveiðar reknar í hafinu milli Íslands og Færeyja, og er óþarft, að vjer Íslendingar alfriðum hvalinn handa öðrum að drepa, enda er nú talið sannað mál af fiskifræðingum, að hvalir hafi engin áhrif til bóta á síldveiði. Er það reynsla Norðmanna, að síldveiði sje ekki eins stopul síðan hvölum fækkaði, því hvalir geri usla í síldinni og hreki hana engu síður frá landi en að. Það kemur að engu liði, að vjer Íslendingar höfum aðra löggjöf um þessi efni en aðrar þjóðir, og því er frv. þetta fram flutt.

Nd. **166. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá allsherjarnefnd.

Mál þetta hefir verið fyrir þinginu áður, síðast árið 1921; var þá afgreitt frá neðri deild, en felt við 2. umr. í efri deild.

Krafan um skiftingu Ísafjarðarprestakalls er sanngjörn, og hafa sterk rök verið færð fram fyrir þessari sanngirniskröfu, bæði í greinargerð frv. [A. 1921, bls. 415] og í umræðum málsins [C. 1921, bls. 115], og vísast til þess hjer.

Og þótt allsherjarnefnd telji annars rjett, að farið sje varlega í að fjölga prestaköllum, þykja henni svo sterkar ástæður mæla með frv., að hún leggur til, að það verði samþykt.

Tveir nefndarmanna (B. Stef. og Á. J.) áskilja sjer þó rjett til að hafa óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 12. mars 1925.

Magnús Torfason, form. — Árni Jónsson. — Jón Baldvinsson, fundaskrif. og frsm.

Bernharð Stefánsson. — Jón Kjartansson.

Ed. **167. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frv. Fellst hún á þá skoðun, sem kemur fram í athugasemdum stjórnarinnar við það.

Ef það á annað borð á að synda fyrir algerða óbilgirni í garð aðstandenda Áslækjarrjómabúsins, þá virðist ekki nema um tvent að gera, annaðhvort að gefa að nokkru eða öllu leyti eftir lán það, sem umræddu rjómabúi var veitt úr ríkissjóði til smjörlíkisgerðarinnar 1923, eða að undanþiggja búið ákvæðum 5. gr. laga nr. 38, 20. júní 1923.

Fyrri leiðin hefir áður verið reynd, en áleist ekki fær. Síðasta þing synjaði um eftirgjöf á umræddu láni, svo að telja má tilgangslaust að prófa þá leið af nýju.

Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er tilraun gerð til að greiða sanngirninni braut með því að láta ákvæðin í 5. gr. laga nr. 38, 20. júní 1923, ekki ná til umrædds rjómabús. Að þessu ráði hefir háttv. Nd. horfið, og virðist oss sem best fari á því, að háttv. Ed. veiti þessari lausn málsins stuðning sinn.

Líkurnar fyrir því, að slík undanþága, sem hjer ræðir um, geti á nokkurn hátt orðið til skaða, virðast oss harla litlar. En yrði reyndin sú, að framleiðsla smjörs og smjörlíkis á sama stað og með sömu tækjum hefði skaðleg áhrif á gæði smjörsins, þá virðist það liggja í augum uppi, að aðstandendur umrædds rjómabús muni af sjálfsdáðum hætta við aðrahvora framleiðsluna.

En þótt oss virðist, sem ekki verði hjá því komist að veita umrædda undanþágu að því er Áslækjarrjómabúið snertir, þá teljum vjer algerlega óþarft að veita hana til lengri tíma en búið þarf til þess að endurgreiða lánið, sem því var veitt úr ríkissjóði 1923. Og þess vegna leggjum vjer það til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »sem framleiddu bæði smjör og smjörlíki sumarið 1923«, komi:

sem fengið hafa lán úr ríkissjóði til að koma upp smjörlíkisgerð. — Þó getur sú undanþága aldrei staðið lengri tíma en þarf til þess að endurgreiða slíkt lán.

Alþingi, 12. mars 1925.

Eggert Pálsson, form. og frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.

Nd. **168. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aflaskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 8. gr.
Síðari málsliður (»Gefi nokkur — — 5000 krónum«) falli niður.

Nd. **169 Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Síra Friðriki Hallgrímssyni, sem er fæddur á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Almar Viktor Normann, lýsismatsmanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
4. Carl Johan Tanke Hjemgaard, kaupmanni á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.
5. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóra í Krossanesi, fæddum í Noregi.

   Ennfremur veitist ríkisborgararjettur, svo framarlega sem sá maður innan árs frá því að lög þessi öðlast gildi sannar fyrir dómsmálaráðherranum, að hann sje leystur frá því að vera þýskur ríkisborgari,
6. Júlíusi Schopka, verslunarfulltrúa í Reykjavík, fæddum í Þýskalandi.

Greinargerð.

1. Síra Friðrik Hallgrímsson, prestur í Canada, er fæddur í Reykjavík 9. júní 1872. Hann tók prestvígslu hjer á landi og var prestur hjer um hríð. Fluttist vestur um haf 1903 og hefir verið þar prestur síðan. Hefir nú verið kjörinn til prests í Reykjavík, en getur ekki orðið skipaður fyrr en hann, sem hefir öðlast ríkisborgararjett í Canada, hefir aftur fengið ríkisborgararjett hjer á landi.

2. Almar Viktor Normann, lýsismatsmaður í Reykjavík, sem er fæddur í Kabelvaag í Noregi 19. janúar 1883, kom hingað til lands 1904 og hefir dvalið í Reykjavík síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu.
3. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamaður í Reykjavík, sem er fæddur í Trondenesprestakalli í Noregi 4. febr. 1866, kom hingað til lands árið 1905 og hefir dvalið í Reykjavík síðan.
4. Carl Johan Tanke Hjemgaard, kaupmaður á Seyðisfirði, sem er fæddur í Helgeland í Noregi 20. des. 1872, kom hingað til lands árið 1907 og hefir dvalið hjer síðan, á Bakkafirði og á Seyðisfirði, nema hvað hann dvaldi erlendis sjer til heilsubótar árin 1916—1918.
5. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóri í Krossanesi, sem er fæddur í Noregi 20. sept. 1882, kom hingað til lands fyrir 11 árum og hefir dvalið hjer síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu.
6. Július Schopka, verslunarfulltrúi í Reykjavík, sem er fæddur í Þýskalandi 15. febr. 1896, kom hingað til lands árið 1920 og hefir dvalið hjer síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu. Það er venja, þegar um þýska menn er að ræða, að setja sem skilyrði, að þeir sjeu áður leystir frá því að vera þýskir ríkisborgarar.

Allir þessir menn hafa sótt um íslenskan ríkisborgararjett, og um þá alla hafa hlutaðeigandi lögreglustjórar og sveitar- eða bæjarstjórnir lýst því yfir, að ekkert sje frá þeirra hálfu til fyrirstöðu veitingu ríkisborgararjettarins.

Ed. **170. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjármálaráðherra.

Fyrir »1926« í 1. gr. komi: 1927.

Nd. **171. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefir rætt þetta frv., sem borið er fram af stjórninni, á mörgum fundum, en ekki getað orðið á eitt mál sátt, og lætur nú minni hlutinn uppi álit sitt um það á þessa leið:

Dýrtíðaruppbót þeirri til starfsmanna ríkisins, sem ákveðin var með 33. gr. launalaganna nr. 71, 28. nóv. 1919, var sett ákveðið tímatakmark. Hún átti að gilda til ársloka 1925, því það mun hafa verið álit Alþingis 1919, að það væri það lengsta tímabil, er gera þyrfti ráð fyrir dýrtíðaruppbót vegna afleiðinga stríðsins. Reynslan hefir nú samt sýnt það fullkomlega, að ógerlegt er að afnema hana, því að einmitt á þessu yfirstandandi ári hefir uppbótin vaxið allverulega frá árinu á undan. Og þótt hún lækki eitthvað á næsta og næstu árum, meðal annars af hækkandi gengi íslenskrar krónu, þá er þó fyrirsjáanlegt, að dýrtíð, miðað við ástandið fyrir stríðið, muni halda áfram næstu 2 árin, og ef til vill lengur. Minni hlutinn verður því að líta svo á, að ógerlegt sje, eins og nú stendur, að láta dýrtíðaruppbótina falla úr gildi við næstu áramót.

Stjórnin leggur til í frv. sínu, að dýrtíðaruppbótin skuli gilda áfram þangað til hún verður afnumin með nýjum lögum. Þetta getur minni hlutinn ekki aðhylst; hann vill hafa hana tímabundna áfram, þannig, að hún falli úr gildi, þegar tíminn er á enda, nema hún sje framlengd. Hve lengi hún skuli gilda áfram, getur verið álitamál. Það hefir orðið niðurstaðan hjá minni hlutanum, að framlengja hana um tvö ár, til ársloka 1927, og væntir minni hlutinn þess, að stjórnin noti þetta tímabil til þess að rannsaka, hvort ekki sje hægt að finna annan og heppilegri grundvöll fyrir uppbótinni, ef hennar skyldi þá enn þurfa við.

Eftir 33. gr. launalaganna var uppbótin hámarksbundin, þannig, að launin að viðbættri uppbót máttu ekki fara fram úr 9500 krónum; þó máttu samanlögð laun og dýrtíðaruppbót dómara í hæstarjetti nema 10500 krónum. Þetta hámark vill stjórnarfrv. afnema, en á það getur minni hlutinn alls ekki fallist. Sú uppbót mundi að vísu að eins snerta fáeina æðstu embættismenn landsins og ekki nema mikilli upphæð, um 11000 kr., sje uppbótin talin 60%, en minni hl. þykir það óhæfilegt, að bæta eingöngu launakjör örfárra hæst launuðu embættismanna landsins, og telur það engan veginn geta samrýmst þeirri sparnaðarkröfu, sem gerð er til Alþingis af hálfu kjósenda. Þessi hækkaða uppbót mundi og vafalaust draga dilk á eftir sjer, kröfu frá öðrum embættismönnum um bætt launakjör í einhverri mynd.

Það kom til tals í nefndinni, að bæta hinum lægst launuðu starfsmönnum ríkisins, er falla undir launalögin, upp laun þeirra með aukadýrtíðaruppbót. Það var í rauninni enginn ágreiningur um það í nefndinni, að þetta væri sanngjarnt, en þegar það við nánari eftirgrenslan kom í ljós, að jafnvel fremur hófleg uppbót, t. a. m. 400 kr. á 1000 kr. laun, og þar eftir lækkandi um 20% á hverjum 100 krónum, eða 300 krónur á 1500 kr. laun, 200 kr. á 2000 kr. laun o. s. frv., mundi nema um 40 þús. króna, þá treysti minni hl. sjer ekki til að fylgja fram svo hárri upphæð, en er hinsvegar ekki ófús til að fylgja einhverri hæfilegri upphæð í þessu skyni, er stjórnin svo úthlutaði.

Samkvæmt framanskrifuðu leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Orðin »1. gr.« falli burt.
2. Í stað orðanna í 1. gr., sem verður ein gr., »þangað til öðruvísi verður með lögum ákveðið«, komi: til ársloka 1927.
3. 2. gr. falli burt.

Alþingi, 11. mars 1925.

Kl. Jónsson, form. og frsm. Sveinn Ólafsson. Halldór Stefánsson.

Nd. **172. Lög**

um innlenda skiftimynt.

(Afgreidd frá Nd. 12. mars).

1. gr.

Slegin skal íslensk skiftimynt, er gjaldgeng sje á Íslandi einungis. Myntirnar gildi 2 krónur, 1 krónu, 25 aura, 10 aura, 5 aura, 2 aura og 1 eyri.

2. gr.

Tveggja króna peningar og krónupeningar skulu slegnir úr samsteypu af eiri, nikkeli og alúmíníi, tuttugu og fimmeyringar og tíeyringar úr samsteypu af eiri og nikkeli, fimmeyringar og tvíeyringar og eineyringar úr samsteypu af eiri, tini og sinki, eftir nánari ákvæðum í 3. gr.

3. gr.

Skiftimyntir þessar skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þvermál mm.	Þyngd alls gr.	Málmblöndun:
a) Peningar, sem gildi 2 krónur ...	28	9,5	92 þyngdarhlutar af eiri, 6 þyngdarhlutar af alúmíníi og 2 þyngdarhlutar af nikkeli
b) Peningar, sem gildi 1 krónu ...	22,5	4,75	
c) Peningar, sem gildi 25 aura... ...	17	2,4	75 þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngdarhlutar af nikkeli
d) Peningar, sem gildi 10 aura... ...	15	1,5	
e) Peningar, sem gildi 5 aura	24	6	95 þyngdarhlutar af eiri, 4 þyngdarhlutar af tini og 1 þyngdarhluti af sinki
f) Peningar, sem gildi 2 aura	19	3	
g) Peningar, sem gildi 1 eyri	15	1,6	

4. gr.

Breyta má ákvæðum 2. og 3. gr. með konungsúrskurði, ef hin önnur Norðurlandaríki krefjast þess, eftir myntsamningnum, til þess að hin nýja mynt verði ekki of lík þeirra eigin skiftimynt.

5. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir, og skulu 2 krónu, 1 krónu, 25 aura og 10 aura peningarnir vera gáróttir í röndina, en hinir peningarnir sljettir í röndina.

6. gr.

Ekki má skakka meiru um rjetta þyngd á tveggja króna peningum og einnar krónu peningum, þegar hver peningur er prófaður fyrir sig, en hjer segir:

Á tveggja króna peningi 1 af hundraði.
Á einnar króna peningi $1^1/_2$ af hundraði.

7. gr.

Skiftimyntir þær, sem að framan eru nefndar, skulu vera löglegur gjaldeyrir, eftir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna í milli, ef þær eru ekki orðnar mjög mikið eða ólöglega skaddaðar. Þó skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnar krónu og tveggja krónu peningum, 5 krónum í 25-eyringum og 10-eyringum, og 1 krónu í 5-eyringum, 2-eyringum og 1-eyringum. Skiftimyntir þessar hætta þá fyrst að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð, er þær eru orðnar svo slitnar, að ekki verður með vissu sjeð, að þær sjeu íslenskar. Gagnvart öllum öðrum hætta þær að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði auglýsingar frá 25. sept. 1873, er birtir á Íslandi peningalög frá 23. maí 1873, um skiftimyntir þessar, að því leyti sem þau geta átt við þær.

9. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10 til 10000 krónum. Um mál út af þeim brotum fer sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9, 20. júní 1923, um skiftimynt úr eirnikkel.

Nd. **173. Lög**

um breyting á póstlögum 7. maí 1921.

(Afgreidd frá Nd. 12. mars).

1. gr.

Í stað »á öðru« í 2. gr. d. komi: eftir ráðstöfun póststjórnarinnar.

Á eftir liðnum e. komi nýr liður: f. Póstinnheimtum.

Í stað »f.« komi: g.

Framan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í bæjum, þar sem komið hefir verið á fót daglegum útburði póstbrjefa, má enginn reka það sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út brjefasendingar (2. gr. a.).

d-liður 11. gr. orðist svo:

Fyrir póstávísanir:

12 kr. eða minni upphæð ..... 15 aur.
yfir 12 kr. alt að 25 kr. ..... 30 —
yfir 25 kr. alt að 100 kr. ..... 60 —

og 20 aur. fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

Á eftir liðnum e. í 11. gr. komi nýr liður:

f. Fyrir póstinnheimtur innheimtar greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og þar að auki 25 aurar fyrir hverja kröfu, en fyrir hverja kröfu, sem eigi fæst borguð, skal að eins greiða 15 aura.

Í stað »f.« »g.« »h.« komi: g. h. i.

Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna í 16. gr. komi:

Glatist ábyrgðarbrjef í vörslum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda alt að 36 kr. í skaðabætur.

Sje innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og uppfylt hafa verið nánari skilyrði, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu.

Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 36 krónum.

Glatist brjef með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var í brjefinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarrjetturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sje framseldur henni.

Komist það upp, að verð póstsendingar sje í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum, ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á

því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 27. gr.

Hafi póstkröfusending glatast eða skaddast, eða þá innihaldið glatast alt eða eitthvað af því í vörslum póststjórnarinnar, er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún heyrir undir.

Sje póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi verið innheimt, hefir sendandi rjett til að heimta, að póstkröfuupphæðin sje sjer borguð af póststjórninni.

Á eftir orðunum »afleiðingar skaðans« í næstsíðustu málsgrein 16. greinar komi: og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fjekk tilkynningu um vanskilin.

Á eftir 28. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

29. gr. Ráðherra hefir heimild til að ákveða, að burðargjaldstaxtar þeir, sem 11. gr. ræðir um, megi innheimtast með öðrum upphæðum en þar eru settar, ef gengi íslenskrar krónu kynni að gera það óumflýjanlegt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1925.

Nd. **174. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheimilt að nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

2. gr.

Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, haldast óbreytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **175. Frumvarp**

til laga um aflaskýrslur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 134, með breytingunni á þskj. 168.

Nd. **176. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. er komið frá hv. Ed.; sjávarútvegsnefnd hefir athugað málið og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 13. mars 1925.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jón Baldvinsson, frsm.	Jakob Möller, fundaskrifari.

Ágúst Flygenring. Sigurj. Jónsson.

Nd. **177. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (þskj. 118).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið sammála um það, að ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir framkomu þess, sjeu svo veigamiklar, að full sanngirni mæli með því, að það verði að lögum. Einn nefndarmanna (M. T.) var ekki algerlega samþykkur einu atriði frv., en gerði það ekki að neinum ágreiningi.

Til nefndarinnar hafði verið vísað frv. því, er háttv. þingm. Dalam. (B. J.) flytur á þskj. 151, ásamt breytingartillögu við það frá sama þingm., á þskj. 154.

Nefndin lítur svo á, að málavöxtum athuguðum, að sjálfsagt sje að stækka hið friðlýsta svæði á Breiðafirði, samkvæmt því, sem til er lagt á þskj. 151 og 154, og frekar beri að líta á einróma óskir þeirra manna, er eiga selalátur þau, er ráðgert er að verði innan hins friðlýsta svæðis, heldur en andmæli nokkurra manna, sem njóta stundarhagsmuna af því að skjóta sel eða seli nálægt selalátrum annara manna eða ef til vill í þeim.

Með því að nefndin lítur svo á, að þau tvö frumvörp, sem fram hafa komið og vísað hefir verið til hennar um selaskot á Breiðafirði, sjeu vel samrýmanleg í einu lagafrumvarpi, leggur hún það til við háttv. deild, að frv. á þskj. 118 verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Framan við frumvarpsgreinina komi ný grein, sem verði 1. gr., er svo skal orðuð:

1. gr. laganna orðist svo:

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu.

Sama bann skal og gilda á Hvammsfirði utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og þaðan í Hólmlátursborgir.

Alþingi, 12. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, form. Árni Jónsson. Halldór Stefánsson.

Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson, framsögum.

Nd. **178. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið meðnefndarmönnum okkar samferða í þessu máli. Við viljum, að frumvarp stjórnarinnar á þingskjali 29 verði samþykt óbreytt, en meðnefndarmenn okkar hafa lagt til, að gerðar yrðu aðrar allmikilsvarðandi breytingar á bannlögunum. Það, sem á milli ber, er aðallega þrent.

I. Meiri hlutinn leggur til, að numin sje úr lögunum heimildin, sem læknar hafa hingað til haft til þess að gefa út lyfseðla á áfengi. Bera þeir fyrir sig ályktun frá læknaþingi, sem háð var á Akureyri síðastliðið sumar, sem fer í þessa átt. Þó er þess að geta, að því fer fjarri, að þetta sje álit allra lækna landsins eða meiri hluta þeirra, og viljum við í því sambandi skýra frá, að við höfum snúið okkur til stjórnar Læknafjelags Reykjavíkur og leitað álits hennar um þetta atriði. Vísar hún til svofeldrar samþyktar, sem gerð var á fundi Læknafjelagsins mánudaginn 15. des. síðastl.:

»Læknafjelag Reykjavíkur lítur svo á, að samþykt síðasta Læknaþings Íslands um að svifta lyfsala og hjeraðslækna rjetti til þess, að selja áfenga drykki eftir lyfseðlum, brjóti algerlega í bág við þau rjettindi lækna, til að ávísa sjúklingum hver þau lyf, er þeir í hvert skifti telja best henta, og er henni því ósammála«.

Það er þannig sýnilegt, að skoðanir eru æðiskiftar innan læknastjettarinnar í þessu máli. En þetta er ekkert einstakt um áfengið. Skoðanir lækna munu vera æðiskiftar um mjög margar tegundir lyfja. Sennilegt er, að meiri hluti lækna hjer vilji halda heimildinni. Og því finst okkur ekki geta komið til mála að svifta þá heimildinni, þótt minni hluti stjettarinnar sje annarar skoðunar. Ef gengið er út á þá braut, gæti hugsast, að Alþingi þyrfti árlega að skera úr, hvort þetta eða hitt leyfið skyldi heimilt til lækninga, einungis af því, að einhverjir, ef til vill örfáir læknar, hefðu á móti því. — Og þótt nú læknum væri bönnuð þessi leið að lögum, er hætt við, að þeim mundi ekki erfitt að fara í kringum lögin með því að blanda áfengið ýmsum öðrum lyfjum.

II. Þá hefir meiri hlutinn lagt til að nema burt heimild þá, sem íslensk fólksflutningaskip í millilandasiglingum geta fengið nú, til þess að hafa áfengi (annað en Spánarvín) handa farþegum og skipshöfn. Snerum við okkur til stjórnar Eimskipafjelags Íslands og leituðum álits hennar á málinu.

Er svar stjórnarinnar á þessa leið, dags. í gær:

»Vjer höfum meðtekið heiðrað brjef yðar, dags. 2. þ. m., þar sem þjer óskið álits stjórnar fjelagsins um frumvarp það til breytinga á bannlögunum, sem komið hefir fram á Alþingi, að því leyti er það snertir skip vor. Á fundi stjórnarinnar 5. þ. m. var brjef yðar lagt fram og svofeld ályktun samþykt þar að lútandi:

»Stjórnin lítur svo á, sem þetta mundi veikja svo mjög aðstöðu fjelagsins í samkepninni við önnur skipafjelög, sem sigla hingað til lands, að hún ræður eindregið frá því, að slík breyting verði gerð«.«

Er raunar engu við þetta að bæta. Alþingi er kunnur hinn erfiði hagur fjelagsins og sú mikla samkepni, sem það á nú í við erlenda keppinauta. Þykir okkur því mjög varhugavert að tefla fjelaginu í enn meiri fjárhagslega tvísýnu en það er nú í, með því að nema þessa heimild úr lögum.

III. Þá er þriðja aðalbreytingin, sem meiri hlutinn leggur til, að gerð verði á bannlögunum, fólgin í því, að svifta sendiræðismenn erlendra ríkja

þeirri heimild, sem þeir hafa nú til þess að flytja inn áfengi til heimilisþarfa.

Við teljum ekki ástæðu til þess að svifta menn þessa heimildinni, því að ekki er kunnugt, að henni hafi nokkru sinni verið misbeitt. Er og ekki sæmandi að svifta menn þessa því leyfi, sem Alþingi hefir veitt þeim í lögunum.

Ekki þykir ástæða til að fjölyrða um aðrar lítilvægar breytingar, sem meiri hlutinn vill gera. Verður afstöðu okkar til þeirra getið í framsögu.

Alþingi, 12. mars 1925.

Árni Jónsson. Jón Kjartansson, frsm.

Nd. **179. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849 (þingskj. 120).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á einu máli um það, að ráða háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, form. Árni Jónsson, fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson, framsögum. Halldór Stefánsson.

Magnús Torfason.

Nd. **180. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að rannsaka Krossanesmálið.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, samkvæmt 35 gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka hið svonefnda Krossanesmál, og veitir henni rjett til að heimta um það skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Krossanesmálið hefir verið svo mjög rætt, bæði hjer á landi og í Noregi, og svo misjafnar sögur um það gengið, en málið hinsvegar alvarlegt, að sjálfsagt þykir að það sje rannsakað til hlítar.

Nd. 181. Breytingartillaga

við frv. til laga um aflaskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 8. gr.

Í stað »Eftir að veiðin er komin á land« komi: frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

Nd. 182. Breytingartillögur

við frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (þskj. 5, sbr. þskj. 7/1924).

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er íslenskum ríkisþegnum, sem eiga vatnsrjettindi eða ráða yfir þeim, að hagnýta vatnsorkuna og virkja án sjerleyfis 500 eðlishestöfl eða minna. Þó þarf samþykki ríkisstjórnarinnar til, ef virkja skal hluta úr fallvatni, sem án vatnsmiðlunar í meðalrensli hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Til allra stærri vatnsvirkjana skal fengið sjerleyfi, sem ríkisstjórnin eða Alþingi veitir.

Ríkisstjórnin getur heimilað hjeraðsstjórnum og öðrum, sem yfir vatnsrjettindum ráða, að virkja alt að 2500 hestöfl án sjerleyfiskvaðar, ef virkjunin er að eins ætluð til að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um vatnsvirkjanir ríkisins fer eftir ákvörðun Alþingis.

2. Við 4. gr.

a) 2. tölul. orðist svo:

Nafn vatnsfalls þess eða stöðuvatns, sem hugsað er til að taka vatn úr, lýsing á því og aðstöðu og heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota.

b) 7. tölul. Aftan við hann bætist: ef aðrir eru en umsækjandi.
c) 18. tölul. Fyrir »500« komi: 1000.

3. Við 7. gr.
Fyrir »25000« komi: 10000.

4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Sjerleyfi skal aldrei veitt um lengri tíma en 50 ár, nema samþykki Alþingis komi til.

5. Við 12. gr.
a) 7. tölul. 1. málsl. Fyrir »200« komi: 500.
b) Málsliðurinn: »nemi hestaflatalan meiru — — niður með öllu« falli burt.

6. Við 15. gr. 2. tölul. orðist svo:
Áður en gjaldskrá er sett, skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði sínum. Ekki er honum þó heimilt að meta sjerleyfi sitt til peninga, en land og vatnsrjettindi má hann telja með því verði, sem sanngjarnlegt þykir, og skulu það meta 5 dómkvaddir menn, ef ágreiningur verður.

7. Við 21. gr. 1. tölul.
Fyrir »verkfræðingur« komi: eftirlitsmaður.

8. Við 33. gr. 2. tölul.
Fyrir »landareignir og mannvirki« komi: landareignir, vatnsrjettindi og mannvirki.

9. Við 36. gr. 1. tölul.
Fyrir málsliðinn: »Heimilt er — — heill krefur« komi: Slíkt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis, sem þá ákveður þau fleiri og frekari skilyrði, er þurfa þykir.

Nd **183. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ungmennafræðslu (þskj. 148).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Markmið ungmennafræðslunnar er að veita mönnum á aldrinum 16—20 ára, körlum og konum, hæfilega gagnfræðamentun, er veiti þeim rjett til þess að ganga próflaust inn í sjerfræðiskóla, svo sem stýrimannaskóla, verslunarskóla, búnaðarskóla, kennaraskóla og aðra þesshátar skóla.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Ungmennafræðslan fer fram í hjeraðsskólum.

3. Við 3. gr. Greinin fellur niður.

4. Við 4. gr. Greinin fellur niður.

5 Við 5. gr. Greinin fellur niður.

6. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
Tveggja ára ungmennaskóla skal setja á stofn í hjeruðum landsins. Þar sem vel hagar til, mega tvær sýslur eða þrjár þó vera í samlögum um einn skóla. Hver kaupstaður telst hjerað.

7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:
Hjerað hvert eða hjeraðasamlag greiðir þrjá fimtunga stofnkostnaðar, en ríkissjóður tvo. Stjórnarráðið samþykkir skólastað og gerð hússins, svo og fyrirsögn um kenslu og aga í skólanum.

8. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
Hjeruðin reka skólana á sinn kostnað með þeirri hjálp, er þau fá af einstökum mönnum, gjöfum eða sjóðum. Hálfan rekstrarkostnað greiðir þó ríkissjóður. Stjórnarráðið samþykkir reikninga skólans og skipar kennara eftir tillögum skólastjórnar.
Nú verða skólasjóðir svo öflugir, að þeir geta borið rekstur skóla, og fellur þá niður ríkissjóðsstyrkurinn.

9. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:
Skólana skal stofna í þeirri röð, er fjárframlög þau verða lögð fram, sem hjeruðin eiga að inna af hendi. Þó skulu þeir allir reistir á næsta áratug.

10. Bætast við tvær greinar:
a. Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, er sýslunefnd eða sýslunefndir kjósa.
b. Allir eru skyldir að sækja þessa skóla tvo vetur á aldrinum 16—20 ára. Kensla er ókeypis.

11. Við 10. gr. Greinin fellur niður.

12. Við 11. gr. Greinina skal orða svo:
Í ungmennaskólum skal kenna íslenska tungu, einkum kenna mönnum að lesa fornbókmentir vorar í bundnu og lausu máli, þýsku og ensku, sögu Íslands og þjóðskipulag, ágrip af mannkynssögu, landafræði, einkum landafræði Íslands, náttúrufræði með sjerstöku tilliti til landsins sjálfs, stærðfræði ásamt bókhaldi, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og íþróttir, einkum sund, glímur, skautalist og skíða.

13. Við 12. gr. Greinin fellur niður.

14. Við 14. gr. Í stað orðanna »er um ræðir í 11.—13 gr.« kemur: er fyr getur.

15. Við 15. gr. Greinin fellur niður.

16. Við 18. gr. Orðin »er ríkissjóður tekur þátt í að launa samkv. 7. gr.« falla niður.

17. Við 22. gr. Greinin fellur niður.

18. Við 23. gr. Greinin fellur niður.

19. Við 24. gr. Fella skal úr greininni orðin: »og námskeiði«.

Nd. **184. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Í 33. grein laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, er svo ákveðið, að uppbót sú, sem þar um ræðir, skuli gilda til ársloka 1925. Mun það hafa vakað fyrir þinginu þá, að eftir þessi ár mundi sú reynsla fengin, er sýndi, hvort heppilegt væri að halda áfram að greiða uppbótina eftir sömu reglum og áður eða setja nýja reglu, ef þá ekki væri fært að fella hana niður með öllu. Þar sem nú Alþingi 1925 verður að taka afstöðu til málsins, hefir stjórnin lagt þetta frv. fyrir þingið. Kemst stjórnin að þeirri niðurstöðu, að hvorki sje fært að fella dýrtíðaruppbótina niður nje heldur sje ráðlegt að breyta grundvelli hennar, t. d. með því að taka upp þann mælikvarða, að miða við gengi íslenskrar krónu móti gulli. Þá felur frv. í sjer tvær breytingar frá því, sem áður var. Önnur er sú, að afnema hámark það, sem laun og dýrtíðaruppbót mega nema samanlagt, og hin er sú, að þeim skuli einnig greidd dýrtíðaruppbót, sem ekki eru nefndir í launalögum nje öðrum lögum, sem ákveði dýrtíðaruppbót, og munu ekki aðrir falla undir það en ráðherrar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á nokkrum fundum og aflað sjer ýmissa upplýsinga, en hefir ekki getað fylgst að um tillögur sínar. Meiri hlutinn telur frv. stjórnarinnar ganga í rjetta átt í öllu því, sem hjer að framan er nefnt. Þótt ýmsir annmarkar sjeu á dýrtíðaruppbótinni eins og henni er nú hagað, þá mun þó tæplega að svo vöxnu máli hægt að finna annan grundvöll að öllu samanlögðu heppilegri eða sanngjarnari. Hámarksákvæðið virðist og vera næsta ósanngjarnt, því að það kemur einmitt niður á þeim, sem mest missa í við það, að uppbótin er ekki reiknuð af hærri upphæð en 3000 kr. (eða $^2/_3$ uppbótar af 4500 kr.). Og um ráðherralaunin er það að segja, að þau eru í raun rjettri alveg óviðunandi og síst of há, þótt bætt væru upp á sama hátt og önnur embættislaun. Aukinn kostnaður af þessari breytingu allri verður,

ef reiknað er með verðstuðli 90% eða dýrtíðaruppbót 60%, eins og gert er í fjárlagafrv. 1926, hjer um bil 11000 kr.

En meiri hlutanum þykir það á bresta, að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni umbót á kjörum þeirra, sem lægst hafa launin. Kvartanir yfir kjörum þessara starfsmanna hafa hvað eftir annað borist undanfarandi þingum, og hefir þingið tekið þær til greina að því er snertir talsímameyjar, þannig, að þeim hefir verið ákveðin í fjárlögum nokkur upphæð (nú í fjárlagafrumvarpi 1926 kr. 10500) til launauppbótar. En annars hefir öllum slíkum kröfum um launabætur verið á bug vísað með þeirri röksemd, að þingið 1925 mundi endurskoða þessa löggjöf alla um dýrtíðaruppbótina, og yrðu þær þá athugaðar. Nú virðist því ekki mögulegt að skjóta sjer lengur undan þessum kröfum. Að ákveða einhverja upphæð í þessu skyni í fjárlögum og fela stjórninni að úthluta því, virðist ekki gerlegt, heldur verður Alþingi að setja fastar reglur um það, hvernig greiða skuli þessa aukauppbót. Er það gert í viðbótartillögu meiri hlutans hjer á eftir.

Regla sú, sem þar er ákveðin, er einföld og auðveld í framkvæmd. Rjettast þótti að ákveða hana þannig, að hún hækkaði og lækkaði með sjálfri dýrtíðaruppbótinni. Hámark hennar er því miðað við $^2/_3$ dýrtíðaruppbótarinnar, og er þar átt við dýrtíðaruppbótina eins og hún er í raun og veru greidd, þ. e. $^3/_5$ verðstuðulsins. Hæst er þessi aukauppbót af lægstu launum, kr. 1000 og þar undir, en til þess að hún minki jafnt og þjett, eftir því sem launin hækka, en laun og uppbót samanlagt hækki samt sem áður með hækkandi launum, er svo ákveðið, að hún skuli reiknast með jafnt lækkandi hundraðsgjaldi, en af sömu upphæð, kr. 1000. Ef byrjað er við 1000 kr. laun og endað við 3000 kr. laun (2900 kr.) og stigmunur gerður við hvern 100 króna mun í stofnlaunum, þá lækkar hundraðsgjaldið um $^1/_{20}$ í hvert sinn og er komið í 0% við 3000 kr. Dæmi: Ef dýrtíðaruppbótin ($^2/_3$ verðstuðuls) er 60%, greiðist aukauppbót af 1000 króna launum og þar undir 40% af 1000 krónum, eða kr. 400; af 1100 króna launum 38% af 1000 kr., eða kr. 380; af 2000 króna launum 20% af 1000 krónum, eða kr. 200; af 2500 króna launum 10% af 1000 krónum, eða kr. 100 o. s. frv.

Þeir starfsmenn, sem þessarar aukauppbótar njóta, eru talsvert hátt á 2. hundraði, en af því að hún verður svo lág strax og launin hækka, nemur hún þó ekki nema um kr. 40000.00. Aukakostnaður allur af frumvarpinu með viðauka meiri hlutans verður því:

Hækkun samkvæmt stjórnarfrumvarpinu h. u. b.	kr.	11000.00
Aukauppbótin h. u. b.	—	40000.00
Samtals	kr.	51000.00
Þar frá dregst fjárlagaupphæð sú, sem nú er ætluð handa talsímameyjum í fjárlagafrumvarpinu 1926	—	10500.00
Er þá kostnaðaraukinn alls h. u. b.	kr.	40500.00

Þar af er kostnaður af aukauppbótinni kr. 29500.00.

Að meiri hlutinn hefir ekki lagt til, að barnakennarar fengju þessa sömu aukauppbót, stafar ekki af því, að honum þyki laun þeirra svo há, heldur af því, að þessi aukauppbót er skoðuð að eins sem úrlausn fyrir þá,

sem allra verst eru settir; en barnakennarar eru, með sömu launum, nokkrn betur staddir en aðrir starfsmenn, vegna þess að þeir eru lausir við starf sitt alllangan part af árinu, og uppbótin er ekki hærri en svo, að nálega hversu ljeleg sumaratvinna sem er, mundi gefa þeim eins mikið í aðra hönd. Væru barnakennarar teknir með, mundi sá auki nema um 26½ þús. kr.

Einn nefndarmanna, Magnús Jónsson, lætur þess getið, að hann telur rangt að svifta sveitapresta ⅓ dýrtíðaruppbótar og mun bera fram breytingartillögu um það.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi:

VIÐAUKA.

Á eftir 2. gr. frumvarpsins kemur ný grein, sem verður 3. grein og orðast svo:

Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Allir þeir, sem launabóta njóta samkvæmt lögum þessum og hafa lægri föst árslaun en 3000 kr., að meðtöldum aukahlunnindum, svo sem ókeypis húsnæði, fá sjerstaka aukauppbót, er miða skal við hina almennu launabót og reiknast í hundraðshlutum af 1000 krónum. Aukauppbót þeirra, er hafa 1000 kr. eða minna, nemur ⅔ hlutum hinnar almennu launabótar af 1000 krónum, en lækkar um 1/20 við 100 króna hækkun stofnlaunanna, þar til hún þrýtur. Aukauppbótar þessarar njóta ekki barnakennarar eða neinir aðrir en þeir, sem nefndir eru í lögum þessum. Aukauppbótin greiðist jafnframt launum.

Alþingi, 12. mars 1925.

Magnús Jónsson, frsm. meiri hl.	Jakob Möller.	Björn Líndal.	Jón A. Jónsson, með fyrirvara.

Nd. **185. Nefndarálit**

um frv. til laga um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Þegar allsherjarnefnd barst frv. þetta frá atvinnumálaráðherra, tók hún það þegar til athugunar og að hennar undirlagi var það borið fram í þinginu.

Jafnskjótt og frv. var útbýtt, tók nefndin það til yfirlestrar og athugunar á ný, ræddi um efni þess og orðalag og þær breytingar, sem við frv. þyrfti að gera. Var þessari athugun langt komið, þegar frv. var vísað til nefndarinnar.

Það er langt síðan krafa um almenna slysatryggingu kom fram á Alþingi. Með auknum iðnaði og vaxandi notkun vjela hefir þörfin orðið brýnni með ári hverju og kröfurnar háværari.

Í fyrsta sinni liggur málið nú fyrir í ákveðnu formi. Við samning frv. hefir verið höfð hliðsjón af þeirri einu lögmæltu skyldutryggingu, sem hjer hefir verið til, en það er slysatrygging sjómanna. Lög þau, er þar um gilda, eru undirstaða frv. og nálega öll ákvæði þeirra laga tekin þar upp. Dánarbætur og bætur fyrir slys eftir frv. eru jafnháar og í lögunum um slysatryggingu sjómanna; en aftur er ákvæðið um dagpeninga nýtt, og verður það tvímælalaust að teljast til bóta.

Eftir lögum um slysatryggingu sjómanna greiða sjómenn og útgerðarmenn iðgjöldin að jöfnum hluta hvor, en á smærri bátum tekur ríkissjóður þátt í greiðslu iðgjaldanna; helst sú þátttaka ríkissjóðs í greiðslu iðgjaldanna óbreytt í frv.; en að öðru leyti eru engin bein ný útgjöld lögð á ríkissjóð með frv., nema hvað kostnaður við stjórn slysatryggingarinnar á að greiðast úr ríkissjóði; er naumast ætlandi, að sá kostnaður fari neitt verulega fram úr því, sem nú er greitt úr ríkissjóði í stjórnarkostnað við slysatryggingu sjómanna.

Það er nýtt í frv., að atvinnurekendur skuli greiða iðgjöldin, en hvarvetna mun það vera siður, að atvinnurekendur greiði kostnaðinn við slysatryggingu verkamanna þeirra, er hjá þeim vinna. Fyrir þessu gerir nefndin, er samið hefir frumvarpið, mjög glögga grein í athugasemdunum. Þar segir svo:

»Jafnframt leggur nefndin til, að öll iðgjöldin greiðist af atvinnurekendum. Er það í samræmi við þá almennu meginreglu, sem fylgt er svo að segja undantekningarlaust alstaðar þar, sem slysatryggingar hafa verið teknar í lög, að sjálfur atvinnureksturinn sje látinn bera slysaáhættuna, en ekki hinir einstöku verkamenn, enda virðist það eðlilegt, þar sem slysaáhættan er svo misjöfn við mismunandi atvinnurekstur og venjulega eigi tekið mikið tillit til þess mismunar við ákvörðun vinnukaups. Og það virðist því sanngjarnara, að atvinnurekendur beri kostnaðinn við þessar tryggingar, sem þeir eru eigi skyldir að taka neinn beinan þátt í kostnaði við aðrar tryggingar verkamanna, svo sem sjúkratryggingar og ellitryggingar«.

Um framkvæmd hinna nýju trygginga er auðvitað ekki hægt að segja neitt fyrirfram með vissu. En þar er þó hægt að byggja á þeirri reynslu, sem fengist hefir um slysatryggingu sjómanna, svo langt, sem sú reynsla nær; enda verður slysatrygging sjómanna stærsti liðurinn í tryggingarstarfseminni.

En það má þó telja víst, að iðgjöld flestra hinna nýju tryggingar- eða áhættuflokka verða að miklum mun lægri, líklega alt að því helmingi lægri, en iðgjöld sjómanna eru nú. Er og enginn samanburður á slysahættunni við sjómenskuna og við störf þau, sem í landi eru unnin, þó að slys komi þar eigi ósjaldan fyrir.

Það er auðvitað galli, að slysatryggingin skuli ekki þegar í byrjun vera almenn, þ. e. a. s. ná til allrar starfsemi í landinu, sem nokkur slysahætta er við. En það er bótin, að með frv. er lögð undirstaða að tryggingarstarfsemi, sem hægt er að byggja ofan á, eftir því sem reynslan sýnir að hagkvæmast muni vera.

Breytingar þær, sem nefndin vill gera á frv., eru langflestar að eins orðabreytingar eða leiðrjettingar, þar sem frv. er fært til betra máls; hinar örfáu efnisbreytingar eru ekki stórvægilegar. T. d. er í d-lið 1. gr. bætt við þrem flokkum manna, sem nefndin ætlast til að verði tryggingarskyldir; eru það lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita.

Nefndin vill taka það fram, að slysatryggingunni beri, að minsta kosti í byrjun, að leggja til eyðublöð undir tilkynningar og vinnuskrár, samkvæmt 9. og 12. gr. frv., og ættu þá slík eyðublöð að fást hjá hreppstjórum og lögreglustjórum.

Að öðru leyti verður í framsögu gerð nánari grein fyrir frv. og breytingunum, en það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. 2. b. Niðurlag liðsins frá »rafleiðslu þar sem — — fleiri vinna« skal orða þannig: rafmagnsleiðslur, þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvjelar eru notaðar að staðaldri.
2. Við 1. gr. 2. d. Á eftir »hafnsögumenn« komi: lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita.
3. Við 1. gr. Upphaf 9. málsgreinar skal orða þannig:
   Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið, að starfið o. s. frv.
4. Við 1. gr. Orðið »verulegum« í 10. málsgrein breytist í: verklegum.
5. Við 3. gr. Fyrri málsgrein skal orða svo:
   Þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er trygður í, veitir slysatryggingin bætur samkvæmt eftirfarandi reglum.
6. Við 4. gr. b. Í stað »er að læknis dómi« komi: að dómi læknis er.
7. Við 5. gr. Í stað »ekkjumaður« í 7. málsgrein komi: ekkill.
8. Við 5. gr. Orðin í 7. málsgrein »ef barnið er ekki á framfæri ekkjunnar, en 200 kr., ef það er á framfæri hennar«, falli niður.
9. Við 6. gr. Í niðurlagi 3. málsgr. falli niður orðið »þó« á seinni staðnum.
10. Við 6. gr. Síðasta málslið 4. málsgreinar skal orða svo:
    Þó getur Slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið, eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.
11. Við 7. gr. Upphaf 5. málsgreinar skal orða svo:
    Skráningarstjóri sendir Slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar. Hann skal o. s. frv.
12. Við 9. gr. Orðið »þesskonar« í upphafi greinarinnar falli niður.
13. Við 9. gr. 1. málslið 2. málsgr. skal orða svo:
    Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrá á þann hátt, sem Slysatryggingin mælir fyrir um.

14. Við 12. gr. Upphaf síðari málsgreinar skal orða svo:
Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir o. s. frv.
15. Við 13. gr. Í stað orðsins »slysið« komi: slys.
16. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum o. s. frv.

Alþingi, 14. mars 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrit., frsm.	Árni Jónsson.

Bernharð Stefánsson. Jón Kjartansson.

Nd. **186. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aflaskýrslur.

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. gr.
Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein:
Það skal og veita hlutaðeigandi stjórnarvöldum aðstoð sína og umboðsmanna sinna við söfnun fullnaðarskýrslna um fiskiafla.

Ed. **187. Lög**

um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

1. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands, er atvinnumálaráðherra heimilt að lána af fje sjóðsins:

a) hreppsfjelögum eða bæjarfjelögum, sem eru nauðulega stödd vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar miklu eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum.
b) fóðurbirgðafjelögum eða öðrum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.
c) hreppsfjelögum, er koma á fót hjá sjer bústofnslánadeildum.

2. gr.

Lán þessi skulu veitt gegn 5 af hundraði í vöxtu á ári og ekki til lengri tima en 20 ára. Lánin skulu jafnan trygð með ábyrgð hlutaðeigandi sýslusjóðs eða bæjarsjóðs. Nánari reglur um afgreiðslu lánanna, innihald skuldabrjefa og innheimtu lánanna getur atvinnumálaráðherra sett.

3. gr.

Hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi, sem óskar láns eftir heimild a-liðs 1. gr., er skylt að gefa atvinnumálaráðherra nákvæma skýrslu um hag sinn og sýna fram á, hvers vegna efnahagur hreppsins eða bæjarins er kominn svo, að lán sje nauðsynlegt. Og meðan nokkuð er ógreitt af slíku láni er hlutaðeigandi hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi skylt að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega, nægilega snemma, áætlun um tekjur sínar og gjöld, og má ekki, meðan svo stendur á, ráðast í neinar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, nema þær sjeu beinlínis lögskipaðar, enda er hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyld til að breyta áætluninni, ef ráðuneytið leggur svo fyrir.

4. gr.

Lán þau, er ræðir um í b-lið 1. gr., skal að eins nota til stofnunar forðabúra eða stækkunar þeirra, enda sjeu samþyktir þeirra settar og staðfestar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru en helmingi stofnkostnaðar eða aukningar.

5. gr.

Lán eftir c-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfjelag hafi sett reglur um bústofnslánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefir staðfests, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnslánadeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum í tje fyrirmynd að slíkum reglum, og hefir heimild til að setja frekari reglur um lán þessi, ef þurfa þykir.

6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en sem svarar hluta þeirra í sjereigninni og hinum sameiginlega sjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **188. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (þskj. 118).

Frá landbúnaðarnefnd.

Í stað orðanna »sektarupphæðin skal nema« komi: viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera.

Nd. **189. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Vjer undirritaðir 4 nefndarmenn höfum eigi getað orðið samferða meðnefndarmönnum vorum um meðferð þessa frv. og finnum oss knúða til að leggja á móti a- og e-liðum 1. gr. frv., svo og 2. gr.

Eftir a-lið 1. gr. frv. á að miða skattgjald innlendra hlutafjelaga við meðaltal af skattskyldum tekjum fyrir 3 árin næstu á undan skattgreiðslunni og 2 árin síðustu, ef fjelag hefir að eins starfað 2 ár.

Slík regla er af ýmsum ástæðum talsvert athugaverð, ekki að eins vegna þess, að hún virðist leiða til allmikillar tekjurýrnunar fyrir ríkissjóð, svo sem síðar skal að vikið, heldur einnig vegna hins, að ef hún er hafin að loknum þrem gróðaárum, þá verður gróði 1. og 2. árs tvískattaður, með því að skattur fyrir þau ár myndi að sjálfsögðu hafa verið greiddur eftir gildandi ákvæðum laganna.

Óneitanlega mundi meðaltalsregla þessi veita gjaldendum mikla ívilnun í skattgjaldi, ef hafin væri í lok þriggja ára tímabils, þar sem 2 fyrri árin hefðu verið tekjurýr eða tekjulaus, en síðasta árið tekjumikið, eða líkt og nú er ástatt með nokkur hinna stærri útgerðarhlutafjelaga. En jafnaugljós og þessi ívilnun er fyrir skattþegna þá, sem í hlut eiga, er einnig tekjurýrnunin af þessari reglu fyrir ríkissjóð. Hann mundi oft fara á mis við þann tekjuauka, sem leiddi af stighækkun skattsins, þegar tekjuauðug ár koma fyrir, og fá skattinn greiddan eftir reglum 7. gr. skattalaganna um lágmarksskatt. Má jafnvel ætla, eftir reynslu nokkurra undanfarinna ára, að skattskyldar tekjur eftir meðaltalsreglunni færu sjaldan fram úr 10% af stofnfje, og yrði þá skatturinn af þeim tekjum skattskyldum jafnan á lægri þrepum skattstigans.

Jöfnuð þann í skattgreiðslunni frá ári til árs, sem stefnt er að með meðaltalsreglunni, álítum vjer ekki mikilsverðan. Hann leiðir til skattgreiðslu á tekjulausum árum, sem er óeðlileg, en veitir ívilnun um stighækkun skattsins fyrir hlutafjelög, þegar gróðaár koma fyrir og aðrir gjaldþegnar, er tekjuskatt greiða eftir 6. gr. skattalaganna, verða að hlíta stighækkuninni.

Í ástæðum frv. virðist fullmikið gert úr áhættu útgerðarhlutafjelaga þeirra, sem hjer starfa. Hjá mörgum þeirra hefir að vísu verið rekstrarhalli undanfarið krepputímabil frá stríðslokum, en það sama hefir gilt um flest önnur atvinnufyrirtæki á því tímabili, bæði til sjós og lands. Hins vegar hafa útgerðarhlutafjelögin stöðugt eflst og fjölgað frá því eftir síðustu aldamót, jafnvel langtum framar en nokkur önnur atvinnustarfsemi í landinu, og dregið til sín mikinn hluta af fjármagni þjóðarinnar, en það hefðu þau að eðlilegum hætti ekki átt að gera, ef atvinnugrein þeirra hefði verið mjög stopul og áhættusöm, enda er sú skoðun harla almenn, að togaraútgerðin, sem hjer kemur einkum til greina, sje öruggari og vissari en útvegur með bátum og smáskútum, sem er meira staðbundinn og háður veðurfari og fiskigengd á grunnmiðum.

Um e-lið 1. gr. frv. er það að segja, að hann er bein afleiðing af ákvæðum a-liðs, þótt hann gæti staðist í sambandi við önnur ákvæði frv. Báðir mundu þessir liðir, ef lögfestir yrðu, svifta ríkissjóð að miklu leyti þeim stighækkaða tekjuskatti frá ýmsum fiskveiðihlutafjelögum, sem honum ber, af miklum verðmætisgróða næstliðins árs.

2. gr. frv. getur eigi átt við, þegar burtu falla *a*- og *e*-liðir 1. gr., enda í sjálfu sjer eigi líkleg til að skapa alment rjettlæti um skattgreiðslur, þótt frv. yrði samþykt óbreytt.

Til frekari skýringar skoðun vorri um áhrif meðaltalsútreiknings á skattskyldum tekjum hlutafjelaga skal hjer sýnt yfirlit yfir útreikning skattsins um 12 ára tímabil eftir gildandi lögum og eftir reglum frv. Er miðað við 400000 kr. stofnfje og tekjur áætlaðar mjög breytilegar, en gert ráð fyrir 2 tekjulausum árum á undan 1. árinu, sem frumvarpsreglunni er beitt við, og mundi með því farið nærri því ástandi, sem hjer hefir verið undanfarið.

Ár	Stofnfje	% af stofnfje skattskylt	Arstekjur skattskyldar	Skattur eftir gildandi lögum	Skattur eftir reglum frv.
			kr.	kr.	kr. [1])
1924 ...	400000	35%	140000	27600	5933
1925 ...	—	12%	48000	6200	9133
1926 ...	—	2%	8000	400	9666
1927 ...	—	8%	32000	3400	2999
1928 ...	—	50%	200000	42600	12600
1929 ...	—	1%	4000	200	12333
1930 ...	—	3%	12000	800	11000
1931 ...	—	0%	0	0	266
1932 ...	—	20%	80000	12600	3199
1933 ...	—	80%	320000	78600	25933
1934 ...	—	½%	2000	100	26100
1935 ...	—	0%	0	0	19433
			Alls:	172500	138595

1) Aurum er hvarvetna slept við útreikning skattsins.

Eftir niðurstöðum framanritaðs yfirlits ætti skaði ríkissjóðs á þessum 12 árum að nema 33905 kr. eftir ágiskuðum tekjum, og mundi niðurstaðan verða lík hvernig sem tekjur væru, þegar samtala nokkurra ára kemur fram.

Vjer getum fallist á ákvæði frv. um meðferð varasjóða og annara sjóða hlutafjelaganna, sem felast í *b*-, *c*- og *d*-liðum 1. gr. frv. Einnig teljum vjer rjett að lögleiða ákvæði 3. og 4. gr. En með tilliti til framangreindra breytinga á 1. gr., álítum vjer rjett að breyta 5. gr. í þá átt, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1926.

Eftir framansögðu ráðum vjer því deildinni til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   I. Stafliðirnir *a* og *e* falli burt.
   II. Fyrir »b. og c. lið« í d-lið komi: a- og b-lið.
   III. Stafliðirnir b., c., d. verði: a., b., c.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 5. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Alþingi, 11. mars 1925.

Kl. Jónsson, form. Halldór Stefánsson. Jakob Möller. Sveinn Ólafsson, frsm.

Nd. **190. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu.

Sama bann skal og gilda á Hvammsfirði utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og þaðan í Hólmlátursborgir.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20 júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Ed. **191. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi 1. gr. laganna: »Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að« skal koma:

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1927 að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **192. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðuneytið getur undanþegið ákvæðum þessarar gr. það eða þau rjómabú, sem fengið hafa lán úr ríkissjóði til að koma upp smjörlíkisgerð. — Þó getur sú undanþága aldrei staðið lengri tíma en þarf til þess að endurgreiða slíkt lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **193. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar: »Prestar — — — $^2/_3$ launauppbótar« falli niður.

Nd. **194. Frumvarp**

til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða lögreglustjórum kostnað við innheimtu gjalda þeirra af erlendum fiskiskipum, sem ákveðin eru í 54. gr. laga nr. 27, frá 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs. Greiðsluna má ákveða fyrir hvert lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og miða við tiltekinn hundraðshluta af upphæð gjaldanna, þó aldrei hærri en 25% af öllum slíkum gjöldum í um-

dæminu. Greiðsluna mega lögreglustjórar telja til frádráttar fiskiskipagjöldunum á aukatekjureikningi sínum.

Er hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns innheimtir gjöldin, skal greiðslan fyrir innheimtukostnað renna óskert til hans.

2. gr.

Síðasta málsgrein 4. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 54. gr. laga nr. 27, frá 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs, er m. a. svo ákveðið, að dönsk fiskiskip skuli greiða í ríkissjóð 1 kr. af smálest hverri, og önnur erlend fiskiskip 50 au. af smálest í fyrsta sinn á hverju ári, sem skjöl þeirra eru skoðuð af valdsmanni hjer á landi.

Eftir að lög nr. 33, frá 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi, gengu í gildi, hefir það þótt orka nokkuð tvímælis, hvort sú breyting hafi verið gerð á með niðurlagsákvæði 4. gr. laganna, að alt þetta gjald skyldi renna til innheimtumanna. Ekki þykir ástæða til þess, að leggja nokkurn dóm á þann ágreining hjer, en hinsvegar verður að telja það óviðunandi, að alt þetta gjald renni til innheimtumanna. Með því er stofnað til hins mesta misrjettis milli lögreglustjóranna, þar eð sumir þeirra njóta engra hagsmuna af gjaldinu, en sumir þeirra miklu meiri en nokkru hófi gegnir, og þá einkum þeir sumir hverjir, er ríflegastar hafa tekjurnar og tiltölulega minst hafa fyrir því að innheimta gjaldið.

Víða hagar aftur á móti svo til, að gjöld þessi nást ekki, nema gerð sje ferð út í skipið til þess, og fylgir því talsverður kostnaður, sem nú orðið fæst ekki að fullu endurgoldinn með áritunargjaldinu samkvæmt lögunum frá 1894 um aukatekjur sýslumanna og tollgæslugjaldinu.

Þykir því nauðsyn á að setja ný lög um þetta, bæði til þess, að ekki geti lengur orkað tvímælis, hvernig fara skuli með gjöldin, og jafnframt til þess að koma í veg fyrir misrjetti, hvernig sem gildandi lög eru skilin. — Þótt ekki sje ætlast til, að skrifstofufje lögreglustjóranna sje skorið svo mjög við neglur, að þeir sjeu ekki skaðlausir af, verður það þó ekki talið svo ríflega af mörkum látið, að ekki sje gild ástæða til þess að greiða þeim aukaþóknun fyrir innheimtu skipagjaldanna. Þykir því rjett að gefa stjórninni heimild til þess að verja nokkru af gjaldinu til innheimtukostnaðar, sem alt af hlýtur að verða talsvert mismunandi eftir staðháttum. Er ætlast til, að stjórnin taki fult tillit til þessa við ákvörðun innheimtugjaldsins.

Nd. **195. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

A. Tekjur.

1.	Við 2. gr. 6. (Vitagjald): Fyrir »210000« kemur		250000
2.	— 2. — 4. (Aukatekjur): Fyrir »280000« kemur		300000
3.	— 2. — 11. (Útflutningsgjald): Fyrir »700000« kemur		800000
4.	— 2. — 12. (Áfengistollur): Fyrir »460000« kemur		500000
5.	— 2. — 13. (Tóbakstollur): Fyrir »430000« kemur		450000
6.	— 2. — 14. (Kaffi- og sykurtollur): Fyrir »890000« kemur		950000
7.	— 2. — 16. (Vörutollur): Fyrir »1200000« kemur		1350000
8.	— 2. — 17. (Verðtollur): Fyrir »450000« kemur		800000
9.	— 2. — 21. (Víneinkasala): Fyrir »300000« kemur		375000
10.	— 2. — 22. (Tóbakseinkasala): Fyrir »200000« kemur		275000

B. Gjöld.

11.	— 7. — II. 3. Nýr liður: Til afborgunar lausra skulda		600000
12.	— 10. — III. 3. (Ríkisráðskostnaður): Fyrir »8000« kemur		4000
13.	— 11. — 8. (Landhelgisgæsla): Fyrir »85000« kemur		150000
14.	— 12. — 2. (Ritfje landlæknis): Fyrir »2000« kemur		1500
15.	— 12. — 3. (Styrkur til læknisvitjana): Fyrir »3000« kemur		6000

16. Við 12. gr. 4. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði):
Fyrir »2000« kemur 1500
17. — 12. — 8. (Geislalækningastofan):
Fyrir »10000« kemur 11000
18. — 12. — 9. Nýr liður:
Til Jóns læknis Kristjánssonar, ferðastyrkur 1500
19. — 12. — 13. c. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir):
Fyrir »15000« kemur 24000
20. — 12. — 13. j. Nýir liðir:
a. Til Halldórs Arnórssonar, umbúðasmiðs 1500
b. Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að 1200
21. — 13. — B. II. 7. Nýr liður;
Vaðlaheiðarvegur... 20000
22. — 13. — B. III. (Viðhald þjóðvega):
Fyrir »175000« kemur 180000
23. — 13. — B. IX. 3. Nýr liður:
Til ferju á Hornafirði 300
24. — 13. — B. XI. 4. Nýir liðir:
a. Á Kleppustöðum 200
b. Í Ytri-Kotum 200
25. — 13. — D. IV. Nýr liður:
Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn.
26. — 13. — E. I. Nýr liður:
Til þess að reisa nýja vita 50000
27. — 13. — E. II. Nýr liður:
Til þess að kaupa hús og lóð við Garðskagavita, eftir mati, alt að 1500
28. — 14. — A. a. 2. (Ritfje biskups):
Fyrir »2000« kemur... 1500
29. — 14. — A. b. 5 (Húsabætur á prestssetrum):
Fyrir »10000« kemur 20000
30. — 14. — A. b. 5. Nýr liður:
Styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum 5000
31. — 14. — B. I. d. (Háskólinn) Nýr liður:
Húsaleigustyrkur 9000
32. — 14. — B. VIII. c. 4. (Hólaskóli, ýms gjöld):
Fyrir »4000« kemur 5000
33. — 14. — B. XIV. 1. (Unglingaskólar):
Fyrir »30000« kemur 38000

34. Við 14. gr. B. XIV. 1. Nýr liður:
Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^{3}/_{5}$ kostnaðar 20000
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.

35. — 14. — XIV. 2. Nýr liður:
Til að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga ... 5000

36. — 14. — B. XV. (Húsmæðrafræðsla)
Fyrir »1000« kemur 2000

37. — 14. — B. XVIII. 2. (Ólafur Pálsson sundkennari)
Fyrir »1000« kemur 1500

38. — 14. — B. XVIII. Nýr liður:
Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl 2000

39. — 15. — 1. e. (Handritaskrá Lbs.) Liðurinn orðist svo:
Til að semja og gefa út skrá yfir handrit... 3000

40. — 15. — 9. (Bókmentafjelagið):
Fyrir »3000« kemur 3600

41. — 15. — 11. (Sögufjelag). Liðurinn orðist svo:
Til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o.fl.

42. — 15. — 14. (Skáld og listamenn):
Í stað a-liðs komi 3 stafliðir:
a. Styrkur til skálda og listamanna 8000
b. Til Guðmundar Friðjónssonar 1200
c. Til Jakobs Thorarensens 1000

43. — 15. — 15. Nýr liður:
Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli 1200

44. — 15. — 17. (Hannes Þorsteinsson):
Fyrir »1500« kemur 2000

45. — 15. — 27. (Veðurstofan):
Fyrir »30000« kemur 40000

46. — 15. — 28. (Íþróttasambandið):
Fyrir »1000« kemur 2000

47. — 15. — 30. Liðinn skal orða svo:
a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót 7700
enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.
b. Til sama, til aðstoðar 1500
——— 9200

48. Við 15. gr. 32. Nýir liðir:
a. Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku 1000
b. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri 1200
Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.

49. — 16. — 1 (Búnaðarfjelag Íslands):
Fyrir »150000« kemur 200000

50. — 16. — 4. Nýr liður:
Til flóðgarðahleðslu á Skeiðum, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, enda sje komið skipulagi á fjárreiður áveitufjelagsins, alt að 8000

51. — 16. — 12. (Fiskifjelag Íslands):
Fyrir »55000« kemur 70000

52. — 16. — 14. Nýr liður:
Til bryggjugerðar, alt að $^1/_3$ kostnaðar, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun 15000

53. — 16. — 26. Liðinn skal orða svo:
Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:
a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót 2100 kr.... 5600
enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í ríkissjóð.
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje 1200
6800

54. — 16. — 27. (Þór):
Fyrir »25000« kemur 35000

55. — 16. — 28. (Þórður Flóventsson):
Fyrir »1000« kemur 1200

56. — 16. — 30. Nýir liðir:
a. Til Lofts Guðmundssonar, fyrir kvikmyndatöku .. 3000
b. Til Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi í verkfræði... 1500

57. — 17. — 3. Nýir liðir:
a. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps 200
b. Til stysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar ... 500

58. — 18. — II. 6. (Jón Jacobson):
Orðin: »ef hann lætur af embætti« falli niður.

59. — 18. — II. e. 12. (Kennaraekkjur). Nýr liður:
Til Elísabetar Jónsdóttur.. 300

60. Við 18. gr. II. f. 8. (Jens Þórðarson):
Fyrir »100« kemur 200
61. — 18. — II. f. 17. (Póstar). Nýr liður:
Til Þorsteins Jakobssonar 200
62. — 18. — II. i. 10. (Ýmsir starfsmenn). Nýir liðir:
a. Til Vigfúsar Sigurðsson vitavarðar 300
b. Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 300
63. — 24. — Ný grein:
I. Stjórninni er heimilt að veita h/f Hvítárbakka eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að upphæð kr. 18666,66, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðseign.
II. Stjórninni skal enn fremur heimilt að gefa mötuneyti Kennaraskólans eftir 3000 kr. lán, er því var veitt úr viðlagasjóði 1923, gegn því, að búsáhöld mötuneytisins verði eign skólans.

Ed. **196. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, með skírskotun til athugasemda stjórnarinnar við frv., að það verði samþykt óbreytt.

Að því er snertir viðaukatillöguna á þskj. 111, sem samþ. hefir verið í háttv. Nd., er það að segja, að samskonar fjárhæð var á Alþingi í fyrra tekin upp í 16. gr. 14. fjárlaganna árið 1925, með þeim ummælum, að sömu upphæð mætti borga út fyrir árið 1924. Eftirlit þetta fer fram eftir 6. gr. laga nr. 37, frá 18. maí 1922. Sbr. tilskipun nr. 43, frá 20. nóv. s. á.

Alþingi, 16. mars 1925.

Jóhannes Jóhannesson, form., frsm. Hjörtur Snorrason, fundaskrifari. Einar Árnason.

Ingibjörg H. Bjarnason. Guðmundur Ólafsson.

Ed. **197. Frumvarp**

til laga um aflaskýrslur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fiskifjelag Íslands skal safna aflaskýrslum um allan þann fisk, sem veiddur er hjer við land og ætlaður er til útflutnings, að undanskildum laxi og silungi.

Skal Fiskifjelagið hafa umboðsmenn í helstu veiðistöðvum landsins, til þess að taka við aflaskýrslum og senda þær til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík eða erindreka þess.

2. gr.

Fiskifjelagið skal birta heildaraflann í aðalveiðistöðvum, landsfjórðungum eða landinu í heild sinni á hálfsmánaðarfresti, eða oftar, ef þurfa þykir.

Það skal og veita hlutaðeigandi stjórnarvöldum aðstoð sína og umboðsmanna sinna við söfnun fullnaðarskýrslna um fiskiafla.

Sömuleiðis skal Fiskifjelaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða fjelögum um fiski í landinu.

3. gr.

Allir árabátar eða smærri vjelaskip, sem leggja veiði sína á land óverkaða, skulu á viku hverri gefa skýrslu um veiði sína, sundurliðaða eftir tegundum, eftir því sem krafist verður.

Formaður og útgerðarmaður bera ábyrgð á því í sameiningu, að skýrslurnar sjeu rjettar og að þeim sje skilað á ákveðnum tíma.

4. gr.

Botnvörpungar og önnur fiskiskip, sem verka afla sinn á skipsfjöl að nokkru eða öllu leyti, skulu í hvert skifti, er þau leggja afla sinn á land, allan eða nokkurn hluta hans, tafarlaust senda skýrslu um þann hluta, sem á land er fluttur, sundurliðaða eftir því sem krafist er.

Skipstjórar á þeim skipum, sem hjer um ræðir, bera ábyrgð á, að skýrslunum sje komið til rjettra viðtakenda, ef þeir leggja aflann á land utan heimilis skipsins. Annars ber útgerðarmaður skipsins ábyrgð á, að skýrslurnar sjeu sendar.

5. gr.

Hver sá, sem afla kaupir eða veitir viðtöku af útlendu skipi, skal skyldur að gefa skýrslu um það, og skal þess þá jafnframt getið, af hvaða skipi veiðin er keypt, eða af hvaða ástæðum hún er flutt á land.

6. gr.

Yfirsíldarmatsmenn skulu skyldir til að senda Fiskifjelaginu á viku hverri skýrslu um þá síld, sem söltuð er í umdæmi þeirra.

7. gr.

Síldarbræðslustöðvar skulu skyldar til að senda á viku hverri skýrslu um alla þá síld, sem þær veita viðtöku og ekki er ætluð til söltunar.

8. gr.

Vanræki einhver að gefa þær skýrslur, sem um ræðir í lögum þessum, varðar það sektum, frá 10 til 50 krónum á dag, frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

9. gr.

Fiskifjelag Íslands sjer fyrir eyðublöðum til skýrslusafnana, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **198. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson, Jón A. Jónsson, Pjetur Þórðarson, Jón Sigurðsson, Þórarinn Jónsson, Björn Líndal, Pjetur Ottesen, Kl. Jónsson og Tryggvi Þórhallsson.

2. gr. laganna skal orða svo:

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem ákvæðisverð prestsmötugjalds nemur, sbr. 5.—7. gr. laga nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta. Kaup skulu síðan gerð áður ár sje liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hvílir sú kvöð á jörðum einstakra manna, hinum svokölluðu bændakirkjueignum, að þeir verða að borga af þeim árlegan skatt, hina svokölluðu prestsmötu. Ekki mun það leika á tveim tungum, að flestir, ef ekki allir, sem fyrir viðburðanna rás hafa orðið eigendur að þeim jörðum, hafa verið mjög óánægðir yfir kvöð þessari, og svo mun vera enn, þó einstaklingar þeir, sem þannig er ástatt fyrir, hafi talið langrjettast, að þeir væru undanþegnir kvöð þessari og að prestsmatan ætti að rjettu lagi að falla til viðkomandi kirkju, en ekki greiðast til ríkisins eða prestanna, þá hefir margra alda venja, og ef til vill skortur á fullkominni rjettsýni, verið því til fyrirstöðu, að þeir væru leystir undan kvöð þessari.

Á seinni tímum virðist þó sú sanngirnishugsun hafa látið meir og meir á sjer bera hjá öllum óhlutdrægum og rjettsýnum mönnum, er látið hafa uppi skoðun sína í þessu efni, að full sanngirni mælti með því, að gefa viðkomendum kost á að leysa sig frá kvöð þessari. Aftur á móti hafa verið dálítið skiftar skoðanir um það, á hvern hátt það skyldi vera. Sumir hafa álitið rjettast, að prestsmatan eða andvirði hennar rynni til hlutaðeigandi kirkju eða eigenda þeirra, þar sem sú kvöð hvílir á þeim að halda kirkjunum sómasamlega við, en gjöld til þeirra jafnaðarlegast ekki meiri en svo, að nemur allra nauðsynlegasta árlegu viðhaldi, eða freklega það. Ljósasti vottur hvað þetta snertir er það, að flestar nýbygðar kirkjur munu skulda eigendum sínum stórfje. Þess munu einnig dæmi, að sumar bændakirkjur eru svo hrörlegar orðnar, að lítt munu vera hæfar til að framkvæma í þeim guðsþjónustu, en efnahag margra hverra eigenda þeirra þannig háttað, að endurbygging hefir dregist óhæfilega.

Aftur á móti hefir það verið álit annara, að sanngirni í þessu tilfelli gagnvart prestsmötugreiðendum væri vel í hóf stilt, ef þeir fengju prestsmötuna keypta. En mjög hafa verið skiftar skoðanir um það, á hvaða grundvelli söluverðið ætti að byggjast.

Með lögum nr. 54, 27. júní 1921, er prestsmötugreiðendum gefinn kostur á að fá þær keyptar af sjer. Samkvæmt þar settum skilyrðum fyrir sölunni gat verð á prestsmötu jafnaðarlega orðið svo hátt, að fátækum mönnum væri algerlega ofvaxið að kaupa hana. Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er leitast við að bæta nokkuð úr þessu, með því að ákveða sanngjarnari sölugrundvöll, þar sem gert er ráð fyrir, að prestsmatan sje seld fyrir þann höfuðstól, er gefi af sjer árlega með 5% vöxtum sömu upphæð og hún nemur samkvæmt ákvæðisverði, sem hluti af heimatekjum til viðkomandi presta upp í laun þeirra, þá er sala fer fram.

Það mun óhætt að fullyrða, að tæplega sje með nokkurri sanngirni hægt að líta öðruvísi á en svo, að það sje öldungis rjett, að öllum málavöxtum athuguðum, að prestsmötugreiðendur fái hana keypta við sem allra vægustum kjörum, sjerstaklega þegar þess er einnig gætt, að ríkissjóður beri ekki neinn rannverulegan halla af sölunni.

Með lögum nr. 13, 19. júní 1922, var svo ákveðið, að prestsmata á Grund í Eyjafirði skyldi falla til viðkomandi kirkju, henni til viðhalds, án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir til ríkissjóðs. Með þessum lagafyrirmælum, sem í sjálfu sjer mega teljast fullkomlega sanngjörn, ef náð hefðu til kirkjueigenda alment, var gengið inn á nýja braut í þessu máli. Var því og þá slegið föstu af ýmsum undir umræðunum, án þess að nokkur mælti því í gegn, að úr því gengið væri inn á þessa braut, yrði að stíga það spor til fulls og láta alla kirkjueigendur njóta jafnrjettis í þessu efni, og var beinlínis skorað á fjárhagsnefnd Nd., sem um málið fjallaði, að gera tillögur um málið á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það, þótt nefndin yrði ekki við þessum áskorunum, þá lýsti framsögumaður nefndarinnar því yfir fyrir hennar hönd, að hún viðurkendi rjettmæti þessarar kröfu, en sökum þess, hve þá var orðið áliðið þings, treysti nefndin sjer ekki til að gera tillögur um afgreiðslu málsins á þann hátt.

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu framsögumanns fyrir hönd nefndarinnar, þótti eftir atvikum ekki rjett að fara fram á algerða eftirgjöf prestsmötunnar, enda tvísýnna um framgang málsins með því fyrirkomulagi en þessa frumvarps, er hjer liggur fyrir, sem tæplega mun verða hægt að segja annað um en sje bygt á fyllstu sanngirni.

Nd. **199. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga sveitarstjórnar-bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd til að íhuga sveitarstjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra nefnir hinn fimta. Skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, ber að telja til nefndarkostnaðar.

Nefndin skal senda atvinnumálaráðherra tillögur sínar eins fljótt og við verður komið, en sjerstaklega er ætlast til, að frumvörp um útsvarsskyldu manna og kosningar til sveitarstjórna og bæjarstjórna verði afgreidd svo fljótt, að þau verði lögð fyrir Alþingi 1926.

Greinargerð.

Á þingi eru komin fram allmörg frumvörp um breytingar á löggjöf þeirri, er nefndin leggur til, að millaþinganefnd taki nú til meðferðar; sjerstaklega á þetta sjer stað um bæjarstjórnarlöggjöfina og horfir þar til hins mesta glundroða, þar sem farið er fram á sjerákvæði fyrir hvern kaupstað, og þau að ýmsu frábrugðin ákvæðum sveitarstjórnarlaganna.

Frv. til laga um bygðarleyfi, sem fram er komið og stefnir til nýrrar löggjafar um dvalarrjett, sem hlýtur að hafa mikil og margháttuð áhrif á atvinnuvegi manna, þarf mjög vandlegrar íhugunar við.

Eigi þýðingarminni er takmörkun sú á því, hvað teljast skuli sveitarstyrkur, sem fram er borin á þessu þingi og virðist hafa fylgi nokkurra þingmanna.

Þegar hjer við bætist, að stytting sveitfestistímans hlýtur að hafa gagngerða breyting á meðferð fátækramála og aðstöðu einstakra sveitarfjelaga í för með sjer, án tillits til þeirrar afarmiklu breytingar, sem orðið hefir í því efni fyrir ný og aukin atvinnuskilyrði, virðist auðsætt, að slíkum málum geti ekki orðið vel ráðið á þeim stutta tíma, sem þingið hefir til umráða, og því sje full þörf á, að öll hjeraðslöggjöfin sje athuguð í heild sinni.

Nd. **200. Frumvarp**

til laga um slysatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn, þá er hjer greinir:
   a. Farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
   b. Fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum fjórrónum eða stærri, er stunda fiskiveiðar 1 mánuð á ári eða lengur.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaup í þeim atvinnugreinum, sem hjer eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsvinna og vöruflutningar í sambandi þar við.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, námugröftur, enn fremur fiskverkun, ísvinna og vinna við rafmagnsleiðslur, þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvjelar eru notaðar að staðaldri.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum.

d. Vegavinna, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, vinna við vatnsleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu trygðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar og slökkvilið, sem ráðið er af því opinbera.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., að starfið sje rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfjelags, eða þá einstaklings eða fjelags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þótt það sje framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.

Tryggingin samkvæmt 2. tölul. nær ekki til skrifstofufólks, nema það taki einnig beinan þátt í verklegum störfum fyrirtækisins.

Tryggingarskyldan hvilir á atvinnurekendum, svo og ríki eða sveitarfjelögum, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning.

Ef ágreiningur verður um, hvort fyrirtæki sje tryggingarskylt, hver skuli skoðast sem atvinnurekandi eða hverjir falli undir trygginguna, skal Slysatryggingin skera úr því, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

2. gr.

Trygginguna samkv. 1. gr. annast stofnun, sem nefnist »Slysatrygging ríkisins«. Er henni stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Hefir stjórnarráðið yfirumsjón með stjórn Slysatryggingarinnar, og greiðist kostnaðurinn við hana úr ríkissjóði.

3. gr.

Þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er trygður í, veitir Slysatryggingin bætur samkvæmt eftirfarandi reglum.

Sjómenn eru trygðir fyrir slysum á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

4. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal Slysatryggingin greiða þær bætur, sem hjer segir:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 4 vikur, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður aftur vinnufær eða úrskurður er feldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó aldrei lengur en í 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag, þó mega þeir aldrei fara fram úr $^{3}/_{4}$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð.
b. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 4000 kr., og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna

skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en að 1/6 hluta.

5. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því, að það bar að höndum, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum dánarbætur 2000 kr.

Rjett til dánarbótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og þau verið samvistum, þegar það vildi til, eða hafi konan notið framfærslueyris frá manninum. Hafi þau eigi verið samvistum og konan eigi notið framfærslueyris frá manninum, er það á valdi Slysatryggingarinnar að skera úr, hvort hún skuli fá bæturnar að öllu eða nokkru leyti eða alls ekki.

   Ef gift kona deyr af slysi, fær ekkillinn bæturnar eftir sömu reglum sem ekkja.
2. Börn hins látna, skilgetin eða óskilgetin, hafi þau verið á hans framfæri þegar slysið varð. Sama gildir og um fósturbörn.
3. Foreldrar hins látna. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.
4. Systkini hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Hljóti ekkja eða ekkill dánarbæturnar, skal að auki greiða 200 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 400 kr., er ekkja fær dánarbæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 200 kr. í viðbót. Þó skal engin viðbótarupphæð greidd, ef eitt barn fær dánarbæturnar.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkv. 4. gr. b.

6. gr.

Til þess að standast útgjöld Slysatryggingarinnar önnur en þau, sem nefnd eru í 2. gr., skulu atvinnurekendur í þeim atvinnugreinum, sem nefndar eru í 1. gr., svo og ríki og sveitarfjelög, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem trygðir eru, til útgjalda.

Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skifta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sjerstök iðgjaldsupphæð fyrir hvern trygðan mann í þeim flokki, miðuð við tímalengd (klukkustund, dag, viku, mánuð eða ár), og skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem Slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiftinguna í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingu á skiftingunni í áhættuflokka og á iðgjöldunum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sjerstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur Slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

7. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem trygðir eru samkvæmt 1. gr. 1, reiknast eftir vikum, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og telst frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráningin fer fram skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr. 1) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn vjelbáta minni en 5 lestir greiða að eins $^4/_5$ og útgerðarmenn róðrarbáta $^7/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

Skráningarstjóri sendir Slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

8. gr.

Nú forfallast slysatrygður skipverji, og gengur ótrygður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

9. gr.

Sjerhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 1. gr. 2., skal, þegar lög þessi ganga í gildi, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra) tvíritaða tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er Slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða iðgjaldagreiðslu þess. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skift að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir Slysatryggingunni. Verkamenn skoðast trygðir frá þeim tíma, er lögin ganga í gildi eða fyrirtækið byrjar, hvort sem það hefir verið tilkynt eða ekki.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrár á þann hátt, sem Slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast iðgjöldin við þær, en lögreglustjóri sjer um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. má taka lögtaki.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir. Af iðgjöldum samkvæmt 9. gr. greiðast 6% í innheimtulaun. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

11. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæti auk þess sektum.

12. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má, að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda svo fljótt sem auðið er lögreglustjóra, eða hreppstjóra áleiðis til lögreglustjóra, tilkynningu um slysið í því formi, sem Slysatryggingin skipar fyrir um. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rjett til bóta frá Slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til Slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Getur lögreglustjóri, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, haldið próf í málinu.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

13. gr.

Undir eins og Slysatryggingunni hafa borist nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur við ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiða samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir mist af vinnuafli sínu. Eru þá örorkubætur ákveðnar.

14. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum, og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt þær bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögunum, nje leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

15. gr.

Eigandi tryggingarskylds fyrirtækis má tryggja sjálfan sig, ef hann óskar þess, með verkamönnum sínum og með sömu skilmálum. Ennfremur getur hann krafist þess, að aðrir þeir, sem starfa við fyrirtækið, en eru eigi tryggingarskyldir, sjeu látnir falla undir trygginguna.

16. gr.

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í Slysatryggingunni á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist þá hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

17. gr.

Þeir, sem stunda einhverja þá atvinnu, er nefnd er í 1. gr. 2., en ekki eru tryggingarskyldir, hafa rjett til að tryggja verkamenn sína og einnig sjálfa sig gegn slysum hjá Slysatryggingunni, með sömu kjörum sem tryggingarskyld fyrirtæki sömu tegundar. Ef vafi er á, til hvaða áhættuflokks slíkt fyrirtæki skuli telja, sker Slysatryggingin úr því.

18. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiftingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifjelag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verslunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur skipar. Ef stofnaður verður almennur fjelagsskapur meðal atvinnurekenda í mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiftingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rjett til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar. Sama rjett hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum Slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist, að Slysatryggingin standi í skilum. Þær fjárhæðir, er ríkissjóður kynni að greiða samkvæmt þessu, skulu endurgoldnar ríkissjóði jafnskjótt sem Slysatryggingin verður þess megnug.

20. gr.

Slysatrygging ríkisins tekur við eignum og skuldbindingum Slysatryggingarsjóðs sjómanna. Að öðru leyti eru lög nr. 32, 27. júní 1921, úr gildi numin.

21. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar og þeirra 2 fulltrúa, er um getur í 18. gr.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna til Slysatryggingarinnar. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Nd. **201. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 161, við frv. til laga um slysatryggingar.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

Í stað orðanna »enda sje hitt foreldrið ekki styrkþurfi sjer til framfæris« komi:

enda hafi hinn látni ekki dvalið á vegum hins foreldrisins nje veitt því fjárhagslegan stuðning með atvinnu sinni.

Nd. **202. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Það var ætlun Alþingis við endurskoðun vörutollslaganna árið 1921, að flytja í 2. lið 1. gr. laganna því nær allar innfluttar vörur, sem sjerstaklega

eru notaðar við rekstur sjávarútvegs og landbúnaðar, svo og efnivörur til innlends iðnaðar.

Frumvarp þetta fer í sömu átt, en þar sem fjárhagsnefnd er kunnugt um nokkrar fleiri vörutegundir, sem hún telur að fylgja eigi með og flytjast til 2. liðs 1. gr., vill hún bæta þeim við og ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

VIÐAUKA.

Eftir »björgunarbeltum« bætist við: barkalit, botnrúllum, söltuðum húðum, körfum til uppskipunar, girðinganetum, hampi.

Alþingi, 16. mars 1925.

Kl. Jónsson, form. Halldór Stefánsson. Jón A. Jónsson, frsm. Sveinn Ólafsson.

Jakob Möller. Björn Líndal. Magnús Jónsson.

Nd. 203. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

Um leið og nefndin afgreiðir frumvarpið til hv. deildar, vill hún láta þess getið, að afgreiðsla þess hefir tekið lengri tíma en nefndin hefði óskað, og valda því mest óvenjumiklar fjárbeiðnir, sem fyrir hafa legið.

Fundi hefir nefndin haldið eins og venjulegt hefir verið undanfarið, hvern virkan dag og stundum 3 á dag. Hafa þeir aldrei staðið yfir skemur en 2 tíma daglega og upp í 5½ tíma. Nefndin hefir átt tal við 26 menn og 2 nefndir, auk stjórnarinnar, sem fleirum sinnum hefir mætt á fundum hennar. Hún hefir skrifað 15 brjef og beiðst álits stjórnar og annara hlutaðeigandi stjórnarvalda um stærri mál, sem hún hefir haft með höndum.

Nefndinni var með frv. stjórnarinnar sniðinn þröngur stakkur, þar sem þar var ekki áætlaður nema rúmlega 16 þús. kr. tekjuafgangur. Og á hina hliðina vildi nefndin leggja alt kapp á að styðja stjórnina í þeirri heilbrigðu stefnu hennar, að takmarka útgjöld ríkissjóðs meðan greiddar yrðu hinar lausu skuldir ríkisins. En þar sem fyrir nefndinni lágu, eins og fyr getur, óvenjumiklar fjárbeiðnir, og fjöldinn af þeim nauðsynlegar framkvæmdir á ýmsum sviðum, þá varð nefndinni það ofraun að standa á móti þeim að öllu. Hún hefir því gengið svo langt, sem hún hefir sjeð sjer fært, með þá stefnu fyrir

augum, sem að framan greinir. Hefir samkomulag um þetta í nefndinni verið nær einróma. Væntir hún þess, að hv. deild verði sjer sammála hjer um og geri ekki sitt til að auka enn á útgjöld ríkissjóðs. Auðvitað má deila um það, hvort ýmislegt, sem nefndin hefir ekki treyst sjer að taka til greina að þessu sinni, hafi ekki átt að miklu leyti svipaðan rjett á sjer og annað, sem nefndin hefir tekið, en þar eru til þær ástæður, sem áður eru fram teknar.

Þar sem nefndin leggur nú til, að gjöldin hækki yfir 900 þús. kr., þá má geta þess, að tekjuáætlunin varð henni talsverð örvun til þessa. Má segja, að hún sje alveg óvenjulega varkár, og vill nefndin telja það höfuðkost frumvarpsins. Og þó að hún geri tillögur um talsverðar hækkanir á ýmsum liðum, vill hún jafnframt halda því fram, að áætlunin sje enn varleg og engu óvarlegri en verið hefir á undanförnum þingum. Með þessu vill þó nefndin ekki draga úr þeirri gætni, er hún telur sjálfsagða fyrir stjórnina við samningu fjárlagafrumvarpsins.

Niðurstaða eftir tillögum nefndarinnar er þessi:

Raunverulegar gjaldahækkanir	kr. 347600
Afborganir á lausum skuldum	— 600000
eða samtals . .	kr. 947600
Lækkanir á gjaldaliðum	— 5500
verða eftir . .	kr. 942100
Hækkanir á tekjuliðum	— 930000
Mismunur . . .	kr. 12100

Það dregið frá tekjuafgangi frumvarpsins, kr. 16120.37, verða eftir kr. 4020.37, sem er tekjuafgangur eftir tillögum nefndarinnar.

Yfirleitt var samvinnan góð í nefndinni; þó hefir einn nefndarmaður, Bjarni Jónsson, áskilið sjer rjett til að gera sjerstakar breytingartillögur og aðrir nefndarmenn hafa sjerstöðu í stöku atriðum, sem ekki er fram tekið í þessu nefndaráliti, en verður nánar skýrt í framsögu.

Svo skal vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

I. Tekjubálkurinn.

2. gr.

Eins og vikið er að hjer að framan, leggur nefndin til, að þessi grein sje hækkuð um 930000 kr. Nefndin telur ekki, að þýðingu hafi að fara nákvæmlega út í hvern einstakan lið, sem hækkaður er, í áliti þessu, þar sem það verður nánar gert í framsögu, en þó vill hún taka þetta fram um 17. tölul. (verðtoll), sem aðalhækkunin er á:

Árið 1924 varð þessi tollur um 830000 kr., og gekk þó ekki í gildi fyr en 1. apríl það ár. Hann hvíldi því ekki á nema $^{3}/_{4}$ ársins. Þetta ár voru líka innflutningshöft á ýmsum þeim vörum, sem tollurinn hvíldi á, og þó að nokkrar undanþágur hafi verið veittar á þessum vörum, þá er það þó víst, að ef engar hömlur verða á innflutningi árið 1926, sem nefndin gerir ráð fyrir, þá muni það stórmikið hækka tollinn. Og jafnvel þó feldur yrði niður

tollurinn á nokkrum vörutegundum, þá telur nefndin, að áætlun þessi muni ekki vera óvarleg. Annars má taka það fram um allar hækkanir á þessari grein, að þær fara ekki niður fyrir meðallag undanfarinna ára, þó að ýms skilyrði og útlit væru þá ekki jafnálitleg og nú.

II. Gjöld.

7. gr.

Nefndin leggur til, að ákveðin sje afborgun af lausum skuldum ríkissjóðs 600000 kr. Gerir hún þetta með hliðsjón af því, að stjórnin hefir nú lagt til, og telja má víst, að samþykt verði, að bygt verði eða keypt skip til landhelgisvarna, og er upphæðin miðuð við það, sem skip þetta muni í minsta lagi kosta. Og þar sem skuld ríkissjóðs við landhelgissjóð er meðal hinna lausu skulda hans, þá virðist sjálfsagt að setja þessa upphæð í gjöld. Með þessu vill nefndin þó ekki ákvarða það, sem greitt verður af lausum skuldum, því hún leggur áherslu á, að það verði gert eins og kostur er á.

10. gr.

Nefndin hefir lækkað ríkisráðskostnaðinn um 4000 kr., eða fært hann til sömu upphæðar og áður var. Hafa ekki legið fyrir henni rök til þess, að þessi hækkun hafi verið nauðsynleg.

11. gr.

Eins og tekið er fram við 7. gr., gengur nefndin út frá því, að á árinu 1926 verði bygt skip til landhelgisgæslu. Af því leiðir, að komist þetta í framkvæmd, þarf að áætla rekstrarkostnað við skipið. Nú er búist við því, ef alt gengur sæmilega, að skipið gæti komið hingað á miðju ári 1926 og haft landhelgisgæslu síðari hluta ársins. Árlegur útgerðarkostnaður skipsins er gert ráð fyrir, að verði kringum 250 þús. kr. Þessar 65 þúsundir, sem liðurinn er hækkaður um, eru því hálfs árs útgerðarkostnaður frá hálfu ríkissjóðs, gegn jöfnu framlagi frá landhelgissjóði.

12. gr.

Nefndin leggur til, að skrifstofukostnaður landlæknis lækki um 500 kr., eða færist í sama horf og hann er í núgildandi fjárlögum.

Styrkur til læknisvitjana hefir undanfarið verið talsvert hærri en stjórnin leggur nú til að hann sje, og hefir nefndin ekki sjeð annað fært en hækka hann um 3000 kr. Í fjárlögunum 1923 og 1925 er styrkur þessi ekki sundurliðaður til þeirra sveita, sem hans eiga að njóta, en stjórninni falið að jafna fjárhæðinni niður með hliðsjón af því, er styrkurinn var sundurliðaður. Í fjárlögunum fyrir árið 1924 var styrkur þessi 8200 kr. Af þessum styrk gengur nú frá, samkv. tillögum nefndarinnar um styrk til læknisbústaða og sjúkraskýla, 1500 kr. til Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppa, og enn fremur viðbótarstyrkur til sömu hreppa, ef þeir rjeðu sjer sjerstakan

lækni, 1500 kr. Þetta samtals gerir 3000 kr. Er þá eftir af styrk þeim, sem notaður er, 5200 kr.

Nú hafa 3 hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu sótt um 300 kr. læknisvitjanastyrk hver. Eru það Snæfjallahreppur í Nauteyrarhjeraði og Grunnavíkur- og hluti af Sljettuhreppi í Hesteyrarhjeraði. Læknisvitjun í þessum hreppum er alveg sjerstaklega erfið, meðal annars vegna þess, að símasamband er ekki til læknisins, og verður því á stundum að fara fleiri ferðir í sama skyni, ef svo hittist á, að læknir er ekki heima. Sumstaðar, t. d. í Grunnavíkurhreppi, verður að fara 12—16 tíma landleið og svo 5—8 sjómílna sjóleið yfir Jökulfirðina, sem svo oft er ófær opnum bátum. Frá Horni að Hesteyri (læknisbústaðnum) eru um 40 sjómílur og landleiðin að eins fær gangandi manni þrjá mánuði ársins, og þá 8 kl.stunda ferð.

Nefndin hefir ekki sjeð sjer annað fært en að verða við þessari beiðni, og hækkað styrkinn í tilliti til þess upp í 6000 kr.

Þá leggur nefndin til, að lækkaður verði styrkur til aðstoðarlæknisins á Ísafirði um 500 kr., eða ofan í 1500 kr. Byggist það á því, að ríkissjóði beri ekki lagaskylda til að launa lækni þennan.

Gunnlaugur Claessen læknir fer fram á það, að upphæðin til geislalækningastofu ríkisins á árinu 1926 verði ekki áætluð minni en 11 þús. kr., eins og á fyrra ári, þar sem reynslan sýni, að ekki verði komist af með minni upphæð. Sífelt þurfi að endurnýja áhöld og bæta öðrum nýjum við, til þess að lækningastofan geti staðið jafnfætis fullkomnum geislalækningastofum erlendis. Nefndin hefir fallist á þetta og hækkað liðinn um 1000 kr.

Á þinginu 1923 var veitt fje til þess að kaupa gagnvermi (diathermiapparat) vegna læknadeildar háskólans. Var það sjerstaklega gert til þess að fyrirbyggja utanferðir þeirra sjúklinga, er voru haldnir þeim sjúkdómum, er áhald þetta var aðallega talið að geta bætt, sem voru ýmsir taugasjúkdómar o. fl. Nú hafði áhald þetta ekki verið keypt fyr en síðastliðið sumar, að Jón læknir Kristjánsson fór utan til þess að kaupa það og læra að fara með það. Hafði hann til þessa áskorun frá háskólanum, og var þetta einkum gert vegna mænusóttarinnar, sem þá gekk yfir.

Jón læknir Kristjánsson hefir nú sótt um til þingsins, að sjer yrði endurgreiddur kostnaður við för þessa, sem hann hafði varið til tveggja mánaða tíma. Telur hann þar til greiðslu til læknis, er hann fjekk á lækningastofu sína í fjarveru sinni, auk ferðakostnaðar o. fl. Auk þess telur hann sig þurfa að halda lærða nuddkonu á lækningastofu sinni fram yfir það, sem áður var, þar sem hann sjálfur sje upptekinn við þetta áhald og hljóti altaf að verða sökum aðsóknar.

Jafnvel þó nefndin hafi ekki getað orðið við öllum kröfum umsækjanda, telur hún þó rjett að veita honum í ferðakostnaðarskyni 1500 kr.

Á þinginu síðasta var mikið kapp lagt á að fá fje úr ríkissjóði til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli. Varð þó sú lyktin á, að aðeins eitt hjerað fjekk styrk til þessa, Borgarfjarðarhjerað. Nú hafa umsóknir þær, sem fyrir lágu í fyrra og ekki varð þá sint, verið endurteknar og enn komið nýjar fram. Leggur því nefndin til, að liður þessi hækki um 9 þús., eða upp í kr.

24 þús. Ætlast nefndin til, að fyrir þessa upphæð verði reistir 2 læknisbústaðir og sjúkraskýli, að viðbættum $^2/_3$ framlags frá læknishjeruðunum. Nefndin sendi landlækni til umsagnar þær umsóknir, sem fyrir henni lágu á þeim tíma, er hún hafði ákveðið og auglýst síðastan að taka á móti erindum. Hefir landlæknir í umsögn sinni haldið því fram, að þeir læknisbústaðir og sjúkraskýli, sem fyrst eigi að reisa, sjeu: Sjúkraskýlið í Vík í Mýrdal og sjúkraskýlið á Hjaltastað í Hróarstungubjeraði. Hefir hann athugað og fallist á teikningar af byggingunum og telur allan undirbúning þessara mála í hjeruðunum fullkominn og öruggan, fjársöfnun og annað, er að því lýtur, enda byrjað á byggingunni í Vík og á Hjaltastað ákveðin á næsta sumri. En hvað snertir kostnaðaráætlun landlæknis, þá telur nefndin hana fullháa, þar sem húsameistari hefir við hvorttveggja fyrirtækið miðað við Reykjavíkurverð. Er nefndinni það kunnugt, að úti um land eru vinnulaun talsvert lægri en í Reykjavík. Hún verður því að telja upphæð þá, er hún leggur til að veitt sje, nægilega til þess að koma upp þessum 2 læknisbústöðum.

Halldór Arnórsson umbúðasmiður sækir um 7000 kr. styrk til þess að halda uppi umbúðasmíði sinni. Telur hann sig hafa tapað á þeim tveim árum, er hann hefir stundað smíðina, 3000 kr. hvort ár. Ástæðuna til þessa segir hann vera þá, að mikil og dýr áhöld þurfi til smíðinnar og allmikið húsrúm. Af þessu verði tilkostnaður afarmikill og miklu meiri en vinna eins manns geti borið uppi. Enn sje það, að umbúðasmíðin sje stopul, og verði því að sæta annari vinnu, sem illa sje þegin þegar þurfi að hlaupa frá til þessara smíða hvenær sem krafist er.

Læknafjelag Reykjavíkur hefir í umsögn sinni um þetta erindi látið uppi það álit sitt, að umbúðasmiður myndi ekki geta lifað hjer af umbúðasmíði einni saman, en telur jafnframt illa farið, ef við hana þurfi að hætta, og smíði umsækjanda hafi reynst vel.

Af þessum ástæðum telur nefndin ekki rjett, að smíði þessi falli niður hjer, svo að þeir, sem fyrir slysum verða, þurfi ekki að kosta til utanfarar til þess að fá umbúðir, og leggur því til, að til þessa verði veittar 1500 kr. Býst nefndin við, að þetta verði árlegur styrkur, ef ekki breytast kringumstæður.

Elín Sigurðardóttir sækir um 1200 kr. árlegan framfærslustyrk meðan hún reynist ekki vinnufær. Kona þessi hefir þjáðst af lungnaberklum yfir 20 ár, verið mörg ár í sjúkrahúsum og nú síðast í franska spítalanum hjer í Reykjavík. Konan er eignalaus, og hefir því verið á framfærslu ríkissjóðs samkvæmt berklaveikislögunum. Nú telur nefndin það sparnað fyrir ríkissjóð, ef kona þessi gæti komið sjer fyrir á góðu heimili í sveit og þyrfti ekki að hafa sjúkrahúsvist, og vill í því skyni veita 100 kr. á mánuði, alt að 1200 kr.

13. gr.

Vegurinn yfir Vaðlaheiði er illur yfirferðar og ófær með pörtum suma tíma árs. Er fyrirhugað að leggja veginn á öðrum stað yfir heiðina en hann nú liggur, og áætlar vegamálastjóri, að hinn nýi vegur kosti um 200 þús. kr. Tillögur vegamálastjóra eru ekki þær, að leggja til þessa vegar á árinu 1926, heldur að leggja því meira til hans síðar, og ekki minna en 40—50 þús. í einu,

þar sem þessi nýi vegur komi ekki að notum fyr en hann sje lagður alla leið upp á heiðina. Nefndin viðurkennir þetta álit vegamálastjóra, en telur þó rjettara, þar sem þörfin er svona brýn, að sem fyrst sje byrjað á verkinu, þó með minni upphæð sje. Á þá að vera bygt fyrir það, að frestað sje um óákveðinn tíma framkvæmdinni, jafnframt því sem það rekur eftir, að ekki sje árum saman lagt fje í veginn án þess að hann verði nothæfur, þar sem hjer er um fjölfarinn kaupstaðarveg að ræða. Nefndin leggur því til, að 20 þús. kr. verði veittar til byrjunar vegarlagningunni. Í sambandi við þetta vill nefndin benda á hið skýra og glögga yfirlit vegamálastjóra yfir framkvæmd vegamálanna og framtíðarfyrirkomulag, sem prentað er hjer aftan við sem fylgiskjal.

Nefndin leggur til, að hækkaður verði liðurinn til viðhalds og umbóta þjóðvegum um 5000 kr. Liggja til þessa þær ástæður, að á þjóðveginum í Dalasýslu, nálægt Fellsenda, endar vegagerðin í forarflóa, sem er illur yfirferðar. En þar sem spotti þessi er stuttur þar til taka við grundir og harðvelli, má þessi upphæð vel endast til þess að komast yfir torfæruna. Er þá bætt úr á allan veg og leiðin stytt að mun.

27 búendur í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu sækja um 300 kr. styrk til þess að kaupa ferju á Hornafjörð, er notuð yrði á fjörunum yfir í kaupstaðinn. Telja þeir, að þjóðvegur til Hornafjarðar úr sveitinni, sem er langur og erfiður, verði oft ófær um lengri tíma, þegar vöxtur hleypur í vötnin, og geti það komið fyrir á öllum tímum árs. Sje þetta tilfinnanlegast, er læknis þurfi að vitja, þó aðrar nauðsynjaferðir sjeu og brýnar. En með því að fá ferju þessa er ætíð fær leið sunnan vatna um fjörur til Hornafjarðar.

Telur póstur einnig nauðsyn á þessu vegna póstferða, þar sem póstafgreiðsla er flutt til Hafnar í Hornafirði. Þar sem hjer er um smáa upphæð að ræða, leggur nefndin til, að hún sje veitt.

Björn bóndi Sigurðsson á Kleppustöðum í Hrófbergshreppi í Strandasýslu sækir um 200 kr. árlegan styrk til þess að hýsa ferðamenn.

Býli þetta liggur undir Steingrímsfjarðarheiði, sem oft er erfiður fjallvegur, og því einatt óumflýjanlegt að hýsa þá, er um heiðina fara. Eru nú þegar veittar nokkrar upphæðir í fjárlögum í sama skyni, til þess að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn. Nefndin leggur því til, að upphæð þessi sje veitt.

Sömu upphæð vill nefndin einnig veita til ábúandans á Ytri-Kotum í Norðurárdal, vestan Öxnadalsheiðar, í sama skyni og af sömu ástæðum.

Á sumri komanda er útrunnið sæsímaeinkaleyfi Stóra norræna ritsímafjelagsins. Verður engu um það spáð, hvort samningar takast af nýju. En það eitt sýnist áríðandi, að vera ekki varbúinn við því, ef samband stöðvaðist við umheiminn í bili sökum erfiðra samninga. Verður þá ekki annað fyrir en auka loftskeytastöðina svo, að hún verði þess megnug að halda uppi sambandinu, svo að þess vegna þurfi ekki að sæta lakari samningum eða kjörum en ella myndi. Stjórnin hefir því, eftir tillögum og samþykki landssímastjóra, æskt þess, að sjer verði veitt heimild til þess að stækka og fullkomna loftskeytastöðina eftir þörfum í þessu augnamiði, án þess að ákveða nokkra upphæð.

Hefir fjárveitinganefndin einróma fallist á þessa uppástungu, sem í heimildartillögunni felst.

Treystir nefndin því, að stjórnin leggi ekki fje til þessa að óþörfu, eins og líka hinu, að hún láti þar ekkert ógert, sem verða má til framgangs því, að góðir samningar náist við Stóra norræna ritsímafjelagið.

Í frumv. stjórnarinnar er ekkert fje ætlað til nýrra vitabygginga. Hefir vitamálastjóri látið í ljósi við nefndina óánægju sína yfir því, jafnframt því sem hann hefir lýst hinni miklu þörf á nýjum vitum og lagt áherslu á skyldu ríkissjóðs í þessu efni, þar sem vitagjaldið væri notað til almennra þarfa að miklu leyti, en ekki til að fullkomna vitakerfi landsins, eins og skylda bæri til. Frá ýmsum fleirum hafa nefndinni borist kröfur og kvartanir í þessa átt, — alstaðar af sömu ástæðum, hve þörfin væri brýn. Langflestir hafa talið höfuðnauðsyn á því að byggja landtökuvita sunnanlands, við Dyrhólaey; má þar tilnefna vitamálastjóra, forseta Fiskifjelagsins og nokkra skipstjóra á millilandaskipum. Aftur hafa aðrir, þar á meðal einstakir þingmenn, talið meiri nauðsyn á smærri vitum á nokkrum stöðum kringum land, sjerstaklega fyrir fiskiflota landsins.

Nefndin verður að fallast á það, að enn brýnni nauðsyn sje á byggingu landtökuvita en annara, en þó treystir hún sjer ekki til að leggja til, að svo mikið fje verði veitt, að fullgerður yrði landtökuviti, sem myndi kosta upp undir 150 þús. kr. En hitt virðist henni, og gerir að tillögu sinni, að byrjað yrði á byggingu þessa vita með þeim 50 þús. kr., sem hún vill veita. En þyki stjórn og vitamálastjóra, að öllum málsástæðum vel yfirveguðum, þó rjettara að verja upphæð þessari til bygginga annara vita, þá vill nefndin ekki gera þetta að föstu skilyrði frá sinni hálfu.

Viðvíkjandi því, hvort ríkissjóður hafi varið vitagjaldinu til almennra þarfa, en ekki til vitabygginga eða viðhalds, þá hefir nefndin aflað sjer upplýsinga um þetta og fengið skýrslu þar að lútandi yfir árin 1887—1923. Af þessari skýrslu verður það sjeð, að um aldamót hefir vitagjaldið öll árin orðið kr. 36489.07 hærra en bygging og viðhald vitanna. En við árslok 1923 eru gjöld til vitanna orðin kr. 476149.00 hærri en tekjurnar.

Á síðasta þingi og áður lá fyrir tilboð frá vitaverðinum á Garðskaga um sölu á lóðum, lóðarrjettindum, ásamt húsum og mannvirkjum, er hann átti þar, til ríkissjóðs. Þingið sinti þá ekki þessu tilboði og þótti verðið hátt. Nú hefir vitavörðurinn ítrekað þetta tilboð sitt með meðmælum frá vitamálastjóra og verðið að nokkru fært niður.

Þar sem vitinn á nú ekki neina þá lóð, sem húsin standa á, ásamt ofurlitlum kálgarði, þá getur nefndin fallist á það, að nauðsynlegt sje í framtíðinni að eiga þarna meiri lóð, ef fleiri byggingar yrðu reistar, og vill því leggja til, að eign þessi verði keypt eftir mati, og áætlar í því skyni 1500 kr.

14. gr.

Það er alkunna, að lögin um lán til að reisa íbúðarhús á prestssetrum eru orðin svo gömul, að lánsupphæðin, 5000 kr., sem þau ákveða, hrekkur mjög skamt, vegna verðfalls peninganna. Þessvegna hefir hin síðari árin verið

sjerstakur liður í fjárlögum (14. gr. A. b. 5.) til húsabóta á prestssetrum, viðbótarlán. Bárust nefndinni í þetta sinn umsóknir frá þrem prestssetrum um aukið lán undir þessum lið. Fylgdu öllum rökstuddar tillögur og meðmæli biskups. — Á Stað í Steingrímsfirði eru húsakynni orðin presti með öllu óboðleg, enda hefir þar verið prestlaust undanfarið, og nú sækja söfnuðirnir fast, að aukið lán fáist, enda hafa þeir þá von um að halda hinum unga presti, sem nýverið hefir verið þar settur. Samkvæmt áætlun og meðmælum biskups vantar þar 7000 kr. — Á Mosfelli í Grímsnesi var hús reist á sumri sem leið, í samráði við biskup, og að öllu farið eftir tillögum hans og húsameistara ríkisins. Meðan á smíði stóð brann gamli bærinn, og varð prestur fyrir miklu tjóni. Samkvæmt virðingu vantar þar enn rúmar 10 þús. kr. á, að lánsfjeð hrökkvi til. — Loks sækja sóknarnefndir Skútustaðaprestakalls um 5000 kr. viðbótarlán undir þessum lið. Eru bæjarhúsin mjög ljeleg orðin á Skútustöðum, en auk annars, er sá staður þannig settur, að vanvirða er að, að sje í niðurníðslu. — Telur nefndin allar þessar umsóknir á rökum bygðar og leggur til að hækka liðinn sem næst því, sem þeim svarar. — En auk þessa bjóða sóknarmenn í Skútustaðaprestakalli fram 5000 kr. frá sjer, til þess að prestssetrið fái því betra hús, sem því nemur, gegn því að ríkið leggi fram jafnt á móti sem beinan styrk, en ekki lán. Þykir nefndinni rjett að verða við þeim tilmælum, gegn áðurnefndum skilyrðum.

Samkvæmt ábending fjármálaráðherra ber nefndin fram tillögu um sjerstakan húsaleigustyrk handa stúdentum við háskólann, enda er þar um gamalt skipulag að ræða, og er þetta í samræmi við reglugerð háskólans.

Nefndin fjekk upplýsingar um, að viðhald á Hólum, einkum á suðurgafli gamla hússins, er Hermann heitinn Jónasson reisti, hefir verið mjög ófullkomið, svo ekki er unandi við eins og er. Er því lagt til að hækka liðinn til ýmislegra útgjalda þessa vegna.

Frá hjeraðaskólunum lágu fyrir nefndinni ýmsar umsóknir. Ljet fræðslumálastjóri í tje skýrslu um úthlutun styrks til þeirra árið 1924. Var þá úthlutað 35 þús. kr. og nam c. $^5/_8$ rekstrarkostnaðar. Þar sem hinn nýi alþýðuskóli Þingeyinga verður kominn til viðbótar á árinu 1926, þótti rjett að hækka styrkinn. — Nefndin treysti sjer ekki til, vegna fordæmis, að verða við umsóknum um að bæta þeim skólum, sem þegar eru reistir, upp þann styrk, sem þeir hafa fengið til húsagerðar, þó að verkið hafi farið fram úr áætlun. Hinsvegar leggur nefndin til að taka inn fastan lið í fjárlög til styrks til að reisa nýja hjeraðaskóla, gegn ákveðnum skilyrðum. Lá fyrir umsókn um slíkan styrk frá Suðurlandi, er verður nánar getið í framsögu. — Loks taldi nefndin rjett, þar sem hún synjaði að leggja til, að Þingeyingar fengju uppbótarstyrk vegna skólahússins, sem reyndist dýrara en haldið var, enda til alls vandað, að leggja til, að veittur yrði í eitt skifti fyrir öll styrkur til að koma upp heitri sundlaug við skólann. Er þar um að ræða alveg sjerstaka framkvæmd til hollustu fyrir nemendur og þessi húsagerð Þingeyinga yfirleitt um margt til fyrirmyndar.

Gögn lágu fyrir um það, að eigi kvenfjelagið Ósk á Ísafirði að geta haldið uppi húsmæðraskóla sínum með þeim styrk, sem nefndur er í frumvarpinu, verða námsgjöldin að vera óeðlilega há. Er því lagt til að hækka styrkinn eilítið, og þó mun minna en um var beðið.

Styrkurinn til Ólafs Pálssonar sundkennara var hækkaður í fyrra, en vegna fenginna upplýsinga þykir rjett að hækka hann dálítið aftur. Reykjavíkurbær leggur kr. 2500 til kenslunnar. Vafalaust er, að sundkenslan er vel af hendi leyst.

Nefndin vill styrkja Ríkharð Jónsson, á sama hátt og styrktur var Stefán heitinn Eiríksson, til að halda uppi skóla í teikningu og trjeskurði. Ætlar Ríkharður að »kappkosta framvegis að endurreisa og útbreiða þjóðlegan stýl í öllum listiðnaði«, og mun ekki annar til þess jafnfær.

15. gr.

Styrkinn til útgáfu handritaskrár Landsbókasafnsins vill nefndin hækka í samræmi við tillögu dr. Páls E. Ólasonar, sem sjer um útgáfuna. Með þessum styrk til útgáfunnar telur hann, að útgáfunni verði lokið 1933. — Sömuleiðis er lagt til að hækka styrkinn til Bókmentafjelagsins, með tilliti til útgáfu fornbrjefasafnsins, og með þeirri hækkun er styrkurinn aftur hinn sami og var þangað til á yfirstandandi ári.

Upphæð styrksins til skálda og listamanna vill nefndin láta haldast óbreytta að mestu. En í fyrra mælti nefndin eindregið með því, að Jakob Thorarensen skáld fengi ríflegan hluta af styrk þessum, og voru þau ummæli ekki tekin til greina. Leggur nefndin því til, að hann og Guðmundur Friðjónsson fái ánafnaða sjerstaka upphæð og að liðurinn hækki sem því svarar.

Nefndin getur ekki fallist á að fella niður styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar til þess að safna orðum úr alþýðumáli.

Á þinginu í fyrra var lækkaður til stórra muna styrkurinn til Hannesar Þorsteinssonar skjalavarðar fyrir að rita æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum. Í frumvarpinu er það fært aftur til sama vegar sem var, en nefndin telur rjett að bæta dálítið fyrir að auki, enda á landið að eignast, á sínum tíma, hið mikla og stórmerka handrit.

Af skýrslu forstöðumanns veðurathugunarstofunnar var það ljóst, að verkið verður ekki viðunanlega af hendi leyst með því fjárframlagi, sem ætlað er í frv. Hinsvegar er aðstaðan um veðurspár orðin stórum betri en var, vegna veðurskeyta, sem farin eru að koma frá Grænlandi og Jan Mayen. Af hálfu Fiskifjelagsins var lögð áhersla á, að hlynt væri að stofunni. Leggur nefndin til að hækka framlagið um 10 þús. kr.

Styrkur til Íþróttasambands Íslands var fyrstu árin 2000 kr., en var síðan lækkaður. Stjórn þess sótti um sjerstakan styrk vegna íþróttanámsskeiðs. Þótti rjett að hækka hinn venjulega styrk um það, sem hann hefir lækkað.

Nefndinni bárust sannar fregnir af því, að Einar Jónsson listamaður getur alls ekki notið sín til fulls við þann fjárhagsstuðning, sem hann nýtur, en hins vegar gefur hann þjóð sinni verk sín öll jafnóðum. Lítur nefndin svo á, að Einar Jónsson sje sá íslenskur listamaður, sem þjóðin megi telja sjer

mestan sóma að, að búa vel að. Við ýmislega vinnu þarf hann að geta fengið aðstoð, og geti hann ekki fengið hana, verður afleiðingin sú, að hann getur ekki sjálfur lagt síðustu hönd á fullkomnum margra listaverka sinna. Nefndin leggur til, að persónulegur styrkur, sem greiddur hefir verið til Einars, verði greiddur með verðstuðulsuppbót og að hann fái nokkurt fje til að geta keypt sjer aðstoð.

Jón Stefánsson doktor sendi nefndinni erindi um styrk til að rita sögu Íslands í ríkjasögubálki miklum, sem gefinn er út á Englandi, sem út eru þegar komin af 66 bindi. Hefir hann áður ritað sögu Danmerkur og Svíþjóðar í sögubálk þennan. Þykir nefndinni rjett að sýna starfi þessu viðurkenningu.

Loks leggur nefndin til að styrkja aftur alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins, sem styrkt var um langt árabil, þangað til í ár, enda hefir sú starfsemi löngum verið vinsæl.

16. gr.

Fjárhagsnefnd Búnaðarþingsins átti tal við nefndina og lagði fram af hálfu Búnaðarþings fjárhagsáætlun Búnaðarfjelagsins fyrir árið 1926. Hlaut nefndin að fallast á, að starfsemi Búnaðarfjelagsins heftist skaðlega nema styrkurinn yrði hækkaður. Var að vísu farið fram á hærri styrk en hjer er lagt til, en á grundvelli þeirrar tillögu, sem hjer er gerð, gekk Búnaðarþingið frá áætluninni, í fullu trausti þess, að Alþingi samþykti tillöguna. — Hinsvegar treysti nefndin sjer ekki til, í þetta sinn, að verða við ósk um hærri styrk til sandgræðslunnar, í því skyni að reisa hús fyrir sandgræðslustjórann á Stóru-Völlum, þó að hún viðurkenni, að mikið gagn mætti af því hljótast. — Nefndin leggur til, að upphæðin við 4. lið — »gjöld samkv. II. kafla jarðræktarlaganna« — verði skoðuð sem áætlunarupphæð; fari um hana eftir því, hve mikið unnið er hvert árið, og að föst regla verði tekin upp um það, hve mikið verði greitt á dagsverk. Fellst nefndin á tillögu Búnaðarþingsins í því efni, að styrkurinn verði ákveðinn þannig:

Á hvert dagsverk í safnhúsum kr. 1,50
— — — - túnyrkju — 1,00
— — — - garðyrkju — 0,80

Um Skeiðaáveituna má aðallega vísa til hinnar prentuðu skýrslu Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Pálma Einarssonar landbúnaðarkandidats, sem útbýtt hefir verið meðal þingmanna, og auk þess lá fyrir nefndinni álit Búnaðarþings. Fellst nefndin á þá tillögu, að Skeiðamenn njóti sama styrks og þeir bændur fá, er búa á Flóaáveitusvæðinu, fyrir flóðgarðahleðslu og ætlast til, að sá styrkur greiðist fyrir það, sem búið er að vinna af því verki, og síðan jafnóðum og unnið er. Upphæðin er því áætlunarupphæð. En jafnframt leggur nefndin áherslu á, að þau stjórnarvöld, sem afskifti hafa af áveitunni, stuðli að því, að skipulag komist á fjárreiður áveitufjelagsins og hætt sje endanlega við þá stefnu, að bæta vöxtum árlega við skuldina. Að sinni treystir nefndin sjer ekki til að mæla með, að ríkið greiði einhvern hluta af hinum mikla aukakostnaði við hraunklöppina, en er þeirrar skoðunar,

að það beri þó að gera, er Skeiðamenn hafa sýnt fullan lit á að standa við skuldbindingar sínar.

Formaður Fiskifjelags Íslands bar fram fyrir nefndina rökstuddar tillögur um þarfir fjelagsins fyrir aukinn styrk. Fjelst nefndin á tillögur hans í aðalatriðum og leggur til, að styrkurinn sje hækkaður í líkum mæli sem til Búnaðarfjelags Íslands.

Margar umsóknir lágu fyrir nefndinni um styrki til að reisa eða bæta bryggjur í kauptúnum: Úr Ólafsfirði 4000 kr., Húsavík 3000 kr., Eyrarbakka 10000 kr. (endurveiting), Stykkishólmi 8000 kr., Króksfjarðarnesi 2000 kr. og Sauðárkróki 5000 kr. Nefndin treysti sjer ekki að leggja dóm á hinar einstöku framkvæmdir, og leggur því til, að veitt sje ákveðin upphæð í þessu skyni, gegn föstum skilyrðum, enda sje farið eftir tillögum vitamálastjóra um úthlutun styrksins.

Jóhann Kristjánsson húsameistari, sem annast hefir leiðbeiningar um húsagerð til sveita, hefir áður haft styrk til ferðakostnaðar, en var sviftur honum í fyrra. Er nefndinni fullkunnugt um, að starf hans hefir reynst mjög gagnlegt, og má búast við, að enn meiri verði þörf hans hjer eftir. Þar sem hann á að láta allar teikningar ókeypis í tje og fær ekki borgun fyrir leiðbeiningu við vinnu, þykir sjálfsagt að veita honum aftur ferðastyrk og nokkurn skrifstofukostnað. Þykir nefndinni sú leið rjettari en hin, sem hann hefir jafnframt stungið upp á, að hann fái að taka til sín borgun fyrir vinnu og teikningar.

Þingmaður Vestmannaeyinga hefir af hálfu Vestmannaeyjakaupstaðar farið fram á, að styrkurinn til »Þórs« verði hækkaður upp í 80 þús. kr. Vitnar hann til þess, að árin 1920—21 fjekst enginn styrkur úr ríkissjóði til útgerðar skipsins, svo að það varð eyjarskeggjum afarþungur baggi, og sje sanngjarnt, að það sje að einhverju bætt upp nú — að tekjur ríkissjóðs síðastl. ár fyrir fjársektir og seldan afla af skipum þeim, sem »Þór« tók í landhelgi, hafi numið um 100 þús. kr. og að nýlega hafi orðið að verja um 18 þús. kr. til aðgerðar skipinu, meðfram til þess að það yrði hæfara til strandvarnanna. — Nefndin fellst á, að »Þór« sje þess fyllilega maklegur að fá hærri styrk og ber fram tillögu um það, en ekki hærri, þar sem hún telur víst, að »Þór« verði notaður eigi minna en áður í strandvarnir.

Nefndin álítur, að Loftur Guðmundsson hafi gert landinu sóma og gagn, að mörgu leyti, með þeim lifandi myndum, sem hann hefir tekið af landi og atvinnuvegum þess. Telur nefndin rjett að veita honum styrk í viðurkenningarskyni, samkvæmt umsókn hans, enda hefir hann beðið fjártjón af myndatökunni. — Magnúsi Konráðssyni vill nefndin veita styrk til lokanáms í mannvirkjafræði, eins og oft hefir verið gert áður undir líkum kringumstæðum. Hefir hann engan styrk þegið áður af Íslands hálfu, og er nefndinni kunnugt um, að hann er maklegur styrks.

17. gr.

Undanfarin 10 ár, nálega, hefir verið rækt kristileg safnaðarstarfsemi meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, haldið uppi guðsþjónustum á íslensku

og jafnframt hefir prestur safnaðarins, sira Haukur Gíslason, og safnaðarstjórnin, veitt Íslendingum þar í borginni, sem eru mjög margir, margvíslega aðstoð, leiðbeiningar og hjálp. Sækir presturinn um 1000 kr. árlegan styrk til þessarar starfsemi. — Lágu ennfremur fyrir nefndinni ummæli Sveins Björnssonar fyrv. sendiherra, sem af náinni kynningu segir, að »mjög mörgum Íslendingum í Kaupmannahöfn þótti vænt um þessa starfsemi« og að »hjá stjórn safnaðarins var áhugi á að geta líknað löndum, sem bágt eiga, og safnað var fje í því skyni innan safnaðarins«. Loks lágu fyrir nefndinni meðmæli biskups. — Telur nefndin sjálfsagt að styrkja þessa starfsemi, og beinir því til landsstjórnarinnar að veita fje til þess af 5. lið þessarar greinar.

18. gr.

Pjetur heitinn Guðmundsson barnakennari á Eyrarbakka naut styrks í þessari grein fjárlaganna síðustu 4 ár æfi sinnar. Ekkja hans, Elísabet Jónsdóttir, fjekk styrk í fjáraukalögum 1923, en það mun vera af gleymsku, að styrkur til hennar hefir ekki verið settur í fjárlög, og vill nefndin nú láta leiðrjetta það. — Þorsteinn Jakobsson á Eskifirði, er gegnt hefir póststörfum í 22 ár á mjög erfiðri póstleið, er fatlaður af veikindum og getur ekki lengur gegnt starfinu. Póstmeistari lætur eindregin meðmæli fylgja umsókninni. — Jens Þórðarson hefir einn póstanna að eins fengið 100 kr. styrk, en hinir allir minst 200 kr. Fjekk nefndin upplýsingar um, að síst væri ástæða til að setja hann skör lægra en hina, enda er heilsa hans með öllu þrotin. — Sigfús Sigfússon fræðimaður frá Eyvindará hefir undanfarið fengið styrk til fræðaiðkana í 15 gr., en hefir nú verið feldur niður af frumvarpinu. Þingmenn Múlasýslna æskja þess, að styrkurinn verði aftur veittur: »Vjer teljum verðleika þessa manns, sem kominn er á gamalsaldur og fjelaus, engu minni en annara styrkþega á 15. gr. fjárlaganna«. Þykir nefndinni fara alt eins vel á, að styrkurinn sje veittur í 18. gr. — Loks barst nefndinni, frá atvinnumálaráðuneytinu, umsókn Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar á Reykjanesi um viðbótarstyrk við eftirlaun, og fylgdu meðmæli vitamálastjóra. Getur Vigfús ekki, heilsu vegna, gegnt vitavarðarstarfi á þessum stað, en gæti annarsstaðar. Þykir nefndinni rjett að bera fram tillögu um styrkinn, með því fororði, sem og kemur fram í brjefi vitamálastjóra, að Vigfús verði látinn sitja fyrir starfi, sem losna kann, og falli þá styrkurinn niður.

25. gr.

Nefndin leggur til, að bætt verði nýrri grein í fjárlögin, er verði 25. grein, og verði teknir í hana 2 liðir.

Með almennri fjársöfnun vorið 1920 gerðu Borgfirðingar Hvítárbakkaskólann að hjeraðsskóla sínum og keyptu jörð og hús, ásamt kensluáhöldum, fyrir 54 þús. kr. Síðan hafa þeir bætt húsin og keypt kensluáhöld fyrir 24 þús. kr. Gera þeir ráð fyrir 8 þús. kr. í fyrningu og meta nú verðmæti eignarinnar á 70 þús. kr. Loks telja þeir nauðsynlega endurbót, er kosti 18600 kr.,

og stæði eignin þeim þá í 88600 kr. Fara þeir nú fram á, að ríkið leggi fram — eins og stofnkostnað til skólans í samræmi við það, sem átt hefir sjer stað, er verið var að stofna nýja hjeraðaskóla — $^2/_5$ þessa verðs, eða 36 þúsund kr. — Nefndin treystir sjer ekki til að verða við þessari umsókn, en viðurkennir hinsvegar, að viðleitni Borgfirðinga í þessu máli sje styrks verð, enda hefir skóli þessi ekki fengið neinn byggingarstyrk. Leggur nefndin því til, að sint sje varaumsókn þeirra að því leyti, að þeim sje gefið eftir lán úr viðlagasjóði, að upphæð 18666,66 kr., enda verði skólinn hjeraðseign og trygður myndarlegur rekstur hans með styrk úr ríkissjóði á borð við aðra hjeraðsskóla.

Alþingi 1923 veitti 3000 kr. lán til þess að stofna mötuneyti fyrir nemendur Kennaraskólans. Var mötuneytið stofnað í samvinnu við nemendur Samvinnuskólans, enda veitti Samband íslenskra samvinnufjelaga jafnhátt lán til stofnunarinnar vegna þess skóla. Fyrir lánsfjeð voru keypt öll nauðsynleg áhöld og borðbúnaður til mötuneytisins, sem nægja mundi 45 manns. Hefir reksturinn gengið vel að því leyti, að nemendur hafa fengið gott fæði 15—20 kr. ódýrara um mánuðinn en í öðru mötuneyti hjer í bænum, sem styrkt er af almannafje. Þó verður fæðið um 30% dýrara en í heimavistarskólunum utan Reykjavíkur, enda leggur landið þar til húsnæði o. fl. Þar sem nemendur Kennaraskólans eru flestir aðkomnir og fátækir, eiga þeir næsta erfitt með að bæta á sig afborgunum og vöxtum af lánunum, og hafa því farið fram á að fá lánið gefið eftir. Hefir Samband íslenskra samvinnufjelaga að sínu leyti vegna nemenda samvinnuskólans heitið að gefa upp lánið, enda sje trygging fyrir, að áhöldum sje haldið við og verði áfram til afnota fyrir nemendur skólanna. Og fjárveitinganefnd leggur til, að sama sje gert vegna nemenda Kennaraskólans með sömu skilyrðum.

Alþingi, 17. mars 1925.

Þorleifur Jónsson, form.
Þórarinn Jónsson, fundaskr. og frsm. fyrri hlutans.
Ing. Bjarnarson.

Tryggvi Þórhallsson, frsm. síðari hlutans.
Bjarni Jónsson frá Vogi, með skirskotun til minnihlutatillagna um ýmsa liði.

Pjetur Ottesen.
Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRI.

Reykjavík, 16. mars 1925.

Þá er vegalögin voru samþykt á Alþingi 1907 lá fyrir ítarleg skýrsla landsverkfræðings ásamt áætlun um framkvæmdir að vega- og brúargerðum á næstu árum eða jafnvel áratugum. Síðan hefir þeirri áætlun verið fylgt í öllum aðalatriðum og skal hjer leitast við að gera nokkra grein fyrir, hve mikið hefir áunnist og hve mikið er enn ógert. Jafnframt mun og gerð áætlun um framkvæmdir þær, er telja verður að næst liggi fram undan.

Samkvæmt vegalögunum frá 1907 voru þjóðvegirnir að lengd	1635 km.
og flutningabrautirnar	397 —
Samtals	2032 km.

Hjer af má telja að hafi þá verið akfærir kaflar, sem að notum komu til kerruflutninga, um 500 km.

Í áætluninni frá 1907 eru flutningabrautir fullgerðar í árslok 1907 taldar 181 km., en ólagðir 226 km. Jafnframt eru taldir ýmsir kaflar þjóðveganna (1. flokkur), sem nauðsynlegt sje að gerðir verði akfærir svo fljótt, sem kringumstæður leyfa, samtals 439 km. Loks eru taldir aðrir kaflar (2. flokkur) sem æskilegt væri að gera akfæra ef efni leyfðu, og eru þeir samtals 296 km.

Síðan er lokið við að fullgera 189.4 km. af flutningabrautunum og eru nú að eins þessir kaflar ólagðir:

1. Skagfirðingabraut	5.6 km.
2. Biskupstungnabraut	15.0 —
3. Húnavatnssýslubraut... ...	16.2 —
Samtals	36.8 km.

Sá kafli Húnavatnssýslubrautar, sem hjer er talinn ólagður, er frá Skriðuvaði að Víðidalsá og var tekinn í tölu þjóðvega með vegalagabreytingu 1917. Báðar hinar brautirnar eru og nú í tölu þjóðvega samkvæmt nýju vegalögunum.

Þjóðvegirnir, sem áætlað var 1907 að gera akfæra, skiftast nú þannig:

	1. flokkur	2. flokkur
Góðir akvegir eru nú orðnir	220 km.	14 km.
Akfærir og koma að notum til kerruflutninga	130 —	108 —
Reiðfærir ásamt nokkrum kerrufærum köflum, sem þó ekki koma að notum enn	89 —	174 —
Samtals	439 km.	296 km.

Af þessum þjóðvegarköflum eru þannig nú orðnir akfærir um 472 km., en um 263 km. eru enn ónothæfir til kerruflutninga.

Þá skal jeg gera nokkra grein fyrir brúargerðum sjerstaklega síðan 1907. Þá voru hjer til 6 járnbengibrýr (yfir Ölfusá, Þjórsá, Örnólfsdalsá, Hörgá í Eyjafirði, Jökulsá í Axarfirði og Sogið) og 2 aðrar járnbrýr (yfir Blöndu og Jökulsá í Jökuldal hjá Hákonarstöðum), en engar brýr úr járnbentri steinsteypu. Timburbrýr voru þá yfir 30 nokkuð stórar ár auk nokkurra minni. Síðan hafa orðið hjer mjög mikil umskifti. Trjebrýrnar eru nær horfnar, að eins 15 gamlar eftir á þjóðvegum 10 metra og lengri, að meðtaldri brú yfir Lagarfljót, en gerðar hafa verið 19 nýjar járnbrýr og 73 úr járnbentri steypu 9 metra og lengri auk mesta fjölda enn minni. Eru þessar framfarir ekki litlar, því hjer eru komin mannvirki, sem tímans tönn fær ekki grandað, þó sjerstaklega járnbrýrnar þurfi nokkuð viðhald, í stað timburbrúnna, sem grotnuðu niður á fáum áratugum. Þessar brýr allar 91 að tölu hafa kostað kr. 1.438.328, — og er hjer af talið greitt samkvæmt lögum um brúargerðir árin 1920—24 kr. 974.512.

Til yfirlits hefi jeg dregið saman öll gjöld ríkissjóðs til vegamála og hafa þau verið þessi:

1876—1907	... ...	kr. 2.034.372
1908—1924	... ...	— 5 251.238
	Samtals	kr. 7.285.610

1876—1893	að meðaltali á ári.	kr. 23.400
1894—1903	— — - —.	— 107.000
1904—1913	— — - —.	— 149.500
1914—1919	— — - —.	— 246.100
1920—1924	— — - —.	— 643.300

Yfirlit þetta sýnir glögt, að það er á síðasta hálfum öðrum áratug, sem verulega hefir miðað áfram um vegabætur í landinu, enda hljóta allir að viðurkenna framfarir þessa tímabils mjög miklar.

Þó mikið sje þegar áunnið á þessu sviði, liggur enn meira verkefni framundan og alt af hljóta kröfurnar til góðra vega að fara vaxandi, svo mjög veltur á þeim um afkomu annars aðalatvinnuvegarins, landbúnaðarins. Búskaparlagið, húsakynni í sveitum og fjelagslíf tekur alt framförum með bættum samgöngum. Hjer er því til mikils að vinna og þess um vert, að fjárveitingavaldið sje svo örlátt um fjárframlög, sem frekast þykir fært.

Til þess að gefa hugmynd um, hve langt er komið að gera helstu þjóðvegakaflana akfæra og hvar jeg tel eiga að meta mest að gera akbrautir á næstu árum, hefi jeg gert eftirfarandi yfirlit, er sýnir jafnframt lengd þjóðvega í hverri sýslu. Þá kafla, sem jeg tel eiga að sitja í fyrirrúmi um að gera akfæra, vil jeg telja í 1. flokki nýbygginga, og er sundurliðuð kostnaðaráætlun um þá í yfirlitinu. Brýr eru þó ekki meðtaldar í áætluninni, aðrar en smábrýr styttri en 5 metra yfir læki og ræsi.

Þjóðvegir.

Sýsla	Vegalengdir í kílómetrum			1. flokkur nýbygginga	
	Alls samkv. nýju vegalögunum	Hjer af eru: Akvegir	Kerrufærir kaflar	Lengd akvegar	Kostnaðaráætlun kr.
Gullbringusýsla	43.5	43.5	»	»	»
Kjósarsýsla	76.3	29.2	15.0	»	»
Kollafjörður—Laxá	»	»	»	26.9	135000
Borgarfjarðarsýsla	46.0	6.5	30.0	»	»
Hesthála—Hvítá ólagðir kaflar	»	»	»	5.3	35000
Mýrasýsla	111.1	54.6	20.0	»	»
Brekka—Sveinatunga	»	»	»	15.0	90000
Hvítárbraut, ólagt	»	»	»	2.0	10000
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	68.2	43.2	10.0	»	»
Laxá–Hjarðarfell ólagðir kaflar	»	»	»	3.1	25000
Dalasýsla	91.9	22.0	30.0	»	»
Barðastrandarsýsla	53.6	»	20.0	»	»
Ísafjarðarsýsla	33.7	»	»	»	»
Strandasýsla	148.7	»	48.0	»	»
Húnavatnssýsla	133.7	73.0	37.0	»	»
Hrútafjarðará að Þóroddsstöðum	»	»	»	13.8	55000
Álfsvatn á Hrútafjarðarhálsi yfir Miðfjarðará að Stóra Ósi	»	»	»	7.1	45000
Af Múlavegi hjá Sporðhúsum að Sveinsstöðum, ólagðir kaflar	»	»	»	19.0	140000
Auðólfsstaðir—Bólstaðarhlíð	»	»	»	7.6	60000
Skagafjarðarsýsla	76.1	20.8	25.5	»	»
Sauðárkróksbraut	»	»	»	5.6	36000
Húseyjarkvísl yfir Hjeraðsvötn að Ökrum	»	»	»	6.5	45000
Eyjafjarðarsýsla	65.4	22.5	30.0	»	»
Um Þelamörk að Bægisá	»	»	»	7.5	65000
Kaupangur—Vaðlaheiði, ólagðir kaflar	»	»	»	2.0	12000
Suður-Þingeyjarsýsla	94.7	40.0	32.0	»	»
Vaðlaheiði—Fnjóská	»	»	»	15.0	190000
Norður-Þingeyjarsýsla	106.0	»	50.0	»	»
Norður-Múlasýsla	157.4	13.1	»	»	»
Hróarstunguvegur að Fossvöllum	»	»	»	9.3	70000
Suður-Múlasýsla	202.7	37.4	58.0	»	»
Vallavegur að Gilsá, ógerðir kaflar	»	»	»	12.5	50000
Flyt	1509.0	405.8	405.5	158.2	1063000

Sýsla	Vegalengdir í kílómetrum: Alls samkv. nýju vegalögunum	Hjer af eru: Akvegir	Hjer af eru: kerrufærir kaflar	1. flokkur nýbygginga: Lengd akvegar	1. flokkur nýbygginga: Kostnaðaráætlun kr.
Flutt	1509.0	405.8	405.5	158.2	1063000
Austur-Skaftafellssýsla	179.2	»	85.0	»	»
Vestur-Skaftafellssýsla	140.0	»	117.0	»	»
Fossnúpur—Hverfisfljót	»	»	»	9.0	40000
Rangárvallasýsla	87.0	35.5	51.5	»	»
Hvolsvöllur, ólagðir kaflar ...	»	»	»	2.5	15000
Árnessýsla	238.4	170.4	53.0	»	»
Biskupstungnabraut	»	»	»	15.0	130000
Þingvallavegur hinn nýi	»	»	»	14.0	175000
Samtals	2153.6	611.7	712.0	198.7	1423000

Í öðrum flokki nýbygginga vil jeg sjerstaklega telja þessa kafla þjóðveganna:

Sveinatungu — Hrútafjarðará	36.6 km.
Dalsmynni — Fellsenda	24.0 —
Ökrum — Silfrastöðum	14.0 —
Fnjóská — Skjálfanda	20.0 —
Samtals	94.6 km.

Væntanlegur kostnaður við að gera akbrautir á þessum köflum mun verða um 800 þúsund krónur.

Að þeim vegagerðum loknum, sem taldar eru í 1. og 2. flokki, verður fullgerður samfeldur akfær vegur frá Borgarnesi norður að Bólstaðarhlíð í Húnavatnssýslu og vestur í miðja Dalasýslu, en til þess að akfært verði til Húsavíkur um Akureyri vantar þessa kafla, sem jeg vil telja í 3. flokki.

Yfir Vatnsskarð frá Bólstaðarhlíð að Víðimýri ...	17.0 km.
Frá Silfrastöðum að Norðurá í Skagafirði	13.5 —
Öxnadalsheiði	12.5 —
Öxnadalur að Bægisá...	25.5 —
Samtals	68.5 km.

sem jeg ætla að muni kosta um 700 þús. kr.

Hæstu og jafnframt örðugustu kaflarnir á leið þessari norður eru:

Holtavörðuheiði	mest	330	m.	yfir sjávarmál.
Vatnsskarð ...	—	420	—	— —
Öxnadalsheiði ..	—	410	—	— —
Vaðlaheiði ...	—	450	—	— —

Sjerstaklega á þremur síðasttöldu þessara fjallaleiða hlýtur jafnvel vel upphleyptur vegur að liggja undir snjó 6—8 mánuði ársins, og rýrist því notagildi vegarins til mikilla muna, með því að vart má vænta svo mikillar umferðar þann tíma árs, að svarað geti kostnaði að halda leiðinni opinni, svo sem þó myndi mega takast með snjóplógum, sem ýtt er eða dregnir af aflmiklum bif-

reiðum. Á þann hátt er nú haldið opnum snjóþungum vetrarleiðum í Noregi með góðum árangri, en ekki verður til þess kostað nema þar sem umferð er nokkuð mikil. Þó teldi jeg líklegt, að fært þætti tilkostnaðar vegna að halda opinni leið fyrir bifreiðar alla venjulega vetur yfir Holtavörðuheiði, með því að þar má vænta allmikillar umferðar. Jafnvel einnig yfir Vaðlaheiði að miklu leyti.

Það má telja vafalaust, að viðhaldskostnaður þessara fjallbrauta verði æði mikill með því og að víða er erfitt um haldgóða möl til slitlags.

Vegurinn frá Borgarnesi að Bólstaðarhlíð er um 206 km. og myndi verða farinn í bifreið á 8—10 klukkustundum og farið kosta með líku verði og var síðastliðið sumar 40 kr. fyrir eitt sæti hvora leið. Með flutningabifreið myndi kosta undir hver 100 kg þessa sömu leið um 12 kr., og er þá að vísu miðað við bifreiðar, sem taka heldur meiri flutning en hjer tíðkast nú, og eru því tiltölulega ódýrari í rekstri. Væri vegurinn svo haldgóður, að hann þyldi bifreiðar, sem bæru 2 smálestir, mætti áætla flutningskostnaðinn jafnvel helmingi minni, miðað við reksturskostnað bifreiða á síðastliðnu ári. Til Húsavíkur er öll vegalengdin úr Borgarnesi um 408 km.

Í áætlun minni um nýbyggingar í 1. flokki hefi jeg ekki tekið ýmsa styttri þjóðvegarkafla, sem jeg þó geri ráð fyrir að bættir verði svo á næstu árum, að akfærir verði. Á jeg þar við ýmsa smákafla, sem lagfærðir verða með nýjum brautarspottum, ruðningi eða öðrum umbótum án þess að gerð verði samhangandi akbraut. Fjárveiting til þeirra aðgerða þykir mjer rjett að sje eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar í einu lagi til viðhalds og umbóta á þjóðvegum. Þeir þjóðvegarkaflar, er hjer koma til greina, eru allir innansveitarvegir, þar sem nokkur þörf er kerruflutninga úr kaupstað, en telja verður of strjálbygt og því of litla flutningaþörf til þess að fært þyki að leggja í þann kostnað að gera samhangandi akbraut.

Loks skal jeg geta þess, að jeg hefi hjer hvorki talið í 1. eða 2. flokki veginn milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar nje nýja Hafnarfjarðarveginn. Eskifjarðarveginn myndi jeg þó geta fallist á að gera akfæran ef sýslufjelagið og aðrir hlutaðeigendur kostuðu vegagerð þessa að álitlegum hluta á móti ríkissjóði, ella teldi jeg ekki rjettmætt að leggja þar í kostnaðarsama akvegagerð.

Hafnarfjarðarvegurinn er nú vafalaust fjölfarnasti vegur landsins. Daglega fara um hann nú í vetur að jafnaði 36 bifreiðar fastar áætlunarferðir með fólk og má telja daglega umferð 3—400 manns auk mikillar umferðar flutningabifreiða. Það er að vísu svo, að fullerfitt er að halda núverandi vegi sæmilega færum, en jeg vænti þess, að takast megi með auknu viðhaldi og stöðugu alt árið að koma veginum í það horf, að hann verði að teljast nothæfur enn í nokkur ár. Umferð um hann hefir aukist afskaplega með hverju ári, og haldi slík aukning áfram, getur að vísu farið svo, að ekki þyki rjett eða nokkur hagsýni í því að fresta lengur að gera þar nýjan og fullkominn veg. Jafnframt gæti þá og vel komið til mála, að fara fram á nokkurt framlag frá Reykjavík og Hafnarfirði til nýrrar vegagerðar.

Hjer hefir verið gerð grein fyrir væntanlegum framkvæmdum að vegagerðum og vil jeg þvínæst gera á sama hátt grein fyrir, hvernig jeg tel rjett að haga brúargerðum á næstu árum.

Með brúalögum 1919 var landsstjórninni heimilað að láta gera 70 brýr á þjóðvegum og flutningabrautum, og eru þær allar taldar upp í lögunum. Þessar brýr eru allar lengri en 10 metra og var auk þeirra heimilað að láta gera aðrar minni brýr eftir þörfum. Af þessum 70 brúm eru 36 yfir vatnsföll, þar sem ekki hafa verið brýr áður, en 34 eru í stað gamalla timburbrúa. Nýju brýrnar eru nú fullgerðar 6 og endurbygging 16 timburbrúa.

Með frumvarpi því, sem nú liggur fyrir alþingi um breytingu á brúalögunum, er bætt við 5 nýjum brúm, en feldar úr 3 nýjar og 4 endurbygðar brýr. Verði sú breyting að lögum, þá verða ógerðar 32 nýjar og 14 endurbygðar brýr. Þessum brúm hefi jeg skift í 2 flokka, og tel jeg í 1. flokki brýr yfir eftirgreind vatnsföll. Set jeg jafnframt áætlaðan kostnað um hverja brúargerð:

a. Nýjar brýr:	Gerð brúar			
1. Ártúnsá á Kjalarnesi	steypt	kr.	5000	
2. Hvítá í Borgarfirði	járn	—	160000	
3. Miðfjarðará í Húnavatnssýslu	steypt	—	50000	
4. Víðidalsá í Húnavatnssýslu	—	—	24000	
5. Gljúfurá í Húnavatnssýslu	—	—	7000	
6. Hjeraðsvötn í Skagafirði	—	—	100000	
7. Svartá í Skagafirði	—	—	15000	
8. Grófargilsá í Skagafirði	—	—	5000	
9. Djúpá í S.-Þingeyjarsýslu	—	—	8000	
10. Reykjadalsá í S.-Þingeyjarsýslu	—	—	9500	
11. Ásakvíslar, áætluð stífla		—	10000	
12. Selá í Vopnafirði	steypt	—	25000	
13. Hölkná í Þistilfirði	—	—	11000	
14. Bakkarholtsá í Ölfusi	—	—	6000	
15. Gljúfurholtsá í Ölfusi	—	—	7000	
16. Eskifjarðará	—	—	15000	
Ýmsar minni brýr og til vara		—	42500	kr. 500000

b. Endurbygging timburbrúa:				
1. Skjálfandafljót	járn	kr.	40000	
2. Ásavatn	—	—	20000	
3. Jökulsá í Jökuldal	—	—	13000	
4. Hólmsá á Suðurlandsbraut	steypt	—	12000	
Aðrar brýr og til vara		—	15000	kr. 100000
		Samtals		kr. 600000

Jeg skal taka það fram, að margar áætlanirnar eru aðeins lauslegar og geta því breyst nokkuð, þá er kemur til framkvæmda og endanleg áætlun verður gerð. Sjerstaklega á þetta við brúna yfir Hvítá. Hún er langdýrust þeirra brúa, sem enn eru ógerðar á þjóðvegum og taldar eru í brúalögunum. Brúin verður 110 metra löng og býst jeg frekar við, að heppilegast þyki að setja þar járnhengibrú líka og t. d. á Þjórsá, en sú brú er aðeins um 80 metrar að lengd.

Þessar brýr, sem hjer hafa verið taldar, tel jeg eiga að sitja í fyrirrúmi og hefi því skipað þeim í 1. flokk.

Í öðrum flokki tel jeg aðrar brýr, sem taldar eru í brúalögunum og ógerðar eru enn. Geri jeg ráð fyrir, að þær muni allar kosta um kr. 330 þús., en þær eru 26 að tölu.

Það getur og farið svo, að einhverjar gömlu timburbrýrnar endist ekki eins lengi og jeg hefi gert ráð fyrir og lendi því í 1. flokki, en slíkt verður jafnan nokkur ágiskun. Fari svo, mun það tefja að sama skapi fyrir einhverjum nýju brúnna.

Jafnframt þeim brúagerðum, er hjer hafa verið taldar í 1. flokki, má gera ráð fyrir, að varið verði árlega úr ríkissjóði nokkru fje til brúagerða á öðrum vegum en þjóðvegum, sjerstaklega á sýsluvegum. Þær brýr, sem jeg býst helst við, að lagt verði kapp á að fá bygðar á næstu árum, eru yfir þessi vatnsföll:

Svarfaðardalsá, Grímsá á Völlum og Tungufljót hjá Vatnsleysu, allar nýjar. Yfir Hörgá í Eyjafirði á Helguhyl, Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu hjá Grenjaðarstað og Tinnudalsá í Breiðdal, allar í stað gamalla timburbrúa. Þessar 6 brýr munu kosta um kr. 140000. Jafnframt má gera ráð fyrir öðrum minni brúm á sýsluvegum fyrir ekki minna en kr. 30000 á sama tímabili. Hjer við má bæta brúnni yfir Vesturós Hjeraðsvatna, sem afráðið er að gera á næstkomandi sumri og mun kosta um kr. 90000. — Má gera ráð fyrir að komi í hlut ríkissjóðs að greiða af kostnaði tjeðra brúa um 180 þús. kr.

Að endingu vil jeg hjer gera nokkra áætlun um, hve fljótt megi takast að koma í framkvæmd þeim vega og brúargerðum, sem að framan hefir verið gerð grein fyrir, og skal jeg þá fyrst víkja að þeim, er jeg hefi talið í 1. flokki.

Þar eru nýjar akbrautir fyrir	1423000
og nýjar brýr fyrir	780000
Samtals kr.	2203000

Á þessu ári verða engar nýjar akbrautir gerðar, en brýr er áformað að byggja fyrir 120 þús. kr. Með því að gera ráð fyrir, að veittar verði 140 þús. kr. árlega næstu 3 árin til nýrra vega, en síðan í 5 ár að meðaltali 200 þús. kr. yrði lokið nýbyggingu fyrsta flokks að 8 árum liðnum eða 1932. Brýrnar í 1. flokki býst jeg við að fullgerðar verði á 6 árum eða 1930, með því að jeg þykist mega vænta þess, að hlutaðeigendur muni sumir hverjir leggja kapp á að flýta fyrir framkvæmdum með því að bjóða fram fje að láni, svo sem nú hafa gert Skagfirðingar, er leggja fram allan kostnað brúar á Vesturós Hjeraðsvatna, að $^1/_4$ hluta sem tillag, en að $^3/_4$ hlutum með kaupum á ríkisskuldabrjefum.

Jafnframt þeim fjárveitingum til nýrra vega og brúa, sem hjer er gert ráð fyrir, má ætla aðrar fjárveitingar til vegamála þessar:

		Meðaltal 1926—28	1929—32
1. Stjórn og undirbúningur	kr.	35000	40000
2. Nýir vegir	—	140000	200000
3. Nýjar brýr	—	110000	110000
4. Viðhald og umbætur þjóðvega ...	—	180000	200000
5. Fjallvegir	—	10000	12000
6. Sýsluvegir	—	30000	40000
7. Áhöld	—	15000	20000
8. Til dragferjuhalds	—	1000	1000
	Samtals kr.	521000	623000

Jeg hefi talið fjárveitingarnar til brúargerða nokkru lægri en þarf til þess að ljúka við brýr í 1. flokki á 6 árum, og er það gert með tilliti til þess, er fyr er sagt um væntanleg framlög hlutaðeigenda, sem lán til ríkissjóðs. Bifreiðaskattinn hefi jeg ekki talið með í fjárveitingunni til viðhalds og umbóta þjóðvegum.

Með tilliti til þess, er varið hefir verið að meðaltali undanfarin ár, eins og fyr segir, til vegamála, virðist mjer hjer alls ekki svo freklega áætlað, að ekki megi vænta þess, að hið háa alþingi telji slíkar fjárveitingar vel kleyfar. Með því að miða við líkar fjárveitingar til vegamála eftir 1932 yrðu 2. flokks nýbyggingar þjóðvega fullgerðar 1936, en 3. flokks 1940. Jafnframt verður þó að áætla viðhald þjóðveganna nokkru hærra jafnóðum og nýjar akbrautir bætast við þá.

Geir G. Zoëga.

Til fjárveitinganefndar neðri deildar alþingis.

Nd. **204. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

1. Við 10. gr. III. 3. Nýr liður:
   Til sendiherrahalds í Kaupmannahöfn 45000
2. — 12. — 4. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði).
   Fyrir »2000« kemur 2500
3. — 12. — 7. Nýr liður á undan athugasemd:
   Styrkur til Jóns Kristjánssonar, nuddlæknis í Reykjavík ... 1000
   Í athugasemdina bætist á eftir »Ólafs Þorsteinssonar«: Jóns Kristjánssonar.

4. Við 12. gr. 13. j. Nýir liðir:
a. Til hjúkrunarnáms handa Sigríði Guðjónsdóttur (Bachmann) 1000
b. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna til kenslu í hjúkrunarfræði 1000
c. Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, fyrsti þriðjungur styrks til heilsuhælis norðanlands 50000
enda hefir landlæknir eftirlit með stofnuninni, og hún verður eign ríkisins, ef fjelagið legst niður, hættir að starfrækja hana eða gerir það ófullnægjandi.
d. Til Rauða kross Íslands 1000
e. Til Berklavarnarfjelags Íslands 10000

5. — 13. — B. II. 2. Nýr liður:
Vesturlandsvegur (frá Fellsenda á leið suður yfir Bröttubrekku) 20000

6. — 13. — C. 2. Nýr liður:
Til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans til skuldalúkningar 13000

7. — 13. — D. III. Nýir liðir:
a. Sími frá Harrastöðum að Breiðabólsstað í Sökkólfsdal ... 22000
b. Sími frá Stórholti að Skarði á Skarðströnd 21000

8. — 14. — B. I. Nýr liður:
Til stúdentagarðs í Reykjavík, þriðjungur styrks ... 33333,33

9. — 14. — B. XVIII. 2. Nýr liður:
Til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, styrkur til leikfimikenslu með sömu skildögum sem áður hafa verið settir ... 600

10. — 15. — 1. b. (Aðstoðarm. við Landsbókasafn).
Fyrir »2000 kr. með verðstuðulsuppbót 3200« kemur:
3000 kr. með verðstuðulsuppbót 4800

11. — 15. — 12. Nýr liður:
Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands« ... 3000

12. — 15. — 14. d. Nýir liðir:
1. Til Björns Björnssonar, listamanns og gullsmiðs, til þess að nema til fulls teiknilist og málaralist... ... 1500
2. Til Tryggva Magnússonar, málara, til Rómferðar ... 2000
3. Til Halldórs Guðjónssonar (Kiljan Laxness) 1500

13. — 15. — 18. Liðinn skal orða svo:
Til Sigurður Jóhannessonar (Nordals) til ritstarfa 2000 kr. með verðstuðulsuppbót 3200

14. — 15. — 21. Nýr liður:
Til Palma Hannessonar, náttúrufræðings, til rannsókna í óbygðum vestan Vatnajökuls 6000

15. — 15. — 22. Nýr liður:
Til þess að gefa út minningarrit um Eggert Ólafsson á tveggja alda afmæli hans 6000

16. Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til Gísla Jónassonar, kennara, til utanfarar, til þess að læra að setja upp dýr — spendýr, fugla og fiska ... 1500

17. — 15. — 31. Nýr liður:
Til Listvinafjelagsins til þess að kaupa »Móðurást« eftir Jónínu Sæmundsdóttur (Nínu Sæmundsson) 2000

18. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög).
Fyrir »10000« kemur 25000

19. — 16. — 13. b. (Launabót fiskiyfirmatsmanna).
Fyrir »3400« kemur 13000
Athugasemdin verður svo: Skiftist í hlutfalli við tölur fjárlaga fyrir 1925.

20. — 16. — 19. Nýr liður:
Til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda í Dalasýslu, styrkur til skólahalds í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna 500
Skal leggja áherslu á þær greinir, sem hjer hafa verið stundaðar fyr á öldum, svo sem knipling, flosvefnað, glitvefnað o. fl., sem nú er að miklu gleymt og lagt á hylluna.

21. — 16. — 29. Nýr liður:
Til rannsóknar á því, hvern veg best verði tengd við sjávarafla fyrirtæki bygð á iðefnafræði 6000
Þó skal niðurstaðan aðeins notuð til þess að bæta atvinnuvegi landsmanna sjálfra.

22. — 16. — 30. Nýr liður:
Til lendingarbóta og varnargarða í Grindavík, fyrsti þriðjungur styrks 18000

23. — 22. — 3. Nýir liðir:
a. Reinhold Andersson, skraddara, til þess að sauma og hafa á boðstólum landsforða af karlmannafatnaði úr innlendum dúkum, alt að 20000 kr., gegn þeirri trygging, er stjórnin telur gilda.
b. Til Friðjóns Kristjánssonar, til þess að setja á stofn kembingarvjelar í Reykjavík, 30000 kr., gegn þeirri trygging, er stjórnin telur gilda.

24. — 25. — Síðari málsgrein skal orða svo:
Sje fjárveitingarnar eigi fyrirskipaðar í lögum, öðrum en fjárlögum, í tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum og fylgi þeim eigi fyrirheit um framhald, þá gilda þær að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ed. **205. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1925.

Eggert Pálsson, form. Jóh. Þ. Jósefsson, skrif. og frsm. Guðm. Ólafsson.

Hjörtur Snorrason. Sigurður Jónsson.

Nd. **206. Lög**

um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

(Afgreidd frá Nd. 19. mars).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja.

2. gr.

Í stað »5—500« í 8. gr. komi: 25—500.

3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **207. Frumvarp**

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 33, með breytingunum á þski. 162.

Ed. **208. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun docentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp. Þykir meiri hlutanum sjálfsagt, að íslensk tunga sje kend við háskólann, en engin slík kensla fer fram eins og nú stendur. Telur nefndin, að það sje mjög áríðandi fyrir háskólann, að kensla í sögu og bókmentasögu þjóðarinnar og íslenskri tungu sje í sem bestu lagi. Sú hlið háskólans vekur sjerstaklega eftirtekt á honum út á við, og mestu líkur ættu að vera til, að vjer í þessum fræðum ættum að geta eignast framúrskarandi vísindamenn. Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1925.

Sig. Eggerz, form. og frsm. Ingibjörg H. Bjarnason.

Ed. **209. Nefndarálit**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík og brtt. á þskj. 88, um að ríkið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Minni hlutinn (I. H. B.) vill fella brtt. um Blönduósskólann, en samþykkja stjórnarfrv. um kvennaskólann í Reykjavík. Meiri hlutinn (S. E. og J. J.) leggur til, að felt verði að gera þessa skóla að ríkisskólum, eins og málinu horfir nú við. Meiri hlutinn byggir þó á

mismunandi forsendum. S. E. lítur fyrst og fremst á breytinguna sem fjárhagsmál. Skólarnir muni verða landinu dýrari í rekstri, ef þeir verði gerðir að ríkisskólum, og að hann þess vegna af fjárhagsástæðum sje að svo stöddu mótfallinn breytingu. Enn fremur telur hann, að því síður beri bráða nauðsyn til breytingar, þar sem báðir skólarnir hafi með núverandi fyrirkomulagi reynst mjög vel.

Fyrir J. J. er breytingin ekki fyrst og fremst fjármál. Hann lítur að vísu svo á, að næg reynsla sje fengin fyrir því, að skólar verði yfirleitt ódýrari í rekstri, ef þeir eru reknir sem einkafyrirtæki, heldur en þegar landið starfrækir þá. En hann telur, að landinu beri mest skylda til að stofna sjerskóla fyrir konur, og þá einkum húsmæðraskóla. Konur hafa nú aðgang að öllum skólum landsins, þeim, er veita almenna fræðslu, til jafns við karlmenn. En konur vantar sjerskóla mjög tilfinnanlega. J. J. myndi vera því fylgjandi, að kvennaskólarnir í Reykjavík og á Blönduósi yrðu gerðir að ríkisstofnunum, ef þeim væri um leið breytt í húsmæðraskóla. En þar sem slík breyting er ekki fyrirhuguð í frv. eða brtt., vill hann, að þeir starfi enn um stund sem einkafyrirtæki með ríkisstyrk.

Alþingi, 19. mars 1925.

Sig. Eggerz, form.	Jónas Jónsson, frsm.

Ed. **210. Nefndarálit**

við frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík og brtt. á þskj. 88, um að ríkið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn vill benda á, að þegar konur hafa fengið jafnrjetti við karla, þá sje ekki óeðlilegt, að þessa gæti í mentamálum. Íslenskar konur munu líta svo á, að með samþykt þessa frv. viðurkenni Alþingi rjett þeirra til þess, að mentamálum þeirra sje komið í viðunanlegt horf, og það mun vekja gleði hjá þeim, að fá þær frjettir, að Alþingi hafi samþykt að gera hinn elsta kvennaskóla landsins að ríkisskóla.

Á liðnu ári voru liðin 50 ár frá stofnun kvennaskólans í Reykjavík, og var þess hátíðlega minst og við það kannast, að skólinn hefði unnið heillaverk, ekki aðeins fyrir Reykjavíkurbæ, heldur og fyrir alt landið. Þess ber að gæta, að kvennaskólinn í Reykjavík hefir ekki aðeins verið handa

bæjarstúlkum, en hann hafa sótt stúlkur af öllu landinu, svo að í þeim skilningi er hann *skóli landsins*, og er mjög skiljanlegt, að þeir, sem hafa komið auga á, hvernig hann er sóttur og af hverjum, telji mjög eðlilegt, að skóli sá, sem er fyrir alt landið, verði *ríkisskóli*.

Mörgum finst, að nú sje hið rjetta tækifæri, nú sjeu þau tímamót í sögu skólans, að tilefni gefist til þess að líta til liðins tíma, og sjá, að á liðnum 50 árum hefir skólinn starfað þannig, að hann á það skilið, að ríkið taki að sjer rekstur hans.

Milliþinganefndin í mentamálum segir svo í áliti sínu árið 1922 í kaflanum um »sjerfræðslu«: »Ýmislegt mælir með því, að þeir (kvennaskólarnir) yrðu gerðir að ríkisskólum. — — — Tæki ríkið skólana á sína arma, ætti vel við, að það væri gert á 50 ára afmæli hvors þeirra, sem viðurkenning fyrir langt og þarft starf«.

Það mælir svo margt með því, að ríkið nú taki að sjer þann skóla, sem hefir starfað í hálfa öld, og það verður trauðla komið með þau rök, sem með rjettu geti aftrað því.

Háttv. meiri hl. lítur svo á, að reynsla sje fengin fyrir því, að skólar verði ódýrari í rekstri, ef þeir eru reknir sem einkafyrirtæki. En reynslan sýnir samt, að eftir þessu hefir ekki verið farið með marga opinbera skóla. Það er kannast við tilverurjett þeirra og gagn, og þá talið sjálfsagt, að ríkið taki þá að sjer; og hvað kostnaðinn snertir, þá má ekki gleyma því, að ríkið hefir styrkt kvennaskólann, og er með frv. þessu aðallega farið fram á hagfeldara fyrirkomulag og rjettlátara.

Því er ennfremur haldið fram í áliti hv. meiri hluta, að landinu beri mest skylda til að stofna sjerskóla fyrir konur, og þá einkum húsmæðraskóla. En því má ekki gleyma, að kvennaskólinn er sjerskóli, þar sem slík fræðsla er veitt í munnlegum og verklegum greinum, að húsmæður nútímans og framtíðarinnar mega ekki án hennar vera; enda munu margar húsmæður á landi hjer líta svo á, að þær hafi verið í sjerskóla, er þær voru í kvennaskólanum í Reykjavík.

Reynslan sýnir, að þessi sjerskóli hefir verið notaður. Á skólaárinu 1923—1924 voru 90 námsmeyjar í skólanum víðsvegar af landinu, og auk þess 24 í hússtjórnardeild skólans.

Liðni tíminn sýnir, að reynt hefir verið eftir megni að uppfylla þau skilyrði, sem þarf til þess, að ríkið taki skólann að sjer. En með því verður og *framtíð* skólans tryggari. Forstöðunefnd skólans hefir átt mjög erfiða aðstöðu, þar eð ekki hefir verið auðið að vita það fyrirfram, hvort skólinn fengi nauðsynlegan rekstrarstyrk, og því aldrei hægt að leigja húsnæði handa skólanum lengur en frá ári til árs, nema með persónulegri ábyrgð forstöðunefndarmanna. Þar hefir Blönduósskólinn staðið betur að vígi, með því að eiga húsið.

Hálfrar aldar starf skólans rjettlætir þetta frumvarp, öll sanngirni mælir með því, og framtíð skólans er með því betur trygð. Það virðist vera eðlilegt, að skólinn, sem nú er að mestu rekinn á ríkisins kostnað, sje ríkisskóli, að ríkið taki við honum og eignum hans og ráði framtíð hans.

Vil jeg að öllu þessu athuguðu eindregið gera það að tillögu minni, að frv. þetta nái samþykki.

Alþingi, 19. mars 1925.

Ingibjörg H. Bjarnason.

Ed. **211. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er sammála um, að frv. það, er hjer um ræðir, sje þarft og gott. Sund er líkamsment, sem alt of fáir temja sjer hjer á landi, og þó einkum þegar á það er litið, að sundkunnátta er flestum íþróttum betur fallin til þess að herða og hreysta líkamann. Eins og tekið er fram í greinargerð við frv., er sundkunnátta einkar nauðsynleg í öllum sjávarþorpum landsins, og jafnvel alstaðar hjer á landi, vegna lifnaðarhátta manna og staðhátta.

Störfum er þannig háttað, að menn geta átt á hættu að detta í vatn eða sjó, t. d. við vinnu á bryggjum og skipum, á ferðalögum yfir ár o. s. frv. Því er það auðsæ nauðsyn að kunna sund.

Mætti gera ráð fyrir, að mörg mannslíf myndu bjargast árlega frá druknun, ef sundkunnátta yrði lögskipuð.

Frá heilbrigðislegu sjónarmiði eru áhrif sundsins meiri en nokkurrar annarar íþróttar. Baðið hreinsar hörundið og styrkir heilbrigða starfsemi þess betur en nokkuð annað. Líkaminn verður ekki eins viðkvæmur fyrir snöggum breytingum á hita og kulda, og þess vegna ekki eins hætt við *ofkælingu*, sem er einhver algengasti kvilli hjer á landi — í hinu breytilega loftslagi.

Sundið hefir verið kallað »íþrótt íþróttanna«, í fyrsta lagi af því, að það æfir alla parta líkamans, jafnt útvortis og innvortis, gerir vöðvana mjúka, en þó stælta og þrautseiga; í öðru lagi af því, að sundið þroskar einnig skapgerð manna, eflir áræðið og styrkir viljann. Sundið skerpir og hreinlætistilfinninguna; — því hefir verið sagt: »að leiðin til dygða lægi gegnum laugina«. Sund er því eitthvert hið besta uppeldismeðal.

Af ofangreindum ástæðum leyfir nefndin sjer að mæla með því, að háttv. deild samþykki frv. á þskj. 65 þannig breytt, eins og breytingartill. nefndarinnar fara fram á.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrir »10—15 ára« komi: 12—16 ára.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Skylt er hverjum nemanda, áður en kenslan byrjar, að sýna læknisvottorð um, að hann megi stunda sund heilsunnar vegna.
   Kostnaður við læknisskoðun þessa greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 19. mars 1925.

Sig. Eggerz, formaður.	Ingibjörg H. Bjarnason, frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Nd. **212. Nefndarálit**

um frv. til laga um að Landhelgissjóður Íslands taki til starfa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt, en lætur þess þó getið, að hún telur rjett, að bygt verði nýtt skip til landhelgisvarnanna, en ekki gamalt keypt.

Alþingi, 19. mars 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og framsögum.	Aug. Flygenring.	Sigurj. Jónsson.

Jakob Möller. Jón Baldvinsson.

Nd. **213. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á mörgum fundum.
Nefndarmenn eru sammála um, að nauðsynlegt sje að búa svo um tekju-

skattslög hlutafjelaga, að dregið verði úr hvöt fjelaganna til þess að borga hlut-höfum óeðlilega háan arð og með því veikja fjárhagslegan grundvöll fjelaganna.

Um nokkur önnur atriði frv. hefir nefndin klofnað, og þá sjerstaklega um meðaltalsskatt þriggja ára.

Hjer á landi er meiri þörf hlutafjelaga en víðast annarsstaðar, bæði vegna þess, að einstaklingarnir eru efnalitlir og geta því ekki rekið stærri fyrirtæki fyrir eigið fje, svo og vegna þess, að þau atvinnufyrirtækin, sem einkum eru fjárfrek (sjávarútvegurinn), eru svo misbrestasöm og afkoma þeirra svo misjöfn frá ári til árs, að slíks mun vart dæmi með öðrum þjóðum, nema ef til vill að litlu leyti hjá Norðmönnum. Þess munu fleiri dæmi, að því nær alt hlutafje (fleiri hundruð þús. kr.) sumra togarafjelaga hefir tapast á tveim—þremur árum og hluthafar, eða einhver hluti þeirra, orðið að taka á sig persónulega ábyrgð, til þess að geta haldið atvinnurekstrinum áfram, og í sumum tilfellum hafa hluthafar orðið að leggja fram hlutafjárauka, og þeir þráfaldlega tekið svo nærri sjer, að þeim hefir legið við fjárþroti.

Það munu nú allir sammála um, að þessi misbrestasami atvinnuvegur sje þó aðallyftistöng allra verklegra framkvæmda á landi hjer, að ekki getum vjer lifað lífi menningarþjóða án hans, og því beri að efla hann og treysta. — Þar af leiðandi má heldur ekki ganga svo nærri honum í skattálögum, að skattfyrirkomulagið og skatthæðin geri hann fyrir þá sök miklum mun ótryggari en ella.

Nú er það þó svo, að hlutafjelög eru sköttuð mun hærra hjer á landi en í nágrannalöndum, þar sem atvinnuvegirnir þó eru margfalt tryggari og misbrestaminni; t. d. í Danmörku er skatturinn þessi af skattskyldum tekjum, miðað við innborgað hlutafje og varasjóð:

af	6%					skattur	7%
yfir	6%	en	ekki	yfir	7%	—	8%
—	7%	—	—	—	8%	—	9%
—	8%	—	—	—	10%	—	10%
—	10%	—	—	—	12%	—	11%
—	12%	—	—	—	15%	—	12%
—	15%	—	—	—	20%	—	13%
—	20%	—	—	—	30%	—	14%
—	30%	—	—	—	50%	—	15%

Sjeu tekjurnar yfir 50%, er skattur 15% af því, sem skattur er undir 50%, en 20% af því, sem þar er yfir.

Aftur á móti er þar hámark skatts á einstaklingum 25%, hámarkið þar 5% hærra á einstaklingum en á hlutafjelögum, en hjer er það öfugt.

Það er fjarri því að vera ósanngjarnt, þótt gerðar væru einhverjar breytingar til linunar á skatti hlutafjelaganna, eins og vjer játum, að til er stofnað með a- og e-lið 1. gr. frv., heldur teljum vjer slíkt í fylsta máta sanngjarnt, þar sem slík linun myndi vart nema að meðaltali meira en 10—12%, eins og meðfylgjandi dæmi sýnir.

Skattur hlutafjelags með 300000 kr. innb. hlutafje.

Ár:	Skattsk. tekjur kr.	Tekjusk. samkv. núgild. lögum kr.	Samkv. frv. 1. gr. a. Skattsk. tekjur kr.	Skattur kr.
1922	(tap 200000)	0	0	0
1923	60000	9450,00	30000	3450,00
1924	240000	58950,00	100000	19450,00
1925	200000	46950,00	166650	36945,00
1926	30000	3450,00	156650	33945,00
1927	(tap 250000)	0	76650	13612,50
		118800,00		107402,50

Þetta dæmi er þó alls ekki alveg nákvæmt. Í síðasta dálki kemur ekki fram skatturinn af þeim ca 11000 króna skattmismun, sem dæmið sýnir. Þar af leiðandi myndi skatturinn í síðasta dálki verða í framkvæmdinni frá 550—3300 krónum hærri eftir því, á hvaða skattstiga nefndar 11000 krónur lenda.

Það getur á engan hátt talist of mikil ívilnun á skattgjaldinu, þó þessi óvenjuháu skattur á hlutafjelögum lækki um 10—12% á meðan svo er, að vegna misbresta á atvinnuveginum geti það komið fyrir, að fjelögin borgi meiri upphæð í skatt á t. d. 6 árum en samanlagðar skattskyldar tekjur fjelagsins eru á sama árabili, eins og dæmið hjer að framan sýnir.

En slíkt getur alt af komið fyrir meðan töpin ekki koma til frádráttar skattskyldum tekjum. En fram á það er ekki farið í frv., þótt margar ástæður gætu mælt með því.

Þetta fjelag myndi fá skattlinun sem svarar 10%, en jafnframt er það og sýnilegt af dæminu, að það borgar meiri skatt en skattskyldar tekjur sex áranna nemur.

Fjelag, sem hefði jafnar hreinar tekjur þessi 6 ár, eða 5000 kr. á ári, myndi borga samtals öll árin 1500 krónur í skatt.

Með þriggja ára meðaltalsskatti yrðu tekjur ríkissjóðs jafnari og ábyggilegri, og er það eitt af höfuðkostum skattfyrirkomulags, sem standa á um margra ára skeið.

Í annari grein frv. er farið fram á, að fjármálaráðuneytið fái heimild til ívilnunar á lögmæltum tekjuskatti, í líkingu við það, sem hlutafjelög fá samkv. 1. gr., handa einstaklingum, sem reka sjerstaklega áhættusama atvinnu.

Á þetta getum vjer fallist, en viljum benda á, að þessi ívilnunarákvæði sjeu notuð með varúð og fullnægjandi og óyggjandi sannanir heimtaðar í öllum tilfellum.

Hinsvegar gildir það sama um einstaklinga og hlutafjelög, að sje skattgjald þeirra óbærilega hátt á einu ári, þá er hin fyllsta ástæða til ívilnunar.

Leitað hefir verið umsagnar beggja bankanna, einkum um *a*- og *e*-lið 1. gr. frv., og eru svör þeirra sjerprentuð hjer aftan við.

Að öllum ástæðum athuguðum, ráðum vjer hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 18. mars 1925.

Jón A. Jónsson, frsm. Magnús Jónsson. Björn Líndal.

Fylgiskjal I.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Reykjavík, 14. mars 1925.

Með brjefi dags. í dag hefir hið háa fjármálaráðuneyti beiðst yfirlýsingar bankastjórnarinnar um það, hvort hún sje því meðmælt, að lögleitt verði ákvæðið í 1. gr. a. í frumvarpi til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæði þetta fer fram á þá breytingu á núgildandi löggjöf, að tekjuskattur innlendra hlutafjelaga skuli miðaður við meðaltal af skattskyldum tekjum þriggja ára ef fjelagið hefir starfað svo lengi, en tveggja ára ef fjelagið hefir starfað í tvö ár einungis.

Út af þessu leyfir bankastjórnin sjer að láta í ljós það álit sitt, að hún telur umrædda lagabreytingu eigi að eins heppilega heldur og nauðsynlega til þess að umrædd atvinnufyrirtæki geti unnið á heilbrigðum grundvelli. Hjer á landi er alveg sjerstök nauðsyn á að miða skattskyldar tekjur slíkra atvinnufyrirtækja við meðaltal fleiri ára, þar sem oft er stórfeldur mismunur á afkomu atvinnufyrirtækjanna frá ári til árs, og það er öllum til hagsmuna, einnig ríkissjóði sem skatttaka, að atvinnufyrirtækin komist á heilbrigðan grundvöll og, svo frekast sem unt er, komist varanlegt jafnvægi í afrakstur atvinnunnar.

Virðingarfyllst.

Landsbanki Íslands.

Georg Ólafsson. L. Kaaber.

Til fjármálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

ÍSLANDSBANKI.

Til fjármálaráðuneytisins.

Reykjavík, 16. mars 1925.

Út af brjefi hins háa ráðuneytis, dags. 14. þ. m., skulum vjer leyfa oss að skýra frá því áliti voru, að vjer teljum miklu rjettara að miða tekjuskatt innlendra hlutafjelaga við meðaltal a skattskyldum tekjum þriggja ára ef fjelagið hefir starfað svo lengi, en tveggja ára ef fjelagið hefir starfað tvö ár einungis, heldur en að miða tekjuskattinn að eins við síðasta árið eins og nú er gert. Að miða við þriggja ára meðaltal mundi koma á miklu meiri festu og öryggi í þessum efnum en nú á sjer stað og teljum vjer það alveg nauðsynlegt, en núverandi fyrirkomulag álítum vjer hættulegt fyrir atvinnufyrirtækin, og þess eðlis að það muni þegar á alt er litið og að öllu samanlögðu verða happadrýgra fyrir ríkissjóð að taka upp þriggja ára meðaltalið.

Vjer mælum því eindregið með því að umrædd breyting á tekjuskattslögunum komist á.

Vjer skulum taka það fram, að með því að mál þetta kemur undir nefnd í alþingi, sem Sigurður Eggerz bankastjóri á sæti í, hefir hann ekki tekið þátt í þessu svari bankastjórnarinnar.

Virðingarfyllst.

Íslandsbanki.

Jens B. Waage. Eggert Claessen.

Nd. **214. Breytingartillögur**

við frv. til laga um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. 2. b. Á eftir »rafmagnsframleiðsla« komi: vinna í sláturhúsum.

2. Við 1. gr. 2. d. Á eftir »tollþjónar« komi: póstar.

3. Við 8. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáts getur trygt ákveðna tölu skipverja, ef sjerstakar ástæður gera þess þörf.
4. Við 21. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Í reglum þessum má bæta við nýjum tryggingarskyldum atvinnuflokkum, svo og undanþiggja tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem til hagar og þörf krefur.

Nd. **215. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 3. gr. a. Á eftir »stjörnufræði« kemur: eðlisfræði.
b. Við greinina bætist: Í málfræðideild skal kenna grísku.

2. Við 4. gr. Fyrir »sömu reynd« í síðustu málsgrein kemur: sama próf.

3. Við 5. gr. a. Fyrir »ársreynd« kemur: árspróf.
b. Orðið »fullnemareynd« og svigarnir utan um orðið »stúdentspróf« í 1. málsgr. fellur burt.
c. Fyrir »kunnáttureyndir« kemur: próf.
d. Fyrir »kunnáttudómarar« kemur: prófdómarar.
e. Fyrir »reynt« kemur: prófað.

4. Við 6. gr. Fyrir »ársreynd og fullreynd« kemur: árspróf og stúdentspróf.

5. Við 12. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:
Hver fastur kennari skólans skal hafa leyfi frá kenslustörfum 10. hvert ár með fullum launum, og ráðstafar skólastjóri kenslu hans á meðan, á ríkisins kostnað.

6. Við 14. gr. a. Fyrir »kunnátturaunir« kemur: próf.
b. Fyrir »viðtökuraun« kemur: inntökupróf.

7. Við 15. gr. Fyrir »1926« kemur: 1927.

Nd. **216. Frumvarp**

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhending eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða í konungstilskipun samkvæmt 2. gr. þessara laga, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Undir umsjón stjórnarráðsins skal setja á stofn löggildingarstofu í Reykjavík, og sjer hún um:

a) stimplun og löggilding mælitækja og vogaráhalda; jafnframt fellur burt það löggildingarstarf, sem hvílir á sýslumönnum og bæjarfógetum,
b) einkasölu á stimpluðum og löggiltum mælitækjum og vogaráhöldum,
c) verklegt eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum,

alt eftir nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konunglegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld.

3. gr.

Löggildingarstofunni skal stjórnað af forstöðumanni, sem stjórnarráðið skipar, og hefir hann að launum 2500 kr. á ári, auk alt að 500 kr. til ferðakostnaðar.

Til þess að koma löggildingarstofunni á stofn má greiða úr landssjóði alt að 8000 kr.

Annar kostnaður af löggildingarstofunni skal greiddur með tekjum þeim, er hún fær að lögum. Fjárhagsáætlun hennar skal tekin í fjárlög. Útsöluverð á mælitækjum og vogaráhöldum, sem löggildingarstofan hefir einkasölu á, skal stjórnarráðið staðfesta.

A. *Löggildingarstarfinn.*

4. gr.

Löggilding á mælitækjum og vogaráhöldum fer fram á þann hátt, að

stimplað er á þau löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

5. gr.

Löggildingarstofan getur löggilt tæki, þótt ekki sjeu þau ætluð til notkunar, er löggildingarskyldan nær til, ef þau eru að hennar dómi til þess fallin.

6. gr.

Löggildingarstofan getur löggilt af nýju mælitæki og vogaráhöld, sem áður hafa löggilt verið, en orðin eru ófullnægjandi, ef þeim hefir verið breytt þannig, að þau fullnægi löggildingarskilyrðum.

Þeir, er nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, skulu leita nýrrar löggildingar, þegar skekkjan á þeim fer fram úr slitmarki, sem ákveðið verður í tilskipun (sbr. 2. gr.). Notendur mega hvorki sjálfir nje með annara aðstoð breyta eða gera við löggilt tæki, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

B. *Útsölustarfinn.*

7. gr.

Einkasala löggildingarstofunnar nær til allra löggildingarskyldra tækja, sem nefnd eru í 1. gr., og sömuleiðis til þeirra mælitækja og vogaráhalda, sem notuð eru til annars, eftir því sem tilskipunin greinir.

8. gr.

Löggildingarstofan skal hafa svo miklar birgðir af algengum mælitækjum og vogaráhöldum, er ætla má að nægi. Hafa má hún aðalútsölumann, er annast sölu fyrir hennar hönd, og ber að sjá um, að tækin sjeu til sölu svo víða um landið, sem þörf er á.

9. gr.

Nú hefir löggildingarstofan ekki tæki, sem óskað er, og er þá heimilt að kaupa þau annarstaðar. Þegar svo ber undir, má krefjast þess, að löggildingarstofan löggildi þau, ef þau fullnægja að hennar dómi löggildingarskilyrðum.

Í tilskipun þeirri, sem ráð er fyrir gert í 2. gr., skal ákveða, að löggildingarstofan geti, þegar sjerstaklega stendur á, gefið leyfi til að nota mælitæki og vogaráhöld, sem hún hefir ekki sjálf löggilt, en löggilt eru með því löggildingarmerki, sem gilti áður en lög þessi öðluðust gildi. Þó skal jafnskjótt sem unt er stimpla þessi tæki með ársmerki löggildingarstofunnar.

C. *Eftirlitsstarfinn.*

10. gr.

Lögreglustjóra er skylt að sjá um, að kaupmenn noti eingöngu löggilt

mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja.

Hann getur fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem löggilt tæki nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara um löggilding og stimplun eftir verklega prófun eða nýja löggilding.

11. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga *bæði,* hvort þau tæki, er notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt, *og* hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og skal löggildingarstofan veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það, og þann stuðning, sem með þarf.

12. gr.

Löggildingarstofunni skal skylt, að minsta kosti þriðja hvert ár, að láta framkvæma verklega prófun á öllum mælitækjum og vogaráhöldum, er kaupmenn nota, og einnig á öðrum samskonar tækjum, sem stjórnarvöld hafa umsjón með.

Eftirlitsmönnum er heimil tafarlaus aðganga að öllum stöðum, þar sem mælitæki og vogaráhöld eru notuð, og er heimilt að krefjast aðstoðar lögreglustjóra, ef á þarf að halda.

Skylt er þeim, sem áhöld og tæki eru rannsökuð hjá samkvæmt lögum þessum, að láta í tje aðstoð sína, ef eftirlitsmenn kalla til hennar. Í kaupstöðum og kauptúnum er honum skylt að senda þau tæki, sem flytjanleg eru til þess staðar, sem eftirlitsmenn ákveða.

13. gr.

Fyrir verklega eftirlitið skal greitt gjald, sem löggildingarstofan innheimtir og ákveðið er í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr.

Ef löggildingarstofan æskir þess, skal lögreglustjóri senda henni skrá yfir menn þá í lögsagnarumdæmi hans, sem verslunarrjett hafa, og aðrar þær upplýsingar, sem með þarf vegna eftirlitsins.

Gjöld þau, sem inn koma fyrir eftirlitið, skulu teljast til tekna löggildingarstofunnar.

D. *Ýms ákvæði og hegningarákvæði.*

14. gr.

Nota má framvegis þau mælitæki og vogaráhöld, sem til eru, þegar lög þessi öðlast gildi og löggilt eru á rjettan og löglegan hátt eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Þó skal eins fljótt og unt er — í kaupstöðunum í síðasta lagi áður en ár er liðið eftir að lög þessi hafa öðlast gildi — framkvæma verklega próf-

un og merkingu á öllum eldri löggildingarskyldum mælitækjum og vogaráhöldum, eins og í 12. gr. getur.

15. gr.

Skylda sú til löggildingar og eftirlits, sem fyrirskipuð er samkvæmt lögum þessum, nær ekki til vogaráhalda lækna og lyfsala; skulu þau stöðugt vera háð sjerstöku eftirliti landlæknis. Hann getur, samkvæmt nánari heimild í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr., sett ákvæði um slík vogaráhöld.

16. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Ólögleg mælitæki og vogaráhöld skulu upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Með mál út af brotun gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr., verður nánar ákveðið, að hve miklu leyti hegningarvert sje að nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, sem breyst hafa af elli og sliti.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir sýnt sig fljótt, sem vænta mátti, að vjer megum eigi vera án þessarar stofnunar, og þarf eigi annars við en að minna á síldarmálin.

Nd. **217. Frumvarp**

til laga um að veita síra Friðriki Hallgrímssyni ríkisborgararjett.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararjettur veitist síra Friðriki Hallgrímssyni, sem er fæddur á Íslandi en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Greinargerð.

Nefndin hefir til meðferðar frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar og hefir komið sjer saman um að afgreiða tillögur sínar með sjerstökum frv., jafnótt og hún hefir aflað sjer nægra upplýsinga um umsækjendur.

Nd. **218. Breytingartillaga**

við frv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 1. gr. Fyrir »25%« komi: 10%.

Ed. **219. Fjáraukalög**

fyrir árið 1924.

(Afgreidd frá Ed. 21. mars).

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1924, eru veittar kr. 40973.07 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar kr. 300.00.

Til læknisvitjana í Breiðdalshreppi 1923 ... ... kr. 300.00

3. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar kr. 31240.99.

1.	Guðmundur Thoroddsen: Kensla í lagalegri læknisfræði við háskólann	kr.	500.00
2.	Sigurbjörn Á. Gíslason kennari, launabót 1924	—	1500.00
3.	Guðmundur Kristjánsson kennari, sama	—	1500.00
4.	Eftirstöðvar af raflagnarkostnaði dómkirkjunnar	—	47.21
5.	Kostnaður við aðgerð á bændaskólanum á Hvanneyri ...	—	23800.98
6.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík og kaupa á landsspildu handa honum	—	3892.80
	Samtals	kr.	31240.99

4. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar kr. 6654.75.

1.	Til 5 fiskiyfirmatsmanna, launauppbót 1924	kr.	3400.00
2.	Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði (aðgerð)	—	254.75
3.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	—	3000,00
	Samtals	kr.	6654.75

5. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar kr. 2777.33.

1.	Til fyrv. póstafgreiðslumanns Friðriks Klemenssonar	kr.	1520.00
2.	Til Sigríðar Finnbogadóttur, ekkju dr. Jóns Þorkelssonar	—	633.33
3.	Til barna Hannesar sál. Hafsteins, uppeldisstyrkur fyrir árin 1923 og 1924	—	624.00
	Samtals kr.		2777.33

Nd **220. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Á eftir »akkerisvindum« í 2. lið 1. greinar laganna bætist: netum, lóðarbelgjum, önglum, öngultaumum, blásteini, bjarghringjum, björgunarbeltum, barkalit, botnrúllum, söltuðum húðum, körfum til uppskipunar, girðinganetum, hampi.

Nd. **221. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt um frumvarpið. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum.

Það er alkunnugt, að hrefnuveiðar hafa töluvert verið upp teknar á síðari árum, þrátt fyrir það, að hrefnan er án efa friðuð eftir núgildandi lögum. Ekki mun hafa þótt ástæða til að amast við þessum veiðum þar, sem þær hafa verið stundaðar, enda hafa engar kærur fram komið, og þykir því sjálfsagt að haga svo löggjöfinni um hvalveiðar, að veiði þessi verði hjer eftir lögleg.

Rjett þykir, að sjerleyfi sje eingöngu veitt þeim íslenskum ríkisborgurum, sem búsettir eru hjer á landi.

Ákvæði 4. gr. um skaðabótaskyldu sjerleyfishafa eru óþörf, því engin ástæða er til, að aðrar reglur gildi um skaðabótaskyldu hvalveiðamanna en annara. Eru ákvæði 4. greinar og svo ónákvæm, að breyta þyrfti, ef greinin ætti að standa.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »Allir skíðishvalir« í upphafi greinarinnar komi: nema hrefnur.

2. Við 2. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:
Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar, sem búsettir eru hjer á landi, einir fengið.

3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 23. mars 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. — Aug. Flygenring.

Sigurjón Jónsson. — Jakob Möller, fundaskrifari.

Nd. **222. Framhalds-nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild hefir gert nokkra breytingu á frv., er gengur í þá átt, að einskorða heimildina enn fastar. Telur nefndin breytinguna fara í þá átt, að draga úr því, sem helst hefir þótt varhugavert við frv., og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Einn nefndarmanna (H. J. Kr.) hefir skorist úr um fylgi við frv. og vill láta fella það.

Alþingi, 23. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, form. — Halldór Stefánsson, frsm. — Hákon J. Kristófersson.

Magnús Torfason. — Árni Jónsson.

Nd. **223. Lög**

um löggilding verslunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurhreppi.

(Afgreidd frá Nd. 23. mars).

1. gr.

Hellnar í Breiðuvík í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **224. Lög**

um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

(Afgreidd frá Ed. 23. mars).

1. gr.

Aftan við 2. gr. A. I. bætist:

32. Hvítá í Borgarfirði hjá Hvítárvöllum.
33. Hölkná í Þistilfirði.
34. Hafralónsá í Þistilfirði.
35. Selá í Vopnafirði.
36. Hofsá í Vopnafirði.

2. gr.

Úr 2. gr. A. falli:

Undir staflið I. (Nýjar brýr á þjóðvegum):

4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Króksbyl.

Undir staflið II. (Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum):

2. Flóká.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Ed. **225. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að tveim mánuðum ár hvert.

2. gr.

Skylt er hverjum nemanda, áður en kenslan byrjar, að sýna læknisvottorð um, að hann megi stunda sund heilsunnar vegna.

Kostnaður við læknisskoðun þessa greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **226. Breytingartillögur**

við frv. til laga um slysatryggingar.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Pjetur Ottesen, Halldór Stefánsson, Jón Sigurðsson, Sigurj. Jónsson, Björn Líndal, Kl. Jónsson.

1. Við 1. gr. 1. b. Orðin »fjórrónum eða stærri« falli niður.
2. Við 1. gr. 2. a. Liðurinn orðist svo:
   Ferming og afferming skipa og báta, sem nota vjelavindur við þessa vinnu, ef vinnan stendur yfir meira en hálft dægur.
3. Við 1. gr. 2. b. Orðin »fiskverkun, ísvinna og« falli niður.
4. Við 1. gr. 2. c. Aftan við liðinn bætist: nema um venjuleg bæjarhús eða útihús í sveitum sje að ræða.
5. Við 1. gr. 2. d. Liðurinn orðist svo:
   Meiriháttar brúargerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar, svo og vinna við meiriháttar vatnsleiðslur og gasleiðslur. Ennfremur skulu trygðir hafnsögumenn, sótarar, póstar og slökkvilið, ráðið að opinberri tilhlutun.

6. Við 1. gr. niðurlagsákvæði:
   a. Málsgreinin »Tryggingin samkv. 2. tölul. . . . . fyrirtækisins« falli niður.
   b. Fyrir »Tryggingarskyldan hvílir . . . . fyrir þeirra reikning« komi:
   Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning, bera ábyrgð á því, að þeir sjeu trygðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum.
7. Við 5. gr. Næst á eftir töluliðunum komi ný málsgr.:
   Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum reglum, ef sjerstaklega stendur á.
8. Við 6. gr. 1. málsgr. Fyrir »skulu atvinnurekendur . . . . . eru, til útgjalda« komi:
   skal iðgjaldagreiðslu þannig skift, að vinnuveitandi, hvort heldur er opinber stofnun, fjelag eða einstaklingur, greiði $^3/_5$, en vinnuþiggjandi $^2/_5$. Vinnuveitandi greiðir iðgjöldin af hendi fyrir alla tryggingarskylda, sem á hans vegum eru, en á afturkræfan af kaupi þeirra eða afla þann hluta gjaldsins, sem þeim ber að greiða.
9. Við 7. gr. Fjórða málsgrein orðist svo:
   Útgerðarmenn og hásetar vjelbáta, sem eru minni en 5 smálestir, greiða að eins $^4/_5$ og útgerðarmenn og hásetar róðrarbáta $^7/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar, greiðist úr ríkissjóði.

Ed. **227. Nefndarálit**

um frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir borið þetta frv. undir allmarga af kennurum við landsskólana í Reykjavík. Er álit þeirra einróma, að með núverandi launakjörum mundi breyting þessi spilla aðstöðu kennara við landsskólana hjer í bænum, og megi þó ekki á bæta.

Í áliti frá hinum þrem föstu kennurum kennaraskólans, Magnúsi Helgasyni, Freysteini Gunnarssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni, er fyrst bent á, að ekki sje alveg rjett hermt frá fjölda kenslustunda þar við skólann í athugasemdum við frv. »Hann (þ. e. kenslustundafjöldinn) er og hefir verið 27 stundir, nema fyrir skólastjóra«. Þá segja þeir enn fremur, að í Noregi hafi kennaraskólakennarar 24 stunda kenslu og mun hærri laun en hjer. Hafi þeir þar í landi sama rjett sem mentaskólakennarar. Hámarkslaun norskra kennara við kennaraskóla og mentaskóla sjeu 9000 kr. og skólastjóra 12000 kr.

Að síðustu mótmæla starfsmenn kennaraskólans algerlega þeirri kenningu stjórnarfrv., að af kennurum mentaskólans sje heimtaður meiri undir-

búningur. Það sje nákvæmlega sami undirbúningur, sem hingað til hefir verið heimtaður af föstum kennurum við báða skólana.

Þá álitur skólastjóri vjelstjóraskólans, að þar sem við þann skóla sje kent allmikið með fyrirlestrum, og mikil heimavinna við ritgerðir, þá verði nægilegt að áætla 24 stundir á viku handa föstu kennurunum þar.

Rektor mentaskólans, Geir Zoëga, hefir ritað nefndinni ítarlegt brjef um breytinguna. Segir hann, að í þrjá aldarfjórðunga hafi verið venja hjer við mentaskólann, að fastir kennarar kendu 24 stundir á viku, en hin síðari ár hafa margir af þessum kennurum haft alt að því 12 aukatíma á viku og fengið sjerborgun fyrir. Um þetta segir rektor: »Nú hafa nokkrir kennarar allar kenslustundir áskipaðar (36 stundir á viku), bæði af því, að þeir þurfa að auka tekjur sínar, til þess að geta lifað með fjölskyldu sína, og að oft hefir verið skortur á vel hæfum kennurum utan skóla«.

Enn telur rektor fulla nauðsyn að bæta úr allmiklu misrjetti, sem á sjer stað þar við skólann, þar sem sumir kennararnir hafa afarmikla heimavinnu. »Væri full sanngirni«, segir rektor, »að bæta þeim kennurum, sem mikla heimavinnu hafa, þann aukatíma, er þeir verða að vinna umfram aðra, með sjerstakri þóknun, og vildi jeg mæla með, að svo væri gert. Hitt tel jeg mjög ósanngjarnt, að ætla að heimta meiri vinnu af sumum kennurunum en krafist hefir verið af þeim um ómunatíð. Það er sama og að lækka laun þeirra«. Að lokum mótmælir rektor því með mörgum rökum, að gerlegt sje að ætla rektor 18 stunda kenslu ofan á það margháttaða eftirlits og- umsjónarstarf, sem fylgir stöðu hans.

Þá hefir leikfimiskennari Björn Jakobsson ritað nefndinni brjef um málið. Í frv. er gert ráð fyrir, að leikfimiskennari kenni 33 stundir, þ. e. 6 stundum meira á viku en aðrir kennarar skólans, nema söngkennari. Um þetta atriði segir Björn Jakobsson: »Þegar jeg rjeðist fastur kennari við Mentaskólann og Kennaraskólann, var svo ætlast til, að jeg hefði jafnrjetti við aðra mentaskólakennara, þ. e. sömu launakjör og kendi jafnmargar stundir á viku. En með frv. því, sem hjer er til umræðu, er þessu gerbreytt«.

Þá hafa tveir af kennurum mentaskólans, Bogi Ólafsson og Jakob Smári, sent nefndinni skýrslu um vinnuna við stílaleiðrjettingar.

Aðalíslenskukennari skólans, Jakob Smári, segir: »Jeg hefi að meðaltali 100—120 stíla að leiðrjetta á viku hverri, og tel jeg mig eyða í það a. m. k. 10—12 klst. vikulega«. Enskukennari mentaskólans, Bogi Ólafsson, telur að hann eyði um 13 stundum á viku í stíla og stílaleiðrjettingar, þannig, að stundafjöldi hans verði 37 á viku. Vorprófin standa í sex vikur, segir Bogi Ólafsson, og hefir hann þá enn þá meiri vinnu. Í áliti kennaraskólakennaranna er þess getið, að sá maður, sem þar hefir á hendi kenslu í íslensku, og dönsku í tveim efri bekkjunum, leiðrjetti 70—80 stíla og ritgerðir á viku. Er honum virt það sem þriggja stunda vinna, en er raunar þrefalt meira að hans áliti. Er full ástæða til fyrir mentamálastjórnina að taka til yfirvegunar orð Geirs Zoëga rektors um að bæta þeim kennurum, sem hafa miklar stílaleiðrjettingar, aukavinnu þeirra á sanngjarnan hátt.

Að fengnum þessum skýrslum hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að frv. megi ekki ná fram að ganga að svo stöddu. Laun þessara kennara eru yfirleitt svo lág, að þeir geta því að eins framfleytt sifjaliði sínu, að þeir leggi á sig stórmikla aukavinnu fyrir sjerborgun. Ef laun þessara kennara væru eins og í Noregi, gæti vel komið til mála að lengja vinnutíma þeirra eins og frv. gerir ráð fyrir. Af skýrslu rektors má sjá, að sumir kennarar þar við skólann kenna 36 stundir vikulega. En þessa miklu aukakenslu myndu þeir ekki leggja á sig nema fyrir það, að með því einu móti geta þeir haldið í horfinu fjárhagslega, eins og dýrtíð er nú. Sumir af kennurum þessara skóla hafa beinlínis sagt við menn úr nefndinni, að þeir væru fúsir að vinna mun lengur á dag, ef kjör þeirra væru bætt, svo að launin gætu mætt þörfum. En þar sem ekki er um neina breytingu að ræða á launakjörunum, er, eins og Geir rektor tekur fram, aðeins um launalækkun að ræða fyrir kennara við ríkisskólana, ef frv. þetta nær fram að ganga.

Alþingi, 23. mars 1925.

Sig. Eggerz, form.	Ingibjörg H. Bjarnason.	Jónas Jónsson, frsm.

Ed. **228. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir nefndin athugað og fellst á það, að rjett sje að sektir þær, sem tilskipunin frá 1849 ræðir um, sjeu nú orðið alt of lágar, miðað við breytingar þær, sem orðnar eru á gildi peninga; en þetta er aðalatriðið í frumvarpinu. Leggur því nefndin til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. mars 1925.

Eggert Pálsson, form.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson, frsm.

Nd. **229. Nefndarálit**

um frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fyrir nefndinni hafa legið tvö frv., sem bæði fara í sömu átt, frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands (stjórnarfrv. 27) og frv. til laga um Ræktunarsjóð hinn nýja, borið fram af þm. Strandamanna, að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands (þingskjal 45).

Frv. þessi ganga bæði í þá átt, að bæta úr misrjetti því, sem landbúnaðurinn á nú við að búa í samanburði við hinn aðal-atvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, að því er snertir starfsfje til atvinnurekstrarins. Nefndin er á einu máli um það, að hjer þurfi bráðra bóta við. Hlutfallið milli atvinnuveganna hefir á síðari árum raskast stórlega. Sjávarútvegurinn hefir með tilstyrk bankanna breytt um starfsaðferðir og er nú að miklu leyti rekinn með þeim fullkomnustu tækjum, sem völ er á nú á dögum. Landbúnaðurinn hefir að vísu tekið nokkrum framförum, en það hefir verið mesti seinagangur í samanburði við umbætur þær, sem gerðar hafa verið á sviði sjávarútvegsins. Bankarnir hafa ekki sjeð sjer fært að lána fje með þeim kjörum, sem aðgengileg hafa verið fyrir landbúnaðinn. Umbæturnar, sem gerðar hafa verið á rekstri sjávarútvegsins, hafa gert þeim atvinnuvegi fært að greiða hærri vexti af starfsfje sínu og hærra kaup en landbúnaðurinn getur staðist í því horfi, sem hann er nú. Afleiðingin hefir orðið sú, að fólkið hefir leitað úr sveitunum í kaupstaðina. Skoðanir manna eru ekki mjög skiftar um það að þessi fólksstraumur úr sveitunum sje þjóðlífinu ekki hollur. En eina ráðið til þess að stöðva þennan straum er að gera landbúnaðinum kost á að koma atvinnurekstri sínum í það horf, sem hæfir kröfum tímans. Ræktunin verður að vera undirstaða umbótanna, en til þess að ræktunin eflist þarf landbúnaðurinn að eiga aðgang að starfsfje með öðrum kjörum en tíðkast við lánsstofnanir vorar nú. Besta úrlausnin er því, að landbúnaðurinn fái sína sjerstöku lánsstofnun, eins og gert er ráð fyrir í frv. þeim, sem hjer er um að ræða.

Frumvörpin eru bæði eins að forminu til, en ganga mislangt í því, að efla vaxtarmöguleika sjóðsins. Nefndin hefir lagt frumvarp stjórnarinnar til grundvallar, með því að henni þótti það að ýmsu leyti betur gert að forminu til og í sumum atriðum betur skipað til um einstök ákvæði, svo sem reglur fyrir útlánum og tryggingu vaxtabrjefanna, en að því er snertir höfuðstól sjóðsins, og þar með vaxtarskilyrði hans, þótti nefndinni stjórnarfrumvarpið ganga of skamt, og hefir nefndin því tekið upp í tillögur sínar þau atriði úr frumvarpinu á þskj. 45, er miða að því að auka höfuðstól sjóðsins. Að sumu leyti eru ákvæði frv. á þskj. 45 tekin upp óbreytt, en að sumu leyti hafa verið gerðar breytingar hvað formið snertir, án þess að þær varði nokkru verulegu um upphæð höfuðstólsins.

Aðalbreytingin, að þessu leyti, er sú, að í stað þess að í frv. á þskj. 45 er ætlunin að auka höfuðstól Ræktunarsjóðs með verðtolli á öllum innfluttum vörum og auknu útflutningsgjaldi á útfluttum vörum um 3ja ára skeið, þá ætlast nefndin til, að höfuðstóllinn skuli aukinn með tillagi úr ríkissjóði, og skuli ríkissjóði sjeð fyrir sjerstökum tekjuauka í þessu skyni. Nefndinni þykir nokkrum annmörkum háð að leggja almennan verðtoll á innfluttar vörur til aukningar sjóðnum, þar sem hann kæmi hlutfallslega þungt og órjettilega niður á ýmsum skattþegnum, svo sem kaupstaða- og kauptúnabúum. Slíkur skattur hefir verið hjer í lögum áður, og þótti þá mjög óhægur í innheimtu. Þá þykir og óviðkunnanlegt að leggja á tolla í öðrum lögum en tolllögum, því að með því væri rýrt öryggi skattþegnanna fyrir ofsköttun. Nefndin hefir því snúið að því ráði, að auka höfuðstól Ræktunarsjóðsins með hækkun á útflutningsgjaldi því, sem nú er í lögum. Með því móti verður komist hjá sjerstakri fyrirhöfn eða kostnaði við innheimtu gjaldsins, og auk þess girt fyrir ýmsa þá annmarka, sem að framan getur. Ber nefndin fram frumvarp í þessu skyni ásamt meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Ætlast er til, að lögin um Búnaðarlánadeildina falli niður jafnskjótt og frumvarp þetta verður að lögum. Þó er ætlast til, að Landsbankinn leggi fram fje til vaxtabrjefakaupa Ræktunarsjóðs, jafnháa upphæð og hann átti að leggja Búnaðarlánadeildinni, að því frádregnu, sem Búnaðarlánadeildin kann að hafa í útlánum, þegar Ræktunarsjóður tekur til starfa. Ýmsar fleiri breytingar hefir nefndin gert á frv., og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:
   1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.
   2. Tillag úr ríkissjóði, er samsvari þeirri upphæð með vöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkv. lögum 20. okt. 1905. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram.
   3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks. Til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins leggur ríkissjóður fram 1 miljón króna. Skal ríkissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni.

3. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
   Landsbankinn lætur sjóðnum í tje ókeypis húsnæði til starfrækslu og trygga geymslu fyrir verðmæt skjöl og fje.
4. Við 6. gr. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo:
   Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið o. s. frv.
5. Við 8. gr. Síðari málsliður 1. málsgreinar »Lán til jarðræktar« o. s. frv. falli niður.
6. Við 27. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
   Landsbanka Íslands er skylt að kaupa með nafnverði, ef stjórn Ræktunarsjóðs æskir þess, vaxtabrjef fyrir þá upphæð, er lög um stofnun Búnaðarlánadeildar frá 4. júní 1924 mæla fyrir, að Landsbankinn skuli leggja Búnaðarlánadeildinni. Skal bankanum skylt að hafa lokið þessum kaupum fyrir árslok 1926, ef krafist verður, að frádreginni þeirri upphæð, er hann kann að hafa lagt Búnaðarlánadeildinni. Að því leyti sem stjórn Ræktunarsjóðs notar ekki þessa heimild á tilsettum tíma, er Landsbankanum skylt að kaupa vaxtabrjef fyrir alt að 100 þús. krónur á ári.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Hákon Kristófersson, áskilur sjer óbundið atkvæði um breytingartillöguna við 2. gr. tölulið 1, tekjur af þjóðjörðum.

Alþingi, 23. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, form. Árni Jónsson, fundaskr. og frsm. Halldór Stefánsson.

Magnús Torfason. Hákon Kristófersson.

Nd. **230. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd og meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Fyrir »1%« í 1. grein laganna komi: 1½%.

2. gr.

11. gr. laganna er úr gildi numin, svo og lög nr. 15, 4. júní 1924.

3. gr.

Árin 1925 og 1926 greiðir ríkissjóður til aukningar á höfuðstól Ræktunarsjóðs Íslands allan tekjuauka þann, er ríkissjóður fær með þessum lögum. Frá 1. janúar 1927 skal $^3/_4$ hlutum tekjuaukans varið til rekstrarkostnaðar við strandgæsluskip, ef þörf krefur, en að $^1/_4$ hluta gengur tekjuaukinn til Ræktunarsjóðs Íslands, uns framlag til sjóðsins samkvæmt lögum þessum hefir numið 1 miljón króna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Ræktunarsjóð Íslands. Hefir landbúnaðarnefnd Nd. haft frumvarp þetta til meðferðar og meðal annars gert við það þá breytingartillögu, að til eflingar sjóði þessum skuli ríkissjóður leggja fram 1 miljón króna, enda skuli ríkissjóði sjeð fyrir sjerstökum tekjum í því skyni. Ennfremur liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um að landhelgissjóður taki til starfa. Er gert ráð fyrir, að nýtt strandvarnarskip verði útvegað innan skams. Kostnaðarauki fyrir ríkissjóðinn af rekstri slíks skips er áætlaður $^1/_4$ miljón króna á ári. Landbúnaðarnefnd og meiri hluti sjávarútvegsnefndar hafa komið sjer saman um að flytja frumvarp þetta til þess að svara þessum tvöfalda tilgangi. Nánar í framsögu.

Nd. **231. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 3. gr. Niðurlag greinarinnar skal orða svo:

en stærðfræði og eðlisfræði eru höfuðnámsgreinir í stærðfræðideild.

Ed. **232. Frumvarp**

til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Af öllum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í Siglufjarðarkaupstað og af húsum á þeim lóðum skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð Siglufjarðar svo sem hjer segir:

1. Af lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrók, Siglufjarðareyri og innan Siglufjarðareyrar og austan fjarðar, 6 af þúsundi af virðingarverði fasteignar samkvæmt fasteignamati.
2. Af húsum á þeim lóðum 3 af þúsundi.
3. Á aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bæjarstjórn að leggja árlegan skatt, 3 af þúsundi af lóðum og 1½ af þúsundi af húsum.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkv. lögum nr. 66, 1921, eru undanskildar þessum skatti.

2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af þeim, sem hefir fasteignirnar á leigu, og innheimtist af bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar með 4% innheimtulaunum. Skatturinn innheimtist í fyrsta sinni á manntalsþingi 1925.

3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur skatturinn í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á eignum, er hann hvílir á, næst eftir fasteignaskatti til ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Sjóvarnargarðurinn á Siglufirði er bygður til þess að verja hús og lóðir kaupstaðarins fyrir eyðileggingu af sjávargangi. Meira en helming garðsins er þegar búið að byggja, og gert er ráð fyrir, að verkinu verði lokið á þessu ári. Mun garðurinn fullgerður kosta um 100 þús. krónur. Leggur kaupstaðurinn fram helming kostnaðarins, og hefir þegar fengið lán til þess. Auk þess hefir bærinn tekið að sjer viðhald garðsins að öllu leyti í framtíðinni.

Til þess að standast þennan kostnað, telur bæjarstjórnin nauðsyn á nýjum tekjustofni fyrir bæjarsjóð og vill byggja hann á þeim fasteignum, sem verið er að vernda með byggingu garðsins. Fyrir því er þetta frumvarp flutt, samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar.

Ed. **233. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun docentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Embætti þetta hefir löngum þótt fremur miðað við þarfir manns þess, er því hefir gegnt, heldur en þjóðarnauðsyn. Fyrir síðustu kosningar hjelt núverandi formaður stjórnarflokksins (J. Þ.) því fram, að eitt af helstu ráðunum til að rjetta við fjárhag landsins væri að leggja niður heimspekisdeild háskólans, og kom hann síðan á þingi 1924 með frv., sem stefndi í þessa átt. Á þingi 1922 flytja þrír menn í Nd., P. O., J. S. og Þ. J., breytingartillögu við fjárlögin um að leggja niður kenslu Alexanders Jóhannessonar við háskólann. Farast Jóni Sigurðssyni þannig orð um málið (Alþt. 1922, B. 149):

»Í fyrri liðnum er farið fram á það, að aukakennaraembættið við háskólann í samanburðarmálfræði og gotnesku verði lagt niður. Þetta embætti er nú gamall kunningi hjer. Það var mikið um það þráttað á síðasta þingi og margar tilraunir gerðar til að gera það að föstu embætti, en þær tilraunir mishepnuðust«. Þá segir J. S., að framan af æfi háskólans hafi engar umkvartanir heyrst, þótt ekki væri aukakennari í íslensku. Síðan bætir hann við: »En svo kom þessi maður til sögunnar og sækir, að mig minnir 1915, um styrk til þingsins til að kenna þýsk fræði við háskólann, og þá varð fyrst þörf fyrir þetta embætti«. Og ennfremur: »Þótt hjer sje ekki um neina stórupphæð að ræða, eitthvað á 7. þús. kr., er hún þó þess verð að vera spöruð, en starfið er heldur ekki mikið, sem niður fellur, eitthvað 4 stundir vikulega og engir fyrirlestrar«.

Á þinginu í fyrra lagði fjárveitinganefnd Nd., að því er virðist óskift, til, að styrkurinn til A. J. yrði feldur niður af fjárlögunum. Farast skrifara og framsögumanni nefndarinnar, Þórarni Jónssyni, þannig orð um nauðsyn þessa embættis:

»A þingi 1922 flutti minni hluti fjárv.n. Nd. tillögu um að fella niður aukakennaraembættið í sögu og málfræði íslenskrar tungu við háskólann. Voru þá færð ýms rök fyrir því, að kennaraembætti þetta væri óþarft. — Störf þessa kennara hafa verið fremur lítil, aðeins 4 stundir á viku. Þrátt fyrir það, þó nefndin vilji ekki neita því, að kennari þessi hafi með fyrirlestrum sínum getað gert eitthvert gagn, þá telur hún þó, að annarsstaðar geti verið meiri þörf fyrir starfskrafta hans en við háskólann og kensla hans orðið að meira liði, og því sje það engan veginn að vísa þessum manni út á gaddinn, þótt hann hverfi frá háskólanum. Þetta er einnig í samræmi við tillögur þær, sem nú liggja fyrir þinginu um breytingu á háskólanum«. (Alþt. 1924, A. 404).

Síðan voru þessar breytingartillögur fjv.n. samþyktar í báðum deildum. Og niðurlagning þessa embættis var eini verulegi sparnaðurinn, sem núverandi stjórnarflokkur beitti sjer fyrir og kom í framkvæmd á þinginu í fyrra.

Jeg hefi við fyrstu umræðu sýnt fram á, svo að eigi varð á móti mælt,

að starf þetta hefir frá upphafi verið miðað við það, að veita Alexander Jóhannessyni lífsuppeldi. Þeir þrír íhaldsmenn, sem stjórnarflokkurinn hefir nú um undanfarin ár sett í fjárv.n. Nd., hafa tvívegis svo rækilega fordæmt með viðunandi rökum þá embættisstofnun, sem þeirra stjórn hefir nú í hyggju að framkvæma, að af þeirri ástæðu einni saman er það furðanleg dirfska af stjórninni að leggja þetta frv. fyrir til samþyktar. Með því að jeg er í þessu efni samdóma íhaldsmönnum fjárv.n. Nd., sem knúðu fram niðurfelling þessa starfs í fyrra, legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jónas Jónsson.

Nd. **234. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Fjósum í Laxárdalshreppi utan verslunarlóðar.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Boga kaupmanni Sigurðssyni í Búðardal ábýli hans, kirkjujörðina Fjósa í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

Undanskilinn sölunni er sá hluti jarðarinnar, sem er verslunarlóð Búðardals.

2. gr.

Um mat á jörðinni og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð

felst í fylgiskjali því, sem prentað er hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að fara þess á leit við hið háa alþingi, að því mætti þóknast, að veita hinu háa stjórnarráði, með lögum heimild til þess, að selja mjer ábýlisjörð mína, kirkjujörðina Fjós í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, að minsta kosti jörðina utan verslunarlóða.

Það, sem aðallega knýr mig til að leita kaups á jörðinni, er hinn afarmikli ágangur, sem jörðin verður fyrir af ferðamannahestum o. fl.

Hjer um bil 1/8 engja, sem fylgdu jörðinni, hafa verið lagðar til verslunarlóðanna, þegar þær voru útmældar.

Er nú svo komið, að mestar slægjur jarðarinnar, sem allar eru í bithaga, eru upptroðnar, bitnar og eyðilagðar, er því orðið ómögulegt að búa á jörðinni, nema með því að kosta til mikilla girðinga, og er þess ekki að vænta, að nokkur leiguliði sjái sjer fært að ráðast í það, því kostnaðurinn við girðingarnar bæri búhokur það, sem jörðin framfleytir, svo langsamlega ofurliða.

Búðardal 3. febr. 1925.

Bogi Sigurðsson.

Til hins háa alþingis.

Reykjavík.

Nd. **235. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*
Við brtt. 195, 11. Við 7. gr. II. 3. (Afborgun lausaskulda).
Fyrir »600000« kemur 300000

II. Frá *Aug. Flygenring.*
Við 12. gr. 3. Nýr liður:
Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna... 2000
Til vara 1500

III. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 12. gr. 3. Nýr liður:
Styrkur til íbúa Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að 3000
Til vara 2500

IV. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*
Við brtt. 195, 18. Við 12. gr. 9. (Jón Kristjánsson).
Fyrir »1500« kemur 2000

V. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Til Ólafs Ó. Lárussonar læknis, ferðastyrkur 1000

VI. Frá *Jakob Möller* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 13. Nýr liður:
Til landsspítalabyggingar í Reykjavík, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr landsspítalasjóði 150000

VII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 12. gr. 13. b. Nýr liður:
Til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði, gegn $^2/_3$ hlutum frá Siglufjarðarkaupstað, alt að 30000

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 13. b. Nýr liður;
Til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási 6000

IX. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 12. gr. 13. b. Nýr liður:
Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Síðu (uppbót) 3298,28
Til vara 2000

X. Frá *Birni Lindal, Bernh. Stefánssyni, Árna Jónssyni og Benedikt Sveinssyni.*
Við 12. gr. 13. c. Nýr liður:
Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Fyrri fjárveiting 75000
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu, og að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að.

XI. Frá *Jakob Möller* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 13. h. Nýr liður:
Til Skúla Guðjónssonar cand. med., til heilbrigðifræðináms erlendis 4000

XII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við brtt. 195, 20. a. Við 12. gr. 13. j. (Halldór Arnórsson):
Í stað »1500« kemur 2000

XIII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 12. gr. 13. j. Nýr liður:
Til Þorvarðs Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans 2000

XIV. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 12. gr. 13 j. Nýr liður:
Til sjúkrahússins á Ísafirði sem uppbót þess, er byggingin hefir orðið dýrari vegna verðtollsins, eftir reikningi alt að 3000

XV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 13. gr. B. II. Nýr 1. liður:
Biskupstungnabraut... 10000

XVI. Frá *Aug. Flygenring.*
Við 13. gr. B. II. 1.
Liðinn skal orða svo:
Kjalarnesvegur 14000
gegn 6000 kr. framlagi annarsstaðar að.

XVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. B. XI. 4. Nýr liður:
Á Arngerðareyri 600

XVIII. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 13. gr. B. XI. Nýr rómv. liður:
Til ábúandans í Grænumýrartungu, húsabótastyrkur sakir gestnauðar 2500

XIX. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »70000« kemur 90000
Þar af til Hornafjarðarbáts 10000 kr.

XX. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »70000« kemur 83000

XXI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 13. gr. D. III. Nýr liður:
Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi 3000

XXII. Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 14. gr. A. b. 5. (Húsabætur á prestssetrum).
a. Fyrir »10000« kemur:... 29000
b. Aftan við liðinn kemur aths.:
Af þessu fje er stjórninni heimilt að greiða prestinum á Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu 9000 kr. viðbótarstyrk til húsabóta á prestssetrinu, enda sje öll byggingin eign þess.

XXIII. Frá *Hákoni J. Kristóferssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 4. Nýr liður:
Til þess að koma upp heimavist við barnaskólann í Króksfjarðarnesi 1/3 kostnaðar, alt að 3000

XXIV. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 4. Nýr liður:
Styrkur til Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, til þess að reisa barnaskólahús, gegn 2/3 hlutum frá Ólafsfjarðarhreppi, með því skilyrði, að yfirstjórn fræðslumálanna samþykki uppdrátt af húsinu 5000

XXV. Frá *Sveini Ólafssyni, Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 1. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum 60000

XXVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 2. Nýr liður:
Til fulltrúaráðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík, til kvöldskóla verkamanna 500

XXVII. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við brtt. 195, 36. Við 14. gr. B. XV. (Húsmæðrafræðsla),
Fyrir »2000« kemur 3000

XXVIII Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 3. Nýr liður:
Til byggingar sundlaugar í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, 1/3 kostnaðar, alt að... 2000

XXIX. Frá *Birni Líndal, Ásgeiri Ásgeirssyni, Jakob Möller, Árna Jónssyni, Bernh. Stefánssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 6. Nýr liður:
Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri 3000
að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.

XXX. Frá *Klemens Jónssyni.*
Við 15. gr. 11. (Sögufjelagið).
Í stað »2000« kemur 3000

XXXI. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 12. Liðinn skal orða svo:
Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók

Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings) 2500

XXXII. Frá *Birni Líndal, Ásgeiri Ásgeirssyni, Jakob Möller, Árna Jónssyni, Bernh. Stefánssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 14. a. Nýr liður:
Til Stefáns frá Hvítadal 1500
Til vara 1200

XXXIII. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.)*
Við brtt. 195, 48. b. Við 15. gr. 32 (Alþýðufræðsla).
Fyrir »1200« kemur 1500

XXXIV. Frá *Sveini Ólafssyni.*
1. Við brtt. 195, 48. b. Við 15. gr. 32. (Alþýðufræðsla).
Athugasemdin skal orðuð svo:
Af fje þessu greiðast 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi og 200 kr. til fyrirlestra í Austfirðingafjórðungi.
2. Við 15. gr. 32. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar, til tónlistarnáms í Berlín ... 2000

XXXV. Frá *Klemens Jónssyni.*
Við 16. gr. 6. Nýr liður:
Til landmælinga 35000

XXXVI. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
1. Við brtt. 204, 19. Við 16. gr. 13. b. (Launabót fiskiyfirmatsmanna.)
Athugasemdin fellur niður.
2. Við 16. gr. 13. b. (Launabót fiskiyfirmatsmanna).
Athugasemdin fellur niður.

XXXVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 14. Nýr liður:
Til Hólshrepps, til þess að gera við brimbrjótinn í Bolungarvík, enda verði verkið framkvæmt á komandi sumri 12000
Til vara 10000

XXXVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
1. Við 16. gr. 23. (Ungmennafjelag Íslands).
Í stað »1500« kemur 2000
Til vara 1800

2. Við brtt. 195, 55. Við 16. gr. 28. (Þórður Flóventsson).
Fyrir »1200« kemur 1500

XXXIX. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 28. Nýr liður:
Til þess að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, helmingur kostnaðar, alt að 1500

XL. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs, upp í tap við umbúðasmíði undanfarin tvö ár 1000
Til vara 500

XLI. Frá *Sigurjóni Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 30.
Til Ísafjarðarkaupstaðar fjórði hluti þess, er hafskipabryggja bæjarins hefir kostað bæinn, alt að 60000
Styrkurinn greiðist þannig, að skuld kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þá upphæð, er styrknum nemur.

XLII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 17. gr. 4. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík 5000
Til vara 4500

XLIII. Frá *Pjetri Ottesen* og *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 17. gr. 8. (Goodtemplarafjelagið).
Fyrir »6000« kemur 8000

XLIV. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi, Jakob Möller, Ásgeiri Ásgeirssyni, Sigurjóni Jónssyni, Jóni A. Jónssyni, Jóni Baldvinssyni, Birni Líndal, Árna Jónssyni, Aug. Flygenring, Benedikt Sveinssyni.*
Við 18. gr. II. b. 3. (Embættismannaekkjur). Nýr liður:
Til Theodóru Thoroddsen 500

XLV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 18. gr. II. i. 3:
Til Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 600

XLVI. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 22. gr. 3. Nýr liður:
Alt að 6000 kr. til Síðuhjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með 5 ½ % vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

XLVII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Við 22. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns ávaxtast og endurborgast með 6 % á ári á 28 árum.

XLVIII. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns frá 1921 ávaxtast og endurborgast með 6 % árlega á 40 árum.

Ed. **236. Tillaga**

til þingsályktunar um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala.

Flutningsmaður: H. Steinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram fje úr ríkissjóði til að stækka geðveikrahælið á Kleppi og til byggingar landsspítala, og skal því fjárframlagi hagað svo, sem hjer segir:

1. Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja úr ríkissjóði alt að 100 þús. kr. til byggingar á Kleppi, þannig, að bygð sje ein hæð ofan á þann kjallara, sem þegar er fullgerður. Þingið væntir þess, að byggingunni verði svo haldið áfram og henni lokið í árslok 1927.
2. Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja alt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði til byggingar landsspítala, gegn jafnmiklu framlagi úr landsspítalasjóðnum, enda hafi á árinu 1925 verið varið til hennar að minsta kosti 100 þús. kr. úr þeim sjóði. Þingið gerir ráð fyrir, að þessu verki verði hagað samkvæmt síðari spítalateiknun húsameistara ríkisins, með þeirri breytingu, er síðar kynni að þykja nauðsynleg og framkvæmanleg án verulegs viðbótarkostnaðar. Enn fremur ætlast þingið til þess, að verkinu verði haldið áfram á næstu árum, og byggingunni lokið í árslok 1929, ef ekki ófyrirsjáanleg fjárhagsvandræði ríkisins gera ókleift að halda henni áfram.

Greinargerð.

Það er öllum ljóst, hve brýn þörf er á að reisa þær byggingar, er tillagan ræðir um, og mun verða gerð nánari grein fyrir því í framsögu.

Nd. **237. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 226 (slysatryggingar).

Frá Pjetri Ottesen.

Við 5. lið, 1. gr. 2. d.
Á eftir »hafnsögumenn« kemur: lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita.

Ed. **238. Nefndarálit**

um frv. til laga um aflaskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eftir að hafa athugað frv. þetta og leitað álits nokkurra útgerðarmanna, leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 25. mars 1925.

Björn Kristjánsson, form. Ingvar Pálmason, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **239. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flm.: Jón Sigurðsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Ottesen, Pjetur Þórðarson, Bernh. Stefánsson og Þórarinn Jónsson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi tvær nýjar málsgreinar:
Orðið »hey« í næstsíðustu málsgrein 1. gr. falli burtu.
Á eftir »vörutolli« í niðurlagi sömu málsgreinar komi:
Heimilt er og stjórninni að undanskilja hey vörutolli um tiltekið tímabil, ef henni þykir brýnar ástæður til vegna yfirvofandi fóðurskorts.

Ed. **240. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd., og hefir þar verið steypt saman í eitt tveimur frv., er þeir fluttu, hvor í sínu lagi, þm. Barðstrendinga og þm. Dalamanna (sjá þskj. 118 og 151).

Eins og háttv. þingdeildarmenn rekur minni til, flutti þm. Snæf. á síðasta þingi frv., sem var að mestu leyti samhljóða 1. gr. frv. þess, sem hjer liggur fyrir. Því frv. var þá hjer í deildinni vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá þess efnis, að stjórnin leitaði álits og umsagnar sýslunefndanna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu um frv.

Þetta hefir nú verið gert. Stjórnin hefir borið mál þetta undir sýslunefndirnar í tjeðum sýslum, og auk þess sýslunefndina í Barðastrandarsýslu. Hafa sýslunefndir Snæfellsnes- og Hnappadals- og Dalasýslna tjáð sig samþykka hinu upphaflega frv. þm. Snæf., en frá sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefir hins vegar ekkert svar komið við fyrirspurn stjórnarinnar.

Og þar sem þannig má telja fyllilega upplýst, að það sje vilji alls þorra þeirra manna, sem hjer eiga hlut að máli, að selurinn á meiri hluta Breiðafjarðar og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, sje friðaður fyrir skotum, þá virðist ekkert því til fyrirstöðu, að frv. þetta fái að ganga fram. Og því fremur ætti háttv. deild að vera fús til þess að veita frv. samþykki, sem það virðist, að með ákvæðinu í 2. málsgr. 1. gr. sje hæfilegt tillit tekið til þeirra manna þar vestra, er eiga hagsmuna að gæta að því er laxveiði snertir.

Sektarákvæðin í 2. gr. eru samhljóða sektarákvæðunum í frv. til laga um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849, sem hjer liggur nú fyrir háttv. deild, og þurfa því engra sjerstakra skýringa við.

En þótt vjer samkvæmt framansögðu mælum með frv. þessu, þá leyfvjer oss þó að koma fram með tvær breytingartillögur við það, sem að vissu leyti geta skoðast sem orðabreytingar, en eru þó, að vorri ætlun, jafnframt til skýringar. Og eru það þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr. a. Fyrri málsgr.:
Á eftir »Breiðafirði« komi: og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga.

b. Síðari málsgr. orðist svo:
Undanþegið þessu banni er þó svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir.

Alþingi, 26. mars 1925.

Eggert Pálsson, form. og frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Árni Jónsson, Jakob Möller og Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:
a. Dansleikar allir, sem fram fara á opinberum stöðum, hvort sem haldnir eru fyrir fjelaga einstakra fjelaga eða allan almenning.

2. gr.

Aftan við c-lið 3. gr. komi nýr málsliður:
Undanþága þessi nær þó ekki til innanfjelagsdansleika.

3. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:
d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina ásamt gestum þeirra.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Greinargerð.

Eins og núgildandi lög eru úr garði gerð, eru nálega allir dansleikar undanþegnir skemtanaskatti, með því að fjöldi þeirra er haldinn í nafni ýmsra fjelaga. Breytingum þeim, sem hjer er farið fram á, er ætlað að ráða bót á þessu. Ef þær ná fram að ganga, mun það auka að miklum mun tekjur þjóðleikhússjóðsins og þannig flýta fyrir byggingu leikhússins og tryggja framtíð þess betur en gert er með núgildandi lögum.

Nd. **242. Nefndarálit**

um strandferðir og flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Vegna landshátta og vandgæfra hafna á ýmsum stöðum landsins virðist ekki verða hjá því komist að styrkja ferðir flóabáta þar, sem hafnir eru torsóttar og tafsamar. Jafnvel þótt fjölgað verði stærri strandferðaskipum, sem stefna verður að, mun þó jafnan verða þörf á samgöngum með minni og ódýrari farkostum, þar sem tafsöm eða hættuleg er leið hinna stærri skipa.

Nefndin lítur svo á, að eins og nú horfir við um samgöngur mundi haganlegast að skifta þessum flóaferðum í 5 flokka og þannig, að sjerstakt skip annist ferðirnar á hverju þessu svæði. Þessir 5 flokkar eru: 1. Samband milli Reykjavíkur og hafnanna við Faxaflóa og Breiðafjörð. 2. Sambandið milli Reykjavíkur og lendingarstaða í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum ásamt Vestmannaeyjum. 3. Ferðir um Ísafjarðardjúp. 4. Ferðir milli Hornafjarðar og Austfjarða. 5. Ferðir um Eyjafjörð og til Grímseyjar.

Um þau minni háttar flutningafæri, sem áður hafa styrks notið, svo sem Hvalfjarðarbátur, Lagarfljótsbátur og Rauðasandsbátur, þá álítur nefndin rjett að ætla hverjum þeirra lítla upphæð til ljettis hjeraðsbúum, svo sem 500 kr. hverjum.

Um framangreind 5 aðalflutningasvæði og farkosti þeirra vill nefndin taka þetta fram:

I. *Faxaflói og Breiðifjörður.*

Æskilegast virðist, að eitt og sama skip annist samgöngur milli allra hafna á þessu svæði og Reykjavíkur, og virðist nefndinni, að það mætti vel takast, eins þótt skipið færi nærfelt jafnmargar ferðir milli Rvíkur og Borgarness sem verið hafa. Þessu eru þó tveir nefndarmenn ósamþykkir.

Undanfarið virðast strandferðir um þetta svæði hafa verið helsti dýrar, enda hefir ferðunum verið skift milli tveggja og þriggja skipa, sem vart geta talist hentug í þessar ferðir. Vill nefndin beina þeirri ósk til landsstjórnarinnar, að hún leiti fyrir sjer um hæfilegt skip, er annast gæti ferðir um báða flóana og losað jafnframt aðalstrandferðaskipið, »Esju«, við viðkomur að miklu leyti á þessu svæði.

Til þess að þetta mætti verða, þyrfti flóaskipið að annast nokkrar ferðir til hinna afskektari hafna við Breiðafjörð á sumri, svo sem Búðardals, Salthólmavíkur, Króksfjarðarness, Flateyjar og Hagabótar, auk þess að halda uppi nokkurnveginn stöðugum ferðum milli Reykjavíkur og Borgarness og sem svarar hálfsmánaðarlegu sambandi milli þeirra minni hafna beggja megin Snæfellsness. Virðist nefndinni sennilegt, ef um hæfilegt skip væri að ræða, að áætla styrkinn til þess 35—40 þúsund krónur, með tilliti til þess, að um ábatavænlegan mannflutning er oft að ræða milli Reykjavíkur og Borgarness og flutningar miklir þaðan og þangað, eins og líka haust og vor til og frá höfnum við innanverðan Breiðafjörð.

II. *Árnes-, Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslur.*

Um þetta svæði er líkt að segja og um það fyrsta, að best færi á, að eitt og sama skip gæti annast það alt og sambandið við Reykjavík. En vegna hafnleysa þeirra, sem á svæðinu eru, má slíkt skip ekki vera stórt eða dýrt í rekstri, og má gera ráð fyrir því, að aukaferðir þurfi að fara um þetta svæði, t. d. frá Vestmannaeyjum, er áætlunarferðir mistakast. Fyrir þessa skuld verður að gera ráð fyrir tiltölulega háum styrk til þessara ferða, þótt strjálar verði. Undanfarið, eins og á þessu ári, hafa þessar ferðir verið farnar með breytilegum styrk og einkum bundnar við vjelskipið Skaftfelling, en auk þess nú fyrirhugaðar með sjerstöku skipi frá útlöndum einu sinni á sumrinu beint til 5—6 staða í V.-Skaftafells- og Rangárvallasýslum. Virðist sem ekki megi gera ráð fyrir minni upphæð til þessara flutninga en 19—20 þús. krónum.

III. *Ísafjarðardjúp.*

Undanfarið hefir lítið vjelskip notið þar styrks til póstflutninga og samgöngubóta, 15—18 þúsund kr. árlega. Norður-Ísafjarðarsýsla er vegna landslags og legu miður búin vegum en flest önnur hjeruð á landinu, og viðkoma »Esju« þar að eins á einni höfn utan Ísafjarðarkaupstaðar. Djúpbáturinn svonefndi er því eina samgöngufæri margra sveita í sýslunni, og virðist ekki verða hjá því komist að ætla til ferða hans svipaða upphæð og áður, eða um 16000 krónur.

IV. *Hornafjörður og Austfirðir.*

Undanfarið hefir styrkur til ferða um þetta svæði verið breytilegur og einkum notaður í þarfir kaupfjelags Hornfirðinga, en stundum jafnframt til flutninga á vetrarvertíðinni.

Vegna vandhæfis hafnarinnar í Hornafirði verður eigi með ferðum »Esju« bætt úr flutninga- og viðskiftaþörf Austur-Skaftfellinga nema að nokkru leyti,

og því óhjákvæmilegt að ætla einhvern styrk til ferða milli Hornafjarðar og Austfjarða, þar sem millilandaskipin landsetja og taka hornfirskar vörur og þar sem svo margvísleg viðskiftasambönd eru milli Hornfirðinga og Austfirðinga. Álítur nefndin, að Austur-Skaftfellingar eigi að hafa sem frjálsust umráð yfir styrknum, eins og verið hefir, og telur, að hann megi ekki vera undir 4000 kr.

V. *Eyjafjörður og Grímsey.*

Nefndin hefir eftir bendingu ráðherra fallist á, að rjett væri að styrkja ferðir til póstflutninga um Eyjafjörð, en álítur hins vegar, að semja ætti svo um, að sami bátur fari nokkrar ferðir til Grímseyjar, sem að mestu leyti hefir farið á mis við allar samgöngur. Virðist svo, sem báturinn gæti jafnvel farið stöku ferðir til Haganesvíkur og Flateyjar, og vill nefndin áætla 1200 kr. til þessara ferða.

Eftir framansögðu leggur nefndin því til, að áætlaðar verði til flóaferða 1926 83000 kr., og leggur til, að fjeð skiftist sem næst þannig:

1.	Til ferða um Faxaflóa og Breiðafjörð	41000 kr
2.	— — — Ísafjarðardjúp...	16000 —
3.	— — — Hornafjörð og Austfirði	4000 —
4.	— — með Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum	19200 —
5.	— — um Eyjafjörð og til Grímseyjar	1200 —
6.	— — — Lagarfljót...	500 —
7.	— — — Hvalfjörð...	700 —
8.	— — að Rauðasandi	400 —
		Alls 83000 kr.

Um strandferðatilhögun með aðalstrandferðaskipinu »Esju« þykir nefndinni eigi ástæða til að gera ákveðnar tillögur fyrir 1926, með því að á yfirstandandi ári hefir verið tekin upp breytt tilhögun um ferðirnar, sem rjett er að bíða eftir reynslu um, hvernig gefist. En til þessara ferða skipsins álítur nefndin rjett að áætla 150000 kr., með hliðsjón af þeim rekstrarhalla, sem verið hefir undanfarið.

Alþingi, 26. mars 1925.

Kl. Jónsson, form.	Sveinn Ólafsson, skrifari og frsm.	Jón A. Jónsson.	Pjetur Þórðarson.

Með fyrirvara að því er snertir samband ferða á Breiða- og Faxaflóa.

Hákon J. Kristófersson.

Sþ. **243. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1923 til 31. desember 1924.

Tekjur:

			Kr. a.
1. Eign í árslok 1922:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	8700 00	
b. Veðskuldabrjef	—	4100 00	
c. Í Landsbankanum	—	8302 65	21102 65
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	760 50	
b. — veðskuldabrjefum	—	385 00	
c. — fje í Landsbankanum	—	762 58	1908 08
		Kr.	23010 73

Gjöld:

			Kr. a.
1. Verðlaun greidd:			
a. Bókmentafjelaginu	kr.	1000 00	
b. Birni Þórðarsyni	—	500 00	
c. Alexander Jóhannessyni	—	300 00	1800 00
2. Auglýsingakostnaður			67 80
3. Eign í árslok 1924:			
a. Bankavaxtabrjef.	kr.	7700 00	
b. Veðskuldabrjef	—	3600 00	
c. Í Landsbankanum	—	9842 93	21142 93
		Kr.	23010 73

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. janúar 1925.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 9. jan. 1924 gaf nefnd sú, er kosin var á Alþingi 1923 til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu þess efnis, að þeir, sem hugsuðu til þess að vinna til verðlauna af sjóði þessum, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir árslok 1924.

Hinn 10. febr. 1924 andaðist einn nefndarmanna, dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður. Kvöddu hinir tveir eftirlifandi nefndarmenn með brjefi dags. 3. jan. 1925 dr. Pál Eggert Ólason prófessor til þess að taka sæti í nefndinni í hans stað.

Á settum fresti barst nefndinni ein ritgerð:

Um lögberg. Einkunn:
munu lögkænir
að lögbergi
— — — —
hreinni tungu tala.

Um ritgerðina var samþykt svofeld ályktun:

Þó að ritgerð þessi sje sumsstaðar nokkuð óþjál í vöfum og kenningar þær, sem þar er haldið fram, sumar mjög hæpnar og sumar ekki nægilega rökstuddar, þá ber hún samt vott um svo mikla sjálfstæði í hugsun, dómgreind og elju, og hefir að geyma svo íhugunarverðar skoðanir, að nefndin telur hana verðlaunaverða og ákveður verðlaunin 400 — fjögur hundruð — krónur.

Þá var fylgibrjefið opnað, og reyndist höfundur vera Eggert Briem, Viðey.

Samþykt var að veita Sögufjelagi 1000 — eitt þúsund — krónur af vöxtum sjóðsins 1923 og 1924, einkum til útgáfu nafnaskrár við skólameistarasögur, og Hinu íslenska Bókmentafjelagi 400 — fjögur hundruð — krónur til útgáfu íslenskra annála, með því skilyrði, að út verði gefið ekki minna en 10 arkir á þessu ári. Vilji fjelagið ekki ganga að þeim kostum, renni sú upphæð einnig til Sögufjelags.

Stjórnarráði og hlutaðeigendum voru tafarlaust tilkyntar samþyktir nefndarinnar.

Frá þessu leyfum vjer oss að skýra hinu háa Alþingi.

Reykjavík, 26. mars 1923.

Hannes Þorsteinsson. Sigurður Nordal. Páll Eggert Ólason.

Til Alþingis.

Ed. **244. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkisstjórnin setur skólanum starfsreglur og hefir öll umráð hans. Skal skólinn miðaður við 3 ára nám, og auk þess hússtjórnardeild í tveimur námsskeiðum.

2. — 3. — Greinin falli burtu.

Ed. **245. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902. *[Sóttvarnalög].*

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

6. gr. laga nr. 34 frá 1902 skal orða þannig:

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir alt landið, er sje jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum úthúnaði þess og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sje til taks.

Bæjarlæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema heilbrigðisstjórnin skipi til þess annan lækni.

Heilbrigðisstjórnin setur reglur um afnot þessa sóttvarnarhúss.

2. gr.

Síðari málsgrein 12. gr. skal orða þannig:

Sje aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3, má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sje til neytt.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gefa út afsal til hlutaðeigandi kaupstaða fyrir sóttvarnarhúsunum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, án þess nokkuð endurgjald komi fyrir þau, með þeim skilyrðum, að á Ísafirði verði settur í nýja spítalann sótthreinsunarofn, er sje fullnægjandi að áliti landlæknis, að á Akureyri verði sóttvarnarhúsið haft fyrir farsóttahús, og að á Seyðisfirði verði andvirði fyrir sóttvarnarhúsið varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir beiðni stjórnarinnar, og fylgdu því svo látandi athugasemdir, er landlæknir hefir samið:

»1902 var landið símalaust. Þess vegna þótti ekki annað fært en að reisa sóttvarnarhús í hverjum landsfjórðungi, hverjum kaupstað landsins, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði. Húsin voru reist. Í Reykjavík hefir sóttvarnarhúsið oft verið notað gegn erlendum sóttum. Húsin á Ísafirði og Seyðisfirði hafa aldrei verið notuð til neins. Húsið á Akureyri hefir iðulega verið notað vegna *innlendra* farsótta, annars ekki.

Komi skip að landi, t. d. austan eða vestan, og á skipinu menn með erlenda sótt, t. d. pest (svarta dauða), þá er nú hægur um hönd að senda skipið til Reykjavíkur og síma á undan því. Og sje skipið ekki sjófært vegna sóttarinnar, þá má síma suður eftir skipi til að sækja það.

Enn ber þess að gæta, að þrír yngstu kaupstaðirnir, Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og Siglufjörður, eiga fulla heimtingu á sóttvarnarhúsum, ef lögin standa óbreytt.

Þá vil jeg geta þess, að jeg hefi margrætt þetta mál við hjeraðslæknana á Akureyri og Ísafirði, og segja þeir jafnan, að þar sje ekki þörf á sóttvarnarhúsi gegn erlendum sóttum, en hins vegar sífeld þörf á farsóttahúsi eða farsóttadeild gegn innlendum farsóttum.

Í Reykjavík hefir bærinn sett á stofn farsóttahús.

Á Ísafirði er farsóttadeild í nýja spítalanum, en þar vantar sótthreinsunarofn, sem myndi kosta 5000 kr. Fyrir sóttvarnarhúsið má nú fá 4000 kr., og legg jeg til, að því fje verði varið í sótthreinsunarofn.

Á Akureyri er engin farsóttadeild í bæjarspítalanum. Legg til, að bænum verði gefið sóttvarnarhúsið með því skilyrði, að það verði haft fyrir farsóttahús.

Á Seyðisfirði er sóttvarnarhúsið lítilsvirði og svo hrörlegt, að það verður naumast haft fyrir farsóttahús á vetrardag. Legg til, að bænum sje gefið húsið, með því skilyrði, að andvirði þess verði varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.

Það getur komið til mála að gera fleiri breytingar á sóttvarnarlögunum frá 1902, en engin brýn þörf á því að svo stöddu«.

Nd. **246. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um einkenning fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er á einu máli um, að frumvarp þetta beri að samþykkja. Hinsvegar telur nefndin rjettara, að sektir samkvæmt lögunum renni í landhelgissjóð, í stað þess, sem ákveðið er í 4. grein, að þær skuli renna í ríkissjóð. Lítur nefndin svo á, að brot á móti lögum þessum verði að jafnaði í sambandi við ólöglegar veiðar í landhelgi, og er þá eðlilegast, að sektin renni öll í sama sjóðinn, enda mundi sektin fyrir landhelgisbrotið þá ákveðin í einu lagi. Verði fyrirmæli þessara laga brotin án þess, að það að nokkru leyti verði sett í samband við vanalegt landhelgisbrot, verða sektir fyrir slík brot að öllum jafnaði svo lágar, að nefndinni virðist ekki ástæða til þess að ákveða annað en að sektirnar fari allar sömu leiðina, sem sje í landhelgissjóðinn.

Nefndin leggur því til við háttv. deild að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Í stað »ríkissjóð« í annari málsgr. komi: landhelgissjóð.

Alþingi, 27. mars 1925.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Sigurjón Jónsson, frsm.

Aug. Flygenring. Jón Baldvinsson.

Nd. **247. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:
   1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðast svo:
   Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

2. Greinatala frv. breytist þessu samkvæmt.

Nd. **248. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um einkasölu á síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir klofnað um frumvarp þetta. Erum vjer fjórir nefndarmenn mótfallnir því og ráðum háttv. deild til þess að fella frumvarpið. Nánar við framsögu.

Alþingi, 27. mars 1925.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Sigurjón Jónsson, frsm.

Aug. Flygenring.

Ed. **249. Nefndarálit**

um frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta alllengi til meðferðar og meðal annars rætt það ítarlega við atvinnumálaráðherra og einnig við menn úr verslunarstjettinni, og eru breytingar þær sumar, sem nefndin hefir leyft sjer að leggja til að gerðar væru á frv., gerðar í samráði við nefnda aðilja.

Að því er snertir breytingartillögur nefndarinnar skal tekið fram það, er hjer segir.

Innan nefndarinnar var því að vísu haldið fram, að þar sem frv. meðal annars miðaði að því, að takmarka nokkuð aðgang manna til að öðlast leyfi til verslunar, væri rjett, að tekin væru upp í lögin skýr ákvæði um þekkingarskilyrði þau, sem útheimtast til þessa. Í uppkasti til frv. um verslunaratvinnu, sem verslunarráðið hafði samið, og nefndin einnig hafði fengið í hendur, eru taldar upp þær kröfur, sem verslunarráðið vill gera til þeirra, er verslunarleyfis æskja.

Í frv. stjórnarinnar er umsækjandanum, eftir nánari fyrirmælum, er ráðherra setur, gert að sanna, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum til að bera, sem nauðsynleg er þeim, er verslun reka.

Nefndin getur fallist á þetta, en álítur, að fyrirmæli þau, sem sett kunna að verða í þessu efni, eigi að vera sett í samráði við verslunarráð Íslands fyrir hönd kaupmannastjettar landsins og verslunarfjelaga og Samband íslenskra samvinnufjelaga fyrir hönd samvinnumanna.

Rjett þykir að undanskilja sveitaverslanir, þegar sett eru fyrirmæli þau, er hjer að ofan greinir, með því slíkar verslanir eru varla svo umfangsmiklar, að þörf sje þeim, er þær reka, sömu þekkingar á bókhaldi og vörum og þeim, er versla í bæjum og kauptúnum.

Öllu heldur munu sveitaverslanir yfirleitt vera í smáum stíl, og oftast reknar sem aukastarf samhliða búskap.

Nefndinni þótti of ströng ákvæði 5. gr. 1. tölul., þ. e. að í fjelögum, þar sem nokkrir fjelagar bera ábyrgð á skuldum fjelags, eða allir, eins og t. d. í samvinnufjelögunum, skuli allir þeir, sem í ábyrgðinni eru, fullnægja skilyrðum 1.—4. töluliðs 3. gr.

Sýnist nægilegt, að sjálft fjelagið eigi heimili og varnarþing hjer á landi og að fjelagsstjórnin öll og þeir, sem skuldbundið geta fjelagið með undirskrift sinni, fullnægi þessum skilyrðum, auk þess, sem verslunarþekkingar er ávalt krafist af einum þeirra, sem stjórna fjelaginu eða er heimilt að rita firmað. Um leið og 1. tölul. er þannig breytt, verður 3. tölul. sömu greinar óþarfur, og má því fella hann burt.

Í 6. gr. frv. er meðal annars ákvæði um það, að erfingi, sem er eldri

en 16 ára, megi reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, þó hann fullnægi ekki öllum ákvæðum 3. gr., og þykir sýnt, að til þess sje ætlast með ákvæði þessu, að hann megi reka verslunina á þennan hátt, þar til hann sjálfur er fullveðja, en það er þó ekki sagt með berum orðum, og bætti nefndin því við, er þurfa þótti til að skýra þetta ákvæði.

Verslunarleyfi hafa hingað til, auk lausakaupmannsleyfis, verið að eins tvenns konar, þ. e. alment leyfi til að reka verslun og sjerstakt leyfi til sveitaverslunar. Hið almenna leyfi hefir gilt fyrir allar aðrar greinir verslunarinnar.

Eftir frv. verður gagnger breyting á þessu, og er nú ekki ætlast til þess, að sama leyfisbrjef heimili að reka fleiri tegundir verslunar í senn, t. d. heildsölu og smásölu. Þó eru heildverslun, umboðsverslun og tilboðasöfnun svo skyldar tegundir verslunarinnar, að ekki er hægt að bægja heildsölum frá því að reka hinar síðastnefndu tvær verslunartegundir samfara heildsölunni, enda virðist frv. ekki ætlast til, að svo sje eða að þeir þurfi til þess nema eitt leyfisbrjef, og hefir nefndin með lítilsháttar viðauka gert ákvæði þess skýrara í þessu efni.

Eftir frv. mega heildsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar ekki fá leyfi til að reka verslun annarar tegundar á sama stað og þeir reka heildsölu sína, umboðsverslun eða tilboðasöfnun, eða alt þetta í senn.

Sama gildir um þá, er leyfi hafa til annarskonar verslunar, að þeir eiga ekki að geta fengið leyfi til áðurnefndra þriggja verslunartegunda á sama stað og þeir reka t. d. smáverslun sína.

Eins og áður er á vikið, hafa allir þeir, sem verslun reka, aðra en lausakaupmensku og sveitaverslun, hingað til haft samskonar leyfisbrjef, og að sjálfsögðu þess vegna talið sjer leyfilegt að versla bæði í smáum og stórum stil eftir geðþótta.

Nokkrar verslanir eru nú til, sem versla bæði í heildsölu og smásölu og hafa opna sölubúð til þess sjerstaklega að reka smásölu sína; flestar þessar verslanir eru að nokkru eða öllu leyti sjerverslanir.

Þar sem umsetningin er jafntakmörkuð og hún er hjer á landi, sýnist ekki rjett að meina þeim, er sjerverslun reka að mestu eða öllu leyti, að selja bæði í heildsölu og smásölu, með því það mundi gera þeim að mun óhægra fyrir og vera því til hindrunar yfirleitt, að sjerverslanir gætu þrifist hjer.

Hinsvegar er nefndin þeirrar skoðunar, að það sje til bóta, að verslunin sje aðgreind svo sem föng eru á og að þeir menn, sem hafa aflað sjer sjerþekkingar á ákveðnum vörutegundum, geti gefið sig sem mest að því að versla með þær vörur, sem sjerþekking þeirra nær til.

Yfirleitt eiga sjerverslanir í höndum hæfra manna að geta verið besta trygging þess, að almenningur fái rjetta vöru við rjettu verði.

Þetta, sem nú hefir sagt verið, er það, sem mælir aðallega með því, að leyft sje sama manni að reka verslun fleiri tegunda á sama stað, t. d. heildsölu og smásölu.

Talsvert þykir hafa borið á því, að sumir heildsalar í Reykjavík seldu vörur til einstakra manna til eigin afnota (neyslu), eða sem kallað er í smá-

sölu, án þess þó, að þessir heildsalar hafi samtímis heildsölunni rekið smáverslun opinberlega, þ. e. haft opna sölubúð.

Yfir þessu hafa smásalar alment kvartað, og er það eðlilegt.

Nefndin getur ekki fallist á það, að sami maður megi ekki reka nema einskonar verslun á sama stað. Álítur hún, að það muni aðeins leiða til þess, að sumir heildsalar muni framvegis, eins og haldið er fram, að þeir geri nú, selja beint til neytenda »af Lager«, og keppi þeir þannig við höfuðskiftavini sína, smásalana, án þess að hafa sama tilkostnað og þeir, er halda opinni búð til verslunarinnar.

Hún vill því leyfa, að sami maður megi reka fleiri tegundir verslana á sama stað, gegn því, að hann leysi þau leyfisbrjef, sem frv. ákveður fyrir hverja tegund, og að því er snertir heildsala, að þeir megi einnig reka smásöluverslun á sama staðnum, ef þeir, auk heildsöluleyfisbrjefs, leysa einnig smásöluleyfisbrjef, en þó vill hún áskilja, að heildsalinn hafi opna smásölubúð til verslunarinnar eins og aðrir smásalar.

Verslunarráðið hafði meðal annars lagt það til, að heildsalar og smásalar greiddu auk leyfisbrjefagjaldsins árgjöld, og að hluti af þessum gjöldum rynni til verslunarráðsins og verslunarskóla Íslands.

Hefir nefndin fallist á það að taka lág árgjöld upp í frv., en hún vill, að þau renni beint í ríkissjóð, en ekki neinn hluti þeirra beinlínis til þeirra stofnana, sem verslunarráðið tiltekur. Árgjaldið mundi verða krafið af samvinnufjelögum eins og öðrum þeim, er verslun reka, og þykir ekki sanngjarnt, með hliðsjón af þessu, að skifta árgjaldinu, eins og gert er ráð fyrir af verslunarráðinu.

Árgjaldið og hækkun leyfisbrjefagjalda er nokkur hemill á of mikla aðsókn manna til að versla, og ennfremur hjálpar árgjaldið til þess að gefa árlegt glögt yfirlit yfir alla þá, sem verslun reka á landinu, og þó nefndin geti, eins og áður segir, ekki lagt það til, að gjaldið renni annað en í ríkissjóð, álítur hún sjálfsagt, að lögleiðing þess verði þess valdandi, að ríkið styrki mentun verslunarstjettarinnar og stuðli að strangara eftirliti með því, að verslun landsins verði rekin á löglegan hátt, betur en hingað til hefir átt sjer stað.

Nefndin getur ekki fallist á það, að verslunarheimild þeirra manna, sem nú hafa verslunarleyfi, skerðist við þessa lagasetningu, með því þá væri rjettur tekinn af þessum mönnum, rjettur, sem þeir hafa öðlast á löglegan hátt þegar þeir leystu verslunarleyfisbrjef sín, þau er þeir hafa nú.

Það, sem hjer hefir sagt verið, nægir til að rökstyðja hinar helstu breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar sjeu á frv. Aðrar smávægilegar breytingar, sem hún hefir gert, eru aðallega orðalagsbreytingar og þarfnast ekki sjerstakrar skýringar, enda mun á þær minst í framsögu.

Tveir nefndarmanna áskilja sjer rjett til að koma fram með frekari breytingar, ef þeim sýnist.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   Á eftir »umboðsverslunar« komi: (commission), og á eftir »vörukaup« í 1. málsgr. komi: (agentur).
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir »búi sínu« í 3. tölul. komi: og hefir haft það síðasta árið.
   b. Á eftir orðinu »lýtur« í fyrri málsgrein 5. tölul. komi: eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufjelaga.
   c. Á eftir orðunum »taka ekki til« í síðari málsgrein sama töluliðs komi: sveitaverslana nje.
   d. Á eftir orðinu »rjóma« í sömu málsgrein komi: skyr.
3. Við 5. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. töluliðs orðist þannig:
      Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelagsstjórnin öll eða þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.–4. og 6. tölul. 3. gr.
   b. 3. töluliður falli burtu.
4. Við 6. gr.
   Á eftir orðunum »má og« í 3. málsgrein komi: þar til hann hefir náð lögaldri.
5. Við 7. gr.
   Fyrri málsgrein orðist þannig:
      Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., 1. málsl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 2.—4. málsgr. 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.
6. Við 8. gr.
   Í stað orðanna »kaupstað, löggiltu kauptúni eða sveit« komi: umdæmi.
7. Við 10. gr.
   a. Á eftir orðinu »tilboðasöfnun« í 1. málsgrein komi: eftir sama leyfisbrjefi.
   b. Í stað orðanna »nje heldur geta þeir . . . . . í sömu sveit« í 3. málsgr. komi: nema þeir hafi þar opna sölubúð.
8. Við 13. gr.
   a. Orðin »og umboðsverslunar« í 2. málslið falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
      Auk leyfisbrjefagjaldsins skal heildsali greiða 100 kr. árgjald og smásali 50 kr. árgjald til ríkissjóðs, meðan þeir reka verslun samkvæmt leyfisbrjefinu.
      Árgjaldið fellur í gjalddaga 1. janúar ár hvert, og skulu lögreglustjórar innheimta það, enda fylgir því lögtaksrjettur.

9. Við 14. gr.
   Í stað orðanna »gjald það« í 4. málsgrein komi: gjöld þau.
10. Við 16. gr.
   Í stað orðanna »fyrir rannsókn« komi: við rannsókn.
11. Við 17. gr.
   a. Í stað orðanna »þann tíma« í 2. málsgrein komi: 1. mars 1925.
   b. Orðin »þó er þeim . . . . . 1. júlí 1925« í sömu málsgr. falli niður.

Alþingi, 28. mars 1925.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson.

Ed. **250. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík.

Flutningsmenn: Hjörtur Snorrason og Einar Árnason.

1. Við 4. gr. Orðin: »hjúkrun, teiknun, skrift« falli burt.
2. — 6. — Á eftir »ár hvert« komi ný setning, svo hljóðandi:
   Í skólann skulu ekki teknir yngri nemendur en 16 ára.

Nd. **251. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og takmörkun á ádráttarveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allítarlega og borið það saman við lög þau, er nú gilda um lax- og silungsveiði hjer á landi.

Aðaltilgangur frv. er að hlynna að laxa- og silungaklaki og að kostnaður við það geti komið hlutfallslega niður á alla þá, sem væntanlegra hagsmuna njóta af því.

Nefndin viðurkennir þennan tilgang frv. rjettmætan, og að lög um þetta efni geti komið að nokkru liði.

Hinsvegar hefir hún þó komist að þeirri niðurstöðu, að frv. þarfnist mikilla breytinga, til þess að rjett sje að gera það að lögum.

Í frv. vantar ákvæði um, hversu skipa skuli þessum málum þar, sem á eða veiðivatn er á sýslumótum. Í því sambandi koma þá til álita flest ákvæði frv. í breyttu formi, sem nokkur vandkvæði eru á að skipa svo, að vel fari.

Nefndin er og þeirrar skoðunar, að takmörkun á ádráttarveiði í ám sje nægilega viðtæk í lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi, og getur því ekki fallist á ákvæði frv. að þessu leyti.

Þó virðist svo, sem ákvæði 6. greinar nefndra laga, um friðun, gætu komið til greina í frv. því, er hjer um ræðir.

Um leið og slík heimildarlög væru sett, er frv. hljóðar um, væri að sjálfsögðu rjett að taka upp í þau og samræma, eftir því sem við þætti eiga, helstu ákvæði laga nr. 55, 30. júlí 1909, um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Þá gætu og ennfremur komið til álita nokkrar hömlur á veiði til klaks og förgun klakefna til annara veiðivatna en þeirra, er að klakinu liggja.

Líklegt er, að eitthvað fleira en hjer hefir verið bent á gæti komið eða ætti að koma til athugunar í sambandi við þetta mál.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt frá hv. deild með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin semji frumvarp til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak og um veiðiaðferðir í ám og vötnum og leggi það fyrir Alþingi 1926, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, form., frsm. Árni Jónsson, fundaskrifari. Hákon J. Kristófersson.

Magnús Torfason. Halldór Stefánsson.

Ed. **252. Nefndarálit**

um frv. til laga um sektir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, fellst að öllu leyti á ástæðurnar fyrir því og leyfir sjer að leggja til, að það verði samþykt eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 30. mars 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm. Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Jónas Jónsson.

Ed. **253. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu.

Undanþegið þessu banni er þó svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Ed. **254. Lög**

um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

Síðasti málsliður 15. gr. skal orðast svo:

Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna sektir allar að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Ed. **255. Lög**

um aflaskýrslur.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

1. gr.

Fiskifjelag Íslands skal safna aflaskýrslum um allan þann fisk, sem veiddur er hjer við land og ætlaður er til útflutnings, að undanskildum laxi og silungi.

Skal Fiskifjelagið hafa umboðsmenn í helstu veiðistöðvum landsins, til þess að taka við aflaskýrslum og senda þær til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík eða erindreka þess.

2. gr.

Fiskifjelagið skal birta heildaraflann í aðalveiðistöðvum, landsfjórðungum eða landinu í heild sinni á hálfsmánaðarfresti, eða oftar, ef þurfa þykir.

Það skal og veita hlutaðeigandi stjórnarvöldum aðstoð sína og umboðsmanna sinna við söfnun fullnaðarskýrslna um fiskiafla.

Sömuleiðis skal Fiskifjelaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða fjelögum um fiski í landinu.

3. gr.

Allir árabátar eða smærri vjelaskip, sem leggja veiði sína á land óverkaða, skulu á viku hverri gefa skýrslu um veiði sína, sundurliðaða eftir tegundum, eftir því sem krafist verður.

Formaður og útgerðarmaður bera ábyrgð á því í sameiningu, að skýrslurnar sjeu rjettar og að þeim sje skilað á ákveðnum tíma.

4. gr.

Botnvörpungar og önnur fiskiskip, sem verka afla sinn á skipsfjöl að nokkru eða öllu leyti, skulu í hvert skifti, er þau leggja afla sinn á land, allan eða nokkurn hluta hans, tafarlaust senda skýrslu um þann hluta, sem á land er fluttur, sundurliðaða eftir því sem krafist er.

Skipstjórar á þeim skipum, sem hjer um ræðir, bera ábyrgð á, að skýrslunum sje komið til rjettra viðtakenda, ef þeir leggja aflann á land utan heimilis skipsins. Annars ber útgerðarmaður skipsins ábyrgð á, að skýrslurnar sjeu sendar.

5. gr.

Hver sá, sem afla kaupir eða veitir viðtöku af útlendu skipi, skal skyldur að gefa skýrslu um það, og skal þess þá jafnframt getið, af hvaða skipi veiðin er keypt, eða af hvaða ástæðum hún er flutt á land.

6. gr.

Yfirsíldarmatsmenn skulu skyldir til að senda Fiskifjelaginu á viku hverri skýrslu um þá síld, sem söltuð er í umdæmi þeirra.

7. gr.

Síldarbræðslustöðvar skulu skyldar til að senda á viku hverri skýrslu um alla þá síld, sem þær veita viðtöku og ekki er ætluð til söltunar.

8. gr.

Vanræki einhver að gefa þær skýrslur, sem um ræðir í lögum þessum, varðar það sektum, frá 10 til 50 krónum á dag, frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

9. gr.

Fiskifjelag Íslands sjer fyrir eyðublöðum til skýrslusafnana, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **256. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin »1. gr. laganna skal orða svo« falli burt.
2. Við 2. gr. Orðin »2. gr. laganna skal orða svo« falli burt.
3. Á eftir 2. gr. kemur ný gr. (3. gr.):
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.
4. Fyrirsögn frv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um selaskot á Breiðafirði.

Nd. **257. Nefndarálit**

um frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað allnákvæmlega frv. þetta á þskj. 9 og breytingartill. við frv. á þskj. 182.

Frv. á þskj. 9 er samhljóða frv. því, er var samþ. við 2. umr. í efri deild árið 1923. Hafði allsherjarnefnd Ed., sem hafði málið til meðferðar, gert nokkrar breytingar á frv. stjórnarinnar, sem þá var lagt fyrir Alþingi. Gengu breytingar þessar aðallega í þá átt, að rýmka skilyrðin um sjerleyfin úr fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, þegar farið er fram á að virkja úr því fallvatni minna en 500 hestöfl (sbr. 4. gr. 18. lið og 12. gr. 7. lið frv.).

Þá hafði allsherjarnefnd efri deildar 1923 lagt til að rýmka sjerleyfisskilyrðin á þann hátt, að sjerleyfistíminn yrði lengdur um 10 ár, eða úr 65 árum (stjfrv. 1923) upp í 75 ár, og að árgjald það, sem upphaflega er ákveðið, skuli haldast óbreytt í 35 ár, í stað 25 ár (sbr. 11. gr. og 12. gr. 4. lið frv.).

Nefndin var sammála um að mæla með frv. og telur rjett, að lög verði sett um skilyrði fyrir virkjun vatnsorku í stærri stíl.

Nefndin hefir athugað brtt. á þskj. 182 og var ósammála um þær flestar. Hafa nefndarmenn því óbundin atkvæði um þær. Þó er öll nefndin sammála um að mæla með 9. brtt. á þskj. 182.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 18. lið:
   Í stað »hestatala« komi: hestaflatala.
2. Við 21. gr. 1. lið:
   Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ef maður er settur til eftirlits.

Alþingi, 29. mars 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Kjartansson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Bernharð Stefánsson. Árni Jónsson.

Nd. **258. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er einróma samþykk frumvarpinu. Telur það veita mikið öryggi fyrir því, að ekki verði farið í kringum hinn sjálfsagða tilgang slíkra laga, sem veita þeim einum skipum rjett til að bera íslenskt flagg, þar sem eigandi uppfyllir öll lögformleg skilyrði. En það öryggi felst tæplega í núgildandi skráningarlögum, því eins og á stendur hjer á landi, þá fara hagsmunir einstakra útlendra manna, sjerstaklega þeirra, er reka fiskveiðar hjer við land, mjög í bága við slík ákvæði, er þeir ekki geta uppfylt, en leita ýmsra bragða til að smeygja sjer undan.

Með þessu frumvarpi virðist rækilega fyrir slíka ósvinnu girt, eða eins vel og kostur er á með lagasetningu.

Alþingi, 30. mars 1925.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Aug. Flygenring, frsm.	Jakob Möller, fundaskrifari.

Sigurjón Jónsson. Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Nd. **259. Frumvarp**

til laga um einkenning fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 149, með breytingunni á þskj. 246.

Ed. **260. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana.

Flm.: Jóh. Jóhannesson.

Aftan við frv. bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er ný launaákvæði fyrir fasta kennara við ríkisskólana hafa verið sett.

Ed. **261. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Flm.: Sig. Eggerz, Einar Árnason.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgr.:
   Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.
2. Við 2. gr. Á eftir »skotinn er« kemur: eða uppi drepinn.
3. Fyrirsögnina skal orða svo:
   Frv. til laga um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

Nd. **262. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 195 og 204 (Fjárlög).

I. Frá *Jakob Möller* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við brtt. 204, 11. Við 15. gr. 12 (Lög Íslands).
Varatillaga: Fyrir »3000« kemur 1500

II. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 195, 45. Við 15. gr. 27 (Veðurstofan).
Fyrir »40000« kemur 45000

Nd. **263. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 235. (Fjárlög).

Frá Jakob Möller.

Við brtt. XLIV. Við 18. gr. II. b. 3. (Theodóra Thoroddsen).
Fyrir »500« kemur ... ... 800.

Nd. **264. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1926.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1926 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	30000	
			1045000
4.	Aukatekjur	300000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	250000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
	Flyt ...	895000	1045000

		kr.	kr.
	Flutt ...	895000	1045000
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	22000	
			937000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og límonade)	500000	
13.	Tóbakstollur	450000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	950000	
15.	Annað aðflutningsgjald	115000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	800000	
			4165000
18.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		15000
19.	Pósttekjur	350000	
20.	Símatekjur	1150000	
			1500000
21.	Víneinkasala...	375000	
22.	Tóbakseinkasala	275000	
23.	Steinolíueinkasala.	60000	
			710000
	Samtals ...		9172000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		33000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		15000
	Samtals ...	... ...	48100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		55000
5. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
7. Aðrir vextir		20000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1926 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	234776	
2. Dönsk lán, danskar kr. 257442 á 1/10	283186	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8781 : 8 á 28/00	245879	
4. Lausaskuldir	267500	
		1031341
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Dönsk lán, danskar kr. 542349 á 1/10	596584	
3. Enska lánið 1921, £ 1827 : 5 : 4 á 28/00	53163	
4. Lausaskuldir	600000	
		1507147
III. Framlag til Landsbankans, 13. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2638488

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	4000		
		34000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		82280	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	10000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200		
		12100	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
			182380
II. Hagstofan.			
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16300	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
			49600
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn		17000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		1500	
			34500
Samtals			266480

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	53650	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		55650
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151220
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27168	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		34908
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	23300	
b. Laun 3 tollvarða...	14300	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1300	
e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
		52400
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ..		81000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði		150000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals ...	... ...	607678

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
Samtals ...	... ...	125000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		285000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn... ... ... Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.		6000
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Styrkur til íbúa Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að		3000
6. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		2000
7. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til sama, til lækningaferða kringum landið		
Flutt ...	1000	299500

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	299500
	á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	1500
8.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
9.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
10.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
11.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
12.	Til Jóns læknis Kristjánssonar, ferðastyrkur		1500
13.	Til Ólafs Ó. Lárussonar læknis, ferðastyrkur		1000
14.	Holdsveikraspítalinn		82120
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 2500		
	4. Meðul og sáraumbúðir 2000		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti... 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld... 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3000		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		73420	
		82120	
	Flyt ...	... ...	401120

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	401120
15.	Geðveikrahælið á Kleppi		69175
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	14500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 150 a. á dag)	52000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	6300	
	4. Meðul og umbúðir	550	
	5. Ljós og hiti	12000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	1800	
	8. Skemtanir	750	
	9. Skattar m. m.	2500	
	10. Óviss gjöld	1400	
		101800	
		109500	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325	
	Tekjur af búinu	2000	
		40325	
	Mismunur ...	69175	
16.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		19560
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	37000	
	2. Viðurværi	136000	
	3. Lyf og hjúkrunargögn	12000	
	4. Ljós og hiti	25000	
	5. Þvottur og ræsting	6000	
	6. Viðhald húsa	5000	
	7. Viðhald vjela	5000	
	8. Húsbúnaður og áhöld	12000	
	Flyt ...	238000	7700	489855

		kr.	kr.
Flyt ...	238000	7700	489855
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		246000	
		253700	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
Mismunur ...		19560	
17. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (lokaveiting) alt að		25000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		24000	
d. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Fyrri fjárveiting ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu, og að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að.		75000	
e. Bólusetningarkostnaður		2500	
f. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
g. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...		4000	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
Flyt ...		162500	489855

	kr.	kr.
Flutt ...	162500	489855
i. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2500	
k. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
l. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1500	
m. Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
		172000
18. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
Samtals ...	... ...	688855

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	90366	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	71000	
c. Brjefhirðingamenn	21000	
		182366
2. Póstflutningur		160000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	8000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
Flyt ...	28000	342366

	kr.	kr.
Flutt ...	28000	342366
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	11000	
d. Önnur gjöld	46000	
		85000
		427366
B.		
Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra	8700	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	5000	
5. Skrifstofukostnaður, alt að	5500	
		28620
II. Þjóðvegir:		
Til nýrra akvega:		
1. Kjalarnesvegur	8000	
2. Hvítárbraut	20000	
3. Miðfjarðarbraut	20000	
4. Sauðárkróksbraut	20000	
5. Þelamerkurvegur	10000	
6. Vallavegur	10000	
7. Hróarstunguvegur	15000	
		103000
III. Þjóðvegir:		
Viðhald og umbætur		180000
IV. Til brúargerða samkvæmt brúalögum		90000
V. Til slitlags á akvegum		22000
VI. Fjallvegir		6000
VII. 1. Til áhalda, alt að	15000	
2. Til bókasafns verkamanna	300	
		15300
Flyt ...	... ...	444920

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	444920
VIII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	15000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 9, 1923	10000	
			25000
IX.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
X.	Til ferju á Hornafirði		300
XI.	Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		2000
	Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		
XII.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn:		
	1. Á Tvískerjum	600	
	2. Í Fornahvammi	700	
	3. Á Hrauntanga	600	
	4. Í Bakkaseli	700	
	5. Á Kleppstöðum...	200	
	6. Í Ytri Kotum	200	
			3000
			476120
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Esju	150000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	45000	
			195000
	Flyt ...	... ...	195000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	195000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		83000
		278000

D.

Hraðskeyta- og talsímasamband.

I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		23000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
III. a. Til nýrra símalagninga	100000	
b. Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi	3000	
		103000
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	290000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	11000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24000	
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík ... ... Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn.	11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	100000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	6000	
10. Símastöðin á Borðeyri	7000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	5000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	7000	
13. Símastöðin á Siglufirði	4500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000	
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3000	
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	2500	
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu	2000	
18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva... ...	85000	
Flyt ...	583000	151000

		kr.	kr.
	Flutt ...	583000	151000
19.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að..	10500	
20.	Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
			594700
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		30000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		35000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		7000
VIII.	Viðhald landssímanna		130000
IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
			949200
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	8700	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	5920	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
			20120
II.	Til þess að reisa nýja vita		50000
III.	Laun vitavarða..		21050
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
IV.	Rekstrarkostnaður vitanna		60000
V.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		15000
VI.	Ýmislegt		8000
	Samtals ...	... ...	174170

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	306	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
5. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
6. Styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum	5000	
		308706
		320206
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt, þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið á háskólanum.		
e. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	128000	... ...

			kr.	kr.
		Flutt ...	128000	... ...
f.	Til kensluáhalda læknadeildar		500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors		1600	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4500	
i.	Önnur gjöld:			
	1. Til ritara:			
	a. Laun 1000			
	b. Dýrtíðaruppbót 500			
		1500		
	2. Til dyravarðar:			
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600			
	b. Dýrtíðaruppbót 800			
		2400		
	3. Ýms gjöld	3000		
			6900	
II.	Námsstyrkur erlendis:			141500
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 1—3 ár.		18800	
b.	Viðbót við styrkinn fyrir 1925...		7800	
c.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
III.	Mentaskólinn almenni:			29100
a.	Laun		86400	
b.	Önnur gjöld:			
	1. Til bókasafns skólans	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
	3. — skólahússins utan og innan ...	3500		
	Flyt ...	9900	86400	170600

		kr.	kr.
Flutt ...	9900	86400	170600
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	20500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
		39800	
			126200

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		27840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og tímakenslu ...	8000		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til eldiviðar og ljósa	7000		
4. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
6. Til vatnssalerna og fráræslu... ...	6700		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		28800	
			56640
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17800	
Flyt ...		17800	353440

		kr.	kr.
	Flutt ...	17800	353440
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til girðingar og lagfæringar á lóð skólans..	5000		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		17000	
			34800
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		15360	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
		9800	
			25160
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		9600	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	900		
2. Húsnæði	1800		
3. Ljós og hiti	1700		
4. Ýms kostnaður	1600		
5. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		8800	
			18400
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skóla-			
	Flyt ...	... ...	431800

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	431800
gjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 5000			
	10500		
		22980	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	7500		
		18400	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	41380	431800

			kr.	kr.
		Flutt ...	41380	431800
3.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
	a. Laun	11200		
	b. Til aðstoðarkenslu	600		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til búnaðarnáms ...	600		
	2. Til kensluáhalda.. ...	500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
	4. Ýmisleg gjöld	3000		
		8100		
			19900	
IX.	Iðnfræðsla:			61280
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		5000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
				6000
X.	Verslunarskólar:			
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar		3000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..		3000	
				6000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:			
	1. Laun forstöðumanns		1000	
	2. Til verklegrar kenslu:			
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík	900		
	b. Annar kostnaður, alt að	400		
			1300	
		Flyt ...	2300	505080

		kr.	kr.
	Flutt ...	2300	505080
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 2000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		27000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		17000	
			44000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9900	
2.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	315000	
3.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	2500	
			336400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	38000	
	Flyt ...	38000	897060

	kr.	kr.
Flutt ...	38000	897060
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
3. Til að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
XV. Húsmæðrafræðsla:		78000
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		2000
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Flyt ...	300	990060

	kr.	kr.
Flutt ...	300	990060
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
		4800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		2000
Samtals ...	... ...	996860

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21800	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 3000 kr., með verðstuðulsuppbót	4800	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
f. Til ritaukaskrár	800	
Flyt ...	43400	

		kr.	kr.
	Flutt ...	43400	
g.	Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
h.	Húsaleiga	500	
i.	Ýmisleg gjöld	700	
			44960
2.	Þjóðskjalasafnið:		
a.	Laun	7200	
b.	Til að binda inn og búa um skjöl	3000	
			10200
3.	Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a.	Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b.	Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1600	
c.	Til að útvega forngripi, alt að	1000	
d.	Til áhalda og aðgerða	600	
e.	Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
f.	Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
	Þjóðmenjasafnið sje opið 4 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13000
4.	Náttúrufræðifjelagið		1600
	Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5.	Landsbókasafnshúsið:		
a.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
b.	Til viðhalds og áhalda	2000	
			10000
6.	Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7.	Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
9.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10.	Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3600
11.	Til Þjóðvinafjelagsins		1000
	Flyt ...	... ...	92060

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	92060
12. Til Sögufjelagsins, til að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		3000
13. Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2500
14. Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands«		1500
15. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
16. a. Styrkur til skálda og listamanna	8000	
b. Til Guðmundar Friðjónssonar	1200	
c. Til Jakobs Thorarensens	1000	
d. Til Stefáns frá Hvítadal	1500	
e. Til Halldórs Guðjónssonar (Kiljan Laxness)... ...	1500	
f. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
g. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
h. Til þess að kaupa listaverk.	3000	
		22400
17. Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
18. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli		1200
19. Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót og 4500 kr. til ritlauna.		12200
20. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		2000
21. Til Sigurðar Jóhannessonar (Nordals), til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3200
22. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
		9200
Flyt ...	... ...	160460

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	160460
23. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
24. Til dr. Helga Pjeturss		5000
25. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
26. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
27. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
28. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
29. Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
30. Til veðurathugana og veðurskeyta...		40000
31. Til Íþróttasambands Íslands		2000
32. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
33. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.	7700	
b. Til sama, til aðstoðar	1500	
		9200
34. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, lokagreiðsla		2500
35. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
36. Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku		1000
37. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		1500
Samtals ...	... ...	234960

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		18000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		10000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
5. Til flóðgarðahleðslu á Skeiðum, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, enda sje komið skipulagi á fjárreiður áveitufjelagsins, alt að		8000
6. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
7. Til skógræktar:		
a. Laun	12960	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	11000	
		23960
8. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		
		22380
9. Til fjárkláðalækninga		10000
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
b. Húsaleiga	1000	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
		8000
12. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13. Til Fiskifjelagsins		70000
Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
Flyt ...	...	431340

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	431340
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	3400	
	Þar af fær fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og fiskiyfirmatsmennirnir á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum 600 kr. hver.		
	c. 4 síldarmatsmanna	10240	
	d. 4 ullarmatsmanna	2560	
	e. 5 kjötmatsmanna...	4800	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			48200
15.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		3000
16.	Til bryggjugerðar, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		15000
17.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		10000
18.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
19.	Til gerlarannsókna		2000
20.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		5200
	Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		
21.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
22.	Til Þórdísar Ólafsdóttir á Fellsenda í Dalasýslu, styrkur til skólahalds í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna		500
	Skal leggja áherslu á þær greinir, sem hjer hafa verið stundaðar fyr á öldum, svo sem knipling, flosvefnað, glitvefnað o. fl., sem nú er að miklu gleymt og lagt á hylluna.		
23.	Til sambands norðlenskra kvenna...		500
24.	Til Bandalags kvenna		500
25.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
26.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		1800
	Flyt ...	... ...	531240

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	531240
	Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
27.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
28.	Laun húsagerðarmeistara...		8300
29.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5600	
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1200	
			6800
30.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		35000
31.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1200
32.	Til vatnsrenslismælinga		2000
33.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		5000
34.	Til Lofts Guðmundssonar, fyrir kvikmyndatöku ...		3000
35.	Til Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi í verkfræði		1500
36.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs, upp í tap við umbúðasmíði undanfarin tvö ár		500
	Samtals ...	... ...	600140

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		300000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
	Flyt ...	... ...	360000

	kr.	kr.
Flutt ...		360000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
5. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
6. Til slysatryggingar sjómanna		14000
7. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8. Til bjargráðasjóðs		24000
9. Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
10. Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
Samtals ...	... ..	459200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	27168,95	
b. Embættismannaekkjur og börn	15794,89	
c. Uppgjafaprestar	635,28	
d. Prestsekkjur	5936,68	
		49535,80
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn:		
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar 3000,00		
	5859,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
Flyt ... 150	5859,87	49535,80

		kr.	kr.
Flutt ...	150	5859,87	49535,80
2. Til Magneu Ásgeirsson	200		
3. — Ólivu Guðmundsson	175		
4. — Theodóru Thoroddsen	800		
5. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
6. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
7. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
8. — Sigríðar Finnbogadóttur	500		
9. — Ágústu Jóhannsdóttur.	300		
		3375	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sig. prófasts Gunnarssonnr	662,25		
		2267,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Lcftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
Flyt ...	6039,20	11502,12	49535,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	6039,20	11502,12	49535,80
20.	Til Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
25.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
			7374,97	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— 2 barna hennar	150,00		
3.	— Bjargar Jónsdóttur	300,00		
4.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
5.	— Hjartar Snorrasonar	500,00		
6.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
7.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
8.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300,00		
9.	— 1 barns hennar	33,33		
10.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
11.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
12.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
13.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
			4043,33	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar	200		
4.	— Hallgríms Krákssonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	200		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
	Flyt ...	4100	22920,42	49535,80

			kr.	kr.
	Flyt ...	4100	22920,42	49535,80
14.	Til Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	1000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
			6300	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
			10000	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson ...	300,00		
2.	— Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
3.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600,00		
4.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	475,00		
5.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
6.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
7.	— 3 barna hennar	300,00		
8.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	266,67		
			2741,67	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2.	— Sigurðar Eirikssonar fyrv. regluboða	500		
3.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	600		
5.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
6.	— Páls Erlingssonar	800		
	Flyt ...	3100	41962,09	49535,80

		kr.	kr.
Flutt ...	3100	41962,09	49535,80
7. Til Erlends Zakaríassonar	300		
8. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
9. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
10. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
11. — Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar...	400		
12. — Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar...	300		
13. — Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300		
14. — Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
15. — Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
16. — Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
		6400	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...		1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds		1000	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			53562,09
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			58738,74
Samtals ...		... ...	161836,63

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1926 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.					kr.	2638488.00
—— 8. —					—	60000.00
—— 9. —					—	199800.00
—— 10. —					—	266480.00
—— 11. — A.	kr.	607678				
—— 11. — B.	—	125000				
				—	—	732678.00
—— 12. —					—	688855.00
—— 13. — A.	kr.	427366	—			
—— 13. — B.	—	476120	—			
—— 13. — C.	—	278000	—			
—— 13. — D.	—	949200	—			
—— 13. — E.	—	174170	—			
				—	—	2304856.00
—— 14. — A.	kr.	320206	—			
—— 14. — B.	—	996860	—			
				—	—	1317066.00
—— 15. —					—	234960.00
—— 16. —					—	600140.00
—— 17. —					—	459200.00
—— 18. —					—	161836.63
—— 19. —					—	100000.00
—— 20. —					—	4000.00
					—	9768359.63
En tekjur eru áætlaðar:						
Samkvæmt 2. gr.					kr.	9172000.00
—— 3. —					—	48100.00
—— 4. —					—	230000.00
—— 5. —					—	227000.00
					kr.	9677100.00
				Tekjuhalli kr.		91259.63

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum.

1. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í

16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

2. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýsluljelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 6000 kr. til Síðuhjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns frá 1921 ávaxtast og endurborgast með 6% árlega á 40 árum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1926, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að veita h/f Hvítárbakka eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að upphæð kr. 18666,66, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðseign.
II. Að gefa mötuneyti Kennaraskólans eftir 3000 kr. lán, er því var veitt úr viðlagasjóði 1923, gegn því, að búsáhöld mötuneytisins verði eign skólans.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **265. Frumvarp**

til laga um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu.

Undanþegið þessu banni er þó svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir.

Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er eða uppi drepinn, og renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Ed. **266. Lög**

um að Landhelgissjóður Íslands skuli taka til starfa.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

1. gr.

Landhelgissjóður Íslands, sem stofnaður er með lögum nr. 55 frá 1913, sbr. lög nr. 68 frá 1915 og lög nr. 34 frá 1924, skal taka til starfa. Má verja af fje hans í þessu skyni alt að 700 þúsundum króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **267. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Enn fremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Ed. **268. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta og telur rjett að gera frekari skýringu á 1. gr. þess, með því að bæta nokkrum orðum inn í hana, og enn fremur hefir láðst að setja sektarákvæði við brotum gegn frumvarpinu, sem vjer leggjum til, að bætt sje úr.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   Á eftir orðunum »er óheimilt að« komi: gera út hjeðan eða.
2. Á eftir 2. gr. komi ný 3. gr., svo hljóðandi:
   Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.
3. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 1. apríl 1925.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Pálmason.

Nd. **269. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Fyrir »eðlisvísindi« komi: náttúrufræði.
   b. »Stjörnufræði« falli burt úr upptalningunni innan sviga.
   c. Á eftir »stærðfræði« komi: eðlisfræði ásamt stjörnufræði.
   Brtt. 1. a. á þskj. 215 er tekin aftur.
2. Við 15. gr.
   Niðurlag greinarinnar frá »síðastir þeir« og til enda falli burt.

Ed. **270. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 249, við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson og Ingvar Pálmason.

1. Við brtt. 2. a. Brtt. skal hljóða svo:
   3. tölul. orðist svo:
   Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem eitt sinn hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslu milli hans og lánardrotna hans.
2. Við brtt. 2. b. Brtt. skal hljóða svo:
   Fyrri málsgr. 5. tölul. orðist svo:
   Hefir lokið fullnaðarprófi við Verslunarskóla Íslands, Samvinnuskólann eða erlendan verslunarskóla, sem atvinnumálaráðuneytið tekur gildan. Auk þess skal hann hafa notið verklegrar æfingar við verslun að minsta kosti eitt ár.
3. Við brtt. 3. Á eftir a-lið komi nýr b-liður, svo hljóðandi:
   Síðasti málsliður 2. tölul. falli burt.
   (b-liður verður c-liður).
4. Við brtt. 8. b.
   a. Fyrir »100 kr.« komi: 200 kr.
   b. Fyrir »50 kr.« komi: 100 kr.

Ed. **271. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyja.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Vestmannaeyjar eru yngsti kaupstaður landsins, og hafa þar hin síðari ár orðið framfarir miklar í atvinnu manna (sjávarútveginum), kaupstaðurinn stækkað stórlega og íbúafjöldi mjög aukist.

Það er ekki í fyrsta sinni nú, að farið hefir verið fram á, að kaupstaðurinn fái keyptan hluta af Eyjunum, því með frumvörpum þeim um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs á Vestmannaeyjajörðum, sem flutt voru á þingunum 1922 og 1923 af þáverandi þingmanni Vestmannaeyinga, leitaðist bæjarstjórnin við að fá eignarhald á hluta af jörðum og lóðum í Vestmannaeyjum. — Í hvorugt skiftið náði málið fram að ganga, en var í síðara skiftið vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings.

Framsögum. allshn. í Ed., sem hafði haft málið til meðferðar, viðurkendi fyrir hönd nefndarinnar, að sanngjarnt væri, að Vestmannaeyjar eignuð-

ust hluta af jörðum og lóðum kaupstaðarins, en nefndin hefði ekki getað krufið málið svo til mergjar sem skyldi.

Þá var að því fundið, að stjórnin hefði ekki getað kynt sjer málið, nje að það hefði verið borið undir hana.

Með frv. því, er nú liggur fyrir, hefir bæjarstjórn Vestmannaeyja enn hreyft þessu máli, þó í nokkuð öðrum búningi sje nú en áður.

Tilgangurinn og ástæður eru hinar sömu og áður voru þær, en þó má nú telja enn meira áríðandi fyrir bæjarfjelagið að eignast hluta af Eyjunum heldur en áður hefir verið. Veldur því vöxtur kaupstaðarins, sem svo er hraðfara, að ekki munu aðrir bæir hjer á landi hafa vaxið örara en Vestmannaeyjabær hefir gert nú hin síðustu ár. Byggingar og önnur mannvirki rísa sem óðast upp og íbúunum fjölgar ár frá ári.

Málið hefir þegar verið borið undir ríkisstjórnina, og lýsti atvinnumálaráðherra yfir því við fyrstu umræðu málsins í Ed., að hann væri samþykkur því, að bæjarfjelag Vestmannaeyja fengi keyptan hluta af Eyjunum, og áleit enda skoðunarmál, hvort ekki væri heppilegast, að bærinn ætti Eyjarnar allar.

Stjórnin er því ekki mótfallin málinu, enda sjer hún og kannast við, að hjer er að ræða um mikið hagsmunamál fyrir bæjarfjelagið, en lítil útlát fyrir ríkissjóð.

Umboð Vestmannaeyjajarða hefir ávalt haft yfirstjórn sína þar sem eru stjórnarvöldin í Reykjavík, sem jafnan hafa lítið vitað upp nje niður í meðferð þessarar ríkiseignar.

Þetta er viðurkent af öllum þeim, sem til þekkja, og er enda eðlilegt, að svona sje meðan yfirstjórn umboðsins er í Reykjavík.

Vegna þess er nú kominn sá glundroði á, sem seint verður lagfærður, og aldrei, ef umboðsstjórnin helst og verður hagað á sama hátt og nú. Það yrði hið fyrsta verk kaupstaðarins, ef hann næði að eignast lóðir þær, sem um ræðir, að koma reglu á að því er lóðir og leigumála snertir í bænum, í stað þess ástands, sem nú er. Nú eru margir, sem hafa fengið leyfi til að nota lóðir, sem þó ekki hafa verið mældar. Stærð þessara lóða yrði að tiltaka og gera samninga um afnot þeirra. Þetta yrði til hagsmuna bæði fyrir bæjarfjelagið og einstaklingana, sem eiga ófengið samninga fyrir lóðum sínum.

Afgreiðsla öll á þessum málum yrði greiðari og einfaldari og eftirlitið með meðferð lóðanna og leigurjettarins yrði betra hjá bæjarstjórninni heldur en nú er hjá stjórnarráðinu.

Höfuðröksemdin fyrir rjettmæti þeirrar kröfu, að kaupstaðurinn fái lóðirnar sjer afhentar gegn sanngjörnu endurgjaldi er sú, að verðmæti lóðanna er undir vexti og framförum bæjarfjelagsins komið, og því sanngjarnast, að bæjarfjelagið fyrst og fremst njóti að einhverju ávaxtanna af því fje, sem bæjarsjóður ver til að gera bæinn byggilegri.

Eina mannvirkið, sem ríkissjóður hefir lagt fje til í Eyjunum — svo að nokkru nemi — er höfnin, sem þó kemur enn að litlum notum sem slík, þó á móti því skuli ekki borið, að hafnargarðarnir skýla mikið eins og er.

Mestur hluti kostnaðarins við byggingu hafnargarðanna hvílir á bæjarsjóði — beint framlag ríkissjóðs er 1/4 alls kostnaðarins.

Það, sem ríkið hefir hjer látið af mörkum til að bæta höfnina, fær það margendurgoldið — ekki í lóðarleigum eða lóðarafgjöldum — heldur í tollum og sköttum allskonar, sem af auknum aflabrögðum, verslun og viðskiftum Eyjabúa leiðir.

Eins og bent var á í greinargerð fyrir frv., voru tekjur ríkissjóðs frá Vestmannaeyjum síðastliðið ár um 500 þús. kr., en jarða- og lóðaafgjöldin þar af að eins um 10 þús. kr.

Er af því augljóst, að það hefir næsta litla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, hvort lóðir og lendur í Eyjunum teljast ríkissjóðseign eða eign bæjarfjelagsins. Það, sem mestu máli skiftir á þessum stað fyrir ríkissjóðinn, er það, að atvinnulíf íbúanna þroskist og komist í sem öruggast horf. Þetta verður í Vestmannaeyjum eins og annarsstaðar besti tekjustofn og tryggasti höfuðstóll þjóðfjelagsins.

Vestmannaeyjakaupstaður á við fjárhagslega örðugleika að stríða. Afleiðingar kreppuáranna og kostnaður af hafnargörðunum, af vegalagningum, af bryggjubyggingum og mörgu öðru því, sem óhjákvæmilegt hefir verið fyrir bæjarfjelagið að gangast fyrir, liggur þungt á bæjarsjóðnum, sem engar aðrar tekjur hefir en útsvörin.

Það er viðurkent af öllum þeim, sem sanngirni vilja viðhafa, að hverjum kaupstað sje nauðsyn að eiga það land, sem hann stendur á.

Þetta mun þeim kaupstöðum þó einkum nauðsynlegt, sem eru óðum að byggjast og þurfa miklu til að kosta til að greiða fyrir atvinnurekstri íbúa sinna, og yfir höfuð að gegna rjettmætum kröfum, sem gerðar eru af hálfu íbúanna til bæjarfjelagsins.

Þannig er ástatt með það bæjarfjelag, sem hjer á hlut að máli, auk þess sem það verður af alefli að leitast við að rjetta við hag bæjarsjóðsins. Þegar tekið er tillit til þess, er hjer segir, er það enn auðsærra, hver þörf bænum er á því að eignast þær lóðir, er um ræðir í frumvarpinu.

Nefndin hefir samt ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Hefir meiri hl. ekki viljað fallast á það, að bærinn fengi lóðirnar keyptar, jafnvel ekki eftir mati eins og breytingartill. minni hl. fer fram á.

Minni hl. nefndarinnar leggur það til, að frumvarpið verði samþykt, en þykir rjett, þar sem mótbárurnar móti frv. hafa aðallega verið bygðar á því, að verð það, sem tiltekið er í frv., sje of lágt, að mat fari fram á lendum þessum og lóðum, eftir þeim reglum, sem gilda í lögum um sölu þjóðjarða.

Það er því tillaga minni hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Söluverðið ákveðst eftir mati þriggja dómkvaddra, óvilhallra manna, sem búsettir eru utan Vestmannaeyja.

Að öðru leyti sje við matið farið eftir ákvæðum 7. gr. laga nr. 31, 20. okt. 1905.

Söluverðið greiðist að fullu á fjörutíu árum, og skal bæjarstjórn Vestmannaeyja gefa út 5% handhafaskuldabrjef fyrir söluverðinu.

Aðra söluskilmála ákveður ríkisstjórnin.

Alþingi, 1. apríl 1925.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Samþykkur niðurstöðunni, Björn Kristjánsson.

Nd. **272. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Birni Líndal, Jóni Sigurðssyni og Þórarni Jónssyni.

1. Á eftir 12. gr. komi ný gr., er verður 13. gr., þannig:
   Heimavistir skulu vera við skólann fyrir eigi færri en 50 nemendur. Skulu þeir njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Forgangsrjett til heimavista hafa þeir nemendur, sem búa utan Reykjavíkur.
   Greinatalan breytist eftir þessu.
2. Aftan við 15. gr., er verður 16. gr., komi ný málsgrein, þannig:
   Ákvæði 13. gr. um heimavistir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en haustið 1928. Þangað til skal greiða þeim nemendum, er inntöku fá í skólann samkvæmt þessum lögum og njóta ættu heimavistar, húsaleigustyrk svo að skaðlausir sjeu.

Nd. **273. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir enn á ný athugað frv. þetta. Álítur hún sjálfsagt að taka upp í frumvarpið þær breytingar, eða tilfærslur milli flokka, sem fjármálaráðuneytið þegar hefir gert samkvæmt heimild í 3. gr. vörutollslaganna. Enn fremur hefir nefndin bætt við í 2. lið nokkrum útgerðarvörum, sem hafa verið, að minsta kosti af sumum tollheimtumönnum, tollaðar sem tilheyrandi

7. lið, en sem eftir anda laganna og tilgangi öllum, að hennar áliti, tilheyra 2. lið, svo og örfáar vörur, sem inn eru fluttar að eins á síðustu árum, og því sjálfsagt að flytja til samræmis vegna.

Breytingartillagan á þskj. 239 leggur nefndin til, að verði feld. Getur nefndin með engu móti fallist á að setja 7½ eyris vörutoll á hvert tvípund af aðfluttu heyi, þar sem vitanlegt er, að sumir kaupstaðirnir, einkum Siglufjörður og Vestmannaeyjar, og nokkur sjávarþorp eiga í flestum tilfellum mjög erfitt með að afla sjer eða fá keypt innlent hey.

Af framantöldum ástæðum leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Eftir »botnrúllum« komi: (bobbins).
2. Fyrir »körfum til uppskipunar« komi: ísfisks-, síldar-, lifrar- og kolakörfum.
3. Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
   garni til fiskumbúða, botnvörpuhlerum og efni í þá, skipaskrúfum (úr járni), bátsuglum (Davider), togspilum (trawlwinch), veiðarfæralásum allskonar, botnrúllukeðjum, stýriskeðjum, blýlóðum, mómylsnu, glaubersalti, Terrazzoskærver.

Alþingi, 1. apríl 1925.

F. h. fjárhagsnefndar
Jón A. Jónsson,
fundaskr., frsm.

Nd. **274. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

Frá meiri og minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp. Leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykt óbreytt og fellst á þær ástæður, sem færðar eru fyrir því í greinargerðinni.

Virðist engin sanngirni mæla með því, að prestar fái hærra verð fyrir

prestsmötur en þeim er metið upp í tekjur sínar, og eðlilegast verður að telja, að sama matið sje lagt til grundvallar fyrir kaupverðinu og tekjuupphæðinni.

Alþingi, 2. apríl 1925.

Kl. Jónsson, form. Sv. Ólafsson. Jón A. Jónsson, fundaskr.

Halld. Stefánsson. Björn Lindal, frsm. meiri hl.

Minni hluti nefndarinnar lítur svo á, að með lögum nr. 54, 1921, sje sjeð á algerlega viðunandi hátt fyrir rjettmætum óskum þeirra, sem óska að kaupa af sjer prestsmötukvaðir, og að breyting sú, sem hjer er farið fram á, sje síst sanngjarnari eða rjettlátari, og leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, ut supra.

Magnús Jónsson, frsm. minni hlutans. Jakob Möller.

Nd. **275. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands og brtt. á þingskjali 229.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að stuðla að því, að rækta og byggja landið.
2. Við brtt. 229, 2, 2. lið:
   Liðurinn orðist svo:
   2. Tillag úr ríkissjóði, er samsvari þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkvæmt lögum 20. okt. 1905. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Við brtt. 229, 2.
   Nýr liður bætist við, er verður 4. liður:

Af öllum útfluttum íslenskum afurðum skal greiða verðtoll, sem renni í Ræktunarsjóð. Verðtollur þessi skal nema 1/2 % árið 1925 af verði útfluttra vara, en 1/4 % árin 1926 og 1927. Áfengistoll og tóbakstoll skal hækka um 10 % frá því, sem nú er, og alla aðra tolla af innfluttum vörum (kaffi- og sykurtoll, vörutoll, verðtoll og önnur aðflutningsgjöld) um 5 %. Gjald þetta rennur í Ræktunarsjóð árin 1925, 1926 og 1927. Öll þessi gjöld falla niður eftir árslok 1927.

Ríkisstjórnin sjer um innheimtu gjalda þessara með öðrum gjöldum, eftir nánari reglum, er hún setur um það. Gjaldið greiðist til Ræktunarsjóðs á ársfjórðungum.

4. Við 3. gr.
   a. Orðin í annari málsgrein »Vextir af vaxtabrjefum 1. flokks skulu vera 6 %« falli burt.
   Orðin í síðustu málsgrein »annara flokka en hins fyrsta« falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Vaxtabrjef Ræktunarsjóðs Íslands skulu vera skattfrjáls. Þau og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetningu og löghaldi og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda, eða löglegra handhafa, verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.
5. Við 8. grein. Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna komi:
   Fje Ræktunarsjóðs Íslands má eingöngu lána til jarðræktar — þar til teljast allar jarðabætur, sem taldar eru í skýrslum búnaðarfjelaga — og til húsagerðar á býlum bænda og landnema.
6. Við 13. grein.
   Á eftir »til girðinga« í b-lið komi: vega.
7. Við 27. gr.
   Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Landsbanka Íslands er skylt að leggja fram til Ræktunarsjóðs ef stjórn Ræktunarsjóðs æskir þess, jafnháa upphæð og lög um stofnun Búnaðarlánadeildar frá 4. júní 1924 mæla fyrir, og með sömu vaxtakjörum og þar greinir, að Landsbankinn skuli leggja fram til Búnaðarlánadeildarinnar. Skal þeirri greiðslu lokið fyrir árslok 1926, að frádreginni þeirri upphæð, sem hann kann að hafa lagt Búnaðarlánadeildinni.
8. Við 28. gr.
   Í stað orðanna í fyrstu málsgrein »skal að . . . . . á landbúnaði« komi skulu gæslustjórarnir skipaðir eftir tillögum Búnaðarþings.
9. Við 33. gr.
   Á eftir 33. gr. bætist ný grein:
   Þá er Ríkisveðbankinn verður stofnaður samkvæmt lögum 27. júní 1921, má sameina Ræktunarsjóðinn honum. Skal Ræktunarsjóðurinn þó ávalt vera sjerstök deild í Ríkisveðbankanum og halda áfram starfsemi sinni með óskiftum rjettindum.

Nd. **276. Breytingartillögur**

við breytingartillögu á þingskjali 273. [Vörutollur].

Frá fjárhagsnefnd.

Við tölul. 3.
a. Fyrir »togspilum« komi: togvindum.
b. Fyrir »Terrazzoskærver« komi: steinmulningi.

Ed. **277 Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Á eftir »akkerisvindum« í 2. lið 1. greinar laganna bætist: netum, lóðarbelgjum, önglum, öngultaumum, blásteini, bjarghringjum, björgunarbeltum, barkalit, botnrúllum, söltuðum húðum, körfum til uppskipunar, girðinganetum, hampi, garni til fiskumbúða, botnvörpuhlerum og efni í þá, skipaskrúfum (úr járni), bátsuglum (Davider), togvindum (trawlwinch), veiðarfæralásum allskonar, botnrúllukeðjum, stýriskeðjum, blýlóðum, mómylsnu, glaubersalti, steinmulningi.

Ed. **278. Nefndarálit**

um frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um málið. Leitað hefir verið umsagnar háskólaráðsins, og hefir meiri hlutinn fallist að mestu leyti á tillögur þess og leyfir sjer að leggja til við háttv. deild, að á frv. verði gerðar eftirfylgjandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Orðin »hjer á landi« falli burt.
2. Við 2. gr. Fyrir »4« komi: 6.

3. Við 3. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist þannig:

Styrkinn má að eins veita efnilegum og ötulum stúdentum, enda sje og tekið tillit til þess, hverra manna þjóðin þarfnast. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir, er mest þarfnast styrksins fyrir fátæktar sakir.

Brjef háskólaráðsins er prentað sem fylgiskjal hjer á eftir.

Alþingi, 2. apríl 1925.

Sig. Eggerz, form. og frsm. Ingibjörg H. Bjarnason.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS.
HÁSKÓLARÁÐIÐ.

Reykjavík, 28. mars 1925.

Frumvarp það, um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, er háttvirt mentamálanefnd Ed. Alþingis sendi háskólaráðinu til álits og umsagnar, var lagt fyrir fund háskólaráðsins 27. þ. m.

Háskólaráðið leggur til að þessar breytingar sjeu gerðar:

1. gr. Orðin »hjer á landi« falli burtu.

3. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist þannig:

Styrkinn má að eins veita efnilegum og ötulum stúdentum enda sje og tekið tillit til þess, hverra manna þjóðin þarfnast.

Við breytinguna á 1. gr. vakti það fyrir, að stundum hafa efnilegir Íslendingar tekið stúdentspróf erlendis.

Við breytinguna á 3. gr. rjeði einkum, að alla áherslu beri að leggja á ágæta námshæfileika og í öðru lagi dugnað, en alls ekki fátækt. Styrkurinn á ekki að vera fátækrastyrkur, heldur að eins til þess að greiða götu úrvalsmanna og að sjá landinu fyrir nauðsynlegum starfskröftum. Hafi nú viljað svo til, að mjög efnilegur stúdent hafi eitthvert árið setið á hakanum, telur ráðið sjálfsagt, að hann komi til greina næsta ár.

Tölu styrkjanna treystist ráðið ekki til að breyta, en vill að eins taka það fram, að mjög væri það æskilegt, ef Alþingi sæi sjer fært að gera hámarkið nokkru hærra, t. d. 6 styrki í stað 4, þó aldrei nema venjan yrði að veita færri. Stjórnin myndi tæpast nota slíka heimild að ástæðulausu.

Guðm. Hannesson.

Til mentamálanefndar Ed. Alþingis.

Nd. **279. Nefndarálit**

um frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið algerlega sammála um þetta mál. Allir nefndarmenn eru þó sammála um það, að nauðsyn beri til að hafa slíkan fulltrúa, sem í frv. er farið fram á, í aðalfiskmarkaðslöndunum. Er og nokkur reynsla fengin um gagnsemi þess, enda er þetta áhugamál bæði bankanna, Fiskifjelagsins og útgerðarmanna. En meiri hluta nefndarinnar virðist það auðsætt, að til þess að geta unnið landinu fult gagn, þurfi fiskifulltrúinn að vera starfandi að staðaldri í þessum löndum; því að eins geti hann á hverjum tíma haft glögt yfirlit yfir markaðshorfurnar og annað, er að starfi hans lýtur, svo sem krófur neytenda um meðferð og verkun fiskjarins. Þess vegna teljum vjer rjett að lögfesta þetta fulltrúastarf og skipa í það fastan mann, og ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 2. apríl 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, form.
Jakob Möller, fundaskrifari og frsm.

Með skírskotun til breytingartillagna.

Aug. Flygenring.
Sigurjón Jónsson.

Jeg er mótfallinn því að lögfesta það embætti, sem frv. fer fram á að stofna

Jón Baldvinsson.

Ed. **280. Nefndarálit**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.
Eggert Pálsson, fundaskrifari.
Jónas Jónsson, frsm.

Nd. **281. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Ný málsgrein á eftir:
   Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.
2. Við 2. gr.
   a) Á eftir orðunum »til hagnýtingar, nema« í fyrstu málsgrein komi: hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða.
   b) Síðasta málsgrein orðist svo:
   Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

Ed. **282. Lög**

um sektir.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

1. gr.

Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 5 krónur og eigi hærri en 10000 krónur, hvort sem sekt er ákveðin í dómi, úrskurði dómara eða yfirvalds eða í sátt fyrir dómara eða yfirvaldi, nema sjerstök lagaheimild sje til að ákveða sekt hærri eða lægri.

Nú eru fleiri en einn sekir um sama brot eða sömu brot, og skal þá gera sekt á hendur hverjum þeirra.

Ákveða skal í dómi, úrskurði eða sátt frest til sektargreiðslu.

2. gr.

Nú greiðist ekki sekt, sem gerð er á hendur manni samkvæmt 1. gr., og skal hann þá afplána sektina eða það, sem ógreitt er af henni, í einföldu fangelsi, er ákveðið sje í dómi, úrskurði eða sátt, þó þannig, að í stað hverrar 200 króna sektar komi aldrei meira en 20 daga fangelsi, enda má fangelsisvist aldrei nema meiru en 3 árum og ekki minna en 2 dögum.

Nú greiðist sekt að nokkru leyti, og skal þá sá dómur eða það yfirvald, er sekt ákvað í öndverðu, kveða á um fangelsisvist fyrir það, sem ógreitt er, eftir sömu reglum sem áður segir.

3. gr.

Ef sá, er misgert er við, á að fá sekt eða hluta af henni, þá má hann heimta sekt með aðför. En að því leyti sem sekt greiðist ekki, skal fara um afplánun hennar eins og í 2. gr. segir, enda krefjist sá afplánunar, er sekt skyldi taka.

4. gr.

Nú er manni boðið með dómi eða úrskurði, eða hann gengst undir það með sátt, að gegna einhverri lagaskyldu í þágu ríkis, sveitarfjelags eða sýslufjelags eða annars í þágu almennings, og lögð sekt við, ef aðili innir eigi af hendi skyldu sína innan tiltekins tíma, og skal hann þá, vinni hann hvorki verkið nje greiði sektina eftir því sem hún fellur á hann, afplána hana samkvæmt 2. gr., eftir kröfu þess, sem heimtingu á til þess, að dómi, úrskurði eða sátt verði fullnægt. Þó skal gæta þess, að afplánun fari ekki fyrsta skifti fram úr eins mánaðar fangelsi, og að 4 vikur líði frá því að aðili hefir sætt þeirri refsingu þangað til hann tekur að afplána sekt af nýju, en þá má heimta, að hann afpláni samkvæmt 2. gr. þær sektir, er safnast hafa saman frá lokum síðustu fangelsisvistar, og svo framvegis á sama hátt, hvert skifti sem 4 vikur eru liðnar frá því er aðili lauk síðustu fangelsisvist.

5. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar annast um afplánun sekta.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Frá sama tíma er úr lögum numin 31. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og tilskipun s. d. um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

Nú er sekt gerð á hendur manni áður en lög þessi öðlast gildi, enda hafi hann þá ekki greitt eða afplánað sekt að fullu, og ákveður þá dómsmálaráðherra fangelsisvist til þess að afplána sektina eða það af henni, sem þá er ógreitt, í samræmi við lög þessi, enda verði hlutur sökunauts þá betri en hann hefði orðið eftir hinum eldri fyrirmælum. Þó skal engum leyft að afplána sektir í fangelsi við vatn og brauð eftir að lög þessi eru komin til framkvæmdar.

Ed. **283. Lög**

um að veita síra Friðriki Hallgrímssyni ríkisborgararjett.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

Ríkisborgararjettur veitist síra Friðriki Hallgrímssyni, sem er fæddur á Íslandi en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Ed. **284. Frumvarp**

til laga um slysatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn, þá er hjer greinir:
   a. Farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
   b. Fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum, er stunda fiskiveiðar 1 mánuð á ári eða lengur.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaup í þeim atvinnugreinum, sem hjer eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, sem nota vjelavindur við þessa vinnu, ef vinnan stendur yfir meira en hálft dægur.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, námugröftur, enn fremur fiskverkun, ísvinna og vinna við rafmagnsleiðslur, þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvjelar eru notaðar að staðaldri.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum, nema um venjuleg bæjarhús eða útihús í sveitum sje að ræða.
   d. Meiriháttar brúargerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar, svo og vinna við meiriháttar vatnsleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu trygðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið, ráðið að opinberri tilhlutun.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., að starfið sje rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfjelags, eða þá einstaklings eða fjelags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þótt það sje framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.

Tryggingin samkvæmt 2. tölul. nær ekki til skrifstofufólks, nema það taki einnig beinan þátt í verklegum störfum fyrirtækisins.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning, bera ábyrgð á því, að þeir sjeu trygðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

Ef ágreiningur verður um, hvort fyrirtæki sje tryggingarskylt, hver skuli skoðast sem atvinnurekandi eða hverjir falli undir trygginguna, skal Slysatryggingin skera úr því, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

2. gr.

Trygginguna samkv. 1. gr. annast stofnun, sem nefnist »Slysatrygging ríkisins«. Er henni stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Hefir stjórnarráðið yfirumsjón með stjórn Slysatryggingarinnar, og greiðist kostnaðurinn við hana úr ríkissjóði.

3. gr.

Þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er trygður í, veitir Slysatryggingin bætur samkvæmt eftirfarandi reglum.

Sjómenn eru trygðir fyrir slysum á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

4. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal Slysatryggingin greiða þær bætur, sem hjer segir:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 4 vikur, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður aftur vinnufær eða úrskurður er feldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó aldrei lengur en í 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð.
b. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 4000 kr., og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en að $^1/_6$ hluta.

5. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því, að það bar að höndum, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum dánarbætur 2000 kr.

Rjett til dánarbótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og þau verið samvistum, þegar það vildi til, eða hafi konan notið framfærslueyris frá mann-

inum. Hafi þau eigi verið samvistum og konan eigi notið framfærslueyris frá manninum, er það á valdi Slysatryggingarinnar að skera úr, hvort hún skuli fá bæturnar að öllu eða nokkru leyti eða alls ekki.

Ef gift kona deyr af slysi, fær ekkillinn bæturnar eftir sömu reglum sem ekkja.

2. Börn hins látna, skilgetin eða óskilgetin, hafi þau verið á hans framfæri þegar slysið varð. Sama gildir og um fósturbörn.
3. Foreldrar hins látna. Nú hefir að eins annað foreldri hans að nokkru eða öllu leyti á hendi framfærslu systkina hans í ómegð, og fær það þá allar dánarbæturnar, enda hafi hinn látni ekki dvalið á vegum hins foreldrisins nje veitt því fjárhagslegan stuðning með atvinnu sinni. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.
4. Systkini hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum reglum, ef sjerstaklega stendur á.

Hljóti ekkja eða ekkill dánarbæturnar, skal að auki greiða 200 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 400 kr., er ekkja fær dánarbæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 200 kr. í viðbót. Þó skal engin viðbótarupphæð greidd, ef eitt barn fær dánarbæturnar.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkv. 4. gr. b.

6. gr.

Til þess að standast útgjöld Slysatryggingarinnar önnur en þau, sem nefnd eru í 2. gr., skulu atvinnurekendur í þeim atvinnugreinum, sem nefndar eru í 1. gr., svo og ríki og sveitarfjelög, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem trygðir eru, til útgjalda.

Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skifta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sjerstök iðgjaldsupphæð fyrir hvern trygðan mann í þeim flokki, miðuð við tímalengd (klukkustund, dag, viku, mánuð eða ár), og skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem Slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiftinguna í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingu á skiftingunni í áhættuflokka og á iðgjöldunum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sjerstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur Slysatryggingin, ef

erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

7. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem trygðir eru samkvæmt 1. gr. 1, reiknast eftir vikum, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og telst frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráningin fer fram skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr. 1) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn vjelbáta minni en 5 lestir greiða að eins $^4/_5$ og útgerðarmenn róðrarbáta $^7/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

Skráningarstjóri sendir Slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

8. gr.

Nú forfallast slysatrygður skipverji, og gengur ótrygður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáts getur trygt ákveðna tölu skipverja, ef sjerstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

9. gr.

Sjerhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 1. gr. 2., skal, þegar lög þessi ganga í gildi, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra) tvíritaða tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er Slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða iðgjaldagreiðslu þess. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skift að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir Slysatryggingunni. Verkamenn skoðast trygðir frá þeim tíma, er lögin ganga í gildi eða fyrirtækið byrjar, hvort sem það hefir verið tilkynt eða ekki.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrár á þann hátt, sem Slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast iðgjöldin við þær, en lögreglustjóri sjer um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. má taka lögtaki.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir. Af iðgjöldum samkvæmt 9. gr. greiðast 6% í innheimtulaun. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

11. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæti auk þess sektum.

12. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má, að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda svo fljótt sem auðið er lögreglustjóra, eða hreppstjóra áleiðis til lögreglustjóra, tilkynningu um slysið í því formi, sem Slysatryggingin skipar fyrir um. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rjett til bóta frá Slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til Slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Getur lögreglustjóri, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, haldið próf í málinu.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

13. gr.

Undir eins og Slysatryggingunni hafa borist nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur við ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiða samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir mist af vinnuafli sínu. Eru þá örorkubætur ákveðnar.

14. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum, og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt þær bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögunum, nje leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

15. gr.

Eigandi tryggingarskylds fyrirtækis má tryggja sjálfan sig, ef hann óskar þess, með verkamönnum sínum og með sömu skilmálum. Ennfremur getur hann krafist þess, að aðrir þeir, sem starfa við fyrirtækið, en eru eigi tryggingarskyldir, sjeu látnir falla undir trygginguna.

16. gr.

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í Slysatryggingunni á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist þá hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

17. gr.

Þeir, sem stunda einhverja þá atvinnu, er nefnd er í 1. gr. 2., en ekki eru tryggingarskyldir, hafa rjett til að tryggja verkamenn sína og einnig sjálfa sig gegn slysum hjá Slysatryggingunni, með sömu kjörum sem tryggingarskyld fyrirtæki sömu tegundar. Ef vafi er á, til hvaða áhættuflokks slíkt fyrirtæki skuli telja, sker Slysatryggingin úr því.

18. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiftingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifjelag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verslunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur skipar. Ef stofnaður verður almennur fjelagsskapur meðal atvinnurekenda í mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiftingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rjett til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar. Sama rjett hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum Slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist, að Slysatryggingin standi í skilum. Þær fjárhæðir, er ríkissjóður kynni að greiða samkvæmt þessu, skulu endurgoldnar ríkissjóði jafnskjótt sem Slysatryggingin verður þess megnug.

20. gr.

Slysatrygging ríkisins tekur við eignum og skuldbindingum Slysatryggingarsjóðs sjómanna. Að öðru leyti eru lög nr. 32, 27. júní 1921, úr gildi numin.

21. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar og þeirra 2 fulltrúa, er um getur í 18. gr.

Í reglum þessum má bæta við nýjum tryggingarskyldum atvinnuflokkum, svo og undanþiggja tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem til hagar og þörf krefur.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna til Slysatryggingarinnar. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Ed. **285. Frumvarp**

til laga um verslunaratvinnu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar (commission), lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur).

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans eða nemenda, sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða fyrnefnt skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum afla eða framleiðslu, enda hafi aðili ekki opna sölubúð.

3. Vöruútvegun manna í fjelagi til þarfa sinna, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram.

Um farandsala, sem ekki eru hjer búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum.

Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málssókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir.

2. gr.

Enginn má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verslun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hjer að lýtur, eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufjelaga.

   Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana nje þeirra, sem ætla að versla einungis með innlenda mjólk, rjóma, skyr eða egg, brauð eða kökur.
6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

4. gr.

Verslunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verslunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem nú skal sagt verða:

1. Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelags-

stjórnin öll eða þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr.

2. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórar og að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþyktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um hlutafjeð, ef sjerstaklega stendur á.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verslun látins manns síns án nýs leyfis, nema sveitaverslun sje, enda þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er öllum þeim kostum sje búinn, er í 3. gr. segir.

Bú aðilja, er verslunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verslunarleyfi.

Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og þar til hann hefir náð lögaldri reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann fullnægi eigi skilyrðunum í 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir versluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., fyrsta málsl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 2.—4. málsgr. 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdastjóri fjelags eða stofnunar þeirra kosta, sem í 5. gr. segir, fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, af sjerstaklega stendur á.

8. gr.

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að versla, lætur leyfisbrjef af hendi, sbr. þó 10. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verslun leyfið hljóðar um, hvar versla megi samkvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er ráðherra kann að ákveða.

Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verslunarleyfi hafa á landinu.

9. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um verslunarleyfi eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist verslunarheimild sína, og er honum þá rjett að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En alt að einu er aðilja rjett að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans áður sex mánuðir sje liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetningu úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi.

10. gr.

Greina skal í verslunarleyfi, hverskonar verslun (stórsala, smásala, sveitaverslun o. s frv.) leyfð er. Leyfi til verslunar einnar tegundar felur ekki í sjer heimild til að reka annarskonur verslun; þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverslun og tilboðasöfnun eftir sama leyfisbrjefi.

Verslunarleyfi veitir einungis heimild til verslunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verslunarstað, eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar og 11. gr.

Veita má sama aðilja leyfi til verslunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verslunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, nema þeir hafi þar opna sölubúð.

Rjett er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landinu sem er og í íslenskri landhelgi.

11. gr.

Leyfi til sveitaverslunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verslun sje í þeirri sveit, enda telji hún umsækjanda hæfan til að reka þá verslun.

12. gr.

Leyfi til lausaverslunar veitir lögreglustjóri þar, sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur, eða þar, sem hann hyggst að byrja verslun sína.

Leyfið veitir heimild til að versla hvar við land sem er, ef það hljóðar um verslun á skipi, og til að versla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verslun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verslunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verslun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sje að selja.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til heildsölu. . ... kr. 1000,00
Leyfi til lausaverslunar .... — 250,00
Leyfi til annarar verslunar .... — 200,00

Ráðherra er heimilt að færa niður eða gefa alveg eftir gjald fyrir:
Smásöluleyfi,
Sveitaverslunarleyfi og
Lausaverslunarleyfi, ef sjerstaklega stendur á, svo sem ef sönnuð er fátækt aðilja og nauðsyn hans til þess að koma verslun á fót sjer og sínum til framfæris, að nauðsyn sje á verslun á staðnum o. s. frv.

Auk leyfisbrjefagjaldsins skal heildsali greiða 100 kr. árgjald og smásali 50 kr. árgjald til ríkissjóðs, meðan þeir reka verslun samkvæmt leyfisbrjefinu.

Árgjaldið fellur í gjalddaga 1. janúar ár hvert, og skulu lögreglustjórar innheimta það, enda fylgir því lögtaksrjettur.

14. gr.

Það varðar sektum til ríkissjóðs, frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, ef maður:

1. Rekur án þess að hafa fengið leyfi, eða eftir að hann hefir mist það, verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum.
2. Byrjar verslun án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki skilyrðum fyrir að halda byrjaðri verslun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda hafi ekki almennur ómöguleiki tálmað.

Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjöld þau fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið.

Mál út af brotum gegn fyrirmælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hjer á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurjett hjer samkvæmt samningum en lög þessi heimila.

16. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður komst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða upplýsingar hans.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Þeir, er fengið hafa verslunarleyfi fyrir 1. mars 1925, halda því.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Op. br. 29. okt. 1824.

Op. br. 7. apr. 1841.

Lög nr. 28, 7. nóv. 1879.

Lög nr. 28, 2. des. 1887.

Lög nr. 78, 22. nóv. 1907, 6. gr., og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. **286. Breytingartillaga**

við vatill. á þskj. 184. (Laun embættismanna).

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Næstsíðasti málsliður (»Aukauppbótar ... lögum þessum«) fellur niður.

Ed. **287. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje sildveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn,

drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Enn fremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Nd. 288. Lög

um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðuneytið getur undanþegið ákvæðum þessarar gr. það eða þau rjómabú, sem fengið hafa lán úr ríkissjóði til að koma upp smjörlíkisgerð. — Þó getur sú undanþága aldrei staðið lengri tíma en þarf til þess að endurgreiða slíkt lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **289. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta mál. Minni hlutinn vill heimila sölu á hluta af kaupstaðarlóðinni eftir mati þriggja dómkvaddra, óvilhallra manna. En meiri hlutinn vill undir engum kringumstæðum selja Eyjarnar eða kaupstaðarlóð þá, sem hjer um ræðir, undir fasteignamati. Enda er það reynsla um land alt, að fasteignamatið er langt undir sannvirði, og mun einnig svo vera um Vestmannaeyjar. Fasteignamatið á lóðum og landi í Vestmannaeyjum er kr. 630200, þar af lóðir 470400 kr.

Samkvæmt frumvarpinu mun ætlast til, að seldur verði aðalkjarni kaupstaðarlóðarinnar, og getur því, eins og tekið er fram hjer að ofan, ekki komið til mála að selja Eyjarnar fyrir það verð, sem gert er ráð fyrir í frv., en það mundi nema kr. 200000, því ársleigurnar munu nú vera um 10000 kr.

Háttv. minni hluti hefir heldur ekki haldið frumvarpsleiðinni lengur fram, en vill nú láta meta Eyjarnar eftir reglunum um þjóðjarðasölu. Reynsla er nú fyrir því, að þjóðjarðirnar hafa yfirleitt verið seldar mjög lágu verði, og þykir nefndinni því engin ástæða að beina málinu inn á þá leið, enda telur fasteignamatsgrundvöllinn tryggari, þó auðvitað verði jafnan að taka tillit til þess, að verðið yfirleitt er of lágt, sbr. og að hjer í Reykjavík t. d. mun vani að bæta 50 % við fasteignamatsverðið til þess að fá sannvirði húsanna.

Rjettast væri, ef til vill, að hugsa ekki um sölu Vestmannaeyja, en nefndinni þykir þó rjett, vegna ítrekaðra óska Vestmannaeyinga, að málið sje ítarlega rannsakað, svo hægt sje að mynda sjer einhverja hugmynd um, hvers virði þessi ef til vill fengsælasti blettur á landinu sje. Fyrir nefndinni lágu upplýsingar um, að lóðargjaldið hefði, þegar seinustu leigurnar fóru fram, verið 5-faldað, en þetta sýnir, að ekkert má byggja á gömlu leigunum um verðmæti Eyjanna. Og þar sem leigurnar væntanlega hafa haft áhrif á fasteignamatið, þá virðist mega ganga út frá því, að það sje ef til vill lægra í Vestmannaeyjum en annarsstaðar í landinu. Nefndinni þykir því rjett að leggja til, að landsstjórnin sjái þinginu fyrir sem nánustum upplýsingum um eign þessa, leigumála og annað, er snertir verðmæti hennar, og væntir nefndin, að slíkar upplýsingar geti legið fyrir næsta þingi.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Áður en þessu máli sje ráðið til lykta, telur deildin rjett, að stjórnin láti þinginu í tje sem nánastar upplýsingar um eign þá, sem hjer ræðir um, leigumála og annað, er snertir verðmæti hennar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. apríl 1925.

Sig. Eggerz, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Jónas Jónsson.

Nd. **290. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *Jakob Möller.*

1. Við 2. gr. 2. (Tekju- og eignarskattur):
   Fyrir »800000« kemur 850000
2. Við 2. gr. 4. (Aukatekjur):
   Fyrir »300000« kemur 325000
3. Við 2. gr. 12. (Áfengistollur):
   Fyrir »500000« kemur 550000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 2. gr. 12:
Fyrir »límonade« kemur: gosdrykkir.

III. Frá *Jakob Möller.*

1. Við 2. gr. 13. (Tóbakstollur):
   Fyrir »450000« kemur 475000
2. Við 2. gr. 14. (Kaffi- og sykurtollur):
   Fyrir »950000« kemur 975000
3. Við 2. gr. 16. (Vörutollur):
   Fyrir »1350000« kemur... 1400000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 2. gr. 18.
Fyrir »konfekt- og brjóstsykursgerð« kemur: sætinda (konfekt) og brjóstsykursgerð.

V. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*

Við 10. gr. III. 1.:
Fyrir »skrifstofuhalds« kemur: sendiráðsskrifstofu.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 12. gr. 6.:
   Fyrir »Ísafirði« kemur: Skutilsfjarðareyri, og á öllum stöðum í frv. í rjettum föllum (12. gr. 17. b, 13. gr. B. IV. 9, 14. gr. B. IX. c, 14. gr. B. XV).
2. Við 12. gr. 7. b.:
   Orðin »til sama« falli burt.
3. Við 12. gr. 8.:
   Fyrir »Vilh. Bernhöfts« á báðum stöðum kemur: Vilhelms Vilhelmssonar (Bernhöfts).

4. Við 12. gr. 13. Nýir liðir:
   a. Til Skúla læknis Guðjónssonar, til þess að halda áfram bætiefnarannsóknum við heilsufræðisstofnunina í Kaupmannahöfn, með sjerstöku tilliti til íslenskra fæðutegunda, og til þess að framkvæma lækningatilraunir á fjöruskjögri í sauðfje 3000
   b. Til Valtýs læknis Albertssonar, til framhaldsnáms í lífeðlisfræði og líffærafræði 1500

VII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 12. gr. 13. Nýr liður:
Til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans... 2000

VIII. Frá *Jakob Möller, Kl. Jónssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 17. Nýr a-liður:
Til byggingar landsspítala í Reykjavík 100000
enda gangi alt það fje, er safnast hefir í landsspítalasjóð, nema fje minningargjafasjóðs, til byggingarinnar, jafnótt og þörf krefur, og skal byrjað á byggingunni fyrir það fje á árinu 1925. Gert er ráð fyrir, að byggingin kosti ekki meira en 1 miljón króna, fullgerð að öllu, enda hagað í aðalatriðum eftir síðari teikningu húsameistara ríkisins.

IX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 17. b. Nýr liður:
Til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási 5000

X. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 12. gr. 17. g. Nýr liður:
Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum 4500

XI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 17. l. (Halldór Arnórsson):
Fyrir »1500« kemur 1800

XII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. II. 7. Nýr liður:
Vaðlaheiðarvegur 18000

XIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. B. XII. 6. (Hýsingarstyrkur). Nýr liður:
Á Arngerðareyri 500
Til vara 400

XIV. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 13. gr. B. XII. Nýr rómv. liður:
Til ábúandans í Grænumýrartungu, húsabótastyrkur sakir gestnauðar 2000

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir):
Fyrir »83000« kemur: 87000

XVI. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*
Við 13. gr. D. III. Nýir liðir:
a. Sími frá Harrastöðum í Miðdölum að Breiðabólsstað í Sökkólfsdal 22000
b. Sími frá Stórholti að Skarði á Skarðsströnd 21000

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. E. III. Nýr liður:
Til þess að kaupa hús og lóð við Garðskagavita ... 2250

XVIII. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 14. gr. A. b. 1. Nýr liður:
Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49, 1907 350

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. A. b. 5. (Húsabætur á prestssetrum):
Fyrir »20000« kemur 24000

XX. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*
Við 14. gr. B. I. Nýr rómv. liður:
Til stúdentagarðs í Reykjavík, þriðjungur styrks ... 33333,33

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 14. gr. B. VI. a. (Laun við stýrimannaskóla):
Fyrir »15360« kemur 16960
2. Við 14. gr. B. VI. b. 3:
Fyrir »Sveinbjarnar Egilssonar« kemur: Sveinbjarnar Þorsteinssonar (Egilssonar).
3. Við 14. gr. B. VII. a. (Laun við vjelstjóraskóla):
Fyrir »9600« kemur 11200

XXII. Frá *Sveini Ólafssyni, Halldóri Stefánssyni, Árna Jónssyni.*
Við 14. gr. B. VIII. 3. Nýr liður:
4. Til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum ... 56000

XXIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. IX. a. (Iðnskólinn):
Fyrir »5000« kemur 6600

XXIV. Frá *Jakob Möller* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. X. a. og b. (Verslunarskólar):
Fyrir »3000« í báðum stafliðum kemur 6000

XXV. Frá *Bernharði Stefánssyni* og *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 4. Nýr liður:
Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum 10000

XXVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til fulltrúaráðs verkalýðsfjelaganna í Reykjavík til kvöldskóla verkamanna 400

XXVII. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. (Húsmæðrafræðsla):
Fyrir »2000« kemur 2500

XXVIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 3. Nýr liður:
Til byggingar sundlaugar og sundskála í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, 1/5 kostnaðar, alt að 2000
Til vara 1850

XXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær hjeraðseign og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að 1000

XXX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Aug. Flygenring, Jörundi Brynjólfssyni, Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 11. Nýr liður:
Til Fornleifafjelagsins 800

XXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 16 c.:
Fyrir »Jakobs Thorarensens« kemur: Jakobs Jakobssonar (Thorarensens).

2. Við 15. gr. 16 g.:
Fyrir »Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar« kemur: Sveinbjarnar Þórðarsonar (Sveinbjörnssonar).
3. Við 15. gr. 19. Nýr liður:
Til Eggerts Eiríkssonar (Briems) frá Viðey, styrkur til útgáfu ritgerðar um Alþingi hið forna... 1000

XXXII. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*
1. Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til Guðbrands Jónssonar, til þess að safna til og semja íslenska menningarsögu í kaþólskum sið 2000
2. Við 15. gr. 22. Nýr liður:
Til þess að gefa út vísindarit til minningar um Eggert Ólafsson á tveggja alda afmæli hans 4500

XXXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 23.
Fyrir »Guðmundar G. Bárðarsonar« kemur: Guðmundar Guðmundssonar (Bárðarsonar).
2. Við 15. gr. 24.
Fyrir »Helga Pjeturss« kemur: Helga Pjeturssonar (Pjeturss).

XXXIV. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 15. gr. 25. (Frímann B. Arngrímsson):
Fyrir »800« kemur... 1200

XXXV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 28.
Fyrir »Boga Th. Melsteðs« kemur: Boga Jónssonar (Th. Melsteðs).
2. Við 15. gr. 34.
Fyrir »Jóns Aðils« kemur: Jóns Jónssonar (Aðils).

XXXVI. Frá *Sveini Ólafssyni, Jóni A. Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 37. Liðinn skal orða svo;
Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík ... 1500
Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.

XXXVII. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.).*
Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Fyrir »10000« kemur 20000

XXXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 16. gr. 5 (Skeiðaáveita):
   a. Orðin »enda — — alt að« falla niður.
   b. Ný athugasemd aftan við liðinn:
   Landsstjórninni er falið að skipa mann á áveitusvæðinu, eða í nánd við það, til þess að hafa á hendi fjárreiður áveitunnar.
   Einnig er stjórninni falið að sjá um, að stjórn Landsbankans gefi áveitubændum eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925.
2. Við 16. gr. 7 a.
   Fyrir »Einars Sæmundsens« kemur: Einars Einarssonar (Sæmundsens).
3. Við 16. gr. 14. b. Liðurinn verður svo:
   Launauppbót fiskiyfirmatsmanna... 8200
   Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Skutilsfjarðareyri, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.

XXXIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 16. gr. 11. c. (Efnarannsóknastofa). Nýr liður:
Til áhaldakaupa og aukinnar starfrækslu 2600

XL. Frá *sjávarútvegsnefnd.*

Við 16. gr. 15. (Eftirlit með skipum):
Fyrir »3000« kemur 6000

XLI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*

Við 16. gr. 16. Liðinn skal orða svo:
Til bryggjugerðar og lendingabóta, alt að $^1/_3$ kostnaðar, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun 20000

XLII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Til hafnarbóta í Ólafsvík, þriðjungur kostnaðar, alt að 10000

XLIII. Frá *Aug. Flygenring.*

Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Til lendingarbóta í Grindavík 10000

XLIV. Frá *meiri hluta fjárhagsnefndar.*

Við 16. gr. 19. Nýr liður:
Verðlaun til Mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar

í Borgarfirði, 2 krónur fyrir hvern kassa (48 dósir) niðursoðinnar mjólkur, sem hún framleiðir, alt að 8000

XLV. Frá *minni hluta fjárhagsnefndar.*
Við 16. gr. 19. Nýr liður:
Til mjólkurniðursuðufjelagsins Mjallar, verðuppbót, 2 krónur fyrir hvern kassa (48 dósir) niðursoðinnar mjólkur, sem það framleiðir, alt að 8000
enda njóti fjelagið ekki frekari tollverndar en felst í vörutolli þeim, sem ákveðinn er með lögum nr. 38, 1921, að viðbættum gengisviðauka.

XLVI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til þess að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar, alt að 1000

XLVII. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til Þorvalds Egilson, til þess að kynna sjer hænsnarækt til fullnustu 1500

XLVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 36. Nýir liðir:
a. Til Lúðvíks Jónssonar, til að endurbæta jarðyrkjuverkfæri þau, er hann hefir smíða látið, enda sanni hann fyrir stjórninni, að hann hafi að öðru leyti fje, sem þarf til endurbótanna 3000
b. Til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Snæfellsnes- og Dalasýslna 6000

XLIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 17. gr. 6. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík 3500

L. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 17. gr. 10.
Fyrir »Goodtemplarafjelagsins« komi: Stórstúku Íslands.

LI. Frá *fjármálaráðhera.*
Við 18. gr. I. d. Nýr liður:
Lífeyrir fyrv. skrifstofustjóra Einars Þorkelssonar 2500

LII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. a. 1.:
   Fyrir »Ásgeirs Blöndals« kemur: Ásgeirs Lárussonar (Blöndals).
2. Við 18. gr. II. a. 3.:
   Fyrir »Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns« kemur: Sigvalda Stefánssonar (Kaldalóns).
3. Við 18. gr. II. a. 6.:
   Fyrir Jóns Jacobson« kemur: Jóns Jakobssonar (Jacobson).
4. Við 18. gr. II. b. 2.
   Fyrir »Magneu Ásgeirsson« kemur: Magneu Ísaksdóttur (Ásgeirsson).
5. Við 18. gr. II. b. 4.:
   Fyrir »Theódóru Thoroddsen« kemur: Theódóru Guðmundsdóttur (Thoroddsen).
6. Við 18. gr. II. b. 7.:
   Fyrir »Sigríðar Fjeldsted« kemur: Sigríðar Magnúsdóttur (Fjeldsted).
7. Við 18. gr. II. b. 8. Liðurinn verður svo:
   Til Sigríðar Finnbogadóttur 800
   enda verði afritasafn dr. Jóns Þorkelssonar eign Þjóðskjalasafnsins.
8. Við 18. gr. II. d. 18.
   Fyrir »Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson« kemur: Sigríðar Halldórsdóttur (Jónsson).
9. Við 18. gr. II. e. 7.
   Fyrir »Elínar Briem Jónsson« kemur: Elínar Eggertsdóttur (Briem Jónsson).
10. Við 18. gr. II. f. 9.
    Fyrir »Friðriks Möllers« kemur: Friðriks Eðvaldssonar (Möllers).
11. Við 18. gr. II. g. 2.
    Fyrir »Valdimars Briems« kemur: Valdimars Ólafssonar (Briems).
12. Við 18. gr. II. g. 4.
    Fyrir »Einars Hjörleifssonar Kvarans« kemur: Einars Hjörleifssonar (Kvarans).
13. Við 18. gr. II. h. 1. (Helga Eiríksdóttir Ólafsson).
    Liðurinn fellur niður.
14. Við 18. gr. II. j.
    Fyrir »Ólafs Rósenkranz« kemur: Ólafs Ólafssonar (Rósenkranz).

LIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 19. gr. Aftan við greinina kemur athugasemd:
   Af þessari upphæð er stjórninni heimilt að greiða Grímsneshreppi í Árnessýslu alt að 2500 kr. í skaðabætur fyrir tjón af síldarkaupum hreppsins 1920, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóði Árnessýslu.
2. Við 22. gr. Nýr liður (verður 1. liður):
   Alt að 100000 kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
3. Við 23. gr. Nýr liður:
   Stjórninni er heimilt að greiða tjón það, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1925, miðað við verð það, sem framleiðendur fá á útflutningshöfn. Enn fremur halla þann, er verða kann á því, að taka skip á leigu til útflutningsins. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.
4. Við 25. gr. II. Nýr liður:
   Að gefa Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu upp viðlagasjóðslán, að upphæð kr. 16000,00, enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík.

LIV. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 25. gr. II. Nýr liður:

Að ábyrgjast rafmagnsveitulán fyrir Búðahrepp (Endurveiting, sbr. fjárlög 1920—21 og 1924), alt að 120000 kr.

LV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 25. gr. II. Nýr liður:

Að kaupa eftir mati dómkvaddra manna hús þau á Torfastöðum í Biskupstungum, sem núverandi prestur á þar, og greiða andvirðið úr kirkjujarðasjóði.

LVI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 25. gr. II. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 30 þúsund króna lán fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga, gegn tryggingu, er stjórnin telur gilda.

LVII. Frá *Birni Lindal.*

Við 25. gr. II. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 150000 kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað til hafnarbóta, gegn tryggingu, er stjórnin telur gilda.

LVIII. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*

Aftan við 25. grein bætist nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 100 þús. kr. lán til þess að reisa stúdentagarð í Reykjavík, þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar, enda samþykki stjórnarráðið teikningar og áætlanir.

LIX. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar (B. J. f. V.)*

Við 26. gr.

Á eftir »gildandi ákvörðunum« kemur: þar á meðal fyrirheitum Alþingis.

Nd. 291. Breytingartillaga

við brtt. á þingskj. 229. (Ræktunarsjóður Íslands).

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Við 2, 3. Orðin »Til frekari . . . . . í þessu skyni« falli burt.

Nd. 292. Nefndarálit

um frumvarp til laga um mannanöfn.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það er óhætt að fullyrða, að ákvæðin í lögum nr. 41 frá 1913 um upptöku ættarnafna hafa að vonum rýrt mjög virðingu fyrir þeim. Er því tími kominn til að afnema þau.

Rjett væri að afnema öll ættarnöfn með lögum, en af því að engin von er um, að það nái samþykki Alþingis í þetta sinn, verður að láta sjer nægja að banna að taka þau upp hjer eftir.

Er því lagt til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. 1. gr. falli niður.
2. 2. gr. verði 1. gr.
3. 3. og 4. gr. falli niður.
4. Við 5. gr.
   a. Orðin »áður en lög þessi voru sett« falli niður.
   b. Við greinina bætist: Skal það veitt ókeypis.
5. 6. gr. falli niður.
6. Við 7. gr.
   Í stað orðanna »sektir allar — sýslum landsins« komi: renna í ríkissjóð.

Alþingi, 4. apríl 1925.

Magnús Torfason, form. og frsm.
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Nd. **293. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á heyi.

Flutningsmenn: Tryggvi Þórhallsson, Jörundur Brynjólfsson, Jón Sigurðsson, Magnús Torfason, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Bannað er að flytja hey til landsins. Þó er landsstjórninni heimilt, samkvæmt tillögum dýralæknisins í Reykjavík, að leyfa innflutning á heyi frá þeim löndum, sem fullvíst er um, að ekki liggi í landi gin- og klaufasýki, eða aðrir þeir smitandi alidýrasjúkdómar, sem hætta gæti stafað af að bærust til landsins með heyinu og ekki eru hjer landlægir.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, ekki minni en 1000 kr., og fangelsi, ef miklar sakir eru, fyrir þann, er heyið flutti inn, og skal heyið gert upptækt og því ráðstafað samkvæmt tillögum dýralæknis.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er fullvíst, að gin- og klaufaveiki getur borist með heyi. Bæði í Danmörku og Skotlandi geysar veikin, og gæti vart verri vágestur borist hingað til lands fyrir íslenskan landbúnað.

Ed. **294. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheimilt að gera út hjeðan eða nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

2. gr.

Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, haldast óbreytt.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **295. Lög**

um skráning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hjer, og óheimilt er skipi að hafa íslenskan fána, nema fullnægt sje skilyrðum þeim, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip eru eign fjelags, þar sem fjelagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu $^3/_5$ fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal fjelagið eiga heimilisfang og varnarþing hjer á landi, enda eigi hver

af stjórnendum fjelagsins hluti í fjelaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.

4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal fjelag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef fjelag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip þau, er lögum samkvæmt hafa verið tekin á skrá yfir íslensk skip áður en lög þessi koma til framkvæmdar, skulu þó hafa rjett til að standa á skrá og nota íslenskan fána, þótt ekki sje fullnægt skilyrðum þessarar greinar um heimilisfang eigenda eða stjórnenda.

2. gr.

Bannað er íslenskum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í konungsúrskurði nr. 41, 30. nóv. 1918, sbr. konungsúrskurð nr. 1, 12. febr. 1919.

3. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert á landi hjer er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu á hendi. Fjármálaráðuneytið löggildir skipaskrár í umdæmi hverju. Skulu þær vera tvær:

1. Skrá yfir skip 12—30 smálesta brutto og
2. Önnur yfir skip yfir 30 smálesta brutto.

Halda skal fjármálaráðuneytið aðalskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hjer á landi samkvæmt lögum þessum, enda á það úrskurðarvald um mælingu skipa og skráningu.

4. gr.

Umdæmaskrár skulu greina um hvert skip í dálki sjer:

1. Skráningarstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hverskonar skip það sje, lögun þess og aðalmál (lengd, dýpt og breidd)
3. Smálestatal skips, og með hvaða aðferð það sje reiknað.
4. Nafn, stöðu og heimildarbrjef eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafjelags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang, heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skráningarár og skráningardag.

5. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá (sbr. 3. gr.) í áframhaldandi töluröð (1 2 3 o. s. frv.), eftir því hvenær skráningar er beiðst.

Skip yfir 30 smálestir skal skrá þar í lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, sem eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

6. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipsmíðarskírteini, ásamt heimildarbrjefi eiganda eða eigenda, ef eigandaskifti hafa orðið að skipi síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þessi í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðilja um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 4. gr.).
3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sje í raun rjettri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki að eins í orði kveðnu, og ef eigandi er fjelag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja samskonar yfirlýsing stjórnenda allra um það, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er í 4. tölul. 1. gr. segir. Ennfremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi rjettindi skipa, skrásettra hjer á landi, nje sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hjer. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notarii publici.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hjer segir, ef öflun þeirra er sjerstökum erfiðleikum bundin, enda sje rjettur aðilja til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar til þess að skráning megi fram fara með öðrum hætti fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hjer skip sitt, eða hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skifta.

7. gr.

Nú telur lögreglustjóri, eftir atvikum að undangenginni rannsókn samkvæmt 6. gr., aðilja tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri fjármálaráðuneytinu skjöl þau, er í 6. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Gerir ráðuneytið síðan annaðhvort, að leggja fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda því skjölin af nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

8. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt sem þess er kostur senda fjármálaráðuneytinu öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur

komið samkvæmt 6. og 7. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í tje láta og máli skiftir. Skal ráðuneytið athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur ráðuneytið látið nýja mælingu fram fara. Ráðuneytið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef ráðuneytið telur skip ranglega skráð, þá getur það fyrirskipað rannsókn samkvæmt 6. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 7. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip skuli aftur strika af skrá.

9. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 7. og 8. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstóla. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í hjeraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðilja eða ekki.

10. gr.

Nú telur fjármálaráðuneytið skip rjettilega skráð, og tekur það þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 smálestir brutto, þá gefur ráðuneytið út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu í því formi, er ráðuneytið ákveður. En ef skip er minna, þá gefur ráðuneytið að eins út mælingarbrjef því til handa, nema sigla eigi því til annara landa. Fær það þá þjóðernisskírteini auk mælingarbrjefsins.

Rita skal mælingarskírteini skips og alt það, er greina skal í skipaskrá samkvæmt 4. gr., á þjóðernisskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðrjettir smálestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskírteini og fær aðilja það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 6 gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefir af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

11. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka netto smálestatal þess og skráningarstafi á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkent skrásett íslenskt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir skráningarstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávalt vera að minsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annara landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sje gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, enda samþykki fjármálaráðuneytið breytinguna, og óbreyttir haldist skráningarstafir skipsins.

12. gr.

Nú er skip bygt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi fyrr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn á íslenska höfn, enda sje skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sje.
2. Hvar og hvenær skip sje bygt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

13. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini skal ávalt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollafgreiðslu skips og samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiftafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiftafulltrúi landsins erlendis.

14. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafist, enda sje eldra skírteini skilað aftur um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiftafulltrúi hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 6. sbr. 7. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá viðskiftafulltrúi landsins þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 12. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sje útgefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefir glatast.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini þess stendur um það, hverskonar skip það sje, smálestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip af nýju, nema hallkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri fjármálaráðuneyti þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið svo skrásett af nýju.

15. gr.

Ef eigandaskifti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rjetti til að sigla undir íslenskum fána, eða skipstjóraskifti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 4. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigandaskifti hafa orðið, bæði fyrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því innan 4 vikna, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrjett samkvæmt því.

Skal svo skrá breytingarnar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hjer segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiftafulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda fjármálaráðuneytinu þegar skýrslu um þær.

Rjett er, að rannsókn samkvæmt 6. sbr. 7. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigandaskifti eftir þessari grein varða.

16. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða er ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiftafulltrúa Íslands þar þjóðernis-

skirteini þess, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu ásamt skýrslu um atburði.

2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, fjelags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rjetti til að nota íslenskan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, með sama hætti sem í 15. gr. segir, að skýra lögreglustjóra frá breytingunni innan 4 vikna frá því er hún varð. Ef eigandaskifti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiftafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda fjármálaráðuneytinu þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiftafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sje að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi, um breytinguna, og senda skjölin síðan fjármálaráðuneytinu. Nú verða eigandaskifti að skipi eða skipshluta vegna skifta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiftaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiftafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.
3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

17. gr.

Lögreglustjóri skýrir fjármálaráðuneytinu jafnskjótt sem unt er frá hverri þeirri breytingu, sem í 15. og 16. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rjett aðilja til að hafa skip áfram skrásett á Íslandi eða grunur kemur upp um það, að sá rjettur sje glataður eða hafi aldrei verið til, nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra fjármálaráðuneytinu frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þess máls og úrskurð eins og í 6., 7. og 9. gr. segir.

18. gr.

Ef eigandi æskir þess og sjerstök ástæða er til þess, þá getur fjármálaráðuneytið veitt skipi, sem heima á hjer á landi, leiðarbrjef til þess að fara hjer hafna á milli áður en það sje skrásett, enda hefir slíkt leiðarbrjef sama gildi hjer við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu rjett að veita skipi, ef nauðsyn ber til að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi ráðuneytið fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 12. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en 2 ár, en þó getur ráðuneytið lengt frestinn, ef sjerstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það smálestatal og skrásetningarstafi eftir 11. gr.

19. gr.

Lögreglustjóra er skylt að láta í tje, gegn 5 króna endurgjaldi fyrir hvert skip, ágrip úr skipaskrá. Fjármálaráðuneytið lætur og í tje, með sömu skilyrðum, staðfest eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum og mælingarbrjefum. Greina skal á eftirriti, hvers vegna það var af hendi látið.

20. gr.

Það varðar sektum, 100—200 kr. á hverja brutto smálest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skrásetningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hjer.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er valda missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefir skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hjer eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefir aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

21. gr.

Það varðar 50—100 kr. sektum á hverja brutto smálest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 20. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsgr. 20. gr. eiga og hjer við.

22. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skifta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 20. og 21. gr., enda má kyrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorstveggja.

23. gr.

Ef aðili útvegar sjer annars eða lætur útvega sjer ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbrjef (18. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 11., 12., 13., 14., 15. eða 16. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, alt að 2000 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda

ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur fjelaga og stofnana

25. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru settar.

26. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 25. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 25. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 70, 28. nóv. 1919, um skrásetning skipa.

Nd. **296. Lög**

um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

1. gr.

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu.

Undanþegið þessu banni er þó svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir.

Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er eða uppi drepinn, og renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Ed. **297. Nefndarálit**

um frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar álítur nauðsyn, að allmargir íslenskir námsmenn geti árlega dvalið og leitað sjer þroska erlendis. Á fjölmörgum sviðum vantar karla og konur með sjerþekkingu á mörgum störfum, sem þarf að vinna hjer á landi, þó að hjer sje ekki hægt að stunda slíkt nám. Höfuðgalli frv. eins og það liggur nú fyrir er, að það nær of skamt. Það gerir ráð fyrir nauðsyn stúdentanna til að njóta námsskilyrða erlendis, en gleymir öllum öðrum námsmönnum. Styrkur, sem lengi hefir verið veittur til iðnaðarnáms, er feldur niður. Hjúkrun, vjelfræði, húsagerð, vegagerð og allskonar iðnaðarnám er afskift með öllu. Hjer er lagt til að bæta úr þessu með því, að auka við jafnmiklu fje handa öðrum námsmönnum, sem þjóðina vanhagaði um.

BREYTINGARTILLAGA.

Á eftir 3. grein komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra er og heimilt að veita 16 nemendum, sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, alt að 1200 króna námsstyrk hverjum árlangt til náms erlendis. Geta jafnt orðið styrksins aðnjótandi konur sem karlar. Sami nemandi getur fengið styrk þrjú ár í röð, ef námið er svo langt, en aldrei skulu fleiri en 16 njóta styrks þessa samtímis. Styrk þennan má nota til hverskonar sjerfræðilegs náms, sem ekki verður numið hjer á landi, eða ekki til fulls, enda telji ráðherra nauðsyn til bera, vegna almennra hagsmuna, að til sjeu hjer á landi menn, er þá þekkingu hafa.

Alþingi, 4. apríl 1925.

Jónas Jónsson.

Nd. **298. Frumvarp**

til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.
2. Tillag úr ríkissjóði, er samsvari þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkv. lögum 20. okt. 1905. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
4. 1 miljón króna, er ríkissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins. Skal ríkissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni.

3. gr.

Ræktunarsjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef, er nefnast Jarðræktarbrjef. Skulu það vera skuldabrjef, er hljóða upp á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um lögun og útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa brjefin.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabrjefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn, sem ráðherra setur, skal ákveða fjárhæð brjefanna, vexti, gjalddaga vaxtanna, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 30 árum frá því er flokkur var opnaður.

4. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur ríkissjóður 10 þús kr. árlega í þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi öðlast gildi, og úr því fer upphæðin minkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

Landsbankinn lætur sjóðnum í tje ókeypis húsnæði til starfrækslu og trygga geymslu fyrir verðmæt skjöl og fje.

5. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

6. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að 4% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 10% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 10% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

8. gr.

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktar-

laganna frá 20. júní 1923, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðunni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafist, að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Upphæð lánanna má nema alt að $^{3}/_{5}$ virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyr en jarðabót eða hús, sem lánið er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar fyrirfram eða meðan verkið stendur yfir, að nokkru eða öllu, ef nægilegt veð er fyrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. og lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verðhækkun vegna hennar liggur fyrir, enda er lántakanda þá skylt að ljúka við mannvirkið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðsins tiltekur og aldrei má lengri vera en 5 ár. Nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd slíkra mannvirkja skal setja í reglugerð sjóðsins.

Nú er veittur styrkur af opinberu fje til mannvirkis, og má þá upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr $^{2}/_{3}$ virðingarverðs mannvirkisins.

9. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^{3}/_{5}$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli eigi veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna sjálfra til viðauka við virðingarverð eignarinnar óbættrar, án þess að ný virðing á fasteigninni í heild fari fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.
b. Gegn afgjaldskvöð á býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfjelaga, enda sje lánið veitt leiguliða til umbóta á býlinu sjálfu. Afgjaldskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt.
c. Gegn ábyrgð hreppsnefnda eða sýslunefnda, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgjaldskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

10. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins mega telja til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu vátrygð í vátryggingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs telur góða og gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Ræktunarsjóður annist vátryggingar og innheimti iðgjöldin með árgjöldum af láninu, þegar stjórn sjóðsins ákveður svo.

11. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og umbætur þær, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjelaganna.

12. gr.

Búnaðarfjelag Íslands og trúnaðarmenn þess skulu láta í tje umsögn sína og upplýsingar um sjerhverja lánbeiðni, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs óskar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti, eða oftar ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfjelags Íslands, eða öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því, að jarðabótinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Lánsupphæð út á einstaka fasteign má eigi fara fram úr 25 þús. kr. Gegn afgjaldskvöð á einstakri fasteign má ekki lána meira en 10 þús. kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og samþykki jarðareiganda komi til, og þá aldrei meira en 25 þús. kr.

Lánstíminn má vera:

a. Til matjurtagarða 5 ár.
b. Til girðinga, vega, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu 10 ár.
c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og áburðargryfja 20 ár.
d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga 20 ár.

Af láninu samkvæmt staflið a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflið c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

14. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga bezt, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

15. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til að annast án endurgjalds útborganir á lánum úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirliggjandí hjá þeim, og gera reikningsskil eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

17. gr.

Vilji maður, vegna eigendaskifta eða ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar sjóðsins um það, og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins.

18. gr.

Lánum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar eða gjöld, er ganga fyrir krófum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr., um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $^1/_2$% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir

af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

20. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Sjóðurinn má og á þann þátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

21. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

22. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

24. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

25. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Ræktunarsjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

26. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

27. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

Landsbanka Íslands er skylt að kaupa með nafnverði, ef stjórn Ræktunarsjóðs æskir þess, vaxtabrjef fyrir þá upphæð, er lög um stofnun Búnaðarlánadeildar frá 4. júní 1924 mæla fyrir, að Landsbankinn skuli leggja Búnaðarlánadeildinni. Skal bankanum skylt að hafa lokið þessum kaupum fyrir árslok 1926, ef krafist verður, að frádreginni þeirri upphæð, er hann kann að hafa lagt Búnaðarlánadeildinni. Að því leyti sem stjórn Ræktunarsjóðs notar ekki þessa heimild á tilsettum tíma, er Landsbankanum skylt að kaupa vaxtabrjef fyrir alt að 100 þús. kr. á ári.

28. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins almennt.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

29. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Ræktunarsjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Ræktunarsjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

30. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hve nær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

31. gr.

Lán þau, er veitt hafa verið úr Búnaðarlánadeild Landsbankans, þá er Ræktunarsjóður tekur til starfa samkvæmt þessum lögum, má yfirfæra til Ræktunarsjóðs, þótt lánsskilmálar sjeu aðrir en þessi lög ákveða, enda taki Landsbankinn vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði sem greiðslu fyrir skuldabrjef þau, er hann samkvæmt þessu afhendir Ræktunarsjóði.

32. gr.

Úr Ræktunarsjóði má veita lán samkvæmt þessum lögum til jarðabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

34. gr.

Þá er Ríkisveðbankinn verður stofnaður samkvæmt lögum 27. júní 1921, má sameina Ræktunarsjóðinn honum. Skal Ræktunarsjóðurinn þó ávalt vera sjerstök deild í Ríkisveðbankanum og halda áfram starfsemi sinni með óskiftum rjettindum.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, 2. mars 1900, lög 20. okt. 1905, um breytingu á þeim lögum, lög 14. nóv. 1917, um breytingu á sömu lögum, lög 4. júní 1924, um stofnun Búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.

Nd. **299. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926 og við breytingartillögur á þskj. 290.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 2. gr. 22. (Tóbakseinkasala):
Fyrir »275000« kemur 325000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 25.
Fyrir »Frímanns B. Arngrímssonar« kemur: Frímanns Bjarnasonar (Arngrímssonar).

III. Frá *Klemens Jónssyni.*
Við 16. gr. 2. Nýr liður:
Til byggingar á Stóruvöllum, sandgræðslunnar vegna 10000

IV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 5. Liðinn skal orða svo:
Til Skeiðaáveitunnar:
a. Til flóðgarðahleðslu, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, enda sje komið skipulagi á fjárreiður áveitufjelagsins, alt að... 8000
b. Upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 1. greiðsla 6000

V. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við brtt. 290, XLIII. (Við 16. gr. 16).
Brtt. skal orða svo:
Til varnargarða og lendingarbóta í Árnessýslu og Grindavík, þriðjungur kostnaðar, alt að 20000
Til vara 15000

VI. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Til lendingarbóta að Skálum á Langanesi 10000

VII. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Jóns Gunnarssonar, til þess að ljúka námi í vegfræði 1000

VIII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við brtt. 290, XLVII. (Við 16. gr. 36).
Fyrir »Þorvalds Egilson« kemur: Þorvalds Jónssonar (Egilssonar).

IX. Frá *Árna Jónssyni.*
Við brtt. 290, XLVIII. a. (Við 16. gr. 36). (Lúðvík Jónsson):
Fyrir »3000« kemur 5000

Ed. **300. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fyrir síðasta þingi lá frv. til laga um Landsbanka Íslands, þar sem gert var ráð fyrir, að bankinn yrði gerður að hlutabanka og tæki við seðlaútgáfu ríkisins. Var frv. þetta flutt af fjárhagsnefnd Ed. samkvæmt tilmælum fyrverandi stjórnar.

Frv. var vísað til núverandi stjórnar um leið og þess var óskað, að stjórnin ljeti rannsaka málið milli þinga og legði það betur undirbúið fyrir þetta þing.

Fjárhagsnefnd þríklofnaði þá í málinu. 1. hl. (þeir Jónas Jónsson og Ingvar Pálmason) töldu meginefni frv. vera til bóta fjármálalífi landsins og mæltu að öðru leyti með því, en áskildu sjer rjett til að taka afstöðu til breytinga, sem fram kynnu að koma að því er æðstu stjórn bankans snertir, við síðari umræður málsins. 2. hl. (Björn Kristjánsson), sem hefir algerða sjerstöðu í þessu máli og flutti á sama þingi frv. um sjerstaka seðlastofnun ríkisins, fjellst á, að frv. væri afgreitt til stjórnarinnar á þann hátt, sem 3. hl. lagði til. — Í nefndaráliti 3. hlutans (þeirra Sig. Eggerz og Jóh. Þ. Jósefssonar) var meðal annars lýst yfir því, að sá hluti nefndarinnar teldi óhjákvæmilegt, að fyrirkomulagi seðlaútgáfunnar yrði endanlega skipað á þessu þingi.

Málið hefir nú verið athugað og undirbúið af stjórninni með aðstoð útl. sjerfræðings, prof. A. Nielsens, og fulltrúa landsins J. Krabbe í Kaupmannahöfn, og liggur nú enn fyrir þinginu frv. um Landsbankann, samhljóða að aðalefni frv. frá síðasta þingi, en þó nokkuð breytt og sumstaðar aukið.

Þær breytingar, sem orðið hafa á frv. frá síðasta þingi, eru flestar fram komnar samkvæmt athugasemdum og bendingum þeirra A. Nielsens og J.

Krabbe, sem báðir eru þeirrar skoðunar, að rjett sje að gera Landsbankann að aðalseðlabanka ríkisins.

Fjárhagsnefnd Ed. hefir nú haft málið mjög lengi til meðferðar og rætt það við fjármálaráðherra og stjórnir beggja bankanna. Samkomulag hefir samt ekki náðst. Vill meiri hl. fresta málinu og fá það betur rannsakað, en minni hl. vill, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og telur yfirleitt varhugavert að fresta skipun seðlaútgáfunnar ár frá ári.

Bráðabirgðafyrirkomulag það, sem heimilað var með lögum nr. 7, 4. maí 1922, getur ekki talist tryggileg tilhögun, enda hefir þá naumast verið ráð fyrir því gert, að sá dráttur yrði á endanlegri skipan þessa máls, sem raun ber vitni um.

Af drættinum orsakast það, að jafnóðum og Íslandsbanki dregur inn seðla sína eins og fyrir er mælt í lögum nr. 6, 31. maí 1921, verður ríkisstjórnin að láta Landsbankann setja seðla í umferð til að mæta gjaldmiðilsþörfinni, samkvæmt heimild þeirri, er áður getur, en það verður ekki sjeð, að nein ákvæði sjeu til um það, að þessir seðlar skuli vera málmtrygðir.

Með þessu fyrirkomulagi er útgáfa seðlanna því að hverfa til Landsbankans, án þess venjulegar skyldur seðlabanka sjeu um leið lagðar á hans herðar. —

Hinsvegar sýnist eðlilegt, að Íslandsbanki telji sig ekki lengur sjerstaklega hafa þær skyldur gagnvart þjóðfjelaginu, sem aðalseðlabanki hverrar þjóðar hefir, þar eð inndráttur hans á seðlum lögum samkvæmt er þegar kominn það á veg, að ríkið er sjálft farið að gera ráðstafanir til frekari seðlaútgáfu í stað þeirra seðla, sem fara úr umferð hjá Íslandsbanka.

Málið hefir nú verið svo undirbúið fyrir þetta þing, að ekki ætti að vera ókleift að ráða því til lykta áður en þingið hættir störfum í þetta sinn.

Í máli eins og þessu verður sennilega lengi hægt að telja ítarlegri rannsókn æskilega, bæði á málinu í heild og einstökum atriðum þess. Hitt er auðsætt, að ný rannsókn nú á milli þinga slær því enn á frest um óákveðinn tíma, að gengið sje tryggilega frá seðlaútgáfunni, því ekki er hægt að segja um það nú, hvort ný rannsókn, ef úr yrði, leiðir til samkomulags, þannig, að málinu verði komið í það horf á næsta þingi, sem telja má trygt.

Á meðan það ástand helst, sem áður var að vikið, nefnilega, að hvorugum bankanna er skylt að hafa hlutverk aðalseðlabanka ríkisins á hendi, en hafa þó báðir seðla í umferð, er peningamálunum ekki þannig fyrir komið, að það sje verjandi, ef eitthvað ber út af.

Margar ástæður geta leitt til þess, að vandræði steðji að peninga- og viðskiftamálum vorum þegar minst varir, og því má ekki draga lengur en alveg óhjákvæmilegt er að ganga svo frá seðlaútgáfunni, að sá banki, er með hana fer, hafi bæði aðstöðu og skyldu til þess að stuðla að tryggri skipun peningamála vorra og koma í veg fyrir, að almennar hagsveiflur valdi mikilli truflun á atvinnulífinu.

Það er því mikið undir atvikum komið, hvort ný rannsókn, og um leið ný frestun á þessu máli, er eins og stendur heppileg eða ekki, en á hinn bóginn verður það, eftir því, sem fram hefir komið, að teljast viðunandi lausn

á málinu, að Landsbankinn sje gerður að aðalseðlabanka ríkisins eins og ætlast er til með frv.

Þótt minni hl. vilji fallast á frv. sökum þess að hann er þeirrar skoðunar, að eigi megi lengur bíða með að taka ákvörðun um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, þá telur hann ýmsar breytingar æskilegar á frv. áður en það verður afgreitt frá þinginu.

Með því að 4 af 5 mönnum í fjárhagsnefnd virðast munu ætla að leggja það til, að málinu verði frestað í þetta sinn, skal hjer ekki langt farið út í þær breytingar, sem minni hl. vill gera, þar eð auðgert er að koma þeim síðar að, ef málið fer til 3. umr.

Þó eru tvær breytingartillögur, sem minni hl. vill nú þegar flytja, og snertir önnur það, hverjir megi eignast hluti í bankanum, og hin undanþágu þá frá málmtryggingu, sem gert er ráð fyrir í 9. gr. Í álitsskjali J. Krabbe, bls. 3, er bent á það, að heppilegast sje, að bankinn, þó hann sje gerður að hlutabanka, sje óháður hagsmunum einstakra hluthafa, og ríkið eigi því helst sjálft, og ef til vill opinberir sjóðir, að eiga alla hlutafjárhæðina.

Minni hl. fellst á það, að rjett muni vera, að þessi þjóðarstofnun sje ekki færð í það horf, að hún þurfi að taka tillit til nokkurs annars en hagsmuna þjóðarinnar í heild sinni.

Með brtt. þeirri við 2. gr., sem hjer fer á eftir, er ríkissjóði einum fyrst og fremst, og þá opinberum sjóðum og stofnunum, gert mögulegt að eignast hluti í bankanum.

Heimild þá, sem 9. gr. ákveður að stjórnin skuli hafa til að veita bankanum undanþágu frá að málmtryggja seðlafúlguna, sýnist hvorki vera nauðsynlegt nje heppilegt að láta standa þannig í lögum bankans.

Með því er, að því er virðist, aðgangurinn að undanþágunni of greiður, og sýnist jafnvel geta átt við annað ástand en t. d. ófrið eða stórkostlega fjárkreppu, sem kalla má að sjeu þær einu ástæður, er rjettlætt geti þá undanþágu, er hjer ræðir um.

Þegar slíkar ástæður eða aðrar jafnalvarlegar eru fyrir hendi, er það hvort sem er á valdi stjórnarinnar að veita undanþáguna með bráðabirgðalögum.

Með skírskotun til þess, er hjer hefir sagt verið, leggur minni hl. það til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

   Í stað orðanna í 2. málsgrein »almennu útboði til . . . . . ganga fyrir öðrum« komi: útboði til innlendra opinberra sjóða og stofnana.

2. Við sömu gr.

   Fyrir orðin í 3. málsgr. »íslenskir . . . . . innlend fjelög« komi: ríkissjóður, innlendir opinberir sjóðir.

3. Við 9. gr.
Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því.

Alþingi, 6. apríl 1925.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **301. Lög**

um einkenning fiskiskipa.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.

Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar samskonar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hjer á eftir.

Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

2. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau ópekkjanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

3. gr.

Það varðar sektum, frá 50—2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sjer merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá alt að 400 kr. sekt við því.

Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísvitandi duldum, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um alt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

4. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrsetja skip og síðan selja, að undangenginni aðför, til lúkningar hvorstveggja.

Nd. **302. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með skírskotun til greinargerðar þeirrar, er frumvarpinu fylgir, og undangenginna umræðna, ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarp þetta með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað 4. og 5. gr. komi svo hljóðandi

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926. Frá sama degi falla úr gildi lög nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki.

Alþingi, 4. apríl 1925.

Jakob Möller, frsm. Magnús Jónsson, Jón A. Jónsson, fundaskr. Björn Líndal.

Nd. **303. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 15. gr. 16. e. Í stað »Guðjónssonar (Kiljan Laxness)« kemur: Kiljan Laxness.
2. Við 15. gr. 21. Í stað »Jóhannessonar (Nordals)« kemur: Nordals.

Nd. **304. Nefndarálit**

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á mörgum fundum og er sammála um, að nauðsyn sje að framlengja gildi verðtollslaganna, og það jafnvel nokkru meira en í frv. er farið fram á, sem sje til ársloka 1926, til þess að tekjur ársins 1926 haggist ekki fyrir þá sök frá því, sem sjeð verður, þegar fjárlög þess árs eru samin. En nefndin telur ekki rjett að framlengja lögin alveg óbreytt. Nokkrar vörutegundir sýnist nauðsynlegt að undanskilja í viðbót við það, sem áður var gert, og komið hefir í ljós við reynsluna og nákvæmari athugun, að ættu að vera undanþegnar.

Um aðrar breytingar eru nefndarmenn ekki allir sammála. Einn nefndarmanna, Jakob Möller, hefir þar sjerstöðu. Hinir líta svo á, að vörur þær, sem falla undir tollinn, sjeu svo misjafnar að nauðsyn, að ógerningur sje að tolla þær allar jafnt. En til þess að hagga sem minst við aðalatr. málsins hefir meiri hlutinn orðið ásáttur um að taka nokkurn flokk vara og leggja til, að hann verði tollaður með 10 %, og aftur annan flokk vara, þeirra sem teljast mega ónauðsynlegastar, og leggja á þær 30 % toll, en láta annars 20 % gjaldið haldast óbreytt. En gert er þá ráð fyrir, að úr gildi verði feld reglugerð 7. maí 1924, um bann gegn innflutningi á óþörfum varningi, eða það, sem enn er framkvæmt af henni. Lenda þá flestar af vörum þeim, sem þar eru nefndar í 1. gr. a, undir 30 % tolli, og má búast við, að sá tollur verði talsvert tálmandi á innflutninginn, einkum ef erfiðir tímar eru og peningaþurð.

Búast má við, að breyting þessi hafi mjög lítil áhrif á tolltekjurnar, því að hækkun og lækkun mun nema nokkuð svipuðum upphæðum, einkum þar sem gera má ráð fyrir einhverjum beinlínis nýjum innflutningi, ef innflutningsbanninu er til fulls ljett af.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Framan við frumvarpsgreinina koma 3 greinar, er svo hljóða:
   I. Á eftir orðunum »20 % af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsgrein laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: Nema þær vörur, sem hjer eru taldar:
      A. Með 30 % stimplast eftirtaldar vörur: Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt eða niðursoðið. Ávaxtamauk. Hnetur. Makrónudeig. Kaffibrauð allskonar. Kex, annað en matarkex. Lakkrís. Marsipan. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Hársmyrsl. Lifandi jurtir og blóm. Tilbúin blóm. Jólatrjesskraut. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Silkihattar. Floshattar. Lakkskór,

silkiskór og flosskór. Sólhlífar. Kniplingar. Silki og silkivarningur. Fiður. Dúnn. Skrautfjaðrir. Veggmyndir. Myndabækur. Myndarammar. Glysvarningur og leikföng allskonar. Flugeldar og flugeldaefni. Úr. Klukkur. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Plettvörur. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Eirvörur. Nýsilfursvörur. Nikkelvörur. Tinvörur.

B. Með 10 % stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir Blaðgull til gyllingar. Bókbandsefni. Boltar og rær. Brennisteinssýrur. Bæs. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólvax. Hljóðfæri nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhúnar. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Keðjulásar. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjelar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshanar. Viðhafnarlausir olíulampar. Vörpukeðjur. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

II. Aftan við 3. málsgrein 1. greinar kemur: Áttavitar. Baðmullartvinni. Hörtvinni. Hvítmálmur. Koparrör. Látún. Ljósker. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Vefjarskeiðar. Vjelaþjettingar. Vjelavaselín. Asbestþráður. Kondensatorþráður.

III. Við síðustu málsgrein 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

2. Frumvarpsgreinin, sem verður 4. gr., orðast svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925 og gilda til ársloka 1926.

3. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og breyting á þeim lögum.

Alþingi, 4. apríl 1925.

Kl. Jónsson, formaður.	Magnús Jónsson, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson. Björn Líndal. Halldór Stefánsson.

Jeg tel hagkvæmast, að þessi allvíðtæki verðtollur, sem aldrei hefir verið ætlaður til frambúðar, verði látinn lækka ár frá ári, svo að hann hverfi á næstu 3—4 árum. Ætti hann því að lækka nú niður í 15 %. Ef það væri gert, væri að sjálfsögðu minni þörf fyrir 10 % flokkinn, sem meiri hlutinn vill taka upp, og framkvæmdin þá miklum mun einfaldari, en tekjurýrnunin væntanlega ekki mikil. Auk þess eru vandfundin mörkin milli flokkanna, ef fullrar sanngirni ætti að gæta. Mun jeg bera fram breytingartillögur þessu samkvæmt.

D. u. s.
Jakob Möller.

Nd. **305. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 304. (Verðtollur).

Frá Halldóri Stefánssyni og Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. I. B. Á eftir »ávextir nýir og niðursoðnir« komi:
   Niðursoðin mjólk.
2. Á eftir 1. III. komi nýr (rómverskur) töluliður, er verði IV:
   Úr 3. málsgr. 1. greinar falli niður:
   Niðursoðin mjólk.

Nd. **306. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og er á einu máli um, að það beri að samþykkja með svo feldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðanna »kostnaður við læknisskoðun þessa greiðist úr ríkissjóði« komi:
Læknisskoðunina framkvæma hjeraðslæknar og bæjarlæknir Reykjavíkur endurgjaldslaust.

Alþingi, 6. apríl 1925.

Jörundur Brynjólfsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. og frsm. Bernh. Stefánsson.

Sigurj. Jónsson. Björn Líndal.

Nd. **307. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 19. gr. Á eftir 1. málsl. 3. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó eru lán, sem veitt eru meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, undanþegin þessu gjaldi.

Nd. **308. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Flm.: Jakob Möller.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita hlutafjelagi, sem Ottó B. Arnar símafræðingur, Kristján Bergsson forseti, Lárus Jóhannesson hæstarjettarmálaflm., Sigurður Sigurðsson forseti og Þorkell Þorkelsson forstjóri ætla að stofna, sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 10 ára skeið, frá því að stöðin tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði hlutafjelag til að reka útvarpið, sem hafi ekki minna en 100000 króna hlutafje, og sje að minsta kosti helmingur hlutafjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.
2. Að útvarpsstöðin verði í Reykjavík eða í námunda við hana, og að afl stöðvarinnar verði ekki minna en að hún geti útvarpað a. m. k. með 150 km. radiusi.
3. Að ríkisstjórnin geti gefið út reglugerð um rekstur útvarpsins, þar sem tekið sje fram, hvaða viðtökutæki megi nota og hver ekki, og að gjaldskrá fyrir þau, eða leigu af þeim, sje staðfest af ríkisstjórninni.
4. Að ríkið eigi kauparjett að stöðinni eftir 10 ár fyrir virðingarverð hennar.
5. Að byrjað sje á útvarpinu áður en 16 mánuðir sjeu liðnir frá staðfesting laga þessara.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:

1. Að samfara útvarpssjerleyfinu fylgi annaðhvort einkarjettur til þess að flytja inn, smíða og selja eða leigja loftskeytaviðtökutæki, eftir gjaldskrá sem ráðuneytið samþykkir, og að enginn megi nota önnur tæki til viðtöku en þau, sem útvarpsfyrirtækið útvegar eða tekur gild, eða að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvar-

innar, er tækin eru sett niður, og síðan árgjald fyrir notkun þeirra. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.

2. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá ýmsum stöðum hjer í bænum (alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsinu o. fl.) til útvarpsstöðvarinnar.
3. Að útvarpsfyrirtækið verði fyrstu 5 árin undanþegið frá greiðslu opinberra skatta og gjalda.
4. Að heimilt sje að framselja sjerleyfið öðrum í hendur, en slíkt framsal sje háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Síðan hafa augu manna opnast betur fyrir því, hver nauðsyn er á því, að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd, einkanlega í sambandi við veðurathuganir og mannskaða á sjó. Er frv. því borið fram enn á ný, í von um að ganga þess verði nú greiðari gegnum þingið.

Nd. **309. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 2. gr. 1. Liðurinn orðist svo:
   Andvirði þjóðjarða, sem seldar verða, og ársvextir sjóðsins.
2. Við 3. gr.
   Fyrir »30« í síðustu málsgrein komi: 35.
3. Við 4. gr.
   Síðari málsgreinin falli burtu.
4. Við 6. gr.
   a. Fyrir »4%« komi: 3½%.
   b. Fyrir »10%« á tveim stöðum komi: 15%.
5. Við 8. gr.
   Orðin í 4. málsgrein »fyrirfram eða« falli burt.
6. Við 13. gr.
   a. Fyrir orðin »lánsupphæð . . . . . 25 þús. kr.« komi: Hámark lánsupphæðar til einstakrar fasteignar skal ákveðið í reglugerð.
   b. Fyrir »20« í d-lið komi: alt að 25.

c. Upphaf síðustu málsgreinar orðist svo:
Af lánum samkvæmt staflið a., b. og d. skal greiða, o. s. frv.
d. Orðin »og d« í sömu málsgr. falli niður.

7. Við 14. gr.
Aftan við 2. málsgr. bætist: og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

8. Við 18. gr.
Fyrir orðin »skattar eða gjöld« komi: skattar, gjöld eða veðkröfur.

9. Við 27. gr.
Fyrir »nafnverði« í 2. málsgr. komi: gangverði, er ráðherra samþykkir.

10. Við 29. gr.
Á eftir »bókfærslu hans« komi: og leggur honum til trygga skjalavörslu.

11. Við 32. gr.
Á eftir »jarðabóta« komi: og húsabóta.

Nd. 310. Nefndarálit

um frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Frá allsherjarnefnd.

2 menn úr allsherjarnefnd, Árni Jónsson og Jón Kjartansson, vilja fella frv., og vísa þeir til nefndarálits minni hluta allsherjarnefndar í fyrra (A. 1924, þskj. 444, bls. 825). Einn nefndarmanna, Jón Baldvinsson, sem leggur til, að frv. verði samþykt, vísar og til nefndarálits um málið í fyrra (A. 1924, þskj. 442, bls. 823). Bernh. Stefánsson og Magnús Torfason hafa óbundið atkv. í málinu.

Alþingi, 3. apríl 1925.

Magnús Torfason, form.
Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm. minni hl.
Bernh. Stefánsson.

Jón Kjartansson, framsögum. meiri hl.
Árni Jónsson.

Nd. **311. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á kolum eftir máli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur mál þetta ekki svo mikilvægt, að ástæða sje til þess að setja lög um það. Telur nefndin og, að frumvarpið fari að sumu leyti í öfuga átt, þar eð kaupendur kola yrðu síst betur trygðir, þótt frv. yrði að lögum.

Leggur nefndin því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 7. apríl 1925.

Magnús Torfason, form.	Árni Jónsson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.

Jón Kjartansson. Bernharð Stefánsson.

Nd. **312. Nefndarálit**

um frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
   5. gr. verður 3. gr.
3. Eftir 3. gr. kemur ný gr., sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Við 6. gr. Greinin fellur niður.

Alþingi, 7. apríl 1925.

Magnús Torfason, form.	Árni Jónsson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson. Jón Kjartansson.

Nd. **313. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararjettur er veittur:
1. Almar Viktor Normann, lýsismatsmanni í Reykjavík, tæddum í Noregi.
2. Claus Gerhard Nielsen, hafnarverkamanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.

Greinargerð.

Nefndin hefir aflað sjer þeirrar vitneskju um menn þessa, að hún telur rjett að veita þeim ríkisborgararjett.

Ed. **314. Breytingartillaga**

við frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Fyrirsögnina skal orða svo:

Frumvarp til laga um styrkveiting til handa íslenskum námsmönnum í öðrum löndum.

Ed. **315. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, hefir áður verið fyrir háttv. Nd. og borið þar fram af þm. N.-Ísf. og þm. Ísafjarðarkaupstaðar eftir eindregnum óskum og áskorunum beggja hlutaðeigenda, íbúa Hólssóknar (Bolvíkinga) og íbúa Ísafjarðarsóknar (Ísfirðinga og Hnífsdælinga).

Í greinargerð frv. á þskj. 79 er glögglega sýnt fram á rjettmæti þeirrar kröfu, að þessu víðáttumikla, veglausa og jafnframt fjölmenna prestakalli, Ísa-

fjarðarprestakalli, sje skift í tvö prestaköll. Og virðist því sem nægja megi hjer að vísa til þess.

Eins og sjá má af greinargerðinni, voru í Ísafjarðarsókn 2848 manns og í Hólssókninni 935 manns árið 1920. Og þótt fólki kunni ekki að hafa fjölgað jafnört í þessum bygðarlögum sem ýmsum öðrum kaupstöðum, kauptúnum eða sjávarplássum á síðustu árunum, þá má þó telja víst, að á hvorumtveggja staðnum hafi því frekar fjölgað en fækkað síðan 1920.

Það er því bert, að þótt hinu núverandi Ísafjarðarprestakalli væri skift eftir sóknum í tvö prestaköll, þá yrðu þau samt sem áður, hvort um sig, með fjölmennustu prestaköllum landsins. Annað þeirra 3. eða 4. og hitt 11. eða 12. í röðinni, að því er fólksfjölda snertir. Í hvorutveggja þessara prestakalla mundi þar af leiðandi einn prestur hafa ærið nóg að starfa og meira en í flestum öðrum prestaköllum landsins.

En það, sem þó gerir sundurskiftingu þessa prestakalls óhjákvæmilega, er samt sem áður ekki aðallega fólksfjöldinn í hvorri sókninni um sig, heldur hin afarhættulega og erfiða leið, sem er á milli þeirra og engan veginn er unt úr að bæta. Og með tilliti til þessa er það, að tveir nefndarmannanna (þm. Seyðf. og 5. landsk. þm.), sem báðir líta yfir höfuð svo á, að prestum ætti frekar að fækka en fjölga, geta þó verið sammála hinum þriðja nefndarmanni (1. þm. Rang.) um það, að leggja það til, að háttv. deild samþykki óbreytt frv. það, sem hjer ræðir um.

Alþingi, 7. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.	Jónas Jónsson.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.

Nd. **316. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 9. gr. stafl. a. Í stað »virðingarverði« í 1. málsgr. kemur: fasteignamatsverði.

   Í stað »virðingarverð eignarinnar óbættrar« og út þann staflið kemur: fasteignamatsverð eignarinnar óbættrar.

2. Við 11. gr. Greinin orðast svo:

   Í reglugerð má heimila, að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands, samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjelaganna.

3. Við 14. gr.

A. 2. málsgr. orðast svo:

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram, enda samþykki ráðherra söluverðið. Sömuleiðis má stjórn sjóðsins gefa út og selja fyrirfram vaxtabrjef fyrir alt að 500000 krónum, enda samþykki ráðherra söluna og upphæðina.

B. Síðasta málsgrein 14. gr. fellur niður.

Nd. **317. Breytingartillaga**

við brtt. IV. b. á þskj. 299. (Fjárlög).

Frá fjármálaráðherra.

Aftan við liðinn komi:

gegn því að stjórn Landsbankans gefi áveitufjelaginu eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925 og að skipulagi sje komið á fjárreiður áveitunnar.

Nd. **318. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 10. gr. I. 6. c. Nýr liður:

Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1916—1925	2500

Nd. **319. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um varalögreglu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frumvarp þetta. Einn nefndarmanna, að minsta kosti, aðhyllist að einhverju leyti frumvarpið, en meiri hlutinn ræður háttv. deild til að fella það.

Það er að sjálfsögðu alls enginn ágreiningur um það, að þjóðfjelaginu beri skylda til að halda uppi lögum og rjetti í landinu og að löggæslan þurfi að vera í góðu lagi. Ber þá að athuga, hvort nægilega sje sjeð fyrir löggæslunni samkvæmt núgildandi lögum, og ef svo er ekki, þá hvort og að hvað miklu leyti úr því yrði bætt með því að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir. Í lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, er þeim gefin heimild til að setja ákvæði í lögreglusamþyktum sínum um löggæslu og lögreglulið, og bæjunum veitt víðtæk heimild til að skipa löggæslunni eftir þörfum (sbr. 2. gr. b. í nefndum lögum). Þessa heimild hafa kaupstaðirnir notað á þann hátt, að ráða sumpart fasta lögregluþjóna til hinnar daglegu löggæslu og sumpart lagt borgurunum á herðar þá almennu skyldu, að aðstoða lögregluna þegar þurfa þykir, og eru allir skyldir að hlýða því (sbr. lögreglusamþykt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað 14. nóv. 1895, 9. gr., svo og samskonar samþyktir annara kaupstaða síðar). Er ekki annað vitanlegt en að aðstoð sú, sem lögreglan getur þannig fengið, hafi reynst fullnægjandi hingað til.

Hitt er annað mál, hvort hið fasta lögreglulið hafi annaðhvort algerlega eða á vissum tímum verið of fáment til að halda uppi hinni venjulegu löggæslu, svo að viðunandi sje, en úr því yrði ekki bætt með neinskonar ólaunaðri varalögreglu, heldur að eins með því að fjölga hinu fasta lögregluliði, svo sem t. d. að nokkru hefir verið gert í Reykjavík, eftir því sem bærinn stækkaði og þörfin fyrir aukna löggæslu varð brýnni. Væri ef til vill sanngjarnt, að ríkissjóður styrkti bæina að einhverju leyti með fjárframlagi til að auka löggæsluna, í notum þeirra starfa, sem lögreglan hefir á hendi fyrir ríkið, t. d. hvað tollgæslu snertir. En ólaunuð varalögregla gæti með engu móti haft þessi störf með höndum eða tekið þátt í daglegri löggæslu; en eins og áður er sagt, er hinni föstu lögreglu með núverandi skipulagi sjeð fyrir aðstoð, þegar sjerstaklega stendur á. Verður því að líta svo á, að stofnun sjerstakrar varalögreglu sje bæði óþörf og gagnslaus að því er þetta atriði snertir.

Í 2. gr. frv. er farið fram á, »að það skuli vera skylda hvers karlmanns, er til þess er fær á aldrinum frá tvítugu til fimtugs, að ganga í sveit varalögreglumanna, ef krafist er, og starfa þar án endurgjalds«.

Þessi skyldukvöð gæti valdið mikilli truflun á atvinnu þeirra manna, sem í varalögregluna yrðu kvaddir, þar sem þeir sennilega yrðu að verja allmiklum tíma til æfinga, og gæti það orðið sumum þeirra þung byrði. Auk þess er ranglátt að leggja slíka skyldukvöð á einstaka menn án endurgjalds. Kemur slíkt algerlega í bága við rjettlætistilfinningu þjóðarinnar. Má í þessu sambandi benda á þær undirtektir, sem tillaga um þegnskylduvinnu fjekk, þegar því máli var vísað til atkvæða þjóðarinnar. Átti þó þegnskylduvinnan að ganga jafnt yfir alla og miða að því að inna ýms nauðsynjaverk af hendi.

Yrði að því ráði horfið, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi það óhjákvæmilega hafa mikinn kostnaðarauka í för með sjer fyrir ríkissjóð. Það þyrfti að kaupa einkennisbúninga og »tæki« handa varalögreglumönnunum, launa yfirmönnum, kaupa eða leigja hús til æfinga, og þó varalögreglumenn-

irnir eigi að starfa kauplaust, þá yrði að sjálfsögðu að sjá þeim fyrir fæði og öðrum nauðsynjum, meðan á æfingum stæði og þegar lögreglusveitin væri að starfa. Þetta alt mundi kosta mikið fje, einkum ef sveitir þessar yrðu fjölmennar, og enginn vissa er fyrir, að svo verði ekki. En þótt nú þetta yrði í smáum stil fyrst í stað, t. d. 100 manna sveit í Reykjavík og 20 á Siglufirði o. s. frv, þá mundi kostnaðurinn samt verða töluverður, og verður að álíta, að því fje væri betur varið til annara farsællegri hluta, þar sem sýnilegt er, að slík varalögregla mundi heldur ekki koma að neinum verulegum notum.

Að endingu má geta þess, að eins og málið er fram borið og eftir þeim undirtektum að dæma, sem það hefir fengið nú þegar, sjerstaklega meðal verkamanna, má fyllilega búast við, að varalögreglan, komist hún á, verði óvinsæl frá byrjun og njóti ekki trausts almennings, en trausts og virðingar almennings þarf hver lögregla að njóta, til þess að starf hennar komi að tilætluðum notum.

Að öllum þessum ástæðum athuguðum verður meiri hluti nefndarinnar hiklaust að ráða hv. deild til að fella frv. þetta.

Alþingi, 7. apríl 1925.

Magnús Torfason,	Bernh. Stefánsson,	Jón Baldvinsson,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Ed. **320. Frumvarp**

til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Vestmannaeyjabæ land alt norðan við línu, sem dregin er úr mynninu á Kaplagjótu beint í húsið Brimhól, yfir Prestastein og þaðan á austurströnd Heimaeyjar, þar sem heitir Sigurðar-Ranka. Á alla aðra vegu ræður sjórinn takmörkum.

2. gr.

Þeir, sem hafa öðlast rjettindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, halda óskertum rjetti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rjetturinn með öðru móti niður fallinn.

3. gr.

Land það, er Vestmannaeyjabær eignast samkvæmt 1. gr., má aldrei selja eða afhenda einstökum mönnum eða fjelögum til eignar.

4. gr.

Söluverðið ákveðst eftir mati þriggja dómkvaddra, óvilhallra manna, sem búsettir eru utan Vestmannaeyja.

Að öðru leyti sje við matið farið eftir ákvæðum 7. gr. laga nr. 31, 20. okt. 1905.

Söluverðið greiðist að fullu á fjörutíu árum, og skal bæjarstjórn Vestmannaeyja gefa út 5% handhafaskuldabrjef fyrir söluverðinu.

Aðra söluskilmála ákveður ríkisstjórnin.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **321. Lög**

um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

Á eftir »akkerisvindum« í 2. lið 1. greinar laganna bætist: netum, lóðarbelgjum, önglum, öngultaumum, blásteini, bjarghringjum, björgunarbeltum, barkalit, botnrúllum, söltuðum húðum, körfum til uppskipunar, girðinganetum, hampi, garni til fiskumbúða, botnvörpuhlerum og efni í þá, skipaskrúfum (úr járni), bátsuglum (Davider), togvindum (trawlwinch), veiðarfæralásum allskonar, botnrúllukeðjum, stýriskeðjum, blýlóðum, mómylsnu, glaubersalti, steinmulningi.

Ed. **322. Lög**

um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningar nefnda, ef að minsta kosti 3 bæjarfulltrúar krefjast þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur bæjarstjórnin þá samþykt að láta fara fram að nýju kosningar í allar fastanefndir.

Ed. **323. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1926.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1926 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	30000	
			1045000
4.	Aukatekjur	300000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	250000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
	Flyt ...	895000	1045000

	kr.	kr.
Flutt ...	895000	1045000
9. Skólagjöld	20000	
10. Bifreiðaskattur	22000	
		937000
11. Útflutningsgjald		800000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13. Tóbakstollur	450000	
14. Kaffi- og sykurtollur	950000	
15. Annað aðflutningsgjald	115000	
16. Vörutollur	1350000	
17. Verðtollur	800000	
		4165000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		15000
19. Pósttekjur	350000	
20. Símatekjur	1150000	
		1500000
21. Víneinkasala	375000	
22. Tóbakseinkasala	275000	
23. Steinolíueinkasala.	60000	
		710000
Samtals ...		9172000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		33000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		15000
Samtals ...	... ...	48100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		55000
5. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
7. Aðrir vextir		20000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1926 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	234776	
2. Dönsk lán, danskar kr. 257442 á 1/10	283186	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8781 : 8 á 28/00	245879	
4. Lausaskuldir	267500	
		1031341
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Dönsk lán, danskar kr. 542349 á 1/10	596584	
3. Enska lánið 1921, £ 1827 : 5 : 4 á 28/00	53163	
4. Lausaskuldir	600000	
		1507147
III. Framlag til Landsbankans, 13. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2638488

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu	4000	
			34000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		82280
4.	Annar kostnaður		18000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.		27000
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	10000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200	
			12100
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000
			182380
II.	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra		8700
2.	Laun aðstoðarmanns		5600
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000
4.	Prentun eyðublaða		2000
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16300
7.	Til að gefa út manntalið 1703		1000
			49600
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðsskrifstofu í Kaupmannahöfn		17000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		1500
			34500
	Samtals ...	... ...	266480

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	53650	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		55650
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151220
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27168	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		34908
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	23300	
b. Laun 3 tollvarða...	14300	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1300	
e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
		52400
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		84000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði		150000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals ...	... ...	607678

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
Samtals ...	... ...	125000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		285000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn... ... ... Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.		6000
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta bjeraðslækna		1500
5. Styrkur til íbúa Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, alt að		3000
6. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		2000
7. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið á		
Flutt ...	1000	299500

		kr.	kr.
	Flutt ..	1000	299500
	helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
			1500
8.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
9.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
10.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
11.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
12.	Til Jóns læknis Kristjánssonar, ferðastyrkur		1500
13.	Til Ólafs Ó. Lárussonar læknis, ferðastyrkur		1000
14.	Til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans		2000
15.	Holdsveikraspítalinn		82120
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 2500		
	4. Meðul og sáraumbúðir 2000		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3000		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		73420	
		82120	
	Flyt ...	... ...	403120

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	403120
16. Geðveikrahælið á Kleppi			69175
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	14500		
2. Viðurværi 94 manna (ca. 150 a. á dag)	52000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	6300		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		101800	
		109500	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	69175	
17. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			19560
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi	136000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	6000		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	12000		
Flyt ...	238000	7700	491855

		kr.	kr.
Flyt ...	238000	7700	491855
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		246000	
		253700	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
Mismunur ...		19560	
18. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík ... ... enda gangi alt það fje, er safnast hefir í landsspítalasjóð, nema fje minningargjafasjóðs, til byggingarinnar, jafnótt og þörf krefur, og skal byrjað á byggingunni fyrir það fje á árinu 1925. Gert er ráð fyrir, að byggingin kosti ekki meira en 1 miljón króna, fullgerð að öllu, enda hagað í aðalatriðum eftir síðari teikningu húsameistara ríkisins.		100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
c. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (lokaveiting) alt að		25000	
d. Til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási		5000	
e. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		24000	
f. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Fyrri fjárveiting ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu, og að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að.		75000	
Flyt ...		244000	491855

		kr.	kr.
	Flutt ...	244000	491855
g.	Bólusetningarkostnaður	2500	
h.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
i.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	4000	
j.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
k.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
l.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
m.	Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	2500	
n.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1800	
p.	Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
			281800
19.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
	Samtals ...	... ...	800655

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Póstmál.		
1.	Laun:		
a.	Eftir launalögum	90366	
b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	71000	
c.	Brjefhirðingamenn	21000	
			182366
	Flyt ...	... ...	182366

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	182366
2. Póstflutningur		160000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	8000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	11000	
d. Önnur gjöld	46000	
		85000
		427366
B.		
Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra	8700	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	5000	
5. Skrifstofukostnaður, alt að	5500	
		28620
II. Þjóðvegir:		
Til nýrra akvega:		
1. Kjalarnesvegur	8000	
2. Hvítárbraut	20000	
3. Miðfjarðarbraut	20000	
4. Sauðárkróksbraut	20000	
5. Þelamerkurvegur	10000	
6. Vallavegur	10000	
7. Hróarstunguvegur	15000	
8. Vaðlaheiðarvegur	18000	
		121000
III. Þjóðvegir:		
Viðhald og umbætur		180000
IV. Til brúargerða samkvæmt brúalögum		90000
V. Til slitlags á akvegum		22000
VI. Fjallvegir		6000
Flyt ...	... ...	447620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	447620
VII.	1. Til áhalda, alt að	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
VIII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	15000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 9, 1923	10000	
			25000
IX.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
X.	Til ferju á Hornafirði		300
XI.	Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		2000
	Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		
XII.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn:		
	1. Á Tvískerjum	600	
	2. Í Fornahvammi	700	
	3. Á Hrauntanga	600	
	4. Í Bakkaseli	700	
	5. Á Kleppstöðum	200	
	6. Í Ytri Kotum	200	
	7. Á Arngerðareyri	400	
			3400
	C.		494520
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Esju	150000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	45000	
			195000
	Flyt ...	... ...	195000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	195000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		87000
		282000
D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		23000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
III. a. Til nýrra símalagninga	100000	
b. Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi	3000	
		103000
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	290000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	11000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24000	
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	11000	
Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn.		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	100000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	6000	
10. Símastöðin á Borðeyri	7000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	5000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	7000	
13. Símastöðin á Siglufirði	4500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000	
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3000	
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	2500	
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu	2000	
18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva... ...	85000	
Flyt ...	583000	151000

	kr.	kr.
Flutt ...	583000	151000
19. Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að..	10500	
20. Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
		594700
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		30000
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		35000
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		7000
VIII. Viðhald landssímanna		130000
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
		949200
E.		
Vitamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1. Laun vitamálastjóra	8700	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2. Til verkfróðrar aðstoðar	5920	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
		20120
II. Til þess að reisa nýja vita		50000
III. Laun vitavarða..		21050
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
IV. Til þess að kaupa hús og lóð við Garðskagavita...		2250
V. Rekstrarkostnaður vitanna		60000
VI. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		15000
VII. Ýmislegt		8000
Samtals ...	... ...	176420

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	306	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49, 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	24000	
7. Styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum	5000	
		313056
		324556
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt, þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið á háskólanum.		
e. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	128000	.. ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	128000	... ...
f.	Til kensluáhalda læknadeildar	500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors	1600	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4500	
i.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 3000		
	———	6900	
II.	Námsstyrkur erlendis:		141500
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 1—3 ár.	18800	
b.	Viðbót við styrkinn fyrir 1925...	7800	
c.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
III.	Mentaskólinn almenni:		29100
a.	Laun	86400	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. — skólahússins utan og innan ... 3500		
	Flyt ... 9900	86400	170600

		kr.	kr.
Flutt ...	9900	86400	170600
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	20500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	100		
		39800	
			126200

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		27840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og tímakenslu ...	8000		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til eldiviðar og ljósa	7000		
4. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
6. Til vatnssalerna og fráræslu... ...	6700		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		28800	
			56640
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17800	
Flyt ...		17800	353440

		kr.	kr.
	Flutt ...	17800	353440
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til girðingar og lagfæringar á lóð skólans..	5000		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		17000	
			34800
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		16960	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
		9800	
			26760
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		11200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	900		
2. Húsnæði	1800		
3. Ljós og hiti	1700		
4. Ýms kostnaður	1600		
5. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		8800	
			20000
Við skólana undir liðunum III. – VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skóla-			
	Flyt ...	... ...	435000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	435000
gjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda. 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 5000			
	10500		
		22980	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	7500		
		18400	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	41380	435000

			kr.	kr.
		Flutt ...	41380	435000
3.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
	a. Laun	11200		
	b. Til aðstoðarkenslu	600		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til búnaðarnáms ...	600		
	2. Til kensluáhalda.. ...	500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
	4. Ýmisleg gjöld	3000		
		8100		
			19900	
4.	Til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum ...		56000	
				117280
IX.	Iðnfræðsla:			
a.	Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6600	
b.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
c.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
				7600
X.	Verslunarskólar:			
a.	Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar		6000	
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..		6000	
				12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:			
1.	Laun forstöðumanns		1000	
2.	Til verklegrar kenslu:			
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík	900		
b.	Annar kostnaður, alt að	400		
			1300	
		Flyt ...	2300	571880

		kr.	kr.
	Flutt ...	2300	571880
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 2000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		27000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		17000	
			44000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9900	
2.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	315000	
3.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	2500	
			336400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	38000	
	Flyt ...	38000	963860

		kr.	kr.
	Flutt ...	38000	963860
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2.	Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_3$ kostnaðar	20000	
	Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
3.	Til að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
4.	Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5.	Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
6.	Til fulltrúaráðs verkalýðsfjelaganna í Reykjavík til kvöldskóla verkamanna	400	
XV.	Húsmæðrafræðsla:		78400
	Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		2000
	Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
XVI.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
	Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII.	Sundkensla o. fl.:		
1.	Til sundkenslu í Reykjavík	300	
	Flyt ...	300	1057260

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1057260
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær hjeraðseign og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	1000	
		5800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		2000
Samtals ...	... ...	1065060

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21800	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 3000 kr., með verðstuðulsuppbót	4800	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
f. Til ritaukaskrár	800	
Flyt ...	43400	

	kr.	kr.
Flutt ...	43400	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
h. Húsaleiga	500	
i. Ýmisleg gjöld	700	
		44960
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	7200	
b. Til að binda inn og búa um skjöl	3000	
		10200
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1600	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 4 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13000
4. Náttúrufræðifjelagið		1600
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		10000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3600
11. Til Þjóðvinafjelagsins		1000
Flyt ...	... ...	92060

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	92060
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		3000
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2500
15.	Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands«		1500
16.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
17.	a. Styrkur til skálda og listamanna	8000	
	b. Til Guðmundar Friðjónssonar	1200	
	c. Til Jakobs Thorarensens	1000	
	d. Til Stefáns frá Hvítadal	1500	
	e. Til Halldórs Kiljan Laxness	1500	
	f. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	g. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
	h. Til þess að kaupa listaverk.	3000	
			22400
18.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
19.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli		1200
20.	Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót og 4500 kr. til ritlauna.		12200
21.	Til Eggerts Eiríkssonar (Briems) frá Viðey, styrkur til útgáfu ritgerðar um Alþingi hið forna		1000
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		2000
23.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3200
24.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
	Flyt ...	7700	153060

	kr.	kr.
Flutt ...	7700	153060
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
		9200
25. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
26. Til dr. Helga Pjeturss		5000
27. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
28. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
29. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
30. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
31. Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
32. Til veðurathugana og veðurskeyta		40000
33. Til Íþróttasambands Íslands		2000
34. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
35. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.	7700	
b. Til sama, til aðstoðar	1500	
		9200
36. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, lokagreiðsla		2500
37. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
38. Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku		1000
39. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
Samtals ...	... ...	236760

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		18000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		10000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
5. Til Skeiðaáveitunnar:		
a. Til flóðgarðahleðslu, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, alt að	8000	
b. Upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 1. greiðsla gegn því, að stjórn Landsbankans gefi áveitufjelaginu eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925, og að skipulagi sje komið á fjárreiður áveitunnar.	6000	
		14000
6. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
7. Til skógræktar:		
a. Laun	12960	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	11000	
		23960
8. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		
		22380
9. Til fjárkláðalækninga		10000
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
Flyt ...	5600	353340

		kr.	kr.
	Flutt ...	5600	353340
	b. Húsaleiga	1000	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
			8000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Skutilsfjarðareyri, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	c. 4 síldarmatsmanna	10240	
	d. 4 ullarmatsmanna	2560	
	e. 5 kjötmatsmanna...	4800	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			53000
15.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		6000
16.	Til bryggjugerðar og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun...		20000
17.	Til hafnarbóta í Ólafsvík, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000
18.	Til lendingarbóta í Grindavík		10000
19.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		10000
20.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
21.	Til gerlarannsókna		2000
22.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		5200
	Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		
23.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
24.	Til Þórdísar Ólafsdóttir á Fellsenda í Dalasýslu,		
	Flyt ...	... ...	565540

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	565540
	styrkur til skólahalds í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna		500
	Skal leggja áherslu á þær greinir, sem hjer hafa verið stundaðar fyr á öldum, svo sem knipling, flosvefnað, glitvefnað o. fl., sem nú er að miklu gleymt og lagt á hilluna.		
25.	Til sambands norðlenskra kvenna		500
26.	Til Bandalags kvenna		500
27.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
28.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		1800
	Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
29.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
30.	Laun húsagerðarmeistara		8300
31.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót	5600	
	enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.		
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje	1200	
			6800
32.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		35000
33.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1200
34.	Til þess að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar, alt að		1000
35.	Til vatnsrenslismælinga		2000
36.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		5000
37.	Til Lofts Guðmundssonar, fyrir kvikmyndatöku ...		3000
38.	Til Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi í verkfræði		1500
39.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs, upp í tap við umbúðasmíði undanfarin tvö ár		500
40.	Til Lúðvíks Jónssonar, til að endurbæta jarðyrkju-		
	Flyt ...	... ...	639940

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	639940
verkfæri þau, er hann hefir smíða látið, enda sanni hann fyrir stjórninni, að hann hafi að öðru leyti fje, sem þarf til endurbótanna.		5000
41. Til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Snæfellsnes- og Dalasýslna		6000
Samtals ...	... .	650940

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		300000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
5. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
6. Til slysatryggingar sjómanna		14000
7. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8. Til bjargráðasjóðs		24000
9. Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
10. Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
Samtals ...	... ..	459200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27168,95	
	b. Embættismannaekkjur og börn	15794,89	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5936,68	
	e. Lífeyrir fyrv. skrifstofustjóra Einars Þorkelssonar	2500	
			52035,80
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
	6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar 3000,00		
		5859,87	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Theodóru Thoroddsen 800		
	5. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	6. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	7. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	8. — Sigríðar Finnbogadóttur ... ... 800 enda verði afritasafn dr. Jóns Þorkelssonar eign Þjóðskjalasafnsins.		
	9. — Ágústu Jóhannsdóttur. 300		
		3675	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
	4. — Sig. prófasts Gunnarssonnr 662,25		
		2267,25	
	Flyt ...	11802,12	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	11802,12	52035,80
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20. — Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
25. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
		7374,97	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — 2 barna hennar	150,00		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300,00		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
5. — Hjartar Snorrasonar	500,00		
Flyt ...	1610,00	19177,09	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ... 1610,00	19177,09	52035,80
6.	Til Magnúsar Einarssonar 500,00		
7.	— Elínar Briem Jónsson 300,00		
8.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur 300,00		
9.	— 1 barns hennar 33,33		
10.	— Steinunnar Frímannsdóttur ... 450,00		
11.	— Þórunnar Stefánsdóttur 400,00		
12.	— Guðmundar Björnssonar 150,00		
13.	— Elísabetar Jónsdóttur 300,00		
		4043,33	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Árna Gíslasonar 300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
3.	— Böðvars Jónssonar 200		
4.	— Hallgríms Krákssonar 200		
5.	— Jóhanns Jónssonar 200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
7.	— Daníels Jónssonar 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 200		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri 200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
17.	— Friðriks Klemenssonar 1000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar 200		
		6300	
g.	Ritböfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 300		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
		10000	
	Flyt ...	39520,42	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	39520,42	52035,80
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	475,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 3 barna hennar	300,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	266,67		
		2441,67	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eirikssonar fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	600		
5. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
6. — Páls Erlingssonar	800		
7. — Erlends Zakaríassonar	300		
8. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
9. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
10. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
11. — Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar...	400		
12. — Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar...	300		
13. — Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300		
14. — Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
15. — Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
Flyt ...	6100	41962,09	52035,80

		kr.	kr.
Flutt ...	6100	41962,09	52035,80
16. Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
		6400	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...		1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds		1000	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			53562,09
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			60238,74
Samtals ...		... ...	165836,63

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð er stjórninni heimilt að greiða Grímsneshreppi í Árnessýslu alt að 2500 kr. í skaðabætur fyrir tjón af síldarkaupum hreppsins 1920, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóði Árnessýslu.

20. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1926 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.			kr.	2638488.00
——	8. —			—	60000.00
——	9. —			—	199800.00
——	10. —			—	266480.00
——	11. — A.	kr.	607678		
——	11. — B.	—	125000		
				—	732678.00
——	12. —			—	800655.00
——	13. — A.	kr.	427366		
	Flyt ...	kr.	427366	kr.	4698101.00

	Flutt ...	kr.	427366	kr.	4698101.00	
Samkvæmt	13. gr. B.	—	494520			
——	13. — C.	—	282000			
——	13. — D.	—	949200			
——	13. — E.	—	176420			
				—	2329506.00	
——	14. — A.	kr.	324556			
——	14. — B.	—	1065060			
				—	1389616.00	
——	15. —			—	236760.00	
——	16. —			—	650940.00	
——	17. —			—	459200.00	
——	18. —			—	165836.63	
——	19. —			—	100000.00	
——	20. —			—	4000.00	
						kr. 10033959.63
En tekjur eru áætlaðar:						
Samkvæmt	2. gr.			kr.	9172000.00	
——	3. —			—	48100.00	
——	4. —			—	230000.00	
——	5. —			—	227000.00	
					—	9677100.00
					Tekjuhalli kr.	356859.63

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100000 kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í

16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 6000 kr. til Síðuhjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns frá 1921 ávaxtast og endurborgast með 6% árlega á 40 árum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða tjón það, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1925, miðað við verð það, sem framleiðendur fá á útflutningshöfn. Enn fremur halla þann, er verða kann á því að taka skip á leigu til útflutningsins. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1926, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að veita h/f Hvítárbakka eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að upphæð kr. 18666,66, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðseign.
II. Að gefa mötuneyti Kennaraskólans eftir 3000 kr. lán, er því var veitt úr viðlagasjóði 1923, gegn því, að búsáhöld mötuneytisins verði eign skólans.
III. Að gefa Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu upp viðlagasjóðslán, að upphæð 16 þús. kr., enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík.

IV. Að ábyrgjast alt að 150 þús. kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað til hafnarbóta, gegn tryggingu, er stjórnin telur gilda.

V. Að ábyrgjast alt að 30 þús. kr. lán fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga, gegn tryggingu, er stjórnin telur gilda.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **324. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar.

Frá Hirti Snorrasyni, Einari Árnasyni og Halldóri Steinssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Hæstirjettur dómkveður 3 óvilhalla menn, sem búsettir eru utan Vestmannaeyja, til að meta til verðs lóðir þær og lendur, sem ræðir um í 1. grein. Matsgerðina skal svo ríkisstjórnin, ásamt tillögum sínum, leggja fyrir Alþingi til fullnaðarúrslita.

Söluverðið greiðist að fullu á fjörutíu árum, og skal bæjarstjórn Vestmannaeyja gefa út 5% handhafaskuldabrjef fyrir söluverðinu.

Aðra söluskilmála ákveður ríkisstjórnin.

Nd. **325. Tillaga**

til þingsályktunar um að fresta veitingu nokkurra embætta.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti, ef losna, sem hjer verða talin á eftir, fyr en Alþingi hefir gefist kostur á að kveða á um, hvort þau skuli lögð niður eða sameinuð öðrum: Sýslumannsembættin í Snæfellsnes-, Dala-, Barðastrandar-, Stranda-, Eyjafjarðar-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum og lögreglustjóraembættið á Siglufirði, landlæknis- og bæjarlæknisembættið í Reykjavík, aðstoðarverkfræðinga-

embættin hjá vegamála- og vitamálastjóra, skógræktarstjóraembættið, prófessorsembætti í guðfræði og dósentsembættið í grísku við háskólann, fræðslumálastjóra- og bankaeftirlitsmannsembættin.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa verið gerðar margar tilraunir til að fækka embættismönnum ríkisins, en lítið á unnist. Ein höfuðástæðan gegn fækkuninni hefir oft verið sú, að maður væri fyrir í embættinu, sem ekki mætti kasta út á kaldan klaka. Tilgangur tillögunnar er sá, að Alþingi geti gefist kostur á að kveða á um niðurlagning embættanna, er þau eru laus, og eru í henni talin flest þau embætti, sem talið hefir verið fært að leggja niður eða sameina öðrum.

Nd. **326. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Jakob Möller.

Við 8. gr. Fyrsta málsgrein greinarinnar orðist svo:

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og til húsagerðar á býlum í sveitum.

Ed **327. Breytingartillaga**

við frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Við 1. gr. Fyrir »4« kemur: 6.

Ed. **328. Nefndarálit**

um frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »af öllum« í upphafi greinarinnar komi: útmældum.
2. — 2. — a. Á eftir orðunum »sem hefir fasteignirnar á leigu« komi: eða til afnota.
   b. Fyrir »með 4%« komi: gegn 4%.
   c. Fyrir »1925« komi: 1926.
3. — 3. — Greinin orðist svo:
   Skattinum skal varið til vörslu og umbóta verslunarlóðarinnar, enda skal viðhald varnargarða lóðarinnar eftirleiðis hvíla á bæjarsjóði.
4. — 4. — Greinin fellur niður.

Alþingi, 14. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.
Eggert Pálsson, fundaskr.

Jónas Jónsson, frsm.

Nd. **329. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar eftir tillögum bankastjórna Landsbankans og Íslandsbanka og stjórnar Fiskifjelags Íslands. Fiskifulltrúann skal skipa til 5 ára.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Árslaun fiskifulltrúans skulu vera 12000 krónur, að viðbættri uppbót, er Alþingi ákveður til eins árs í senn, að fengnum tillögum bankastjórnanna. Sá hlutinn, sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn upp í fjárlög. Ferðakostnaður greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum og launin.

Ed. **330. Nefndarálit**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1925.

Jónas Jónsson.

Nd. **331. Nefndarálit**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og jafnframt hefir nefndin athugað þær leiðir aðrar, sem til mála gætu komið til þess að ná þeim tekjum, sem með þessu frv. er ætlað að ná, m. a. tillögur nefndarinnar, sem Búnaðarfjel. Íslands skipaði, og bornar eru fram í frv. um Ræktunarsjóð hinn nýja (þskj. 45), og sömuleiðis tillögu frá þm. Str. (Tr. Þ.), sem fram kom við 2. umr. frv. um Ræktunarsjóð Íslands (þskj 275, tölul. 3).

Enda þótt nefndin sje ekki allskostar ánægð nje ásátt um frv. þetta, þá telur hún það þó líklegustu og annmarkaminstu leiðina til að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem þarf til að inna af hendi framlagið til Ræktunarsjóðs (sbr. frv. um Ræktunarsjóð Íslands, 2. gr. tölul. 4, síðustu málsgrein, þskj. 298), og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Tveir nefndarmenn (B. L. og Jak. M.) áskilja sjer þó óbundnar hendur um frv.

Það leiðir af sjálfu sjer, að nefndin mælir því að eins með því, að frv. verði samþ., að frv. um Ræktunarsjóð Íslands nái að verða að lögum.

Alþingi, 11. apríl 1925.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskr.	Halldór Stefánsson, frsm.
Sveinn Ólafsson.	Björn Líndal, með fyrirvara.	Magnús Jónsson.

Jakob Möller,
með skírskotun til ofanritaðrar athugasemdar.

Nd. **332. Lög**

um breytingu á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902. *[Sóttvarnalög].*

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

6. gr. laga nr. 34 frá 1902 skal orða þannig:

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir alt landið, er sje jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sje til taks.

Bæjarlæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema heilbrigðisstjórnin skipi til þess annan lækni.

Heilbrigðisstjórnin setur reglur um afnot þessa sóttvarnarhúss.

2. gr.

Síðari málsgrein 12. gr. skal orða þannig:

Sje aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3, má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sje til neytt.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gefa út afsal til hlutaðeigandi kaupstaða fyrir sóttvarnarhúsunum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, án þess nokkuð endurgjald komi fyrir þau, með þeim skilyrðum, að á Ísafirði verði settur í nýja spítalann sótthreinsunarofn, er sje fullnægjandi að áliti landlæknis, að á Akureyri verði sóttvarnarhúsið haft fyrir farsóttahús, og að á Seyðisfirði verði andvirði fyrir sóttvarnarhúsið varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.

Nd. **333. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Upphaf 1. gr. skal orða svo:

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja o. s. frv.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot samkvæmt þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í

landhelgi í því skyni að koma því, beinlínis eða fyrir milligöngu annara, hjer á land eða til sölu eða neyslu í landhelgi eða í íslenskt skip til sölu eða neyslu. En landhelgi telst 4 sjómílur í haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landsmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Aftan við 6. málsgr. 5. gr. bætist: en farþegar á farangri sínum.
Síðasta málsgr. sömu greinar falli niður.

3. gr.

7. gr. skal orða svo:

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

4. gr.

Orðin »og 10« í 8. gr. falli niður.

5. gr.

2. málsgr. 9. gr. skal orða þannig:

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna (sbr. þó 18. gr.), en þó aldrei oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur aðeins til lækninga.

6. gr.

10. gr. falli niður.

7. gr.

14. gr. skal orða svo:

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni 500—5000 krónum.
Öðru sinni 1000—10000 krónum.
Þriðja sinni og oftar 2000—20000 krónum.

Auk þess skal sökunautur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Nú flytur skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, og skal skip þá gert upptækt með dómi til handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, enda má kyrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

2. Ef áfengi er ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, þá varðar það sektum, frá 100—2000 krónum.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

8. gr.

1. málsgr. 15. gr. skal orða svo:

Nú skýrir skipstjóri lögreglustjóra eða umboðsmanni hans rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—2000 krónur, enda liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagafyrirmælum. Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði eins og segir í síðustu málsgrein 1. tölul. 14. gr.

3. málsgr. sömu greinar skal orða svo:

Ef nokkur brýtur oftar ákvæði þessarar greinar, eða gerir sjer sölu eða veitingar áfengra drykkja að atvinnu, þá varðar það, auk sekta samkvæmt 2. málsgr., fangelsi, ekki skemra en 1 mánuð, eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Síðustu málsgr. sömu greinar skal orða svo:

Afgreiðslumanni lyfsala eða hjeraðslæknis liggur sama hegning við, ef hann afhendir áfengi án lyfseðils, oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli eða lyfseðli læknis, er sviftur hefir verið heimild til að láta áfengislyfseðla af hendi samkvæmt 18. gr., eða eftir lyfseðli, sem ekki er að öllu leyti samkvæmur þeim reglum, er í 2. málsgr. 9. gr. segir.

Ef lyfsali sjálfur eða forstöðumaður lyfjabúðar eða hjeraðslæknir brýtur með þeim hætti, sem í næstu málsgr. hjer á undan segir, þá varðar það sektum, 200—5000 krónum. Ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar verður tvisvar sannur að þessum brotum, eða einhverju þeirra, eða ef ofannefndir þjónar hans verða það, sami maður þrisvar sinnum í þjónustu hans, þá getur dómsmálaráðherra svift hann lyfsöluleyfi eða rjetti til að standa fyrir lyfjabúð.

Lyfsali og hjeraðslæknir ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er þjónn hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, enda má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

9. gr.

18. gr. skal orða svo:

Nú lætur læknir áfengi af hendi án þess að hann hafi fullvissað sig um þörf beiðanda á því til lækninga, eða læknir brýtur reglur þær, sem settar eru eða settar verða samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., og skal hann þá sæta sektum, fyrsta skifti 200—5000 krónum, og tvöfaldri sekt, ef brot verður ítrekað. Nú verður læknir þrisvar sinnum sannur að sök um þessi brot, og skal þá svifta hann með dómi heimild til þess að gefa út seðla á áfengi eða láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Dómsmálaráðherra getur sett, með ráði landlæknis, nánari reglur um þetta atriði.

10. gr.

Eftir 18. gr. komi ný grein, er verði 19. gr. — greinatalan breytist samkvæmt því — svo látandi:

19. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum eða hótunum eða ráðum sínum, að brot á lögum þessum verði framið, enda verði hann ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, eða veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, sæti sektum, frá 50—5000 krónum. Ef brot er ítrekað eða ef miklar sakir eru, skal, auk sekta, dæma sökunaut í fangelsi, eða, ef mjög miklar sakir eru, í alt að 1 árs hegningarvinnu.

11. gr.

19. gr., er verður 20. gr., skal orða svo:

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því að eins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim, enda gangi málskostnaður fyrir.

12. gr.

20. gr., er verður 21. gr., skal orða svo:

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., skal fara að hætti almennra lögreglumála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Þau brot, sem framin eru fyrir þann tíma, skal dæma eftir þessum lögum, ef úrslitin verða sökunaut vægari, en ella eftir eldri lögum.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 91, 14. nóv. 1917, og gefur konungur þau lög þannig breytt út sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

Nd. **334. Frumvarp**

til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 320, með breytingunni á þskj. 324.

Ed. **335. Lög**

um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögum þar til kvaddrar nefndar, styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, alt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn. Nefndina skipa 3 menn, rektor mentaskólans og 2 menn aðrir, og sje annar kosinn af háskólaráði, en hinn af stúdentaráðinu; skulu þeir kosnir til tveggja ára, og ganga þeir úr nefndinni sitt árið hvor, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

2. gr.

Styrkurinn veitist til 4 ára, alt að 1200 kr. á ári, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, er segir í lögum þessum og sett kunna að verða í reglugerð eða á annan hátt af ráðherra.

3. gr.

Styrkurinn skal að jafnaði veittur þeim stúdentum einum, er lokið hafa stúdentsprófi á því ári, er styrkurinn er veittur.

Styrkinn má að eins veita reglusömum og ástundunarsömum stúdentum, og að öðru jöfnu skulu þeir stúdentar ganga fyrir, er mest þarfnastjstyrks fyrir fátæktar sakir.

Að öðru leyti setur ráðherra reglur um styrkveitingar þessar, svo sem um það, hvernig umsóknum um styrkinn skuli hagað, hverjar sönnur stúdentar skuli færa á það, að þeir noti vel styrkinn; ennfremur um það, fyrir hverjar sakir þeir missi styrkinn, og þesskonar.

Nd. **336 Breytingartillaga**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 32. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er stjórn Ræktunarsjóðsins að lána Búnaðarfjelagi Íslands til að koma upp fjórum tilraunabúum, einu í hverjum landsfjórðungi, alt að 100 þúsund krónum handa hverju búi. Má lánstíminn vera alt að 40 árum og vextir alt að 2% lægri en venjuleg vaxtakjör á útlánsfje Ræktunarsjóðsins.

Ed. **337. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Aftan við 2. lið bætist þessi málsgrein:

Þó má ekki byrja á byggingunni fyr en bæjarstjórn Reykjavíkur hefir heitið landsstjórninni að fá vatn úr Laugunum til að hita spítalann endurgjaldslaust, gegn því að landið greiði hlutfallslega kostnað við leiðsluna heim til bæjarins.

Nd. **338. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

   Vaxtabrjef fyrsta flokks skulu vera skattfrjáls. Þau og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetningu og löghaldi og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda, eða löglegra handhafa, verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.
2. Við 28. gr. Í stað orðanna í fyrstu málsgrein: »skal að . . . . . á landbúnaði« komi:

   Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, samkvæmt tillögum Búnaðarþings, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis.
3. Aftan við frumvarpið bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þangað til Búnaðarþing kemur saman, skulu gæslustjórar settir samkvæmt tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands.

Nd. **339. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 13. gr.

Fyrir »20 ára« í d-lið komi: alt að 30 árum.

Ed. **340. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er enginn nýr gestur hjer í háttv. deild. Það barst hingað á síðasta þingi, eins og nú, frá háttv. Nd., og alveg í sama búningi og það nú hefir. En þá var frumvarpið felt hjer þegar í stað frá 2. umræðu með 10 atkv. gegn 1.

Í greinargerð frumvarpsins stendur, að það hafi þá verið felt hjer »athugunarlítið«. Og mun það frekar eiga að skiljast svo, að frumvarpið hafi verið felt hjer umræðu- og nefndarlaust heldur en á þann hátt, að hverjum einstökum þingmanni, sem greiddi atkvæði á móti frumvarpi þessu, hafi ekki verið fullkomlega ljóst, hvað hann með því gerði.

Nú í þetta sinn hefir háttv. deild vísað máli þessu til allsherjarnefndar. Hefir hún athugað frumvarpið og plögg þau, sem því fylgdu, eftir föngum. En við þá sjerstöku athugun hefir meiri hluti nefndarinnar alls ekki getað sannfærst um rjettmæti frumvarpsins, enda ekki um að ræða nein ný gögn, er fram hafi komið frá því í fyrra. Meiri hluti nefndarinnar leggur þess vegna til við háttv. deild, að hún geri frumvarpi þessu sömu skil og á síðasta þingi, eða með öðrum orðum felli það.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.

Nd. **341. Frumvarp**

til laga um íslenskt ríkishappdrætti.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson og Sigurjón Jónsson.

1. gr.

Setja skal á stofn íslenskt ríkishappdrætti. Í því skulu vera 25000 hlutir í 10 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks

í marsmánuði og tíunda flokks í desembermánuði. Vinningar í öllum 10 flokkum samtals skulu vera 5000 að tölu og 1125000 kr. að fjárupphæð, en verð á heilum hlut í öllum 10 flokkum skal vera 60 krónur, 6 kr. í hverjum flokki. Af fje því, sem inn kemur, ganga alt að 25% til ágóðabluta ríkissjóðs, borgunar útsölumanna og rekstrarkostnaðar. Hlutamiðar skulu vera tölusettir 1—25000 og gefnir út heilir og hálfir, en þó er fjármálaráðherra heimilt að gefa út hlutamiða, sem skift er í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sje hentugra. Drættir fara fram í Reykjavík undir stjórn og umsjón happdrættisnefndar, sem ráðherra skipar, og hefir hún æðsta úrskurðarvald í öllum deilu- og vafamálum, er rísa út af dráttunum.

2. gr.

Frá því er ríkishappdrættið tekur til starfa, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hjer á landi, svo og að versla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkunum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfjelag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verslun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

4. gr.

Aðalskrifstofa happdrættisins skal vera í Reykjavík, og skipar ráðherra forstjóra og ákveður honum laun með samningi. Auk þess skal ráðherra skipa, eftir tillögum forstjóra, 1 fulltrúa og 1 aðstoðarmann, en forstjóri ræður skrifara eftir þörfum, með samþykki ráðherra.

5. gr.

Af hverjum hlutamiða skal greiða stimpilgjald, að upphæð kr. 5,00 í öllum flokkum af heilum miða og kr. 2,50 af hálfum miða, eða kr. 0,50 í hverjum flokki af heilum miða og kr. 0,25 af hálfum miða, og rennur það gjald í ríkissjóð.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926, og skal fyrsti dráttur fara fram í marsmánuði það ár.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borin fram tillaga til þingsályktunar um að rannsaka og undirbúa innlent happdrætti, og var þeirri tillögu vísað til stjórnarinnar. Þá hafa tvívegis komið fram á Alþingi frumvörp um að heimila mönnum að setja upp peningahappdrætti. Sýnir þetta, að happdrættishugmyndin hefir gert nokkuð vart við sig. Stjórnin hefir fengið allítarlegar tillögur og greinargerð um það, hvernig haga mætti innlendu ríkishappdrætti, og er þetta frumvarp, sem hjer er borið fram, bygt á þeim skýrslum, og sömuleiðis flest það, sem hjer verður á eftir skýrt frá.

Happdrætti munu vera rekin meira og minna, bæði af ríkjum og einstökum mönnum eða fjelögum, sem fengið hafa til þess sjerleyfi, í flestum löndum Norðurálfunnar, nema Englandi. Eru þau þó næsta mismunandi, bæði að fyrirkomulagi og eðli. Í suðrænum löndum eru vinningarnir fáir og stórir, því að þar vilja menn hafa »spenninginn« sem mestan, en á Norðurlöndum er sú aðferð tíðkuð að hafa marga miðlungsvinninga, því að þar láta menn sjer nægja minna, en vilja fremur vita meiri líkur til þess að þeir fái eitthvað. — Þá eru happdrættin misjöfn að því leyti, að í sumum eru vinningarnir ekki greiddir í fje, heldur öðru, t. d. vörum. En þau þykja ekki gefast eins vel.

Í Danmörku eru nú þessi happdrætti:

1. Det kgl. Köbenhavnske Klasselotteri. Það gefur út hlutamiða sem hjer segir:

Heila miða	12000	
1/2 miða	50000	
1/4 —	302000	
1/8 —	188000	
		552000

2. Landbrugslotteriet gefur út:

Heila og 1/2 miða samtals...	192000

3. Varelotteriet gefur út:

Heila miða	136000

4. Koloniallotteriet gefur út:

Heila miða...	200	
1/2 miða	5300	
1/4 —	15500	
1/8 —	65000	
		86000
Alls eru þá gefnir út í Danmörku		966000

eða nálægt 1 miljón hlutamiða, og má hafa það til hliðsjónar, er áætla skal íslenskt ríkishappdrætti.

Þegar ákveða skal skipulag happdrættisins, er um tvær leiðir að ræða. Annaðhvort má hugsa sjer verð miðanna í öllum flokkum eitt og hið sama, eða jafnt hækkandi, og sömuleiðis má hugsa sjer ýmislega skiftingu vinninganna. Enn má fara tvær leiðir að því er snertir miða þá, sem í hverjum drætti fá vinninga. Ýmist eru þá þau númer tekin úr eftir hvern drátt og settir inn nýir aukamiðar, sem geymdir eru í þeim tilgangi, eða þá að sú einfalda regla er höfð, að setja inn í veltuna öll sömu númerin, sem út voru dregin, og hafa altaf jafnmarga miða í veltu. Hjer er farin, í öllum þessum atriðum, sú leiðin, sem er einfaldari og vænlegri til lítils tilkostnaðar og sæmilegs ábata, án þess að verða til nokkurs skaða þeim, sem miðana kaupa. Verðið er án efa best að hafa altaf jafnhátt frá upphafi. Það er föst regla að hafa vinninga fæsta í fyrsta flokki, en svo smáfjölgandi, og langflesta í 10. flokki. Vinst þá það við að hafa verðið ávalt jafnhátt, að happdrættið fær megnið af tekjum sínum þegar í fyrstu flokkunum og hefir lítinn skaða af því, þó að viðskiftamenn hætti á miðju ári. Sjest þetta glögt af yfirlitinu. 10. flokkur gefur, og hlýtur að gefa, tap, því að happdrættið er áður búið að fá meira en hlutfallslega af tekjunum.

Það leiðir af þessu, að ekki er hægt að hleypa neinum inn í happdrættið eftir að árgangur er byrjaður, nema með því móti, að hann borgi verð allra flokka, sem um garð eru gengnir. Eru það jafnan allmargir, sem taka slíka »kaupahluti«, til þess að vera með þegar 10. flokkur er dreginn, og eru það sjerstakar aukatekjur fyrir happdrættið, því að sá, sem þannig kaupir, greiðir andvirði undangenginna flokka, en fær enga hlutdeild í vinningum þeirra.

Vinningunum mun heilbrigðast að skifta þannig, að í öllum flokkum sjeu til sæmilega háir vinningar, en svo sjeu sem allra flestir miðlungsvinningar. Er þetta reynt, eins og frekast er unt, í yfirlitinu. Af 25000 hlutum eru 5000 vinningar, svo að 5. hver hlutur fær einhvern vinning. (Sjá fylgiskjölin).

Þá er mjög mikill sparnaður í rekstri að því að nota jafnan, gegnum alla flokka, sömu númerin. Þegar aukahlutir eru hafðir, þarf eftir hvern drátt að tína úr þau númer, sem vinninga hafa hlotið, og bókfæra, og ómögulegt að afgreiða miða til næsta flokks á eftir fyr en því er lokið, í stað þess, að þegar sömu númer eru jafnan í veltunni, er hægt að halda jafnt áfram afgreiðslunni án þess að bíða eftir hverjum drætti eða breyta nokkru.

Þá er það víða tíðkað, t. d. í danska Klasselotteríinu, að krefjast þess, að hver, sem vinning fær, kaupi nýjan hlut, og borgi því andvirði allra undanfarinna flokka. Rýrir það að miklum mun vinningana, einkum þá minstu, og er óvinsælt. Hjer er því gert ráð fyrir að heimta að eins, að sá, sem vinning fær, endurnýi miða sinn, þ. e. haldi áfram að skifta við happdrættið út þann árgang, sem yfir stendur.

Happdrætti þetta mundi ekki vera lakara en venja gerist. Vinningarnir eiga að nema 75%, og frá því dregst svo nálega 8% stimpilgjald. Danska Klasselotteríið, sem þykir mjög gott og mjög er eftirsótt, borgar í orði kveðnu vinninga 81%, en tekur í staðinn 15% stimpilgjald, svo að það er í raun rjettri lakara.

Rjett þykir að láta tvo mánuði líða milli árganga, janúar og febrúar, því að við það vinst tími til undirbúnings. Það er reynsla, að langmest er undir því komið að fá sem flesta til þess að kaupa miða fyrsta flokks, því að þeir, sem byrja, halda að jafnaði áfram út árganginn, en aftur á móti hætta jafnan margir þegar árgangi er lokið, og þarf því nokkurn tíma til þess að undirbúa næsta árgang.

Þar sem happdrætti hefir ekki fyr verið reynt á Íslandi, er erfitt að segja, hve mikillar sölu má vænta, en þeim, sem mikla reynslu hafa í þessum efnum, þykir sennilegt, að 25000 hlutir væru nokkuð hæfileg upphæð, með því verði, sem hjer er áætlað, 6 kr. heill hlutur í hverjum flokki, eða 60 kr. heill hlutur allan árganginn. Þó er auðvitað ekki mögulegt að segja um þetta með neinni vissu, enda ekki víst, að þessi tala seldist þegar í byrjun, þótt síðar yrði. Reynslan ein getur skorið úr því.

Þar sem nú til þessa ríkishappdrættis er stofnað í þeim eina tilgangi að afla nokkurra tekna, er það auðvitað fjárhagshlið málsins, sem ræða þarf sjer í lagi.

Ef allir hlutir eru seldir, verður reikningur happdrættisins þannig:

Tekjur:

25000 hlutir á 60 kr.	kr.	1500000

Gjöld:

1. Vinningar 75%	kr.	1125000		
2. Til útsölumanna 5%	—	75000		
3. Stjórn h. u. b.	—	75000		
			—	1275000
Afgangur, hreinn ágóði			kr.	225000
Stimpilgjald (5 kr. á hlut á ári)			—	125000
		Tekjur alls	kr.	350000

Í þessum útreikningi eru ekki teknar með þær aukatekjur, sem samkvæmt áður sögðu fást við það, að kaupendur koma eftir að nokkrir flokkar eru um garð gengnir.

Af liðum þessa reiknings þarf ekki að ræða frekar nema einn liðinn, sem sje 3. liðinn gjaldamegin, kostnað við stjórn happdrættisins. Er hann áætlaður sem hjer segir:

1. Laun:
   a. Happdrættisnefnd þarf að fá nokkra þóknun og einkum formaður, sem sjálfsagt yrði að vera góður lögfræðingur, þar sem nefndin á að úrskurða öll deilumál. Er gert ráð fyrir 3 mönnum. Starfið er fremur lítið. Að eins nokkrir tímar við

hvern drátt. Er þóknun því hæfileg 1000 kr. til formanns og 800 kr. til hvors hinna, eða alls			kr.	2600
b. Laun við aðalskrifstofuna í Reykjavík:				
1. Forstjóri	kr.	8000		
Ágóðahluti alt að	—	4000		
2. Fulltrúi h. u. b.	—	5000		
3. Aðstoðarm. h. u. b.	—	4000		
4. 3 stúlkur í skrifstofu à h. u. b. 1800 kr. ...	—	5400		
			—	26400
2. Húsnæði o. fl.:				
a. Húsnæði, ljós og hiti h. u. b.	kr.	4500		
b. Afskrifað á húsbúnaði, sem er áætlaður h. u. b. 10000 krónur	—	500		
			—	5000
3. Prentun o. fl.:				
a. Bækur, pappír og ritföng	kr.	3000		
b. Burðargjald, talsími	—	3000		
c. Prentun hlutamiða o. fl.	—	15000		
			—	21000
4. Útibú:				
a. Þóknun þriggja umsjónarmanna, 800 kr. til hvers	kr.	2400		
b. Burðargjald o. fl. vegna þeirra	—	600		
			—	3000
			Samtals	kr. 58000

Þetta er flest áætlað nokkru hærra en líklegt hefir verið talið, að þurfa mundi, en til þess að gera sjer sem minstar tyllivonir um ágóða af fyrirtækinu, er þessi kostnaður samt áætlaður 75000 kr. í reikningnum, enda má búast við nokkru hærri kostnaði í upphafi, meðan verið er að kynna happdrættið og koma því á laggirnar.

Þessir reikningar eru miðaðir við, að allir hlutamiðar sjeu seldir. En ef minna selst, er þó ekki hætta á, að fyrirtækið beri sig ekki. Ágóðinn færist að eins niður. Það kemur til af því, að allir gjaldaliðirnir færast niður hlutfallslega, ef minna er selt, nema stjórnarkostnaðurinn. Hann verður svipaður, og þó eitthvað minni. Ef illa selst, t. d. ekki nema helmingur miðanna, er hættan auðvitað langmest á þeim liðnum, sem er stærstur gjaldamegin, sem sje vinningunum. Reynslan er samt sú, að nálega æfinlega gengur út hlutfallslega af vinningunum við miðafjöldann, sem seldur er. En svo má auk þess tryggja þetta fullkomlega með því að selja mest 1/2 hluti, og þá fyrst sama helming allra miðanna, því að þá fer það saman, að inn kemur helmingur andvirðis miðanna og út gengur helmingur vinninganna.

Ef helmingur hlutamiða selst, lítur reikningurinn þannig út:

Tekjur:

12500 hlutir á 60 kr.	kr.	750000

Gjöld:

1. Vinningar 75%	kr.	562500	
2. Til útsölumanna 5%	—	37500	
3. Stjórn h. u. b.	—	65000	
			— 665000
Afgangur, hreinn ágóði	kr.		85000
Stimpilgjald	—		62500
Tekjur alls	kr.		147500

Verður að líta svo á, að um minni sölu en þessa geti alls ekki orðið að ræða, og að happdrættið eigi því ávalt að geta gefið um 150000 á ári, þó að salan verði helmingi minni en fróðir menn um þessi efni telja líklegast, að hún yrði.

Það, sem helst mun til andmæla haft gegn því að setja hjer á stofn happdrætti, er sú almenna kenning, að happdrætti sjeu spillandi og óheppileg fyrirtæki. Eru það einkum enskumælandi þjóðirnar, sem standa gegn happdrættum. En þær sömu þjóðir verða þá að fullnægja æfintýralöngun manna í fjármálum á annan hátt, sem engu er heppilegri, t. d. með hinum hóflausu veðmálum á kappreiðum o. fl. Annars eru happdrætti tíðkuð í nálega öllum löndum álfunnar, og engu síður þar, sem heilbrigðast þykir fjármálalífið. Sje litið á happdrætti frá sjónarmiði einstaklingsins, má að vísu segja, að það sje ekki hyggilegt að ætla sjer að græða á happdrætti. En þó er margt annað, sem gert er lakara við peningana og með enn minni von um gróða. En frá þjóðarheildarinnar sjónarmiði lítur málið þannig út, að af $1^1/_2$ miljón króna, sem úti eru látnar, auk stimpilgjaldsins, sem rennur alt í ríkissjóð, fara 75% til sömu manna aftur og hitt nálega alt til ríkisins í þarfleg alþjóðafyrirtæki. Eina »eyðslan« er kostnaðurinn við stjórn fyrirtækisins, og sú eyðsla fer þó öll til innlendra manna. Væri óskandi, að engu væri ver varið fyrir þjóðarheildina. Þá má geta þess, að innlent happdrætti er eina leiðin til þess að koma í veg fyrir, að fje streymi út úr landinu fyrir erlenda happdrættismiða. Er auðvitað mjög erfitt, eða ómögulegt, að vita, hve miklu það nemur nú, en það er margra manna álit, að það sje ekki svo lítið.

Um einstakar greinar frumvarpsins má segja þetta:

Við 1. gr.

Greinin þarf naumast skýringar umfram það, sem getið er um að framan. Af því að engin reynsla er fengin um sölu happdrættismiða hjer á landi, þótti rjettast að láta það laust og bundið, hvort $^1/_4$ miðar yrðu gefnir út eða ekki. Annars er vafasamt, hve margt á að taka fram í lögunum sjálfum og hve margt geyma reglugerð.

Við 2. gr.

Í þessari grein er bann gegn sölu erlendra happdrættismiða aðalatriðið, og ætti það bann að vera, hvort sem hjer er happdrætti eða ekki. En eina ráðið til þess að koma verulega í veg fyrir slíka sölu, er að banna hana um leið og mönnum er gefinn kostur á að freista gæfunnar í innlendu happdrætti, sem býður sómasamleg kjör.

Undantekningin um smá happdrætti í góðgerðaskyni er nauðsynleg og alveg meinlaus.

Við 3. gr.

Hjer er bann gegn því, að aðrir fáist við sölu happdrættismiðanna en hinir löggiltu útsölumenn. Eru mjög ströng ákvæði í þessa átt í lögum danska Klasse-happdrættisins. En það er kunnugra manna mál, að slík ströng ákvæði sjeu bæði gagnslaus og ósanngjörn, því að bæði sje jafnan einhver smuga að fara kringum þau, og á hinn bóginn gera þessir lögbrjótar happdrættinu oft mjög mikið gagn með söluáleitni sinni, og er talið, að þeir eigi ekki minstan þátt í því, hve afarmikinn og góðan framgang danska Klasse-happdrættið hefir haft.

Við 4. gr.

Laun er erfitt að ákveða í lögunum sjálfum, einkum forstjórans. Búast má við, að hann verði sjerstaklega að vinna mikið starf fyrst í stað, meðan verið er að kynna happdrættið og koma því á laggirnar, og mikið komið undir valinu á honum, hvernig fyrirtækið tekst í upphafi. Ef til vill þyrfti ekki að borga jafnhátt kaup, þegar alt væri komið í gott horf. Laun þau, sem nefnd eru hjer að framan í greinargerðinni, eru auðvitað eingöngu ágiskanir, en fjarri sanni munu þær ekki þurfa að vera.

Við 5.—7. gr.

Þurfa naumast skýringa.

Fylgiskjal 1.

Tilhögun ríkishappdrættisins.

1. flokkur.

1	vinningur	10000 kr.	10000 kr.
1	—	2000 —	2000 —
2	—	1000 —	2000 —
8	—	500 —	4000 —
20	—	200 —	4000 —
168	—	100 —	16800 —
200	vinningar		38800 kr.

2. flokkur.

1	vinningur	10000 kr.	10000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
1	—	2000 —	2000 —
2	—	1000 —	2000 —
9	—	500 —	4500 —
25	—	200 —	5000 —
211	—	100 —	21100 —
250	vinningar		49600 kr.

3. flokkur.

1	vinningur	12000 kr.	12000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
1	—	2000 —	2000 —
3	—	1000 —	3000 —
11	—	500 —	5500 —
30	—	200 —	6000 —
203	—	100 —	20300 —
250	vinningar		53800 kr.

4. flokkur.

1	vinningur	12000 kr.	12000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
2	—	2000 —	4000 —
3	—	1000 —	3000 —
12	—	500 —	6000 —
35	—	200 —	7000 —
246	—	100 —	24600 —
300	vinningar		61600 kr.

5. flokkur.

1	vinningur	15000 kr.	15000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
2	—	2000 —	4000 —
4	—	1000 —	4000 —
14	—	500 —	7000 —
40	—	200 —	8000 —
238	—	100 —	23800 —
300	vinningar		66800 kr.

6. flokkur.

1	vinningur	15000 kr.	15000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
3	—	2000 —	6000 —
5	—	1000 —	5000 —
15	—	500 —	7500 —
45	—	200 —	9000 —
280	—	100 —	28000 —
350	vinningar		75500 kr.

7. flokkur.

1	vinningur	20000 kr.	20000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
3	—	2000 —	6000 —
6	—	1000 —	6000 —
16	—	500 —	8000 —
50	—	200 —	10000 —
323	—	100 —	32300 —
400	vinningar		87300 kr.

8. flokkur.

1	vinningur	20000 kr.	20000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
4	—	2000 —	8000 —
7	—	1000 —	7000 —
17	—	500 —	8500 —
55	—	200 —	11000 —
365	—	100 —	36500 —
450	vinningar		96000 kr.

9. flokkur.

1	vinningur	25000 kr.	25000 kr.
1	—	5000 —	5000 —
4	—	2000 —	8000 —
8	—	1000 —	8000 —
18	—	500 —	9000 —
60	—	200 —	12000 —
408	—	100 —	40800 —
500	vinningar		107800 kr.

10. flokkur.

1	vinningur	50000 kr.	50000 kr.
1	—	25000 —	25000 —
1	—	20000 —	20000 —
1	—	10000 —	10000 —
3	—	5000 —	15000 —
5	—	2000 —	10000 —
50	—	1000 —	50000 —
180	—	500 —	90000 —
420	—	200 —	84000 —
1338	—	100 —	133800 —
2000	vinningar		487800 kr.

Í öllum 10 flokkum.

1	vinningur	50000 kr.	50000 kr.
2	—	25000 —	50000 —
3	—	20000 —	60000 —
2	—	15000 —	30000 —
2	—	12000 —	24000 —
3	—	10000 —	30000 —
11	—	5000 —	55000 —
26	—	2000 —	52000 —
90	—	1000 —	90000 —
300	—	500 —	150000 —
780	—	200 —	156000 —
3780	—	100 —	378000 —
5000	vinningar		1125000 kr.

Fylgiskjal 2.

Rekstrarreikningur
hvers flokks ríkishappdrættisins.

Tekjur hvers flokks eru:

25000 hlutir á kr. 6,00 ...	kr.	150000
Stimpilgjald kr. 0,50 á hlut	—	12500
Alls	kr.	162500

Gjöldin eru:

	kr.	kr.
1. flokkur:		
Vinningar	38800	
Útsöluþóknun 5% ..	7500	46300
Ágóði		116200
2. flokkur:		
Vinningar	49600	
Útsölum.þóknun ...	7500	57100
Ágóði		105400
3. flokkur:		
Vinningar	53800	
Útsölum.þóknun ...	7500	61300
Ágóði		101200
4. flokkur:		
Vinningar	61600	
Útsölum.þóknun ...	7500	69100
Ágóði		93400
5. flokkur:		
Vinningar	66800	
Útsölum.þóknun ...	7500	74300
Ágóði		88200
6. flokkur:		
Vinningar	75500	
Útsölum.þóknun ...	7500	83000
Ágóði		79500
7. flokkur:	kr.	kr.
Vinningar	87300	
Útsölum.þóknun ...	7500	94800
Ágóði		67700
8. flokkur:		
Vinningar	96000	
Útsölum.þóknun ...	7500	103500
Ágóði		59000
9. flokkur:		
Vinningar	107800	
Útsölum.þóknun ...	7500	115300
Ágóði		47200
10. flokkur:		
Vinningar	487800	
Útsölum.þóknun ...	7500	495300
Tap		332800

	kr.	kr.
1. flokkur ágóði	116200	
2. — —	105400	
3. — —	101200	
4. — —	93400	
5. — —	88200	
6. — —	79500	
7. — —	67700	
8. — —	59000	
9. — —	47200	
		757800
10. — tap		332800
Ágóði alls		425000

Fylgiskjal 3.

Yfirlit
yfir tilhögun ríkishappdrættisins.

	25000 hlutir á 6 kr.	Vinningar		Brúttó-tekjur	Stimpilgjald	Tekjur + stimpilgjald	Þóknun til útsölumanna	Tekjur
		Tala	Upphæð					
1. flokkur	150000	200	38800	111200	12500	123700	7500	116200
2. —	150000	250	49600	100400	12500	112900	7500	105400
3. —	150000	250	53800	96200	12500	108700	7500	101200
4. —	150000	300	61600	88400	12500	100900	7500	93400
5. —	150000	300	66800	83200	12500	95700	7500	88200
6. —	150000	350	75500	74500	12500	87000	7500	79500
7. —	150000	400	87300	62700	12500	75200	7500	67700
8. —	150000	450	96000	54000	12500	66500	7500	59000
9. —	150000	500	107800	42200	12500	54700	7500	47200
1.—9. samt.	1350000	3000	637200	712800	112500	825300	67500	757800
10. flokkur	150000	2000	487800	÷337800	12500	÷325300	7500	÷332800
Alls	1500000	5000	1125000	375000	125000	500000	75000	425000

Tekjur því alls	kr.	425000
Þar frá dregst kostnaður við stjórn ca.	—	75000
Hreinn ágóði	kr.	350000

Nd. **342. Lög**

um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl).

1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheim-

ilt að gera út hjeðan eða nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

2. gr.

Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, haldast óbreytt.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **343. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1923.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nákvæmlega og borið það saman við landsreikninginn og fylgiskjöl hans, og með skírskotun til athugasemda yfirskoðunarmannanna og tillagna þeirra ræður hún háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Kl. Jónsson,	Jón A. Jónsson,	Jakob Möller,	Magnús Jónsson.
form.	fundaskr.	frsm.	

Sveinn Ólafsson. Björn Líndal. Halldór Stefánsson.

Nd. **344. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá Magnúsi Torfasyni, Jóni Baldvinssyni, Tryggva Þórhallssyni og Pjetri Ottesen.

Við 9. gr. Fyrir »200—5000 krónum . . . . áfengisblöndur« komi:
500—5000 krónum, og tvöfaldri sekt, ef brot verður ítrekað, og skal

þá auk þess svifta lækninn heimild til þess að gefa út seðla á áfengi eða láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur.

Nd. **345. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá Jóni Baldvinssyni og Magnúsi Torfasyni.

1. Við 10. gr. Orðin »er verði 19. gr. . . . samkvæmt því« falli niður.
2. Við 11. gr. Orðin »er verður 20. gr.« falli niður.
3. Við 12. gr. Orðin »er verður 21. gr.« falli niður.

Ed. **346. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá Nd. og var samþykt þar því nær í einu hljóði.

Tveir nefndarmenn, þeir B. K. og J. Jós., sjá ekki, eftir atvikum, ástæðu til að leggjast á móti frv., og vilja láta samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum »verið búsettir« kemur:
   eigi skemur.
2. Við 3. gr. Aftan við 2. málsgrein bætist:
   Er renni í ríkissjóð.

Einn nefndarmanna, I. P., tjáir sig ekki samþykkan því, að frv. nái fram að ganga að þessu sinni.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Jósefsson, frsm. Ingvar Pálmason.

Nd. **347. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mannanöfn.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin um frumvarp þetta. Leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykt með allmiklum breytingum. En undirritaðir leggja til, að það verði felt.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Árni Jónsson, frsm. Jón Kjartansson. Bernh. Stefánsson.

Ed. **348. Frumvarp**

til laga um framlengingu á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, skulu vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 9. gr. umræddra laga, nr. 48 frá 4. júní 1924, er svo ákveðið, að þau gildi til 1. júní 1925. Nú er nokkur reynsla komin á þessa tilhögun, og þykir rjett, að henni sje haldið þar til önnur skipun verður á gerð.

Nd. **349. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Vill meiri hlutinn (M. T., J. Bald., B. St.) ekki, að málið fái framgang, en minni hlutinn leggur áherslu á, að það nái fram að ganga.

Frumvarp þetta er háttv. þingdeild gamalkunnugt. Það var fyrst flutt á Alþingi 1914 og var þá afgreitt frá neðri deild. Öðru sinni var það flutt 1923, en var þá felt frá 2. umr. með jöfnum atkvæðum. Þá blönduðust inn í umræðurnar ýms atriði, sem ekkert koma þessu máli við. Er óhætt að segja, að því rjeð meira kapp en forsjá, hver afdrif málsins urðu þá.

Það er skiljanlegt, að eftir því sem atvinnuvegirnir eflast og verslunarveltan eykst, verður þörfin brýnni á löggjöf, sem tryggi það, að bókfærsla og rekstur allur sje í sem bestu lagi. Sjerstaklega er þörf á slíku aðhaldi á krepputímum. Hefir sú orðið raunin á sumstaðar annarsstaðar, að augu löggjafarvaldsins fyrir sjerstakri löggiltri endurskoðun hafa þá fyrst opnast, er fjárkrepputímar voru nýgengnir um garð. T. d. voru lög um löggilta endurskoðendur í Danmörku samþykt eftir kreppuárin 1907—1908.

Hjer á landi hefir þótt mikið á það skorta, að bókhald ýmsra atvinnufyrirtækja væri í því horfi, sem vera bæri. Er þetta ekkert að undra, því að fjöldi þeirra manna, sem hjer fást við verslun og ýmsan meiri háttar atvinnurekstur, hafa ekki notið nauðsynlegrar mentunar í verslunarefnum. Hinsvegar eru sum fjárfrekustu fyrirtæki vor ærið áhættusöm. Er því nauðsynlegt, að bókfærsla þeirra sje jafnan svo glögg, að lánsstofnanirnar geti hvenær sem er fengið sem glegsta hugmynd um hag þeirra. — Hjer er því mjög mikið verksvið fyrir löggilta endurskoðendur, og er þess að vænta, að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi.

Alþingi, 16. apríl 1925.

Jón Kjartansson. Árni Jónsson, frsm.

Nd. **350. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Hann má engin störf hafa á hendi fyrir útlend ríki og einskiskonar milliliðastarfsemi reka eða verslun fyrir eigin reikning.

Nd. **351. Tillaga**

til þingsályktunar um brúargerð á Hvítá í Borgarfirði.

Flutningsmaður: Pjetur Þórðarson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa byggingu brúar á Hvítá í Borgarfirði hjá Ferjukoti, með því að gefa hjeraðsbúum og öðrum, sem til þess kynnu að vera fáanlegir, kost á að kaupa ríkisskuldabrjef, þannig að andvirðið gangi til þessarar brúargerðar, og að verkið verði hafið, ef unt er, sumarið 1926.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá er Hvítá í Borgarfirði eitthvert mesta straumvatn landsins, þar sem hún fellur í Borgarfjörð allskamt frá miðju eins blómlegasta hjeraðs landsins.

Fyrir margra hluta sakir er því mikil nauðsyn á að brúa ána fyrir neðan aðrar stórár, sem í hana falla, eða svo nærri sjó, sem unt er, svo sem líka er lögákveðið, hjá Ferjukoti.

Það er langt síðan hjeraðsmenn hafa lagt mikinn hug á að bæta úr þessari nauðsyn og á síðari árum lagt fram mikið fje til vegagerðar að brúarstæðinu, og mundu þeir að sínu leyti ekki hafa staðar numið fyr en brúin væri komin á.

Þeir eru því líklegir til að láta ekki á sjer standa með fjárframlög til brúarinnar á þann hátt, er í tillögunni felst, og því fremur, því fyr sem hafist er handa í þessu efni.

Nd. **352. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. Í stað »1927« í 2. málsgr. komi: 1926.

Ed. **353. Lög**

um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Hólssókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

Nd. **354. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Flutningsmenn: Sigurjón Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Aug. Flygenring, Benedikt Sveinsson, Bernh. Stefánsson, Jón A. Jónsson, Björn Líndal, Magnús Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 30, frá 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, sem hjer er farið fram á, að numin sjeu úr gildi, heimila sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan línu frá syðri enda Þórðarhöfða til norðurenda Drangeyjar og þaðan í sömu stefnu á Skaga.

Nú hefir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu notfært sjer þessi heimildarlög og gert þá samþykt, að banna síldveiðar með herpinót innan nefndrar línu. Áður var til samþykt frá sýslunefndinni samkvæmt lögum frá 1913; var þar bönnuð herpinótaveiði innanvert við línu frá innri enda Þórðarhöfða til Ingveldarstaða á Reykjaströnd.

Þessi nýja samþykt, sem bannar að veiða síld með herpinót beggja megin Drangeyjar og út undir Selvík á Skaga, hlýtur að öllum jafnaði að verða til stórhnekkis síldveiði landsmanna að sumrinu við Norðurland. Nú síðastliðin 2 ár hefir talsvert mikill hluti síldarinnar veiðst innan við þessa ráðgerðu línu, og mun svo jafnan reynast, þegar norðlæg átt er tíð að sumrinu. Hefði engin síld verið veidd innan þessarar nýju línu þessi árin, er óhætt að fullyrða, að veiðin hefði hlotið að verða miklum mun minni, en það hefði

hlotið að leiða til tjóns fyrir alla þá, er veiðina hafa stundað, og til tekjumissis fyrir ríkissjóð. Er hjer svo mikilla hagsmuna að gæta, bæði fyrir ríkissjóð og fjölda landsmanna, að vjer flutningsmenn getum ekki talið rjett, að Skagfirðingum sje leyft að friða þannig mikinn hluta fjarðarins fyrir herpinótaveiði. Er rjett að taka fram í því sambandi, að landhelgin kringum strendur landsins verður að skoðast sameiginleg eign landsmanna allra, en löggjafarvaldinu ber að sjá um, að hún verði landsmönnum að sem bestum og almennustum notum.

Á hinn bóginn mun tæplega unt að færa nokkur sæmileg rök fyrir því, að Skagfirðingum sje nauðsynlegt að fá þennan hluta fjarðarins friðaðan fyrir herpinótaveiði, og mun nánar vikið að því við framsögu. En jafnvel þótt einhverra lítilla hagsmuna væri hjer að gæta fyrir þá, þá er þar á móti um svo mikið fjárhagstjón að ræða fyrir síldveiðamenn og ríkissjóð, að engin sanngirni er í því, að umgetin samþykt nái að standa.

Nd. 355. Lög

um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi 1. gr. laganna: »Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að« skal koma:

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1927 að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 356. Frumvarp

til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jakob Möller og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27. júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926, en þó má eigi segja upp húsnæðum til burtflutnings fyr en frá 14. maí 1926.

Greinargerð.

Húsaleigulögin 1917 voru án efa ætluð að eins sem bráðabirgðaráðstöfun út af ófriðarástandi því, sem þá var. Var hægt að sætta sig við svo freklega skerðingu á umráðarjetti húseigenda yfir eign sinni meðan svo var ástatt, enda margt slíkt gert á ófriðartímum, sem enginn getur unað við til langframa á venjulegum tímum. 1921 voru sett lög, er heimiluðu bæjarstjórn Reykjavíkur að setja reglugerð um þetta efni, og áttu þá húsaleigulögin að falla úr gildi. Nú er alveg útsjeð um, að bæjarstjórn Reykjavíkur takist að setja slíka reglugerð; hinsvegar er þó húsnæðisskorturinn í bænum ekki orðinn jafntilfinnanlegur og áður var og húsaleigulögin eru að talsverðu leyti orðin dauður bókstafur, eins og hætt er við, að jafnan fari um slík lög, þegar þau fara að standa til lengdar án þess að menn kannist við rjettmæti þeirra, og sýnist því ekki annað fyrir hendi en að nema þau úr gildi.

Nd. **357. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði þegar um frumvarp þetta. Minni hl. hennar ræður til að fella frumvarpið, aðallega af þessum þremur ástæðum:

1. Að útreikningar flutningsmanna frumvarpsins eru bygðir á röngum grundvelli.
2. Að ríkissjóður verður fyrir allmiklu tapi, ef frv. verður að lögum, en við því má hann enganveginn, eins og sakir standa.
3. Að verð á tóbaki myndi að voru áliti verða lægra, ef einkasalan heldur áfram, heldur en það gæti orðið ella.

Fyrir þessum ástæðum verða færð nánari rök við framsöguna.

Alþingi, 17. apríl 1925.

Kl. Jónsson, form. og frsm. Sveinn Ólafsson. Halldór Stefánsson.

Nd. **358. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 350. (Fiskifulltrúi á Spáni og Ítalíu).

Frá Magnúsi Torfasyni.

Tillagan orðist svo:

Hann má engin störf hafa nje haft hafa á hendi fyrir útlend ríki. Heldur eigi má hann reka verslun eða milliliðastarfsemi, hverju nafni sem nefnist.

Nd. **359. Lög**

um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl).

1. gr.

Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar.

2. gr.

Laun fiskifulltrúans greiðast að þriðjungi úr ríkissjóði, en hinn hluta launanna greiða Landsbankinn og Íslandsbanki, að helmingi hvor.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður launaupphæðina með samningi, að fengnum tillögum bankanna, og sá hlutinn, sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn upp í fjárlög.

4. gr.

Landsstjórnin gefur fulltrúanum erindisbrjef og ákveður starfssvið hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **360. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 333, með breytingunum á þskj. 344 og 345.

Ed. **361. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um prestsmötu.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá háttv. Nd. Nefndin hefir athugað það og ástæður þær, er færðar eru fyrir flutningi þess í greinargerð flutningsmanna, og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1925.

Sig. Eggerz, formaður. Ingvar Pálmason, fundaskrifari. Björn Kristjánsson.

Jónas Jónsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **362. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. grein laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Eftir sömu reglum fá starfsstúlkur landssímans endurgreidd iðgjöld sín, er þær fara úr þjónustu símans, án þess að þeim sje vikið úr þjónustunni, enda láti þær ekki af starfinu með rjetti til lífeyris samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það mun vera mjög fátítt, að stúlkur starfi í þjónustu landssímans nema um nokkurra ára skeið, og láta þær nálega allar af starfi sínu án þess að hafa rjett til lífeyris samkvæmt lögunum. Eru þær að þessu leyti talsvert

lakar settar en flestir aðrir starfsmenn ríkisins. Þykir því nokkuð ósanngjarnt að neyða þær til þess að borga iðgjöld í sjóðinn, án vonar um gagn að því síðar. Þó er ekki ástæða til þess að losa þær með öllu undan gjaldskyldunni, en hitt sýnist rjett og sanngjarnt, að þær fái iðgjöld sín endurgreidd afdráttarlaust og vaxtalaust, er þær fara frá starfinu án þess að hafa nokkuð til saka unnið. Gilda þá um þær sömu reglur og um embættismenn, er embætti þeirra eru lögð niður. Á hinn bóginn er það tekið fram til frekari fullvissu, að ef símastúlka fer frá starfinu með þeim hætti, er veitir rjett til lífeyris, þá skuli hún háð í því efni sömu reglum sem aðrir starfsmenn landsins.

Nd. **363. Nefndarálit**

um frv. til laga um varalögreglu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Um allan hinn mentaða heim er það talið eitt hið helsta og sjálfsagðasta verkefni hvers ríkis að halda uppi gæslu í lögum og rjetti í landinu. Sjerstakir embættismenn, lögreglustjórar, annast þessa gæslu, og þeim til aðstoðar er haft fast lögreglulið.

Hjer á landi er því einnig þannig háttað, að lögreglustjórar annast gæslu laga og rjettar. Þeim til aðstoðar eru hafðir aðrir starfsmenn — í kaupstöðunum lögregluþjónar og utan kaupstaða hreppstjórar.

Kaupstaðirnir bera sjálfir allan kostnað af starfi lögregluþjónanna, og leggja sumir þeirra fram mikið fje í þessu skyni. En þrátt fyrir það er lögregluliðið of fáment og ekki nægilega öflugt til þess að geta annast löggæsluna í einstökum tilfellum. Þeir atburðir hafa komið fyrir, að lögregluliðið hefir ekki megnað að framkvæma skylduverk sín, vegna þess hve fáment það er. En það þykir naumast forsvaranlegt, að svo sje í ríki, sem hefir fengið sjálfstæðisviðurkenningu meðal annara þjóða. Verður úr þessu að bæta á einhvern hátt.

Það er ekkert einsdæmi fyrir þetta land, að hið venjulega fasta lögreglulið reynist ónógt í einstöku tilfellum. Hvarvetna koma fyrir þeir atburðir, að hið venjulega lögreglulið reynist ónógt. En í öðrum löndum er haft til taks annað sterkara vald að baki lögreglunnar, sem kvatt verður til hjálpar. Er það hervald, sem flest ríki hafa til þess að grípa til. Hjer á landi er ekkert slíkt vald, og hefir aldrei verið.

Menn eru alment sammála um það, að það sje skylda ríkisvaldsins að taka að einhverju leyti þátt í löggæslunni með kaupstöðunum. Það eru að eins leiðirnar, sem menn eru ekki sammála um.

Sumir, og það virðist vera skoðun háttv. meiri hl., halda því fram, að rjettasta leiðin sje sú, að ríkið leggi fje af mörkum til kaupstaðanna í þessu skyni.

Minni hl. lítur svo á, að þessi leið verði aldrei fullkomlega trygg, og hún tryggi ekki löggæsluna nægilega í þeim einstöku tilfellum, þegar sjerstaklega þarf á öflugri lögreglu að halda. Fjárframlag til kaupstaðanna í þessu skyni myndi styrkja lögregluliðið í hinum daglegu störfum þess, en aldrei nægilega, þegar sjerstakir atburðir koma fyrir. Þar dugir ekkert annað en fast lið, sem altaf er til taks, þegar á þarf að halda.

Er það álit minni hlutans, að slíkt lið verði kostnaðarminst fyrir ríkissjóðinn og hagkvæmast fyrir komið á svipaðan hátt og stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu. Ætlast hann og til, að nægilegt verði að hafa alt að 100 manna sveit í Reykjavík, og ef þörf þykir að hafa varalögreglulið í öðrum kaupstöðum, þá ættu þar að nægja 10 manna sveitir. Hyggur minni hl., að eigi sje þörf á varalögregluliði annarsstaðar en í Reykjavík og á Siglufirði, og e. t. v. á Ísafirði. Yrðu það þá í alt 100—120 manns á öllu landinu, sem væru í varalögregluliðinu.

Þar sem ætlast er til, að sú skylda sje lögð á herðar fárra borgara þjóðfjelagsins sjerstaklega að taka þátt í löggæslunni með kvaðningu í varalögregluliðið, þá þykir sanngjarnt að takmarka skyldu þeirra til þess að vera í lögregluliðinu við 5 ár. Einnig þykir sanngjarnt, að þeir fái einhverja þóknun. En þar sem búast má við, að eigi þurfi nema örsjaldan að grípa til varalögreglusveitar, þá virðist nægilegt, að þóknunin sje miðuð við þann tíma, sem varið er til starfans, en sje ekki föst. Þó verður forstöðumaður varalögreglusveitar í Reykjavík að hafa einhverja fasta þóknun. Sú þóknun þyrfti þó naumast að vera mjög há, því gera má ráð fyrir, að til þeirrar stöðu yrði sá maður valinn, sem hefði annað fast starf með höndum. Vill minni hl. í því sambandi benda á, að það væri eðlilegt, að forstöðumaður hefði jafnframt á hendi fast lögreglustarf, svo sem fulltrúastöðu hjá lögreglustjóra í Reykjavík eða yfirlögregluþjónsstöðu þar. En auðvitað þarf hann þá að hafa þá sjerstöku hæfileika og æfingu, sem forstaða varalögregluliðsins útheimtir.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um, hvað það mundi kosta ríkissjóð að koma á fót varalögreglu eins og hjer er stungið upp á, hefir minni hlutinn aflað sjer upplýsinga hjá kunnugum mönnum. Tilhögunin mundi verða að ýmsu leyti lík því, sem nú er um slökkvilið Reykjavíkur. Í því eru 50 manns; þar af eru 9 fastir starfsmenn við slökkvistöðina, en hitt eru borgarar, sem kvaddir eru til starfans. Hafa þeir einkennisbúninga, sem jafnframt eru hlífðarföt. Eru það ljettar kápur og kosta 45 kr., og virðast þær vera hentugar einnig fyrir lögreglumenn, og ættu þá að vera með öðrum lit. Gúmmíkylfur lögreglumanna kosta 15 kr. Auk þess þyrfti höfuðföt og einhver sjerstök einkenni handa yfirmanni og undirforingjum, en alls ætti útbúnaðurinn ekki að fara fram úr 100 kr. á mann að meðaltali, eða í mesta lagi 10 til 12 þús. kr. fyrir þann mannfjölda, sem stungið er upp á. Ennfremur þyrfti væntanlega að kosta einhverju upp á forstöðumann í byrjun, annaðhvort styrkja hann til utanfarar til að kynna sjer störfin, eða fá hingað útlending um tíma til þess að æfa sveitina. Áætlum við, að 5000 kr. útgjöld ættu að nægja í þessu skyni, og er þá talinn allur stofnkostnaðurinn.

Um árlegan kostnað er erfitt að gera nákvæma áætlun. Aukaþóknun til forstöðumanns mætti giska á 200 kr. á mánuði, ef hann gegnir öðru föstu starfi. Fyrir æfingar ætti að greiða hverjum manni fasta árlega þóknun, og er álitamál, hver hún ætti að vera; líklega 50 til 100 kr. — Þegar menn eru kvaddir til lögregluverka, mætti borga þeim eftir taxta, eitthvað í líkingu við slökkvilið Reykjavíkur. (Þar eru greiddar 6 kr. í hvert sinn, sem liðið er til kvatt, fyrir fyrstu klst., og 3 kr. fyrir hverja klst. fram yfir, sem þeir eru við starfann).

Við teljum, að sjaldan mundi til þess koma, að varalögreglan yrði til kvödd; vitneskjan um, að hún er til taks, mundi venjulega nægja. Búumst við ekki við, að árlegur kostnaður alls mundi fara fram úr 10 til 15 þús. kr. Til æfinga yrðu að sjálfsögðu notuð leikfimishús þau, sem hið opinbera hefir umráð yfir.

Af framanskráðum ástæðum leggjum við til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilað að koma á fót varalögregluliði í kaupstöðum landsins — alt að 100 manna sveit í Reykjavík og alt að 10 manna sveit í öðrum kaupstöðum — til þess að vera til taks lögreglustjórum til aðstoðar, er nauðsyn krefur.
2. 2. gr. orðist svo:
   Allir karlmenn, sem eru fullra 20 ára að aldri og ekki yfir fertugt, og til eru kvaddir, eru skyldir að ganga í varalögregluliðið og gegna þeirri skyldu í 5 ár, enda sjeu þeir ekki til þess ófærir vegna sjúkdóms eða slíkra forfalla.
3. Síðari málsgrein 3. gr. orðist svo:
   Þóknun má greiða forstöðumanni varalögreglusveitar í Reykjavík, og skal hún ákveðin í reglugerð. Öðrum varalögreglumönnum má og á sama hátt greiða þóknun, er miðuð sje við tíma þann, sem þeir verja til starfsins og til æfinga vegna þess.
4. Upphaf 4. gr. orðist svo:
   Með reglugerð setur dómsmálaráðherra ítarleg ákvæði um varalögreglu, skipulag lögregluliðs þessa, þóknun, starfshætti — — —

Alþingi, 18. apríl 1925.

Jón Kjartansson, frsm. Árni Jónsson.

Nd. **364. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Áður en frv. var vísað til nefndarinnar hafði hún athugað þetta mál nokkuð og leitað álits landssímastjóra um það. Leggur hann með málinu, og er frumvarpið á þingskjali 308 í aðalatriðum eins og frumvarp það, er landssímastjórinn ljet fylgja umsögn sinni um málið til allsherjarnefndar.

Nefndin lítur svo á, að hjer sje um mjög merkilegt mál að ræða og telur mikla nauðsyn þess, að útvarpsstöð eða stöðvar verði reistar hjer hið fyrsta. Er útvarpið (broadcasting) ekki einungis til skemtunar, heldur og til gagns fyrir þá, sem þess geta notið. Og við mundum, jafnvel öðrum þjóðum frekar, geta haft af því margvíslegt gagn. Má benda á, hve nauðsynlegt það væri fyrir vjelbátana íslensku, að geta fengið fregnir frá stöðinni um veður og veðurútlit og um aflabrögð á þessum eða hinum staðnum, sem beinlínis getur orðið til *gróða fyrir útveginn*. Margt fleira mætti benda á, ef þörf gerðist.

En til þess að koma útvarpinu á, verður líklega ekki önnur leið fær en að veita *sjerleyfi* til þessarar starfrækslu um nokkurra ára skeið, svo sem frv. fer fram á, úr því að landssímanum er ekki treyst til að ráðast í þetta fyrirtæki að svo komnu, sem skyldast hefði þó verið.

En nefndin vill ekki, að sjerleyfið verði í lögum um þetta stílað á nafn einstaks manns eða fjelags, og leggur því til, að það verði felt niður úr frv. Einnig leggur hún til, að heimildin um að framselja sjerleyfi verði feld niður.

Nefndin vill þó láta þess getið, að hún telur rjett, að þeim mönnum, eða fjelagi þeirra manna, sem um ræðir í frv., verði, að öðru jöfnu, veitt sjerleyfi til þess að reka útvarpið.

Þá vill nefndin ekki einskorða veitingu sjerleyfis við það, að hlutafjelag verði stofnað til þess að reka útvarpið. Því vel getur hugsast annað fyrirkomulag í þessu efni. Leyfistímann vill nefndin stytta, svo að hann fari eigi fram úr 7 árum.

Um það hefir verið deilt, hve mikið afl væntanleg útvarpsstöð þyrfti að hafa til þess að geta náð til alls landsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að stöðin hafi ekki minna afl en svo, að hún geti varpað út a. m. k. með 150 km. radiusi. En nefndin hefir fengið þær upplýsingar, að slík stöð mundi eigi hafa nægt afl til útvarps um alt landið, nema með afarkostnaði fyrir þá notendur, sem fjarri eru stöðinni, þannig, að móttökutæki þeirra yrðu þá að vera svo fullkomin og um leið svo dýr, að flestum yrði sá kostnaður lítt kleifur. Í frv. landssímastjóra er afl stöðvarinnar miðað við það, að hún hafi ½ kw. í loftnet. Mun sú ákvörðun um afl stöðvar vera nákvæmari en að miða við vegalengd, er stöðin geti sent, nema þá sje jafnframt miðað við tiltekin móttökutæki í þeirri fjarlægð, sem um

er að ræða. En nefndinni þykir 1/2 kw. í loftnetið of lítið afl fyrir stöðina, og leggur því til, að útvarpsafl stöðvarinnar sje 1,5 kw. í loftnet. En jafnframt leggur nefndin til, að frá þessu megi víkja, ef fleiri verða útvarpsstöðvar en ein, og sem þá auðvitað yrði að setja upp samtímis.

Eftir frv. (3. lið á fyrri staðnum) á ríkisstjórnin að gefa út reglugerð um rekstur útvarpsins og henni falið að ákveða, hvaða viðtökutæki skuli nota og hver ekki. Þetta vill nefndin fella niður, og er það í samræmi við þá tillögu hennar, að fella úr frv. einkarjett væntanlegs sjerleyfishafa »til þess að flytja inn, smíða og selja eða leigja loftskeytaviðtökutæki«. En að sjálfsögðu stendur ákvæðið um það, að ríkisstjórnin geti gefið út reglugerð um rekstur útvarpsins, þar sem m. a. mætti fyrirskipa, að veðurfregnir yrðu sendar á tilteknum tíma, einu sinni eða oftar á degi hverjum, og fleira, sem ástæða þætti til að setja reglur um.

Það tíðkast nú mjög, að útvarpsstöðvar flytja ræður stjórnmálamanna, bæði þegar kosningar standa yfir og endrarnær. Er það og haganlegt, því á þann hátt geta miklu fleiri hlustað á þær en ella. Þetta mundi vafalaust tekið upp hjer, þegar útvarpsstöð er komin. En þess verður að sjálfsögðu að krefjast, að allir stjórnmálaflokkar eigi jafnan aðgang að stöðinni í þessu skyni. Þá verður og að gæta þess, að þau tíðindi eða frjettir, sem stöðin sjálf kann að senda heyrendum, verði eigi lituð í þágu neins sjerstaks stjórnmálaflokks.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir neinum sektarákvæðum í væntanlegri reglugerð. En rjettara þykir að leggja sektir við, ef brotið er gegn rjettindum sjerleyfishafa. Hinsvegar er það og sjálfsagt, að ríkisstjórnin ákveði í sjerleyfi viðurlög, ef sjerleyfishafi rýfur þá skilmála, er honum kunna að verða settir. Heimild til þessa felist í þeim nýja (6.) lið, sem nefndin vill, að bætt verði inn í frv.

Ákvæði frv. um, að ríkið geti keypt stöðina að 10 árum liðnum breytast í samræmi við tillögu nefndarinnar um styttingu sjerleyfistímans.

Nefndin fellst ekki á, að rjett sje að veita þeim, er sjerleyfi kann að fá, einkarjett til sölu á viðtökutækjum, og hefir áður verið að því vikið. Bæði er það, að þá ráða menn því miklu síður, hversu mikinn kostnað þeir vilji leggja í viðtökutækin, og svo hitt, að þeir eru fjöldamargir, sem geta sjálfir búið tækin út eða sett þau saman. Enda eru framfarirnar svo miklar á þessu sviði, að svo að segja daglega koma fram ný tæki, sem taka þeim eldri fram að gæðum og verði. Gæti því verið óheppilegt að binda sig við tæki frá einni verksmiðju, sem ef til vill væru ófullkomnari og dýrari en annars væri kostur á.

Þess vill nefndin láta getið, að hún telur eigi rjett að veita sjerleyfi, nema ríkisstjórnin hafi tryggingu eða vissu fyrir því, að úr framkvæmd verði.

Það er erfitt að gera sjer grein fyrir því, hversu hátt árgjald notendur þyrftu að greiða hjer á landi. Í brjefi, sem stjórn fjelags ísl. loftskeytamanna hefir sent Alþingi um þetta mál, er talið, að árgjaldið ætti eigi að fara fram úr 30—40 kr. á ári. Þykir nefndinni ósennilegt, að árgjaldið þyrfti að vera hærra. Í Englandi er árgjaldið 10 sh., en helmingur þess fellur til ríkisins. Og í dönskum blöðum er nýlega talað um 10—15 króna árgjald þar í landi. En á það þarf að leggja áherslu, að árgjaldið verði sem allra lægst, því móttökutækin kosta talsvert fje, að minsta í hjeruðum, sem fjarri eru útvarpsstöð.

Fyrir nefndinni hefir legið erindi frá A. Gook á Akureyri, þar sem hann

fer fram á, að sjer verði leyft að reisa »viðboðsstöð« í húsi sínu á Akureyri. Telur hann sig hafa nægilegt fje til framkvæmda, svo »að hægt verði að byrja á verkinu næsta haust«.

Allsherjarnefnd sendi einnig þetta erindi til landssímastjóra. Er umsögn hans á þessa leið:

»II. Um erindi frá A. Gook.

Hjer er ekki sótt um neitt sjerleyfi. Ef væntanlegu h/f »Viðvarp« yrði gefið einkaleyfi, verður ekki hægt að veita neinum öðrum leyfi til að starfrækja hjer viðvarpsstöð og taka endurgjald fyrir hjá notendum. Aftur á móti yrðu þeir, sem öfluðu sjer viðtökutækja til að hlusta á prjedikanir Gooks, að greiða afnotagjald til h/f »Viðvarp«, ef þetta fjelag fær einkaleyfið.

Í »Reglugerð um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi«, dags. 17. maí 1918, IV. kafla, 17. gr., er stjórninni veitt heimild til að leyfa uppsetning »gaman«-stöðva. Og að minu áliti heyrir þessi umsókn hr. Gooks þar undir. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að nefndin sendi stjórninni þetta erindi til frekari aðgerða. Þegar svo málið kemur aftur til mín, mun jeg leggja til, að hr. Gook verði veitt þetta leyfi um óákveðið tímabil, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru bæði með tilliti til landssímans og væntanlegs viðvarpsfjelags«.

Með skírskotun til þessarar umsagnar landssímastjóra, vill nefndin hjer með vísa erindi hr. A. Gooks til stjórnarinnar.

Að því er snertir frv. á þskj. 308, þá verður í framsögu gerð nánari grein fyrir því máli. En það er tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. 1. málsgr. skal orða svo:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 5—7 ára skeið frá því útvarpsstöð tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:
2. Við tölulið 1. (á fyrri staðnum):
   a. Í stað »hlutafjelag« komi: fjelag.
   b. Í stað »hlutafje« komi: stofnfje.
   c. Í stað »hlutafjár« komi: þess fjár.
3. Við tölulið 2. (á fyrri staðnum). Fyrir »að hún geti — — — radiusi« komi: 1,5 kw. í loftnetið. Þyki hentugra að hafa fleiri stöðvar en eina, má þó víkja frá þessu ákvæði.
4. Við tölulið 3. (á fyrri staðnum). Liðinn skal orða svo:
   Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur útvarpsins. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn rjettindum sjerleyfishafa.

5. Við tölulið 4. (á fyrri staðnum). Liðinn skal orða svo:
Að ríkið eigi að sjerleyfistímanum liðnum kauprjett á stöðinni eða stöðvunum fyrir matsverð.
6. Við tölulið 5. Í stað »sjeu« komi: eru.
7. Aftan við 5. tölulið bætist nýr liður:
6. Að sjerleyfishafi hlíti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rjett að setja, þar á meðal um viðurlög.
8. Tölulið 1. (á seinni staðnum) skal orða svo:
Að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvarinnar, er tækin eru sett niður, og síðan árlegt gjald fyrir notkun þeirra, hvorttveggja eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.
9. Tölulið 2. (á seinni staðnum) skal orða svo:
Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá opinberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).
10. Við tölulið 3. (á seinni staðnum). Orðið »frá« falli niður.
11. 4. töluliður (á seinni staðnum) falli niður.
12. Úr fyrirsögn frv. falli niður orðin »handa Ottó B. Arnar o. fl.«.

Alþingi, 20. apríl 1925.

Magnús Torfason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.	Jón Kjartansson.
Bernh. Stefánsson.		Árni Jónsson.

Ed. **365. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason, H. Steinsson, Jónas Jónsson.

Aftan við 2. lið bætist þessi málsgrein:

Þingið ætlast til, að landsstjórnin geri samning við bæjarstjórn Reykjavíkur um að fá vatn úr Laugunum endurgjaldslaust til að hita spítalann, gegn því, að landið greiði hlutfallslega kostnað við leiðsluna heim til bæjarins.

Nd. **366. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Fyrir síðari málsgrein 2. gr. komi:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af $^2/_3$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis launununum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^2/_3$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.

Ed. **367. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að mál þetta sje ekki svo vel undirbúið, að rjett sje að það gangi fram á þessu þingi. Álítur hann því, að nauðsynlegt sje, að skipuð verði milliþinganefnd í málið, og mun síðar koma fram með tillögu um það. Með skírskotun til sjerstakra álita frá nefndarmönnum meiri hlutans, sem prentuð eru hjer á eftir sem fylgiskjöl, leggur hann til, að málið sje afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ekki þykir rjett að ráða málinu til lykta án frekari rannsóknar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Sig. Eggerz, form. og frsm. — Ingvar Pálmason, fundaskr.

Björn Kristjánsson. Jónas Jónsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Birni Kristjánssyni.

I.

Eins og kunnugt er, var því frestað þing eftir þing að gera út um það, hvernig ráðstafa ætti seðlaútgáfurjettinum framvegis, og voru síðustu forvöð að gera það á síðasta þingi, til þess að sú ráðstöfun gæti talist framkvæmd í tíma.

En fráfarandi stjórn hafði ekki borið fram neitt frv. um þetta efni í byrjun þings. Þetta varð þess valdandi, til þess þó að hreyfa málinu, að jeg bar fram frv. mitt um seðlaútgáfurjett ríkisins, á þskj. 105 í fyrra, þar sem gert er ráð fyrir, að sjerstök stofnun hafi alla stjórnina á seðlunum og tryggingum þeirra. En eins og á stóð þótti mjer það tiltækilegast, úr því eigi var mögulegt þá í svip að stofna sjerstakan seðlabanka með innlendu fje, sem hefði verið það æskilegasta. En það átti að vera auðvelt að gera það síðar, er efni landsmanna leyfðu. Það er og nauðsynlegt, á meðan bankarnir eru ekki nema tveir, að þeir eigi þurfi að lifa eftir seðlabankareglum. Eigi bankarnir hjer að geta komið atvinnuvegunum að verulegum notum, þá verða þeir að lána talsvert djarfara til þeirra en gerist hjá seðlabönkum, þó auðvitað verði að vera hæfileg takmörk fyrir því.

Uppástunga mín um sjerstaka seðlastofnun var nýmæli að forminu til, en ekki í reyndinni, og stóðu umbúðirnar til bóta. En frv. fjekk enga umbót á þinginu. Jeg lagði því til í nefndaráliti á þskj. 350, að stjórnin legði seðlamálið alt undir álit erlendrar *seðlabankastjórnar*, og engir gátu verið færari til þess nje óhlutdrægari en t. d. stjórn einhvers seðlabanka á Norðurlöndum. Þannig fór landshöfðinginn og að árið 1900, er lög Íslandsbanka voru í undirbúningi. En stjórnir slíkra banka hafa bæði bóklegu og *verklegu* þekkinguna. En auðvitað hlaut árangurinn að velta á því, *hvernig málið yrði borið undir hina útlendu banka.*

Nokkru eftir að jeg hafði borið frv. mitt fram og að það var komið í nefnd, afhenti fráfarin stjórn nefndinni skrifað frv. frá Landsbankanum, þar sem lagt er til, að Landsbankanum sje afhentur seðlaútgáfurjetturinn. Báðum frv. var því næst vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá á þskj. 361.

Málið var samt ekki lagt undir erlenda seðlabankastjórn, heldur álit hagfræðingsins prófessors Axels Nielsens í Kaupmannahöfn. Og bankastjórn Landsbankans verður fyrri til en stjórnin, og sendir einn af bankastjórunum til Kaupmannahafnar til að starfa þar að undirbúningi seðlamálsins með þessum ráðunaut. Og ekki sjest, að bankastjórinn hafi haft annað erindi en að halda frv. bankans fram við hann sem frv., er Landsbankinn og landsstjórnin ætlaði sjer að leggja fyrir næsta þing. Prófessorinn hefir því ekki annað að gera en að segja álit sitt um þetta *eina* frv., enda gefur hann þetta álit 29. sept. f. á. Álitið er kurteislega og gætilega samið, og aðallega *almenns* efnis, en prófessorinn varast

að koma nærri einstökum greinum frv. sjálfs. Það sjest greinilega á áliti þessu, að prófessorinn hefir þá ekki verið búinn að sjá andmæli mín gegn frv. í fyrra, á þskj. 350, sem var aðalinnlegg mitt í seðlamálinu á því þingi.

Þegar álit prófessorsins um bankafrv. var komið á stað til Landsbankans, sendir stjórnin, 6. okt., þessum *sama* prófessor, Axel Nielsen, bæði frv. til umsagnar, sem fyrir þinginu höfðu legið. Og þar sem prófessorinn var þegar búinn að gefa álit sitt um bankafrv., sem hann mun hafa álitið, að stjórnin ætlaði að bera fram á þessu þingi, þá er ekki nema eðlilegt, þegar hann var að vinna í þjónustu bankans og stjórnarinnar, að hann tali kuldalega um frv. mitt í áliti sínu til stjórnarinnar, dags. 1. des. f. á. En fáir eru gallarnir, sem hann nefnir, og gerir sjer eðlilega ekki far um að benda á, hvernig megi bæta úr þeim.

Jeg verð því að leyfa mjer að rjettlæta frv. mitt og afskifti mín af málinu í fyrra á þingi með nokkrum orðum. Orsakirnar til þess, að jeg valdi þá leið, sem frv. bygðist á, voru aðallega þessar:

1. *að* jeg þekti veikleika vorn, enn sem komið er, til að stjórna seðlabanka samkvæmt fenginni reynslu, af því oss vantar kunnáttumenn til þess. Er það öllum kunnugt, að lítið er af gáfuðum, *reyndum* banka- eða verslunarfróðum mönnum hjer á landi, sem hafa fengið nauðsynlegt uppeldi í þeirri grein og mótast hafa af göfugum og áreiðanlegum viðskiftahugsunarhætti, enda of lítil trygging fyrir, að þeir væru valdir í þær stöður, eins og hjer á stendur, þó kostur væri á þeim. Og af því svo stendur á, verður bankafyrirkomulagið og bankastarfsemin að vera sem *óbrotnust*, svo að yfirlitið verði sem vandaminst, því annars er hætt við, að bankastjórnin geti ekki sniðið stakk bankans eftir vexti, hafi ekki á valdi sínu að »*disponera*«, og rati því í ógöngur fyr en varir, eins og reynslan hefir sýnt í báðum bönkunum. Þess vegna verður að forðast *að öllu œgi saman* í einni og sömu stofnun.

   En þetta þekkja útlendingar ekki, og búast því við, að stjórnir bankanna hjer sjeu skipaðar kunnáttumönnum, sem færir sjeu um að hafa þetta nauðsynlega yfirlit yfir hag bankanna og yfir viðskiftaástandið í landinu á hverjum tíma. Og út frá þessari þekkingu gengur prófessorinn sýnilega í áliti sínu um stjórnarfrv., sem fyrir hann var lagt, því skýrt kemur líka fram hjá honum í álitinu til Landsbankans, að alt velti á því, hvernig seðlabanka er stjórnað, og að hversu vel sem seðlabankalög sjeu útbúin, þá komi það ekki að haldi, ef stjórn bankans veldur því ekki að stjórna viturlega og samviskusamlega. Og þetta er hverju orði sannara. En eigi að síður má ómögulega vanrækja að hafa seðlabankalögin í fullu lagi.
2. *að* jeg vildi láta seðlana vera bönkunum óháða, til þess að tryggja seðlana og ríkissjóðinn sem best fyrir slysum af bönkunum, en það hlaut að vera best trygt með því að taka tryggingarnar *að handveði*, ekki samt af handahófi, »*uvraget*«, eins og prófessorinn kemst að orði, heldur trygg handveð, sem formaður seðlastofnunarinnar teldi góð og gild, og endurskoðendur stofnunarinnar. Prófessorinn gengur alveg fram hjá því, að sagt er í 9. gr. frv. míns, að bankarnir eigi að setja að veði »trygg« verðbrjef og víxla. Og í 7. gr. er tekið fram, að fjármáladeild stjórnarráðsins endurskoði stofnunina að minsta kosti mánaðarlega, og á hún, meðal annars, að »grannskoða

tryggingar þær«, sem settar eru að veði fyrir seðlunum. En þrátt fyrir þetta segir prófessorinn, að veðin eigi að takast »uvraget«, eða eins og þau fyrir koma.

Og jeg vil spyrja: Munu slíkar tryggingar ekki koma til að liggja »uvraget« í hinum væntanlega seðlabanka? Frv. gerir ekki ráð fyrir öðru.

3. *að* bankarnir báðir gætu staðið nokkurnveginn jafnt að vígi til þess að styðja atvinnuvegi landsins áfram með seðlunum, og stafaði það meðal annars af því, að jeg óttaðist, að bankanum mundi verða ofurefli að taka við *öllum* seðlaútgáfurjettinum, þar sem sparisjóðsfje bankans, *sem fer sívaxandi*, hefir reynst svo mikið, að bankinn hefir ekki sjeð sjer annað fært en að lána það í allmiklum mæli, að mínu áliti gegn of veikum tryggingum, og sjeð sig þess utan knúðan til undanfarin ár að ávaxta allmikið af sparisjóðsfjenu, alt að 4 miljónum kr. eða meira, annarsstaðar innanlands, fyrir að mun lægri vexti en hann hefir orðið sjálfur að borga sparisjóðsinneigendum sínum. Mjer fanst, að þegar bankinn átti svona örðugt með að ávaxta alt sparisjóðsfje sitt, þá yrði honum enn örðugra að vasast með alla seðlaútgáfuna með öllu því vastri, sem henni fylgir. Á hinn bóginn voru lítil líkindi til, að hinn bankinn gæti *til frambúðar* »rediskonterað« víxla sína með þeim kjörum, sem Íslandsbanki hefir orðið að sæta. En af þessu gæti leitt gjaldmiðilsþurð, á meðan gull og silfur getur ekki verið í umferðinni.
4. *að* það vakti fyrir mjer, að ef Íslandsbanki yrði sviftur allri beinni notkun seðla, þá yrði þar með upphafin skylda hans eða *aðhald* til að hafa útibú í helstu kaupstöðum landsins, og þá líka vafasamt, hvort hann *gæti* haldið þeim útibúum uppi, sem hann varð að setja á stofn vegna seðlaútgáfurjettarins. Og gæti hann það ekki, þá hlyti afleiðingin að verða hrein bankaeinokun á þeim stöðum, og taldi jeg það ekkert gæfuspor fyrir lántakendur eða atvinnuvegina.
5. *að* jeg vissi, að aðalbankastjórn Landsbankans var skipuð *fyrir lífstíð*, sem ekki getur samrýmst hagsmunum nokkurrar þjóðar eða seðlabanka, samkvæmt fenginni reynslu. Þar af leiðir, að stjórnir erlendra seðlabanka eru nú venjulega ráðnar til stutts tíma, eða að minsta kosti með stuttum uppsagnarfresti. Er þetta gert til þess, að seðlabankinn, eða bankastjórn hans, verði jafnan laus við alla flokkapólitík og klíkuskap. Má í því efni benda á, hvernig frændur vorir Norðmenn velja í stjórn og yfirstjórn seðlabanka síns, og er það gert sem hjer segir: Samkvæmt 20. gr. laga seðlabanka Noregs frá 1892 stendur bankinn undir yfirstjórn 15 manna bankaráðs, og undir stjórn 5 bankastjóra. Og hverju útibúi stjórnar 1 bankastjóri og 2 meðstjórnendur, sem eru undirstjórn útibúanna.

Meðlimi bankaráðsins velur Stórþingið til 6 ára, en hvert þriðja ár fer hálft bankaráðið frá, 7 eða 8 meðlimir þess í hvert skifti. Þess utan eru 7 varamenn valdir þriðja hvert ár.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er formaður og annar formaður bankastjórnarinnar skipaðir af konungi, að fengnum tillögum bankaráðsins. Þeim má segja upp með 6 mánaða uppsagnarfresti, þó þannig, að víkja megi þeim burt fyrirvaralaust, gegn því að fá laun sín næstu 6 mánuði.

Hina bankastjórana þrjá velur Stórþingið til 6 ára. En þriðja hvert ár ganga 1 eða 2 úr stjórninni á víxl. Enn fremur velur Stórþingið 3 varamenn. Svona tryggilega er þar um búið.

6. *að* jeg áleit, að meiri trygging væri fyrir því, að eigi yrði gefið út of mikið af seðlum eða of lítið eins og nú á stendur, eða að of ógætilega yrði lánað, ef sjerstakur vel hæfur maður eða menn, óháðir bönkunum, vektu yfir því, eins og annarsstaðar gerist. Jeg taldi meiri tryggingu í þessari tilhögun en að bankastjórarnir *einir* hefðu alt valdið yfir seðlaútgáfunni, eins og stjórnarfrv. ætlast til.
7. *að* mjer var það ljóst, að ef seðlastofnunin væri *sjerstök*, þá þyrfti ekki að útvega gullforðatryggingu nema fyrir seðlunum *einum*. En ef Landsbankinn ætti að taka við seðlunum, þá mundi hann ekki komast hjá að gulltryggja það fje, sem hann ávaxtar fyrir aðra, að minsta kosti undir eins og seðlarnir eru gerðir innleysanlegir.

Eigi get jeg verið sammála prófessornum um, að verðþensla (Inflation) stafi eingöngu af því, að seðlarnir eru óinnleysanlegir. Það má sannarlega lána of mikið og gefa út of mikið af seðlum, þó þeir sjeu gulltrygðir með $^{3}/_{5}$ af upphæð þeirra. En það er vitanlegt, að því ódýrari sem seðlarnir eru bönkunum og minna gulltrygðir, því meiri hvöt er fyrir þá að gefa út of mikið af þeim, í von um aukinn gróða. Og eins er hitt, að vel *má* lána í hófi, þó að seðlarnir sjeu óinnleysanlegir.

Prófessorinn álítur, að hættan við það að gefa út of mikið af seðlum hverfi við það, að seðlabankinn sje gerður að ríkisbanka, sem hafi minni hvöt til að græða en hlutabanki. En alt fer þetta eftir skoðunum bankastjórnarinnar á hverjum tíma og kringumstæðunum. Hún getur á ýmsum tímum verið flokkspólitisk, á öðrum tímum ekki; hún getur ýmist verið andstæð sósíalistahreyfingunni, eða henni fast fylgjandi, og þá skoðað fje bankans nokkurskonar almenningseign, og því slept tökunum á því að lána gegn fullgildu veði eða gildri tryggingu. Og svo gæti enn fremur á staðið, að á bankanum hvíldu eitthvert tímabil yfirvofandi stór töp, þungar skuldir o. s. frv. Og ef svo stæði á, lægi þá ekki hættan nærri, þó bankinn sje ríkisbanki, að hann geti gefið út of mikið af seðlum, til þess að auka veltuna sem mest, í von um að geta unnið töpin upp og afborgað skuldirnar?

Jeg mundi telja líklegt, að prófessorinn fjellist á þetta, ef hann væri hjer staddur. En um leið og bankarnir líða eða ýta undir of mikla framtakssemi með of örum lánveitingum, og þar með of mikilli seðlaútgáfu, þá skapa *þeir sjálfir* verðþenslu (Inflation).

Jeg kem svo að aðfinslum prófessorsins við frumvarp mitt. Telur hann:

1. *að* stofnunin standi ekki í *beinu* sambandi við atvinnuvegina, og verði því að skoðast sem nokkurskonar afgreiðsluskrifstofa, sem ekki geti haft nein áhrif með seðlum sínum á hagsveiflur, gengi o. s. frv.
2. *að* seðlastofnunin ætli að taka veðin »uvraget«.
3. *að* stofnunin ætli ekki einu sinni að liggja með gullforðann sjálf, heldur ætli hún að láta bankana geyma hann.

4. *að* jeg ætli að láta tvo bankana keppast um að nota seðlana, en skifti þeim ekki á milli þeirra.

Þetta eru nú athugasemdirnar við frv. *sjálft*, og svara jeg þeim þannig:

1. Það er rjett, að stofnunin átti ekki að standa í *beinu* sambandi við atvinnuvegina; það standa seðlabankar erlendis heldur ekki nema að litlu leyti, samanber frásögn prófessorsins sjálfs, þar sem hann skýrir frá, að seðlabankarnir sjeu nú að verða aðallega »bankar bankanna«. Og það átti stofnun mín einmitt að verða. Og þetta *vald* yfir peningaástandinu, sem prófessorinn leggur svo mikla áherslu á, gat seðlastofnunin ekki haft nema *í nokkrum* mæli, með því að halda aftur af ofnotkun seðlanna, er með þurfti, en þetta vald geta seðlabankarnir erlendis heldur ekki haft nema að nokkru leyti, og það ætti prófessornum einmitt að vera kunnugt nú af dæmum frá Danmörku. Þjóðbankinn danski hefir gert tilraunir til að hindra útlán til nýrra fyrirtækja, og fengið aðra banka í lið með sjer til þess, en það hefir lítið stoðað. Þrátt fyrir þetta hafa Danir lagt út í eitt fyrirtækið af öðru, og fengið fje til þess hjá þeim, sem inni áttu í bönkum og sparisjóðum. Alveg eins gengur það hjer. Bankarnir og landsstjórnin hafa gefið út áskorunarskjal um, að menn skuli forðast að leggja út í ný fyrirtæki, sem heimta veruleg fjárútlát. En á sama ári eru 8 ný botnvörpuskip keypt til landsins. Og bankarnir hafa síðari árin tekið sig saman um að lána ekki til fyrirtækja, svo sem húsabygginga, til þess að forðast að festa fje. En hvað skeður? Reykvíkingar einir byggja hús árið 1923 fyrir kr. 2760156,00 eftir brunabótamati, og þess utan er bygt við önnur hús í bænum, og þau aukin á annan hátt, fyrir um $^1/_2$ miljón króna, eftir því sem áætlað er, og alla peningana sækja húsbyggjendurnir í bankana, þó þeir engin lán veiti.

Það getur lítið nógu vel út á *pappírnum* þetta vald, sem prófessorinn vill láta seðlabankana hafa, en reynslan sýnir, að það er lítilsvert. Og hvernig ætti Landsbankinn að hafa þetta vald sem seðlabanki, sem hafði yfir 23 miljón kr. í sparisjóði 1923, sem eykst hröðum fetum? Og jeg er ekki viss um, hversu holt þetta bankaeinveldi væri í okkar fámenna landi. Prófessorinn telur seðlastofnun mína þýðingarlausa. Hann gætir ekki einu sinni að því, að ef stofnunin er sjerstök, þá þarf þó ekki *að gulltryggja nema seðlana eina.*

2. Viðvíkjandi handveðstryggingunni, sem prófessorinn segir, að stofnunin ætli að taka »uvraget«, hef jeg sýnt fram á hjer að framan, að var ástæðulaus getsök.
3. Viðvíkjandi athugasemd hans um, að seðlastofnunin ætti ekki einu sinni að gera svo mikið sem að *geyma* gullforðann, þá er hún á fullum misskilningi bygð, sem sjá má af frumvarpi mínu á þingskj. 105, 9. gr. 4, og athugasemdinni við hana. Er þar átt við, að bankarnir geymi gullforðann og seðlana, *ef seðlastofnunin óski þess.* Og er að eins átt við, að bankarnir leggi stofnuninni til *kjallararúm* fyrir peningaskápa hennar, *ef* hún sjálf hefði of lítið húsrúm til fjárgeymslu. En svo var gert ráð fyrir, að seðlastofnunin afhenti bönkunum smáar upphæðir eftir hendinni, til þess að innleysa seðlana með. Þessi ummæli prófessorsins hafa því einnig við lítið að styðjast.
4. Þá fer prófessorinn mörgum aðfinsluorðum um það, að jeg ætlaði að láta

báða bankana njóta seðlanna, og að nota þá eftir því, sem *viðskifti bankanna á hinum ýmsu tímum gæfu tilefni til, til þess að gera viðskiftamiðilinn sveigjanlegri*, sem sjálfsagt var að gera, í staðinn fyrir að skifta seðlunum ákveðið á milli bankanna, og ræðst hann þar sjerstaklega á sektarrentu bankanna, ef seðlaþrot yrðu. Sektarrentan mátti mín vegna falla burt, og hafði jeg nálega felt hana burt sjálfur með breytingartillögu. Eins hefði jeg getað fallið frá að ákveða seðlamagnið árlega *fyrirfram*, en láta í þess stað *heilbrigða* viðskiftaþörf ráða. Og það hefði prófessorinn getað bent á með örfáum orðum, og því sparað sjer alla mælginа um það atriði.

Prófessorinn gerir sjer mikið far um að láta líta svo út, að hjer yrðu 2 seðlabankar, ef báðir bankarnir fengju víxla sína »rediskonteraða« hjá seðlastofnuninni. Þessu getur hann því að eins haldið fram, að hann geti fært mönnum heim sanninn um það, að t. d. Landmandsbanken, Privatbanken og allir aðrir bankar í Höfn, sem »rediskontera« hjá Þjóðbankanum þar, sjeu í raun og veru seðlabankar, af því þeir nota seðla Þjóðbankans. Eða að allir bankar t. d. á Englandi sjeu seðlabankar, af því þeir »rediskontera« víxla sína í Englandsbanka og fá þar seðla út á þá.

En það mun veita örðugt að færa nokkrum heilskygnum manni heim sanninn um þetta, jafnvel ekki Íslendingum. Og hvernig fer um seðlabankana, sem eru að verða »bankar bankanna«, eftir kenningu prófessorsins? Þeir gera þá ekki annað en búa til nýja seðlabanka?

Í sambandi við þetta bendir prófessorinn á það alræðisvald, sem seðlabanki verði að hafa til þess að jafna gengissveiflur o. s. frv., sem hafi leitt til þess, að löndin hafi horfið frá því að gefa mörgum sjálfstæðum bönkum í sama landi sjálfstæðan seðlaútgáfurjett, þar sem hver hafi kept við annan um útlánin og seðlaútgáfuna.

Hjer gæti í fljótu bragði sjeð verið um einhverja átyllu að ræða, en við nánari athugun er það þó ekki.

Prófessorinn hefir rjett fyrir sjer í því, að þetta hefir verið stefnan, að minsta kosti í Evrópu — í Bandaríkjunum ekki —, en það liggur í því, að um svo *marga* seðlabanka í hverju landi fyrir sig var að ræða, sem enga samvinnu höfðu. En hjer stendur svo á, að það eru að eins tveir bankar, sem fengju seðlana að *láni gegn veði*, bankar, sem janan hafa komið sjer saman um forvexti, vexti, ómakslaun (Provision) o. s. frv. Og þar sem rjettur þeirra til seðlaútgáfunnar, samkvæmt frumvarpi mínu, náði að eins til *10 ára í senn*, þá virðist engin hætta hefði getað verið á því, að annarhvor bankinn misnotaði seðlana, því hann mundi þá missa þessi hlunnindi að fyrstu 10 árunum liðnum. En prófessorinn gætir ekki að þessum mikla mun, og það liggur í því, að hann hefir svo lítið sett sig inn í frumvarp mitt og kringumstæðurnar hjer, sem eðlilegt er, þar sem hann virðist skoða að eins hlutverk sitt að finna að frumvarpinu. Og hann gætir heldur ekki að því, í hversu veiku glerhúsi sá seðlabanki verður staddur, sem tekur að sjer allan seðlaútgáfurjettinn og hefir að veltufje meira af sparisjóðs- og hlaupareikningsfje en allri seðlaútgáfunni og væntanlegu hlutafje mundi nema, sem ekki er líklegt að verði mikið, eins og til er stofnað. Það virðist útilokað, að slíkur banki geti beitt neinu valdi í þá átt, sem prófessorinn

ætlast til, enda er þetta vald lítilsvirði erlendis, eins og reynslan nú sýnir. Hjer hefi jeg þá skýrt frá þessum 4 atriðum, sem prófessorinn aðallega gerir athugasemdir um *og snerta frv. sjálft*, og sem eru svo mikils virði í hans augum, að hann leggur frv. frá sjer og álítur það ekki ómaksins vert að gagnrýna það meira, eða benda á, hvernig það megi bæta.

En prófessorinn fer því næst að fetta fingur út í skoðanir mínar, *almenns efnis*, sem koma fram í ástæðunum fyrir frv., sem lítið koma því sjálfu við, og eru aðfinslur hans um þessi atriði aðallega fjórar.

1. Prófessornum finst skilgreining mín óþarfi á milli *gjaldmiðilsþarfar* og *viðskiftaþarfar*, og segir jafnvel að hún sje ástæðulaus. Hann vill skoða gjaldmiðilsþörfina og viðskiftaþörfina eitt og hið sama, enda gengur hann út frá óskeikulli bankastjórn. Þetta getur verið rjett, *ef viðskiftaþörfin* er *heilbrigð í hófi*. En undir eins og leiðir skilja, og það gera þær oft, og ekki síst hjer á landi, þar sem menn ganga með svo mikilli ókærni til allskonar framkvæmda og fá lán til þeirra, þá er ekki hægt að kalla gjaldmiðilsþörfina og viðskiftaþörfina eitt og hið sama. Viðskiftaþörfin er ótæmandi og *óseðjandi*, eins og flestir menn þekkja. Og reglulegri forvaxtapólitík, sem prófessorinn leggur svo mikla áherslu á, er örðugt að beita í þessu landi, enda hagar alt öðruvísi til með bankastarfsemina hjer en erlendis. Hjer taka menn lán hversu háir sem forvextirnir eru, og verða oft að gera það, t. d. framleiðandinn. Sje harðneskju beitt með háum forvöxtum, þá gengur það hjer minna út á verslunina en framleiðsluna, af því *sömu* lánsstofnanirnar skifta við þessa tvo atvinnuvegi. En annarsstaðar er þetta meir aðgreint. Forvaxtapólitíkin hjer verkar því oft öfugt við það, sem hún verkar annarsstaðar.
2. Þá finnur prófessorinn veilu í því hjá mjer, að jeg dreg í efa, að það borgi sig fyrir banka hjer að gefa út seðla, ef eigi sje gefið meira út af þeim en *sönn* (heilbrigð) gjaldmiðilsþörf krefur, *ef* sjá á fyrir því um leið, að nokkurt rúm sje fyrir gull- og silfurmynt í umferð í landinu, sem jeg tel nauðsynlegt, en hann ekki. Segir hann í skopi, að hann sjái ekki betur en að banki græði á hverjum seðli, sem hann gefi út. Kallar prófessorinn það óþarfa prjál (Luxus) að láta almenning fá gull- og silfurmynt handa á milli í veltufjárfátæku landi.

Að því er fyrra atriðið snertir, hvort borgi sig að gefa út lítið af seðlum, þá er það vitanlegt, að seðlaprentun er dýr, og því minna sem gefið er út af þeim, eftir því verða þeir óarðvænlegri. Og á jeg einmitt við það. — Og prófessorinn veit fráleitt, að hjer er enn rekin allvíðtæk vöruskiftaverslun, einkum í sveitum, þar sem seðlar ættu þó helst að staðnæmast, svo lítið er þar notað af gjaldmiðli. En að því er síðara atriðið snertir, að íslensk alþýða hafi enga þörf fyrir gull- og silfurmynt, þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að gull- og silfurmynt er *menningar-* og *sparsemdar*meðal, sem hefir mjög mikil áhrif í þá átt að venja alþýðu á sparsemi, sem virðist engin vanþörf á í þessu landi. Alþýðumenn, ungir ekki síður en gamlir, hugsa sig tvisvar um, áður en þeir láta gullpening úr buddunni fyrir óþarfa, en taka ekki nærri sjer að fleygja skítugum bankaseðli út fyrir óþarfann. Önnur lönd hafa því flest gert sjer einmitt far um á friðartímum að hafa mynt úr góðmálmum í umferð meðal almennings, ásamt

seðlunum, og kosta miklu fje til þess. Auk þess styrkir það seðlabankann í því að geta haldið við hinum löglega gullforða í landinu. Þetta ætti að benda á, að fjármagnsfátækt land þarf, engu síður og jafnvel fremur en ríku löndin, að hafa gull- og silfurmynt í umferð meðal almennings. Og loksins vil jeg taka fram, að fjármagnsfátæka landið þarf ríkum löndum fremur að hafa verðmikinn gjaldmiðil, vegna viðskiftanna við útlönd og traustsins þar. Þessu öllu til sönnunar vil jeg leyfa mjer að taka hjer upp skýrslu um myntforða og seðlamagn nokkurra landa um árið 1907, sem hljóðar svo:

	Mynt á mann kr.	Seðlar á mann kr.
England	56	10,83
Danmörk (í gullm. kr. 24,60) ...	35	
Noregur	19	18,46
Svíaríki	20	17,98
Austurríki og Ungverjaland ...	30	5,25
Rússland	26	4,33
Spánn	49	
Þýzkaland	77	10,41
Frakkland	127	
Svissland	43	
Ítalía	33	9,56
Holland	63	
Bandaríkin	100	
Kanada	45	
Argentína	87	
Ástralía (ensk)	131	

Jeg sje svo ekki ástæðu til að svara aðfinslum prófessorsins sjerstaklega um enn smærri atriði, en mun athuga þau jafnframt og jeg tala um hin almennu atriði, sem einnig snerta frv. það, sem hjer liggur fyrir.

II.

Jeg hef haldið því fram, að Landsbankanum væri ekki þannig fyrir komið, að auðið væri að afhenda honum seðlaútgáfurjettinn á venjulegan hátt, en að hinsvegar mætti *lána* honum seðla í meiri eða minni mæli, gegn *handveði*. Og þær ástæður hefi jeg fyrir því fært:

1. Að bankinn hefði alt of stóran sparisjóð til þess, þar sem hann í raun og veru er ekki annað en sparisjóður, þó hann sje kallaður banki.
2. Að til þess að veita banka seðlaútgáfurjett hjer þurfi allháa gulltryggingu, og megi hún ekki vera minni en Þjóðbankans danska, 50 %, ef tekið er tillit til legu landsins, einangrunar, og að hugmyndinni um innlausn seðla fyrir gull er haldið, sem auðvitað verður að vera.

3. Ennfremur verður að taka tillit til þess, að lánspólitík Landsbankans síðari árin hefir verið alt önnur en samrýmst geti seðlabanka, þó hann hafi gullforða. En miklum örðugleikum er bundið að breyta viðskiftastefnu banka, nema á löngum tíma, að gera t. d. gróðabanka að gætnum og tryggum seðlabanka. Öll undirbygging hans í mörg ár mælir á móti því.

Við þessi meginatriði í skoðunum mínum hefir prófessorinn sitthvað að athuga. Hann kemst þó ekki hjá því að því er fyrsta liðinn snertir að samsinna því, að engir seðlabankar hafi sparisjóð, og þá mundi hann og viðurkenna, *að engum sparisjóði í heimi hafi nokkurntíma verið afhentur seðlaútgáfurjettur*, en þannig stendur hjer á, að sparisjóður (Landsbankinn) á að taka við honum. Og prófessornum finst, að þetta sje þó gerlegt, af því Landsbankinn sje ríkisbanki. Og þó hann í áliti sínu segi frá hinum alment viðurkendu ástæðum til þess, að seðlabankar vilja ekki taka við fje til ávöxtunar, þá reynir hann að draga úr henni síðar í álitinu, og segir þar, að orsökin til þess, að seðlabankar ekki vilji taka við fje til ávöxtunar, muni fremur stafa af *raunverulegri framþróun* bankanna en grundvallaðri andúð gegn slíku fje. En eftirtektarvert er, að prófessorinn staðfestir sjálfur í umsögn sinni, að seðlastofnun, sem að eins hafi viðskifti við bankana, hafi alt það afl í viðskiftum, sem ætlast verður til af seðlabanka. Hann skoðar sem sje, að seðlabankar erlendis hafi þetta afl, og í sambandi við umsögn sína um sparisjóðsstarfsemi Landsbankans segir hann, að enginn seðlabanki reki — svo hann viti — sparisjóðsstarfsemi, og að það sje af þeirri einföldu ástæðu, að fyrirkomulag seðlabanka sje nú, fyrir rás tímanna, orðið það, að þeir sjeu orðnir »bankar bankanna«, þar sem þeir setji seðlana í umferð fyrir milligöngu bankanna. Öldungis eins og seðlastofnun mín átti að gera. Af þessu má sjá, að hugsunargangur prófessorsins er nokkuð undarlegur. Röksemdafærsla hans í þessu efni verður í stórum dráttum á þessa leið:

Sjerstök seðlastofnun verður ekki nógu máttug í viðskiftalífinu, og þess vegna á að leggja seðlaútgáfuna í hendur Landsbankans, sem hefir nægan kraft vegna sparisjóðsstarfsemi hans og viðskifta við einstaka (privat) menn, en að vísu eru seðlabankar erlendis nógu máttugir í viðskiftalífinu þar, þó þeir hafi *enga* sparisjóðsstarfsemi og hafi aðallega að eins viðskifti við banka, en nálega engin viðskifti við »prívat«-menn. — Slík hausavíxl í hugsun, sem í þessu liggja, mundu sennilega hafa fengið harðan dóm, ef jeg hefði notað þau.

En svo jeg víki aftur að *framþróunarkenningu* prófessorsins, þá vil jeg leyfa mjer að benda á, að eftirtöldum bönkum mun t. d. frá *upphafi*, er þeir fengu seðla-einkarjettinn, hafa verið bannað að taka á móti fje til ávöxtunar: Finnlandsbanka, Ríkisbanka Svía, Svisslandsbanka og Frakklandsbanka. En ekki getur þetta að eins stafað af ástæðum þeim, sem prófessorinn tilfærir, framþróun og þessháttar, þar sem bankarnir eru ekki farnir að starfa, þegar reglan er sett, og var alls ekki ætlað eingöngu að vera »bankar bankanna«. Þetta getur tæplega stafað af öðru en að ríkisþing þessara landa hafi þegar á þeirri tíð álitið, að seðlabanki mætti ekki taka við fje til ávöxtunar. Og athugum ennfremur, hvernig þýska ríkisþingið fer að 1875. Í W. Scharlings Bankpolitik, 2. útg. bls. 61—62, er einmitt talað um þetta efni. Þar segir, að það, sem valdi því, að menn eigi

vilji binda mikið af annara fje, sem ávaxtast á, við seðlabanka, sje, að menn óttist, að seðlabankinn leiðist út í að veita ótrygg lán og of löng lán, sem ekki geti samrýmst seðlabanka. Þar segir enn fremur: »Þýsku bankalögin frá 1875 hafa þess vegna að vísu ekki bannað ríkisbankanum að borga vexti af innstæðufje, en þó fyrirskipað, að upphæð slíks innstæðufjár, sem vextir greiðast af, megi ekki nema meiru en stofnfjenu og varasjóði samanlögðu. En svo bætist við, að ríkisbankinn þýski hættir alveg að 3 árum liðnum, eða 1878, að taka við slíku fje, sem heldur ekki getur stafað af *framþróun* á svo stuttum tíma. Hjer hefir maður þá ástæður Scharlings, og koma þær alveg heim við ástæður hagfræðingsins Ivars Hultmans við ríkisbankann sænska, er jeg vísaði til í nefndaráliti mínu í fyrra (þingskj. 350) og hljóðaði svo:

»Það má telja aðalregluna í ákvæðunum (lagaákvæðum seðlabankanna), að það sje ekki leyfilegt að taka á móti fje til ávöxtunar. Í mörgum löndum, þar sem leyft er að taka á móti fje til ávöxtunar, nota bankarnir á engan hátt þessa heimild. Rjett á litið sýnir reynslan þá staðreynd, að ávöxtun utan að komandi fjár gæti þvingað bankana til að veita lán, sem gagnstæð eru tilgangi seðlabanka«.

Það er sýnilegt af þessu, að framþróunarástæða prófessorsins hefir við alt of lítið að styðjast.

Í sambandi við þetta talar prófessorinn um, að jeg hafi lagt alla áhersluna á »Panik«, sem seðlabanki gæti orðið fyrir, er hafi stóran sparisjóð. Óneitanlega getur það komið fyrir, og hefir einmitt komið fyrir á voru landi. Á hjer um bil hálfu ári var sparisjóðsfje rifið út úr Íslandsbanka, er hann varð fyrir blaðaárásunum, er nam um 6 miljónum króna; hafði hann þó ekki það hálfa á við sparsjóðsfje það, sem Landsbankinn hefir nú. Þarna höfum vjer sjálfir reynsluna. Eftir því gæti vel komið fyrir, að úr Landsbankanum yrðu teknar 12 miljónir króna eða meira á jafnlöngum tíma, og jafnvel heimtað gull fyrir þá upphæð, eftir að seðlarnir væru gerðir innleysanlegir. Og eigi verður betur sjeð en að þetta hlyti að valda seðlabanka miklum óþægindum, tjóni og seðlaútgáfu langt yfir heilbrigða viðskiftaþörf.

Jeg minnist á »panik« í ástæðunum fyrir frumvarpi mínu, *en alls ekki í nefndaráliti mínu, sem var aðalinnlegg mitt í þessu máli á síðasta þingi.*

Ennfremur hefir komið fyrir hjer á landi, að seðlabankinn var með bráðabirgðalögum leystur frá því að innleysa seðla sína með gulli, þó engri *almennri* »panik« væri til að dreifa.

Prófessorinn segir ennfremur, að ef ríkið taki að sjer seðlaútgáfurjettinn, þá sje engin hætta á því, að seðlarnir eða bankinn missi traustið, og það sje stoð fyrir hann í gengismálinu að hafa sparisjóðinn. Hvers vegna hefir Þjóðbankinn danski ekki breytt stefnu samkvæmt kenningu prófessorsins, með því að fara að taka á móti sparisjóðsfje til ávöxtunar til þess að styðja með gengispólitík sína? Er það ekki af því, að hann leggur lítið upp úr þessu ráði. Og Danir þurfa þó engu síður en vjer að nota öll fær ráð til að laga gengi sitt. Og hvers vegna hafa ríkisseðlabankarnir fjórir í Evrópu ekki gert það?

Vjer höfum nú rætt um þessar tvær ástæður fyrir því, að seðlabanki megi ekki hafa stóran sparisjóð. En við þessar tvær ástæður má bæta þriðju ástæð-

unni, sem sje þeirri, að það eru einstakir menn, sem eiga allan sparisjóð Landsbankans, aðallega Reykvíkingar og nágrenni. Ekki þarf mikið út af að bera með lánspólitík bankans eða afskifti Alþingis af honum til þess, að sparisjóðseigendurnir kjósi heldur að stjórna sínu fje sjálfir en að fela það bankanum. Og hvað tæki þá við?

Kunnáttuleysi vort í meðferð fjár og ýmsar aðrar ástæður benda á, að vjer verðum að sigla með löndum og að oss sje nauðsynlegt að byggja peningastofnanir vorar *á heilbrigðum og alviðurkendum grundvelli.* Og það tekst oss, ef vjer gerum oss far um að notfæra oss erlenda *reynslu.*

Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, verð jeg að álíta, að prófessorinn hafi verið fullbjartsýnn og of ókunnugur um aðstöðu Landsbankans til að taka við allri seðlaútgáfunni, er hann telur það áhættulaust fyrir Landsbankann og landssjóð að láta seðlabankann hafa yfirgnæfandi sparisjóðsfje og hlaupareikningsfje til að versla með. Að vísu bendir hann á, að gullforðatryggingin muni einnig vera nauðsynleg fyrir hlaupareiknings- og sparisjóðsfjenu, og að veltufjeð muni aukast, sem gerir bjartsýni hans afsakanlegri. En hvar er tryggingin fyrir þessu í frv.?

Að lokum vil jeg benda á í sambandi við þetta, að þó bankinn sje ríkiseign, þá tjáir ekki að hugsa sem svo: Það gerir ekkert til, þó að seðlabankinn verði fyrir skakkaföllum, því ríkissjóðurinn tekur við. Ríkisseðlabanka verður að stofna þannig, að ríkissjóðurinn *þurfi aldrei að bíða tap eða að ganga í ábyrgð fyrir hann.*

Prófessorinn álítur, að það muni verða haldið áfram að nota gullið sem verðmæli í heiminum. En eigi vill hann gera mikið úr gullforðaþörfinni. Hann vill að eins miða hana við gullþörfina, *þegar viðskiftin ganga sinn vanagang.* Vill hafa gulltrygginguna sem minsta. En það segir hið sama sem að prófessorinn sje ánægður með, að landsstjórnin leysi bankann undan seðlainnlausnarskyldunni, hvað lítið sem út af ber. En með því móti verður innlausnarskyldan ekki nema nafnið.

Jeg held mjer sje óhætt að segja, að flestir eða allir seðlabankar vilji sjá sig trygga að geta leyst inn alla, eða því nær alla, seðla sína á örfáum dögum, ef seðlarnir missa traust almennings. Um þetta efni segir í Hages Haandbog í Handelsvidenskab, 4. útg. 1918 bls. 697: »Til en god Seddelcirkulation maa der efter den hidtil gældende Oppfattelse stilles den Fordring, at Banken er i Stand til at indlöse sine Sedler straks paa Anfordring, og dette kan kun sikres ved at Metalbeholdningen er tilstrækkelig stor«. Og vitanlega verður málmforðinn að vera meiri í þeim löndum, þar sem engin gullmynt er í umferðinni, eins og líka bent er á á sama stað í bókinni.

Prófessorinn samsinnir því, að grundvallarhugsunin (principið) sje, að gulltryggja jafnt fje, sem standi inni í seðlabankanum og kalla má eftir án uppsagnar, eins og seðla. Í ástæðum mínum fyrir frumvarpinu talaði jeg ekki sjerstaklega um hlaupareikningsfjeð, hver hætta gæti stafað af því, og finst honum það bera vott um grunnhyggni, að jeg skuli að eins nefna sparisjóðsfjeð. Rjett er það, að á *þessum stað* tala jeg ekki um þetta fje sjerstaklega, en í nefndaráliti mínu, þskj. 350, tek jeg það upp samhliða sparisjóðsfjenu þannig, sem prófessorinn virðist ekki hafa veitt eftirtekt:

»Sparisjóðsfjeð var... 23103977,98
Hlaupareikningsfjeð... ... ... 4840308.52

Samtals kr. 27944286.50«.

En bankans eigið veltufje taldi jeg 2 miljónir króna.

Orsökin til þess, að jeg taldi ekki sjerstaka hættu af hlaupareikningsfjenu fram yfir sparisjóðsfjeð, sem því sjerstaklega þyrfti að gulltryggja, var sú, að í *»praksis«* hafði alveg sami útborgunarmátinn gilt í bankanum fyrir báðar tegundirnar alla tíð frá því er bankinn var stofnaður. Og þeirri venju mundi verða örðugt að breyta. Sparisjóðsfjeð hefir jafnan verið borgað út fyrirvaralaust, eins og hitt fjeð. Og þessari reglu hefir meira að segja verið svo ákveðið fylgt, að hver, sem hefir beðið um *»tjekkbók«* til þess að ávísa á sparisjóðsfje sitt, hefir getað fengið hana orðalaust. En auðvitað hefir prófessorinn ekki vitað um *þetta*, þegar hann feldi dóm sinn um þetta atriði. Þess utan stendur fje verslana og útgerðarmanna oft inni í sparisjóði.

Átyllu hefir prófessorinn ef til vill til að gera lítið úr gullforða yfir höfuð, því það var álit sumra fjármálamanna rjett fyrir stríðið, að gullið væri óþarft sem trygging fyrir seðlum, en styrjöldin kendi mönnum þó að falla frá þessari skoðun, enda hafa seðlabankar þeir, sem stofnast hafa síðan stríðinu lauk, ekki verið stofnaðir með veikari gullforðatryggingu en áður, svo sem nýr seðlabanki í smáríkinu Lithauen, sem tímaritið »Wirtschaftsdienst« 12. sept. 1924, bls. 1232, skýrir frá. Þar segir: »Þess utan er Lit (svo heitir myntin) trygður með 100% gulli og í innieignum erlendis, enda þótt reglugerð bankans krefjist að eins 33% tryggingar. Festa gjaldmiðils Lithauen virðist þannig fullkomlega trygð«.

Þá hefir ríkisbankinn þýski fengið nýja löggjöf 1924, og er gullforðinn þar ákveðinn 40%, þar af 30% í gulli. Ennfremur verður bankinn að setja jafnháa tryggingu fyrir því fje, sem aðrir eiga í bankanum, sem daglega fellur til útborgunar, eða að taka má út fyrirvaralaust, þó sú trygging megi vera í krófum á aðra, sem jafngilda gulli[1]). Um löggjöf þessa hafa helstu fjármálamenn 8 ríkja fjallað, og ætti því að mega álíta, að hinar ríkjandi skoðanir nú í gulltryggingarmálinu kæmu hjer fram. Það verður því ekki annað sjeð en að nýi tíminn fremur herði á gulltryggingaiskilyrðunum en veiki þau. Mjer finst ekki rjett af neinum, og þá ekki heldur af prófessornum, að hvetja til að hafa lítinn gullforða. Og að gera það virðist vera sama eðlis eins og þegar bændum kvað nú vera kent, að það sje vitleysa að hafa heyfirningar, *það sje rentutap*. Flestir vita þó, að heyfirningar eru aðaltryggingin (assuransinn) fyrir því, að bændur geti mætt hörðum vetri.

En það er fleira en gullforðatryggingin, sem kemur til greina, er ræða þarf um seðlabankatrygginguna. Gullforðinn sjálfur getur verið í góðu lagi, en lánspólitík seðlabankans í ólagi fyrir því.

Mjer hefir þótt rjettast, til gleggra yfirlits, að geyma fram að þessu að minnast á eitt af höfuðröksfærslufyrirbrigðum prófessorsins fyrir því, að Landsbankinn gæti gerst seðlabanki, þrátt fyrir allan sparisjóð sinn. Landsbankastjórnin

1) Finanstidende nr. 48 1924.

hafði í athugasemdum sínum við stjórnarfrumvarpið í fyrra staðhæft, að nú væru skoðanir manna orðnar breyttar um það, að seðlabankar mættu ekki taka við sparisjóðsfje, því ríkisbankinn sænski hefði nú fengið með lögum 1920 heimild til þess. Þessu svaraði jeg í nefndaráliti mínu í fyrra á þingskj. 350 þannig, að mjög villandi væri hjer frá sagt, og að hjer gæti ekki verið um venjulegt *sparisjóðsfje* að ræða, heldur fje, sem taka mætti á móti til ávöxtunar með samningi um langan borgunarfrest, enda var það kallað að taka við fje á *»depositionsräkning«*, það er *geymslufjárreikning*, eða sem *geymslufje*. Og segi jeg í nefndarálitinu um þetta efni: »Hjer er um misskilning einan að ræða, því í nýútkominni »Bankpolitik«, sem gefin er út 1923, eftir prófessor Axel Nielsen, segir í kaflanum »Svíaríki«: *Að bankinn hafi alls ekki notað þetta leyfi.* Menn skyldu því halda, að þetta *einskisverða* atriði fyrir þetta mál hefði þar með verið úr sögunni. En það er nú öðru nær en svo sje, því enn á að nota þetta atriði sem rök fyrir því, að seðlabanki megi *ótakmarkað* hafa *almennan sparisjóð.*

Umtal prófessorsins um þetta atriði kemur fram á fjórum stöðum í álitinu. Í fyrsta kafla segir svo, á bls. 8:

»Auk þess virtist mjer, er jeg las gögn þau, sem mjer voru send, að það væri einnig fyrst og fremst hugsunin um að fá seðlaútgáfuna í hendur stofnun eins og Landsbankanum, með mikilli sparisjóðsstarfsemi, það sem hafi orðið þyngst á metunum hjá herra Birni Kristjánssyni og gert hann mótfallinn þeirri fyrirætlun að veita Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn. Herra Björn Kristjánsson bendir rjettilega á það, að slíkt fyrirkomulag mundi vera undantekning frá þeirri meginreglu, að seðlabankar hafa ekki sparisjóðsstörf með höndum, og hann hefir öldungis rjett fyrir sjer, er hann leggur áherslu á það, að með því leyfi, sem 1920 var veitt sænska þjóðbankanum til að taka við innlánum til ávöxtunar, þ. e. a. s. að taka við innlánum á geymslufjárreikning *(depositionsräkning)* gegn vöxtum, sje það ekki tilætlunin, að bankinn reki venjulega sparisjóðsstarfsemi«.

Í öðrum kafla segir svo, á bls. 8—9:

»Nýjustu sænsk lög snerta ekki málið að þessu leyti. Tilætlunin með lögunum 1920 var eingöngu sú, að gera þjóðbankanum kleift að ná meiri tökum á markaðnum, er nóg væri um peninga, og að styrkja aðstöðu hans meðan svona væri ástatt, en ekki að staðaldri«.

Í þriðja kafla segir svo á bls. 9:

»Eins og sjá má, eru sænsku lögin frá 1920 miðuð við alveg sjerstakar kringumstæður, og ekki er auðið að álykta neitt af þeim um það, hvort rjett sje eða rangt, að seðlabanki taki að staðaldri við vaxtabæru innlánsfje. Og ennfremur má sjá, að ef þjóðbankinn færir sjer í nyt heimildina í lögum 1920 til þess að draga úr lánveitingum innan þjóðfjelagsins með því að svifta aðra banka sjóði þeirra, þá getur þjóðbankinn vitanlega ekki lánað þetta fje aftur, svo að þvílík ráðstöfun mundi hafa í för með sjer bein útgjöld fyrir bankann. Einnig af þessari ástæðu eiga sænsku lögin frá 1920 ekkert sammerkt við það, er seðlabanki hefir að staðaldri vaxtabært innlánsfje, þar sem bankinn að sjálfsögðu verður þá að lána það fje aftur«.

Og í fjórða kafla, bls. 9 neðarlega, klykkir prófessorinn út með þessari ályktun:

»Þegar menn jafnframt hafa hugfast, hversu mikilsvert hlutverk sú skylda, að halda uppi peningagengi lands, leggur ríkisseðlabanka á herðar, að bankanum veitist því auðveldara að rækja þessa skyldu, því traustari tök sem hann hefir á atvinnulífinu, og að menn treysta aðstöðu hans með því að opna honum leið til að taka við vaxtabæru innlánsfje — og þetta sjest á sænsku lögunum frá 1920, sem sett voru einmitt í þeim tilgangi, að styrkja um stundarsakir aðstöðu þjóðbankans á þennan hátt á erfiðum tímum —, þá mun mönnum skiljast, að samkvæmt minni skoðun er ekkert varhugavert í því að veita Landsbankanum leyfi til að veita viðtöku vaxtabæru innlánsfje«.

Og með »innlánsfje« á prófessorinn hjer við *alment sparisjóðsfje*, því um það er altaf verið að ræða.

Röksemd prófessorsins er þá þessi:

Af því þjóðbanka Svía var leyft 1920 um stundarsakir

a. að taka við ávaxtabæru *geymslufje* — þó ekki *almennu sparisjóðsfje*,
b. *sem hann mátti alls ekki lána út aftur* og
c. sem var *að eins bráðabirgðaráðstöfun*,

þá sjer prófessorinn ekkert athugavert við að heimila Landsbankanum

a. *að* taka á móti *ótakmörkuðu almennu sparisjóðsfje*, á meðan bankinn stendur,
b. *að* greiða fulla vexti af því, og
c. *að lána það út aftur takmarkalaust.*

Og þetta finst honum, að eigi að hafa einu og *sömu verkun á forvaxtapólitikina.*

Jeg sje ekki betur en að þetta sjeu hrein rökþrot, náskyld þeim, sem drepið var á hjer á undan.

Öll hyggindi ríkisbankans sænska í þessu efni voru fólgin í því, að sópa að sjer stórfje ríkismanna, með ódýrum vöxtum, **án þess að lána það út aftur,** til þess að takmarka lánsfje annara banka í landinu. Ekkert slíkt gæti Landsbankinn hjer gert. *Ástæðurnar eru því alveg ósambærilegar, eins og allir hljóta að sjá.*

Prófessorinn stiklar á því á bls. 9, að í rauninni geti seðlabanki lánað of mikið, þó hann engan sparisjóð hafi. Já, það er mögulegt. En munurinn er þó sá, að taki seðlabanki við miklu sparisjóðsfje, þá er hann *neyddur til* að lána það út aftur, til þess að firra sig vaxtatapi. En hann er ekki neyddur til að lána með seðlum sínum til ótryggra fyrirtækja, *ef* bankinn er stofnaður sem venjulegur seðlabanki. En sje hann stofnaður á þann hátt, sem hjer er til stofnað, þá verður hann *neyddur til* að lána út sitt mikla sparisjóðsfje, því megnið af því getur þó ekki staðið í verðbrjefum. En það heimtar aukna seðlaútgáfu, eftir því sem sparisjóðsaukningin heimtar og lánin vaxa. Þessar kringumstæður *hljóta því* að hvetja bankann til að lána *ótryggari lán* yfirleitt en ef bankinn væri að eins seðlabanki. Og þetta hafa öll Evrópulöndin viðurkent, *vegna reynslunnar*, nema Ísland, *og þó höfum vjer alveg sömu reynsluna.*

Prófessorinn getur ekki áttað sig á því, að fyrir hafi komið, að bankar veðsetji seðla sína, og segir því á bls. 14, síðustu málsgrein:

»Að því er til hins tekur, að fá lán út á sína eigin seðla, verð jeg fyrst að geta þess, að um það dæmi, sem herra Björn Kristjánsson vitnar í úr banka-

sögu Dana, er mjer ekki kunnugt, enda geri jeg ráð fyrir, að það sje tiltölulega nýtt«.

Út af þessum ókunnugleik prófessorsins vil jeg benda á, að umsögn þessa tók jeg eftir bókinni »Bankpolitik« I, bls. 282, eftir prófessorinn sjálfan, Axel Nielsen, sem útgefin var 1923. Þar stendur um Kurantbankann danska: »lykkedes det dog ikke at styrke Bankens Metalfond væsentligt, og mere og mere drev Banken indpaa at optage Laan, væsentlig gennem sine Direktörer i Udlandet, undertiden med deponering af Banksedler«. Á íslensku: hepnaðist það þó ekki að styrkja myntforða bankans að mun, og þvingaði þetta því bankann meir og meir til að taka lán, aðallega fyrir milligöngu framkvæmdarstjóra sinna í útlöndum, stundum gegn því, að setja seðla bankans að handveði.

Vitanlega var bankinn ekki að veðsetja sína eigin seðla í raun og veru, heldur lánstraust almennings. Þjóðin hefði því vitanlega orðið að innleysa þessa veðsettu seðla, ef bankinn hefði ekki getað gert það sjálfur, þar sem þessi gjaldmiðill var lögþvingaður.

Um leið og jeg skil við þennan kafla vil jeg leyfa mjer að minna á, að hjer er verið að búa til seðlabanka, sem á að halda úti traustum gjaldmiðli fyrir framleiðslu og verslun landsins, og sem á að njóta fulls trausts manna hjer og erlendis. Og ætlunarverk seðlabankans á að vera: »að halda pappírspeningunum, og þar með hinni raunverulegu reikningseiningu í öllum viðskiftum, í fullu verði, eða í jafnvirði við myntaða peninga«.

Til glöggvunar um gullforða, sem venja hefir verið að halda í seðlabönkum fyrir seðlum og hlaupareikningsfje, leyfi jeg mjer að taka hjer upp úr Economisk Tidskrift Svía 1913 *meðaltalið af myntforða* seðlabanka í nokkrum löndum 5 árin 1908—1912. Og er hann sem hjer segir:

1.	**Englandsbanki,** mynt alls	130 %
	Þar af í *gulli*	128 %
	Þannig miklu meira en seðlarnir, sem voru í umferð.	
2.	**Ríkisbankinn þýski,** mynt alls	66 %
	Þar af í *gulli*	50 %
3.	**Seðlabanki Frakklands,** mynt alls	81 %
	Þar af í *gulli*	64 %
4.	**Seðlabanki Austurríkis og Ungverjalands,** mynt alls ...	75½ %
	Þar af í *gulli*	62 %
5.	**Ríkisbankinn rússneski,** mynt alls	105 %
	Þar af í *gulli*	81½ %
6.	**Seðlabanki Ítalíu,** mynt alls..	73 %
	Þar af í *gulli*	66 %
7.	**Noregsbanki,** mynt alls...	39 %
	Þar af í *gulli*	37 %
8.	**Seðlabanki Niðurlanda,** mynt alls	54 %
	Þar af í *gulli*	43 %
9.	**Seðlabanki Svisslands,** mynt alls.	69 %
	Þar af í *gulli*	63 %

10. **Seðlabanki Serbíu,** mynt alls 54½%
Þar af í *gulli* ... ... 41 %
11. **Seðlabanki Búlgara,** mynt alls ... ... 58 %
Þar af í *gulli* 36½%
12. **Ríkisbanki Svía,** mynt alls ... ... 43 %
Þar af í *gulli* ... ... 43 %

Þessir bankar taka þó ekki við fje almennings til ávöxtunar.

III.

Frumvarpið leggur til að gera Landsbankann að ríkisseðlabanka, og tel jeg þá eiga við að athuga, hvort fyrirkomulag ríkisseðlabankans hjer á að líkjast fyrirkomulagi þeirra *að eins fjögra* ríkisseðlabanka, sem til voru í Evrópu um 1912. Auðvitað yrði það alt of langt mál að taka alt með, sem að samanburðinum lýtur, en jeg vísa þeim, sem meira vilja vita um það, til bókar, er heitir: »Die Centralnotenbanken Europas« eftir Ivar Hultmann, formann hagfræðisdeildarinnar við sænska ríkisbankann, sem útgefin var 1912, bls. 86—95, 96—101, 102—110 og 165—171.

Ríkisseðlabankarnir voru þá þessir:

1. Ríkisbankinn rússneski.

a. Stofnfje bankans var 50 miljónir rúblna, og var sjóðurinn búinn að ná sinni lögboðnu hæstu upphæð 1901.
b. Bankinn mátti gefa út 600 miljón rúblur gegn 50% gullforðatryggingu. Til gullforðans má telja tjekka á útlönd, erlenda seðla og innieignir í bönkum erlendis. Eigi sjest af þessari bók, hversu mikið af gullforðanum má vera í öðru en gulli.

En af töflunni hjer á undan má sjá, að meðaltal *myntforðans* var 1908—1912 105%, þar af í gulli 81½%. Myntforðinn nam því meiru en seðlunum, sem í umferð voru.

c. Bankinn má taka við annara fje til *geymslu*, en ekki má hann greiða vexti af því.
d. Heimabankinn og hver deild hans (útibú) hefir »*forvaxtanefnd*«, sem kveður á um, hversu mikið má lána og metur tryggingarnar fyrir lánunum.

2. Finnlandsbanki.

a. Stofnfje bankans var 25 miljónir finskra marka. Varasjóðurinn átti að komast upp í 15 miljónir finskra marka, en var orðinn 1910 um 48½ miljón mörk.
b. Bankinn mátti gefa út í seðlum í mesta lagi 40 miljónir finskra marka fram yfir hinn fastákveðna myntforða, sem á að vera þessi:
   1. myntað og ómyntað gull og myntað finskt silfur. Má þetta aldrei vera minna en 20 miljónir finskra marka.
   2. tryggar kröfur á útlend bankahús.
   3. víxlar þeir, sem bankinn hefir undir höndum á útlönd.

4. Erlendar *obligationir* og rentumiðar í erlendri mynt og erlendir seðlar, sem bankinn á.

Í þessu felst þá gullforðatryggingin fyrir seðlunum, sem út eru gefnir.

Undir sjerstökum kringumstæðum má veita bankanum leyfi til að gefa út alt að 10 miljónum f. marka í viðbót, og veitir ríkisstjórnin það leyfi, ef bankafulltrúarnir (bankaráðið) mæla með því. Eins getur ríkisstjórnin, eftir tillögum bankafulltrúanna, tekið 10 miljón f. marka lán erlendis, til þess að gera gullforðann sterkari. Seðlarnir eru innleystir bæði í aðalbankanum og í útibúum hans.

c. Bankinn má ekki taka við fje til ávöxtunar, en að eins til geymslu. En greiða má hann vexti af innieign *erlendra* banka og verslunarhúsa.

d. Bankafulltrúarnir 6 ákveða vexti og ómakslaun (provision).

3. Ríkisbankinn sænski.

Banki þessi er stofnaður 1668, en seðlaeinokun fjekk hann fyrst árið 1904.

a. Stofnfje hans mun hafa verið um 1909 50 miljónir króna, og varasjóðurinn þá 12½ miljón krónur.

b. Bankinn má gefa út 100 miljónir króna í seðlum gegn:

1. Föstum málmforða 40 milj. króna; þar í má telja sænskt og erlent gull, myntað og ómyntað, sem hann á í landinu.
2. Gull, sem bankinn á erlendis, eða sem er á leiðinni til landsins.
3. Innieign erlendis að frádregnum skuldum þar.

Ef bankinn hefir meiri myntforða en 40 milj. krónur, má hann gefa út seðla í viðbót, sem myntforðaviðbótinni nemur.

Tryggingin fyrir seðlunum öllum, að öðru leyti, felst í:

a. Auðseldum erlendum verðbrjefum.

b. Í ríkisskuldabrjefum, í veðdeildarbrjefum fasteignabankans þar, og í öðrum sænskum »*obligationum*«, *sem verðsett eru á útlendum kauphöllum*, í alt að 6 mánaða víxlum, sem greiðast innanlands eða erlendis.

c. Bankinn má taka við annara fje til *geymslu*, en eigi má hann greiða vexti af því, nema erlendum bönkum af innieign sinni, samanber þó heimildina til *bráðabirgða* samkv. lögunum 1920, sem áður er getið.

d. Bankaráðið ákveður vexti, forvexti og ómakslaun (Provision).

e. Bankaráðið kemur saman vikulega til að ræða um *almenn* málefni bankans, *en á hverjum degi* til að rannsaka alla *lánsstarfsemi* hans.

f. Verkefni endurskoðenda er að rannsaka ástand bankans í öllum greinum, svo og einnig að rannsaka, hvernig bankanum er stjórnað og hvort lögum hans, reglugerðum, fyrirmælum bankafulltrúanna, útibústjóra og embættismanna hefir verið fylgt.

Verði þeir varir við einhverja vanrækslu, eða að eitthvað þurfi að umbæta, eiga þeir að aðvara bankafulltrúana 7 um það og skýra ástandið fyrir ríkisþinginu, svo og að gera tillögur sínar um, hvernig úr megi bæta. Þeir eiga að vera ráðunautar bankafulltrúanna, og að gera tillögur sínar, ef bankafulltrúarnir óska þess.

Ef bankafulltrúunum eða bankastjórunum verður einhver yfirsjón á, þá eru endurskoðendur skyldir til að kæra það, ef þeir álíta það nauðsynlegt, o. s. frv.

Endurskoðendur skulu gefa ríkisþinginu skýrslu um niðurstöðuna af endurskoðun sinni. Sjerstaka endurskoðendur velur ríkisþingið til að endurskoða útibú bankans.

4. Þjóðbanki Búlgara.

Búlgaría er eins og kunnugt er fátækt land, sem iðulega hefir átt í ófriði á síðari tímum. Þó er auðsætt, að Búlgarar halda rjetta stefnu í seðlabankamálinu:

a. Lög þjóðbanka Búlgara eru frá 1906, en breytt 1907 og 1911. Árið 1910 var stofnfjeð 10 miljónir Levs (frankar), en samkvæmt lögunum 1911 á það að hækka af arði bankans upp í 20 miljónir Levs. Stofnfjeð getur ríkið aldrei tekið aftur. Varasjóður bankans á að verða 10 miljónir Levs. 1910 var hann orðinn 6¾ miljón Levs. Enn fremur á að stofna sjerstakan varasjóð til að geta mætt töpum. Eiga báðir þessir sjóðir að standa í *erlendum* verðbrjefum.
b. Seðlatryggingin er 33 % í *gulli*, eða 50 % í silfri, og getur stjórnin á hvaða tíma sem er bannað að gefa seðla út á silfurtryggingu.
c. Eigi verður sjeð, að bankinn taki við annara fje til ávöxtunar.
d. Bankaráðið, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveður hverskonar forvexti, sem eru: gjöld fyrir geymslufje, hlaupareikningsgjald og önnur ómakslaun (Provision), og eru þessir lánsskilmálar á hverjum tíma auglýstir í blöðum.
e. Valin »forvaxtanefnd« ákveður, hversu mikið bankinn má lána yfir höfuð og einstökum firmum. Verði ágreiningur um það milli nefndarinnar og bankastjóranna, sker bankaráðið úr. En í öllum tilfellum verður að leita samþykkis bankaráðsins, ef lán til einstakra firma yfirstígur 100 þús. Levs (franka).

Alveg hið sama *vald* og *verksvið* í þessu efni hafa *bankaráð* og *forvaxtanefndir* í aðalbönkum þessara landa, þó *hlutabankar* sjeu: *Ítalíu, Belgíu, Sviss, Serbíu, Grikklandi, Rúmeníu, Þýskalandi* og *Frakklandi.*

En af því að seðlabankalöggjöf Noregs, Danmerkur og Niðurlanda er á nokkuð annan veg bygð en lög þessara samtals 12 landa, er hjer hafa verið nefnd, þá felst tryggingin í þessu efni að nokkru leyti í öðru fyrirkomulagi, svo sem, að bankastjórarnir eru að eins ráðnir til fárra ára, og hafa því af þeirri ástæðu nauðsynlegt aðhald, að þeir eiga að halda gerðabók yfir daglegar framkvæmdir sínar, sem þeir eiga að sýna bankaráðinu, o. s. frv.

Á Spáni er seðlaútgáfan t. d. takmörkuð með stighækkandi málmforða, og getur hann komist upp í 50 % í gulli og 20 % í silfri, það er 70 %, o. s. frv. Nú er að bera þetta fyrirkomulag þessara fjögra ríkisseðlabanka, sem til voru í Evrópu 1912, saman við fyrirkomulag Landsbankans sem einkaseðlabanka samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar. Verð jeg í því efni að vísa til reiknings Landsbankans 31. des. 1923.

a. *Stofnfje bankans:*

Það er örðugt, ef ekki ómögulegt, að vita um það, því svo miklar skuldir hvíla á bankanum, sem eru *vísar*, en eignirnar eigi að því skapi áreiðanlegar, nema verðbrjefin og innieign í bönkum. Eru verðbrjefin þó *innlend* og hafa ekki kauphallargengi erlendis. Þau geta því ekki talist til auðseldra eigna, sem á skömmum tíma má koma í peninga, og gerir það meðal annars lega landsins.

Skuldir bankans voru aðallega þessar 31. des. 1923:

1.	Seðlaskuldin	kr.	750000,00
2.	Krónuseðlar	—	342000,00
3.	Breska lánið 1921	—	2634077,86
4.	Innstæðufje á hlaupareikning...	—	6536416.48
5.	Sparisjóðsfjeð	—	22101835,10
6.	Veðdeildarfje	—	1232106,18
7.	Skuldir við aðra banka	—	7535440,95
		Samtals kr.	41131876,57

Þetta eru þá skuldirnar hjer um bil, sem á bankanum hvíla, þegar á að gera hann að seðlabanka, um 40 miljónir króna. En eins og kunnugt er, er eignafjeð ekki að því skapi.

Það er að eins innskotsfje landssjóðs	kr.	2000000,00
og varasjóðurinn	—	2378889,64

Þar af um 1/4 hluta standandi í fasteign.

Nú er það vitanlegt, að bankinn hefir tapað allmiklu fje og að yfirvofandi töp eru allmikil. Væri nú bankinn gerður upp og útistandandi skuldir og húseignir metnar af óvilhöllum fjármálamönnum, eins og gert var, er hlutabrjef Íslandsbanka voru metin, þá get jeg alls ekki vænst þess, að varasjóðurinn hrykki fyrir rjettmetnum afföllum af skuldum og öðrum eignum bankans. Útkoman yrði þá sú, að bankinn ætti lítið stofnfje og engan varasjóð. Hvernig ætti bankanum þá, sem seðlabanka, að vera mögulegt að halda t. d. vöxtum hæfilega niðri?

b. Samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar má bankinn gefa út eins mikið af seðlum og hann vill, ef hann að eins leggur fram gullforðatrygginguna, 3/8, og *bankastjórarnir einir* mega ráða því, hversu mikið er gefið út, eða hversu mikið þeir lána.

Gullforðinn er talinn að eiga að vera 3/8 af seðlunum, sem hann þó ekki verður fyrst um sinn, ef 45. gr. er haldið óbreyttri. Og ekki er gert ráð fyrir neinni ákveðinni gullforðatryggingu fyrir hlaupareiknings- og sparisjóðsfjenu. Eigi verður heldur sjeð, hvernig gullforðinn á að skapast eða hver á að leggja gullforðatrygginguna fram. Jeg verð að draga í efa, að Landsbankinn hafi *eigið fje* til þess.

c. Bankinn má ótakmarkað taka á móti fje til ávöxtunar í *viðbót* við það, sem hann nú hefir.

d. Framkvæmdarstjórarnir *einir* mega ákveða forvexti, ómakslaun (Provision) og annað þesskonar, sem í felst of lítil vernd fyrir atvinnuvegina og bankann.

e. Og fyrir engri *skyldu*endurskoðun er sjeð, nema *tölu*endurskoðun. Ofan á þetta bætist svo, að bankinn má reka *allskonar bankaviðskifti* sem seðlabanki, sem erlendum seðlabönkum er ekki leyft. Og nú þegar er velta bankans miklu meiri en hæfilegt þykir annarsstaðar, er miðað er við *eigið rekstrarfje*, hvað þá er allir seðlarnir bætast ofan á.

Jeg finn ekki ástæðu til að tala hjer um frv. sjerstaklega, en læt mjer nægja bendingar þær, er jeg gaf á síðasta þingi á þskj. 350, sem voru þó ekki fullnægjandi. Þó vil jeg geta þess, að 1. gr. frv. er ný. Ákveður hún ætlunarverk Landsbankans framvegis. Greinin er vel samin og ætti ágætlega við í lög um seðlabanka, sem stofnaður væri á venjulegum grundvelli, en jeg sje ekki, að Landsbankinn, sem seðlabanki, geti uppfylt þær skyldur, sem 2. liður þessarar greinar leggur honum á herðar.

Mörg atriði frv. sjálfs stríða þar í móti, þar á meðal verkahringur bankans samkvæmt III. kafla.

Einnig vil jeg drepa á, að *þungamiðja* stjórnar bankans virðist eiga að vera áfram í höndum framkvæmdarstjóranna, en ekki í höndum bankaráðsins, eins og alstaðar annarsstaðar gerist í seðlabönkum, hvort sem þeir eru ríkiseign eða hlutafjelagsbankar.

Annars er svo margt við frv. þetta að athuga, og því örðugt að breyta því, nema skrifa nýtt frv. frá stofni. Og vitanlega stafar það af því, að verið er að berjast við að sníða frv. sem best eftir högum Landsbankans, en ekki eftir almennum, alviðurkendum seðlabankagrundvallarreglum; að verið er að reyna að færa bankann í stakk, sem ekki hæfir honum.

Sumir munu líta svo á, að gullforðatryggingin sje ónauðsynleg á meðan seðlabanki ekki leysir inn seðla sína með gulli. Það er hún þó alls ekki. Gullforðinn eykur traust almennings á seðlunum, verkar sem dálítill hemill á útgáfu þeirra, og er enn fremur verðmæt trygging, tilbúin til að vinna sitt ætlunarverk undir eins og innlausn seðlanna er heimiluð.

Bent hefir verið á hag bankans hjer að framan og aðstöðu hans til að taka við öllum seðlaútgáfurjettinum. Jeg sje ekki samkvæmt því, að Landsbankinn geti sett neina gullforðatryggingu með *eigin* fje, eins og jeg hefi áður bent á. Þess vegna verður honum að bætast nýtt fje til þess, og það allverulegt fje. Og ef hann verður ekki nú þegar gerður að *raunverulegum* hlutabanka, með nýju hlutafje úr einhverri átt, þá sje jeg ekki betur en að ríkissjóðurinn verði að leggja honum til svo sem $1^1/_2$ miljón kr. *til að byrja með*, til þess að geta gulltrygt seðlana, fyrir utan álitlega upphæð til tryggingar hlaupareikningsfjenu og sparisjóðsfjenu — en sparisjóðsfjeð eitt mun nú vera orðið um eða yfir 25 miljónir kr. — og hinni nýju verðlausu skiftimynt. Og sú upphæð yrði vitanlega að vera miklu hærri. Annars er ómögulegt að giska á, hversu mikið fje þarf að leggja bankanum, nema *mat* sje á undan gengið, sem sjálfsagt er að fari fram, ef ríkið eða sjóðir eiga að leggja fram nýtt fje, og að hann á að taka við allri seðlaútgáfunni.

Það virðist því vera nokkurnveginn auðsætt, að geti Alþingi ekki fallist á að stofna seðlaútgáfustofnun í líkingu við stofnun þá, er jeg lagði til að stofnuð yrði á síðasta þingi, að þá geti tæplega verið um annað að ræða en hreint og

beint að stofna sjerstakan *raunverulegan ríkisseðlabanka*. Að sjálfsögðu yrði landið að leggja honum til gullforða smámsaman, eins og seðlastofnuninni; ætti 1—$1^1/_2$ miljón krónur að nægja fyrst um sinn, og aldrei að þurfa að yfirstíga 2—$2^1/_2$ miljón krónur. Og engir örðugleikar eru á að semja seðlabankalög á *þeim hreina* grundvelli.

Jeg hef nú reynt að skýra þetta mál eftir getu, og niðurstaða mín er alveg sama og í fyrra, að jeg tel Landsbankann alls ekki færan um að taka beint við seðlaútgáfurjettinum, eins og honum er fyrir komið í einu og öllu. En þar sem lög Landsbankans frá 1922 leggja bankanum ekki neina gullforðatryggingarskyldu á herðar, þá myndi eina úrræðið vera að veita Íslandsbanka fyrst um sinn undanþágu frá því að innleysa meira af seðlum sínum en komið var 1. okt. f. á., með því að sá banki á þó löglega gullforðatryggingu. Ætti sú undanþága að gilda þangað til búið er að stofna hinn nýja seðlabanka og að útvega nauðsynlegt gullforðalán til þess.

Vera má, að sumum finnist að þetta land hafi enn þá of litla veltu til þess að bera uppi 3 banka. Lík skoðun kom fram 1903, er Íslandsbanki var stofnaður. Nú hafa menn reynsluna að baki sjer í þessu efni, sem sýnir, að við stofnun Íslandsbanka færðist alveg nýtt líf í atvinnuvegina, sem hefir haft þær afleiðingar, að þar sem útflutt vara nam árið 1903 tæpum 9 miljónum króna, er óhætt að telja hana nú að minsta kosti 50 miljónir króna í meðalári. Það virðst því ástæðulaust að draga í efa, að nýr *seðlabanki* gæti komið að miklum notum fyrir þjóðina, og ekki síst fyrir bankana sjálfa, ef starf hans yrði aðallega að skifta við þá, eins og seðlastofnuninni var ætlað að gera. Verði ekki horfið að því ráði að stofna sjerstaka seðlastofnun eða banka, þá ætti fresturinn til að innleysa seðla Íslandsbanka að veitast helst eigi til skemri tíma en t. d. 5 ára, en á því tímabili mætti, ef skynsamlega er að farið, búast við, að lausar skuldir landsins væru greiddar, gengi krónu vorrar að hafa nálgast meir gullverðið en nú og að þá verði búið að greiða að fullu 3 af gömlu lánum ríkissjóðsins, og allmikið af öðrum föstum lánum. Gullforðakaupin ættu þá að verða ljettari ríkissjóðnum en nú eru þau. Og þetta væri sú *eðlilegasta og skynsamlegasta* meðferð málsins eins og á stendur.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að benda á, að *seðlabankalög* vor eru þau einu lög, fyrir utan stjórnarlög vor, sem búast má við, að prentuð verði á útlendum málum, eða að minsta kosti aðalkjarni þeirra með skýringum. Það hefir því ekki litla þýðingu, að þau líti tryggilega út og að þau stingi ekki mjög í stúf við annara landa lög í þessu efni.

Þar sem hjer er um *framtíðar*seðlabankalöggjöf að ræða, hefi jeg álitið rjett að bera hana saman við samskonar löggjöf annara landa eins og hún var fyrir styrjöldina miklu, því á bráðabirgðafyrirkomulagi er ekkert að byggja.

Jeg leyfi mjer svo að vísa til dagskrár meiri hluta fjárhagsnefndarinnar, sem borin verður fram samkvæmt sameiginlegu nefndaráliti meiri hlutans.

Alþingi, 8. apríl 1925.

Björn Kristjánsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frumvarp til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Ingvari Pálmasyni og Jónasi Jónssyni.

I.

Það eru nú liðin nokkur ár síðan þingið ákvað, að Íslandsbanki skyldi byrja að skila landsmönnum aftur seðlaútgáfu þeirri, er þingið afhenti þessu erlenda hlutafjelagi laust eftir aldamótin, í notum þess, að hinn erlendi banki færði þá inn í landið ofurlítið nýtt fjármagn. Síðan þá hefir seðlaútgáfan verið í einskonar útlegð. Fæstum mun hafa komið til hugar, að nokkur vandi yrði að ráðstafa seðlunum, þegar þeir kæmu aftur undir íslensk yfirráð. Flestum mun hafa þótt sjálfsagt, að þá yrði landsins eigin banka falin útgáfa og umráð seðlanna.

Eftir að sú ákvörðun var tekin, að Íslandsbanki skyldi afhenda seðlana, liðu svo nokkur missiri, að engin tilraun var gerð að koma skipulagi á seðlamálið. En í fyrra afhenti landsstjórnin fjárhagsnefnd Ed. frv., sem Landsbankastjórnin mun hafa samið. Var þar gert ráð fyrir, að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfunni, jafnótt og hún losnar frá Íslandsbanka, enda hefir Landsbankinn farið með seðlaútgáfu landssjóðs til bráðabirgða. Jafnframt var gert ráð fyrir töluverðri breytingu á skipulagi Landsbankans.

Meiri hluti fjárhagsnefndar ákvað á síðasta þingi að fresta málinu um eitt ár og fela stjórninni að rannsaka það betur. Tveir úr fjárhagsnefnd (I. P. og J. J.) vildu gjarnan, að málið kæmi til umræðu í þinginu, og helst í báðum deildum, þó að það yrði ekki afgreitt þá, til þess að stjórnin gæti tekið tillit til þeirra skoðana, er fram kæmu í þinginu. Með þeim hætti hefði þjóðin öll fengið tækifæri til að ræða málið. Úr þessu varð þó ekki. Dagskrá meiri hlutans um að vísa málinu til stjórnarinnar var samþykt, og breytingar þær á skipulagi Landsbankans, sem I. P. og J. J. höfðu boðað, að þeir myndu flytja við 3. umr., gátu ekki komið fram, því að málið stöðvaðist við 2. umræðu.

Hinn nýi fjármálaráðherra (J. Þ.) tók að sjer að undirbúa málið. Ljet meðal annars í ljós, að hann myndi bera málið undir sænska sjerfræðinga í bankamálum.

Engar umræður hafa orðið um málið í blöðum eða á mannfundum. Og stjórnin sýnist lítið hafa gert við það, fyr en komið var fram á haust. Stjórn Landsbankans hafði sent frv. til umsagnar hagfræðisprófessor við Kaupmannahafnarháskóla, hr. A. Nielsen, og fengið aftur svar hans. Fjármálaráðherra hefir líklega sjeð þetta svar og getist vel að því. Niðurstaðan verður sú, að hann sendir frv. einnig til þessa manns, sem áður er búinn að lýsa yfir skoðun sinni um málið. Krabbe skrifstofustjóri sendir einnig álit til stjórnarinnar, og eru þar einstök atriði, sem undirrituðum nefndarmönnum þykja mjög til bóta, borið

saman við aðrar hliðstæðar tillögur um skipulag Landsbankans. Verður við umræðurnar vikið að áliti hans.

Hins vegar lagðist fjármálaráðherra alveg undir höfuð að leita til hinna sænsku sjerfræðinga, eða þjóðbankanna á Norðurlöndum. Mátti þó minnast þess, að þegar Íslandsbanki var stofnaður, hafði stjórnin leitað til Þjóðbankans danska, og hann gefið ráð og bendingar, sem hefðu mátt verða Íslendingum til allmikils gagns.

Í þingbyrjun leggur fjármálaráðherra frv. fyrir þingið og lætur fylgja með álitsskjal hr. Nielsens og Krabbes. Frv. var í aðalatriðum hið sama og árið áður, en þó gerðar víða breytingar, sem nálega allar stefndu í þá átt, að auka til stórra muna þá annmarka, sem frá upphafi höfðu verið á frv. að því er snerti skipulag Landsbankans, ef hann varð seðlabanki.

Nefndin hefir haft fjölmarga fundi um málið og rætt það ítarlega. Síðan hafa bankastjórar beggja bankanna komið á fund nefndarinnar og J. Þ. fjármálaráðherra. Við þessa meðferð málsins og allan aðdraganda þess hefir það orðið ljóst, að hjer var um að ræða langþýðingarmesta þjóðmálið, sem nú er á dagskrá, og að framtíð og fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar getur að miklu leyti verið háð úrlausn þess.

Af ritgerðum annara nefndarmanna (B. K. og S. E.) munu sjást rök, er þeir telja fyrir því, að seðlaútgáfan sje betur komin hjá sjerstakri seðlastofnun eða væntanlegum fasteignabanka heldur en hjá Landsbankanum.

Við undirritaðir leiðum hjá okkur, að þessu sinni, þann hluta málsins, en tökum til meðferðar annmarka þá á skipulagi Landsbankans, sem við teljum leiða af hinni fyrirhuguðu breytingu, ef bankinn tekur að sjer seðlaútgáfuna með þeim skilyrðum, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrv. Þar sem meiri hluti fjárhagsnefndar vill, að málið sje betur rannsakað og rætt með þjóðinni, er tilgangurinn sá, að skýra alhliða frá meginefni málsins. Síðan er gert ráð fyrir sjerstakri nefndarskipun, að leitað verði álits þjóðbankanna á Norðurlöndum, og að málið verði rætt sem allra almennast manna milli og á mannfundum hjer á landi áður en endanleg ákvörðun er tekin. En þar sem nefndin skýtur málinu þannig undir rannsókn, leiðir af sjálfu sjer, að henni getur ekki komið til hugar að kveða upp endanlegan úrskurð, fyr en hin ítarlegasta rannsókn hefir gefið traustan grundvöll að byggja á.

Framtíðarúrræðin um skipun seðlamálsins sýnast vera að eins þrjú:

1. Að Landsbankinn hafi seðlana.
2. Að fasteignabanki hafi þá.
3. Að stofnaður verði sjerstakur seðlabanki.

Fjórða úrræðið, að Íslandsbanki haldi áfram að vera seðlabanki, virðist, að vonum, ekki koma til mála. Engar raddir hafa um það heyrst í þinginu eða annarsstaðar. Þegar menn fara að mynda sjer fastar skoðanir um lausn seðlaútgáfunnar, er varla nema um þessar þrjár áðurnefndu leiðir að ræða.

Við undirritaðir nefndarmenn ljetum í fyrra í ljós þá skoðun, er seðlamálið var til umræðu í þinginu, að við vildum gera allítarlegar breytingar á frv. um Landsbankann, eins og það lá þá fyrir, ef bankinn ætti að taka við seðlaútgáfunni. Síðan hefir frv. tekið ekki allfáum breytingum til verri vegar. Munum

við því nota tækifærið til að sýna fram á, hvílík þjóðarhætta gæti verið fólgin í því að samþykkja frv. stjórnarinnar óbreytt eins og það liggur nú fyrir þinginu.

Landsbankinn hefir hingað til verið alþjóðareign og verið álitinn fjöregg þjóðarinnar í fjármálaefnum. Landsbankinn hefir yfirleitt skilið hlutverk sitt rjett og verið vörður fjárhagslegs sjálfstæðis landsmanna. Landsmönnum hefir líka þótt vænt um banka sinn og treyst honum vel. Á krepputímunum hefir sparisjóður bankans farið sívaxandi, af því sparifjáreigendur hafa talið þar öruggast traust. Þjóðin öll stæði í ábyrgð bak við þennan banka og skuldbindingar hans.

Nú á þetta að breytast. Bankinn á að verða hlutafjelag og ekki rekinn á ábyrgð landsins, heldur eins og hvert annað sjálfstætt gróðafyrirtæki. Slík breyting myndi vafalaust skaða álit bankans og draga úr trausti margra sparifjáreigenda, ef menn yfirleitt trúa því, að landssjóður gæti nokkurn tíma látið vera að greiða skuldir bankans, ef svo illa tækist til, að hann yrði einhverntíma gjaldþrota.

Í öðru lagi er auðsjeð, að hlutabrjef bankans myndu að eins lenda í höndum stórefnaðra manna eða braskara. Samkvæmt 2. gr. frv. er hver hlutur 10 þús. kr. að nafnverði. Hlutirnir yrðu þannig á höndum mjög fárra manna, sem auðveldlega gætu myndað hring til að ná fullkomlega tökum á bankanum og nota hann eftir því, sem fjesýslumönnum þessum þætti best henta hagsmunum sínum.

Þessu gróðafjelagi á að afhenda seðlaútgáfurjettinn í hálfa öld. Þar sem margir einstakir menn og stofnanir yrðu eigendur hlutabrjefanna, myndi því verða haldið fram, að Alþingi mætti engu hagga um skipulag bankans í hálfa öld, hversu miklar misfellur sem yrðu á ráði hans, ef ekki varðaði formlega við lög. Sjest af þessu, hve geysiþýðingarmikið það spor er, sem hjer á að stíga.

Nú sem stendur eru seðlar landssjóðs ekki gulltryggðir, og má við það una sem bráðabirgðalausn, ef stilt er í hóf með seðlaútgáfuna, eins og gert mun hafa verið síðan Íslandsbanki byrjaði að draga saman seglin. En í framtíðinni verður að gera ráð fyrir innleysanlegum seðlum og öruggri tryggingu. En á þessu er nokkur misbrestur. Í 9. gr. er gert ráð fyrir, að gefa megi bankanum um tveggja ára skeið undanþágu frá tryggingarskilyrðunum, og gæti það orðið misbrúkað.

Í 6. gr. er heimilt, að innieign bankans erlendis megi að nokkru leyti skoða sem gullforða, og í 44. gr. er rýmkað um þessa undanþágu um stundarsakir. Alt þetta stefnir í sömu átt, að slaka á klónni um þá einu lögtryggingu, sem reynslan hefir sýnt, að er verulegur hemill á seðlaútgáfu, nefnilega að hafa jafnan bak við seðlana fastan forða af góðmálmum.

Fjármálaráðherra hefir gert tvær stórbreytingar á frv. m. a., sem mjög mun orka tvímælis um. Önnur er sú (19. gr.), að landssjóði er nálega varnað að hafa skifti við bankann, aðeins þriggja mánaða víxla, eins og um óreiðufyrirtæki væri að ræða. Svo sem til uppbótar á Landsbankinn að missa einkarjett þann, er hann fjekk fyrir nokkrum árum, að geyma sparisjóðsfje ríkissjóðs og almennra stofnana. Ef hjer verður komið á fót fleiri bönkum en Íslandsbanka, sem eru einkafyrirtæki, geta þeir kept um að geyma fje opinberra sjóða, og það orðið til tjóns í höndum misjafnra forráðamanna.

Þá hefir þótt hlýða að gera þá breytingu á æðstu stjórn bankans, að

skapa nýtt bankaráð, skipað 5 mönnum, sem til samans kosta bankann c. 15 þús. krónur á ári. Ef gagn ætti að verða að slíku bankaráði, yrði valdi þess og verksviði að vera alt öðruvísi farið en frv. gerir ráð fyrir.

Nú hefir verið rakin saga þessa máls og drepið stuttlega á þær stórvægilegu breytingar, sem ráðgerðar eru á Landsbankanum um leið og hann verður seðlabanki. Liggur þá næst að kryfja nánar til mergjar þessar einstöku breytingar, og að því loknu draga saman helstu niðurstöður eins og málið horfir nú við.

II.

Höfuðbreytingin á Landsbankanum, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, er sú, að bankinn verði hlutafjelag, en ekki þjóðareign, og að einstakir menn, fjelög og stofnanir geti eignast alt að helmingi hlutafjárins. Fje þessu fylgir mikil ágóðavon, en að svo komnu er eigendum þess ekki ætluð bein íhlutun um stjórn bankans.

Tvær ástæður sýnast hafa valdið þessari ráðabreytni hjá þeim, sem að frv. standa. Stjórn Landsbankans telur of lítið fast fjármagn standa á bak við hin sívaxandi innlög bankans. Landið lagði bankanum upprunalega ekki til annað fje en hálfa miljón í óinnleysanlegum seðlum. Þessir seðlar, með síðari viðbót og krónuseðlunum, eru nú orðnir um eina miljón króna. Með lögum frá 1913 leggur landssjóður bankanum til 2 miljónir á 20 árum. Þetta er hið eiginlega stofnfje bankans. Nú vildi Landsbankastjórnin í fyrra gera kleift að auka þetta fje um helming með almennu hlutaútboði innanlands. Er svo að sjá, sem bankastjórnin hafi talið örvænt um, að landið gæti lagt fram meira stofnfje en komið var, og að eina ráðið væri að gefa fjesýslumönnum færi á að leggja peninga fram í stofnsjóð bankans. En til að lokka þá til framlaganna er þeim gefinn mikill kostur á gróða, svo að fyrir þjóðina má telja slíka kosti fullkomið neyðarbrauð. Verðlaun höfuðstólsins eru samkvæmt stjórnarfrv. sem hjer segir:

1. 6% af hlutafjenu. Síðan er $^1/_8$ af því, sem eftir er, lagt í varasjóð.
2. Þá eru 2% af því, sem eftir er, greitt til hluthafa.
3. En þetta er hluthöfunum ekki nóg. Ef illa lætur í ári, getur svo farið, að þeim sje ekki ætlð trygð 8% af fje sínu. Þess vegna eru næstu 20% af gróða bankans lögð í svokallaðan *jöfnunarsjóð*. Ætlunarverk hans er að bæta hluthöfunum það, sem á kynni að vanta 8% í vondu árunum.
4. Að síðustu fá hluthafar fimta hluta þess, sem þá er eftir, en landssjóður $^4/_5$. Hann kemur seinast í röðinni, eftir að búið er að tryggja gróðamennina, sem í bankann leggja, svo að vinningur þeirra sje líka öruggur, þó að vond ár komi fyrir bankann.

Hluthafarnir fá altaf, hvernig sem árar, 8% af fje sínu. Í góðæri skiftist þar á ofan milli þeirra mikið fje, svo að sumir kaupsýslumenn í bænum hafa látið sjer um munn fara, að með vaxandi fjárafla bankans gæti ágóðinn af hlutunum orðið 18—20%. Ef aðeins er litið á þessa breytingu frá peningalegu sjónarmiði, þá er hún tæplega verjanleg. Hið fátæka land á að bæta úr fjárskorti sinnar helstu peningastofnunar með því að fá lánað fje með okurvöxtum, jafnvel þvílíkum kjörum, að höfuðstóllinn gæti endurborgast að fullu á fáeinum árum.

A. Nielsen virðist hafa verið of ókunnugur íslenskum staðháttum, eða

ekki haft glögt auga fyrir hinni leyndu, sívaxandi yfirdrotnun fjármagnsins nú á dögum, til að vara við þessari hættu. Aftur hefir Krabbe skrifstofustjóri skilið vel, hvílík hætta er hjer á ferðum, og lagt til, að einstakir gróðamenn yrðu með öllu útilokaðir frá að eiga hluti í bankanum, og bent á þá leið, að fá mætti fje þetta frá opinberum sjóðum.

Fjármálaráðherra hefir eilítið tekið þetta til greina, og nefnir nú innlendar »stofnanir« í 2. gr. frv. En það er aðeins heimild, og hversu með yrði farið, er algerlega á valdi fjármálaráðherrans, því að hann tilnefnir meiri hluta bankaráðsins. Eftir að fjárhagsnefnd klofnaði hefir þm. Vestmannaeyja gert breytingartill. í þá átt, sem bendingar Krabbes hníga að, og er það vitaskuld rjett spor í áttina, ef sú leið verður farin, að einhver annar en landssjóður fær að kaupa hluti í bankanum.

Meðan stóð á nefndarstörfum benti annar af undirrituðum (I. P.) fjármálaráðherra á hættu þá, er hann taldi stafa af því að selja einstökum gróðamönnum hlutabrjef bankans. Taldi ráðherrann vel geta komið til mála, að landið legði fram allan hlutafjáraukann. T. d. þær tvær miljónir af enska láninu, sem landið hefir lánað Landsbankanum, en endurborgar til útlanda á 30 árum. Frá sjónarmiði þeirra, sem vilja ekki breyta skipulagi Landsbankans nema sem allra minst, er þessi leiðin best, jafnvel mun betri en úrræði Krabbes, sem áður er að vikið.

Nú hefir verið sýnt, hversvegna landsbankastjórnin hefir leiðst til að benda á leið til fjefanga fyrir aukinn stofnsjóð bankans, leið, sem í framkvæmdinni myndi reynast þjóðinni bæði dýr og hættuleg. Jafnframt er sýnt, að skrifstofustjóri Krabbe og fjármálaráðherra (J. Þ.) hafa síðar sjeð úrræði til að ná auknu stofnfje bankanum til handa á annmarkaminni hátt, annaðhvort með því að festa þar fje opinberra sjóða eða með enska láninu að því leyti, sem nokkur hluti þess stendur í bankanum. Þá hefir og komið í ljós í samtali við stjórn Landsbankans, að hún telur mun betra, ef unt er að fá hlutafjeð öðruvísi en með almennu útboði.

En bak við breytinguna á bankanum, hlutafjelag háð hlutafjelagslögunum frá 1921, í stað landsfyrirtækis, liggur önnur hugsun, nefnilega sú, að gera bankann að sjálfstæðri gróðastofnun, í raun og veru óháðan þingi og stjórn, að frátöknum bitlingum þeim, sem hver setufrek stjórn getur úthlutað, sem sje bankaráðsembættum til 6 ára. Þessi breyting hefir, að því er virðist, verið efst í huga fjármálaráðherra (J. Þ.) er hann endursamdi frv. Hann tekur skýrt fram, að bankinn skuli vera hlutafjelag, og eftir því, sem lög hans sjálfs leyfa, háður hlutafjelagslögunum. Hann ætlast til, að landið beri enga ábyrgð á fjárreiðum bankans, nema að því leyti sem það hefir lagt bankanum til stofnfje. Bankinn nýtur heldur ekki þeirra hlunninda að geyma almannafje, nema eftir því, sem forráðamönnum þess þóknast. Landið er fyrir sitt leyti nálega útilokað frá skiftum við bankann með stofnlögunum, samhliða því, að landið afhendir bankanum seðlafúlguna til 50 ára. Bankinn á þannig að verða nálega gagnslaus fyrir ríkið sjálft, óháð gróðastofnun, sem getur því auðveldlegar látið einstöku fjesýslumönnum eða gróðafjelögum í tje veltufje til fyrirtækja sinna.

En það er ekki nóg, að þessi stofnlög bankans gera Landsbankann að

gróðafyrirtæki, sem fyrst og fremst sækist eftir eigin hagnaði, án tillits til alþjóðarvelferðar. Með stofnlögum þessum er leitast við að skorða bankann í föstu móti, a. m. k. í hálfa öld, svo að þjóðin, þingið og stjórnin geti þar engu um þokað. Hinir einstöku menn eða stofnanir, sem hafa keypt hin arðvænlegu hlutabrjef, hafa í bankalögunum fengið sjerrjett sinn trygðan, meðan hlunnindin vara. Af því Íslandsbanki er hlutafjelag, en ekki ríkiseign, er hann varinn fyrir öllum kröfum um að taka sjerstök tillit til þjóðarhagsmuna. Hann má hugsa um sig einan. Meiri hluti þingsins í fyrra og nú vill gera Landsbankanum að skyldu að hlynna að landbúnaðinum, með því að leggja fram nokkurt fje í verðbrjef Búnaðarlánadeildar og Ræktunarsjóðs. Enginn nefnir Íslandsbanka í því sambandi enn sem komið er. Hvers vegna ekki? Hann gæti engu síður lagt fram fje til ræktunar en Landsbankinn. Honum bæri engu síður skylda til þess, sökum hinna margháttuðu hlunninda, sem hann hefir notið fyr og síðar. En af því hann er einkafyrirtæki, getur þjóðfjelagið að eins veitt honum hlunnindi og rjettindi, en ekki krafist launa í staðinn. Það er mjög undarlegur hugsunarháttur, að vilja nota það tækifæri, þegar seðlarnir koma heim úr útlegðinni, til að kasta Landsbankanum sjálfum með seðlaútgáfurjettinum undan umráðum og áhrifum þjóðfjelagsins og gera hann að óháðri gróðastofnun.

Þá er eftir þriðja hliðin á hlutafjelagsfyrirkomulagi bankans. Hluthafarnir eiga ekki að hafa nein áhrif á stjórn hans, enginn hluthafafundur að koma til skjalanna o. s. frv. En hver segir, að svo yrði til lengdar? Hlutirnir verða allir svo stórir, að þeir einir, sem mikil fjárráð hafa, myndu kaupa þá (10 þús. hver). Flestir hluthafarnir yrðu vitanlega hjer úr bænum, eða sama sem allir. Hvað hindrar þessa menn frá að sameina sig um að ná í sínar hendur valdi yfir Landsbankanum? Þeir myndu von bráðar koma til þingsins og biðja um hluthafafund og atkvæðisrjett. Og ef meiri hluti bankaráðsmannanna væri hlutafjáreigendur, sem vel getur komið fyrir, myndi þeim vera ljúft að mæla með slíkri umbót við flokksbræður sína á þingi og væntanlega fá þar áheyrn áður langt um liði.

Eitt dæmi úr íslenskri bankasögu sannar, hve auðvelt hefir reynst fyrir fjármagnshlutabanka að leika með þingið, ef um gróðavon var að ræða fjármagninu til handa. Þegar Íslandsbanki var stofnaður, lofuðu forgöngumenn hans, að þeir skyldu ekki sækjast eftir, að bankinn hefði sparisjóð samhliða seðlunum. Þjóðbankinn danski mælti fastlega á móti slíkri ráðabreytni í áliti sínu. Þingið ætlaði bankanum ekki að hafa sparisjóð. En hvernig fór? Hluthafar bankans vildu fá sparisjóð, til að græða því meira. Þeir rufu heit sín. Þeir virtu að vettugi álit þjóðbankans. Þeir fengu sparisjóðsrjett, grímuklæddan að vísu, en jafngóðan í framkvæmdinni, og hafa haldið honum síðan.

Ef fáeinir gróðamenn eignast helminginn af stofnfjenu, munu ekki líða nema fáein ár, þar til þeir hafa undirtökin á öllum rekstri bankans. Í hálfa öld getur hið litla fjelag þeirra stjórnað seðlaútgáfunni og tugum miljóna af sparifje íslenskra borgara.

Þannig er sama, frá hvaða þjóðlegu sjónarmiði litið er á aðalefni 2. gr. bankafrv. þessa, þá er hin ráðgerða breyting stórhættuleg fyrir landsmenn, bæði í bráð og lengd.

III.

Eins og áður er að vikið, er fulltrúaráð það, er frv. gerir ráð fyrir, bæði kostnaðarsamt og gagnslítið. Skal hjer stuttlega athugað starfsvið þess og gagnsemi, eins og gert er ráð fyrir því í frv.

Aðalstarf fulltrúaráðsins samkv. 24. gr. frv. er:

a. að semja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu.

Slík reglugerð yrði samin í eitt skifti fyrir öll, og því óþarft hennar vegna að hafa fulltrúaráð starfandi alla tíð, meðan bankinn starfaði. Mætti fela það starf öðrum, svo fulltryggilegt væri. Vegna þessa atriðis er því fulltrúaráð alóþarft.

b. að skipa aðalbókara, aðalfjehirði, útibússtjóra, bókara og fjehirða við útibúin, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar.

Þetta atriði af starfi fulltrúaráðsins er aðallega formsatriði, því tillögur bankastjórnarinnar myndu í framkvæmdinni ráða um skipun þessara starfsmanna. Vegna þessa starfs er ekki ástæða til að launa fulltrúaráðið.

c. að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.

Um þennan staflið gildir það sama og sagt hefir verið um staflið b.

d. að ákveða laun starfsmanna bankans og setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans.

Starfsmannalaun mundu verða ákveðin til nokkurra ára í senn, og reglugerð um eftirlaunasjóð ætti að semja í eitt skifti fyrir öll. Þessi liður gerir því ekki sístarfandi fulltrúaráð nauðsynlegt.

e. að hafa á hendi leiðbeinandi endurskoðun á gerðum framkvæmdarstjórnar (bankastjórnar).

Mjög orkar það tvímælis, að hve miklu gagni sú leiðbeinandi endurskoðun kemur. Lítil trygging virðist fyrir því vera, að fulltrúaráðið verði þann veg skipað, að það verði því vaxið að hafa á hendi slíka leiðbeinandi endurskoðun; að minsta kosti mun það ei ofmælt að segja, að fyrirkomulag það, er frv. gerir ráð fyrir um skipun fulltrúaráðsins, feli ekki í sjer neina slíka tryggingu. Með hliðsjón af þeirri viðkynningu, sem við höfum haft af bankaráðum, og sjerstaklega með tilliti til þess, hvernig ráðgert er að skipa hið fyrirhugaða fulltrúaráð, þá er ekki ástæðulaust að gera ráð fyrir, að fulltrúaráðið gæti orðið pólitískur bitlingur handa vildarmönnum stjórnarinnar.

f. að ganga eftir því, að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.

Það virðist svo, sem ríkisstjórninni ætti ekki að vera ofvaxið að sjá um, að endurskoðendurnir ræktu starf sitt vel.

g. að taka ákvörðun um eftirgjöf skulda.

Að leggja ákvörðunarrjett um eftirgjöf skulda í hendur fulltrúaráðs, sem skipað er á þeim grundvelli og á þann hátt, er frv. mælir fyrir, getur verið mjög varhugavert, því ekki er útilokað, eins og áður er á vikið, að fulltrúaráðið geti orðið pólitískt, og þá um leið máske að einhverju leyti hlutdrægt í ákvörðunum um eftirgjöf skuldanna.

Ákvörðunarrjetturinn er því ekki að neinu leyti betur kominn í höndum fulltrúaráðs heldur en hjá bankastjórninni einni.

h. að úrskurða reikninga bankans.

Ef bankinn verður að mestu eða öllu leyti eign ríkisins, sýnist eðlilegast, að Alþingi úrskurði reikninga hans.

i. að gera ályktun um þau mál, er framkvæmdarstjórnin leggur fyrir fulltrúaráðið.

Þessi liður starfs fulltrúaráðsins er mjög óákveðinn og sýnist að mestu óþarfur, því vald þess er ekki með frv. ákveðið svo mikið, að það geti gert ákvarðanir sínar gildandi, ef þær stríða á móti vilja bankastjórnarinnar, enda órannsakað, hvort slíkt vald væri æskilegt.

Af því, sem hjer hefir sagt verið um verksvið fulltrúaráðs þess, er frv. gerir ráð fyrir, liggur beint við að draga þá ályktun, að það sje að mestu eða öllu leyti óþarft að stofna slíkt fulltrúaráð við Landsbankann, en ef um slíkt bankaráð á að vera að ræða í framtíðinni, þá ætti það að vera ólaunað heiðursstarf, sem int væri af hendi í þarfir þjóðfjelagsins án endurgjalds, svo sem verið hefir um mörg störf og er enn, t. d. hreppsnefndarstörf o. fl. Enda erum við þess fullvissir, að enn muni finnast menn meðal allra stjetta þjóðfjelagsins, sem fúsir vildu inna slíkt trúnaðarstarf af hendi án þess að gera það að fjeþúfu. Auðvitað mætti kosningu fulltrúaráðsins þá vera á nokkuð annan veg fyrir komið en þann, er frv. gerir ráð fyrir.

Aftur á móti, ef það reyndist svo, að þörf væri á að skipa við Landsbankann fulltrúaráð með víðtækara valdi en frv. ætlast til, og það miklum starfskröftum, að ástæða væri til að ákveða því föst laun, þá þarf skipun þess að vera á alt annan hátt en þann, er frv. gerir ráð fyrir. Viljum við til athugunar benda á tvær leiðir, sem fara mætti við skipun slíks fulltrúaráðs.

1. Að fulltrúaráðið væri skipað af atvinnuvegum landsins, t. d. þannig:

Búnaðarfjelag Íslands skipaði 1, Fiskifjelag Íslands 1, Samband íslenskra samvinnufjelaga 1, Verslunarráð Íslands 1 og Samband alþýðufjelaganna 1.

2. Að fulltrúaráðið væri alt þingkosið á sama hátt og á sjer stað um fulltrúaráð Noregsbanka.

IV.

Ein af breytingum þeim, sem fjármálaráðh. (J. Þ.) hefir gert á frv. frá því, sem það lá fyrir þinginu í fyrra, er að upphefja einkarjett Landsbankans til að geyma opinbert fje.

Fyrir nokkrum árum komu þjóðlegir menn á Alþingi því til leiðar, að embættismönnum og öðrum, sem geyma almannafje, var skipað að ávaxta það í landsins eigin banka. Áður var mest af þessu fje geymt í þeim bankanum, þar sem útlendingar áttu meiri hluta höfuðstólsins. Hvers vegna? Af því að útlendingarnir höfðu verið svo hyggnir að gefa »maktarmönnum« í höfuðstaðnum tækifæri til að fá hluti í bankanum með þægilegum kjörum. Fjölmargir af embættismönnum landsins áttu og eiga enn hluti í útlenda bankanum. Þeim varð á, sem mannlegt þykir, að hlynna að sjálfum sjer, og ljetu sinn banka sitja fyrir að geyma fje landssjóðs. Þessu var að lokum breytt, eftir harða baráttu við þá þingmenn, sem tóku sjer nærri hagsmuni hluthafanna, og um nokkur ár hafa þeir,

sem geyma almannafje í sparisjóði, verið skyldir til að hafa það í landsins eigin banka. Nú á að breyta þessu, sýnilega til að þóknast hluthöfum Íslandsbanka. Því að svo freklega hefir sumum af starfsmönnum landsins þótt sjer misboðið með gildandi lögum í þessu efni, að þeir hafa sumir hverjir geymt hið opinbera fje eins lengi og þeir gátu sem persónulega innstæðu í Íslandsbanka, áður en þeir hafa flutt upphæðirnar fyrir landsins hönd yfir í Landsbankann.

Um hina ráðgerðu breytingu fjármálaráðherra í þessu efni er það eitt að segja, að hún er öfugt spor, ef Landsbankinn er þjóðbanki. Þá á að geyma þar almannafje. En ef hjer eru tveir bankar og báðir með sama sniði, sjálfstæð gróðafjelög, en ekki þjónar almennra hagsmuna, þá má segja, að opinbera fjeð sje jafnvel komið í hvorum þeirra sem er.

Af öllum þessum ástæðum álítum við undirritaðir, að gott eitt ætti að geta leitt af almennum umræðum um seðlamálið og ítarlegri rannsókn þess.

Frv. stjórnarinnar um Landsbankann er svo stórgallað á margan hátt, að þjóðina myndi áreiðanlega iðra þess, ef það næði samþykki þingsins í sinni núverandi mynd. Hins vegar mun málið tæplega vera svo flókið í raun og veru, að ekki ætti að mega búast við, að það verði von bráðar leyst á heppilegan hátt, ef þing og þjóð gera sitt til, að umræður og rannsókn þess snúist eingöngu um að finna þá leið í stjórn peningamála landsins, sem best tryggi fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í framtíðinni.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Sigurði Eggerz.

Eins og tekið er fram í athugasemdum fyrir frumv. stjórnarinnar, var ákveðið með lögum nr. 6, 31. maí 1921, að Íslandsbanki skyldi draga inn seðla sína með 1 miljón kr. árlega, þar til eftir eru 2½ miljón króna, en þaðan af skyldi inndrátturinn eiga sjer stað með svo að segja jöfnum upphæðum til loka leyfistímans. Seðlaútgáfan, sem þannig losnar, hverfur til landssjóðs, og átti fyrir 1. júní 1922 að ákveða með lögum, hversu seðlaútgáfunni skyldi komið fyrir framvegis. Þessi frestur hefir jafnan verið framlengdur, og á síðasta þingi var hann framlengdur enn með þeim rökstuðningi, að málið væri ekki nægilega undirbúið, og var gert ráð fyrir því, að stjórnin ljeti fara fram ítarlegan undirbúning í málinu. Stjórnin hefir nú leitað álits prófessors Axel Nielsens við

Kaupmannahafnarháskóla, og fylgdi því einnig umsögn Jóns Krabbe. Fyrir prófessornum lágu 2 frumv., sem komu fram á síðasta þingi, annað, sem fyrv. fjármálaráðh. hafði lagt fram, undirbúið af Landsbankanum, og hitt frá Birni Kristjánssyni, um sjerstaka seðlastofnun.

Prófessorinn virðist ganga út frá því, að í raun og veru sje nú lögákveðið, að Landsbankinn verði seðlabanki. En þetta er auðvitað misskilningur, því að samkvæmt lögum frá 31. maí 1921, sbr. lög 4. maí 1922, er að eins til bráðabirgða ákveðið, að Landsbankinn að tilhlutun stjórnarinnar gefi út seðla en að öðru leyti ákveða lögin, að seðlaútgáfa Íslandsbanka, jafnóðum og bankinn skilar henni af sjer, falli til landsstjórnarinnar, sem ráðstafar henni svo síðar. Prófessorinn bendir á, að þeir örðugleikar sjeu á að gera skipun á seðlaútgáfunni nú, að enn sje ekki vitað um, hvernig fari um íslensku krónuna, hvort henni verði komið upp í hið gamla gullgildi aftur eða hvort hún sæti öðrum örlögum, ef til vill sameiginlegum með peningum ýmsra annara þjóða, sem nú standa undir gullgildi. Og rjett er það auðvitað, að ekki er hægt að nefna ákveðinn tíma, þegar krónan verði búin að ná gullgildi sínu, því svo mjög er hún háð viðskiftalögum, sem ekki verður ráðið við. Það er og auðvitað sjálfsagt, að ráðstafanir þær, sem gerðar eru um seðlaútgáfuna, verður að miða við hinn innleysanlega seðil, þó seðlaútgáfan fyrst um sinn verði að byggja á óinnleysanlegum seðli, og sjálfsagt má treysta því, að seðlaútgáfan verði í framtíðinni trygð með gulli, eins og alment var fyrir stríðið, og gullinu verði aftur skipað sama sæti eins og átti sjer stað fyrir stríðið, sbr. og það, að Englandsbanki mun nú vera að undirbúa sig undir að gera seðla sína innleysanlega. Mjer virðist því í raun og veru, að þessi almennu grundvallaratriði valdi ekki svo mjög miklum erfiðleikum.

En jeg verð hreinskilnislega að játa, að ýmsar þær kenningar um þessi mál, sem hinn vel þekti prófessor hefir bent á, hafa ekki dregið mig að þeirri niðurstöðu, sem prófessorinn kemst að, heldur í öfuga átt.

Prófessor Nielsen farast svo orð í erindi sínu til Landsbankans: »Det indgaaende Kendskab til Islands Næringsliv, som er nödvendigt for at gennemföre en Bankordning, der stemmer overens med Landets ökonomiske Forhold, besidder jeg ikke, og jeg skal være den förste til at indrömme det berettigede i det Synspunkt, at Hensyntagen til existerende ökonomiske Forhold maa modificere ogsaa paa Bankvæsenets Omraade de mere ideelle Fordringer, Teorien opstiller«. Auðvitað getur enginn ætlast til, að prófessorinn hafi þessa þekkingu, en eins og hann tekur sjálfur fram, þá skiftir það allmiklu máli, að nægilegt tillit sje tekið til »existerende ökonomiske Forhold«. Þar undir mætti vel taka aðstöðu þá, sem verið hefir á milli bankanna hjer. Um langan tíma hefir verið hörð barátta á milli þeirra, sem oft og tíðum án vafa hefir haft fremur óheppileg áhrif á fjármálalíf vort. Auðvitað er nú komið hið besta samkomulag á milli þeirra, en vel má vísa til ummæla bankastjórnar Íslandsbanka og benda á, að af þar greindum ástæðum gæti neisti til hinnar gömlu úlfúðar falist í hinu fyrirhugaða skipulagi. En best væri að haga seðlafyrirkomulaginu þannig, að í því fælist enginn slíkur ásteytingarsteinn. Þá er varla heldur við því að búast, að prófessor Nielsen sje með öllu ljóst, hve mikil áhætta felst í aðalatvinnuvegi

vorum, sjávarútveginum, en þar sem Landsbankinn er nú stöðugt að auka afskifti sín af honum, þá felst þar í væntanleg áhætta, sjerstök í sinni röð fyrir seðlabanka, og verður nánar vikið að því síðar.

Þá virðist mjer einnig, að í þessu sambandi mætti víkja að ummælum fjármálaráðh., þegar hann lagði mál þetta fyrir Alþingi. Hann lagði áherslu á, að ef þetta frumv. yrði samþ., þá yrði Landsbankinn að haga lánum sínum með meiri varkárni en áður hefði átt sjer stað og draga inn seglin. Þetta eru auðvitað ummæli, sem með öllu eru rjett hjá fjármálaráðherranum. En ef svo færi, og Íslandsbanki jafnhliða minkaði viðskifti sín, eins og gert var ráð fyrir, jafnóðum og seðlaútgáfan hverfur frá honum, hvernig fer þá með framleiðsluna og viðskiftalífið? Hver sjer þá fyrir því? Í þessu sambandi virðist full ástæða til þess að benda á, að þó að tilætlunin væri, að Íslandsbanki minkaði viðskifti sín samtímis seðlainndrættinum, þá hefir hann vegna framleiðslunnar og viðskiftalífsins verið neyddur til þess að halda viðskiftum sínum svo að segja í sama horfi og áður var. Þegar nú Íslandsbanki vegna hinnar óhagkvæmu endursölu (rediskontering) verður að minka viðskifti sín, hvernig fer þá? Auðvitað er þá, að Landsbankinn, ef hann yrði seðlabanki, verður neyddur til þess að lána meira og með aukinni áhættu, eða þá að offra verður framleiðslunni á altari varfærninnar.

Þarna að eins fá dæmi til að leggja áherslu á ummæli prófessorsins um, hve miklu skifti sjerþekking á fjármálalífi þjóðarinnar.

En svo segir prófessorinn ennfremur í hinu sama álitsskjali til Landsbankans:

» . . . men tilkommer der ogsaa »Praksis« et vist Hensyn ved en Bankordnings Udformning, saa vil jeg dog gerne samtidig præcisere, hvorledes paa den anden Side Teorien netop paa dette Omraade med rette kan opstille sine Krav og fordre dem respekterede; medens de Erfaringer, den enkelte Generation kan göre med Hensyn til, hvorledes Bankvæsenet og særlig Udstedelsen af Banksedler bör være ordnet, efter Sagens Natur maa blive stærkt begrænsede, saa vil der ses, at Teorien kun er bundfældet Erfaringer, man i tidligere Tider og i andre Lande har gjort med Hensyn til Seddeludstedelsen, og netop derfor maa paa dette omraade Teorien have Krav paa en stærk Hensyntagen«.

Mjer finst þetta með öllu ljóst, að »Teorien« hefir farið í gegnum hreinsunareld reynslunnar, og á því að sjálfsögðu svo mikinn rjett á sjer, að mjög varhugavert er að brjóta í bága við þær kröfur, sem hún gerir. Og því finst mjer þá meiri ástæða til þess að athuga seðlafyrirkomulagið annarsstaðar, því sannarlega hlýtur það að hafa orðið til undir áhrifum hinnar eldreyndu »Teoriu«. Jeg skil nú prófessor Nielsen svo, að seðlabankar hafi ekki sparisjóðsfje yfir höfuð. Og þessi skilningur styðst einnig við þær upplýsingar, sem jeg hefi annarsstaðar reynt að útvega mjer í þessu efni. — Nú er það svo, að Landsbankinn hefir um 21 miljón í sparisjóðsfje, eða aðalstarfsfje hans er sparisjóðsfje. Ef Landsbankinn yrði því gerður að seðlabanka, þá sýnist vera stigið öfugt við þau spor, sem reynslan hefir markað í öðrum seðlabönkum. Prófessorinn bendir og á, að löng lán geti samrýmst sparisjóðsstarfseminni, en seðlaútgáfan geri kröfu til stuttra lána. Hjer sjest það þá, að reynslan sýnir, að

banki með sparisjóðsfje og banki með seðlaútgáfu verða að stýra eftir þveröfugum höfuðreglum. Seðlabankar annarsstaðar lána sjerstaklega bönkum, og þó þeir einnig láni öðrum en bönkum, munu þeir varast áhættufyrirtækin. En auk þess sem Landsbankinn hefir sparisjóðsstarfsemi, þá lánar hann einnig allmikið sjávarútveginum, sem að allra dómi er mjög áhættusamur atvinnuvegur, þar sem sveiflurnar upp og niður eru mjög stórar. Þó jeg nú að eins fari inn á þessi atriði, þá sýnist mjer einmitt, að þau mundu í beinu stríði við reynslu þá, sem fengin er annarsstaðar í heiminum, sbr. sjálfa skýrslu prófessorsins, en það tel jeg vera mjög varhugavert fyrir oss að byggja seðlabankalöggjöf vora á öðrum grundvelli en reynslunnar. Slíkt hefnir sín jafnan. Jeg minni á, að þegar gengismálið var hjer í allra fyrstu bernsku, var því haldið fram, að það næði ekki nokkurri átt að gera nokkurn mun á íslensku og dönsku krónunni. Og það var reynt að halda mismuninum niðri í lengstu lög, og hvað tapast hefir á því skilningsleysi, er ekki gott að segja. En svo greip hið ósveigjanlega lögmál viðskiftanna í strenginn, og án þess bankarnir rjeðu nokkurn hlut við, skapaðist mismunandi gengi. Vjer höfum einnig nokkra reynslu hjer heima fyrir í því að fela seðlaútgáfuna banka með innlánsfje og áhættulánum, þar sem er Íslandsbanki.

Því ver og miður hefir sú reynsla, sem vjer eignuðumst þar, verið dýr, svo dýr, að vjer megum ekki brenna oss aftur á þeim sama eldi.

Að vísu má ekki gleyma því, að óvenjulegir tímar skullu yfir bankann, en hinsvegar má telja víst, að seðlaútgáfan í sambandi við hinn mikla áhættuatvinnuveg, sem bankinn lánaði fje, hefir átt drjúgan þátt í hinum miklu töpum. Og enn má búast við því, ef vjer byggjum bankalöggjöf vora á öðrum grundvelli en þeim, sem reynslan hefir helgað, að vjer eigum eftir að reka okkur aftur alvarlega á.

Jeg skil nú einnig athugasemdir stjórnarinnar við frumvarpið þannig, að hún sjái ýmsa annmarka á því að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, en hún sjer enga leið fram hjá þeim, af því hún treystir sjer ekki til að stofna sjerstakan seðlabanka, vegna þess, hvað litlir vjer sjeum.

Vjer höfum nú 2 banka, sjálfsagt tiltölulega stóra eftir stærð þjóðarinnar, en þó smáa í rauninni, af því vjer erum smáir. Þessir bankar hafa sambönd báðir tveir víðsvegar erlendis. Og þessi sambönd styrkjast auðvitað eftir því, sem traustið vex hjer á bönkunum hjá hinum erlendu bönkum. En enginn vafi getur verið á því, að það er traustauki meðal annars, að löggjöf þessara banka og stjórn þeirra sje í samræmi við þá reynslu, sem annarsstaðar er fengin. Þess vegna er það meðal annars sjálfsagt rjett, að það veikir traust Landsbankans, ef Alþingi hvað eftir annað fer að gefa honum skipanir um, hvernig hann eigi að verja fje sínu.

En þetta, sem tekið var fram, gildir ekki að eins um hvern einstakan banka. Það er traustauki fyrir viðskifti okkar út á við, að hið innra bankakerfi okkar sje bygt á grundvelli veraldarreynslunnar. En þá hygg jeg fyrst, að slíkt kerfi sje orðið til, er vjer höfum fengið sjerstakan seðlabanka. Auðvitað verður hann lítill, af því vjer erum litlir, en hann á að vera sniðinn eftir okkar stærð.

Það eru til vjelar sömu tegundar, stórar og litlar. Í litlu vjelunum verða að vera öll þau sömu hjól eins og í stóru vjelunum. Annars ganga þær ekki.

Mjer virðist, að hið innra bankakerfi vort, ef það á að vera heilnæmt, verði að vera mótað af sömu reynslu og bankakerfi annara þjóða. Höfuðdrættirnir verði allir þeir sömu.

Hlutverk seðlabankans hjer verður líkt og annarsstaðar. Hann endurkaupir víxla af bönkunum (rediskonterar fyrir þá). Hann kaupir af þeim gjaldeyri. Þetta er svo þýðingarmikið fyrir bankana, að seðlabankinn getur vegna þessarar starfsemi haft áhrif á bankana í öllum greinum, og er í gegnum þá orðinn lifandi liður í viðskiftalífi þjóðarinnar.

Hann getur með gjaldeyrisverslun sinni auðvitað einnig haft áhrif á gjaldeyrinn. Hlutverk hans yrði einnig að »kontrollera« bankana. Hann verður að fylgja nákvæmlega með störfum þeirra og öllum hag þeirra, svo hann geti dæmt um, hvernig þeir verji fje sínu. Hann getur haft áhrif á stefnurnar í lánveitingum, því auðvitað mundi það hafa áhrif á endurkaup á víxlum, hvort seðlabankinn áliti, að viðskifti bankanna væru á rjettri leið. Þessi banki, sem yrði óháður sveiflum viðskiftalífsins, ætti því að geta orðið áttaviti á fjármálaleiðum þjóðarinnar. Starfsemi hans yrði einþættari en starfsemi hinna bankanna, og hann ætti því betur en þeir að geta haldið stefnunni, þegar örðugleikar skella á. Afleiðingin yrði, að hann yrði leiðandi afl í viðskiftalífi þjóðarinnar.

Þá liggur í hlutarins eðli, að bankinn yrði að gulltryggja seðla sína. Auðvitað fengi hann keyptan gullforða Íslandsbanka jafnóðum og hann yrði laus. Og ef gull Íslandsbanka, án þess hjer sje tekið tillit til gengisins á því, yrði ráðstafað á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í athugasemdum við frumvarpið frá Landsbankanum, sem borið var fram á þinginu 1924, sbr. og ummæli landsbankastjórnarinnar á fskj. V hjer á eftir, þá ættu engir örðugleikar að vera fyrir bankann að ná í Íslandsbankagullið. Að öðru leyti yrði ríkissjóður að útvega bankanum lán til gullkaupa. En það verður varla annað sjeð en Landsbankinn yrði að fá hina sömu hjálp hjá ríkissjóði, þar sem hann gæti varla tekið sparisjóðsfje til að festa í gullkaupum.

Mjer hefir ekki þótt ástæða til þess að fara inn á dóm prófessors Nielsens um seðlaútgáfufrv. Björns Kristjánssonar, er hann bar fram á þinginu 1924, enda er hann sjálfur til andsvara.

En mjer virðist því minni ástæða til þess að fara inn á þann dóm, þar sem jeg geri ráð fyrir fullkomnum seðlabanka, sem hafi samskonar starfsemi (funktion) eins og slíkir bankar annarsstaðar. En sem auðvitað verður smár af því, að hann vinnur í litlu þjóðfjelagi.

Það, sem jeg býst við, að verði sjerstaklega fært fram gegn stofnun seðlabankans, er kostnaðurinn við hann. En auðvitað skiftir sá kostnaður engu máli, ef það er hægt að sýna fram á, að slíkur banki væri nauðsynlegur fyrir viðskiftalífið í landinu. En auðvitað er rjett að draga úr kostnaðinum, ef hægt er án þess að skaða þá stofnun, sem hlut á að máli. En þetta ætti að vera hægt.

Eins og kunnugt er, var ákveðið með lögum nr. 64, frá 27. júní 1921, að stofna ríkisveðbanka. Bankastofnun þessi hefir ekki komið til framkvæmdar enn þá, af ýmsum ástæðum. Hins vegar er þörfin fyrir fasteignabanka brýnni svo að segja með degi hverjum. Landbúnaðurinn þarf að halda á lánum, ef ekki á að koma kyrkingur í hann, og bráðabirgðaráðstafanir hafa verið gerðar í þessu efni, með búnaðarlánadeild Landsbankans, og nú er frv. í hv. Nd. á ferðinni um ræktunarsjóðinn, en í því eru nú þegar ákvæði um að sameina eigi ræktunarsjóðinn ríkisveðbankanum, þegar hann verði settur á stofn. Að því er bæina snertir er sömuleiðis knýjandi þörf á fasteignabanka. Bankarnir lána nú hvorugur fje til húsabyggingar. Þeir, sem ráðast í að koma upp húsum, verða því að taka að láni fje með óhæfum vöxtum hjá einstökum mönnum. Afleiðingarnar af því eru, að húsaleigan verður ekki færð niður, en húsaleigan er drýgsti þátturinn í dýrtíðinni, að minsta kosti hjer í Reykjavík. Þegar málið horfir þannig við, þá sýnist mjer vera kominn tími til þess að koma fasteignabankanum á fót. En auðvitað er það, að slíkur banki kemur ekki að verulegu gagni fyr en tekst að fá markað fyrir brjef hans erlendis. Þá flytur hann líka nýtt fjármagn inn í landið og leysir ýms vandræði, sem óleysanleg eru án þess. Í umræðunum um ríkisveðbankann var gerð grein fyrir því, hvað margfalt meiri skilyrði væru fyrir því að fá markað fyrir brjefin, ef fasteignir í sveitum og bæjum stæðu að baki bankanum; hjer skal ekki farið frekar inn á þann sjálfsagða sannleika. En rjett þykir mjer að benda á það, sem kom fram í viðtali við einn af okkar góðu fjármálamönnum, að rjett væri að senda mann til útlanda, til þess að rannsaka, hvernig heppilegast væri að haga skuldabrjefum vorum, til þess að opna þeim markað erlendis, t. d. í London. Jafnvel eins og lögin eru nú, heimila þau að taka tillit til þessarar rannsóknar. Auk þess verður að breyta lögunum eftir þörfum. Sölumögulegleikar hafa ekki verið athugaðir þar, en kunnugir menn, sem jeg hefi hitt erlendis, hafa talið víst, að selja mætti brjefin, ef þau væru rjettilega útbúin.

Það sýnist nú ekki þurfa neinar málalengingar til þess að sýna þörfina á ríkisveðbankanum. En þar sem nú slík þörf er svo brýn, þá þykir rjett að slá tvær flugur í sama högginu og sameina seðlabankann og ríkisveðbankann. Aðstaða seðlabankans til ríkisveðbankans verður auðvitað eins og til hinna bankanna. Í því sambandi kæmi til athugunar, hvort nokkur hætta væri í því að hafa bankana undir sömu stjórn, þar sem fasteignabankinn veitti aðallega löng lán. En þar til er því að svara, að seðlabankinn gæti auðvitað ekki endurkeypt skuldabrjefin fyrir hinum löngu lánum fasteignabankans, og því kæmi þessi hætta ekki fram, en hinsvegar, ef ríkisveðbankinn gæti selt brjef sín í útlöndum, þá gæti seðlabankinn keypt af honum gjaldeyri eins og af hinum bönkunum, en slík viðskifti væru auðvitað eðlileg.

Fyrir báða bankana væri þetta samband sparnaður. En auk þess væri það mjög þýðingarmikið fyrir ríkisveðbankann, að fyrir honum stæði bankastjórn seðlabankans, því það mundi veita ríkisveðbankanum meira álit út á við, og þeir ættu væntanlega, ef til vill þess vegna, hægra að selja brjefin fyrir hann á erlendum markaði.

Í umræðunum um ræktunarsjóðinn var það tekið fram af umsjónarmanni banka og sparisjóða, Jakobi Möller, sem verið hefir ytra í vetur til þess að kynna sjer bankamál, að hann teldi mjög líklegt, að sameina mætti seðlabankann og ríkisveðbankann.

Það er óhugsandi, að nefnd, sem hlaðin er annríki, geti komist djúpt niður í þessi þýðingarmiklu mál. Jeg hefi hjer að eins drepið á nokkra höfuðdrætti. En eftir því sem nefndin íhugaði málið ítarlegar, er mjer óhætt að fullyrða, að að minsta kosti meiri hlutanum varð ljósara, hve þýðingarmikið mál er hjer á ferðinni. Eins og nefndarálit meiri hlutans ber með sjer, þá hefir meiri hlutinn orðið sammála um, að nauðsynleg væri frekari rannsókn. Meiri hlutinn saknaði þess mjög, að ekki var leitað frekari upplýsinga um málið hjá bankastjórum erlendis, eða þeim, sem helst hafa praktiska þekkingu á málinu. En þar sem ekki allir voru sammála að gefa bendingar í sömu átt við væntanlega rannsókn, þá varð það að samkomulagi, að hver og einn rökstyddi niðurstöðu þá, sem meiri hlutinn komst að, á þann hátt, sem hann teldi heppilegast.

Þar sem jeg, eins og jeg hefi vikið að hjer að framan, sje ekki betur en að frv. sje í andstöðu við þá reynslu, sem fengin er annarsstaðar í bankamálum, þá virðist mjer því meiri ástæða til frekari rannsóknar. Og þar sem jeg tel víst, ef milliþinganefnd væri falin þessi rannsókn, að þá mundi um leið upplýsast ýms atriði og skýrast í banka- og peningamálum þjóðarinnar, sem hingað til hafa verið allóljós, að minsta kosti fyrir öllum almenningi, þá teldi jeg meðal annars, að þetta væri áviuningur. Jeg teldi svo sjálfsagt, ef frv. um ræktunarsjóðinn yrði ekki útrætt, að því væri vísað til þessarar nefndar, til frekari rannsóknar. Sjerstaklega er það nauðsynlegt, ef hallast væri að tillögunni um að koma ríkisveðbankanum í framkvæmd og sameina seðlabankann og hann. Þá hefir einnig mikið verið rætt um, hvort gefa ætti nýjum banka einkaleyfi (concession), og á þinginu 1923 var slíkt einkaleyfi veitt, en ekki notað innan hins tilsetta tíma. Fyrir fjárhagsnefnd er nú einnig erindi um að fá einkaleyfi til að stofna slíkan banka. Jeg teldi sjálfsagt, að væntanleg nefnd tæki einnig það til athugunar, hvort ástæða væri til að gefa nýjum banka einkarjettindi, hvaða einkarjettindi og með hvaða skilyrðum. Þá virtist rjett einnig að taka til athugunar bendingar prófessors Nielsens um það, hvort ekki væri ástæða til þess að athuga alla bankalöggjöfina hjer á landi. Yfirleitt eru þau mál, sem hjer ræðir um, svo þýðingarmikil fyrir þjóðina, en hinsvegar svo flókin í eðli sínu, að varla sýnist í nokkru máli hafa verið meiri þörf á milliþinganefnd en í þessum málum. — Jeg verð að telja þetta mál þýðingarmesta málið, sem er fyrir þessu þingi nú, þar sem hjer er verið að leggja grundvöllinn undir framtíðarfyrirkomulag bankamála vorra. En það skal vel vanda, sem lengi á að standa.

Nefndin átti tal við fjármálaráðherra um frestunartillögu þessa. Hann viðurkendi, að það væri í sjálfu sjer ekki nema gott að fá ítarlegri rannsókn á málinu, en taldi það vera forsvaranlega undirbúið, og málið þyldi enga bið, þar sem núverandi bráðabirgðaskipun á seðlaútgáfunni væri óforsvaranleg á svo viðsjálum tímum, sem nú eru, og benti á, að það gæti

auðveldlega komið fyrir, að tökin á gengi gjaldeyrisins mistust og að óútreiknanlegar sveiflur yrðu á genginu, meðan svo stæði, að hvorugur bankinn hefði aðstöðu til þess að starfa sem eiginlegur seðlabanki.

Jeg get nú ekki skilið, að eins árs frestun á máli þessu hafi nokkra hættu í sjer fólgna. Jeg geri ráð fyrir, að bankarnir mundu eins og hingað til gera sitt ítrasta til þess að reyna að kaupa gjaldeyrinn af viðskiftamönnum sínum með því verði, sem kæmi í veg fyrir óhollar skyndisveiflur á genginu. En á hitt er að líta, að þær sveiflur gætu komið á gengið, að hvorki bankarnir báðir, eins og nú stendur, eða Landsbankinn, þó hann væri búinn að fá seðlaútgáfuna, gætu við ráðið. Þær sveiflur, sem eiga verulega djúp ítök í viðskiftalífinu, ráða bankarnir ekki við. Þessu til sönnunar mætti benda á dæmi bæði úr viðskiftalífi þessarar þjóðar og annara þjóða.

Þar sem jeg geri fastlega ráð fyrir, að frestunartillaga nefndarinnar nái fram að ganga, hef jeg ekki gert neinar breytingartillögur við frumv. sjálft, en ef frestun, mót von minni, yrði ekki samþykt, mundi jeg reyna að koma nauðsynlegum breytingartillögum að við þriðju umræðu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1925.

Sig. Eggerz.

Fylgiskjal IV.

ÞÝÐING.

Kaupmannahöfn, 1. desember 1924.

Til fjármálaráðuneytis Íslands.

Með brjefi, dagsettu 6. október þ. á., hefir hið háttvirta ráðuneyti farið þess á leit við mig, að jeg ljeti í ljós álit mitt um skipulag á seðlaútgáfu Íslands, og hefir þess vegna sent mjer þau tvö frumvörp, sem lögð voru fyrir síðasta Alþingi, ásamt yfirliti yfir banka og sparisjóði á Íslandi, sem cand. polit. G. Viðar hafði tekið saman.

Út af þessu skal jeg fyrst geta þess, sem hæstvirtu ráðuneyti mun þegar kunnugt, að jeg hefi í álitsskjali, dagsettu 29. september þ. á., til stjórnar Landsbankans, haft tækifæri til að lýsa skoðun minni á frumvarpi til laga um tjeðan banka. Mjer var sent frumvarpið í danskri þýðingu, og verð jeg að ætla, að það sje alveg samhljóða frumvarpi því, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi (B. LXIV) og nú hefir verið sent mjer.

Jeg leyfi mjer að vísa til þessara ummæla minna, en þykir þó rjett að bæta hjer við nokkrum athugasemdum, enda er hvorttveggja, að ástæður frumvarpsins og álit nefndarinnar gefa tilefni til þess, en um hvorttveggja þetta hefir mjer verið ókunnugt hingað til, og geri jeg þetta þó að frumvarpið snerti atriði, sem jeg hefi þegar drepið á í álitsskjali mínu til stjórnar Landsbankans.

Með lögum 31. maí 1921, sbr. lög 4. maí 1922, er á Íslandi horfið að því ráði, að seðlaútgáfurjetturinn skuli smátt og smátt tekinn af Íslandsbanka og fenginn í hendur Landsbankanum, en í umræðunum um það, hvernig seðlaútgáfu Landsbankans á komandi tímum skyldi hagað í einstökum atriðum, bar fyrverandi fjármálaráðherra, herra Björn Kristjánsson, fram frumvarp um sjerstaka ríkisstofnun, er skyldi hafa seðlaútgáfuna á hendi. En þótt svo sje, að ekki hafi enn þá verið gerð nein fullnaðarskipun á öllu þessu máli, tel jeg mjer þó vera heimilt að ganga að því vísu, að fyllilega sje ákveðið, að Íslandsbanki skuli smátt og smátt minka seðlafjölda sinn, og hætta að fullu að gefa út seðla, þegar heimild sú, er hann nú hefir, fellur úr gildi 1933, og þarf jeg því ekki að ræða þetta atriði nánar.

Nú sem stendur er að því leyti erfitt að gera umbætur á bankamálum, að gullstofneyrir er ekki kominn á, og mönnum er víst naumast fyllilega ljóst á Íslandi, fremur en í öðrum löndum, á hvaða grundvelli gjaldmiðilsmálinu verði ráðið til skipulegra lykta á komandi árum: hvort láta skal núgildandi íslenska pappírskrónu ná sínu forna gullgildi, eða hvort lækka skuli ef til vill gildi peninganna, og fara um þetta að dæmi annara landa, þar sem peningar ná nú ekki nærri því fornu gullgildi. Svo er að vísu ráð fyrir gert í frumvarpi til laga um Landsbankann, 39. gr., að íslenska krónan skuli frá 1. jan. 1928 hafa náð sínu forna gullgildi, þar sem frumvarpið mælir svo fyrir, að Landsbankinn skuli frá þeim degi byrja aftur að kaupa seðlana fullu verði; flutningsmaður frumvarpsins setur sjer þannig það takmark, að koma á í senn umbótum á peningamálunum og bankamálunum, og er þetta að því leyti eðlilegt, að peningamál og bankamál standa sín á milli í mjög nánu sambandi, ekki síst eins og nú er ástatt, þar sem myntin er horfin og í staðinn komnir óinnleysanlegir bankaseðlar. En athugi maður ástandið eins og það var fyrir ófriðinn — og það er einmitt samskonar stöðugt ástand í peningamálum, sem menn vona að komist á síðar meir —, þá verður það ljóst, að þegar bankaseðlar eru innleysanlegir, þá er skipun bankamála og skipun bankaseðlamála sitt hvað; þar sem stofneyririnn er gull, er með skipun myntmálanna ákveðið gildi reiknings- og myntareiningar, og það er á þessum grundvelli, að seðlabanki er reistur, þegar hann gefur út seðla, með þeim takmörkunum á seðlaútgáfu hans, sem eru afleiðing af því, að hann verður að fullnægja innlausnarskyldu sinni. Það er þetta fyrirkomulag, sem jeg hefi í huga, er jeg legg áherslu á, að það sje erfitt, nú sem stendur, að endurbæta fyrirkomulag seðlabanka, vegna þess að mönnum er ekki ljóst, enn sem komið er, hvernig og hvenær skipulagi verði komið á myntmálin. Þess vegna hefi jeg í athugasemdum mínum til stjórnar Landsbankans ekki ljeð þeirri hugsun fylgi mitt, að tiltaka nú þegar með lögum, að íslenska krónan skuli innan ákveðins tíma hafa náð sínu forna gullgildi; þó að jeg sje þeirrar skoðunar, að Íslandi muni veita miklu auðveldara en t. d. Danmörku að koma krónunni aftur í hið forna gullgildi, af því að atvinnulíf á Íslandi er ekki eins háð peningabúskapnum eins og í Danmörku, þá vita menn samt ekki, hvernig fjárhagsástandið úti um heim muni verða á komandi árum. Ef lækkunarsveiflur kæmu,

eða verð á íslenskum útflutningsafurðum lækkaði, mundu áhrif þessa verða miklu sterkari á Íslandi, ef bankinn ætti jafnframt að hefja íslensku krónuna upp í fornt gullgildi hennar. Og ef enn fremur kæmi það fyrir, að Dönum og Norðmönnum tækist ekki að koma krónunni hjá sjer í skandinaviskt gullgildi hennar — en það verður að minsta kosti varla fyrir 1. jan. 1928 -- en afrjeðu heldur að fella til frambúðar gullgildi krónunnar, þá verð jeg að efast um það, hvort Ísland, sem hefði hið forna skandinaviska gullgildi krónunnar hjá sjer, mundi hafa nokkurn verulegan hag af því, þegar gætt er þess tjóns og þeirra erfiðleika, sem slík hækkun krónunnar mundi hafa í för með sjer. Jeg fæ ekki sjeð, að Íslendingar geti ákveðið, hverja fullnaðarskipun þeir vilja gera á peningamálum sínum, fyr en önnur lönd, og þá auðvitað fyrst og fremst þau löndin, sem Ísland hefir mest verslunarviðskifti við, England, Danmörk o. s. frv., hafa gert fullnaðarskipun á þessum málum hjá sjer.

Þetta er þó ekki svo að skilja, að jeg áliti, að ófært sje að koma á umbótum í bankamálum, áður en skipulagi hafi verið komið á peningakerfið, en hitt vil jeg benda á, að það bankafyrirkomulag, sem valið verður, verður að reisa á því, að bankaseðlar sjeu innleysanlegir, en verður þó að hvíla á því, að seðlar sjeu óinnleysanlegir, uns greitt hefir verið úr gengismálinu. En hvernig sem myntmálunum verður fyrir komið, er efalaust óhætt að ganga að því vísu, að gull muni einnig framvegis verða grundvöllurinn undir því, og að setja þeirri bankamálastefnu, sem fylgja skal, það markmið, að seðlabankinn reyni með gætni í lánveitingum að hækka gildi íslenskrar krónu svo mikið, sem haldkvæmt þykir, og þá í þessu tilliti nota sjer það, ef verða kynni hagstæð sala á íslenskum útflutningsafurðum, eins og líka virðist hafa verið það sem af er þessu ári; jafnvel þótt íslenska krónan skyldi um tíma verða nokkru hærri en danska krónan, og menn rjeðu af að reyna að fylgja henni síðar meir, þá er miklu auðveldara að fara þessa leiðina en hina.

En þó að ákvörðun markmiðsins, sem stefna ber að í gjaldeyrismálinu, sje mikilsverð þeim banka, sem ber ábyrgðina í þessu efni, er hann hefir fengið í hendur seðlaútgáfurjettinn, og þótt á hinn bóginn muni, að minni hyggju, vera ómögulegt að gera á þessu fullnaðarskipun eins og nú er ástatt, hvað þá heldur að setja því víst tímatakmark, þá er þó víst, að jafnskjótt sem Íslandsbanki dregur úr seðlaútgáfu sinni, eins og hann byrjaði á í júlí þ. á., þá hverfur ábyrgðin á viðhaldi og hækkun, ef verða kann, á íslensku krónunni í hendur hinni nýju stofnun, sem þá jafnframt fær tækifæri til að gefa út meira af seðlum.

Íslandsbanki, sem á að minka seðlafjölda sinn um svo eða svo mikla upphæð á ári hverju, verður að sjálfsögðu að fylgja þeirri stefnu, að draga saman seglin, og þess vegna veitir líka frumvarp til laga um Landsbanka í 41. grein Íslandsbanka ýmiskonar hagræði til þess, að þetta verði honum eigi um of erfitt. Aftur á móti hygg jeg, og hefi í skjali mínu til stjórnar Landsbankans haft tækifæri til að ræða það ítarlegar, að Íslandsbanki verði að hafa sömu vexti, meðan á breytingunni stendur, því að það er auðsætt, að ábyrgðin á gildi krónunnar hverfur frá Íslandsbanka til Landsbankans, — ef það þá verður sá banki, sem fær seðlaútgáfurjettinn, enda verður þá og að fá honum þau efni

í hendur, að hann geti að fullu framfylgt stefnu þeirri, sem tekin er í gjaldeyrismálinu, og má þar til nefna, meðal annars, vaxtaskylduna fyrir Íslandsbanka.

Jeg geng þannig að því vísu, að sú skipun, sem fyr eða síðar hlýtur að vera gerð á peningamálum heimsins, verði reist á gulli, og jafnvel þótt mönnum sje ekki nú sem stendur ljóst, hver stefnan skuli verða í gjaldeyrismálinu, er þó rjettmætt að ætla, að gull muni enn sem fyr verða alþjóðagjaldmiðill, og haga sjer eftir því.

Er jeg nú hefi þannig bent á það, að gjaldeyrismálinu verði varla ráðið til fullra lykta, eins og nú er högum háttað, og sömuleiðis, að það væri ekki hægt að ákveða, hvenær ná skyldi takmarkinu, þótt menn settu sjer takmarkið nú þegar, þá skal jeg nú snúa mjer að skipun seðlaútgáfumálsins á Íslandi.

Um þetta mál hafa komið fram tvö frumvörp, og er annað um það, að gera Landsbankann að seðlabanka, en hitt ætlast til þess, að komið verði á fót sjerstakri seðlastofnun ríkisins, sem þó sje ekki í neinu beinu sambandi við atvinnulífið, en láti báða núverandi banka annast um að koma seðlunum í umferð.

Þetta síðarnefnda frumvarp (B. XLV.) er einkum rökstutt með því, hve varhugavert sje að veita Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn, en síður með hinu, að sjerstakir kostir sjeu samfara þess kyns seðlastofnun. En undir niðri virðist mjer — að svo miklu leyti, sem jeg hefi getað skygnst bak við ummæli frumvarpsflytjanda — ástæðan vera sú, hve mjög sje varhugavert að hafa mikið af bankaseðlum í umferð, og er sá beygur fullkomlega eðlilegur eftir hina ótryggu verðþenslu, sem gengið hefir yfir Ísland eins og önnur lönd; og það er vitanlega rjett, að verðþensla hefir stafað af útgáfu bankaseðla. En jeg verð samt að leggja mikla áherslu á það, að verðþensla hefði aldrei átt sjer stað, ef bankaseðlarnir hefðu ekki verið *óinnleysanlegir* — og á jeg hjer auðvitað fyrst og fremst við verðþensluna eftir 1918; ef bankaseðlar hefðu verið innleysanlegir, hefði margt farið öðruvísi. Þess vegna mega menn ekki reisa ályktanir sínar um innleysanlega bankaseðla á óinnleysanlegum bankaseðlum og þeirri röngu stefnu, sem fylgt var úti um heim og rót sína átti að rekja til þeirra. Menn munu nú ef til vill koma með þá mótbáru, að ekki geti komið til mála að gera seðlana innleysanlega þegar er komið verður á hinum fyrirhuguðu umbótum á bankamálum Íslands, þar sem jeg einmitt hjer á undan hefi lagt áherslu á það, að bíða verði þess, er önnur lönd taka til bragðs í peningamálum sínum; samt verð jeg að ætla, að við skipun þá, sem nú er fyrir dyrum, muni gerðar verða ráðstafanir, sem koma ekki til framkvæmda fyr en síðar meir, og að reisa verði skipulagið á því, að bankaseðlar sjeu innleysanlegir, enda þótt fyrst um sinn verði að gera ráð fyrir tímabili, er þeir sjeu óinnleysanlegir, og enda gera undanþáguráðstafanir um þetta tímabil. Ef tilætlunin með frumvarpi þessu væri sú, að takmarka yfirleitt notkun seðlagjaldmiðils, og þá einnig innleysanlegan seðlagjaldmiðil, og ennfremur sú, að gullmynt kæmist í umferð, verð jeg að ætla, að efnalítið land eins og Ísland geti ekki leyft sjer þvílíkt marglæti; yfirleitt þykir mega vænta þess, að jafnvel þau lönd, sem fyrir heimsstyrjöldina höfðu notað mikið gull í umferð, muni

hverfa frá því, þegar seðlar verða aftur gerðir innleysanlegir með gulli, sumpart af því, að menn hafa sjeð, að gullið kemur að meiri notum, er það liggur í kjallara seðlabanka, sökum þess, að seðlabanki hefir þá betri tök á að framfylgja áhrifameiri stefnu í gjaldeyrismálum, og sumpart vegna hins, að gullforði sá, sem hafa þarf, verður þeim mun stærri, ef nota skal gull í umferð. Setjum svo, að Ísland þurfi 6 miljónir króna í umferð; ef gert er ráð fyrir því, svo að dæmið verði skýrt, að engir bankaseðlar sjeu til, þá yrði að afla 6 miljóna króna í gulli, þar sem hins vegar þyrfti að eins tvær miljónir króna, ef notaðir væru í umferð bankaseðlar, trygðir að þriðjungi með gulli. Þannig má komast hjá að festa 4 miljónir króna í gulli, sem yrðu vaxtalausar, og þetta atriði hlýtur að verða svo þungt á metunum, að kalla verður það marglæti að nota gull í umferð; að vísu verður að ætla, að kostnaður við seðlatilbúning og af seðlasliti sje nokkru meiri en sem svarar sliti gullmyntar í umferð, en þessi árlegi kostnaðarauki jafnast ekki við vaxtatapið, sem leiðir af því að festa margar miljónir króna gulls í umferð. Því verð jeg að halda, að nota verði innleysanlega bankaseðla með svo lítilli gulltryggingu, sem verða má, en megi þó heita sæmileg.

Í sambandi við þetta verð jeg að geta þess, að í 4. gr. í frumvarpinu um Landsbankann er gert ráð fyrir því, að hann hafi rjett til þess að gefa út seðla eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur. Í athugasemdum sínum heldur herra Björn Kristjánsson því fram gegn þessu, að heppilegra mundi vera að tala um gjaldmiðilsþörfina, eins og hann gerir sjálfur í frumvarpi sínu, enda er skoðun hans sú, að hjer sje um að ræða tvö ólík hugtök. En þar sem jeg geri ráð fyrir, að Landsbankinn vilji fylgja rjettri stefnu í fjármálum, og meðal annars hafa jafnan þá forvexti, sem ber að hafa, þá fæ jeg ekki vel sjeð, í hverju munurinn felst, því að með ákveðnum forvöxtum er að eins hægt að gefa út tiltekna upphæð viðskiftamiðils.

Herra Björn Kristjánsson víkur að þessu aftur í álitsskjali sínu um Landsbankafrumvarpið (bls. 7, næstneðstu grein), og heldur hann því þar fram, að ef banki gefi ekki út meira af seðlum en raunveruleg, sönn gjaldmiðilsþörf krefur, þá hafi hann engan hagnað af seðlaútgáfunni. Að minni hyggju hlýtur bankinn að hafa hagnað af hverjum þeim seðli, sem í umferð er og ekki er gulltrygður, þar sem hann fær vexti af þeim lánum, sem koma seðlunum í umferð, en tapar aftur á móti vöxtum af því gulli, sem hann hefir fyrirliggjandi, svo að hagnaðurinn verður á ógulltrygðu seðlaupphæðinni.

Það er annars nokkuð erfitt að sjá af frumvarpinu, hvernig svona löguð seðlastofnun ríkisins ætti að starfa; að líkindum hafa menn helst hugsað sjer hana þannig, að hún sje eingöngu afgreiðsluskrifstofa, sem hvorki skuli sjálf hafa gullforðann undir höndum nje heldur aðra tryggingu seðlanna. En ef svo er, verður það aðalhlutverk hennar að gera að eins tillögur til stjórnarinnar um það, hve mikið skuli í mesta lagi gefa út af seðlum árlega, eða um breytingar á því, ef slíks yrði þörf á árinu. Það verður þannig ekki sjeð á 9. gr. 1., sem fjallar um tryggingu seðlanna með víxlum, skuldabrjefum og öðrum tryggum verðbrjefum, að seðlastofnunin skuli skera og skapa um þær tryggingar, sem í boði væru, en heldur verður hún að taka

þær eins og þær eru. Jeg sje því ekki, með hverjum hætti stofnunin á að geta haft nokkur áhrif á bankamál á Íslandi — því að það getur að eins orðið að því leyti, að hún ákveður hámarkið. Þar sem jeg verð að halda, að þetta hafi líka verið tilætlunin hjá frumvarpsflytjanda, úr því að seðlastofnunin sjálf á ekki að rækja bankastörf, þá verður afleiðingin raunverulega hin sama eins og ef árlega væri ákveðin fyrir báða núverandi banka hámarksupphæð sú, er þeir mættu gefa út af seðlum; en ef svo er, verð jeg líka að telja seðlastofnunina óþarfa.

Athugi maður nánar áhrif seðlastofnunar, sem er ekki sjálfstæðari en hjer er lauslega lýst -- en yrði hún sjálfstæðari, þá væri hún ekki annað en nýr banki —, þá verður 1933 komið svo, að ekki verða aðrir seðlar í umferð en þeir, sem seðlastofnunin gefur út. Af þeirri upphæð, sem ákveðin yrði árlega, fengi bæði Landsbankinn og Íslandsbanki hvor sinn skerf, en hve mikið ætti hvor að fá? Hugsanlegt er, að nóg sje til handa báðum, svo ekki verði beinlínis nein samkepni um seðlaupphæðina, en þá verður hámarkið að hafa verið sett mjög hátt, og er því óþarft. Sagt hefir verið um hámark seðlaveltu, að ýmist sje það of lágt eða of hátt í hlutfalli við það, sem viðskiftaveltan þarf af gjaldmiðli, en standi aldrei heima; frumvarpsflytjandi hefir að því leyti veitt þessu ettirtekt, að hann vill hafa árlegar breytingar á hámarksupphæðinni, og ætlar rúm frekari breytingum, er verða kynnu á árinu. En þótt svo sje, verð jeg að ætla, að dómur sá, er þannig hefir verið feldur um hámarkið, muni hafa við mikil rök að styðjast, og jeg fæ ekki betur sjeð en að frumvarpsflytjandi, eins og jeg hefi áður gert ráð fyrir, ætlist til, að hámarkið skuli í rauninni vera meira en nafnið tómt, og það er sama sem að setja það lægra en viðskiftaveltan annars mundi þurfa, því með því eina móti er hægt að skilja, hver sje ætlunin með hámarkinu. Sje gert ráð fyrir þessu, hlýtur af því að leiða, að bankarnir hljóta að keppa um þá upphæð, sem leyfð er. Setjum nú svo, að upphæðin sje t. d. 6 miljónir króna — svo að einhver tala sje nefnd — og verður þá afleiðingin sú, að bankarnir reyna að afhenda stofnuninni eins marga víxla, skuldabrjef og önnur verðbrjef og þeir geta, til þess að tryggja sjer sjóð; að vísu eiga þeir samkvæmt 9. gr. 2 í frumvarpinu að greiða gjald af þessu, sem sje 2% lægra en forvextir, en jafnvel þessa upphæð munu bankarnir þó fúslega greiða til þess að geta verið vissir um að fá í sinn sjóð hærri upphæð af því, sem gefið er út af seðlum, því með þeim hætti geta þeir líka aukið útlán sín á komandi tímum. Það getur þó tæplega verið ætlun frumvarpsflytjanda, að sá bankinn, sem seinni verður, skuli neyddur til að greiða refsivexti, enda er jeg í vafa um, að forstjóri seðlastofnunarinnar mundi, ef svona stæði á, mæla með því við stjórnina, að hámarkið væri fært upp, því að væri það gert, mundi þessi takmörkun ekki verða annað en nafnið tómt. Nú þótt með þessu dæmi sje farið út í öfgar, hygg jeg samt, að svo mikill sannleikur sje í því fólginn, að hámark í sambandi við seðlastofnun hljóti að verða til þess, að stofnunin verði þegar í stað að hugsa fyrir ákvæðum um það, hve mikið hvor banki fyrir sig skuli eiga heimtingu á að fá af seðlafúlgu þeirri, sem leyfð er. En ef svo yrði, þá er alveg eins auðvelt að reisa beinlínis skorður við því, hve mikið Íslands-

banki og hve mikið Landsbankinn megi gefa út af seðlum, hvor um sig, sem tryggja yrði með þessum eða hinum tryggingum, og að bankarnir megi því að eins fara fram úr hinni ákveðnu upphæð, að þeir greiði refsivexti, öldungis eins og hægt væri að skylda þá til að greiða gjald af seðlaveltu sinni, er væri 2% lægri en forvextir. Og þetta er að mínu viti aðalmótbáran gegn öllu frumvarpinu. Þó að í orði kveðnu væri að eins ein seðlastofnun, mundu seðlabankarnir í raun og veru verða tveir. Menn kynnu ef til vill að halda því hjer fram, að ef hin fyrirhugaða skipun næði fram að ganga, þá ynnist það á að minsta kosti, að ekki yrði nema ein tegund seðla í umferð, í stað tveggja, eins og verða mundi, ef ákveðið væri beinlínis hámark báðum bönkum. Þetta er alveg rjett, og það skal jeg fúslega játa, en af því að jeg hygg ekki, að haldkvæmt mundi reynast að hafa tvo seðlabanka, þá þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum að þessu. Jeg hefi aðeins viljað gera það ljóst, að hið ráðgerða skipulag hlýtur altaf að reynast eins og ef tveir bankar hefðu seðlaútgáfurjettinn.

Þess vegna verður að minni hyggju að dæma frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, frá þessu sjónarmiði, og allir þeir annmarkar, sem hafa reynst á því í öðrum löndum að láta fleiri banka en einn hafa seðlaútgáfu, munu og koma hjer í ljós, ef gerð verður sú skipun á, að hafa að eins seðlastofnun ríkisins, eins og til er ætlast. Að því er til þessa tekur tjáir eigi að skírskota til (reynslu) síðustu tuttugu ára á Íslandi, þar sem verið hafa tveir seðlabankar, því að seðlafúlga Landsbankans hefir verið mjög takmörkuð, og fyrir því hefir í raun og veru — að því er snertir fjárhagsáhrifin — verið einungis einn seðlabanki, Íslandsbanki, og hefir það þá líka orðið hans hlutverk að ákveða gjaldeyrisstefnu landsins. Árangurinn yrði aftur á móti sá, að upp kæmu tveir seðlabankar, sem keppa mundu sín á milli, og mundi hvortveggja telja sig leystan undan ábyrgð á peningagengi landsins. Sje gert ráð fyrir, að báðum þessum bönkum sje, með seðlastofnun ríkisins, beinlínis eða óbeinlínis veittur rjettur til að gefa út tiltekna upphæð af seðlum, þá mun rísa upp kepni milli þeirra um það, að hafa þessa upphæð altaf í umferð, og þeir munu koma þessu fram með því að lækka forvextina; verður þá tilhneigingin sú hjá báðum, að bjóða hvor öðrum betri kjör, og afleiðingin yrði sú, að verðlag mundi hækka og seðlum í umferð fjölga að sama skapi. Það rekur þá að því, að bankarnir hafa gefið út eins mikið af seðlum og leyfilegt er, og munu þeir þá gera því öflugri ráðstafanir til þess að takmarka seðlaumferðina, einmitt með því að hækka mjög forvextina; til þess að koma í veg fyrir þetta, er gagnslaus sú heimild, sem veitt er í þriðja lið tíundu greinar frumvarpsins, sbr. breytingartillöguna, til þess að fara yfir hámarkið, gegn því að greiða alla forvexti og eftir tvo fyrstu mánuðina ½ % að auki í ríkissjóð, því að hvorugur bankinn mun verða þeirrar skoðunar, að það sje einmitt hann, sem eigi að færa þessa fórn. Hafi menn ennfremur hugfast, hve mjög misjafn er sá seðlafjöldi, sem í umferð er á ýmsum mánuðum ársins á Íslandi — en það atriði gerir ástandið aðeins enn erfiðara —, þá munu menn einnig á Íslandi, et hin fyrirhugaða skipun kemst á, vafalaust komast að raun um, að samkepnin milli bankanna hlýtur að valda miklum sveiflum á forvöxtum, til ómetanlegs tjóns

atvinnulífinu, og það er einmitt þetta, sem komið hefir fram erlendis, þar sem fleiri hafa verið seðlabankar en einn.

Úr því nú að hin fyrirhugaða seðlastofnun ríkisins á ekki að vera seðlabanki, sem beri ábyrgð á banka- og peningamálum þjóðarinnar, þá verð jeg að telja hana óþarfa, og jafnvel skaðlega atvinnulífinu, að því leyti sem hún mundi í rauninni verða þess valdandi, að seðlabankarnir yrðu tveir. Af þessu verður ljóst, að mjer þykir ekki ástæða til að athuga einstök atriði frumvarpsins.

Eins og jeg gat um í upphafi álitsskjals míns, geri jeg ráð fyrir, að menn sjeu horfnir frá því að láta Íslandsbanka halda áfram að vera seðlabanka, og skal jeg því nú athuga það, hvort gera eigi Landsbankann að einka-seðlabanka smátt og smátt, eftir því sem Íslandsbanki kallar inn seðla sína.

Herra Björn Kristjánsson hefir, bæði í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu og í áliti sínu um Landsbankafrumvarpið, lagst fast á móti því, að Landsbankanum yrði fenginn í hendur seðlaútgáfurjetturinn, og fært það til, 1) að höfuðstóll hans sje of lítill, og 2) að hann hafi mikil sparisjóðsstörf með höndum; loks er drepið á, að Landsbankinn sje ríkisbanki, en um það atriði hefi jeg þegar látið uppi skoðun mína í álitsskjali mínu til stjórnar Landsbankans. Fyrra atriðið er að því leyti rjett, að höfuðstóll Landsbankans er tvær miljónir króna, en aðalreikningsjöfnuður (Totalbalance) var í árslok 1923 46 miljónir króna, og er það fremur lág upphæð. Því má þó ekki gleyma, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að nauðsynlegt verði að auka höfuðstól bankans, en á hinn bóginn er það líka skilyrði fyrir frumvarpinu um að koma á fót seðlastofnun ríkisins, að ríkið taki lán til þess að kaupa það gull, sem þarf. Jeg fer því ekki fleiri orðum um þetta, einkum þar sem ekkert er um það kunnugt nú sem stendur, hvernig breytingunum á reikningsjöfnuði Landsbankans kann að verða háttað, þegar hann hefir fengið seðlaútgáfurjettinn í sínar hendur, þótt líklega megi heldur búast við hækkun.

Auk þess virtist mjer, er jeg las gögn þau, sem mjer voru send, að það væri einnig fyrst og fremst hugsunin um að fá seðlaútgáfuna í hendur stofnun eins og Landsbankanum, með mikilli sparisjóðsstarfsemi, það sem hafi orðið þyngst á metunum hjá herra Birni Kristjánssyni og gert hann mótfallinn þeirri fyrirætlun að veita Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn. Herra Björn Kristjánsson bendir rjettilega á það, að slíkt fyrirkomulag mundi vera undantekning frá þeirri meginreglu, að seðlabankar hafa ekki sparisjóðsstörf með höndum, og hann hefir öldungis rjett fyrir sjer, er hann leggur áherslu á það, að með því leyfi, sem 1920 var veitt sænska þjóðbankanum til að taka við innlánum til ávöxtunar, þ. e. a. s. að taka við innlánum á geymslufjárreikning (depositionsräkning) gegn vöxtum, sje það ekki tilætlunin, að bankinn reki venjulega sparisjóðsstarfsemi. Þegar þannig er leyft að leggja inn fje til ávöxtunar í þjóðbankann, þá kemur að vísu sparisjóðsfje í hann, en þegar um er að ræða sparisjóðsstarfsemi, þá eiga menn helst við það, að lagðar sjeu inn smáupphæðir.

Þegar ræða er um sparisjóðsfje í seðlabönkum, verður, að minni hyggju, fyrst að líta á það mál frá nokkru víðtækara sjónarmiði, sem sje þessu: hvort heppilegt sje eða óheppilegt að láta seðlabanka yfirleitt veita móttöku fje gegn vöxtum. Menn hafa í ýmsum löndum verið nokkurnveginn sammála um það, að seðlabankar eigi ekki að taka við innlánsfje til ávöxtunar. Nefna má sem dæmi, að Deutsche Reichsbank hefir með lögum frá 1875 fengið leyfi til þess að veita viðtöku innlánsfje til ávöxtunar, en þó ekki takmarkalaust, en þetta hefir hann ekki fært sjer í nyt í mörg ár, og það hefir verið almenn skoðun, að ávaxtabær innlán í seðlabanka muni freista hans til að taka tillit til hagnaðarins, og gæti auðveldlega orðið til þess, að bankinn geigaði frá þeirri meginstefnu sinni, að halda uppi gengi gjaldeyris landsins, en það markmið er ekki allajafna samrýmanlegt hagnaðarmarkmiðinu. Annars get jeg um þetta efni vísað til bókar eftir Scharling: Bankpolitik 2. Udg. Kbhn. 1903, S. 61—62, þar sem þetta mál er rætt ítarlega.

Að baki þeim hugleiðingum, sem hjer hafa verið færðar til, felst önnur skoðun, sem að minni hyggju er mikilsverðari. Seðlabanki lánar seðla sína, er síðan komast í umferð, og gerir seðlarjetturinn honum því kleift að taka lán hjá veltunni, og eru þau vaxtalaus; það eru því afbrigði, er seðlabanki tekur lán hjá veltunni með því að greiða vexti af innlánum.

Vafalaust er það þessi skoðun, sem leynist að baki hinni, að vaxtabært innlánsfje freisti seðlabanka til þess að hætta sjer út í ótraustar lánveitingar, því að það er auðsætt, að bankanum verður það kleift með seðlarjetti sínum að afla ódýrara fjár til útlána en með vaxtabæru innlánsfje.

Nýjustu sænsk lög snerta ekki málið að þessu leyti. Tilætlunin með lögunum 1920 var eingöngu sú, að gera þjóðbankanum kleift að ná meiri tökum á markaðnum, er nóg væri um peninga, og að styrkja aðstöðu hans meðan svona væri ástatt, en ekki að staðaldri. Samkvæmt þessu hafa menn hugsað sjer, að hann tæki á móti vaxtabæru innlánsfje að eins um stundarsakir og notaði það til þess að koma á forvaxtahækkun, og ber því að líta á þau sem hverja aðra hjálparráðstöfun, sem gripið er til í forvaxtamálum, svo sem þegar seðlabanki býður skuldabrjef og þesskonar til sölu á markaðnum. Með þessu móti verður það, að þjóðbankinn dregur úr mismuninum á inn- og útlánsvöxtum bankanna, því að ekki dylst það, að þótt útlánsvextir hækki, hækka innlánsvextir jafnframt, að eins smátt og smátt.

Eins og sjá má, eru sænsku lögin frá 1920 miðuð við alveg sjerstakar kringumstæður, og ekki er auðið að álykta neitt af þeim um það, hvort rjett sje eða rangt, að seðlabanki taki að staðaldri við vaxtabæru innlánsfje. Og enn fremur má sjá, að ef þjóðbankinn færir sjer í nyt heimildina í lögum 1920 til þess að draga úr lánveitingum innan þjóðfjelagsins með því að svifta aðra banka sjóði þeirra, þá getur þjóðbankinn vitanlega ekki lánað þetta fje aftur, svo að þvílík ráðstöfun mundi hafa í för með sjer bein útgjöld fyrir bankann. Einnig af þessari ástæðu eiga sænsku lögin frá 1920 ekkert sammerkt við það, er seðlabanki hefir að staðaldri vaxtabært innlánsfje, þar sem bankinn að sjálfsögðu verður þá að lána það fje aftur.

Menn munu sjá, að helsta mótbáran gegn því, að seðlabanki taki við vaxtabæru innlánsfje, er sú, að það mundi ef til vill teygja hann til ótryggra lánveitinga, eða með öðrum orðum: hjer er um að ræða stefnu bankans. Jeg verð samt að halda því fram, að seðlabanka er með leyfinu til að gefa út seðla að líkindum opnuð leið til þess að hleypa sjer út í jafnáhættusöm fyrirtæki, enda þótt hann veiti ekki viðtöku vaxtabæru fje, og það er einungis það atriði, að menn þá verða að greiða tiltekna innlánsvöxtu, sem ætti að hafa þau áhrif á bankastjórnina, að það beinlínis hvetti hana til að taka meira tillit til ávinnings en gætni í lánveitingum. Jeg verð þó að álíta, að einmitt það atriðið, að menn hugsa sjer Landsbankann sem þjóðbanka, þar sem hluthafahagsmunir geti ekki látið til sín taka, hljóti bæði og muni valda því, að gróðamarkmiðið verði ekki aðalleiðarsteinn bankans. Þegar menn jafnframt hafa hugfast, hversu mikilsvert hlutverk sú skylda, að halda uppi peningagengi lands, leggur ríkisseðlabanka á herðar, að bankanum veitist því auðveldara að rækja þessa skyldu, því traustari tök sem hann hefir á atvinnulífinu, og að menn treysta aðstöðu hans með því að opna honum leið til að taka við vaxtabæru innlánsfje — og þetta sjest á sænsku lögunum frá 1920, sem sett voru einmitt í þeim tilgangi, að styrkja um stundarsakir aðstöðu þjóðbankans á þennan hátt á erfiðum tímum —, þá mun mönnum skiljast, að samkvæmt minni skoðun er ekkert varhugavert í því að veita Landsbankanum leyfi til að veita viðtöku vaxtabæru innlánsfje.

En — hjer er einkum um það deilt, hvort Landsbankinn skuli framvegis fá að halda leyfinu til að rækja sparisjóðsstarfsemi, eftir að hann hefir fengið seðlaútgáfurjettinn í hendur, því að hitt skiftir ekki miklu máli, sem lagt er inn í bankann með öðrum skilyrðum. Vjer skulum því nú snúa oss að þessu sjerstaka viðfangsefni.

Jeg vil þá taka það fram, að mjer er ekki kunnugt um, að neinn seðlabanki reki sparisjóðsstarfsemi, en orsakanna til þessa er sennilega að leita í því, hvernig þróunin hefir í rauninni orðið, framar en í hinu, að þessi hugsun hafi verið ósamrýmanleg grundvallarstefnunni og því vísað á bug. Seðlabankar í öðrum löndum hafa, eftir því sem stundir hafa liðið fram, orðið einskonar bankar bankanna, því þeir koma seðlum sínum í umferð með því að lána hinum, og fyrir því geta seðlabankar ekki rækt hin minni háttar viðskiftin, sem sparisjóðsstarfsemi hefir í för með sjer, öldungis eins og vjer að framan höfum sjeð, að seðlabanka stendur það á litlu, sökum seðlaútgáfurjettar síns, að draga að sjer fje með háum innlánsvöxtum. En vitanlega er ekki með þessu loku skotið fyrir það, að seðlabanki geti rækt sparisjóðsstarfsemi.

Herra Björn Kristjánsson færir einkum þessa röksemd fyrir andstöðu sinni: Seðlabanki getur mist traust manna, og ef svo fer, streymir fólk að og krefst ekki einungis þess, að fá seðla sína greidda, heldur taka og innleign sína út í gulli. Þegar svona standi á, verði að loka bankanum, nema heimilað sje að fresta innlausn seðlanna, að eins til þess að greiða þeim, sem inni eiga í sparisjóðnum; en þegar þannig komi meira af seðlum í umferð, þá taki þeir að lækka í verði, og lendi þá í sömu ógöngum sem á styrjaldarárunum

og síðan. Ef því landssjóður eigi að taka við seðlaútgáfunni, verði að fulltryggja seðlana með gulli.

Jeg get ekki betur sjeð, ef þeirri skoðun er fylgt, sem hjer er lýst, en að þá hljóti af því að leiða það, að Landsbankinn verði að hafa fyrirliggjandi fulla gulltryggingu, ekki einungis fyrir þeim seðlum, sem hann hefir gefið út, heldur og fyrir öllu því fje, sem almenningur á þar inni, því að auðveldlega getur það komið fyrir, að menn heimti það greitt í seðlum, sem aftur má krefjast að greitt sje í gulli. En slíka ályktun hygg jeg þó ekki, að neinn muni draga, þótt það væri aldrei nema eðlilegt, úr því að sett er fram krafa um að hafa seðlana fulltrygða með gulli. Jeg skal því ekki fara frekari orðum um þetta.

Grundvallarhugsunin er sú, að það fje, sem lagt hefir verið inn í seðlabanka, megi nota gegn honum alveg eins og seðlana í umferð, svo að það væri í sjálfu sjer rjett að heimta einnig gulltrygt það, sem bankinn skuldar fyrir innlánsfje. Jeg hefi rætt þetta atriði í álitsskjali mínu til stjórnar Landsbankans, og hefi þar bent á, hve rjett sú grundvallarhugsun sje, að þar, sem tjekkar smám saman ná útbreiðslu, skuli vera fyrirliggjandi tiltekin gulltrygging til að vega gegn þeim upphæðum, sem standa inni á hlaupareikningi, því að þær verða fyrst og fremst orsök í því, að fram kemur krafa um gull til útflutnings. Herra Björn Kristjánsson dregur aftur á móti fram sparisjóðsfjeð og er þeirrar skoðunar, að það geti orðið bankanum hættulegt. En hjer er fyrir vist átt við tvennskonar ólíkt ástand. Herra Björn Kristjánsson hefir óttatímann í huga, en jeg hefi aftur á móti fremur í huga heilbrigðara ástand, og það er, þegar svona stendur á, að hugsast getur, að þeir, sem eiga inni á hlaupareikningi, krefjist gulls til útflutnings, en hinir aftur á móti, sem inni eiga í sparisjóði, láta ekkert á sjer bæra, sje það þá í rauninni sparisjóðsfje, sem hjer er um ræða, en ekki veltufje kaupmanna.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram hjer að framan um Landsbankann, er því venjulega svo háttað í landi, þar sem farið er að nota tjekka, að lánveitingar verða auknar með þeim hætti að leggja inn á hlaupareikning, en ekki með því að gefa út seðla, því þá fyrst verður nauðsynlegt að gefa út meira af seðlum til umferðar, þegar verðlag hefir hækkað. Afleiðingin verður sú, að þá er gróðafyrirtæki (spekulation) eru byrjuð í slíku landi, koma áhrifin fyrst fram á hlaupareikningsfje bankanna, og er verðið heldur altaf áfram að hækka, og gull þarf að flytja út, þá koma kröfurnar um gull til útflutnings frá hlaupareikningsmönnum, verslunarfólki og þess háttar mönnum.

Það er alt annað ástand, sem herra Björn Kristjánsson hefir íhugað, því að hann hugsar sjer, að upp komi ótti meðal sparifjáreigenda, sem þá streymi að til þess að ná fje sínu, og láti sjer ekki nægja að fá það greitt í seðlum, heldur heimti það í gulli, er þeir síðan að líkindum geymi. Jeg verð að segja, að jeg á bágt með að skilja, hvernig slík hræðsla geti komið upp. Komi þessi hræðsla upp við venjulegan sparisjóð, þá hlýtur það, sem vekur hræðsluna, að vera óttinn við það að geta ekki náð fje sínu, er menn óska þess. Þessi ótti mun verða minni, ef menn hafa sparifje sitt í seðlabanka ríkisins, og eigi jeg að draga ályktun af ástandinu í Danmörku, þá er helst að

búast við því, að menn muni hneigjast til þess að leggja fje sitt í of stórum stíl inn í Landsbankann, en þá yrði Landsbankinn að koma í veg fyrir það með því að hafa tiltölulega lægri vexti. Fyrir því getur ekki þessi hræðsla, sem gert er ráð fyrir, stafað af ótta við að geta ekki fengið fje sitt, heldur af ótta við að Landsbankinn geti ekki innleyst seðla sína með gulli. En á þessu er vissulega ekki hægt að reisa bankafyrirkomulag, því að þá hlyti af því að leiða, eins og að framan er sagt, að heimta yrði fulla gulltryggingu, og þannig í rauninni afsala sjer þeim hagnaði, sem öðlast má með því að gefa út bankaseðla.

Með sama hætti mætti krefjast þess af sparisjóðum, að þeir skyldu hafa fyrirliggjandi alla þá seðla, sem inn eru lagðir, því að komi upp hræðsla einn góðan veðurdag, og vilji menn fá innlánsfje sitt, þá hefir sparisjóðurinn ekki seðlana, ef hann hefir lánað þá, og ekki ber Landsbankanum nein skylda til að hjálpa. Þess vegna verð jeg að halda því fram, að sú hætta, sem hjer er gert ráð fyrir, nefnilega, að vaknað geti einhver efi um það, hvort seðlabanki geti int af hendi innlausnarskuldbindingar sínar, geti að eins átt sjer stað, ef fylgt er skakkri stefnu í bankamálum, eða ef upp kemur ófriður eða annað af því tægi; en varla þarf að gera ráð fyrir þessu. En vilji menn játa, að þvílíkur ótti við, að Landsbankinn geti ekki leyst inn seðla sína, geti því að eins vaknað innanlands, að rangri stefnu sje fylgt í bankamálum, þá fæ jeg ekki sjeð, hví það ætti að vera svo mjög háskalegt að hafa sparisjóð í sambandi við seðlabankann, nema það leiði og hljóti að leiða bankastjórnina út á skakka braut í fjármálum. Og hjer erum vjer, að minni hyggju, komnir að aðalkjarnanum og því, sem á sínum tíma, er samningar stóðu yfir um stofnun Íslandsbanka, varð til þess, að ýmsir menn töldu tormerki á þessu fyrirkomulagi, þar sem öðru fremur er æskilegt og að eins getur verið um að ræða, að seðlabanki veiti lán til skamms tíma, en sparisjóður getur veitt og hlýtur að sjá sjer hag í að veita lán til langs tíma, af því að starfsfje hans er innlagt sparifje.

Það er eins og það sjeu tvær ólíkar meginreglur, sem ráða eigi um banka í þessu efni, og þá fyrst og fremst seðlabanka og sparisjóð. Hvor hefir sitt hlutverk, og þar í er fólgin sú hættan, að mönnum sje ekki ætíð ljóst, hver sjeu takmörkin milli sparisjóðs og banka.

Í álitsskjali mínu til stjórnar Landsbankans hefi jeg drepið á þetta mál, og hefi jeg þar lagt áherslu á það, að vissulega sje sjaldgæft, að seðlabanki hafi eins mikið af sparisjóðsfje og Landsbankinn, og þess vegna hefi jeg mælt með því að hafa lánin, sem veitt eru til langs tíma, í hlutfalli við sparisjóðsinnieignina. Það, sem jeg hefi þar lauslega drepið á, skal jeg hjer athuga nánar, því að þá var mjer ekki kunnugt um, að umræður um þetta mál á Íslandi hefðu beinst jafnmikið að sparisjóðsstarfsemi Landsbankans eins og raun er á orðin.

Það er efalaust alkunnugt, að menn gera mun á sparisjóðsstarfsemi og bankastarfsemi, og er sá munur fólginn í ólíku eðli innlána og útlána. Starfsfje sparisjóða er nokkuð ákveðið í eðli sínu, að því leyti, sem þeir rækja eiginleg sparisjóðsstörf, þ. e. a. s. taka við sparifje manna, sem ekki geta sjálfir

eða kæra sig um að gera fje sitt arðberandi á annan hátt, og þess vegna geta sparisjóðirnir komið mestu af fjenu fyrir í föst lán, lán með löngum gjaldfresti, eins og líka á sjer stað um íslenska sparisjóði. Innlánsfje bankanna, eða seðlar þeirra, svo að ekki sje vikið frá því efni, sem hjer er um að ræða, eru aðallega skuldir, sem bankinn verður að greiða fyrirvaralaust, og af þessari ástæðu heimta menn líka, að lánveitingar bankans sjeu með stuttum gjaldfresti, fyrst og fremst verslunarvíxlar, skuldabrjef (Obligationer), sem hægt er að selja, eða annað af því tægi. Þetta eru hin alkunnu aðaleinkenni á starfsemi sparisjóða annarsvegar og bankastarfsemi hinsvegar, og þegar seðlabanki jafnframt rækir sparisjóðsstörf, þá er hætta á, að honum í starfi sínu sje ekki ætíð ljóst, að það er tvenskonar. Atvinnulífinu á Íslandi er svo háttað, að þar þurfa menn fyrst og fremst að halda á lánum með löngum gjaldfresti, en hinsvegar veltur minna á lánum með skömmum gjaldfresti, og hefi jeg einnig bent stjórn Landsbankans á það, að seðlabankinn fái hjer vandasamt hlutverk, er hann verður að halda aftur af þeim lánskröfum, þar sem um langan gjaldfrest er að ræða.

Skylt þessu er og það, hvort verjandi sje, að Landsbankinn haldi áfram að hafa veðdeild, ef hann verður seðlabanki, eða hvort ekki sje rjettara að greina hana frá og gera að sjerstakri stofnun, eins og ákveðið er í lögum frá 27. júní 1921. Ef henni er haldið, getur vel verið, að einnig af því vakni hjá Landsbankanum of mikill áhugi »á löngum lánum«, og gæti verið, að það samrýmdist illa kröfunni um það, að bankinn samkvæmt hlutverki sínu verður að lána fje sitt með skömmum gjaldfresti, og þar eð naumast er nokkur verulegur markaður fyrir íslensk skuldabrjef (Obligationer) á Íslandi eða annarsstaðar, mundi of mikill áhugi á gengi þessara skuldabrjefa (Obligationer) (er lánað væri mjög mikið út á þau, eða með því að taka of mikið tillit til gengis skuldabrjefanna og sleppa því að hækka forvextina í tíma) geta haft það í för með sjer, að bankinn hafi ekki nægilegt handbært fje, eins og hann þyrfti að hafa, og það er auðveldara að hugsa sjer, að bankinn fái áhuga á þessu, ef hann hefir sjerstaka veðdeild. Jeg vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að það gæti varðað bankann nokkru, ef þessum skuldabrjefum væri komið á markað annarsstaðar, svo að hann gæti, ef svo bæri undir, aflað sjer útlends gjaldmiðils með því að selja þau þar. En á meðan ekki verður sagt, að þessu sje þannig háttað — því mjer skilst, að þeim skuldabrjefum (Obligationer), sem komið hafa til Danmerkur, hafi svo stórum upphæðum nemi verið komið fyrir á fastar hendur, að undangengnum samningum í hvert skifti — verð jeg að álíta, að bæði af sparisjóðsdeild og veðdeild geti stafað nokkur hætta fyrir seðlabankann, og getur hún, vegna þess áhuga á lánum með löngum gjaldfresti, er við þetta vaknar hjá bankanum, svo sem og vegna þess, að í fjelitlu landi sem Íslandi leggur almenningsálitið að honum um löng lán, haft þau áhrif á bankastjórnina, að hún sjái ekki, að bankinn á og verður altaf að eiga hæfilega mikla fúlgu inni erlendis, sem hann getur ekki varið að flytja heim, nema þegar mjög mikið liggur við, og að lánveitingar hans verða yfirleitt að vera með skömmum gjaldfresti. Því meira ríður á þessu, sem verðið á aðalútflutningsvörunum er mjög óstöðugt og mjög mis-

jafnlega mikið af þeim. Einnig þessu verður bankinn að gefa gaum og afla sjer í góðæri útlends gjaldeyris til að halda í horfinu með, ef eitthvert ár skyldi fara svo, að ekki fengist venjuleg upphæð af erlendum gjaldeyri fyrir útfluttu vörurnar.

Jeg sje þannig ekki, að það sje að neinu leyti ómögulegt að sameina sparisjóðsstarfsemi og veðdeildarstarfsemi seðlaútgáfurjettinum. Ekki stafar heldur af því nein hætta, ef stjórnin að eins hefir jafnan vakandi auga á hinum margvíslegu verkefnum, sem hún hefir með höndum. Það getur aftur á móti orðið til hagnaðar, að því leyti sem þau völd, sem stjórninni eru fengin í hendur með þessu fyrirkomulagi, verða afarmikil og geta vel orðið til þess að auka efnalegan þroska Íslands. Af þessum hugleiðingum var það sprottið, að jeg benti stjórn Landsbankans á það, hve eðlilegt væri að láta lánin með löngum gjaldfresti nema að eins vissum hluta innlagðs sparifjár. En sá einn, sem kunnugri er en jeg efnahagsástandinu á Íslandi, getur skorið úr því, hvernig ráða skuli þessu máli til lykta í einstökum atriðum.

Herra Björn Kristjánsson er mótfallinn ákvæðinu í 12. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að bankinn hafi rjett til að taka lán út á eignir sínar. Jeg geri ráð fyrir því, að ef svo kæmi fyrir, að bankinn tæki lán út á eignir sínar, þá sje ekki hægt að telja til seðlatryggingar þann hluta þeirra, sem veðsettur er, og það er því að líkindum með þessu ákvæði einkum átt við það, að Landsbankinn, ef svo ber undir, afli sjer erlends gjaldeyris eða gulls með því að veðsetja skuldabrjef (Obligationer) eða því um líkt. Jeg hefi hvað eftir annað tekið það fram, að það mundi skifta Landsbankann nokkru að geta stuðst við markað og selt þar, er svo stæði á, skuldabrjef (Obligationer) og þess háttar, en jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að þegar einungis er að ræða um stundarskort á erlendum gjaldeyri, sje stundum hagkvæmara að afla sjer slíks láns með því að veðsetja eignir. Slík aðferð hefir stundum verið höfð annarsstaðar, eins og kunnugt er, þótt jeg viðurkenni, að það muni sjaldan vera seðlabankar, en oftar aðrir bankar, sem afla sjer bráðabirgðalána erlendis, meðal annars með því að gefa út víxla »í gislingu«, sem mjög tíðkaðist í viðskiftum milli Þýskalands og Frakklands. Mjer mundi finnast það varhugavert, ef seðlabanka í svo litlu þjóðfjelagi sem hinu íslenska væri varnað þess að afla sjer erlends gjaldeyris, ef svo bæri undir, að ástandið væri óskyggilegt fyrir atvinnulífið, enda þótt jeg álíti enn sem fyrri, að yfirleitt verði Landsbankinn að eiga inni erlendis, svo ekki þyrfti að veðsetja eignir nema örsjaldan.

Hjer er fyrst og fremst átt við að veðsetja skuldabrjef. En herra Björn Kristjánsson nefnir sjerstaklega veðsetningu á seðlum bankans sjálfs og að tekið sje lán út á hlutabrjef í sjálfum honum. Jeg bendi á, að þetta skiftir nokkru máli að eins gagnvart útlöndum, því að innanlands getur aðeins verið um það að ræða að taka veðrjettarlán út á byggingar bankans, og láta með þeim hætti óskert hlutafje bankans, eða rjettara sagt, mikinn hluta þess, til rekstrar handa honum.

Að því er snertir síðara atriðið, veðsetningu hlutabrjefa í bankanum sjálfum, verður manni fyrst að spyrja, hvernig bankinn eignist hlutabrjef í

sjálfum sjer, því að auðvitað hlýtur það að vera skilyrði þess, að þau verði veðsett annarsstaðar. Í bankalöggjöf ýmsra landa eru menn, sem kunnugt er, farnir að reisa því allþröngar skorður, að hve miklu leyti bankar megi eiga eða veðsetja hlutabrjef í sjálfum sjer, en þessi ákvæði taka venjulega til banka yfirleitt, en ekki sjerstaklega til seðlabanka; það er með þetta fyrir augum, sem jeg hefi í athugasemdum mínum til stjórnar Landsbankans bent á, að rjett væri að íhuga, hvort einnig ætti að ákveða stefnurnar í almennri bankalöggjöf á Íslandi, og í slíkri löggjöf væri það eðlilegt að setja því takmörk, hvað bankar mættu eiga og veðsetja af hlutabrjefum í sjálfum sjer. Það gæti verið álitamál, hvort þessi ákvæði skyldu sett seðlabankanum einum, en jeg vil benda á það, að einmitt um hann á að setja þessi takmörkunarákvæði, og verði það gert, er loku fyrir það skotið, að bankinn eigi hlutabrjef í sjálfum sjer, til þess að veðsetja, eða að minsta kosti hljóta það að verða örsmáar upphæðir.

Að því er til hins tekur, að fá lán út á sína eigin seðla, verð jeg fyrst að geta þess, að um það dæmi, sem herra Björn Kristjánsson vitnar í úr bankasögu Dana, er mjer ekki kunnugt, enda geri jeg ráð fyrir því, að það sje tiltölulega nýtt. Ef menn vilja, er samt mjög auðvelt að banna alt þess háttar, enda má víst svo að orði komast, að það muni í rauninni engu skifta. Þegar banki þarf lán og nýtur trausts erlendis, eru ýmsar leiðir opnar: bankinn getur gefið út eiginvíxil og látið skuldabrjef eða því um líkt til tryggingar, eða hann getur beinlínis tekið lán út á þessar eignir sem hvert annað handveð. Þetta er veðsetning á eignum bankans, en getur það í rauninni kallast að taka lán út á eignir, þegar seðlar eru veðsettir fyrir peningaláni? Nei, seðlunum verður þá vissulega að skipa á bekk með eiginvíxlum, sem bankinn gefur út, og jeg verð að líta svo á, að erfitt sje að hugsa sjer, að nú á tímum geti komið fyrir sú veðsetning seðla, sem dæmið gerir ráð fyrir, því að þá væri eiginvíxill bankans engu síður tekinn gildur erlendis. En hjer við bætist og það, að þar sem bankinn á að tryggja að $^1/_3$ með gulli þá seðla sína, sem í umferð eru, og til þeirra teljast einnig þeir seðlar, sem pantsettir kynnu að verða, og verður þá auðskilið, að heppilegra er fyrir bankann að taka til annara ráða til þess að afla sjer innieigna erlendis.

Jeg verð því að álíta, að herra Björn Kristjánsson geri mikils til of mikið úr þessu atriði. Jeg hygg, að varhugavert sje að taka á sig þá ábyrgð, að meina bankanum, ef svo ber undir, að taka lán erlendis út á eignir sínar, og að lántaka út á eigin hlutabrjef og seðla mun sjaldan eiga sjer stað, svo sjaldan, að eigi muni vera ástæða til þess að reisa skorður gegn hinu síðastnefnda í löggjöfinni; en á hinn bóginn gæti það komið til mála, að banna ætti bönkum yfirleitt að eiga eða veðsetja hlutabrjef í sjálfum sjer svo nokkru verulegu nemi. En vilji menn setja því takmörk, að hve miklu leyti bankinn geti veðsett eignir sínar, þá er það auðvitað hægt, með því móti t. d., að það sje gert að skilyrði, að til komi samþykki fulltrúaráðs eða fjármálaráðherra, eða með því að þessari veðsetningu sje haldið innan vissra takmarka, er mega þá naumast vera mjög þröng.

Virðingarfyllst. Axel Nielsen.

Fylgiskjal V.

ÚTDRÁTTUR
ÚR
GERÐABÓK FJÁRHAGSNEFNDAR EFRI DEILDAR.

Ár 1925 mánudag 23. mars kl. 5 e. m. hjelt fjárhagsnefnd efri deildar fund á Hlaðbúð. Hafði hún boðað bankastjóra Landsbankans á fundinn, til þess að ræða við þá frv. um Landsbanka Íslands og fá umsögn þeirra um ýms atriði málsins. Úr bankastjórninni mættu þeir Magnús Sigurðsson og Georg Ólafsson. Lagðar voru fyrir þá eftirfarandi spurningar:

1. Hvort Landsbankinn mundi ekki þurfa að draga inn og lána miklu varlegar, ef hann tæki við seðlaútgáfurjettinum.

   Þessu svaraði Georg Ólafsson á þá leið, að engin breyting yrði á útlánapólitík bankans frá því, er verið hefði *nú undanfarið*. Er það bein afleiðing af því, að Landsbankinn hefir undanfarið búið sig undir það að taka við seðlaútgáfunni.
2. Þá voru bankastjórarnir spurðir um, hvort seðlabankar nokkursstaðar hefðu sparisjóði.

   Þessu svaraði G. Ó. þannig, að t. d. hefði þjóðbankinn danski fram til 1850 verið eina bankastofnunin í Danmörku, og Noregsbanki hefði til sama tíma verið eina bankastofnunin í Noregi. Annars vitnuðu þeir til álits próf. Axels Nielsens um samband sparisjóðsstarfsemi og seðlabanka.
3. Að gefnu tilefni tóku þeir fram, að þeir hefðu ekkert við það að athuga, að ríkið eitt ætti bankann, og telji það betra fyrirkomulag, ef fært þykir að koma því í framkvæmd.
4. Um hættuna við að of mikið verði gefið út af seðlum. G. Ó. svaraði: Að svo miklu leyti sem seðlabankinn sjálfur hefir tök á seðlamagninu, þá hefir hann það í gegnum útlánsstarfsemina. Gullforðinn takmarkar það, hve mest má vera úti af seðlum samkvæmt lögum (frumvarpinu). Að sjálfsögðu má ákveða í lögum hámark seðlamagns í umferð, og sömuleiðis má fela fjármálaráðherra eða bankaráði að ákveða hámarkið. Slíkt ákvæði var í lögum um þýska ríkisbankann, en afleiðingin varð sú, að lögunum var breytt hvað eftir annað í þessu atriði, til þess að seðlamagnið fullnægði hinum sívaxandi viðskiftum.

   Sú athugasemd var gerð, að það gæti líka komið fyrir, að seðlabanki gæfi út of lítið af seðlum.

   Þeirri athugasemd svöruðu bankastjórarnir á þessa leið: Hjer mun átt við, er svo stendur á, að seðlar eru óinnleysanlegir. Er það auðvitað mál, að slíkt getur komið fyrir, þar sem altaf verður álitamál, hvað hæfilegt sje í því efni.

   Ef málið er tekið eins og það liggur hjer fyrir, þá kemur »of lítil« seðla-

umferð fram í hækkun gengis íslensku krónunnar. Landsbankinn hefir talið það ótvíræðan vilja Alþingis fram að þessu, að markið sje hækkun ísl. krónunnar í gullgildi hægt og gætilega, eftir því sem fært þykir.

5. G. Ó. álítur, að ákvörðunar- eða meðákvörðunarrjettur um forvexti verði að vera hjá framkvæmdarstjórninni, annars sje ekki um framkvæmdarstjórn að ræða í raun og veru. Enda sje það þannig í öllum þeim seðlabönkum, sem hann þekti til. Í Danmörku og Noregi, þar sem stjórn seðlabankanna er með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir í frv., er það framkvæmdarstjórnin, sem ákveður forvexti.
6. Formaður bar fram þá spurningu, sem hefði komið fram í nefndinni, hvað bankastjórnin segði um að láta mat fara fram á eignum bankans áður en hann tæki við seðlaútgáfunni.

   Þessu svaraði G. Ó. þannig, að hann teldi það óþarft, þar sem bankinn hefði þingvalda endurskoðunarmenn, og þess utan bankaeftirlitsmann. M. S. tók fram, að landsstjórnin hefði vald til að rannsaka allan hag bankans, þegar hún vildi.
7. Um gæslustjóra í stað bankaráðs álítur M. S., að komið gæti til mála í stað gæslustjóra að velja t. d. 2 menn úr bankaráðinu til að skoða daglega, hvað fram fer í bankanum.
8. Út af spurningu um það, hvort ekki sje hættulegt að leyfa bankanum að hafa meira af gullforðanum en 1/4 í innieign í erlendum banka, svara bankastjórarnir því, að þetta ákvæði sje aðeins til bráðabirgða.
9. M. S. álítur, að bankinn geti nú keypt gull eftir þörfum, til að fullnægja ákvæðum frumvarpsins.
10. Loks voru bankastjórarnir spurðir um, með hvaða kjörum þeir hugsuðu sjer að »rediskontera« víxla Íslandsbanka, eða annara banka, sem stofnast kynnu.

    Bæði M. S. og G. Ó. tóku það fram, að rediskonteringar alment yrðu með raunverulegri diskonto seðlabanka. Hvort hægt er að hafa hana t. d. 1/2% undir diskontó almennra viðskifta, er undir ástandinu komið. Hitt tóku þeir líka fram, að öðru máli væri að gegna með rediskonteringar fyrir Íslandsbanka á þeim seðlum, sem hann yrði að draga inn samkvæmt lögum frá 1921. Í frv. því, er lá fyrir Alþingi síðastl. ár, var gert ráð fyrir, að Landsbankinn keypti þegar í stað allan gullforða Íslandsbanka. Fengi Íslandsbanki svo með sjerstökum kjörum rjett til reikningsláns og endursölu á víxlum í Landsbankanum, er samtals nemi þeirri upphæð, er í umferð er af seðlum Íslandsbanka, þegar lögin kæmust í framkvæmd, að frádregnu andvirði gullforðans. Helmingurinn átti að vera reikningslán, er greiddust af vextir, er næmu 2/3 af forvöxtum Landsbankans, en viðskiftagjald greiddist eigi. Við endursölu á víxlum greiddust einnig 2/3 af forvöxtum Landsbankans. Lánsupphæð þessi átti árlega að lækka um 1/9 hluta af upprunalegu upphæðinni.

    Fleiri fyrirspurnir voru ekki lagðar fyrir bankastjórana og þeir viku af fundi.

. . . . . .

Ár 1925 þriðjudag 24. mars hjelt nefndin fund á Hlaðbúð kl. 5 e. m. Allir nefndarmenn mættir. Höfðu bankastjórar Íslandsbanka verið kvaddir á fundinn, og mættu þar bankastjórarnir Eggert Claessen og Jens Waage. Nefndin óskaði álits bankastjóranna um það, hvort heppilegra væri að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna framvegis, eins og lagt væri til í frv. því, sem stjórnin hefði nú lagt fyrir þingið, eða stofna sjerstaka seðlastofnun. Bankastjórarnir kváðust telja, að þegar á alt væri litið, þá væri heppilegra að fela seðlaútgáfuna sjerstakri stofnun, sem hefði ekki viðskifti við aðra en bankana, auk þess sem hún stjórnaði fasteignalánum eftir settum reglum. Seðlaútgáfan væri eitt hið þýðingarmesta mál fyrir fjármál landsins og atvinnuvegi þess. Of mikil seðlaútgáfa gæti komið gengi íslensku krónunnar niður úr öllu valdi og orsakað allskonar fjárhagslegan voða. Of lítil seðlaútgáfa gæti orsakað það, að atvinnuvegirnir legðust í auðn, bæði vegna vöntunar á starfsfje og óeðlilegrar hækkunar á íslensku krónunni, en hvílíkar afleiðingar slíkt hefði, bæði fyrir ríkið og einstaklinga, þyrfti engra útlistana við. Það hlyti því að vera sameiginlegt áhugamál allra, að reyna að koma á því fyrirkomulagi á stjórn seðlaútgáfunnar, sem hefði í sjer fólgna eins mikla tryggingu og unt væri fyrir því, að henni væri stjórnað eingöngu með það fyrir augum, hvað væri heillavænlegast fyrir landið, ekki aðeins í augnablikinu, heldur einnig til langframa. Væri nú stjórn seðlaútgáfunnar lögð í hendur manna, þar sem stöðugt eru að reka sig á hagsmunir, ekki einungis bankanna sjálfra, heldur einnig hagsmunir viðskiftamannanna, bæði milli viðskiftamanna hvors banka um sig og milli viðskiftamanna annars bankans gagnvart viðskiftamönnum hins, þá hlyti — hversu gott mannval sem væri — ávalt að vera hætt við því, að seðlaútgáfan yrði fyrir áhrifum mála og viðskifta, sem væru henni óviðkomandi og orsökuðu, að í seðlaútgáfunni yrði annað gert en það, sem hefði verið gert, ef að eins hefði verið látið stjórnast af því, sem heill landsins yfir höfuð sagði til um. Þetta gæti auðveldlega orðið án þess að nokkur maður vildi gera annað en hið besta, en skoðanir manna hlytu að litast af daglegum störfum og málefnin sæust þá ósjálfrátt skærast í ljósi viðskiftahagsmunanna. Fyrir þessi sker mætti frekast komast með því að fela stjórn seðlaútgáfunnar mönnum, sem hefðu engra hagsmuna að gæta, er komið gætu í bága við það, sem landinu í heild er fyrir bestu að því er seðlaútgáfuna snertir. Í þessu sambandi var bent á það, að fela mætti fulltrúaráði Landsbankans að hafa ákvörðunarvald um seðlaútgáfuna, en gagnvart því tóku bankastjórarnir það fram, að þetta væri lítt mögulegt í því praktiska lífi, því væri bankastjórnin mótfallin ákvörðun fulltrúaráðsins, þá væri ekki hægt að ætlast til þess af henni, að hún stjórnaði þessum málum móti því, sem hún teldi rjett, enda hefði hún úrskurðarvaldið eftir sem áður um það, hver lán skyldi veita og til að meta tryggingarnar fyrir þeim.

Þá vaknaði sú spurning, hvort sjerstök seðlastofnun hlyti ekki að hafa þá galla, að óráðlegt væri að setja hana á stofn. Var vikið að því, hvort sjerstök seðlastofnun mundi geta haft það afl, sem hún yrði að hafa til þess að geta haft slík áhrif á fjármálalífið, sem ætlast yrði til, svo sem um gengi íslensku krónunnar, almenna bankavexti, útlánspólitik bankanna o. s. frv.

Bankastjórarnir álitu ekki, að hjer væri um neinn agnúa að ræða. Að því er fyrst og fremst gengið snerti, þá mundi sjerstök seðlastofnun ekki standa ver að vígi en Landsbankinn. Fyrst og fremst væri hvorki hægt að gera kröfur um það gagnvart seðlastofnuninni nje Landsbankanum, sem engum öðrum banka, að meðtöldum Bank of England, hefir reynst framkvæmanlegt, að ónefndum hinum ítrekuðu og árangurslausu tilraunum nágrannaþjóða vorra, Dana og Norðmanna, með stórfeldum lántökum mætti eflaust verjast sveiflum á genginu um nokkurn tíma, en til langframa ráða aðrar ástæður, svo sem verslunarjöfnuðurinn og afkoma atvinnuveganna, og þau kaup á gjaldeyri, sem rjett og nauðsynleg þættu til þess að verjast stundarsveiflum á genginu væru raunverulega alveg jafnt á hættu ríkissjóðs, hvort sem þau væru gerð af seðlastofnun eða Landsbankanum, með því að bankinn væri ríkisins eign, hans tap væri og yrði ríkisins tap, þó hann að *forminu* til yrði hlutabanki, þá bæri ríkissjóður *raunverulega* ábyrgð á honum, því aldrei gæti komið til mála, að ríkissjóður ljeti hann fara um koll. Reynsla undanfarinna ára um afstöðu ríkjanna til slíkra stofnana sýndi þetta og sannaði. Ef Landsbankinn tapaði t. d. varasjóði sínum vegna taps á gengi, þá væri það ríkissjóðsins tap, með því að varasjóðurinn væri nú eign ríkissjóðs, og væntanlega kæmi aldrei til nokkurra mála, að sparisjóðseigendur í Landsbankanum yrðu látnir tapa sparisjóðsinnieignum vegna tapa, sem bankinn yrði fyrir vegna kaupa á gjaldeyri, sem færu fram vegna almenningsheilla, og hvað snerti þá hlið málsins, að útvega þyrfti gull og erlendar innieignir vegna seðlaútgáfunnar og til þess að hafa áhrif á gengið, þá yrði, hvort sem seðlastofnun eða Landsbanki ættu í hlut, að útvega það með lánsfje, því viðskiftalíf landsins gæti ekki komist af með minna fje en nú væri í bönkunum, svo það væri ófær leið að binda núverandi starfsfje Landsbankans í gulli og erlendum gjaldeyri. En þætti þetta samt tiltækilegt, mætti eins vel flytja það úr Landsbankanum til seðlastofnunarinnar, þar sem báðar þessar stofnanir eru eign ríkisins.

Fullkomin áhrif töldu bankastjórarnir seðlastofnunina geta haft á almenna bankavexti, útlánspólitík bankanna, gengisráðstafanir þeirra og annað slíkt, með því að bankarnir ættu alt undir henni um að fá seðla, og í því sambandi um endurkaup á víxlum, svo og um endurkaupskjörin, en það út af fyrir sig gæfi seðlastofnuninni svo mikið vald, að bönkunum væri ómögulegt að komast hjá því að verða við öllum sanngjörnum kröfum seðlastofnunarinnar í þessum efnum. Þeir töldu öll þessi viðskifti milli seðlastofnunarinnar og bankanna einnig vera þess eðlis, að stjórnendur seðlastofnunarinnar hlytu að verða að fylgjast ávalt vel með í öllu, sem gerðist í atvinnulífi landsins, og því engin hætta á því, að þeir hefðu ekki fulla þekking og kunnugleik á öllu þar að lútandi, ekki síður en bankastjórarnir, enda hlyti að verða náin samvinna milli þeirra og stjórnar seðlastofnunarinnar.

Bankastjórarnir lögðu áherslu á það, að erlendis væri seðlabönkum *aðallega* ætlað að hafa einungis viðskifti við aðra banka. Hjer munaði aðeins því, hversu fáir bankarnir eru. *En seðlabankarnir erlendis væru einmitt þesskonar sjerstakar seðlastofnanir, sem hjer væri um að ræða.* Vandkvæði á skifting seðlanna milli bankanna hjer væru ekki meiri nje annars eðlis en eiga

sjer stað milli banka erlendis. Hvað fá þyrfti af seðlum, færi alveg eftir því, hvernig hagar til um viðskifti þeirra á hverjum tíma sem er, og styrki banki t. d. nýtt fyrirtæki, sem seðlastofnunin teldi stuðningsvert, eða eldra fyrirtæki, sem hefir haft viðskifti annarsstaðar, mundi hún að sjálfsögðu láta nauðsynlega aukningu seðla vegna rekstursfjár til slíkra fyrirtækja, en hjer kæmi enn að því, hversu nauðsynlegt það væri, að sú stofnun, sem gæfi út seðlana, hefði þá aðstöðu, að eigi væri hætta á því, að hún ljeti það hafa áhrif á sig, að í einhverjum öðrum viðskiftum tapaði eða græddi hún eða viðskiftamenn hennar vegna seðlaaukningarinnar.

Að því er snertir þá hættu á óhollri og of mikilli seðlaútgáfu, sem gæti stafað af því, að landsstjórnin vildi fá meira lán en góðu hófi gegndi, þá litu bankastjórarnir svo á, að sjerstök seðlastofnun hefði í sjer fólgna aukna tryggingu, þar sem hún gæti ekki sjálf veitt ríkissjóði nein lán, og landsstjórnin þyrfti því bæði að yfirbuga mótstöðu annarshvors bankans og auk þess seðlastofnunina, til þess að hún fengi lán, er bygð væru á aukinni seðlaútgáfu.

Meðal þess, sem gæti haft óholl áhrif á seðlaútgáfuna, gæti verið það, að gefnir væru út meiri seðlar en rjett væri, til þess að græða á seðlaútgáfunni, og álitu bankastjórarnir, að einnig í því efni væri hættan minni, ef seðlaútgáfan væri í höndum seðlastofnunarinnar, þar er hún þyrfti ekkert um það að hugsa að græða fje til þess að borga arð af hlutafje, leggja fje til hliðar fyrir óvissum eða töpuðum skuldum, sem stöfuðu af viðskiftum, er væru sjálfri seðlaútgáfunni óviðkomandi.

Þá álitu bankastjórarnir, að ef komið væri á því fyrirkomulagi, sem stjórnarfrv. gerði ráð fyrir, og seðlaútgáfan fengin í hendur Landsbankanum, þá mundi óbjákvæmilega skerðast mjög fje til reksturs framleiðslufyrirtækja landsins og til verslunarinnar, ekki síst hinnar áhættumiklu verslunar með sjávarafurðir, og væri ekki gott að vita, hverjar afleiðingar það hefði að því er snertir verð afurðanna, sjerstaklega ef verslunin kæmist aftur að verulegu leyti í hendur útlendinga. Álitu bankastjórarnir, að auðsætt væri, bæði af frv. sjálfu og athugasemdum við það, að svo miklar skyldur væru lagðar á Landsbankann um leið og honum einum væri falin seðlaútgáfan, að þeim dyldist eigi, að það hlyti að hafa í för með sjer eigi alllitla takmörkun á lánveitingum Landsbankans. T. d. er honum algerlega bannað að lána ríkissjóði lengri en þriggja mánaða lán, sem eiga að vera uppborguð á áramótum, og sama yrði þá líklega látið gilda um þær opinberar stofnanir, sem landsstjórninni eftir hlutarins eðli væri sjerstaklega umhugað um að útvega lán. Við þetta væri auðvitað ekkert að athuga, ef í annað hús væri að venda hjer innanlands, en svo er ekki. Íslandsbanka væri gersamlega ómögulegt að veita slík lán. Þetta nær auðvitað fyrst og fremst til allra fastra lána. En þeir litu svo á, að Landsbankinn verði ekki að eins að taka fyrir allar veitingar fastra lána, heldur einnig takmarka lánveitingar sínar yfirleitt vegna seðlaútgáfu sinnar, og gilti hið sama um þessar lánveitingar, að Íslandsbanki gæti ekki bætt þeim við sig. Þá fyrst þegar Íslandsbanka hefði tekist að ná inn miklu af fje því, sem hann nú hefir bundið í eldri lánum, eða aukið starfsfje sitt á einn eða annan hátt, væri honum fært að bæta við sig nýjum lánum svo nokkru verulegu munaði, og

ef því sú ætlun þeirra væri rjett, að Landsbankinn verði að kippa að sjer hendinni með lánveitingar, þá væri ekki sjáanlegt, hvaðan fje gæti komið í það skarð. Segja mætti auðvitað, að Íslandsbanka hefði áður verið veitt einka-seðlaútgáfurjettur, en þá hefðu allar ástæður verið aðrar. Nú væri verið að minka og takmarka handbært fje til atvinnuvega og reksturs, en þá kom Íslandsbanki með nýtt og eftir þeirra tíma mælikvarða stórmikið fje inn í landið.

Bankastjórarnir voru spurðir að því, hvort þeir teldu varhugavert að fresta þessu máli til næsta þings. Þeir kváðust álíta, að auðvitað væri æskilegt að koma sem fyrst festu í þessi mál, en þó núverandi bráðabirgðaástand, þar sem gefnir væru út ógulltrygðir seðlar, væri óheppilegt, þá stæði nú svo vel á um viðskifti landsins við útlönd, eftir hina ágætu afkomu síðasta árs, að þetta bráðabirgðafyrirkomulag mundi ekki — svo fyrirsjáanlegt væri — geta skað-að viðskiftin út á við þangað til málið gæti orðið útkljáð á næsta þingi, og að því er snertir innanlandsviðskifti gætu þeir ekki sjeð, að frestun til næsta þings gæti skaðað. Var sjerstaklega um það talað, hvort frestun gæti haft óheppileg áhrif á gengi íslensku krónunnar síðari hluta yfirstandandi árs, vegna þess að hvorugur bankanna teldi sig bera ábyrgð á því að forða óheilbrigðum og skaðlegum gengissveiflum, en ef frv. stjórnarinnar gengi fram nú, þá yrði Landsbankinn að taka á sig ábyrgðina í þessum efnum.

Um þetta sögðu bankastjórarnir, að svo framarlega sem gengisnefndin og bankarnir færu líkt með gengismálið nú á þessu ári sem síðastliðið ár, þá væri ekkert að óttast í þessu efni. Bjuggust þeir við, að engin ástæða væri til þess að efast um það, að bankarnir vildu nú þetta ár taka á sig svipaða á-hættu í gengisversluninni sem síðastliðið ár, þeir vissu ekki til þess, að nein stefnubreyting væri orðin eða stæði fyrir dyrum í því efni, og álitu því ekki að hjer væri nein hætta á ferðum. Auk þess vísuðu þeir til þess, sem þeir hefðu áður sagt viðvíkjandi því, að sú stofnun, sem gæfi út seðlana, gæti hvort sem væri svo lítið ráðið við gengið með peningaafli, svo hvort sem Lands-bankinn eða seðlastofnunin tæki við seðlaútgáfunni nú þegar, þá hlyti gengið á komandi sumri og hausti *aðallega* að vera komið undir framleiðslunni og verði afurðanna í sambandi við innflutning og alla fjárhagslega aðstöðu hjer á landi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 7^{15}.

Sig. Eggerz.

Ingvar Pálmason.

Nd. **368. Breytingartillögur**

við brtt. á þingskjali 304 (Verðtollur).

Frá Aug. Flygenring.

1. Við brtt. 1. I. B. Falli burtu: Boltar og rær. Hnoð. Keðjulásar. Vörpukeðjur.

2. Við brtt. 1. II. Aftan við liðinn bætist:
Boltar og rær. Hnoð. Keðjulásar. Vörpukeðjur.

Nd. **369. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 304, tölul. 1. (Verðtollur).

Flm.: Jakob Möller.

1. Í stað »3 greinar« í upphafinu komi: 4 greinar.
2. Á undan tölulið I. komi nýr rómv. liður á þessa leið:
Í stað »20%« í fyrstu málsgrein laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, komi: 15%.
3. Inngangsorðin í tölulið I. orðist þannig:
Á eftir orðunum »af innkaupsverði þeirra vara« í sömu málsgrein laganna kemur: Nema þær vörur, sem hjer eru taldar.
4. Stafliður B. falli niður.
Til vara: Úr staflið B. falli: »Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur«.
5. Á eftir »Baðmullartvinni« í II. komi: Efni til bókbands.
6. Aftan við sama tölul. komi: Harmonía, orgel, píano og flygel og önnur orkesturhljóðfæri.

Nd. **370. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Frá mentamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »alt að tveim mánuðum ár hvert« í lok greinarinnar komi:
alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

Nd. **371. Frumvarp**

til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkvæmt öðrum lögum, sem ekki ákveða sjerstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, þangað til öðruvísi verður með lögum ákveðið, launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

2. gr.

Síðari málsgrein lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af $^2/_3$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^2/_3$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.

Nd. **372. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í 1. gr. laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.

b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 4.80 af hverju kg.

7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 12.80 af hverju kg.

Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.

2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álímdum miðum, er stjórnarráðið lætur tollheimtumönnum í tje og á er letrað »tollur greiddur«.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur stjórnarráðið nánari ákvæði um tollmerkin.

3. gr.

Nú finnast tóbaksvörur, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki, en ekki verða þó taldar falla undir ákvæði gildandi laga um tollsvik, og skal þá telja tollinn ógreiddan nema handhafi sanni, að tollur sje greiddur. Þó skal altaf telja saknæma vanrækslu, ef ómerktar tóbaksvörur finnast hjá þeim, er versla með tóbak, og varðar slík vanrækslu sektum, alt að þreföldum tolli af hinum ómerktu vörum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926. Frá sama degi falla úr gildi lög nr. 40, 27 júní 1921, um einkasölu á tóbaki.

Nd. **373. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 3, með breytingunum (1.—4.) á þskj. 108.

Ed. **374. Nefndarálit**

um flóabátastyrki 1926.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hafði á sínum tíma átt fundi með samgöngumálanefnd Nd. um flóabátastyrkinn og úthlutun hans. Voru báðar nefndirnar sammála um að leggja

það til, að upphæð flóabátastyrksins næsta fjárhagstímabil yrði ákveðin alls kr. 83000. —

Hafði nefndin þá samþykt þá skiftingu styrksins, sem hjer segir:

Til Borgarnesferða	kr. 27000
— Breiðafjarðarbáts	— 14000
— Djúpbátsins	— 16000
— Skaftfellings	— 15000
— Rangársandsbáts	— 1200
— Grímseyjarferða	— 1200
— Rauðasandsbáts	— 400
— Lagarfljótsbáts	— 500
— Hvalfjarðarbáts	— 700
— Hornafjarðarbáts	— 4000
— Rangárvalla- og Skaftafellssýslna, til að styrkja beina viðkomu millilandaskipa	— 3000
	Alls kr. 83000

Síðan þessi ákvörðun var tekin, hafa fjárlögin verið til meðferðar í Nd., og hafa þar bæst við kr. 4000, aðallega með tilliti til Hornafjarðarbáts, eftir því sem formaður fjárveitinganefndar Nd. hefir tjáð nefndinni. Nefndin telur vafasamt, hvort rjett sje að Hornafjarðarbátur fái einn alla þessa hækkun, en vill hinsvegar ekki leggjast á móti þessari 4000 króna viðbót við heildarupphæðina, en álítur rjett, að af henni sjeu þá styrktir þeir bátar, sem mest hafa styrks þörf, t. d. Skaftfellingur, Hornafjarðarbátur og ef til vill Breiðafjarðarbátur.

Nefndin telur rjett að láta þess getið, að hún telur það ekki framkvæmanlegt, að bátur sá, sem póstinn flytur milli Reykjavíkur og Borgarness og annast á ferðir allar um Faxaflóa, hafi líka á hendi ferðir á Breiðafirði.

Reynslan myndi fljótlega leiða þetta í ljós, ef reynt væri.

Alþingi, 20. apríl 1925.

Eggert Pálsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrif. og frsm.	Hjörtur Snorrason.
Guðm. Ólafsson.	Sigurður Jónsson.	

Nd. **375. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 28. og 29. gr. Greinarnar falli niður. Í stað þeirra komi svo hljóðandi 28. gr.
Fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður með lögum ákveðið eða Ræktunar-

sjóður sameinast Ríkisveðbanka Íslands eftir 34. (33.) gr., hefir Landsbankinn á hendi stjórn og afgreiðslu Ræktunarsjóðs, bókfærslu, reikningsskil og vörslu fjár og skjala fyrir þóknun, er um semur við ráðherra.

2. Við 30. gr., sem verður 29. gr. Fyrsta málsgrein falli niður.

Nd. **376. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá Magnúsi Torfasyni, Bernh. Stefánssyni, Jörundi Brynjólfssyni og Ingólfi Bjarnarsyni.

Við 4. gr. Í stað orðanna »1. jan. 1926« komi: 1. jan. 1927.

Nd. **377. Tillaga**

til þingsályktunar um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram fje úr ríkissjóði til að stækka geðveikrahælið á Kleppi og til byggingar landsspítala, og skal því fjárframlagi hagað svo, sem hjer segir:

1. Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja úr ríkissjóði alt að 100 þús. kr. til byggingar á Kleppi, þannig, að bygð sje ein hæð ofan á þann kjallara, sem þegar er fullgerður. Þingið væntir þess, að byggingunni verði svo haldið áfram og henni lokið í árslok 1927.
2. Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja alt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði til byggingar landsspítala, gegn jafnmiklu framlagi úr landsspítalasjóðnum, enda hafi á árinu 1925 verið varið til hennar að minsta kosti 100 þús. kr. úr þeim sjóði. Þingið gerir ráð fyrir, að þessu verki verði hagað samkvæmt síðari spítalateiknun húsameistara ríkisins, með þeirri breytingu, er síðar kynni að þykja nauðsynleg og framkvæmanleg án verulegs viðbótarkostnaðar. Enn fremur ætlast þingið til þess, að verkinu verði haldið áfram á næstu árum, og byggingunni lokið í árslok 1929, ef ekki ófyrirsjáanleg fjárhagsvandræði ríkisins gera ókleift að halda henni áfram.

Þingið ætlast til, að landsstjórnin geri samning við bæjarstjórn Reykjavíkur um að fá vatn úr Laugunum endurgjaldslaust til að hita spítalann, gegn því, að landið greiði hlutfallslega kostnað við leiðsluna heim til bæjarins.

Nd. **378. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv. 16).

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 4. gr. Á eftir orðunum: »tekju- og eignarskatti« komi inn í: og sveitargjöldum.

Nd. **379. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Í stað orðanna »þangað til öðruvísi verður með lögum ákveðið« komi: til ársloka 1928.

Nd. **380. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jakob Möller.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »þá er fjármálaráðuneytinu heimilt að« komi: skal.

Nd. **381. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{3}/_{8}$ launauppbótar«, komi: Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{5}/_{6}$ launauppbótar.

Nd. **382. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 304 (Verðtollur).

Frá Þorleifi Jónssyni.

1. Við 1. I. A. Á eftir »Tinvörur« komi: Spil.
2. — 1. I. B. Á eftir »Ritvjelar« komi: og fjölritar.
3. — 1. II. Aftan við liðinn komi: Leirlát.

Nd. **383. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 27. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Ríkisstjórnin gerir sjerstakan samning við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, er nemi alt að 1400000 kr.

Nd. **384. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað þetta frumvarp. Formaður nefndarinnar náði tali af herra Bjarna Sæmundssyni fiskifræðingi, sem tjáði sig meðmæltan þessu frumvarpi. Taldi hann ekki rjettmætt nje í nokkurn stað sanngjarnt, að Skagfirðingar friðuðu Skagafjörð fyrir herpinótaveiði svo langt út, sem lögin frá 1923 heimila, og þess vegna væri rjett að afnema þau lög. Þá leitaði nefndin einnig álits stjórnar Fiskifjelagsins, og kom forseti fjelagsins á fund nefndarinnar. Gaf hann frumvarpi þessu mjög ákveðin meðmæli sín og taldi brýna þörf á, að það yrði að lögum á þessu þingi. Sjálfur hefir hann stundað síldveiðar með herpinót, og kvað hann hverfandi litlar líkur til þess, að þær veiðar gætu skemt veiðarfæri þeirra manna, er þorskveiðar stunda, þótt á sama svæði sje. Að öðru leyti áleit hann litlar líkur til, að síldveiðar með herpinót á þessu umrædda svæði tálmuðu göngu síldarinnar eftir firðinum, af því að átan, sem síldin eltir, hlýtur að berast með straumum og vindi, án þess að slík veiði hafi þar nokkur áhrif. Það eitt þótti forseta Fiskifjelagsins að þessu frumvarpi, að það gengi ekki

nógu langt, og beindi hann ákveðnum tilmælum til nefndarinnar um að fá heimildarlögin frá 1913 einnig úr gildi numin.

Einn nefndarmanna, Jakob Möller, álítur rjettara að taka málið upp á þeim grundvelli, að nema úr gildi heimildarlögin frá 1913, en hefir óbundið atkvæði sitt um frumvarpið eins og það nú liggur fyrir. Meðundirritaður Jón Baldvinsson hefir einnig óbundið atkvæði um málið, en meiri hluti nefndarinnar ræður hátlv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt. Hafa allar þær athuganir, er nefndin hefir gert, og upplýsingar þær, er aflað hefir verið, styrkt oss meirihlutamenn í þeirri skoðun, að ekki sje eingöngu rjett, heldur nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði samþykt.

Alþingi, 24. apríl 1925.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Aug. Flygenring.	Jakob Möller, fundaskrifari.
Jón Baldvinsson, með skirskotun til ofanritaðs.		Sigurj. Jónsson, frsm.

Ed. **385. Lög**

um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl).

2. gr. laganna skal orða svo:

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem ákvæðisverð prestsmötugjalds nemur, sbr. 5.—7. gr. laga nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta. Kaup skulu síðan gerð áður ár sje liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

Ed. **386. Frumvarp**

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna skal farið eftir þessum reglum:

a. Skattgjaldið skal miðað við meðaltal af skattskyldum tekjum fjelagsins 3 reikningsárin næstu á undan niðurjöfnuninni, ef fjelagið hefir starfað svo lengi, og við meðaltal tveggja ára, ef fjelagið hefir starfað tvö ár einungis.
b. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutafjár skal með innborguðu hlutafje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.
c. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er 1/4 hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.
d. Sem varasjóð samkvæmt b.- og c.-lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
e. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Ef einstaklingur eða innlent fjelag, annað en hlutafjelag, rekur sjerstaklega áhættusama atvinnu og hefir beðið tap af atvinnurekstri sínum í heild eitt eða fleiri af þrem árunum næstu á undan niðurjöfnun tekjuskatts, skal veita ívilnun í lögmæltum tekjuskatti, ef umsókn kemur um það frá gjaldþegni og yfirskattanefnd mælir með henni, þó aldrei meiri en svo, að skatturinn sje reiknaður eftir meðaltali af skattskyldum tekjum síðustu þriggja ára. Jafnan skal heimtað, að tap, er þannig á að koma til greina, sje sannað með fullgildu reikningshaldi.

3. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **387. Frumvarp**

til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkvæmt öðrum lögum, sem ekki ákveða sjerstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, til ársloka 1928 launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

2. gr.

Síðari málsgrein lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af $^2/_3$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^2/_3$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.

Nd. **388. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **389. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Í bæjar- og sveitarfjelögum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal sundið vera skyldunám öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára, alt að 4 mánuðum samtals. Undanþegnir þessari skyldu eru þó þeir, sem sæmilega eru syndir, að dómi sundkennara, og þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.
2. Við 2. gr. Greinin fellur burt.
3. Við 3. gr. Stjórnarráðið setur reglugerð um sundnám, og má þar ákveða sektir fyrir brot gegn henni.
4. Fyrirsögn verður: Frumvarp til laga um sundnámsskyldu unglinga.

Ed. **390. Tillaga**

til þingsályktunar um að landsstjórnin skýri þinginu frá, hvað hún hygst fyrir um samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurláglendisins.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að skýra deildinni frá, hvort hún hefir nú þegar gert eitthvað til að undirbúa nýjar samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurláglendisins, t. d. í sambandi við umtalaða virkjun Urriðafoss, eða ef svo er ekki, hvað stjórnin ætlar að gera í málinu á næstu missirum.

Greinargerð.

Með því að tveir af núverandi ráðherrum hafa áður talið sig mjög fylgjandi stórfeldum samgöngubótum á Suðurlandi, þykir ástæða til, vegna málsins, að gefa landsstjórninni tækifæri til að skýra aðstöðu sína, ekki síst þar sem skýrt hefir verið frá í merkum erlendum blöðum, að samningar sjeu á döfinni um þetta efni milli landsstjórnarinnar og erlends fossafjelags.

Nd 391. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »í kaupstöðum eða sveitum«, í upphafi greinarinnar, komi: Í kaupstöðum eða sveitarfjelögum.

Ed. 392. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. III. 3. (Ríkisráðskostnaður):
   Fyrir »4000« kemur 6000
2. — 12. — 3. (Læknisvitjanir):
   Liðurinn verður svo:
   Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn 8200
   Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924, þó þannig, að Kjósarhreppi er ætlaður 500 króna læknisvitjanastyrkur. Af upphæðinni er íbúum Ólafsfjarðarhrepps ætlaður viðbótarstyrkur, að upphæð 2000 kr., gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni.
3. — 12. — 4. (Læknisvitjun Kjósarbúa):
   Liðurinn fellur niður.
4. — 12. — 5. (Læknishald í Ólafsfirði):
   Liðurinn fellur niður.

5. Við 12. gr. 12. (Jón læknir Kristjánsson):
Fyrir »ferðastyrkur« kemur: endurgjald á ferðakostnaði.

6. — 12. — 13. (Ólafur læknir Lárusson):
Liðurinn verður svo:
Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar... 2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

7. — 12. — 18. a. (Landsspítali).
Liðinn skal orða svo:
Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands 100000

8. — 12. — 18. d. (Sjúkraskýli í Laugarási):
Fyrir »5000« kemur 4000

9. — 12. — 18. f. (Heilsuhælisfjelag Norðurlands):
Aftan við athugasemdina bætist:
og að trygging sje fyrir því, að einnig verði fyrir hendi sama upphæð, sem síðari fjárveitingunni úr ríkissjóði nemur.

10. — 13. — B. II. 3. (Þjóðvegir). Nýr liður:
Langadalsvegur 4000

11. — 13. — B. III. (Viðhald þjóðvega).
Liðurinn verður b.-liður undir B. II.

12. — 13. — B. XII. 7. (Gisting á Arngerðareyri):
Fyrir »400« kemur 200

13. — 13. — D. I. (Ritsímafjelagið):
Fyrir »umsamið árgjald til 1925« kemur: (lokaveiting).

14. — 13. — D. III. b. Liðurinn verður svo:
Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi, $^4/_5$ kostnaðar, alt að 2800

15. — 13. — D. IV. 2. (Aðalskrifstofa landssímanna):
Fyrir »11000« kemur 13000

16. — 13. — D. IV. 4. (Þráðlausa stöðin í Reykjavík):
Aftan við athugasemdina bætist:
Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda.

17. — 13. — E. (Vitamál): Liðatalan breytist svo:
II. verður V; III. verður II; IV. verður VI. a; V. verður III; VI. verður IV; VII. verður VI. b.

18. — 14. — A. 7. (Húsagerð á Skútustöðum):
Liðurinn fellur niður.

19. Við 14. gr. B. III. 8. Nýr liður:
Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum 2000
20. — 14. — B. VIII. 3.—4. (Eiðaskólinn):
Liðirnir verða 1. og 2. liður undir B. XIV.
21. — 14. — B. XII. 1. a. (Húsaleigustyrkur kvennaskólans í Rvík):
Fyrir »2000« kemur 5000
22. — 14. — B. XII. 2. b. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Nýr liður:
Til aðgerðar á skólahúsinu 3000
23. — 14. — B. XIII. 5. Nýr liður:
Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að 5000
24. — 14. — B. XIV. 2. (Hjeraðsskólar í sveitum):
Upphaf athugasemdarinnar (»Styrkurinn — — stjórnarráðinu«) skal orða svo:
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í stofnun og rekstri skólans, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu — —
25. — 14. — B. XIV. 3. (Sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga):
Liðurinn fellur niður.
26. — 14. — B. XVIII. 4. (Sundlaugar):
Fyrir »1000« kemur 3000
27. — 15. — 1. b. (Landsbókasafn):
Liðinn skal orða svo:
Til aðstoðar 4800
28. — 15. — 3. b. (Aðstoð við Þjóðmenjasafnið):
Fyrir »1600« kemur 2400, og fyrir »4« í athugasemdinni kemur 6.
29. — 15. — 11. (Þjóðvinafjelagið):
Fyrir »1000« kemur 2000
30. — 15. — 16. Nýr liður:
Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar 800
31. — 15. — 17.
a. (Skáld og listamenn):
Fyrir »8000« kemur 10000
b. (Guðmundur Friðjónsson):
Liðurinn fellur niður.
c. (Jakob Thorarensen):
Liðurinn fellur niður.
d. (Stefán frá Hvítadal):
Liðurinn fellur niður.

e. (Halldór Kiljan Laxness):
Liðurinn fellur niður.

32. Við 15. gr. 19. (Þórbergur Þórðarson):
Aftan við liðinn bætist:
enda verði safnið eign ríkisins, að honum látnum.

33. — 15. — 21.
Fyrir »Eggerts Eiríkssonar (Briems) frá Viðey« kemur:
Eggerts Briems frá Viðey.

34. — 15. — 22. (Hannes Þorsteinsson):
Fyrir »landsins« kemur: ríkisins.

35. — 15. — 24. (Bjarni Sæmundsson):
Orðið »skólakennari« fellur burt.

36. — 15. — 35 a. (Einar Jónsson):
Aftan við athugasemdina bætist:
er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.

37. — 15. — 36. Nýr liður:
Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, fyrsti fjórðungur andvirðis 2500

38. — 16. — 1. (Búnaðarfjelag Íslands):
Fyrir »200000« kemur... 175000

39. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög):
Fyrir »10000« kemur 20000

40. — 16. — 11. c. (Efnarannsóknarstofan):
Nýr liður:
Til áhaldakaupa 2000

41. — 16. — 13. (Fiskifjelagið):
Fyrir »70000« kemur 60000

42. — 16. — 14. b. (Launabót fiskiyfirmatsmanna):
Fyrir »Skutilsfjarðareyri« kemur: Ísafirði.

43. — 16. — 18. Liðurinn verður svo:
Til lendingarbóta í Grindavík, þriðjungur kostnaðar, alt að 10000

44. — 16. — 19. (Markaðsleit):
Fyrir »10000« kemur 5000

45. — 16. 22. (Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga):
Fyrir »5200« kemur 6200

46. — 16. — 31. b. (Leiðbeinandi við húsagerð):
Liðurinn verður svo:
Ferðakostnaður 800

47. — 16. — 34. (Glanni og Laxfoss):
Liðurinn fellur niður.

48. — 16. — 37. (Loftur Guðmundsson):
Í stað orðanna »fyrir kvikmyndatöku« kemur: til um-

bóta á kvikmyndum af íslensku landslagi og atvinnulífi, er hann hefir gert.

49. Við 16. gr. 40. (Lúðvík Jónsson):
Liðurinn fellur niður.

50. — 16. — 41. (Eigendur »Svans«):
Fyrir »6000« kemur: 4000

51. — 17. — 10. Nýr liður:
Til Rauðakrossfjelags Íslands 1000

52. — 18. — I. e. (Einar Þorkelsson):
Liðinn skal orða svo:
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923.

53. — 18. — II. b. 9. Nýir liðir:
a. Til Rannveigar Tómasdóttur 300
b. — Önnu Gunnlaugsson 400

54. — 18. — II. g. 3. (Ólöf Sigurðardóttir):
Fyrir »300« kemur: 500

55. — 18. — II. g. 5. Nýr liður:
Guðmundur Friðjónsson 1200

56. — 18. — II. i. 16. Nýr liður:
Til Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar ... 600

57. — 19. — (Óviss útgjöld):
Ný málsgrein:
Ennfremur er stjórninni heimilt að greiða Sveini Björnssyni, fyrrum sendiherra, 10000 kr., upp í tjón, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn vegna embættis síns.

58. — 22. — 5. Nýr liður:
Alt að 15000 kr. til endurbyggingar garðinum á Siglufjarðareyri. Lánið er veitt til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

59. — 23. — II. (Kjötútflutningur):
Á eftir orðinu »greiða« kemur: »að þrem fjórðu hlutum«.

60. — 25. — IV. (Ábyrgð fyrir Akureyrarkaupstað):
Liðurinn fellur niður.

61. — 25. — V. (Ábyrgð fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga):
Liðurinn fellur niður.

Nd. **393. Breytingartillaga**

við frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Jón Sigurðsson, Ingólfur Bjarnarson, Sigurjón Jónsson, Pjetur Ottesen, Þorleifur Jónsson.

1. gr. frv. orðist svo:
Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun skulu

vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem hjer segir.

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:

Ber nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.

b. 2. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmanna, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $^3/_5$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $^1/_5$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

Ed. **394. Frumvarp**

til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.
2. Tillag úr ríkissjóði, er samsvari þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkv. lögum 20. okt. 1905. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
4. 1 miljón króna, er ríkissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins. Skal ríkissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni

3. gr.

Ræktunarsjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef, er nefnast Jarðræktarbrjef. Skulu það vera skuldabrjef, er hljóða upp á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um lögun og útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa brjefin.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabrjefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn, sem ráðherra setur, skal ákveða fjárhæð brjefanna, vexti, gjalddaga vaxtanna, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 35 árum frá því er flokkur var opnaður.

4. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur ríkissjóður 10 þús. kr. árlega í þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi öðlast gildi, og úr því fer upphæðin minkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

5. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

6. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að $3^1/_2$% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 15% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðs Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

8. gr.

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og til húsagerðar á býlum í sveitum.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktarlaganna frá 20. júní 1923, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðunni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafist, að jarðabæturnar sjeu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Upphæð lánanna má nema alt að $^3/_5$ virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyr en jarðabót eða hús, sem lánið er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar meðan verkið stendur yfir, að nokkru eða öllu, ef nægilegt veð er fyrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. og lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verðhækkun vegna hennar liggur fyrir, enda er lántakanda þá skylt að ljúka við mannvirkið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðsins tiltekur og aldrei má lengri vera en 5 ár. Nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd slíkra mannvirkja skal setja í reglugerð sjóðsins.

Nú er veittur styrkur af opinberu fje til mannvirkis, og má þá upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr $^2/_3$ virðingarverðs mannvirkisins.

9. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^3/_5$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli eigi veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna sjálfra til viðauka við virðingarverð eignarinnar óbættrar, án þess að ný virðing á fasteigninni í heild fari fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.
b. Gegn afgjaldskvöð á býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfje-

laga, enda sje lánið veitt leiguliða til umbóta á býlinu sjálfu. Afgjaldskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt.

c. Gegn ábyrgð hreppsnefnda eða sýslunefnda, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgjaldskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

10. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins mega telja til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu vátrygð í vátryggingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs telur góða og gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Ræktunarsjóður annist vátryggingar og innheimti iðgjöldin með árgjöldum af láninu, þegar stjórn sjóðsins ákveður svo.

11. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og umbætur þær, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjelaganna.

12. gr.

Búnaðarfjelag Íslands og trúnaðarmenn þess skulu láta í tje umsögn sína og upplýsingar um sjerhverja lánbeiðni, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs óskar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti, eða oftar ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfjelags Íslands, eða öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því, að jarðabótinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Hámark lánsupphæðar til einstakrar fasteignar skal ákveðið í reglugerð. Gegn afgjaldskvöð á einstakri fasteign má ekki lána meira en 10 þús. kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og samþykki jarðareiganda komi til, og þá aldrei meira en 25 þús. kr.

Lánstíminn má vera:

a. Til matjurtagarða 5 ár.
b. Til girðinga, vega, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu 10 ár.
c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og áburðargryfja 20 ár.

d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga alt að 25 árum.

Af láninu samkvæmt staflið a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflið c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

14. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

15. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til að annast án endurgjalds útborganir á lánum úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirliggjandi hjá þeim, og gera reikningsskil eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

17. gr.

Vilji maður, vegna eigendaskifta eða ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar sjóðsins um það, og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins.

18. gr.

Lánum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld

hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr., um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $^1/_2$% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Þó eru lán, sem veitt eru meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, undanþegin þessu gjaldi. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

20. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Sjóðurinn má og á þann þátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

21. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

22. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

24. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

25. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Ræktunarsjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

26. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

27. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

Ríkisstjórnin gerir sjerstakan samning við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, er nemi alt að 1400000 kr.

28. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, samkvæmt tillögum Búnaðarþings, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. árspóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins almennt.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

29. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Ræktunarsjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til trygga skjalavörslu, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Ræktunarsjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

30. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hve nær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

31. gr.

Lán þau, er veitt hafa verið úr Búnaðarlánadeild Landsbankans, þá er Ræktunarsjóður tekur til starfa samkvæmt þessum lögum, má yfirfæra til Ræktunarsjóðs, þótt lánsskilmálar sjeu aðrir en þessi lög ákveða, enda taki Landsbankinn vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði sem greiðslu fyrir skuldabrjef þau, er hann samkvæmt þessu afhendir Ræktunarsjóði.

32. gr.

Úr Ræktunarsjóði má veita lán samkvæmt þessum lögum til jarðabóta og húsabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

34. gr.

Þá er Ríkisveðbankinn verður stofnaður samkvæmt lögum 27. júní 1921, má sameina Ræktunarsjóðinn honum. Skal Ræktunarsjóðurinn þó ávalt vera sjerstök deild í Ríkisveðbankanum og halda áfram starfsemi sinni með óskiftum rjettindum.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, 2. mars 1900, lög 20. okt. 1905, um breytingu á þeim lögum, lög 14. nóv. 1917, um breytingu á sömu lögum, lög 4. júní 1924, um stofnun Búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.

Ed. **395. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

Þegar fjárlagafrv. var afgreitt til efri deildar, var það orðið allólíkt frv. stjórnarinnar. Tekjubálkurinn hafði verið hækkaður um 930 þús. kr., en þó var hækkunin á gjaldaliðunum enn meiri. Í stað tekjuafgangs, þótt lítill væri, sem gert var ráð fyrir í frv. stjórnarinnar, skilaði neðri deild frv. með 356859,63 kr. tekjuhalla. Þó er þess að geta, að hækkanir neðri deildar, sem námu alls um 1300 þús. kr., voru ekki eyðslufje nema að hálfu leyti, þar sem 600 þús. kr. af þeirri upphæð eru lagðar frá til greiðslu skuldar ríkissjóðs við landhelgissjóð.

Þar sem frv. var nú orðið þannig, íhugaði nefndin nákvæmlega og ræddi á fundum sínum, hvort unt mundi að lækka gjaldaliðina svo mjög, að þeir færu ekki fram úr tekjuáætluninni. En við henni vildi nefndin ekki hrófla á þessu stigi málsins. Var einkum rætt um stærstu útgjaldaliðina, sem bætt hafði verið í frv., en þeir voru ekki samkvæmt tillögum fjárveitinganefndar neðri deildar, heldur höfðu einstakir þingmenn fengið þá samþykta (landsspítali, heilsuhæli á Norðurlandi, Eiðaskóli).

Ekki gat þó orðið samkomulag í nefndinni um að nema í burtu alla þá hækkunarliði, sem einhverju munaði, og ekki heldur um neinn einstakan af þeim stærstu, enda höfðu flestir fengið það atkvæðamagn í neðri deild, að miklar líkur þóttu til, að þeir yrðu samþyktir þar á ný, þótt feldir yrðu nú.

Nefndin hafði því mjög þröngt svigrúm. Annarsvegar var hún einhuga um, að tekjuhallinn á frv. yrði fremur að lækka en hækka, en hinsvegar lágu fyrir henni mörg erindi um fjárveitingar, sem hún þóttist með engu móti geta synjað. Var nefndinni því nauðugur kostur að lækka gjaldaliðina um svipaða upphæð, sem hækkunartillögur hennar námu, og grípa þar niður, sem helst þótti fært. Nema lækkunartillögur nefndarinnar alls 69500 kr., en aftur leggur hún til, að gjöldin verði aukin um 51620 kr. Samkvæmt tillögum nefndarinnar minkar tekjuhallinn því um 17880 kr., og verður þá kr. 338979,63.

Skulu breytingartillögur nefndarinnar nú skýrðar nokkuð.

10. gr.

Fyrsta brtt. er við 10. gr. III. 3., ríkisráðskostnað. Nefndin leggur til, að liðurinn verði hækkaður um 2000 kr. Er þetta launahækkun handa konungsritara, og flytur nefndin tillöguna eftir tilmælum fjármálaráðherra.

12. gr.

Þá flytur nefndin 3 breytingartillögur við 12. gr. 3—5, styrkveitingar til læknisvitjana og læknishalds. Nefndin getur ekki fallist á, að íbúar Kjósarsýslu sjeu þeim mun ver settir en margir aðrir landsbúar, að nein skylda beri til þess að launa sjerstökum lækni til þess að gegna sjúkravitjunum þar, án þess að neitt sje lagt fram á móti. Væri eðlilegast, að hjeraðslæknirinn hjeldi aðstoðarlækni, ef hann er sjálfur ekki ferðafær um alt læknishjeraðið. Nefndin leggur því til, að 4. liður sje niður feldur, en til þess að gera Kjósarbúum nokkra úrlausn ætlast hún til, að í stað þessa verði veittar 500 kr. af 3. lið. Virtist henni nægilegt, að ríkissjóður leggi fram þriðjung kostnaðarins við læknishald Kjósarbúa, og ætti að mega vænta þriðjungs frá hjeraðslækni og afgangsins frá hjeraðsbúum sjálfum.

Nefndin viðurkennir nauðsyn Ólafsfirðinga á sjerstökum lækni. Þó kýs nefndin heldur, að styrkur til þeirra sje ekki sem sjerstakur liður í fjárlögunum, heldur tekinn af 3. lið 12. gr. Af þeim 6000 kr., sem þar eru veittar til læknisvitjana, er ætlast til, að Ólafsfirðingar fái 600 kr. En fáist sjerstakur læknir í sveitina, sem talið er vafasamt, vill nefndin veita 2000 kr. til viðbótar, gegn 2600 kr. framlagi frá hreppnum. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að 4. og 5. liðir 12. gr., samtals 4500 kr., sjeu feldir niður, en 3. liður sje í stað þess hækkaður um í 2200 kr., upp í 8200 krónur.

Nefndin er sammála um það, að nauðsynlegt sje að veita hjeraðslæknum styrk til utanferðar, svo að þeim veitist hægra að færa sjer í nyt framfarir þær og nýjungar, sem gerast á sviði læknisfræðinnar, en þykir rjettara að veita styrkinn ekki á nafn, heldur veita nokkra heildarupphæð árlega í þessu skyni, sem ríkisstjórnin, með ráði landlæknis, úthlutaði þeim hjeraðslæknum, sem sæktu um að fá slíkan ferðastyrk. Nefndin leggur því til, að niður sje feldur styrkurinn til Ólafs læknis Lárussonar, en vill orða liðinn svo: Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar, 2000 krónur. Ætlast nefndin til, að upphæð þessi verði veitt þeim hjeraðslæknunum Ólafi Ó. Lárussyni og Jóni Bjarnasyni í Borgarfjarðarhjeraði, 1000 kr. hvorum. Ólafur sigldi síðastliðið sumar, og fær hann því styrkinn eftir á, en Jón hefir í hyggju að sigla

nú í sumar, svo fremi hann fær styrk þennan. Jón er áhugasamur og góður læknir og hefir mikla löngun til að afla sjer sem mestrar læknisþekkingar, og það því fremur fyrir það, að Borgfirðingar hafa á síðastl. ári reist læknisbústað og sjúkraskýli, sem nú þegar er mikil aðsókn að.

Þess má einnig geta, að þá er Jón læknir sigldi að afloknu embættisprófi, fjekk hann engan styrk til þeirrar farar, svo sem aðrir kandidatar í læknisfræði, því að þá var samningurinn við Dani nýlega genginn í gildi, og því hætt að veita Íslendingum styrk úr Kommunitetssjóðnum, en Sáttmálasjóður, sem nú veitir kandidötum styrk, var þá ekki tekinn til starfa.

Í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár eru Grímsneshjeraði veittar 3000 kr. til byggingar sjúkraskýlis. Hjeraðið hafði keypt konungshúsið við Geysi, sem var eign ríkissjóðs, og er álitið, að ríkissjóður hafi ekki grætt á þeirri sölu, en læknishjeraðið haft hag af kaupunum, þar eð kaupverðið var tiltölulega lágt, og auk þess töluverður sparnaður í flutningi, þar sem húsið var innsveitis.

Nú hefir Nd. við 2. umræðu fjárlaganna samþykt 5000 kr. viðbótarstyrk til sjúkraskýlisbyggingar þessarar; er þá læknishjeraðinu ætlað að fá samtals 8000 kr. Virðist nefndinni þetta tiltölulega of hár styrkur, miðað við styrk þann, sem önnur læknishjeruð hafa borið úr býtum, sem erfiðari aðstöðu hafa í þessu falli, og leggur því til, að viðbótarstyrkur þessi verði lækkaður niður í 4000 kr.

Þótt tekið sje svo til orða í frv. um styrk til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, að hann sje fyrri fjárveiting, mun eiga að skilja það svo, sem þar stæði fyrri helmingur fjárveitingar. Vill nefndin, að trygging sje fyrir því, að fjelagið geti lagt til jafnt á móti ríkissjóðstillaginu, sem samtals verður 150 þús. krónur.

Fyrir tillögunni um breytingu á athugasemdinni við fjárveitingu til landsspítalans verður gerð nánari grein í framsögunni.

13. gr.

Vegamálastjóri hefir mælt með því við nefndina, að veittar væru 4000 kr. til þess að framlengja Langadalsveginn yfir nokkurn kafla, sem nú er mjög torsóttur vegur, yfir engjar jarðarinnar Æsustaða, og heita má ófær þegar votviðri ganga. Nefndinni virðist hjer vera um nokkra nauðsyn að ræða, og leggur því til, að þessi tiltölulega litla upphæð verði veitt.

Neðri deild hefir bætt 3 nýjum liðum við styrkina til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn, nefnil. á Kleppstöðum, í Ytri-Kotum og á Arngerðareyri, 200 kr. á hvorum staðnum hinum fyrtöldu, en 400 kr. á Arngerðareyri. Nefndin getur ekki sjeð, hversvegna það er sanngjarnt, að Arngerðareyri fái helmingi hærri styrk en hvor hinna, og leggur því til, samræmisins vegna, þó að hjer sje um litla upphæð að ræða, að styrkurinn til Arngerðareyrar verði lækkaður niður í 200 kr.

Einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda í ágústmánuði 1926. Atvinnumálaráðherra hefir óskað eftir beinni heimild í fjárlögunum til þess að gera samning um skeytasamband við umheiminn, og hefir nefndin orðið við þeirri ósk hans. Gerir nefndin ráð fyrir því, að væntanlegur samningur verði með því einu móti, að um árgjald fyrir skeytasambandið verði ekki að ræða, og

leggur hún því til, að í 13. gr. D. I. komi »lokaveiting«, í stað »umsamið árgjald (til 1925)«.

Neðri deild samþykti 3000 kr. fjárveitingu til síma að Núpi í Dýrafirði. Þar sem þessi sími er ekki í símalögum og ekki tekinn upp eftir tillögum landssímastjóra, telur nefndin rjett, að hlutaðeigandi hjerað leggi fram 1/5 kostnaðar, eins og um einkasíma væri að ræða. Landssímastjóri hefir áætlað, að sími þessi muni kosta 3500 kr., og lækkar nefndin því fjárveitinguna um 200 kr., gegn áðurgreindu skilyrði um fjárframlag til móts við veitinguna.

Landssímastjóri hefir farið fram á það við nefndina að hækka styrkinn til aðalskrifstofu landssímans um 2000 kr. Færði hann rök fyrir því, að nauðsyn bæri til, að þetta væri gert. Nefndin vill því leggja það til, að umræddur liður verði hækkaður úr 11000 kr. upp í 13000 kr.

Vitamálastjóri fór fram á það við nefndina, að hún breytti röð liðanna undir 13. gr. E, og hefir nefndin fallist á það.

14. gr.

Sóknarnefndir Skútustaðaprestakalls hafa leitað styrks til þess að reisa íbúðarhús á Skútustöðum. Áætlað er, að húsið muni kosta um 20 þús. kr. Fara sóknarnefndirnar fram á 5000 kr. lán úr prestlaunasjóði og 5000 kr. styrk af því fje, sem veitt er til húsabóta á prestssetrum. Þá vantar 10 þús. kr. á byggingarkostnaðinn, og hafa sóknarmenn boðið fram að gjöf 5000 kr., gegn jafnhárri aukafjárveitingu úr ríkissjóði. Var þessu boði tekið af neðri deild, og samþykti hún 5000 kr. fjárveitingu til Skútustaða á sjerstökum lið (A. 7). Jafnvel þótt nefndin viðurkenni, að full þörf muni að húsa á ný staðinn á Skútustöðum, og að sóknarmenn vilji mikið á sig leggja í því skyni, treystir hún sjer ekki til að mæla með hærri fjárveitingu til húsabóta á prestssetrum en þeim 24 þús. kr., sem veittar eru undir A. 6. Leggur hún því til, að fjárveiting þessi verði niður feld að sinni.

Það hefir valdið miklum óþægindum, að ekki hefir verið nægur kostur íslenskra kenslubóka til notkunar við kenslu í Mentaskólanum. Er það hvorttveggja, að það spillir og sljóvgar málskend nemendanna og eykur þeim fyrirhöfn og erfiði, að verða að brjótast í gegnum kenslubækur á erlendum málum. Það ætti og að vera oss metnaðarmál að eignast kenslubækur á íslensku í öllum námsgreinum skólans, þar sem enginn hörgull er hæfra manna til þess að semja þær. Nefndinni er kunnugt um, að kennarar skólans hafa í smíðum kenslubækur í sagnfræði fyrir báðar deildir skólans, og leggur hún til, að veittar verði 2000 kr., er varið verði til að styrkja útgáfu þeirra bóka.

Skólanefnd kvennaskólans í Reykjavík hefir sýnt nefndinni fram á það með rökum, að skólinn komist ekki af með styrk þann, sem hann hefir nú, einkum fyrir þá sök, að hann verður að greiða afarháa húsaleigu. Nefndin vill því leggja til, að húsaleigustyrkur skólans verði hækkaður úr 2000 kr. upp í 5000 kr.

Nefndin vill sömuleiðis leggja það til, að kvennaskólanum á Blönduósi verði veittur 3000 kr. styrkur til aðgerðar á skólahúsinu, sem haldið er fram, að megi ekki dragast lengur. Þarf meðal annars að breyta herbergjaskipun í húsinu, í tilefni af breyttu kenslufyrirkomulagi í skólanum.

Þá hefir nefndin bætt við nýjum lið, til byggingar barnaskóla utan kaupstaða. Samskonar liður var áður í fjárlögum, en hefir nú verið feldur niður um hríð. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir sótt um 5000 kr. styrk til þess að reisa barnaskóla þar í kauptúninu. Fyrir nefndinni lágu brjef frá fræðslumálastjóra og hjeraðslækni þeim, sem hlut á að máli. Lýsir læknirinn ótvírætt yfir því, að hann sje ófáanlegur til að leyfa, að börnum sje kent lengur í húsi því, sem notað hefir verið hingað til. Fræðslumálastjóri telur óumflýjanlegt að reisa skólahús á þessu ári og mælir eindregið með því, að fjárveiting til þess verði upp tekin. Nefndin fellst á, að Ólafsfirðingar eigi sanngirniskröfu til þess að fá styrk í þessu skyni, eins og flest kauptún önnur og sjávarþorp hafa þegar fengið.

Neðri deild samþykti 20 þús. kr. fjárveitingu til hjeraðsskóla í sveitum, með ákveðnum skilyrðum. Nefndin er á einu máli um nauðsyn góðra alþýðuskóla í sveitum landsins. Hinsvegar telur hún ekki rjett, að hver einstök sýsla brjótist í því að koma upp hjá sjer dýrum skóla, með allháum ríkissjóðsstyrk, bæði til byggingar skólanna og rekstrar. Telur nefndin heppilegast, að hver fjórðungur væri sjer um skóla, og að minsta kosti vill hún setja það skilyrði fyrir styrkveitingu úr ríkissjóði, að ekki færri sýslur en tvær standi að hverjum skóla. Leggur hún til, að athugasemdinni við liðinn (B. XIV. 2) sje breytt samkv. þessu.

Við 2. umræðu fjárlaganna í neðri deild var samþykt að veita 5000 kr. til þess að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga. En við 3. umr. var samþyktur annar liður, að upphæð 1000 kr., sem veittur er til þess að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar, með þeim skilyrðum, að laugarnar sjeu hjeraðseign, ríkisstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun og fjárveitingin fari ekki fram úr $^1/_5$ kostnaðar. Nefndin telur sanngjarnt, að Alþýðuskóli Þingeyinga sæti sömu kjörum, og leggur því til, að liðurinn í 14. gr. B. XIV. 3 sje feldur niður, en liðurinn XVIII. 4 í sömu grein verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 3000 kr.

15. gr.

Fjárveitingin til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið var hækkuð í Nd. upp í 3000 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót. Með því móti yrðu aðstoðarmanninum ákveðin hærri laun en 2. bókaverði, og þykir nefndinni ekki rjett, að þingið gangi svo frá þessum lið. Hins vegar sjer nefndin sjer ekki fært að lækka liðinn, en leggur til, að orðalaginu verði breytt á þá leið, að það sje lagt á vald landsbókavarðar, hvernig fjárveitingunni verði varið.

Þjóðmenjavörður hefir meðal annars farið fram á það, að liðurinn til aðstoðar við safnið verði hækkaður upp í 2400 kr., eins og hann var í fjárlögunum 1924. Verði þetta ekki gert, býst þjóðmenjavörður við að þurfa að grípa til þeirra miður góðu úrræða að láta safnið vera opið færri tíma á viku en það hefir verið að undanförnu. Nefndinni virðist, að þetta megi ekki þannig fara, og leggur því til, með hliðsjón af því, að konur þær, er nú hafa umsjón þessa á hendi, eru alls góðs maklegar, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 800 kr.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar eru Þjóðvinafjelaginu ætlaðar 1000 kr. Nú hefir forseti fjelagsins sýnt nefndinni fram á, að fjelaginu væri mikil nauðsyn á að fá styrkinn hækkaðan upp í 3000 kr., þar sem kostnaður fjelagsins til bókaútgáfu yrði miklum mun meiri í ár en að undanförnu. Nefndin sá sjer ekki fært

að samþykkja svo mikla hækkun, en vill leggja það til við hv. deild, að styrkurinn verði hækkaður upp í 2000 kr.

Leikfjelag Akureyrar hefir sent fjárveitinganefndum erindi, þar sem það fer fram á 1200 kr. styrk í fjárlögum. Þar sem nefndinni er kunnugt um, að fjelagið hefir lagt töluvert í sölurnar til þess að fullkomna leikment sína, og hefir tekið til meðferðar nokkur leikrit af betra tægi og farið vel með þau, en beðið þó fjárhagslegt tjón af, vill nefndin mæla með því, að fjelaginu verði veittar 800 kr., gegn 400 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.

Stjórnin hefir lagt til að veita að þessu sinni 10000 kr. til skálda og listamanna. Fjárveitinganefnd Nd. breytti liðnum á þá leið, að hún lækkaði upphæðina um 2000 kr., en bætti um leið við 2 nýjum liðum: 1200 kr. til Guðmundar Friðjónssonar og 1000 kr. til Jakobs Thorarensens. Voru tillögur þessar samþyktar í Nd., og auk þess tillögur um styrk til tveggja annara skálda, Stefáns frá Hvítadal og Halldórs Kiljan Laxness, 1500 kr. til hvors. Nefndin getur ekki fallist á að veita ákveðna upphæð til skálda og listamanna, er stjórnin úthluti, og samþykkja auk þess sjerstakar fjárveitingar til nokkurra manna úr þeim hóp. Fær hún heldur ekki sjeð neina ástæðu til þess, að þau síðastnefndu tvö skáld fái hærri styrk en aðrir, einkum þeir tveir menn, sem fjárveitinganefnd Nd. taldi ástæðu til að veita sjerstakan styrk. Nefndin telur rjett, að stjórnin ráði yfir öllu því fje, sem veitt er til skálda og listamanna á þessum lið, og leggur hún því til, að b—e liðir í 15. gr. 17 verði niður feldir, en a-liður hækkaður um 2000 kr., upp í 10000 kr. Þó ætlast nefndin til, að Jakob Thorarensen missi einskis í við þessa breytingu, frá því sem Nd. samþykti að veita honum.

Nefndin er hins vegar á þeirri skoðun, að Guðmundur Friðjónsson skipi þann sess meðal þjóðskálda vorra, að hann sje maklegur sjerstaks lífeyris, og leggur hún því til, að honum sjeu veittar 1200 kr. í 18. gr. II. g.

Dr. Helgi heitinn Jónsson ljet eftir sig grasasafn, er hann hafði safnað til og hlúð að alla æfi. Er það mál þeirra, sem til þekkja, að hvergi muni vera til fjölskrúðugra safn íslenskra jurta. Samkvæmt fyrirmælum dr. Helga hefir safnið verið boðið ríkinu til kaups fyrir 10000 kr., og verði andvirðið sjerstök deild í sjóði Eggerts Ólafssonar. Nefndin telur það mikið tjón, ef safn þetta yrði selt til útlanda, og leggur hún því til, að það verði keypt og greitt á 4 árum með 2500 kr. á ári. Er henni kunnugt um, að umráðamenn safnsins munu samþykkja þá greiðsluskilmála.

16. gr.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er styrkurinn til Búnaðarfjel. Íslands 150 þús. kr., og er það 5 þús. kr. minna en 1924, en 10 þús. kr. meira en í núgildandi fjárlögum. Nd. hefir nú hækkað styrkinn um 50 þús. kr., eða upp í 200 þús. kr. Nefndinni virðist hjer vera stigið nokkuð stórt spor, miðað við getu ríkissjóðs og framlag til ýmsra annara stofnana. Telur hún, að starfsemi fjelagsins ætti að vera borgið með 35 þús. kr. hækkun í þetta sinn, og leggur til, að því sjeu veittar 175 þús. kr.

Um mörg ár hefir styrkurinn til hreppabúnaðarfjelaga verið 20 þús. kr. Þingið í fyrra lækkaði styrk þennan niður í 10 þús. kr. Þetta mun hafa verið illa ráðið, því reynslan hefir margfaldlega leitt í ljós, að styrkur þessi, þótt í smáum

stíl sje, hefir komið að ómetanlegu góðu gagni, svo að heita má, að hann hafi gert kraftaverk. Hreppabúnaðarfjelögin hafa verið og eru enn þá grundvöllurinn, hyrningarsteinninn undir allri jarðræktarstarfsemi í landinu, og á þeim grundvelli eru búnaðarsamböndin reist, sem eru öflugustu verkfærin í hendi allsherjarbúnaðarfjelags landsins. Það eru uppörvunaráhrif þessa litla styrks, sem mestu hafa ráðið í stofnun og viðhaldi hreppabúnaðarfjelaganna. Verði því fjelögin svift styrknum, getur afleiðingin orðið sú, að þau lamist og detti að meira eða minna leyti úr sögunni, og er þá grundvellinum raskað. Að þessu athuguðu vill nefndin fastlega leggja til, að styrkurinn verði nú hækkaður upp í 20 þús. kr. eins og hann var í fjárlögunum 1924.

Forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar hefir farið fram á, að tekinn sje í fjárlögin liður til áhaldakaupa, og heldur hann því fram, að ekki sje mögulegt að auka notkun rannsóknarstofunnar, nema keypt sjeu, helst árlega, nokkur áhöld til aukningar þeim, sem fyrir eru. Getur forstöðumaður þess, að viðfangsefni stofunnar, þau er þurfi sjerstakrar nákvæmni við, sjeu einatt að aukast, t. d. að rannsaka smáverugróður í saltfiski, sem geti valdið mjög miklum skaða. Nefndin fellst á, að nauðsyn beri til að sinna þessu, og leggur til, að veittar sjeu í þessu skyni 2000 kr.

Þar sem nefndin hefir lagt það til, að lækkaður verði styrkurinn til Búnaðarfjel. Íslands, úr 200000 kr. niður í 175000 kr., þá vill hún samræmisins vegna gera það að tillögu sinni, að styrkurinn til Fiskifjel. Íslands verði lækkaður úr 70000 kr. niður í 60000 kr., og er það 5000 kr. hærra en stjórnin lagði til, að veitt væri.

Í neðri deild var samþykt 10000 kr. fjárveiting til lendingarbóta í Grindavík, en lendingin þar hafði eyðilagst í hafróti og ofviðri í janúarmánuði síðastl. Nefndin telur rjett, að eigendur jarðanna bæti skemdir þessar að nokkru leyti, og vill því setja það skilyrði fyrir fjárveitingunni, að helmingi hærri upphæð sje lögð fram á móti.

Undanfarin ár hefir talsverðu fje verið varið til þess að leita nýrra markaða fyrir íslenskar afurðir. Þar sem nú hefir verið leitt í lög, að sjerstakur erindreki skuli vera á Spáni eða Ítalíu, en þar er mestur hluti sjávarafurða vorra seldur, og því þarf ekki að verja fje af þessum lið til sendifarar þangað, virðist nefndinni nægilegt að áætla 5000 kr. í þessu skyni.

Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga sótti um hækkun á þessum lið upp í 10000 kr. Nefndin sá sjer ekki fært að verða við svo mikilli hækkun, en viðurkennir hins vegar, að fjelaginu muni nauðsyn á hærri styrk en það hefir nú. Vill nefndin sýna starfi sambandsins þá viðurkenningu, að leggja til við hv. deild, að hún hækki styrkinn til þess um 1000 kr.

Neðri deild samþykti að veita leiðbeinanda í húsagerð til sveita 1200 kr. í ferðakostnað og skrifstofufje. Nefndin getur ekki fallist á, að nauðsyn beri til að veita fje til skrifstofuhalds í sambandi við þetta starf. Hinsvegar telur hún rjett, að leiðbeinandinn fái nokkurn ferðastyrk. Vill hún því lækka liðinn niður í 800 kr. og fella niður orðin »og skrifstofufje«.

Neðri deild hefir við 3. umræðu fjárlaganna samþykt nýjan lið, að upphæð 1000 kr., til að gera laxgenga fossana Laxfoss og Glanna í Norðurá í Mýrasýslu. Engin plögg liggja fyrir í málinu, og nefndinni er ekki kunnugt um það,

að samningur hafi verið gerður við menn þá, er veiðirjett eiga í nefndum fossum og ánni yfirleitt. Verður því að telja líklegra, að svo sje ekki. Nefndin verður því eindregið að leggja það til, að liðurinn sje feldur niður.

Við 3. umræðu fjárlaganna í Nd. var tekinn upp í fjárlagafrumvarpið nýr liður, að upphæð 6000 kr., til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins »Svans«, upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Snæfellsness- og Dalasýslna. En þar sem Alþingi hefir áður veitt töluvert fje upp í rekstrarhalla bátsins, og það í trausti þess, að það yrði lokaveiting, þykir nefndinni vera ástæða til, að upphæð þessi sje lækkuð um 2000 kr.

Nefndin leggur til, að feldur sje niður styrkurinn til Lúðvíks Jónssonar. Er það þó ekki af því, að hún vilji fella neinn dóm um verkfærasmíði það, sem hann hefir með höndum, heldur telur nefndin, að verkfæratilraunir sem þessar heyri undir Búnaðarfjelag Íslands.

17. gr.

Rauðakrossfjelag Íslands, sem stofnað var síðastliðinn vetur, hefir sótt um 3000 kr. styrk. Telur nefndin fjelag þetta vera maklegt styrks af ríkisfje, og leggur til, að því verði veittar 1000 kr.

18. gr.

Nefndin leggur til, að lífeyrir skáldkonunnar Ólafar Sigurðardóttur verði hækkaður um 200 kr. Ennfremur flytur hún tillögur um, að tveim læknisekkjum verði veittur nokkur styrkur umfram lögboðin eftirlaun, þeim Rannveigu Tómasdóttur, ekkju Magnúsar læknis Jóhannssonar, og Önnu Gunnlaugsson, ekkju Halldórs læknis Gunnlaugssonar. Loks leggur hún til, að Sigrúnu Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eirikssonar, verði veittur 600 kr. lífeyrir. Er nefndinni kunnugt um, að ástæðum allra þessara kvenna er þannig varið, að þær hafa fulla þörf styrksins.

19. gr.

Nefndin er sammála um að leggja það til, að Sveini Björnssyni fyrv. sendiherra verði greiddar 10000 kr. af fje því, sem veitt er til óvissra útgjalda, upp í tjón það, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn vegna embættis síns. Nefndinni er kunnugt um, að tjón hans af kaupunum hefir orðið miklum mun meira en þessari upphæð nemur, en treystir sjer þó ekki til að samþykkja hærri upphæð en 10000 kr., og er sú upphæð ákveðin í samráði við stjórnina.

22. gr.

Ákveðið er, að á þessu ári verði lokið við byggingu sjóvarnargarðsins á Siglufirði. Er áætlað, að framlag bæjarins til byggingarinnar verði um 25 þús. kr. Hefir ríkisstjórnin ákveðið að lána Siglufjarðarkaupstað 15 þús. krónur úr viðlagasjóði til þessa verks, og telur nefndin því rjett, að heimild þessi sje sett í fjárlögin.

23. gr.

Fjárveitinganefnd Nd. fjekk samþykta heimild fyrir stjórnina til að greiða tjón það, sem verða kynni á tilraunum Sambands ísl. samv.fjel. að senda frosið kjöt á erlendan markað á hausti komanda. Þótt nefndin telji mikla nauðsyn á, að tilraun þessi verði gerð, og sje því samþykk, að ríkissjóður veiti nauðsynlegan stuðning til þess, þykir henni þó varhugavert að gefa jafnvíðtæka heimild sem hjer er um að ræða. Kom til tals í nefndinni að ákveða einhverja upphæð, er ekki mætti fara fram úr, en þó varð það að samkomulagi að leggja til við háttv. deild, að ábyrgðin næði að eins til $^3/_4$ hluta af tjóni því, sem af tilraununum kynni að hljótast, en útflytjendur tækju á sig $^1/_4$ hluta.

25. gr.

Við 3. umr. í Nd. var samþykt heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast 150 þús. kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað, til hafnarbóta, og 30 þús. kr. lán til tóvinnufjelags Vestur-Ísfirðinga. Nefndin telur mjög varhugavert af Alþingi að ýta undir bæjar- og sveitarfjelög að ráðast í stórfeld fyrirtæki fyrir lánsfje. Í annan stað hefir fjármálaráðherra ótvírætt gefið í skyn, að hann muni ekki nota þessar heimildir, og virðist því tilgangslítið að láta þær standa í fjárlögum. Nefndin hefir því orðið ásátt að leggja það til, að liðir þessir verði niður feldir.

Alþingi, 25. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Ingibjörg H. Bjarnason.
Guðm. Ólafsson.	Einar Árnason.	

Nd. **396. Nefndarálit**

um frv. til laga um aðflutningsbann á heyi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þá er nefndin hafði nokkuð athugað frv. þetta, var ákveðið að leita álits dýralæknisins í Reykjavík um málið.

Þetta var gert með brjefi, dags. 16. þ. m., og næsta dag kom hann á fund með nefndinni.

Dýralæknirinn er mótfallinn beinum lagaákvæðum um aðflutningsbann á heyi, eins og þeim er fyrir komið í 1. gr. frumvarpsins.

Hinsvegar telur hann rjett, að í lög væri sett heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna innflutning samkvæmt tillögum dýralæknis, ekki að eins á heyi, heldur og á hálmi, mjólk og ýmsum öðrum vörutegundum frá öllum löndum,

þar sem smitandi alidýrasjúkdómar geisa, og að slík heimild verði sett í samband við lög nr. 7, 17. mars 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje. Að málinu nánar athuguðu hefir nefndin fallist á að vekja athygli landsstjórnarinnar á því, að nauðsyn beri til, að hún undirbúi lög um þetta efni og fái til þess tillögur og aðstoð dýralæknisins í Reykjavík.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 27. apríl 1925.

Pjetur Þórðarson, form., frsm. Árni Jónsson, fundaskrif. Magnús Torfason.

Hákon J. Kristófersson. Halldór Stefánsson.

Ed. **397. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir að nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp og átt tal um hin ýmislegu ákvæði frv. við þá skrifstofustjóra Odd Hermannsson og hagstofustjóra Þorstein Þorsteinsson, leggur hún það til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir og gerð verður grein fyrir í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. 1 b. Á eftir orðunum »1 mánuð« komi: í senn.
2. — - — 2 a. Í stað orðanna »sem nota vjelavindur . . . . meira en hálft dægur« komi: svo og vöruhúsvinna og vöruflutningar í sambandi þar við.
3. — - — 2 d.
   a) Orðin »meiri háttar« á tveim stöðum í fyrsta málslið falli niður.
   b) Á undan orðinu »brúargerð« í sama málslið komi: vegagerð.
   c) Á eftir orðinu »símalagningar« í sama málslið komi: og viðgerðir.
4. — 2. — Aftan við greinina bætist: Til stjórnarkostnaðar telst eigi borgun til nefndar þeirrar og fulltrúa, sem ræðir um í 18. gr.

5. Við 5. gr. 4. Önnur málsgrein (Heimilt er o. s. frv.) falli niður.
6. — 6. — Í stað orðanna »atvinnurekendur í þeim . . . . . og sveitarfjelög« komi: þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni.
7. — 21. —
a) Aftan við fyrstu málsgrein bætist: ef útnefndir hafa verið.
b) Orðin í öðrum málslið »bæta við nýjum . . . . . svo og« falli niður.

Alþingi, 27. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrif., frsm.	Jónas Jónsson.

Ed. **398. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitarfjelögum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **399. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin er öll sammála um það, að háskóla vorum beri fyrst og fremst að leggja svo mikla rækt við íslenskar bókmentir og íslenska tungu, og þá jafnframt við öll forn norræn fræði, að hann standi þar að minsta kosti jafnfætis hverjum öðrum háskóla, en þó helst feti framar. — Vjer höfum löngum hrósað oss af því að hafa allra þjóða best og lengst varðveitt tungu vora, og þess vegna er oss ekki vanvirðulaust að láta nokkurs ófreistað, sem oss er ekki um megn, til þess að háskóli vor geti með rjettu talist höfuðskóli þessara fræða.

Meiri hluti nefndarinnar telur fulla nauðsyn á því að stofna nú þegar þann kennarastól, er ræðir um í frumvarpi þessu, og það því fremur sem nú er völ á manni til þessa starfa, er gegnt hefir honum í nokkur undanfarin ár og getið sjer ágætan orðstír í þessari vísindagrein.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. — Leitað hefir verið umsagnar Sigurðar prof. Nordals um þetta mál. Hefir hann svarað brjeflega, og þykir oss rjett að birta brjef hans hjer með.

Alþingi, 27. apríl 1925.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Björn Líndal, frsm. meiri hl.	Sigurj. Jónsson.

Fylgiskjal.

Háttvirtur formaður mentamálanefndar neðri deildar hefir leitað álits míns um stofnun dócentsembættis í íslenskri málfræði við heimspekisdeild Háskóla Íslands. Samkvæmt þeim tilmælum skal jeg leyfa mjer að gera grein fyrir nokkrum atriðum, er snerta þetta mál.

Náminu í íslenskum fræðum er skift í þrjár greinir, málfræði, bókmentasögu og sögu. Kýs hver stúdent sjer eina þeirra fyrir aðalgrein og velur sjer kjörsvið innan hennar, sem ætlast er til, að hann kynni sjer út í æsar. Af námsgreinum þessum mun bókmentasaga reynast víðáttumest, enda velja flestir nemendur sjer kjörsvið úr henni. En vitanlega verður hver stúdent að njóta mjög leiðsögu kennara síns um kjörsvið, fyrir utan allar kenslustundir. Ef einn kennari væri nú í sögu, en annar í málfræði og bókmentasögu, hlyti annaðtveggja að verða: að mjög hallaðist á um kenslu þá, er stúdentar nyti í hverri grein, eða kennarinn í málfræði og bókmentum yrði að beina mestöllum kröftum sínum að kenslunni, og hefði lítinn tíma aflögum til rannsókna sinna.

Nú verður að líta svo á, að íslenskudeild háskólans sje framar öllu stofnuð til þess að inna af hendi frumlegar rannsóknir, er síðan geti orðið grundvöllur þjóðlegrar mentunar. Er þar um svo mikið verkefni að ræða, þar sem er hin lítt kannaða saga þjóðar vorrar, tungu og bókmenta um síðustu fimm aldir, að seint mun þrjóta. Hefir þó þegar nokkuð áunnist, síðan háskólinn var stofnaður, og er eitt af nauðsynjamálum þjóðarinnar, að þeim rannsóknum miði sem best. En eitt af meginskilyrðum þess er hæfileg verkaskifting í deildinni, og er þá að öllu eðlilegast að skifta eftir námsgreinum og hafa kennara þrjá. Með því ætti að vera fengin trygging fyrir því, að stúdentar njóti kenslu í rjettum hlutföllum við þarfir sínar, en kennurum veitist kostur á að samrýma kenslu sína og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefi jeg, síðan jeg tók við starfi mínu við háskólann, jafnan verið þess hvetjandi, að sjerstakur kennarastóll væri settur í íslenskri málfræði, enda hefir dr. Alexander Jóhannesson í raun rjettri haft kensluna í íslenskri málfræði á hendi síðustu árin.

Þegar vísað hefir verið til þess, að slík verkaskifting hafi ekki verið í tíð prófessors B. M. Ólsens, sjest mönnum yfir tvent. Á þeim árum (1911—17) voru engir fastir nemendur, er bjuggu sig undir próf í íslenskum fræðum. Og B. M. Ólsen var svo gamall maður, þegar hann tók við starfi sínu við háskólann, að hann sá sjer ekki til neins að byrja rannsóknir á hinum ókönnuðu sviðum síðari alda. Af starfsemi hans verður því lítið ráðið um núverandi þarfir deildarinnar.

Reykjavík, 17. apríl 1925.

Sigurður Nordal.

Til mentamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. **400. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *Eggert Pálssyni.*
Við 13. gr. B. XI. (Bifreiðaferðir):
Í stað »2000« kemur 4000

II. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Sigurði Jónssyni.*
Við 14. gr. B. IX. d. (Iðnfræðsla). Nýr liður:
Til iðnfræðslu og verklegs náms og fleiri tegunda af skyldunámi erlendis 4000
Stjórnarráðið veitir styrk þennan og engum meir en 1000 kr. árlega. Ætlast er til, að af fje þessu megi styrkja hjúkrunar- og búfræðinám, svo og hverskonar annað verk-

legt sjernám, sem ekki verður stundað til fulls hjerlendis. Þar af í fyrsta sinn til Jóns Gunnarssonar frá Blöndubakka, til að ljúka vegfræðinámi erlendis, 1000 kr.

III. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. Nýr liður:
Til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum og hafdýpislitum 1500

IV. Frá *Birni Kristjánssyni, Jóhanni Jósefssyni, Hirti Snorrasyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 26. (Helgi Pjeturss):
Liðurinn fellur niður.

V. Frá *Hirti Snorrasyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 35. Nýr liður:
Til Tryggva Magnússonar málara, til að fullkomna sig í málaralist 1500

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Birni Kristjánssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 35. Nýr liður:
Til listvinafjelagsins, til þess að kaupa »Móðurást« Nínu Sæmundsen, gegn sama framlagi annarsstaðar að, enda verði listaverkið opinberlega til sýnis hjer 2250

VII. Frá *Eggert Pálssyni.*
Við 16. gr. 2. Nýr liður:
Til húsabyggingar á Stóruvöllum í Landmannahreppi vegna sandgræðslunnar 10000

VIII. Frá *Hirti Snorrasyni* og *Einari Arnasyni.*
Við 16. gr. 19. Nýr liður:
Verðlaun til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2. kr. fyrir hvern kassa (48 dósir) niðursoðinnar mjólkur, sem hún framleiðir, alt að 8000

IX. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 24. (Þórdís Ólafsdóttir).
Liðinn skal orða svo:
Til Sigrúnar P. Blöndal í Mjóanesi í Suður-Múlasýslu og Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda í Dalasýslu, styrkur til skólahalds í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, 500 kr. til hvorrar 1000
Til vara: Liðurinn fellur niður.

X. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 32. (Þór).
Fyrir »35000« kemur: 45000

XI. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 16. gr. 41. (Breiðafjarðarbátur):
Á eftir »Dalasýslu« kemur: eða annarsstaðar að.

XII. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til að gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum og til að standast kostnað við undirbúning þess verks, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 10000

XIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 17. gr. 10.
a. Fyrir »Goodtemplarafjelagsins« kemur: Stórstúku Íslands.
b. Fyrir »6000« kemur 10000

XIV. Frá *Birni Kristjánssyni, Jóhanni Jósefssyni, Hirti Snorrasyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. g. 5. Nýr liður:
Til dr. Helga Pjeturss 4000

XV. Frá *Halldóri Steinssyni.*
a. Við 18. gr. II. i. 3. Nýr liður:
Til Matthildar Þorkelsdóttur, jubilljósmóður... 500
b. Við 18. gr. II. i. 4. (Þórdís Símonardóttir).
Fyrir »600« kemur 500

XVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 15 þús. kr. til Kristjáns Linnets bæjarfógeta, til að koma upp embættisbústað. Lánið veitist til 30 ára, með 6% vöxtum, og endurborgist árlega með jöfnum afborgunum.

XVII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 25. gr. V. Nýr liður:
Að ábyrgjast alt að 110 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, til rafmagnsveitu (endurveiting, sbr. fjárlög 1920, 1921 og 1924), gegn þeim tryggingum af hálfu hreppsins, sem stjórnin metur gildar.

Nd. **401. Frumvarp**

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 9, með þessum breytingum:

Á 4. gr.
2. tölul. hljóðar svo:
Nafn vatnsfalls þess eða stöðuvatns, sem hugsað er til að taka vatn úr, lýsing á því og aðstöðu og heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota.
7. tölul. hljóðar svo:
Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir, ef aðrir eru en umsækjandi.
18. tölul. hljóðar svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn, ef hestaflatala sú, er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 1000 hestöflum.

Á 11. gr. Greinin hljóðar svo:
Sjerleyfi skal aldrei veitt um lengri tíma en 50 ár, nema samþykki Alþingis komi til.

Á 12. gr. 7. tölul. hljóðar svo:
Nemi hestaflatala sú, er heimilað er að hagnýta, eigi meiru en 500 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða.

Á 21. gr. Upphaf 1. tölul. hljóðar svo:
Ef maður er settur til eftirlits o. s. frv.

Á 36. gr. 1. tölul. hljóðar svo:
Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Slíkt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis, sem þá ákveður þau fleiri og frekari skilyrði, er þurfa þykir.

Ed. **402. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 26, með breytingunum (1.—3.) á þskj. 300.
Samkvæmt því er greinatalan 10.—48. í stjórnarfrumvarpinu orðin 9.—47.

Nd. **403. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeid Háskóla Íslands.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn játar að vísu, að skifta beri kenslu í íslenskri bókmentasögu og málfræði íslenskrar tungu í heimspekisdeild háskólans milli tveggja kennara, og er þess vegna því fylgjandi, að nokkur fjárhæð verði tekin upp í fjárlögin til málfræðikenslunnar við háskólann. Með þeim hætti hefir undanfarið verið sjeð fyrir kenslunni, og telur minni hlutinn eðlilegast, að svo verði þar til ný skipun er gerð um þjóðleg fræði við háskólann. En eins og mentamálanefnd gerði uppástungu um á síðasta þingi, þá mætti fela þjóðskjalaverði og fornmenjaverði nokkra kenslu í íslenskum fræðum við háskólann. Fleiri góðar tillögur mætti gera um samstarf háskólans og ýmsra embættismanna þjóðfjelagsins, sem andlegum störfum gegna. Með þeim hætti mætti án efa bæta úr þörfum háskólans og gera honum kleift að jafnast á við hvern háskóla sem er í íslenskum fræðum.

Af þessum ástæðum telur minni hlutinn ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið, heldur ráðlegt að taka aftur upp, að svo stöddu, sama fyrirkomulag í málfræðikenslunni og verið hefir til þessa.

Alþingi, 27. apríl 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. **404. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir orðunum »20 % af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsgr. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30 % stimplast eftirtaldar vörur: Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt eða niðursoðið. Ávaxtamauk. Hnetur. Makrónudeig. Kaffibrauð allskonar. Kex, annað en mat-

arkex. Lakkrís. Marsípan. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Hársmyrsl. Lifandi jurtir og blóm. Tilbúin blóm, Jólastrjesskraut. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Silkihattar. Floshattar. Lakkskór. Silkiskór og flosskór. Sólhlífar. Kniplingar. Silki og silkivarningur. Fiður. Dúnn. Skrautfjaðrir. Veggmyndir. Myndabækur. Myndarammar. Glysvarningur og leikföng allskonar. Flugeldar og flugeldaefni. Úr. Klukkur. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Plettvörur. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Eirvörur. Nýsilfurvörur. Nikkelvörur. Tinvörur. Spil.

B. Með 10 % stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Blaðgull til gyllingar. Brennisteinssýrur. Bæs. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólvax. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hunang. Hurðarhúnar. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjelar og fjölritar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshanar. Viðhafnarlausir olíulampar. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Boltar og rær. Efni til bókbands. Hnoð. Hörtvinni. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Vefjarskeiðar. Vjelaþjettingar. Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925 og gilda til ársloka 1926.

Nd. 405. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um vatnsorkusjerleyfi.

1. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 2. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Eigi er umráðamönnum vatnsrjettinda heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

II. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 7. gr. Fyrir »25000« komi: 15000.

III. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 36. gr. Aftan við 1. tölul. bætist:
Sama gildir um framsal sjerleyfis til útlendra manna eða fjelaga, sbr. 27. og 28. gr.

Ed. **406. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um útsölu á Spánarvínum í Vestmannaeyjum.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Sjer ríkisstjórnin sjer fært að leggja niður útsölu á Spánarvínum í Vestmannaeyjum samkvæmt ósk bæjarstjórnar og meiri hluta kjósenda?

Nd. **407. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr.
Greinin falli niður.

Ed. **408. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *mentamálanefnd.*
Við 14. gr. B. VIII. 4. Nýr liður:
a. Breyting og aðgerð á Staðarfellshúsinu 1800
b. Eldavjel, sem er um leið miðstöð fyrir alt húsið 3000
c Rekstrarstyrkur til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð skólans 3000

II. Frá *Sigurði Eggerz.*

Við 18. gr. II. i. 14. (Steinunn Sigurðardóttir).

Á eftir liðnum kemur athugasemd:

Enn fremur er heimilt að greiða úr ríkissjóði hæfilega leigu fyrir herbergi það, er hún hefir nú í Landsbankahúsinu.

III. Frá *mentamálanefnd.*

Við 25. gr. V. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 15000 króna lán til forstöðukonu húsmæðraskóla á Staðarfelli, til að kaupa áhöfn á skólajörðina, gegn endurtryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

Nd. 409. Breytingartillögur

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá Jakob Möller.

1. Við 1. gr. A.
   Niður falli: a: »Lifandi jurtir og blóm«.
   b: »Úr og klukkur«.
2. Við 1. gr. B:
   a. Niður falli: »Blaðgull til gyllingar«.
   b. Á eftir »grammófónplötur« kemur: og hljóðfæri þau, sem talin eru í 2. gr.
3. Við 1. gr.
   Aftan við greinina kemur:
   Frá 1. janúar 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 20 %, stimplast með 15 %.
4. Við 2. gr.
   Aftan við greinina bætist:
   a. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal.
   b. Kirkjuorgel.
   c. Harmonía.
   d. Fiðlur.
   e. Piano.
   f. Blaðgull til gyllingar.
   g. Lifandi jurtir og blóm.

Ed. **410. Frumvarp**

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 9, með þessum breytingum:

Á 2. gr. Fyrsta málsgr. hljóðar svo:

Eigi er umráðamönnum vatnsrjettinda heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Á 4. gr.

2. tölul. hljóðar svo:

Nafn vatnsfalls þess eða stöðuvatns, sem hugsað er til að taka vatn úr, lýsing á því og aðstöðu og heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota.

7. tölul. hljóðar svo:

Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir, ef aðrir eru en umsækjandi.

18. tölul. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn, ef hestaflatala sú, er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 1000 hestöflum.

Á 11. gr. Greinin hljóðar svo:

Sjerleyfi skal aldrei veitt um lengri tíma en 50 ár, nema samþykki Alþingis komi til.

Á 12. gr. 7. tölul. hljóðar svo:

Nemi hestaflatala sú, er heimilað er að hagnýta, eigi meiru en 500 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða.

Á 21. gr. Upphaf 1. tölul. hljóðar svo:

Ef maður er settur til eftirlits o. s. frv.

Á 36. gr. 1. tölul. hljóðar svo:

Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Slíkt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis, sem þá ákveður þau fleiri og frekari skilyrði, er þurfa þykir. Sama gildir um framsal sjerleyfis til útlendra manna eða fjelaga, sbr. 27. og 28. gr.

Nd. **411. Breytingartillaga**

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 4. gr. Fyrir »1. júlí« komi: 1. júní.

Nd. **412. Breytingartillögur**

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá Jakob Möller.

1. Við 1. gr.
   Aftan við greinina kemur:
   Frá 1. janúar 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.
   Brtt. 409, 3. er jafnframt tekin aftur.
2. Við 2. gr.
   Aftan við greinina bætist:
   Veggalmanök með spjöldum. Sink.

Nd. **413. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, viðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílikt, að skifta hreppi í tvær eða þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undir-

kjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti annarar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, ef þrjár eru, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lögákveðnu kjördeildaoddvita kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslið 9. gr. laganna komi: Kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **414. Breytingartillaga**

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. B. Fyrir »Hjólvax« kemur: Hjólnafir.

Nd. **415. Breytingartillaga**

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. A. »Ávaxtamauk« fellur niður.

Ed. **416. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1926.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1926 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	30000	
			1045000
4.	Aukatekjur	300000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	250000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
	Flyt ...	895000	1045000

		kr.	kr.
	Flutt ...	895000	1045000
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	22000	
			937000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13.	Tóbakstollur	450000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	950000	
15.	Annað aðflutningsgjald	115000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	800000	
			4165000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		15000
19.	Pósttekjur	350000	
20.	Símatekjur	1150000	
			1500000
21.	Víneinkasala...	375000	
22.	Tóbakseinkasala	275000	
23.	Steinolíueinkasala.	60000	
			710000
	Samtals ...		9172000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		33000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		15000
	Samtals ...	... ...	48100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		55000
5. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
7. Aðrir vextir		20000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1926 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	234776	
2. Dönsk lán, danskar kr. 257442 á 1/10	283186	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8781 : 8 á 28/00	245879	
4. Lausaskuldir	267500	
		1031341
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Dönsk lán, danskar kr. 542349 á 1/10	596584	
3. Enska lánið 1921, £ 1827 : 5 : 4 á 28/00	53163	
4. Lausaskuldir	600000	
		1507147
III. Framlag til Landsbankans, 13. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2638488

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu...	4000	
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	82280	
4.	Annar kostnaður...	18000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.	27000	
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	10000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200	
		12100	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			182880
II.	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra	8700	
2.	Laun aðstoðarmanns...	5600	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna..	12000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m....	4000	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	16300	
7.	Til að gefa út manntalið 1703..	1000	
			49600
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðsskrifstofu í Kaupmannahöfn	17000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	6000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1500	
			36500
	Samtals ...	... ...	268480

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	53650	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		55650
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151220
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27168	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		34908
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	23300	
b. Laun 3 tollvarða...	14300	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1300	
e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
		52400
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		84000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði		150000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals ...	... ...	607678

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.	kr.	kr.
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
Samtals ...	... ...	125000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		285000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn... ... ... Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924, þó þannig, að Kjósarhreppi er ætlaður 500 króna læknisvitjanastyrkur. Af upphæðinni er íbúum Ólafsfjarðarhrepps ætlaður viðbótarstyrkur, að upphæð 2000 kr., gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni.		8200
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		2000
6. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið á		
Flutt ...	1000	298700

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	298700
	helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
			1500
7.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
8.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
9.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
10.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11.	Til Jóns læknis Kristjánssonar, endurgjald á ferðakostnaði		1500
12.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
13.	Til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans		2000
14.	Holdsveikraspítalinn		82120
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 2500		
	4. Meðul og sáraumbúðir 2000		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti... 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld... 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl.... 3000		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		73420	
		82120	
	Flyt ...	... ...	403320

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	403320
15.	Geðveikrahælið á Kleppi		69175
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	14500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 150 a. á dag)	52000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	6300	
	4. Meðul og umbúðir	550	
	5. Ljós og hiti	12000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	1800	
	8. Skemtanir	750	
	9. Skattar m. m.	2500	
	10. Óviss gjöld	1400	
		101800	
		109500	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325	
	Tekjur af búinu	2000	
		40325	
	Mismunur ...	69175	
16.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		19560
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	37000	
	2. Viðurværi	136000	
	3. Lyf og hjúkrunargögn	12000	
	4. Ljós og hiti	25000	
	5. Þvottur og ræsting	6000	
	6. Viðhald húsa	5000	
	7. Viðhald vjela	5000	
	8. Húsbúnaður og áhöld	12000	
	Flyt ...	238000	7700	492055

		kr.	kr.
Flyt ...	238000	7700	492055
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		246000	
		253700	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
Mismunur ...		19560	
17. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
c. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (lokaveiting) alt að		25000	
d. Til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási		4000	
e. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		24000	
f. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Fyrri fjárveiting ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu, að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að og að trygging sje fyrir því, að einnig verði fyrir hendi sama upphæð, sem síðari fjárveitingunni úr ríkissjóði nemur.		75000	
Flyt ...		243000	492055

		kr.	kr.
	Flutt ...	243000	492055
g.	Bólusetningarkostnaður	2500	
h.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
i.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	4000	
j.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
k.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
l.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
m.	Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	2500	
n.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1800	
p.	Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
			280800
18.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
	Samtals ...	... ...	799855

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
a.	Eftir launalögum	90366	
b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	71000	
c.	Brjefhirðingamenn	21000	
			182366
	Flyt ...	... ...	182366

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	182366
2.	Póstflutningur		160000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	8000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	11000	
	d. Önnur gjöld	46000	
			85000
			427366
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8700	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	5000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	5500	
			28620
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur 8000		
	2. Hvítárbraut 20000		
	3. Miðfjarðarbraut 20000		
	4. Langadalsvegur 4000		
	5. Sauðárkróksbraut 20000		
	6. Þelamerkurvegur... 10000		
	7. Vallavegur 10000		
	8. Hróarstunguvegur 15000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 18000		
		125000	
	b. Viðhald og umbætur	180000	
			305000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		90000
IV.	Til slitlags á akvegum		22000
V.	Fjallvegir		6000
	Flyt ...	... ...	451620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	451620
VI. 1.	Til áhalda, alt að	15000	
2.	Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
VII.	Til sýsluvega:		
1.	Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	15000	
2.	Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 9, 1923	10000	
			25000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
1.	Á Lagarfljóti	300	
2.	- Skjálfandafljóti	300	
3.	- Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hornafirði		300
X.	Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		2000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn:		
1.	Á Tvískerjum	600	
2.	Í Fornahvammi	700	
3.	Á Hrauntanga	600	
4.	Í Bakkaseli	700	
5.	Á Kleppstöðum...	200	
6.	Í Ytri Kotum	200	
7.	Á Arngerðareyri	200	
			3200
			498320
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
a.	Esju	150000	
b.	Eimskipafjelags Íslands	45000	
			195000
	Flyt ...	... ...	195000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	195000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		87000
		282000
D.		
Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Ritsímafjelagið mikla norræna (lokaveiting)		23000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
III. a. Til nýrra símalagninga	100000	
b. Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi, 4/5 kostnaðar, alt að	2800	
		102800
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	290000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	13000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24000	
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	11000	
Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn. Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda.		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	100000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	6000	
10. Símastöðin á Borðeyri	7000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	5000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	7000	
13. Símastöðin á Siglufirði	4500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000	
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3000	
Flyt ...	495500	150800

		kr.	kr.
	Flutt ...	495500	150800
16.	Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	2500	
17.	Til loftskeytastöðvar á Síðu	2000	
18.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva... ...	85000	
19.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að..	10500	
20.	Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
			596700
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		30000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		35000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		7000
VIII.	Viðhald landssímanna		130000
IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
			951000
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	8700	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	5920	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
			20120
II.	Laun vitavarða..		21050
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		60000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		15000
V.	Til þess að reisa nýja vita		50000
VI.	a. Til þess að kaupa hús og lóð við Garðskagavita	2250	
	b. Ýmislegt	8000	
			10250
	Samtals ...	... ...	176420

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	306	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49, 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	24000	
7. Styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum	5000	
		313056
		324556
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt, þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið á háskólanum.		
e. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	128000	... ...

			kr.	kr.
		Flutt ...	128000	... ...
f.	Til kensluáhalda læknadeildar		500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors		1600	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4500	
i.	Önnur gjöld:			
	1. Til ritara:			
	a. Laun	1000		
	b. Dýrtíðaruppbót	500		
		1500		
	2. Til dyravarðar:			
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið...	1600		
	b. Dýrtíðaruppbót	800		
		2400		
	3. Ýms gjöld	3000		
			6900	
II.	Námsstyrkur erlendis:			141500
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 1—3 ár.		18800	
b.	Viðbót við styrkinn fyrir 1925...		7800	
c.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
III.	Mentaskólinn almenni:			29100
a.	Laun		86400	
b.	Önnur gjöld:			
	1. Til bókasafns skólans	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
	3. — skólahússins utan og innan ...	3500		
	Flyt ...	9900	86400	170600

		kr.	kr.
Flutt ...	9900	86400	170600
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	20500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2000		
10. Ýmisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
		41800	
			128200

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		27840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og tímakenslu ...	8000		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til eldiviðar og ljósa	7000		
4. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
6. Til vatnssalerna og fráræslu... ...	6700		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		28800	
			56640
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17800	
Flyt ...		17800	355440

		kr.	kr.
	Flutt ...	17800	355440
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til girðingar og lagfæringar á lóð skólans..	5000		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		17000	
			34800
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		16960	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
		9800	
			26760
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		11200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	900		
2. Húsnæði	1800		
3. Ljós og hiti	1700		
4. Ýms kostnaður	1600		
5. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		8800	
			20000
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skóla-			
	Flyt ...	... ...	437000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	437000
gjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 5000			
	10500		
		22980	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	7500		
		18400	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
			41380
	Flyt ...	... ...	478380

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	478380
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6600	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			7600
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem		
	Flyt ... 25000	... ...	509560

		kr.	kr.
Flutt ...	25000	... ...	509560
er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		30000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	15000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
c. Til aðgerðar á skólahúsinu	3000		
		20000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			50000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	7700		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		9900	
2. Laun kennara og dýrtíðaruppbót		315000	
3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		9000	
4. Til prófdómara við barnapróf		2500	
5. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að		5000	
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			341400
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	11200		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	8100		
		19900	
2. Til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum ...		56000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		38000	
Flyt ...		113900	900960

	kr.	kr.
Flutt ...	113900	900960
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
4. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í stofnun og rekstri skólans, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
5. Til að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
6. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
7. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
8. Til fulltrúaráðs verkalýðsfjelaganna í Reykjavík til kvöldskóla verkamanna	400	
XV. Húsmæðrafræðsla:		154300
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		2000
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Flyt ...	300	1070260

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1070260
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær hjeraðseign og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	3000	
		7800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		2000
XX. Til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum og hafdýpislitum		1500
Samtals ...	... ...	1081560

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21800	
b. Til aðstoðar	4800	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
f. Til ritaukaskrár	800	
Flyt ...	43400	

		kr.	kr.
	Flutt ...	43400	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið		360	
h. Húsaleiga		500	
i. Ýmisleg gjöld		700	
			44960
2. Þjóðskjalasafnið:			
a. Laun		7200	
b. Til að binda inn og búa um skjöl		3000	
			10200
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:			
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)		8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að		2400	
c. Til að útvega forngripi, alt að		1000	
d. Til áhalda og aðgerða		600	
e. Til eftirlits á Þingvöllum		1000	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar		600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.			13800
4. Náttúrufræðifjelagið			1600
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.			
5. Landsbókasafnshúsið:			
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar		8000	
b. Til viðhalds og áhalda		2000	
			10000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði			3000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.			3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði			1500
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa			200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.			3600
11. Til Þjóðvinafjelagsins			2000
	Flyt ...	... ...	93860

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	93860
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		3000
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2500
15.	Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands«		1500
16.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
17.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar		800
18.	a. Styrkur til skálda og listamanna	10000	
	b. Til Jakobs Thorarensens	1000	
	c. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	d. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
	e. Til þess að kaupa listaverk.	3000	
			20200
19.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
20.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda verði safnið eign ríkisins, að honum látnum		1200
21.	Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót, og 4500 kr. til ritlauna.		12200
22.	Til Eggerts Briems frá Viðey, styrkur til útgáfu ritgerðar um Alþingi hið forna		1000
23.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
24.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3200
25.	Til Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna: a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
	Flyt ...	7700	153460

	kr.	kr.
Flutt ...	7700	153460
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
		9200
26. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
27. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
28. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
29. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
30. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
31. Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
32. Til veðurathugana og veðurskeyta		40000
33. Til Íþróttasambands Íslands		2000
34. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
35. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7700	
b. Til sama, til aðstoðar	1500	
		9200
36. Til Tryggva Magnússonar málara, til að fullkomna sig í málaralist		1500
37. Til listvinafjelagsins, til þess að kaupa »Móðurást« Nínu Sæmundsen, gegn sama framlagi annarsstaðar að, enda verði listaverkið opinberlega til sýnis hjer ...		2250
38. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, lokagreiðsla		2500
39. Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, fyrsti fjórðungur andvirðis		2500
40. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
41. Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku		1000
42. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
Samtals ...	... ...	238410

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		175000
2. Til sandgræðslu		18000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		20000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
5. Til Skeiðaáveitunnar:		
a. Til flóðgarðahleðslu, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, alt að	8000	
b. Upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 1. greiðsla gegn því, að stjórn Landsbankans gefi áveitufjelaginu eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925, og að skipulagi sje komið á fjárreiður áveitunnar.	6000	
		14000
6. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
7. Til skógræktar:		
a. Laun	12960	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	11000	
		23960
8. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		
		22380
9. Til fjárkláðalækninga		10000
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
Flyt ...	5600	338340

		kr.	kr.
	Flutt ...	5600	338340
b.	Húsaleiga	1000	
c.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
d.	Til áhaldakaupa	2000	
			10000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins		60000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	4 síldarmatsmanna	10240	
d.	4 ullarmatsmanna	2560	
e.	5 kjötmatsmanna...	4800	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			53000
15.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		6000
16.	Til bryggjugerðar og lendingabóta, alt að $^1/_3$ kostnaðar, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun...		20000
17.	Til hafnarbóta í Ólafsvík, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000
18.	Til lendingarbóta í Grindavík		10000
19.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		5000
20.	Verðlaun til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2 kr. fyrir hvern kassa (48 dósir) niðursoðinnar mjólkur, sem hún framleiðir, alt að		8000
21.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
22.	Til gerlarannsókna		2000
23.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6200
	Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		
	Flyt ...	... ...	544540

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	544540
24.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
25.	Til sambands norðlenskra kvenna		500
26.	Til Bandalags kvenna		500
27.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
28.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		1800
29.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
30.	Laun húsagerðarmeistara		8300
31.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5600	
	b. Ferðakostnaður	800	
			6400
32.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		35000
33.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1200
34.	Til vatnsrenslismælinga		2000
35.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		5000
36.	Til Lofts Guðmundssonar, til umbóta á kvikmyndum af íslensku landslagi og atvinnulífi, er hann hefir gert		3000
37.	Til Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi í verkfræði		1500
38.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs, upp í tap við umbúðasmíði undanfarin tvö ár		500
	Flyt ...	... ...	619040

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	619040
39.	Til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Snæfellsnes- og Dalasýslna		6000
	Samtals ...	... ..	625040

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		300000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
5.	Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
6.	Til slysatryggingar sjómanna		14000
7.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8.	Til bjargráðasjóðs		24000
9.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
10.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		6000
11.	Til Rauðakrossfjelags Íslands		1000
	Samtals ...	... ..	460200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27168,95	
	b. Embættismannaekkjur og börn	15794,89	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5936,68	
	e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923	2500	
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		52035,80
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
	6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar 3000,00		
		5859,87	
	b Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Theodóru Thoroddsen 800		
	5. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	6. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	7. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	8. — Sigríðar Finnbogadóttur ... ... 800 enda verði afritasafn dr. Jóns Þorkelssonar eign Þjóðskjalasafnsins.		
	9. — Ágústu Jóhannsdóttur 300		
	10. — Rannveigar Tómasdóttur 300		
	11. — Önnu Gunnlaugsson 400		
		4375	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
	4. — Sig. prófasts Gunnarssonar 662,25		
		2267,25	
	Flyt ...	12502,12	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	12502,12	52035,80
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20. — Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
25. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
		7374,97	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — 2 barna hennar	150,00		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300,00		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
5. — Hjartar Snorrasonar	500,00		
Flyt ...	1610,00	19877,09	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ... 1610,00	19877,09	52035,80
6.	Til Magnúsar Einarssonar 500,00		
7.	— Elínar Briem Jónsson 300,00		
8.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur 300,00		
9.	— 1 barns hennar 33,33		
10.	— Steinunnar Frímannsdóttur ... 450,00		
11.	— Þórunnar Stefánsdóttur 400,00		
12.	— Guðmundar Björnssonar 150,00		
13.	— Elísabetar Jónsdóttur 300,00		
		4043,33	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Árna Gíslasonar 300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
3.	— Böðvars Jónssonar 200		
4.	— Hallgríms Kráksonar 200		
5.	— Jóhanns Jónssonar 200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
7.	— Daníels Jónssonar 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 200		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri 200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
17.	— Friðriks Klemenssonar 1000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar 200		
		6300	
g.	Ritþöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss 4000		
		15400	
	Flyt ...	45620,42	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	45620,42	52035,80
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr. 600,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ... 475,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 3 barna hennar 300,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 266,67		
		2441,67	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða 500		
3.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... 300		
7.	— Páls Erlingssonar 800		
8.	— Erlends Zakaríassonar 300		
9.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
10.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
11.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 400		
12.	— Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar... 400		
13.	— Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar... 300		
14.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 300		
15.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 400		
	Flyt ... 6200	48062,09	52035,80

		kr.	kr.
Flutt ...	6200	48062,09	52035,80
Ennfremur er heimilt að greiða úr ríkissjóði hæfilega leigu fyrir herbergi það, er hún hefir nú í Landsbankahúsinu.			
16. Til Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
17. — Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
18. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar	600		
		7400	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...		1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds		1000	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			60662,09
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			64498,74
Samtals ...		... ...	177196,63

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð er stjórninni heimilt að greiða Grímsneshreppi í Árnessýslu alt að 2500 kr. í skaðabætur fyrir tjón af síldarkaupum hreppsins 1920, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóði Árnessýslu.

Ennfremur er stjórninni heimilt að greiða Sveini Björnssyni, fyrrum sendiherra, 10000 kr., upp í tjón, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn, vegna embættis síns.

20. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1926 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	2638488.00		
—	8. —	—	60000.00		
—	9. —	—	199800.00		
—	10. —	—	268480.00		
—	11. — A.	kr.	607678		
—	11. — B.	—	125000		
				—	732678.00
—	12. —			—	799855.00
—	13. — A.	kr.	427366		
—	13. — B.	—	498320		
—	13. — C.	—	282000		
—	13. — D.	—	951000		
—	13. — E.	—	176420		
				—	2335106.00
—	14. — A.	kr.	324556		
—	14. — B.	—	1081560		
				—	1406116.00
—	15. —			—	238410.00
—	16. —			—	625040.00
—	17. —			—	460200.00
—	18. —			—	177196.63
—	19. —			—	100000.00
—	20. —			—	4000.00
					kr. 10045369.63
En tekjur eru áætlaðar:					
Samkvæmt	2. gr.	kr.	9172000.00		
—	3. —	—	48100.00		
—	4. —	—	230000.00		
—	5. —	—	227000.00		
				—	9677100.00
				Tekjuhalli kr.	368269.63

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100000 kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda

er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.

d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

5. Alt að 6000 kr. til Síðuhjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

6. Alt að 15000 kr. til endurbyggingar garðinum á Siglufjarðareyri. Lánið er veitt til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

7. Alt að 15000 kr. til Kristjáns Linnets bæjarfógeta, til að koma upp embættisbústað. Lánið veitist til 30 ára, með 6% vöxtum, og endurborgist árlega með jöfnum afborgunum.

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns frá 1921 ávaxtast og endurborgast með 6% árlega á 40 árum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða tjón það, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1925, miðað við verð það, sem framleiðendur fá á útflutningshöfn. Enn fremur halla þann, er verða kann á því að taka skip á leigu til útflutningsins. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1926, svo og uppbót á þá

fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að veita h/f Hvítárbakka eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að upphæð kr. 18666,66, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðseign.

II. Að gefa mötuneyti Kennaraskólans eftir 3000 kr. lán, er því var veitt úr viðlagasjóði 1923, gegn því, að búsáhöld mötuneytisins verði eign skólans.

III. Að gefa Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu upp viðlagasjóðslán, að upphæð 16 þús. kr., enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **417. Breytingartillögur**

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. A.
   Niður falli: Plettvörur. Eirvörur. Nýsilfurvörur. Nikkelvörur. Tinvörur.

2. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Frá 1. júlí 1925 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 20%, stimplast með 10%.

3. Við 2. gr.
   »Hörtvinni« verður: Tvinni.

Nd. **418. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 412. (Verðtollur).

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. Í stað »1. janúar« kemur: 1. apríl.

Nd. **419. Nefndarálit**

um frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. 1.
   Í stað orðanna »og fjelagsstjórnin öll eða þeir, sem firmað rita« komi: og fjelagsstjórnin öll og þeir, sem firmað rita.

2. Við 7. gr.
   Úr fyrri málsgrein 7. gr. falli burt: »2.—4. málsgr.«

3. Við 13. gr.
   Næstsíðasta málsgr., »Auk leyfisbrjefagjaldsins skal« . . . o. s. frv. og út málsgr., falli burt.

Alþingi, 1. maí 1925.

Jón Kjartansson, frsm. Árni Jónsson.

Nd. **420. Nefndarálit**

um frv. til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega og eins frv. til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum, á þskj. 117; hefir hún sent bæði frv. (og brtt. á þskj. 124) til umsagnar Alþýðusambands Íslands og Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Hefir nefndin fengið skriflega umsögn þeirra um málið, og eru brjefin prentuð sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Eins og sjest á þessum brjefum, leggur bæði Alþýðusamband Íslands og Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda með því, að sett verði lög um skipun sáttasemjara í vinnudeilum, og eru að því leyti sammála. Hinsvegar vill Fjelag ísl. botnvörpuskipaeigenda auk þess taka upp í frv. ákvæði um gerðardóm, en Alþýðusamband Íslands legst þar á móti.

Allsherjarnefnd er sammála um það, að eigi sje rjett að setja á stofn gerðardóm í kaupgjaldsþrætum gegn vilja þeirra aðilja, sem sjerstaklega eiga við þessi lög að búa.

Nefndin mun því ekki afgreiða frv. um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum, en mælir aftur með því, að frv. til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum verði samþykt.

Nefndin hefir ekki gert neinar verulegar efnisbreytingar á frv., en henni hefir fundist rjettara að gera talsverðar breytingar á orðalagi frv.

Þar sem í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að allsherjarfjelag vinnusala og vinnuþega skipi í nefnd þá, sem ætlað er að gera tillögu um sáttasemjara, vill nefndin út af því geta þess, að henni er eigi kunnugt um, að til sje neitt allsherjarfjelag vinnuþega. Alþýðusamband Íslands er aftur allsherjarfjelag vinnusala, og vill nefndin því láta það skipa menn í nefndina af hálfu vinnusala. Eina kunna atvinnurekendafjelagið, sem til er, er Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, og telur nefndin því rjett, að það fjelag skipi í nefndina af hálfu vinnuþega, þar til allsherjarfjelag atvinnurekenda verður stofnað. Um þetta vill allsherjarnefnd setja bráðabirgðaákvæði í frv., og flytur hún till. um það.

Eftir 3. gr. frv. er sáttasemjara að eins heimilt að kveðja til samninga í vinnudeilum. Þetta vill nefndin hafa ákveðnara, og felst það í brtt. hennar við 3. gr.

Tveir nefndarmanna (J. K. og Á. J.) telja rjettara, að í staðinn fyrir Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag Íslands í 1. gr. komi Hæstirjettur, og munu þeir þá flytja brtt. um það.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir málinu við umræðurnar, en nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra skal skipa sáttasemjara í vinnudeilum. Nefnd skipuð 11 mönnum skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjara. Skal nefndin skipuð 5 fulltrúum, er Alþýðusamband Íslands kýs, 5 fulltrúum, er allsherjarfjelag vinnuþega kýs, og einum fulltrúa, er stjórnir Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands kjósa í sameiningu. Er hinn síðastnefndi formaður nefndarinnar. Atvinnumálaráðherra tilkynnir þeim, er tilnefna eiga menn í nefndina, að skipa skuli sáttasemjara. Skal tilkynning þessi gefin svo snemma, að vænta megi, að tillaga um skipun sáttasemjara sje komin frá nefndinni til atvinnumálaráðherra viku fyrir þau áramót, er sáttasemjara skal skipa. Nú eru 7 fulltrúar hið fæsta á einu máli um tilnefning, og skal þá sá maður skipaður, er þeir tilnefna. Ella skipar atvinnumálaráðherra sáttasemjara.

Sáttasemjari skal skipaður til 3 ára, og miðast skipun hans við áramót.

Atvinnumálaráðherra getur veitt sáttasemjara lausn frá starfanum, eftir beiðni hans, ef ástæða þykir til.

Nú deyr sáttasemjari eða fær lausn frá starfi, og skal þá tafarlaust fara fram tilnefning og skipun nýs sáttasemjara, með þeim hætti, er að framan greinir, fyrir þann hluta, sem eftir er af kjörtíma þess, sem frá fór.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Sáttasemjara er skylt að kynna sjer nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins og einkum öll vinnukjör vinnusala, þ. e. lengd vinnutíma, launakjör, yfirvinnu, aðbúnað við vinnu og annað þess háttar. Sjerhvert fjelag vinnusala eða vinnuþega, er samning gerir við annað fjelag eða einstakan mann um vinnukjör, skal skylt að senda sáttasemjara tafarlaust afrit af samningnum.

Sáttasemjari skal senda atvinnumálaráðuneytinu á missiri hverju skýrslu um starfsemi sína.

3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Nú rís deila um vinnukjör milli fjelags vinnusala annarsvegar og hinsvegar fjelags vinnuþega eða einstakra vinnuþega, og stöðvast vinna af þeim sökum eða ástæða er til að óttast að svo fari, og skal sáttasemjari þá kveðja hlutaðeigendur til samninga, enda megi ætla, að deilan hafi óheppileg áhrif á atvinnulífið, og samningaumleitunum aðilja sjálfra slitið, hafi þær átt sjer stað. Hvor aðili um sig velur fulltrúa til samninga, og skulu þeir annaðhvort vera í fjelagi, er hlut á að máli, eða í aðalstjórn allsherjarfjelags vinnusala eða vinnuþega. Það er skylda aðilja að hlýða kvaðning sáttasemjara.

4. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Þá er sáttasemjari hefir kvatt til samninga, er honum skylt að reyna að koma á friðsamlegri úrlausn deilunnar, og er honum heimilt að benda aðiljum á miðlunaratriði, er draga mætti til sátta. Svo getur hann og borið fram miðlunartillögu, en ekki má án hans samþykkis gera

hana heyrinkunna, meðan ekki er komið svar beggja aðilja. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við tvo fulltrúa hvors aðilja.

5. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Nú hefir sáttasemjari kvatt til samninga í vinnudeilu, og nauðsynlegt þykir, vegna úrslita málsins, að fá rjettan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rjett til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu, sjeu skýrslur þeirra eigi fullnægjandi, eða að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá valdsmanni. Hefir hann rjett til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

6. Við 6. gr. Greinina skal orða þannig:

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í fjelagi vinnusala eða vinnuþega, skal hún borin fram eins og sáttasemjari hefir gengið frá henni, og ber við atkvæðagreiðslu að svara miðlunartillögunni játandi eða neitandi. Þá er atkvæði hafa verið talin, er fjelaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir fjelagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er fjelagi skylt, eftir því, sem við verður komið, að sjá svo um, að sjerhver atkvæðisbær fjelagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild.

7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Bannað er að gefa út vottorð eða leiða vitni um það, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því að eins að samþykki beggja aðilja komi til.

8. Við 8. gr. 2. málslið skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra fær sáttasemjara erindisbrjef og setur þar nánari ákvæði um starfsemi hans.

9. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun sáttasemjara, og skal hún greidd úr ríkissjóði.

10. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. Á eftir 9. grein, sem verður 10. gr., komi svo hljóðandi

ákvæði um stundarsakir:

Á meðan allsherjarfjelag vinnuþega er eigi stofnað, skal Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík í þess stað skipa í nefnd þá, sem um ræðir í 1. málsgrein 1. gr.

Alþingi, 1. maí 1925.

Magnús Torfason, form. — Jón Baldvinsson, fundaskrif., frsm. — Bernh. Stefánsson.

Jón Kjartansson, með fyrirvara. — Árni Jónsson, með skírskotun til ofanritaðs.

Fylgiskjal I.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS. Reykjavik, 10/2. 1925.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Út af tilmælum háttvirtrar allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, í brjefi dagsettu 7. þ. m., skal hjermeð látið uppi eftirfarandi álit fyrir hönd Alþýðusambands Íslands.

Það er samróma álit atvinnufjelaganna innan sambandsins og stjórnar þess, að lögboðinn gerðardómur í kaupdeilumálum væri mjög óheppileg ráðstöfun og næði ekki tilgangi sínum. Eftir eðli málsins er augljóst, að ekki muni vera hægt að tilnefna oddamann, sem talinn verði óvilhallur, ef aðiljarnir sjálfir geta ekki komið sjer saman um neinn mann, en á oddamanni stendur úrskurður gerðardómsins. Auk þess er ekki hægt að finna neinn þann grundvöll, sem báðir aðiljar viðurkenni sem varanlegan, vegna mismunandi skoðana þeirra á því, hve mikinn arð vinnan eigi að hafa af öllum arði framleiðslunnar. Fáist samningar í eitt sinn, eru oft aðstæður svo breyttar næst fyrir báða aðilja, að finna verður nýjan grundvöll, svo að engin meginatriði eru óbreytileg undirstaða. Það væri óverjandi misrjetti gagnvart verkalýði landsins að lögleiða það, að tekjur hans ákveðist af gerðardómi, en allar aðrar stjettir verði látnar sjálfráðar af löggjafarvaldinu um það, hvaða hlut þær bera frá borði við skiftingu þjóðarteknanna. Væri þá gengið í berhögg við atvinnufjelögin, sem víðast um heim eru viðurkend sem rjettur aðili til að verja hagsmuni fjelaga sinna.

Reynsla sú, sem orðin er á lögboðnum gerðardómum á þeim fáu stöðum, sem þeir hafa verið settir, sýnir líka það, að sú ráðstöfun sje óheppileg, og hafa þeir víðast verið lagðir niður aftur, svo sem í Noregi og sumstaðar í Ástralíu, vegna þess að báðir aðiljar hafa verið óánægðir með þá, enda hafa þeir hvorki stöðvað verkbönn nje verkföll.

Lögboðinn gerðardómur, sem aðeins næði til skýringa á gildandi vinnusamningum og til samningsrofa, er aftur á móti alls annars eðlis, þar sem sjálf ákvörðunin um samningana liggur í höndum rjettra aðilja, verkalýðs og atvinnurekenda. Slíkur gerðardómur, eins og nú gildir í Danmörku, væri alls ekki ótiltækilegur, því að slík atriði lagalegs eðlis geta vel ákveðist af dómurum.

Frumvarp það til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum, ásamt breytingartillögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, vill lögleiða bindandi lögboðinn gerðardóm um hrein hagsmunamál í vinnudeilum. Samkvæmt framansögðu álítum vjer það mjög óheppilegt og ráðum frá því að það nái fram að ganga.

Alþýðusambandið og atvinnufjelög þess er aftur á móti þeirrar skoðunar, að heppilegt sje að lögákveðnar sáttatilraunir komi í öllum mikilsvarð-

andi vinnudeilum, þannig að ákveðinn maður sje ávalt til taks til þess að ganga milli aðilja, en þeir sjeu frjálsir eftir sem áður um ákvörðun málsins. Slíkur sáttasemjari getur, ef hann er heppilega valinn, og fær reynslu, oft sýnt góðan árangur og hefir gefist vel víða erlendis.

Frumvarp það til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum, sem nú liggur fyrir þinginu, mundi, að áliti Alþýðusambandsins, geta gert gagn og orðið vinsælt af báðum aðiljum, ef það yrði í lög leitt.

Virðingarfyllst.

f. h. Alþýðusambands Íslands

Héðinn Valdimarsson, varaformaður. H. Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

FJELAG ÍSLENSKRA BOTNVÖRPUSKIPAEIGENDA

Reykjavík, 16. mars 1925.

Vjer höfum meðtekið brjef yðar dags. 7. þ. m., ásamt með frumv. á þingskj. nr. 117, 123 og 124, og æskið þjer umsagnar vorrar um frumvörp þessi.

Það er skemst af að segja að vjer teljum hvorugt frumv., á þingskj. 117 eða 123, vera þess eðlis, eins og frá þeim er gengið, að það, hvort um sig, sje líklegt til lausnar á kaupdeilum.

Um frumv. á þingskj. 117 er það að segja, að oss virðist það altof þungt í vöfunum, þar sem gert er ráð fyrir gerðardómi með 3 dómstigum, *eftir að* þrautreyndir hafa verið samningar milli aðilja sjálfra, og *eftir að* leitað hefir verið milligöngu hins opinbera. Enda þó gert sje ráð fyrir því í frumv., að aldrei megi líða lengri tími en hálfur mánuður frá því, er málið fer til 1. dómstigs og þar til er endanlegur dómur fellur, þá virðist oss næsta ótrúlegt, að unt verði að hraða svo málunum. Breytingartillögurnar á þingskj. 124 miða allar í þá átt, að gera einfaldari málsmeðferðina, og hraða þannig úrslitum, og teljum vjer þær allar til bóta.

Sektarákvæðin í 7. gr. frumvarpsins teljum vjer lítt eða ekki framkvæmanleg, enda virðist það einsætt, að ekki er unt að þvinga hvorki einstaka vinnusala eða vinnuþega til að vinna eða láta vinna, og oft myndi það reynast örðugt að sanna um hvern einstakling, hvort hann myndi hafa unnið eða látið vinna verk, ef verkakaupið hefði verið að hans skapi, en á slíkum sönnunum virðast sektarákvæðin hljóta að byggjast.

Frumvarpið á þingskj. 123 virðist oss hafa marga kosti, svo langt sem það nær, enda mun það, eins og sagt er í greinargerðinni, vera í öllum aðalatriðum sniðið eftir löggjöf Dana í þessu efni, en hún hefir þótt reynast vel.

Þetta frumv. má í rauninni einnig skoða sem einskonar breytingartillögur við frumv. á þingskj. 117, með því að þarna er gert ráð fyrir, að sáttasemjari komi til, ef ekki semst milli aðilja, en í hinu frumv. er gert ráð fyrir, í 3. gr., að þá sje leitað milligöngu hins opinbera, ráðherranna, ef til næst, eða dómara, þess eða þeirra, sem næstir eru. Virðist oss fyrirkomulagið um sáttasemjara vera að mörgu leyti heppilegra og vænlegra til árangurs, og teljum vjer því æskilegt, að horfið verði að því ráði.

En með því, að frumvarp þetta er einskorðað við ákvæði um starfsemi sáttasemjara, en frumv. á þingskj. 117 hinsvegar víðtækara, og kemur hvorugt í bága við annað, þá virðist oss, að vel mætti taka það, sem nýtilegt þykir í báðum, og fella frumv. á þingskj. 123 inn í þetta frumv., ásamt með breytingum á þingskj. 124, og öðrum þeim breytingum, er nú skal lýst.

Vjer vildum leggja til:

1. *að* ákvæðin í 2. gr. á þingskj. 117, um fastar kaupgjaldsnefndir af hendi beggja aðilja, haldi sjer.
2. *að* síðan komi ákvæði um, að skipaður skuli hinn fasti sáttasemjari, er um getur á þingskj. 123, og verði síðan feld inn í hið endanlega frumv. ákvæðin af þessu þingskj., eftir því, sem við á. Skuli sáttasemjarinn, þegar í upphafi samninga, eiga sæti á fundum kaupgjaldsnefndanna og heyra hvað þar fer fram, án þess þó að taka þátt í samningastarfi þeirra eða gera þar um nokkrar tillögur. En þá fyrst, þegar þrautreynt er, að nefndirnar komi sjer ekki saman, skuli hann koma fram með sáttaumleitanir sínar.
3. *að* síðan komi ákvæði um það. að ef ekki næst samningar fyrir hans tilstilli, skuli málið koma í gerðardóm, er skipaður sje með þeim hætti, er segir í 4. lið (5. gr.) á þingskj. 124.
4. *að* 7. gr. á þingskj. 117 orðist svo: Tregðist vinnusalar við að hlíta dóminum, skal fjelagsskapur þeirra, sá er í hlut á, greiða dagsektir, 5 kr. fyrir hvern skrásettan fjelaga. Tregðist vinnuþegar við að hlíta dóminum, skal hver þeirra greiða í dagsektir 5 kr. á hvern þann mann, er að þessari vinnu var hjá honum, er samningar hófust eða vinnan stöðvaðist.
5. *að* aftan við 8. gr. á þingskj. 117 bætist svohljóðandi málsgrein: en þegar genginn er endanlegur gerðardómur, skal hann verka aftur í tímann, fyrir þetta tímabil, og mismuninum á kaupgjaldi, ef nokkuð er, jafnað niður eftir á.

Skulum vjer nú fara nokkrum orðum um þessar tillögur vorar.

Oss virðist eðlilegt og heppilegt, að skipaður sje fastur sáttasemjari, er jafnan sje til taks, til að reyna að koma á samningum um vinnukaup milli aðilja. En oss þykir eðlilegast, að hann fylgist með í þeim samningum þegar frá upphafi, og að ekki sje beðið með að leita hans, þar til samningatilraunir aðilja sjálfra hafa reynst árangurslausar. Virðist oss slíkt ekki vera nema

tímatöf, og teljum hins vegar, að hann muni með þessu móti hafa öllu betri aðstöðu til að koma fram með effektivar sáttaumleitanir.

Oss virðist ástæðulaust með öllu að hafa stig gerðardómsins fleiri en eitt, og leggjum því til, að í því efni verði farið eftir breytingartillögunni á þingskj. 124.

Með þessu móti virðist oss vera sameinaðir kostir beggja frumvarpanna, en sneitt hjá annmörkunum. Fyrirkomulagið er alt einfaldara, en þó engu síður effektivt, og tíminn, sem til þess færi að útkljá kaupdeilur yrði þannig með minsta móti.

Um uppástungur vorar um sektarákvæðin skulum vjer taka fram það, er hjer segir:

Vjer teljum, eins og fyr er sagt, ákvæðin í 7. gr. þingskj. 117 óframkvæmanleg. Oss þykir hæpið að halda því fram um hvern einstakan vinnusala, að hann tregðist við að hlíta dómi, þó hann taki ekki upp vinnu, og eins virðist oss hitt hæpið, að skipa megi nokkrum einstökum manni að vinna, og leggja á hann dagsektir, uns hann hlýðir þeirri skipun. Auk þess er þess að gæta, að svo er til ætlast, að fjelög vinnusala, en ekki einstakir vinnusalar, sjeu hjer að samningum, og má því segja, að þá fyrst sje fram komin fullgild sönnun um, að um tregðu sje að ræða, ef slíkt fjelag sem korporation tregðast við að taka upp vinnu, þó genginn sje gerðardómur um málið. Því virðist oss rjett, að einmitt fjelögin sjálf, en ekki einhverjir einstakir meðlimir þeirra, og þá því síður þeir, sem ekki eru meðlimir þeirra, verði fyrir sektunum. En að sjálfsögðu verður þá að miða sektirnar við eitthvað, og virðist oss rjett, að þá sje miðað við meðlimatöluna.

Um tillögur vorar um sektarákvæði vinnuþega er líkt ástatt. Ákvæðin á þingskj. 117 eru óákveðin, einnig í þessu efni, og miða þessar tillögur vorar að því, að ráða bót á því.

Vjer skulum að lokum taka það fram, að vjer leggjum mikið upp úr ákvæðum 8. gr. á þingskj. 117. Það er bersýnilegt, að það er í þágu beggja aðilja, vinnusala og vinnuþega, að ekki stöðvist vinna meðan á samningum stendur. En viðbót þeirri, er vjer stingum upp á, er ætlað að girða fyrir það, að annarhvor aðilinn dragi á langinn samningana, ef hann telur sjer hag í því. Ef þann veg er frá þessu gengið, virðist oss heldur ekki sjáanleg nokkur skynsamleg ástæða til þess, að nokkru sinni verði talin nauðsyn á að hefja verkfall eða verkbann.

Samkv. framansögðu viljum vjer leggja til, að samið verði nýtt »frumvarp til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum«, og verði frumv. á þingskj. 117 lagt til grundvallar, en felt inn í það þær breytingar og viðaukar, sem hjer hefir verið stungið upp á.

Virðingarfylst

Ólafur Thors.

G. Egilson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. **421. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun laga um skipströnd.

Flutningsm.: Jón Kjartansson og Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða hin gildandi lagaákvæði um skipströnd, og leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til laga um þetta efni.

Greinargerð.

Lögin um skipströnd eru frá 14. jan. 1876, og ýms ákvæði þeirra nú orðin úrelt og ófullnægjandi. Þykir þess vegna nauðsynlegt, að lögin verði endurskoðuð.

Ed. **422. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir orðunum »20% af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsgr. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt eða niðursoðið. Hnetur. Makrónudeig. Kaffibrauð allskonar. Kex, annað en matarkex. Lakkrís. Marsipan. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Hársmyrsl. Tilbúin blóm. Jólatrjesskraut. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Silkihattar. Floshattar. Lakkskór. Silkiskór og flosskór. Sólhlífar. Kniplingar. Silki og silkivarningur. Fiður. Dúnn. Skrautfjaðrir. Veggmyndir. Myndabækur. Myndarammar. Glysvarningur og leikföng allskonar. Flugeldar og flugeldaefni. Úr. Klukkur. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Plettvörur. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Eirvörur. Nýsilfurvörur. Nikkelvörur. Tinvörur. Spil.

B. Með 10% stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Brennisteinssýrur. Bæs. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur og hljóðfæri þau, sem talin eru í 2. gr. Hunang. Hurðarhúnar. Húsgagnafjaðrir

og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjelar og fjölritar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshanar. Viðhafnarlausir olíulampar. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

Frá 1. apríl 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Blaðgull til gyllingar. Boltar og rær. Efni til bókbands. Fiðlur. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal. Harmonía. Hnoð. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kirkjuorgel. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Piano. Sink. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Tvinni. Vefjarskeiðar. Veggalmanök með spjöldum. Vjelaþjettingar, Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og gilda til ársloka 1926.

Ed. **423. Lög**

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

(Afgreidd frá Ed. 1. maí).

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitarfjelögum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **424. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu á kolum eftir máli.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein frv. orðast svo:
   Allir þeir, sem selja gastæmd kol (koks) í landinu, skulu selja þau eftir máli, þannig, að verðið sje miðað við rúmmál þeirra, talið í hektólítrum.
2. Fyrirsögn frv. verður: Frumvarp til laga um sölu á koksi eftir máli.

Nd. **425. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 5—7 ára skeið frá því útvarpsstöð tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði fjelag til að reka útvarpið, sem hafi ekki minna en 100000 króna stofnfje, og sje að minsta kosti helmingur þess fjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.
2. Að útvarpsstöðin verði í Reykjavík eða í námunda við hana, og að afl stöðvarinnar verði ekki minna en 1,5 kw. í loftnetið. Þyki hentugra að hafa fleiri stöðvar en eina, má þó víkja frá þessu ákvæði.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur útvarpsins. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn rjettindum sjerleyfishafa.
4. Að ríkið eigi að sjerleyfistímanum liðnum kauprjett á stöðinni eða stöðvunum fyrir matsverð.
5. Að byrjað sje á útvarpinu áður en 16 mánuðir eru liðnir frá staðfesting laga þessara.

6. Að sjerleyfishafi hliti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rjett að setja, þar á meðal um viðurlög.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:

a. Að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvarinnar, er tækin eru sett niður, og síðan árlegt gjald fyrir notkun þeirra, hvorttveggja eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.
b. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá opinberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).
c. Að útvarpsfyrirtækið verði fyrstu 5 árin undanþegið greiðslu opinberra skatta og gjalda.

Nd. 426. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um mannanöfn.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. gr. Á eftir »íslensku nafni« komi: eða tveim.

Nd. 427. Þingsályktun

um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala.

(Afgreidd frá Nd. 1. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram fje úr ríkissjóði til að stækka geðveikrahælið á Kleppi og til byggingar landsspítala, og skal því fjárframlagi hagað svo, sem hjer segir:

1. Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja úr ríkissjóði alt að 100 þús. kr. til byggingar á Kleppi, þannig, að bygð sje ein hæð ofan á þann kjallara, sem þegar er fullgerður. Þingið væntir þess, að byggingunni verði svo haldið áfram og henni lokið í árslok 1927.
2. Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja alt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði til byggingar landsspítala, gegn jafnmiklu framlagi úr landsspítalasjóðnum, enda hafi á árinu 1925 verið varið til hennar að minsta kosti 100 þús. kr. úr þeim sjóði. Þingið gerir ráð fyrir, að þessu verki verði

hagað samkvæmt síðari spítalateiknun húsameistara ríkisins, með þeirri breytingu, er síðar kynni að þykja nauðsynleg og framkvæmanleg án verulegs viðbótarkostnaðar. Enn fremur ætlast þingið til þess, að verkinu verði haldið áfram á næstu árum, og byggingunni lokið í árslok 1929, ef ekki ófyrirsjáanleg fjárhagsvandræði ríkisins gera ókleift að halda henni áfram.

Þingið ætlast til, að landsstjórnin geri samning við bæjarstjórn Reykjavíkur um að fá vatn úr Laugunum endurgjaldslaust til að hita spítalann, gegn því, að landið greiði hlutfallslega kostnað við leiðsluna heim til bæjarins.

Ed. **428. Nefndarálit**

um frumv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frumv. Leggur meiri hlutinn til, að frumv. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Akvæði þessi ná þó ekki til lögreglustjóra þeirra, sem nú eru í embættum.

Alþingi, 1. maí 1925.

Sig. Eggerz, form., frsm. Ingvar Pálmason, Björn Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson. skrifari.

Ed. **429. Nefndarálit**

við frv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn fellst í aðalatriðum á lögskýringu fjármálaráðherra í umburðarbrjefi hans til sýslumanna, viðvíkjandi aukatekjum af erlendum fiskiskipum. Hann er því bæði mótfallinn frv. á þskj. 194 og brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 1. maí 1925.

Jónas Jónsson.

Ed **430. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta grandgæfilega og leggur til, að það verði samþykt eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 1. maí 1925.

Sig. Eggerz, form. Ingvar Pálmason, skrifari og frsm. Jónas Jónsson. Björn Kristjánsson.

Jóhann Jósefsson.

Ed. **431. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1923.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að deildin samþykki landsreikninginn eins og hann liggur fyrir.

Alþingi, 1. maí 1925.

Sig. Eggerz, form. Ingvar Pálmason, frsm. Björn Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Jónas Jónsson.

Ed. **432. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. maí 1925.

Sig. Eggerz, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. Björn Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Jónas Jónsson, frsm.

Ed. **433. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 4. (Aukatekjur):
   Fyrir »300000« kemur: 325000.
2. — 2. — 12. (Áfengistollur):
   Fyrir »500000« kemur: 530000.
3. — 2. — 14. (Kaffi- og sykurtollur):
   Fyrir »950000« kemur: 975000.
4. — 2. — 16. (Vörutollur):
   Fyrir »1350000« kemur: 1400000.
5. — 12. — 3. (Læknisvitjanir):
   a. Fyrir »8200« kemur: 7700.
   b. Orðin í athugasemdinni: »þó þannig — læknisvitjanastyrkur« falla niður.
6. — 15. — 18. a. (Skáldastyrkur):
   Fyrir »10000« kemur: 9000.
7. — 16. — 18. (Lendingarbætur í Grindavík):
   Aftan við liðinn bætist: $^2/_3$ kostnaðar, alt að.
8. — 18. — II. a. 6. Nýr liður:
   Til Halldórs Briems, bókavarðar, 960.

Nd. **434. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um að fresta veitingu nokkurra embætta.

Frá Aug. Flygenring og Þórarni Jónssyni.

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti og sýslanir, sem losna og hún telur unt að komast af án, fyr en Alþingi hefir gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um niðurlagning þeirra eða sameining við annað embætti eða sýslan.
2. Fyrirsögnina skal orða svo:
   Tillaga til þingsályktunar um frestun embættaveitinga og sýslana.

Ed. **435. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.

Ed. **436. Frumvarp**

til laga um slysatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn, þá er hjer greinir:
   a. Farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
   b. Fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum, er stunda fiskiveiðar 1 mánuð í senn á ári eða lengur.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaup í þeim atvinnugreinum, sem hjer eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsvinna og vöruflutningar í sambandi þar við.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, námugröftur, enn fremur fiskverkun, ísvinna og vinna við rafmagnsleiðslur, þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvjelar eru notaðar að staðaldri.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum, nema um venjuleg bæjarhús eða útihús í sveitum sje að ræða.
   d. Vegagerð, brúargerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar og viðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu tryggðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið, ráðið að opinberri tilhlutun.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., að starfið sje rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfjelags, eða þá

einstaklings eða fjelags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þótt það sje framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.

Tryggingin samkvæmt 2. tölul. nær ekki til skrifstofufólks, nema það taki einnig beinan þátt í verklegum störfum fyrirtækisins.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning, bera ábyrgð á því, að þeir sjeu trygðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

Ef ágreiningur verður um, hvort fyrirtæki sje tryggingarskylt, hver skuli skoðast sem atvinnurekandi eða hverjir falli undir trygginguna, skal Slysatryggingin skera úr því, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

2. gr.

Trygginguna samkv. 1. gr. annast stofnun, sem nefnist »Slysatrygging ríkisins«. Er henni stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Hefir stjórnarráðið yfirumsjón með stjórn Slysatryggingarinnar, og greiðist kostnaðurinn við hana úr ríkissjóði. Til stjórnarkostnaðar telst eigi borgun til nefndar þeirrar og fulltrúa, sem ræðir um í 18. gr.

3. gr.

Þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er trygður í, veitir Slysatryggingin bætur samkvæmt eftirfarandi reglum.

Sjómenn eru trygðir fyrir slysum á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

4. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal Slysatryggingin greiða þær bætur, sem hjer segir:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 4 vikur, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður aftur vinnufær eða úrskurður er feldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó aldrei lengur en í 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð.
b. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 4000 kr., og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en að $^1/_6$ hluta.

5. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því, að það bar að höndum, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum dánarbætur 2000 kr.

Rjett til dánarbótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og þau verið samvistum, þegar það vildi til, eða hafi konan notið framfærslueyris frá manninum. Hafi þau eigi verið samvistum og konan eigi notið framfærslueyris frá manninum, er það á valdi Slysatryggingarinnar að skera úr, hvort hún skuli fá bæturnar að öllu eða nokkru leyti eða alls ekki.

   Ef gift kona deyr af slysi, fær ekkillinn bæturnar eftir sömu reglum sem ekkja.
2. Börn hins látna, skilgetin eða óskilgetin, hafi þau verið á hans framfæri þegar slysið varð. Sama gildir og um fósturbörn.
3. Foreldrar hins látna. Nú hefir að eins annað foreldri hans að nokkru eða öllu leyti á hendi framfærslu systkina hans í ómegð, og fær það þá allar dánarbæturnar, enda hafi hinn látni ekki dvalið á vegum hins foreldrisins nje veitt því fjárhagslegan stuðning með atvinnu sinni. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.
4. Systkini hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum reglum, ef sjerstaklega stendur á.

Hljóti ekkja eða ekkill dánarbæturnar, skal að auki greiða 200 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 400 kr., er ekkja fær dánarbæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 200 kr. í viðbót. Þó skal engin viðbótarupphæð greidd, ef eitt barn fær dánarbæturnar.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkv. 4. gr. b.

6. gr.

Til þess að standast útgjöld Slysatryggingarinnar önnur en þau, sem nefnd eru í 2. gr., skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem trygðir eru, til útgjalda.

Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skifta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sjerstök iðgjaldsupphæð fyrir hvern trygðan mann í þeim flokki, miðuð við tímalengd (klukkustund, dag, viku, mánuð eða ár), og skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem Slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiftinguna í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingu á skiftingunni í áhættuflokka og á iðgjöldunum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sjerstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur Slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

7. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem trygðir eru samkvæmt 1. gr. 1, reiknast eftir vikum, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og telst frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráningin fer fram skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr. 1) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn vjelbáta minni en 5 lestir greiða að eins $^4/_5$ og útgerðarmenn róðrarbáta $^7/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

Skráningarstjóri sendir Slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

8. gr.

Nú forfallast slysatrygður skipverji, og gengur ótrygður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáts getur trygt ákveðna tölu skipverja, ef sjerstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

9. gr.

Sjerhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 1. gr. 2., skal, þegar lög þessi ganga í gildi, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra) tvíritaða tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er Slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða iðgjaldagreiðslu þess. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skift að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir Slysatryggingunni. Verkamenn skoðast trygðir frá þeim

tíma, er lögin ganga í gildi eða fyrirtækið byrjar, hvort sem það hefir verið tilkynt eða ekki.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrár á þann hátt, sem Slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast iðgjöldin við þær, en lögreglustjóri sjer um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. má taka lögtaki.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir. Af iðgjöldum samkvæmt 9. gr. greiðast 6% í innheimtulaun. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

11. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæti auk þess sektum.

12. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má, að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda svo fljótt sem auðið er lögreglustjóra, eða hreppstjóra áleiðis til lögreglustjóra, tilkynningu um slysið í því formi, sem Slysatryggingin skipar fyrir um. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rjett til bóta frá Slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til Slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Getur lögreglustjóri, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, haldið próf í málinu.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

13. gr.

Undir eins og Slysatryggingunni hafa borist nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur við ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiða samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir mist af vinnuafli sínu. Eru þá örorkubætur ákveðnar.

14. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum, og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt þær bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögunum, nje leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

15. gr.

Eigandi tryggingarskylds fyrirtækis má tryggja sjálfan sig, ef hann óskar þess, með verkamönnum sínum og með sömu skilmálum. Ennfremur getur hann krafist þess, að aðrir þeir, sem starfa við fyrirtækið, en eru eigi tryggingarskyldir, sjeu látnir falla undir trygginguna.

16. gr.

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í Slysatryggingunni á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist þá hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

17. gr.

Þeir, sem stunda einhverja þá atvinnu, er nefnd er í 1. gr. 2., en ekki eru tryggingarskyldir, hafa rjett til að tryggja verkamenn sína og einnig sjálfa sig gegn slysum hjá Slysatryggingunni, með sömu kjörum sem tryggingarskyld fyrirtæki sömu tegundar. Ef vafi er á, til hvaða áhættuflokks slíkt fyrirtæki skuli telja, sker Slysatryggingin úr því.

18. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiftingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifjelag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verslunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur skipar. Ef stofnaður verður almennur fjelagsskapur meðal atvinnurekenda í mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiftingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rjett til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar. Sama rjett hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum Slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist, að Slysatryggingin standi í skilum. Þær fjárhæðir, er ríkissjóður kynni að greiða samkvæmt þessu, skulu endurgoldnar ríkissjóði jafnskjótt sem Slysatryggingin verður þess megnug.

20. gr.

Slysatrygging ríkisins tekur við eignum og skuldbindingum Slysatryggingarsjóðs sjómanna. Að öðru leyti eru lög nr. 32, 27. júní 1921, úr gildi numin.

21. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar og þeirra 2 fulltrúa, er um getur í 18. gr., ef útnefndir hafa verið.

Í reglum þessum má undanþiggja tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem til hagar og þörf krefur.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna til Slysatryggingarinnar. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Ed. **437. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingaskólahalds í sýslum landsins.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Ed. **438. Nefndarálit**

um frumv. til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. [Herpinótaveiði].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta var flutt í háttv. neðri deild og samþykt þar með allmiklum meiri hluta atkv. Nefndin hefir nú athugað ástæður þær, er flutningsmenn hafa fært fyrir frv. þessu, og getur fallist á þær í öllum aðalatriðum, og leggur því til, að það verði samþykt.

Alþingi, 2. maí 1925.

Björn Kristjánsson,	Ingvar Pálmason,	Jóhann Þ. Jósefsson,
form.	frsm.	skrifari.

Nd. **439. Frumvarp**

til laga um sölu á koksi eftir máli.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir þeir, sem selja gastæmd kol (koks) í landinu, skulu selja þau eftir máli, þannig, að verðið sje miðað við rúmmál þeirra, talið í hektólítrum.

Ákvæði þetta tekur ekki til sölu í heilum skipsförmum eða hluta úr þeim, er koma til landsins frá útlöndum.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, frá 100—500 krónum, er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **440. Þingsályktun**

um frestun embættaveitinga og sýslana.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti og sýslanir, sem losna og hún telur unt að komast af án, fyr en Alþingi hefir gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um niðurlagning þeirra eða sameining við annað embætti eða sýslan.

Nd. **441. Nefndarálit**

um frv. til. laga um framlenging á gildi laga nr 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frv. þetta og breytingartillögur, sem komnar eru fram við það á þskj. 393.

Nefndin er á einu máli um, að gengisnefndin eigi að starfa áfram, eins og frv. gerir ráð fyrir, og getur einnig fallist á þá meginhugsun, sem felst í brtt. á þskj. 393, að leggja eigi aðaláhersluna á að festa gengi íslensku krónunnar og fara varlega í hækkun hennar. Nefndin getur því fallist á brtt. að því leyti, sem hún stefnir að þessu, og á hitt, að fulltrúar aðalatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, eigi sæti í nefndinni.

Hins vegar verður nefndin að líta svo á, sem óeðlilegt sje, að þessir nýju nefndarmenn eigi atkvæðisrjett um gengisskráninguna sjálfa, þar eð þeir hafa enga aðstöðu til að kaupa þann gjaldeyri, sem býðst með því verði, sem nefndin ákveður, en það verða bankarnir að gera.

Þess vegna leggur nefndin til, að vald hinna nýju nefndarmanna nái ekki til sjálfrar gengisskráningar, en þeir hafi um hana að eins ráðgefandi atkvæði, en telur hins vegar, að öll nefndin eigi að taka alvarlega til athugunar, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, verði að því ráði horfið að festa endanlega gengi íslenskrar krónu og gera hana innleysanlega með gulli, t. d. einhversstaðar nálægt því gullgildi, sem hún hefir nú, og beri fram tillögur sínar um það fyrir næsta Alþingi.

Nefndin getur fallist á þá skipun, sem brtt. fer fram á um val aðilja í nefndina, og ennfremur að af þessari breyting nefndarinnar leiði, að ríkissjóður greiði $^{5}/_{6}$ kostnaðar við nefndarstörfin.

Tillögur nefndarinnar eru því þær, að frv. sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við brtt. á þskj. 393.
   Niðurlag b-liðar orðist svo:
   Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett í nefndinni um gengisskráninguna.
   Nefndin er bundin þagnarskyldu.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: og breyting á þeim lögum.

Alþingi, 2. maí 1925.

Kl. Jónsson, form. og frsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Sveinn Ólafsson.

Björn Líndal. Halldór Stefánsson.

Við undirritaðir sjáum ekki ástæðu til þess að breyta til um fyrirkomulag nefndarinnar frá því, sem verið hefir. Hins vegar virðist sanngirni mæla með því, að einnig væri tekið tillit til hagsmuna neytenda, á sama hátt og framleiðenda, ef fjölga ætti mönnum í nefndinni. Leggjum við því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

D. u. s.

Jakob Möller. Magnús Jónsson.

Nd. **442. Nefndarálit**

um frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir að mestu leyti orðið sammála um að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frv. með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Ný grein, sem verður 1. gr.
   Bannað er að láta graðhesta $1^1/_2$ árs og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi heimila.
2. Við 1. gr., sem verður 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í þeim hjeruðum eða sýslum, þar sem ekki eru samþyktir um kynbætur hrossa, skal í hreppi hverjum vera hrossakynbótanefnd skipuð 3 mönnum. Um kosningu í nefndina gilda sömu ákvæði sem um kosningu í sveitarstjórn.
3. Við 2. gr., sem verður 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin hafa gert hreppsbúum það kunnugt fyrir lok marsmánaðar.
   Heimilt er hrossakynbótanefnd að gera undanþágu frá ákvæðum 1. gr., um vörsluskyldu graðhesta, sem hún hefir valið til undaneldis.
4. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Greinin orðist svo:
   Alla graðhesta, sem hrossakynbótanefnd hefir valið til undaneldis, skal merkja með því að klippa Kh hægra megin á lend þeirra; skal endurnýja merkið svo oft sem þarf til þess, að það sje ávalt glögt.
   Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis hrossakynbótanefndar, þá varðar það sekt. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.
5. Við 4. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist svo:
   Alla aðra graðhesta $1^1/_2$ árs og eldri en þá, sem ætlaðir eru til undaneldis samkvæmt 4. gr., skal gelda fyrir 21. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki eru þá kynþroska, skal gelda svo fljótt sem verða má.
   Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn, og skal hann þá sekt gjalda og skaðabætur, ef tjón hlýtst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.
6. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hittist graðhestur merktur Kh hægramegin á lend, gæslulaus án

heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann er valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og á fóður — ef þörf gerist — á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera honum aðvart svo fljótt sem unt er; sje hestsins ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður innan 6 vikna frá því að hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

Sama gildir um graðhesta, sem verðlaun hafa hlotið á hjeraðasýningum, sem styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, enda sjeu þeir merktir á sama hátt og aðrir kynbótahestar.

7. Við 6. gr., sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—300 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brot verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem sakborningur á heima.

8. 7. grein verður 8. gr.

9. Við 8. gr., sem verður 9. gr.

Í stað »kynbótanefndir« komi: hrossakynbótanefndir.

10. Við 9. gr., sem verður 10. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Alþingi, 2. maí 1925.

Pjetur Þórðarson, form., frsm. Árni Jónsson, fundaskr. Hákon Kristófersson.

Halldór Stefánsson. Magnús Torfason, með fyrirvara.

Nd. **443. Tillaga**

til þingsályktunar um einkasölu ríkisins á steinolíu.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta ekki einkasölu ríkisins á steinolíu án samþykkis Alþingis.

Greinargerð.

Þinginu hafa borist fjölmargar áskoranir frá þingmálafundum um alt land um, að einkasölu á steinolíu verði haldið áfram, og vilja flutningsmenn með tillögunni tryggja það, að einkasalan verði ekki feld niður, nema til komi ályktun Alþingis, enda var tilætlun þingsins 1917, sem einkasöluheimildina samþykti, sú, að Alþingi sjálft skyldi skera úr um þetta atriði.

Nd. **444. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við tölulið 2. Fyrir orðin »ekki minna en 1,5 kw. í loftnetið« kemur: alt að 1,5 kw. í loftnetið, enda dragi stöðin um land alt.
2. Við staflið a. Orðin »sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki« falla niður.
3. Við staflið c. Orðin »fyrstu 5 árin« falla niður.

Nd. **445. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 2. gr. A. Fyrir »50—75%« komi: 25—75%.
B. Aftan við greinina bætist:
Önnur lyf en áfengi, sem verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

Ed. **446. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Á eftir 2. gr. frumv. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi ná ekki til lögreglustjóra þeirra, sem nú eru í embættum.

Greinatalan breytist samkvæmt því.
Breytingartillaga á þskj. 428 er jafnframt tekin aftur.

Ed. **447. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *fjármálaráðherra.*

1. Við 5. gr. 3. Nýr liður:
Úr viðlagasjóði, til jafnaðar við eftirgjafir lána 37666,67

2. a. Við 12. gr. 1.
Fyrir »285000« kemur 287000
og aftan við komi svofeld athugasemd:
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.

b. Við 12. gr. 5. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði):
Liðurinn falli burt.

II. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 12. gr. 6. a. (Augnlækningar):
Liðinn skal orða svo:
Styrkur til Guðmundar Guðfinnssonar, augnlæknis í Reykjavík... 1000

III. Frá *dóms- og kirkjumálaráðherra.*

Við 12. gr. 17. a. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi... 100000

IV. Frá *Eggert Pálssyni.*

Við 13. gr. B. X. (Bifreiðaferðir):
Fyrir »2000« kemur 3000

V. Frá *Sigurði Eggerz* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 13. gr. D. IV. 4.
Síðari málslið athugasemdarinnar skal orða svo:
Ennfremur er henni falið að leita samninga um skeytasamband við umheiminn, frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er lokið, enda taki Alþingi fullnaðarályktun um málið.

VI. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 14. gr. B. V. b. 7. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni mötuneytis skólans, enda verði búsáhöld mötuneytisins eign hans 3000

VII. Frá *mentamálanefnd.*

Við 14. gr. B. VIII. 2. Nýr liður:
a. Breyting og aðgerð á Staðarfellshúsinu 1800

b. Eldavjel, sem er um leið miðstöð fyrir alt húsið 3000
c. Rekstrarstyrkur til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð skólans 3000

VIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. IX. c. Nýr liður:
Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs náms erlendis 4000
Af fje þessu skal Jón Gunnarsson frá Blöndubakka fá 1000 kr. til að ljúka vegfræðinámi.

IX. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. XIII. 5. Nýr liður:
Til fræðslumálarits 800

X. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni h/f Hvítárbakka, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðseign 18666,66

XI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 4. Liðinn skal orða svo:
Til að reisa nýjan hjeraðsskóla í Árnes- eða Rangárvallasýslu, alt að $^2/_5$ kostnaðar 20000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ein eða fleiri sýslur taki þátt í stofnun og rekstri skólans, enda verði skólinn hjeraðseign. Skólastaður, áætlun og teikning skal vera samþykt af stjórnarráðinu í samráði við húsameistara og landlækni.
2. Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Ferðastyrkur til tveggja manna, til þess að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors og flytja þar fyrirlestra af Íslendinga hálfu 1200

XII. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara 1200
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að hann kenni alt að 6 mönnum á ári, sem heima eiga utan Reykjavíkur, að leika á fiðlu, og skulu kennaraefni sitja fyrir, er hann tekur nýja nemendur.

XIII. Frá *Eggert Pálssyni.*
Við 16. gr. 2. (Sandgræðsla):
Fyrir »18000« kemur 23000

XIV. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 16. gr. 18. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu, enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík 16000

XV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 16. gr. 21. Liðinn skal orða svo:
Til fiskifulltrúa á Spáni, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að 6000

XVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 16. gr. 32. (Þór):
Fyrir »35000« kemur 40000
2. Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til að gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum og til að standast kostnað við undirbúning þess verks, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 9000

XVII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 17. gr. 10. (Stórstúka Íslands).
Fyrir »6000« kemur 8000

XVIII. Frá *Sigurði Jónssyni.*
Við 18. gr. II. i. 3. Nýr liður:
Til Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500

XIX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. 7. (Lán Kristjáns Linnets):
Á eftir orðinu »embættisbústað« komi: gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XX. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 25. gr. III. Nýr liður:
Að ábyrgjast alt að 100000 kr. lán til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavík, gegn öðrum veðrjetti í húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á fyrsta veðrjetti. Ábyrgðin nær ekki nema til $^1/_3$ byggingarkostnaðar. (Endurveiting).

XXI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 25. gr. III. Nýr liður:
Að ábyrgjast alt að 100 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, til rafmagnsveitu (endurveiting sbr. fjárlög 1924), gegn þeim tryggingum af hálfu hreppsins, er stjórnin metur gildar.

XXII. Frá *mentamálanefnd.*

Við 25. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 15 þús. króna lán til forstöðukonu húsmæðraskóla á Staðarfelli, til að kaupa áhöfn á skólajörðina, gegn endurtryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

XXIII. Frá *Halldóri Steinssyni* og *Eggert Pálssyni.*

Við 25. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 30 þús. kr. lán fyrir Halldóru Bjarnadóttur, til þess að koma á fót verslun með heimilisiðnaðarvörur, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XXIV. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 25. gr. Greinin (I.—III.) falli burt.

Nd. **448. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. tölulið. Í stað »1,5 kw.« komi: 1,1 kw.

Ed. **449. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 16. gr. 37. Nýr liður:

Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að 5000

Ed. **450. Breytingartillaga**

við frv. til laga um slysatryggingar.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. gr. 1. b. Fyrir »1 mánuð« komi: 1 viku.

Nd. **451. Lög**

um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí).

1. gr.

Í heimspekisdeild Háskóla Íslands skal auk þriggja prófessora vera einn dócent. Dócentinn kennir málfræði og sögu íslenskrar tungu í sambandi við almenna málsögu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1925.

Nd. **452. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. (Sauðfjárbaðanir).

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi og Tryggvi Þórhallsson.

Á eftir orðunum »með ráði dýralæknis« í 1. gr. laganna kemur:

Þó má með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins einnig nota Coopers baðlyf.

Greinargerð.

Víðsvegar af landinu, og einkum úr kjördæmum okkar flutningsmanna, hafa þinginu borist áskoranir um að setja lög þess efnis, er frv. þetta fer fram á, og má svo segja, að það sje alþjóðarvilji, en hann styðst við reynslu manna sjálfra í þessum efnum.

Nd. **453. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þingskj. 420 (Sáttatilraunir í vinnudeilum).

Frá Jóni Kjartanssyni og Árna Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna »stjórnir Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands kjósa í sameiningu« komi: Hæstirjettur tilnefnir.

Nd. **454. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta vandlega og rætt það á mörgum fundum, og hefir meiri hluti nefndarinnar komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að gera það að lögum.

Það virðast vera allar horfur á því, að tóbakseinkasala ríkisins verði lögð niður frá næstu áramótum. Eru því enn minni líkur til þess nú, að samkomulag náist um að sameina víneinkasöluna og landsverslun en í fyrra, er það var felt í efri deild. Sjer meiri hlutinn því ekki til neins að brydda upp á því nú.

Á öllum vínanda, sem til landsins er fluttur, er nú þegar mjög hár tollur, að gengisviðauka meðtöldum kr. 6.25 á lítra; virðist meiri hlutanum, með tilliti til þess, að mjög mikið af þessum vínanda er notað til lyfjatilbúnings og annara nauðsynja, ekki á það bætandi. Nefndin hefir aflað sjer upplýsinga um það, hver áhrif sú verðhækkun á vínanda, sem af frv. leiddi, ef það yrði að lögum, mundi hafa á verðlag lyfja þeirra, sem vínandi er notaður í, og komist að raun um það, að verð slíkra lyfja mundi þá hækka um alt að 40%. Hinsvegar hefir nefndin ekki getað fundið ráð til þess að greina í þessu efni á milli vínanda til lyfjatilbúnings og til annarar notkunar. En þó að vafalaust sje um allmikla misnotkun lyfjaáfengis að ræða, telur meiri hluti nefndarinnar ekki fært að stofna til svo stórfeldrar verðhækkunar á nauðsynlegum lyfjum, þó að með því mætti takast að hamla að einhverju leyti þessari misnotkun, og jafnframt afla ríkissjóði nokkurra tekna. Til þess að hamla misnotkun lyfjaáfengis mundi líka vafalaust vænlegra til góðs árangurs að setja strangari reglur um áfengislyfsöluna. Því til stuðnings má benda á það, að á þann hátt hefir Norðmönnum tekist að draga stórkostlega úr áfengissölu lyfjabúðanna.

Alþingi, 4. maí 1925.

Kl. Jónsson, form., með fyrirvara.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.
Magnús Jónsson.	Björn Líndal.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.

Jeg tel 25% álagningu á áfengi til lækna og lyfjabúða skifta svo litlu fyrir neytendur lyfjanna alment, að ekki sje horfandi í að lögleiða þetta gjald, til þess að ná tekjum af öllu því áfengi, sem þessa leið fer og ekki er í lyfjablöndur notað, en ýmislega látið úti og sumpart eflaust misbrúkað.

Engin meginregla er með því brotin um ívilnanir við neytendur lyfja.

Ríkissjóður tekur nú 6,25 kr. toll af hverjum lítra vínanda, sem til lyfja fer, og læknum og lyfsölum leyfist að leggja 50% á þessar vörur í útsölu. Hækkun lyfjaverðsins verður því ekki mikil við þessa álagningu.

Læknar og lyfsalar fá nú lítrann frá áfengiseinkasölunni fyrir 9 kr. (innkaupsverð, tollur, kostnaður). Með 50% álagningu til neytenda í lyfjablöndu verður hann því 13.50 kr. Ef áfengiseinkasalan legði á 25%, mundi verðið til læknа og lyfsala verða 11.25 kr., og útsalan frá þeim eftir fyrnefndri álagningu 16.87 kr. Lítrinn yrði þannig neytendum 3.87 kr. dýrari en nú er hann. Hinsvegar ætti 1 lítri af vínanda til lyfja að kosta 2.75 kr., ef ekki væri um neinn toll að ræða eða álagningu til ríkissjóðs, lækna eða lyfsala; þess vegna mundi 25% álagning eftir frv. að eins nema rösklega $^1/_4$ af allri álagningu á vínandann, en $^1/_5$ af verði hans. Eftir úthlutun vínanda til ýmsra læknishjeraða má sjá, að víða er lítið brot úr lítra, eða 50—60 grömm, ætlað fyrir mann hvern, og af skýrslum lyfjaeftirlitsmanns má ráða, að alls fari um 12—15 þúsundir lítra á ári í lyfjablöndur í landinu af ca. 40000 lítrum, sem inn er flutt og aðallega fer til lyfjabúðanna.

Ólíklegt er mjög, að lítrum skifti vínandi í lyf nokkurs sjúklings á ári, þar sem meðaltalsnotkun í landinu virðist $^1/_7$ eða $^1/_8$ lítra á mann, og getur því ekki verið um sjerstaklega þung útgjöld að ræða fyrir neytendur lyfja af 25% álagningu á vínandann til lækna og lyfjabúða.

Aftur virðist augljóst, að álagning þessi veitti ríkissjóði 60—70 þús. kr. tekjur, jafnvel þótt miðað sje við það, að $^1/_4$ af öllum vínanda sje notaður til iðnaðar og seldur, eins og nú tíðkast, með hækkuðu verði.

Eftir framansögðu legg jeg því til, að frv. verði samþykt með þeim breytingum á 2. gr., að í stað »50« komi: 25, og að aftan við greinina bætist, að án hagnaðar selji verslunin læknum og lyfsölum önnur lyf en áfengi.

D. u. s.

Sveinn Ólafsson.

Ed. **455. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 5—7 ára skeið frá því útvarpsstöð tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði fjelag til að reka útvarpið, sem hafi ekki minna en 100000 króna stofnfje, og sje að minsta kosti helmingur þess fjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.
2. Að útvarpsstöðin verði í Reykjavík eða í námunda við hana, og að afl

stöðvarinnar verði alt að 1,5 kw. í loftnetið, enda dragi stöðin um land alt. Þyki hentugra að hafa fleiri stöðvar en eina, má þó víkja frá þessu ákvæði.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur útvarpsins. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn rjettindum sjerleyfishafa.
4. Að ríkið eigi að sjerleyfistímanum liðnum kauprjett á stöðinni eða stöðvunum fyrir matsverð.
5. Að byrjað sje á útvarpinu áður en 16 mánuðir eru liðnir frá staðfesting laga þessara.
6. Að sjerleyfishafi hlíti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rjett að setja, þar á meðal um viðurlög.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:
a. Að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvarinnar, er tækin eru sett niður, og síðan árlegt gjald fyrir notkun þeirra, hvorttveggja eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.
b. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá opinberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).
c. Að útvarpsfyrirtækið verði undanþegið greiðslu opinberra skatta og gjalda.

Ed. **456. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 13. gr. B. X. (Bifreiðaferðir).
Athugasemdina skal orða svo:
Styrk þessum skal úthluta þannig, að $^3/_5$ verði til flutninga vegna Rangæinga, en $^2/_5$ vegna Árnesinga. Sýslumenn þessara hjeraða úthluta styrknum til þeirra bifreiðafjelaga, sem halda uppi reglubundnum ferðum til vöruflutninga milli Reykjavíkur og Garðsauka, Húsatófta og Torfastaða, í hlutfalli við vörumagn það, er telja má að hvert fjelag hafi flutt.

II. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. III. b. 9. (Kenslubækur mentaskólans).
Fyrir »2000« kemur 2500

III. Frá *Guðmundi Ólafssyni og Hirti Snorrasyni.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til dr. Guðbrands Jónssonar, til þess að vinna að menningarsögu Íslands í kaþólskum sið 1200

IV. Frá *Hirti Snorrasyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Til Sigurborgar Kristjánsdóttur, til að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors 400

V. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. c. 4. (Uppgjafaprestar). Nýr liður:
Til Guttorms Vigfússonar 600

Ed. **457. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarpið um einkasölu á tóbaki, sem náði samþykki Alþingis 1921, var samkv. greinargerð þess borið fram til þess að afla ríkissjóði tekna á þennan hátt.

Í framsögu tók þáverandi fjármálaráðherra það fram, að frv. væri borið fram einungis í þessu skyni.

Málið mætti þá þegar mikilli mótspyrnu, andmælendur þess bentu rjettilega á það, að tekjuaukanum í ríkissjóð mætti ná á eðlilegri og auðveldari hátt með því að hækka tóbakstollinn; hitt væri hvorki þarft nje nauðsynlegt, að ríkið tæki að sjer verslun með þessa vöru og gengi þannig lengra í einokunaráttina en orðið væri. —

Eins og kunnugt er, gekk málið fram, þó tæpt stæði í Nd., og hefir ríkið nú haft á hendi tóbaksverslunina í 3 ár.

Á stríðsárunum varð ríkið, sökum hins óvenjulega ástands, er þá ríkti, að taka í sínar hendur mikið af verslun landsins, og er ekki ósennilegt, að það hafi meðal annars haft áhrif í þá átt að hneigja hugi manna á þinginu 1921 að því ráði að bæta úr hinni brýnu tekjuþörf ríkisins með því að láta landið taka að sjer tóbaksverslunina.

Verslun og viðskifti færast nú óðum í samt lag eftir ófriðinn og afleiðingar hans; er þess því engin þörf, að ríkið hafi verslunarrekstur með höndum.

Að því er snertir þá vörutegund, er hjer ræðir um, virðist auðvelt að ná tilgangi stjórnarfrv. frá 1921, þeim að afla ríkissjóði tekna, þó tóbakseinkasalan sje lögð niður, ef tóbakstollurinn er um leið hækkaður sem því svarar, að hann skili til ríkissjóðs svipaðri upphæð árlega eins og tollur og verslunararður af tóbakseinkasölunni hefir gefið af sjer að meðaltali þessi 3 ár, sem hún hefir staðið.

Frumv. á þingskjali 55, sem Nd. Alþingis hefir nú samþykt, fer í þá átt, að breyta fyrirkomulaginu á þennan hátt.

Greinargerð frv. sýnir ljóslega fram á það, að ríkissjóður mun einskis í missa, nje heldur varan að verða neytendum dýrari, þó tóbakseinkasalan sje lögð niður, ef tollurinn á tóbaki er hæfilega hækkaður.

Meðalárstekjur ríkissjóðs af einkasölunni (tollur og verslunararður) þau þrjú ár, sem hún hefir staðið, hafa orðið ca. kr. 649000. —

Tolltekjur ríkissjóðs af tóbaksvörum á sama tíma, miðað við innflutt vörumagn, hefðu orðið með þeim tolli, er frv. gerir ráð fyrir, ca. kr. 650000 að meðaltali ár hvert.

Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að innflutningur á þessum vörum, sem hefir minkað mikið síðan einkasalan hófst, muni aukast að mun, ef verslunin verður gefin frjáls, og að tolltekjurnar verði þannig talsvert meiri en gert er ráð fyrir, þegar miðað er við innflutning hinna þriggja umræddu ára.

Að öðru leyti vill meiri hlutinn láta þess getið, að hann er eindreginn á móti ríkiseinokun á verslun yfir höfuð, nema svo standi á, að einokun sje þegar á komin, eins og ástatt var er ríkiseinokun á steinolíu var lögleidd, eða af algerlega sjerstökum ástæðum eins og þeim, sem fyrir lágu er einokunin á vínsölunni var leidd í lög.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1925.

Sig. Eggerz, form.	Björn Kristjánsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. **458. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á stjórnina að halda uppi landhelgisgæslu fyrir Austurlandi.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að halda uppi landhelgisgæslu fyrir Austfjörðum þegar á þessu ári, að minsta kosti á tímabilinu frá 1. september til nóvembermánaðarloka.

Ástæður.

Fyrir Austurlandi, sem og annarsstaðar kringum land, er ágangur botnvörpuskipa á landhelgi allmikill. Eru sjerstaklega mikil brögð að slíkum ágangi á vissum tímum árs. Úti fyrir Austur-Skaftafellssýslu er það einkum á tímabilinu frá 15. mars til maíloka, sem botnvörpuskipin sækjast eftir að geta veitt í landhelgi, því að á þeim tíma gengur fiskur oftast mjög grunt þar eystra. Því til sönnunar má benda á, að oftar en einu sinni hafa þessi skip

strandað þar á söndunum með vörpuna úti. Fyrir Austfjörðum er það aftur á móti sjerstaklega á tímabilinu frá 15. ágúst til áramóta, sem ágengni botnvörpunganna á landhelgi er mest, þó einkum kringum Gerpi, Glettinganes og meðfram Langanesi að austan, alt inn að Viðvíkurbjörgum.

Undanfarin ár hefir alls engin landhelgisgæsla verið framkvæmd á þessu svæði, og ekki er vitanlegt, að landsstjórnin hafi gert neinar ráðstafanir til slíkrar landhelgisgæslu. Nú þegar ríkið hefir tekið Þór, að minsta kosti að nokkru leyti, í sína þjónustu til landhelgisgæslu, má fyllilega vænta þess, að þessi hluti landhelginnar verði varinn álíka og aðrir fiskisælir staðir kringum landið, sjerstaklega þegar þess er gætt, að á Austfjörðum er útvegur að mjög verulegum hluta rekinn á smábátum, sem aðallega stunda veiðar innan landhelgi, og mikill fjöldi manna á lífsbjörg sína og afkomu undir því, að fiskimiðin sjeu ekki eyðilögð af yfirgangsseggjum útlendum nje innlendum. Suður-Múlasýsla hefir um langt skeið verið tekjudrýgsta sýslan á landinu fyrir ríkissjóð, þegar frá eru dregnir kaupstaðirnir, en allmikill þáttur tekjustofnsins er einmitt smábátaútvegurinn í sýslunni. Það virðist því mjög kröftug sanngirniskrafa standa að baki þessarar þingsályktunartillögu og allar ástæður mæla með, að hún verði samþykt.

Ed. **459. Frumvarp**

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 (Seðlaútgáfa).

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir »1923« í 1. gr. laganna komi: 1926.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Seðlar þeir, er gefnir verða út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði og eru manna milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Landsstjórnin ákveður lögun og útlit seðlanna og upphæð þá, er hver einstakur seðill hljóðar um. Um seðla þessa gilda ákvæði 5. gr. laga nr. 14, 18. sept. 1885.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með því að sýnt þykir, að frv. til laga um Landsbanka Íslands verði ekki útrætt á þessu þingi, þykir nauðsyn að framlengja enn um eitt ár, eða til 1. júní 1926, frest þann, sem löggjafarvaldið hefir sett sjer upphaflega með

lögum nr. 6, 31. maí 1921, til þess að ákveða, hversu seðlaútgáfu ríkisins skuli komið fyrir framvegis. Jafnframt þykir og nauðsynlegt að ákveða, að seðlar þeir, sem settir verða í umferð samkvæmt 1. gr. laga nr. 7, frá 1922, skuli vera löglegur gjaldeyrir, að stjórnin ákveði gerð þeirra, og að sömu ákvæði gildi gagnvart fölsun þeirra, sem um seðla Landsbankans samkvæmt lögunum frá 1885. Miðar efni frv. að þessu.

Nd. 460. Nefndarálit

um frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir eigi getað orðið ásátt um breytingartillögur við frv. þetta. Telur meiri hlutinn þörf á miklu víðtækari breytingum heldur en minni hluti nefndarinnar. Skal hjer vikið að hinum helstu breytingum, sem meiri hlutinn vill, að verði á frv. Stærstu efnisbreytingarnar eru tvær.

Eftir núgildandi lögum þurfa iðnaðarmenn eigi verslunarleyfi til þess að selja iðnvörur sínar, þótt þeir hafi búð til þess að selja þær í. Eftir frv. þurfa iðnaðarmenn og iðnaðarfyrirtæki bæði að kaupa verslunarleyfi og greiða árgjald, ef þeir hafa opna búð.

Meiri hluti nefndarinnar vill eigi fallast á þetta. Telur ekki rjett að íþyngja innlendum iðnaði, svo sem gert væri með þessu. Hefir það og jafnan verið stefna þingsins að hlynna að iðnaði í landinu. Flytur meiri hlutinn breytingartillögu við 1. gr. frv., í þá átt, að undanskilja lögum þessum sölu á innlendum iðnaðarvörum. Helst þá sá rjettur iðnaðarmanna óbreyttur, er þeir hafa nú.

Hin aðalbreytingin er sú, að fella niður úr frv. rjett kaupmanna, er smásölu reka, til að hafa fleiri en eina sölubúð í sama verslunarstað. Það er heldur ekki heimilt eftir núgildandi lögum.

Lítur meiri hlutinn svo á, sem þetta mundi ýta undir einokun stærri kaupsýslumanna, og er þó síst á bætandi.

Ber meiri hlutinn því fram gagngerða breytingu á 3. málsgrein 10. greinar.

Nokkrar minni háttar efnisbreytingar vill meiri hlutinn og gera á frv., þar á meðal á 11. gr., um sveitaverslunarleyfi.

Fyrir þessu, svo og hinum ýmsu tillögum til orðabreytinga á frv., verður gerð nánari grein í framsögu.

Tillaga meiri hlutans er sú, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað »Tilboðasöfnunar — vörukaup« í 1. málsgrein komi: farsölu.
   b. 2. tölulið skal orða svo:

Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.

c. Á eftir 2. tölul. komi nýr 3. liður:
Sala á innlendum iðnaðarvörum.

d. Við 3. lið, sem verður 4. liður: Í stað »til þarfa sinna« komi: (pöntunarfjelag).

2. Við 3. gr.
a. Í stað »síðasta árið« í 1. tölul. komi: 3 síðustu árin.
Til vara: 2 síðustu árin.
b. Orðin »nje þeirra — og kökur« í 2. málsgr. 5. töluliðs falli niður.

3. Við 5. gr.
a. Í stað orðanna »sem nú skal sagt verða« í 1. málsgr. komi: sem hjer segir.
b. Aftan við greinina bætist: og almenningsheill krefur.

4. Við 6. gr. 1. málsgr.
Í stað »öllum þeim kostum — segir« komi: fullnægi öllum ákvæðum 3. gr.

5. Við 7. gr.
a. Í stað orðanna »Nú missir — kosta, sem í 5. gr. segir« í upphafi 2. málsgr. komi:
Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri fjelags eða stofnunar einhvers þess, sem áskilið er í 5. gr.
b. Í stað »málinu« í sömu málsgr. komi: þessu.

6. Við 10. gr.
a. Upphaf 1. málsgr. skal orða svo:
Í verslunarleyfi skal greina hverskonar o. s. frv.
b. Í stað »tilboðasöfnun« í sömu málsgr. komi: farsölu.
c. Orðin »og 11. gr.« í 2. málsgr. falli niður.
d. 3. málsgr. skal orða svo:
Verslunarleyfi veitir eigi rjett til verslunar nema á einum stað í sama verslunarumdæmi.
e. Síðustu málsgr. skal orða svo:
Stórsalar, umboðssalar og farsalar geta ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, en rjett er þeim að safna tilboðum í vörur sínar eða bjóða þær hvar sem er á landinu eða í landhelgi þess.

7. Við 11. gr.
Í stað »Telji hún — verslun« komi: sje umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verslunina.

8. Við 13. gr.
a. 1. málsgr. skal orða svo:
Verslunarleyfisgjöld renna í ríkissjóð, og skal greiða fyrir þau sem hjer segir:
b. Fyrir »heildsölu« komi: stórsölu.

c. Síðari hluti greinarinnar, frá »Ráðherra er heimilt — lögtaksrjettur«, skal falla niður.

9. Við 14. gr. 2.
Í stað »hafi ekki — tálmað« komi: valdi því ekki almennar tálmanir.

10. Við 15. gr.
Greinin falli niður.

11. Við 16. gr.
Á eftir »og ráðherra« bætist: eða fulltrúa þeirra.
Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 4. maí 1925.

Magnús Torfason, form. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. meiri hluta.

Bernharð Stefánsson, með fyrirvara.

Ed. **461. Nefndarálit**

um frumv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (þskj. 9 og 410).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið og athugað frumvarp þetta, og leggur hún það til, að háttv. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir. — Þó gerir einn nefndarmanna, 5. landsk. (J. J.), ráð fyrir að koma fram með eina sjerstaka breytingu við 7. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 5. maí 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. — Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm. — Jónas Jónsson.

Ed. **462. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta eftir því sem hinn takmarkaði tími hefir leyft, og er hún einhuga þeirrar skoðunar, að hjer sje um mjög markvert mál að ræða, er geti, ef því er í framkvæmd hrundið, haft hina mikilvægustu þýðingu fyrir landbúnaðinn.

Að vísu gerir nefndin ekki ráð fyrir því, að afarskjótar eða skyndilegar framfarir að því er landbúnaðinn snertir geti orðið, þótt frumvarp það, sem hjer um ræðir, verði að lögum, með því að snöggar byltingar eða breytingar, hvort heldur fram eða aftur, eru æfinlega andstæðari eðli þessa atvinnuvegar en flestra annara, og frumvarpið á hinn hliðina breytir ekki eða bætir á neinn hátt aðalundirstöðuna undir verulegum og varanlegum þroska þessa atvinnuvegar, sem felst framar öllu í örum og öruggum samgöngum.

En þrátt fyrir það, þótt hjer sje ekki um að ræða örugga eða einhlíta bót á hinum margvíslegu og rótgrónu meinsemdum sveitabúskaparins, þá telur nefndin þó, að slík lánsstofnun, sem frumvarpið fjallar um, hljóti að hafa mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn og geti með tíð og tíma og góðri stjórn átt allverulegan þátt í blómgun hans.

Með slíkri stofnun, sem hjer ræðir um, er landbúnaðinum veittur margfalt greiðari aðgangur að haganlegum lánum heldur en hann hingað til hefir átt kost á. Og að því leyti má því segja, að allþungum steini sje því úr vegi velt á þroskabraut hans með samþykt þessa frumvarps.

Mál þetta hefir, eins og kunnugt er, fengið rækilegan undirbúning og verið allmikið rætt og athugað í háttv. Nd., er hefir haft það til meðferðar megnið af þingtímanum. En þrátt fyrir það telur nefndin, að þessi háttv. deild geti ekki gengið að frumvarpinu alveg óbreyttu.

Í 2. gr. 2 er ákveðið tillag úr ríkissjóði, er samsvari þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkvæmt lögum 20. okt. 1905. — Þetta orðalag virðist óviðfeldið, bæði með tilliti til þess, að hjer sjest ekki, hve miklu þetta ríkissjóðstillag nemur, og að viðbúið er, að við nákvæman útreikning á þessum vöxtum og vaxtavöxtum geti komið út upphæð, er sýni ekki að eins brot úr hundruðum eða tugum króna, heldur jafnvel einni krónu. En slík nákvæmni verður að teljast algerlega óþörf, og sýnist því sem nægja megi að ákveða þetta tillag ríkissjóðs sem næst því, sem þessir vextir og vaxtavextir mundu verða.

Í 19. gr. eru lán, sem veitt eru meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, undanþegin $^1/_2$% gjaldinu upp í kostnað við sjóðinn og til varasjóðs. Þessa undanþágu sýnist rjettara að gera yfirgripsmeiri, þannig, að öll lán úr þessum sjóði verði undanþegin þessu gjaldi, að nokkru eða öllu leyti, ef vextirnir verða $5^1/_2$—6%.

Að því er snertir skipun gæslustjóra, sem ræðir um í 28. gr., þá virðist það frekar óheppilegt og allsendis ónauðsynlegt, að þar skuli farið eftir tillögum búnaðarþingsins. Eftir því, sem búnaðarþingið er skipað, hlýtur marga af búnaðarþingsfulltrúunum að bresta persónulega þekkingu á hæfileikum þeirra manna, sem kynnu að sækjast eftir þessu starfi, og þar af leiðandi ekki vera betur fallnir en ríkisstjórnin til að bera ábyrgðina af skipun þessara starfsmanna sjóðsins. Hinsvegar virðist tryggingin fyrir því, að óhæfir menn sitji ekki til langframa í þessari stöðu vera nægileg í því ákvæði, að gæslustjórarnir gangi úr til skiftis annaðhvert ár.

Loks lítum vjer svo á, að fella beri burtu 34. gr. frv. Ákvæði þetta virðist vera komið inn í frv. eingöngu með það fyrir augum, að sami maður,

sem hefði á hendi forstöðu Ríkisveðbankans, ef stofnaður yrði, skuli og vera framkvæmdarstjóri Ræktunarsjóðsins. En þó af þessu gæti leitt dálítinn sparnað, þá má telja, að hjer eigi við máltækið: Spilla má með sparseminni. Úr því sjóður þessi er á annað borð stofnaður eingöngu fyrir einn ákveðinn atvinnuveg — landbúnaðinn — þá virðist hann eiga að vera, svo í framtíðinni sem í byrjuninni, algerlega sjálfstæður. Fái ákvæði 34. gr. að standa áfram í frv. og verða að lögum, leiðir ekki að eins af því, að erfitt geti orðið að fá í byrjun hæfan mann til þess að veita Ræktunarsjóðnum forstöðu, þar sem hann hefir enga vissu fyrir að fá að halda starfanum nema um stuttan eða óákveðinn tíma. Hinsvegar getur auðveldlega orðið sú raunin á, að mann þann, sem skipaður yrði sem forstjóri Ríkisveðbankans, brysti nauðsynlega þekkingu á högum landbúnaðarins, eða þá að áhugi hans og umbótaviðleitni snerist frekar í aðra átt. Og er þá auðsætt, hvílíkt tap landbúnaðurinn mundi af því bíða, að hans eigin lánsstofnun — Ræktunarsjóðurinn — hefði eigi sinn sjerstaka, ákveðna forstöðumann.

Að þessu athuguðu virðist 34. gr. ekki að eins mega heldur einnig eiga að falla úr frv.

Samkvæmt framansögðu leggjum vjer það þannig til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr. 2. Í staðinn fyrir orðin »er samsvari þeirri upphæð, ... samkv. lögum 20. okt. 1905« komi: 250 þús. krónur.
2. Við 19. gr. Í stað orðanna í 3. málsgr.: »þó eru lán, sem ... undanþegin þessu gjaldi«, komi: Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli $5^1/_2$% og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%.
3. Við 28. gr. a. Orðin í 1. málsgr. »samkvæmt tillögum búnaðarþings« falli burtu.
   b. Aftan við sömu málsgr. bætist: í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti einn gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.
4. Við 34. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 5. maí 1925.

Eggert Pálsson, form., frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson, með fyrirvara.

Nd. **463. Þingsályktun**

um endurskoðun laga um skipströnd.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða hin gildandi lagaákvæði um skipströnd, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

Nd. **464. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og aðra bankalöggjöf landsins.

Flutningsm.: Jakob Möller, Tr. Þórhallsson, Benedikt Sveinsson og Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að íhuga og gera tillögur um, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og einnig að öðru leyti að undirbúa endurskoðun á bankalöggjöf landsins. Skal fjármálaráðherra ákveða formann nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Nefndin skal senda fjármálaráðherra tillögur sínar svo fljótt, sem við verður komið, en einkanlega er ætlast til, að frumvarp um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar verði afgreitt svo fljótt, að það verði lagt fyrir Alþingi 1926.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram í samræmi við nefndarálit meiri hluta fjárhagsnefndar efri deildar um Landsbankafrumvarpið.

Nd. **465. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni hafa borist mótmæli gegn 2. gr. frv. þessa frá forstöðumanni stýrimannaskólans og skipstjórafjelaginu »Öldunni«, og getur því ekki

mælt með því, að hún verði samþykt. Og í sambandi við þetta mál hefir nefndin komist að raun um það, að siglingalögin frá 1922 muni þurfa gagngerðari endurskoðunar við en í frv. þessu felst, og vill skjóta því til stjórnarinnar að athuga það fyrir næsta þing. Til bráðabirgða telur nefndin þó rjett að leyfa að halda smáskipaprófin á þeim stöðum og með þeim hætti, sem í 1. gr. frv. greinir, og ræður því til að samþykkja frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

2. gr. falli niður.

Alþingi, 5. maí 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Aug. Flygenring. Sigurjón Jónsson.

Jón Baldvinsson. Jakob Möller.
fundaskr. og frsm.

Nd. **466. Breytingartillögur**

við breytingartillögu á þingskjali 393 (Gengisskráning).

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við b.
   I. Í stað »5« komi: 7.
   II. Á eftir »sinn af hvorum« komi: einn af stjórn Alþýðusambands Íslands, einn af Verslunarráði Íslands.

2. Við c.
   I. Fyrir »$^3/_5$« komi: $^5/_7$.
   II. Fyrir »$^1/_5$« komi: $^1/_7$.

Nd. **467. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 441 (Gengisskráning).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. Í stað »Tveir« komi: Fjórir.

Ed. **468. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög..

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndarálit meiri hlutans í þessu máli, á þskj. 457, gefur eigi tilefni til að fara mjög ítarlega inn á málið, með því að það er lítið annað en örökstudd till. um að frv. verði samþ. Oss virðist þó, að ýmislegt sje fram komið, síðan frv. kom fram, bæði í ræðu og riti, sem hafi leitt greinilega í ljós, að frv. sje bygt á röngum grundvelli, og skal nánar vikið að því síðar.

Frv. þetta er að eins að því leyti merkilegt, að aðalefni þess er ekki í samræmi við fyrirsögnina. Þess munu fá eða engin dæmi, að í lögum um einfalda tolllagabreytingu sjeu ákvæði um að leggja niður stofnun, sem sett hefir verið með sjerstökum lögum. Það virðist því, að betur hefði átt við, að fram hefðu komið tvö lagafrv. til þess að ná því takmarki, sem frv. þetta miðar að, nefnilega afnám tóbakseinkasölunnar og tollhækkun til þess að bæta ríkissjóði að einhverju leyti tekjumissinn.

Eins og áður er tekið fram, er frv. og greinargerðin fyrir því bygt á þeirri *meginvillu*, að *innflutningur tóbaks á stríðsárunum* og næstu tveim árum á eftir, sem var langt fram yfir eðlilegt meðallag (t. d. árin 1916 og 1919) er borinn saman við fyrstu starfsár einkasölunnar, en þá var innflutningurinn eðlilega miklu minni, vegna hinna miklu fyrirliggjandi birgða kaupmanna frá þeim tímum, sem hinn óeðlilegi innflutningur átti sjer stað. Sjest þetta einkarglögt á því, að í ársbyrjun 1922 voru í landinu tóbaksbirgðir fyrir talsvert á aðra miljón króna, sem kaupmenn hafa verið að selja alt fram að þessu.

Af þessu verður það ljóst, að allir útreikningar og staðhæfingar flutningsmanna frv. og annara, sem bygt hafa vörn fyrir það á samskonar forsendum, geta með engu móti staðist, þegar málið er athugað frá rjettri hlið. Það hefir verið sýnt fram á það með fullum rökum, og enginn treyst sjer til að mótmæla, hvorki meiri hluti nefndarinnar nje aðrir, að árið 1924 er það ár, sem leggja ber til grundvallar, er um það er að ræða, hverjar tekjur ríkissjóður muni hafa af tóbakseinkasölunni í framtíðinni. Í skýrslu Landsverslunarinnar til Alþingis um tóbakseinkasöluna er berlega sýnt fram á, og því hefir meiri hluti nefndarinnar heldur ekki gert tilraun til að mótmæla, að tekjur ríkissjóðs eftir frv. hljóta að verða á þriðja hundrað þúsund krónum minni árlega en með núverandi fyrirkomulagi, miðað við sama innflutning. Hinar glæsilegu vonir flutningsmanna um aukinn innflutning tóbaks getur nefndin ekki sjeð nein líkindi til að muni rætast, enda það, að leggja kapp á aukinn innflutning, tvíeggjað vopn, hvort heldur litið er á það frá fjárhagslegu eða siðferðislegu sjónarmiði. Að vinna að því að auka óeðlilegan innflutning á tóbaki getur ekki leitt til annars en aukinna útgjalda fyrir þjóðina, en aðal-

stefna Íhaldsflokksins hefir í orði verið sú, að spara á öllum sviðum, bæði fyrir þjóðarheild og einstaklinga. Til frekari stuðnings því, sem haldið er fram hjer að framan um tekjumissi ríkissjóðs, ef frv. næði fram að ganga, skal tekið hjer til samanburðar:

A. **Tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni 1924.**

1. Tollur	kr.	524464.05
2. Rekstrarhagnaður.	—	385106.47
3. Gengishagnaður	—	67988.33
Samtals	kr.	977558.85

B. Í greinargerðinni við frumvarpið, bls. 3, áætla flutningsmenn tekjur ríkissjóðs eftir frumvarpinu þannig:

67100 kg. tóbak á 6.00 kr. pr. kg.	kr.	402600.00
15545 kg. vindlar og vindlingar á 16.00 kr. pr. kg.	—	248720.00
Samtals	kr.	651320.00
Tekjur ríkissjóðs eftir frumvarpinu minni en nú	—	326238.85
	kr.	977.558.85

Það skal enn fremur bent á, að útlit er fyrir, að enn meiri hagnaður verði á tóbakseinkasölunni árið 1925 en var árið 1924, og skal hjer tekin skýrsla um sölu tóbakseinkasölunnar fyrsta ársfjórðunginn 1925, borin saman við fyrsta ársfjórðunginn 1924:

1924.			1925.		
Janúar	kr.	159941.81	Janúar	kr.	169415.54
Febrúar..	—	143537.19	Febrúar..	—	186161.70
Mars	—	180139.14	Mars	—	219009.00
	kr.	483618.14		kr.	574586.24

Salan fyrsta ársfjórðunginn 1925 er því kr. 90968.10 hærri en á sama tíma 1924, og mun þó magn hins selda nokkru meira en krónuupphæðin bendir til, þar sem útsöluverð Landsverslunar hefir lækkað töluvert frá því í fyrra.

Tóbaksverðið innanlands (smásöluverð).

Flutningsmenn frumvarpsins staðhæfa, að tóbaksverðið innanlands muni fara lækkandi, ef frv. nær fram að ganga, en til þess er því að svara, að meiri líkur eru til, að hið gagnstæða muni eiga sjer stað. Því til sönnunar setjum vjer hjer skýrslu um smásöluverð á nokkrum tóbakstegundum hjá kaupmönnum árið 1921 og smásöluverð á þessu ári.

Smásöluverð í Reykjavík

	31. des. 1921 Kr. au.	1. jan. 1925 Kr. au.
Rjól kílóið	20—23.00	19.50
Munntóbak kg.	20—25.00	22.00
Reyktóbak:		
Ocean Mixt. lbs.	12—16.00	9.00
Glasgow —	13—16.20	14.50
Waverley —	14—16.00	14.50
Moss Rose —	12.00	7.55
Old Friend —	10—12.00	7.55
Pioner Brand —	17.00	15.60
Traveller —	17.00	15.60
Vindlingar:		
Lucana 10 stk.	0.60—0.70	0.61
Embassy 10 stk.	1.15	1.12
Westminster AA. c.	1.10—1.15	1.01
Vindlar:		
Bonarosa 100 stk.	35.00—40.00	36.90
Denise 100 stk.	32.00—45.00	33.25
Amsterdam Bank	38.00	37.00
Amistad	45.00	44.50
Romanos	48.00	48.40

Frá smásöluverði í ársbyrjun 1925 er dregin tollhækkunin 1924, sem var 1 kr. pr. kg. á tóbaki, en 2 kr. pr. kg. á vindlingum og vindlum, til þess að samanburður verði rjettur.

Smásalar leggja ekki ávalt fullkomlega leyfilega hámarksálagningu á rjól.

Gengið var 31. des. 1921: 100 kr. danskar = 100.00 kr. íslenskar
1 sterlingspd. = 26.00 — —
— — 1. jan. 1925: 100 kr. danskar = 104.40 — —
1 sterlingspd. = 28.00 — —

Aðaltegundin af vindlingum, sem seld er, er ný, Elephant, og ódýrari en helstu tegundir áður, 50 au. smásöluverð á 10 stk. pk., enda hefir Landsverslunin náð þar sjerstökum kjörum.

Skýrsla þessi sýnir nokkru lægra smásöluverð á tóbaki yfirleitt nú heldur en er einkasalan tók til starfa, og munar sjerstaklega á reyktóbakinu. Þó hefði smásöluverðið átt að vera 5—10% hærra nú vegna óhagstæðs gengis íslensku krónunnar.

Verðsamanburður á nokkrum tóbakstegundum hjer og erlendis 1. jan. 1925.

	Einkasöluverð hjer. Kr. au.	Smásöluverð erlendis. Kr. au.
Reyktóbak:		
Marigold Flake lbs.	11,50	16.80
Pinnace —	11.50	16.80
Waverley Mixt. —	13.00	22.40
Glasgow — —	13.00	22.40
Westward Ho —	10.50	19.60
Richmond Mixt. —	10.50	27.07
Traveller Brand —	14.00	23.33
Vindlingar:		
Three Castles 10 stk.	0.77	0.93
Gold Flake — —	0.66	0.70
Capstan — —	0.70	0.70
Embassy 20 —	1.90	3.50
Golden Floss 25 —	2.00	3.50
Derby 25 —	2.25	4.10
Vindlar:		
Mexico per 100 stk.	46.00	43.85
Romanos — — —	43.00	43.85
Times — — —	30.00	29.20
Munntóbak (mjótt) pr. kg. ...	24.00	24.50

Smásöluverðið erlendis er svipað á vindlum og munntóbaki sem einkasöluverðið hjer, en á vindlingum, og sjerstaklega reyktóbaki, er það miklu hærra erlendis. Samanburðurinn á smásöluverðinu erlendis og hjer er þó auðvitað að miklu leyti kominn undir tóbakssköttunum og tollunum í ríkissjóð í hverju landi. Sje tekið tillit til þess, að tóbaksskattur er t. d. í Danmörku miklu lægri á ódýrustu og miðlungstegundunum heldur en hjer á landi, kemur í ljós, að smásöluverðið hjer á landi er að öðru leyti töluvert lægra en í Danmörku.

Tolleftirlitið.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir auknu tolleftirliti og breyttu fyrirkomulagi frá því, sem verið hefir. Við þetta er í sjálfu sjer ekkert að athuga annað en það, að allar líkur eru til, að þetta nýja fyrirkomulag reynist óframkvæmanlegt. Áður hefir þótt nægja, að tollheimtumenn öfluðu sjer áreiðanlegrar vitneskju um þunga hinnar tollskyldu vöru, en nú er gert ráð fyrir, að þeir handleiki hvern einstakan smábita og límí tollmerki eða nokkurskonar kvittun fyrir tollgreiðslu á hann. Vandkvæðin á þessu koma fram á þann hátt, að þótt hugsanlegt sje, að slíkt eftirlit yrði framkvæmt í Reykjavík, þar sem lögreglustjóri hefir talsvert aðstoðarlið, liggur það í augum uppi, að í öðrum landshlutum, þar sem að eins er einn maður til tollgæslu, en fjöldi kauptúna innan sömu sýslu, muni slíku fyrirkomulagi illa verða við komið.

Umbúðirnar um tóbakið frá útlöndum mundu þó valda mestum vandkvæðum um slíka tollheimtu. Sumt *munntóbak* er í umbúðalausum smábitum, sem svo er pakkað (oft um 100 stk.) í stærri umbúðir. Mundi það geta valdið skemdum á tóbakinu að raska hinum ytri umbúðum fyr en til sölu kæmi, enda myndi þá tollheimtumaður verða að pakka inn hverjum smápakka og líma síðan á hann tollmerkið. Alt *rjóltóbak*, sem flyst til landsins, er í 25 kg. strigapokum. Myndi því verða að skera strigaumbúðirnar utan af tóbakinu, líma á hvern pakka og sauma síðan inn í umbúðirnar aftur, ef eigi á að geta orðið hætt við skemdum á vörunni. Um *vindla* er það að segja, að þar myndi álímingin auðveldust, þó þyrfti tolleftirlitið að rífa opna umbúðakassana, skera síðan utan af vindlakössunum blýlóðaðar blikkumbúðir, sem oft eru settar utan um vindlakassana til öryggis, og síðan koma öllu í samt lag aftur, eftir því sem hægt væri. *Reyktóbak* mundi verða mjög erfitt að merkja, þó sjer í lagi pakkatóbak. Nær því ætið er því pakkað þannig, að margir smápakkar eru í stærri pökkum (á 10—50 smápk.). Yrði því fyrst að rífa ytri umbúðirnar, og síðan pakka smápökkunum inn aftur, í sömu umbúðir ef hægt væri, eða þá nýjar, sem tolleftirlitið yrði að láta af hendi, því kaupendur tóbaksins myndu með rjettu þykjast eiga heimting á, að vörurnar væru ekki skemdar fyrir þeim. Um eina stærstu tóbakstegundina, *vindlinga*, myndu örðugleikarnir við tollmerkinguna þó verða mestir. Um alla vindlinga, sem flytjast hingað til lands, eru umbúðirnar þannig: Yst er ramger járnbentur trjekassi, þar næst blýlóðað blikkhylki, og innan undir þessum umbúðum er síðan smápökkunum pakkað saman (venjul. 50 smápk.) í pappahylki, sem pappírsumbúðir eru svo vandlega límdar utan um. Þar sem nú tolleftirlitið myndi nú verða að merkja hvern smápakka, sjest best, hvílík vinna merkingin verður, þegar þess er gætt, að síðastliðið ár voru fluttir inn 9 milj. stk. vindlingar, eða ca. 900 þús. pakkar.

Að þessu athuguðu verður það augljóst, að það er útilokað, að aðferðin, sem frv. gerir ráð fyrir, verði viðhöfð. Það gæti valdið skemdum á vörunni, bakað innflytjendum mikil óþægindi og ríkissjóði svo mikinn kostnað, að erfitt er að gera sjer grein fyrir, og ekki fjarstæða að álíta, að verulegur hluti tollsins mundi ganga í eftirlitið, ef það ætti að verða í nokkru lagi.

Tóbaksgæðin.

Þegar málið var til umræðu í Nd., var að minsta kosti einn þm. að burðast við að blekkja áheyrendur sína með því að staðhæfa, að vörur einkasölunnar væru lakari en áður hefði átt sjer stað. Slík ummæli, hvaðan sem þau koma, verða eigi annað en marklaust hjal, þegar þess er gætt, að verslunin hefir skift við öll hin helstu og viðurkendustu tóbaksverslunarhús og verksmiðjur. Þess má í þessu sambandi geta, að merkir útlendingar, sem athugað hafa birgðir einkasölunnar, hafa látið undrun sína í ljósi yfir fjölbreytni tegunda og gæðum þeirra, og hafa talið einkasöluna standa að því leyti framar samkynja stofnunum erlendis. Gæði birgða þeirra, er kaupmenn áttu um það leyti, sem einkasalan tók til starfa, munu líka síst styðja þá

ályktun, að vörugæðin hafi verið betri fyrir þann tíma en síðar, eftir að einkasalan tók við.

Stefnumunur.

Eins og kunnugt er, hafa frá upphafi verið allskiftar skoðanir um það, hvort íslenska ríkið ætti að fara að dæmi flestra annara Norðurálfuþjóða um að gera einkasölu á tóbaki einn af föstum tekjustofnum ríkissjóðs.

Íhaldsflokkurinn annarsvegar virðist eigi geta komið auga á neitt annað fyrirkomulag en síhækkandi tolla á tóbaki eins og flestum öðrum neysluvörum almennings.

Hinn frjálslyndari hluti þingsins lítur hinsvegar svo á, að hagkvæmara yrði að stefna að því að lækka heldur tollinn, en telur tóbaksvörur sjerstaklega vel fallnar til einkasölu. Með því vinst, að stöðugt má hafa nákvæmar gætur á því, að ríkið fái sæmilegan arð af þessari vöru, en að almenningi verði ekki íþyngt um of með óhæfilegu verðlagi, þ. e. hámarksverð í smásölu, sem tryggir hagsmuni neytandans fullkomlega.

Að því athuguðu, sem að framan greinir, virðist ekki ólíklegt, að almenningur vakni til íhugunar um það, hvort hagkvæmara muni að gefa kaupsýslustjettinni alveg lausan tauminn í þessu efni, eða hitt, að ríkið gæti sinna hagsmuna og almennings. Fari svo, mót von, að fjármála- og menningarþroskinn reynist eigi á hærra stigi en svo, að þjóðin vilji láta þetta veltast eftir því sem verkast vill, er ekki annað við því að segja en að hún eigi ekki betra skilið heldur en framvegis eins og áður fyr að vera ofurseld klóm braskaranna.

Alþingi, 5. maí 1925.

Ingvar Pálmason, fundaskr.
Jónas Jónsson, frsm.

Nd. **469. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1926.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1926 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3. Lestagjald af skipum	30000	
		1045000
4. Aukatekjur	325000	
5. Erfðafjárskattur	35000	
6. Vitagjald	250000	
7. Leyfisbrjefagjöld	10000	
8. Stimpilgjald	300000	
Flyt ...	920000	1045000

		kr.	kr.
	Flutt ...	920000	1045000
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	22000	
			962000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	530000	
13.	Tóbakstollur	450000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	975000	
15.	Annað aðflutningsgjald	115000	
16.	Vörutollur	1400000	
17.	Verðtollur	800000	
			4270000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		15000
19.	Pósttekjur	350000	
20.	Símatekjur	1150000	
			1500000
21.	Víneinkasala...	375000	
22.	Tóbakseinkasala	275000	
23.	Steinolíueinkasala.	60000	
			710000
	Samtals ...		9302000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		33000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		15000
	Samtals ...	... ...	48100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		55000
5. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
7. Aðrir vextir		20000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000,00
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000,00
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000,00
4. Úr viðlagasjóði, til jafnaðar við eftirgjafir lána		37666,66
Samtals ...	... ...	264666,66

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1926 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	234776	
2. Dönsk lán, danskar kr. 257442 á 1/10	283186	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8781 : 8 á 28/00	245879	
4. Lausaskuldir	267500	
		1031341
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Dönsk lán, danskar kr. 542349 á 1/10	596584	
3. Enska lánið 1921, £ 1827 : 5 : 4 á 28/00	53163	
4. Lausaskuldir	600000	
		1507147
III. Framlag til Landsbankans, 13. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2638488

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu...	4000		
		34000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		82280	
4. Annar kostnaður...		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	10000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200		
		12100	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
			182880
II. Hagstofan.			
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns...		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna..		12000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m....		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16300	
7. Til að gefa út manntalið 1703..		1000	
			49600
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðsskrifstofu í Kaupmannahöfn		17000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		6000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd...		1500	
			36500
Samtals ...		... ...	268480

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	53650	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		55650
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151220
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27168	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Yms gjöld, alt að	2400	
		34908
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	23300	
b. Laun 3 tollvarða...	14300	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1300	
e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
		52400
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		84000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði		150000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals ...	... ...	607678

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.	kr.	kr.
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
Samtals ...	... ...	125000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		287000
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7700
Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924. Af upphæðinni er íbúum Ólafsfjarðarhrepps ætlaður viðbótarstyrkur, að upphæð 2000 kr., gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið á		
Flutt ...	1000	298200

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	298200
	helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
			1500
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Til Jóns læknis Kristjánssonar, endurgjald á ferðakostnaði		1500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
12.	Til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans		2000
13.	Holdsveikraspítalinn		82120
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 2500		
	4. Meðul og sáraumbúðir 2000		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3000		
	13. Ymisleg gjöld 1500		
		73420	
		82120	
	Flyt ...	... ...	402820

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	402820
14. Geðveikrahælið á Kleppi			69175
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	14500		
2. Viðurværi 94 manna (ca. 150 a. á dag)	52000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	6300		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		101800	
		109500	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		69175	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			19560
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi	136000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	6000		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	12000		
Flyt ...	238000	7700	491555

		kr.	kr.
Flyt ...	238000	7700	491555
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		246000	
		253700	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
Mismunur ...		19560	
16. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi		100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
d. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (lokaveiting) alt að		25000	
e. Til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási		4000	
f. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		24000	
g. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Fyrri fjárveiting ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu, að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að og að trygging sje fyrir því, að einnig verði fyrir hendi sama upphæð, sem síðari fjárveitingunni úr ríkissjóði nemur.		75000	
Flyt ...		343000	491555

	kr.	kr.
Flutt ...	343000	491555
h. Bólusetningarkostnaður	2500	
i. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
j. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	4000	
k. Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
l. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
m. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^3/_5$ annarsstaðar að	2500	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1800	
q. Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
		380800
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
Samtals ...	... ...	899355

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	90366	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	71000	
c. Brjefhirðingamenn	21000	
		182366
Flyt ...	... ...	182366

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	182366
2.	Póstflutningur		160000
3.	Annar kostnaður:		
a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	8000	
b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	11000	
d.	Önnur gjöld	46000	
			85000
			427366
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1.	Laun vegamálastjóra	8700	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
3.	Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
4.	Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	5000	
5.	Skrifstofukostnaður, alt að	5500	
			28620
II.	Þjóðvegir:		
a.	Til nýrra akvega:		
1.	Kjalarnesvegur 8000		
2.	Hvítárbraut 20000		
3.	Miðfjarðarbraut 20000		
4.	Langadalsvegur 4000		
5.	Sauðárkróksbraut 20000		
6.	Þelamerkurvegur... 10000		
7.	Vallavegur 10000		
8.	Hróarstunguvegur 15000		
9.	Vaðlaheiðarvegur 18000		
		125000	
b.	Viðhald og umbætur	180000	
			305000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		90000
IV.	Til slitlags á akvegum		22000
V.	Fjallvegir		6000
	Flyt ...	... ...	451620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	451620
VI.	1. Til áhalda, alt að	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	15000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 9, 1923	10000	
			25000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hornafirði		300
X.	Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		3000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn:		
	1. Á Tvískerjum	600	
	2. Í Fornahvammi	700	
	3. Á Hrauntanga	600	
	4. Í Bakkaseli	700	
	5. Á Kleppstöðum	200	
	6. Í Ytri Kotum	200	
	7. Á Arngerðareyri	200	
			3200
	C.		499320
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Esju	150000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	45000	
			195000
	Flyt ...	... ...	195000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	195000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		87000
		282000
D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Ritsímafjelagið mikla norræna (lokaveiting)		23000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
III. a. Til nýrra símalagninga	100000	
b. Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi, 4/5 kostnaðar, alt að	2800	
		102800
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	290000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	13000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	24000	
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík ... ... Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn. Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda.	11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	100000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	6000	
10. Símastöðin á Borðeyri	7000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	5000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	7000	
13. Símastöðin á Siglufirði	4500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000	
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3000	
Flyt ...	495500	150800

		kr.	kr.
	Flutt ...	495500	150800
16.	Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	2500	
17.	Til loftskeytastöðvar á Síðu	2000	
18.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva... ...	85000	
19.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að..	10500	
20.	Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
			596700
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		30000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		35000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		7000
VIII.	Viðhald landssímanna		130000
IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
			951000
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	8700	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	5920	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
			20120
II.	Laun vitavarða..		21050
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		60000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		15000
V.	Til þess að reisa nýja vita		50000
VI.	a. Til þess að kaupa hús og lóð við Garðskagavita	2250	
	b. Ýmislegt	8000	
			10250
	Samtals ...	... ...	176420

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	306	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49, 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	24000	
7. Styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum	5000	
		313056
		324556
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt, þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið á háskólanum.		
e. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	128000	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	128000	... ...
f.	Til kensluáhalda læknadeildar	500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors	1600	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4500	
i.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 3000		
	———	6900	
II.	Námsstyrkur erlendis:		141500
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 1—3 ár.	18800	
b.	Viðbót við styrkinn fyrir 1925...	7800	
c.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
III.	Mentaskólinn almenni:		29100
a.	Laun	86400	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. — skólahússins utan og innan ... 3500		
	Flyt ... 9900	86400	170600

		kr.	kr.
Flutt ...	9900	86400	170600
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	20500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2500		
10. Ýmisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
		42300	
			128700

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		27840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og tímakenslu ...	8000		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til eldiviðar og ljósa	7000		
4. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
6. Til vatnssalerna og fráræslu... ...	6700		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		28800	
			56640
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17800	
Flyt ...		17800	355940

		kr.	kr.
	Flutt ...	17800	355940
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til girðingar og lagfæringar á lóð skólans..	5000		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
8. Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni skólans, enda verði búsáhöld mötuneytisins eign hans	3000		
		20000	
			37800
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		16960	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
		9800	
			26760
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		11200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	900		
2. Húsnæði	1800		
3. Ljós og hiti	1700		
4. Ýms kostnaður	1600		
5. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		8800	
			20000
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	440500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	440500
innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 5000			
	10500		
		22980	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	7500		
		18400	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	41380	440500

		kr.	kr.
	Flutt ...	41380	440500
3. a. Breyting og aðgerð á Staðarfellshúsinu	1800		
b. Eldavjel, sem er um leið miðstöð fyrir alt húsið	3000		
c. Rekstrarstyrkur til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð skólans ...	3000		
		7800	
IX. Iðnfræðsla:			49180
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6600	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs náms erlendis		4000	
			11600
X. Verslunarskólar:			
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar		6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..		6000	
			12000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
1. Laun forstöðumanns		1000	
2. Til verklegrar kenslu:			
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík	900		
b. Annar kostnaður, alt að	400		
		1300	
	Flyt ...	2300	513280

		kr.	kr.
	Flutt ...	2300	513280
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		30000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til aðgerðar á skólahúsinu 3000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		50000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9900	
2.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	315000	
3.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	2500	
5.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að	5000	
6.	Til fræðslumálarits	800	
			342200
	Flyt ...	... ...	917060

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	917060
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	11200		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	8100		
		19900	
2. Til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum ...		56000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		38000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
4. Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni h/f Hvítárbakka, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðsskóli		18666,66	
5. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að 2—3 sýslufjelög taki þátt í stofnun og rekstri skólans, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðsskóli.			
6. Til að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga		5000	
7. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg		14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.			
	Flyt ...	171566,66	917060

	kr.	kr.
Flutt ...	171566,66	917060
7. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
8. Til fulltrúaráðs verkalýðsfjelaganna í Reykjavík til kvöldskóla verkamanna	400	
		172966,66
XV. Húsmæðrafræðsla: Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		2000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		12000
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær hjeraðseign og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	3000	
		7800
Flyt ...	... ..	1112826,66

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1112826,66
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		2000
XX. Til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum og hafdýpislitum		1500
Samtals ...	... ...	1116326,66

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21800	
b. Til aðstoðar	4800	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
f. Til ritaukaskrár	800	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
h. Húsaleiga	500	
i. Ýmisleg gjöld	700	
		44960
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	7200	
b. Til að binda inn og búa um skjöl	3000	
		10200
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2400	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13800
Flyt ...	... ...	68960

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	68960
4.	Náttúrufræðifjelagið ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		1600
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
	b. Til viðhalds og áhalda	2000	
			10000
6.	Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7.	Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
9.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10.	Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3600
11.	Til Þjóðvinafjelagsins		2000
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		3000
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2500
15.	Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands«		1500
16.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
17.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar		800
18.	a. Styrkur til skálda og listamanna	9000	
	b. Til Jakobs Thorarensens	1000	
	c. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	Flyt ...	11200	106460

	kr.	kr.
Flutt ...	11200	106460
d. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
e. Til þess að kaupa listaverk.	3000	
		19200
19. Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
20. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda verði safnið eign ríkisins, að honum látnum		1200
21. Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót, og 4500 kr. til ritlauna.		12200
22. Til Eggerts Briems frá Viðey, styrkur til útgáfu ritgerðar um Alþingi hið forna		1000
23. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
24. Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3200
25. Til dr. Guðbrands Jónssonar, til þess að vinna að menningarsögu Íslands í kaþólskum sið		1200
26. Til Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
		9200
27. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
28. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
29. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
30. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
31. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
32. Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
33. Til veðurathugana og veðurskeyta		40000
34. Til Íþróttasambands Íslands		2000
35. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
Flyt ...	... ...	214160

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	214160
36.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7700	
	b. Til sama, til aðstoðar	1500	
			9200
37.	Til Tryggva Magnússonar málara, til að fullkomna sig í málaralist		1500
38.	Til listvinafjelagsins, til þess að kaupa »Móðurást« Nínu Sæmundsen, gegn sama framlagi annarsstaðar að, enda verði listaverkið opinberlega til sýnis hjer ...		2250
39.	Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, lokagreiðsla		2500
40.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, fyrsti fjórðungur andvirðis		2500
41.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
42.	Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku		1000
43.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
44.	Ferðastyrkur til tveggja manna, til þess að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors og flytja þar fyrirlestra af Íslendinga hálfu...		1200
45.	Til Sigurborgar Kristjánsdóttur, til að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors		400
	Samtals ...	... ...	240210

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		175000
2. Til sandgræðslu		23000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		20000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
5. Til Skeiðaáveitunnar:		
a. Til flóðgarðahleðslu, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, alt að	8000	
b. Upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 1. greiðsla gegn því, að stjórn Landsbankans gefi áveitufjelaginu eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925, og að skipulagi sje komið á fjárreiður áveitunnar.	6000	
		14000
6. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
7. Til skógræktar:		
a. Laun	12960	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	11000	
		23960
8. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	1200	
		22380
9. Til fjárkláðalækninga		10000
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
Flyt ...	5600	343340

		kr.	kr.
	Flutt ...	5600	343340
b.	Húsaleiga	1000	
c.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
d.	Til áhaldakaupa	2000	
			10000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins		60000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	4 síldarmatsmanna	10240	
d.	4 ullarmatsmanna	2560	
e.	5 kjötmatsmanna...	4800	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			53000
15.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		6000
16.	Til bryggjugerðar og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun...		20000
17.	Til hafnarbóta í Ólafsvík, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000
18.	Til lendingarbóta í Grindavík, 2/3 kostnaðar, alt að ...		10000
19.	Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu, enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík		16000
20.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		5000
21.	Verðlaun til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2 kr. fyrir hvern kassa (48 dósir) niðursoðinnar mjólkur, sem hún framleiðir, alt að		8000
22.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
23.	Til gerlarannsókna		2000
24.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6200
	Flyt ...	... ...	565540

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	565540
	Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		
25.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
26.	Til sambands norðlenskra kvenna		500
27.	Til Bandalags kvenna		500
28.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
29.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		1800
	Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
30.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
31.	Laun húsagerðarmeistara		8300
32.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót	5600	
	enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.		
	b. Ferðakostnaður	800	
			6400
33.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		40000
34.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1200
35.	Til vatnsrenslismælinga		2000
36.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		5000
37.	Til Lofts Guðmundssonar, til umbóta á kvikmyndum af íslensku landslagi og atvinnulífi, er hann hefir gert		3000
38.	Til Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi í verkfræði		1500
39.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs, upp í tap við umbúðasmíði undanfarin tvö ár		500
	Flyt ...	... ...	645040

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	645040
40. Til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Snæfellsnes- og Dalasýslna		6000
41. Til að gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum og til að standast kostnað við undirbúning þess verks, $^2/_3$ kostnaðar, alt að		9000
Samtals ...	... ..	660040

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		300000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
5. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
6. Til slysatryggingar sjómanna		14000
7. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8. Til bjargráðasjóðs		24000
9. Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
10. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		6000
11. Til Rauðakrossfjelags Íslands		1000
Samtals ...	... ..	460200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:			
	a. Embættismenn		27168,95	
	b. Embættismannaekkjur og börn		15794,89	
	c. Uppgjafaprestar		635,28	
	d. Prestsekkjur		5936,68	
	e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500	
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			52035,80
	a. Embættismenn:			
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis	250,00		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis	640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis	169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra	1500,00		
	6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar	3000,00		
	7. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
			6819,87	
	b Embættismannaekkjur og börn:			
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150		
	2. — Magneu Ásgeirsson	200		
	3. — Ólivu Guðmundsson	175		
	4. — Theodóru Thoroddsen	800		
	5. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
	6. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
	7. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
	8. — Sigríðar Finnbogadóttur ... ... enda verði afritasafn dr. Jóns Þorkelssonar eign Þjóðskjalasafnsins.	800		
	9. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
	10. — Rannveigar Tómasdóttur	300		
	11. — Önnu Gunnlaugsson	400		
			4375	
	c. Uppgjafaprestar:			
	1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
	4. — Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
	5. — Guttorms Vigfússonar	600,00		
			2867,25	
		Flyt ...	14062,12	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	14062,12	52035,80
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20. — Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
25. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
		7374,97	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — 2 barna hennar	150,00		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300,00		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
5. — Hjartar Snorrasonar	500,00		
Flyt ...	1610,00	21437,09	52035,80

			kr.	kr.
	Flutt ...	1610,00	21437,09	52035,80
6.	Til Magnúsar Einarssonar	500,00		
7.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
8.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300,00		
9.	— 1 barns hennar	33,33		
10.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
11.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
12.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
13.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
			4043,33	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar	200		
4.	— Hallgríms Krákssonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	200		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	1000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
			6300	
g.	Ritböfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
			15400	
	Flyt ...		47180,42	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	47180,42	52035,80
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	475,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 3 barna hennar	300,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	266,67		
		2441,67	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
5. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
6. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
7. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
8. — Páls Erlingssonar	800		
9. — Erlends Zakaríassonar	300		
10. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
11. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
12. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
13. — Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar...	400		
14. — Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar...	300		
15. — Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300		
	Flyt ... 6300	49622,09	52035,80

		kr.	kr.
Flutt ...	6300	49622,09	52035,80
16. Til Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
Ennfremur er heimilt að greiða úr ríkissjóði hæfilega leigu fyrir herbergi það, er hún hefir nú í Landsbankahúsinu.			
17. — Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
18. — Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
19. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar	600		
		7900	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...		1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds		1000	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			62722,09
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			65734,74
Samtals ...		... ...	180492,63

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð er stjórninni heimilt að greiða Grímsneshreppi í Árnessýslu alt að 2500 kr. í skaðabætur fyrir tjón af síldarkaupum hreppsins 1920, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóði Árnessýslu.

Ennfremur er stjórninni heimilt að greiða Sveini Björnssyni, fyrrum sendiherra, 10000 kr., upp í tjón, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn, vegna embættis síns.

20. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1926 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...		kr.	2638488.00	
——	8. —	... ...		—	60000.00	
——	9. —	... ...		—	199800.00	
——	10. —	... ...		—	268480.00	
——	11. — A.	kr.	607678			
——	11. — B.	—	125000			
				—	732678.00	
——	12. —	... ...		—	899355.00	
——	13. — A.	kr.	427366			
——	13. — B.	—	499320			
——	13. — C.	—	282000			
——	13. — D.	—	951000			
——	13. — E.	—	176420			
				—	2336106.00	
——	14. — A.	kr.	324556			
——	14. — B.	—	1116326.66			
				—	1440882.66	
——	15. —	... ...		—	240210.00	
——	16. —	... .		—	660040.00	
——	17. —	... ...		—	460200.00	
——	18. —	... ...		—	180492.63	
——	19. —	... ...		—	100000.00	
——	20. —	... ...		—	4000.00	
				———	———	kr. 10220732.29
En tekjur eru áætlaðar:						
Samkvæmt	2. gr.	... ...		kr.	9302000.00	
——	3. —	... ...		—	48100.00	
——	4. —	... ...		—	230000.00	
——	5. —	... ...		—	264666.66	
				———	———	— 9844766.66
					Tekjuhalli	kr. 375965.63

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100000 kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^{2}/_{3}$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda

er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.

d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 6000 kr. til Síðuhjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
6. Alt að 15000 kr. til endurbyggingar garðinum á Siglufjarðareyri. Lánið er veitt til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
7. Alt að 15000 kr. til Kristjáns Linnets bæjarfógeta, til að koma upp embættisbústað, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið veitist til 30 ára, með 6% vöxtum, og endurborgist árlega með jöfnum afborgunum.

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns frá 1921 ávaxtast og endurborgast með 6% árlega á 40 árum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða tjón það, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1925, miðað við verð það, sem framleiðendur fá á útflutningshöfn. Enn fremur halla þann, er verða kann á því að taka skip á leigu til útflutningsins. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1926, svo og uppbót á þá

fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 15 þús. kr. lán til forstöðukonu húsmæðraskóla á Staðarfelli, til að kaupa áhöfn á skólajörðina, gegn endurtryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **470. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verslunaratvinnu.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 4. gr. Fyrir »nema ráðherra . . . stöðu þeirra« komi: nema bæjarstjórn eða sveitar mæli með því.
2. Við 5. gr. Síðasti málsliður (»Ráðherra er þó . . . ef sjerstaklega stendur á«) falli niður.
3. Við 6. gr. Orðin »nema sveitaverslun sje« í fyrstu málsgrein falli niður.
4. Við 11. gr. Fyrir »telji heppilegt . . . reka þá verslun« komi: leyfi og telji umsækjanda hæfan til að reka verslun, enda sje hann búsettur í sveitinni og hafi jörð eða jarðarhluta til ábúðar.
5. Við 14. gr.
   A. Fyrir »Það varðar sektum« í upphafi 1. málsgr. komi: Sektum varðar.
   B. Fyrir »ef maður« í niðurlagi 1. málsgr. komi: ef einhver.
   C. 1. tölul. gr. orðist svo:
      Rekur verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfið eða eftir að hann hefir mist það.

Ed. **471. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþykt nálega óbreytt, nema að því er snertir sveitapresta. Nefndin vill auka dýrtíðaruppbót þeirra lítið eitt. Sömuleiðis hefir nefndin komið sjer saman um að mæla með því, að í fjárlögum verði veitt 20000 kr. uppbót handa lægst launuðu starfsmönnum landsins, öðrum en símameyjum.

BREYTINGARTILLAGA:

Talan $^2/_3$ í þriðja málslið 2. gr. verður: $^5/_6$.

Alþingi, 6. maí 1925.

Sig. Eggerz, form. Björn Kristjánsson. Jónas Jónsson, frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson. Ingvar Pálmason.

Ed. **472. Lög**

um breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Aftan við 4. grein laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Eftir sömu reglum fá starfsstúlkur landssímans endurgreidd iðgjöld sín, er þær fara úr þjónustu símans, án þess að þeim sje vikið úr þjónustunni, enda láti þær ekki af starfinu með rjetti til lífeyris samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **473. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1923.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

I. TEKJUR.	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Fasteignaskattur	210000,00	221489,73
2. Tekju- og eignarskattur	900000,00	781739,11
3. Aukatekjur	250000,00	300144,62
4. Erfðafjárskattur	55000,00	44223,25
5. Vitagjald	150000,00	196547,20
6. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	14120,01
7. Útflutningsgjald	600000,00	882445,89
8. Áfengistollur	250000,00	497498,72
9. Tóbakstollur	500000,00	434384,00
10. Kaffi- og sykurtollur	800000,00	825076,53
11. Vörutollur	1000000,00	1050893,96
12. Annað aðflutningsgjald	60000,00	111691,49
13. Gjald af brjóstsykurs- og konfektgerð	20000,00	15675,94
14. Stimpilgjald	500000,00	314609,01
15. Lestagjald	40000,00	35869,50
16. Pósttekjur	400000,00	410411,00
17. Símatekjur	1075000,00	1017153,34
18. Tóbakseinkasala	200000,00	200000,00
19. Skólagjöld	5000,00	6850,00
20. Tekjur af fasteignum og af skipum	190050,00	249916,22
21. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	576000,00	879925,82
22. Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld	22400,00	186176,85
23. Tekjur samkvæmt sjerstökum lögum og þingsályktunum	... ...	328828,29
24. Innborgað af útistandandi upphæðum frá f. á.	... ...	31494,23
25. Aukið skipalán í Handelsbanken	... ...	25000,00
26. Auknar lausar skuldir	... ...	1491161,35
27. Eytt af sjóði	... ...	582493,06
Samtals	7813450,00	11135819,12

II. GJÖLD.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1709313,95	2057020,11
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	223000,00	248681,42
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Ráðuneytið o. fl.	182280,00	181777,29
B. Hagstofan	47800,00	46290,28
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	67500,00	78554,85
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	439820,00	428604,68
B. Ýmisleg útgjöld	163600,00	259274,60
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	695556,00	675470,91
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	422900,00	448741,36
B. Vegabætur	330940,00	360831,62
C. Samgöngur á sjó	300000,00	286500,00
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	766100,00	1099863,26
E. Vitamál	120600,00	147680,17
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	295308,28	333141,75
B. Kenslumál	1009880,00	1026831,89
9. Til vísinda, bókmenta og lista	219150,00	208101,34
10. Til verklegra fyrirtækja	561920,00	520486,98
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	... ...
12. Eftirlaun og styrktarfje	202660,99	180993,85
13. Óviss útgjöld	100000,00	405094,28
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	2081878,48
Samtals	7922329,22	11135819,12

Ed. **474. Fjáraukalög**

fyrir árið 1923.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar kr. 1110333,71 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Ráðuneytið o. fl.		
2.	Utanfarir ráðherra	4903,05	
4.	Annar kostnaður	8462,85	
5.	Ríkisfjehirðisstörf	5476,25	
6.	Umbætur og viðhald á stjórnarráðshúsinu	1328,26	
			20170,41
	B. Hagstofan.		
3.	Pappír o. fl.	9,59	
4.	Prentun eyðublaða	0,71	
5.	Húsaleiga o. fl.	455,77	
			466,07
	C. Sendiherra o. fl.		
1. d.	Skrifstofuhald	3759,42	
3.	Ríkisráðskostnaður	1979,99	
4.	Sambandslaganefnd	5315,45	
			11054,86
		Samtals	31691,34

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

		kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.	
1. c.	Annar kostnaður...	565,15
5. a.	Laun fulltrúa o. fl.	776,00
	b. Laun tollvarða	5880,00
	Flyt	7221,15

		kr.	kr.
	Flutt	7221,15	
d.	Hiti og ljós	486.83	
e.	Ýms útgjöld...	1778,11	
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta ...	11545,00	
7.	Hegningarhúsið í Reykjavík o. fl.	3041,31	
9.	Sjódómsmenn	572,00	
			24644,40

B. Ýmisleg gjöld.

1. b.	Pappír og prentun	5696,85	
2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	5235,15	
3.	Brunaábyrgðargjöld o. fl.	13459,11	
6.	Landhelgisgæsla	75237,33	
7.	Yfirskattanefndir	9057,57	
			108686,01
		Samtals	133330,41

4. gr.

	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:	kr.	kr.
8.	Geislalækningastofa	2917,21	
11.	Geðveikrahælið á Kleppi...	4185,18	
12.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	4530,00	
13. a.	Sjúkrahús og sjúkraskýli	5094,38	
b.	Bólusetningarkostnaður	1226,85	
c.	Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20974,15	
d.	Varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	766,72	
f.	Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	520,10	
			40214,59
		Samtals	40214,59

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	A. Póstmál.	kr.	kr.
3. c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur	7881,67	
d.	Önnur gjöld...	34484,88	
			42366,55
		Flyt	42366,55

			kr.
		Flutt	42366,55
	B. Vegabætur.		
I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	1169,75	
	4. Aðstoðarmenn og mælingar	1872,71	
	5. Skrifstofukostnaður	1731,98	
II.	4. Hvammstangabraut	4452,22	
	5. Viðhald flutningabrauta	12400,00	
	6. Holtavegurinn	12478,41	
III.	5. Vegabætur og viðhald...	24674,15	
V.	1. Áhöld	523,85	
			59303,07
	C. Samgöngur á sjó.		
2.	Bátaferðir á flóum og víðar		1500,00
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
II.	Viðauki símakerfa	117412,53	
III.	2. Aðalskrifstofa landssímans	1773,49	
	4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík...	3256,18	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	147708,15	
	6. Áhaldahúsið í Reykjavík	297,25	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri o. fl.	8005,63	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði o. fl.	949,20	
	10. Símastöðin á Borðeyri	4601,38	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	2303,45	
	14. Aukaritsímaþjónusta	363,88	
	17. Eftirlitsstöðvar o. fl.	20593,53	
	Gengismunur	803,18	
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	16457,54	
VI.	Kostnaður við ferðalög	507,40	
VIII.	Alþjóðaskrifstofan í Bern.	830,15	
			325862,94
	E. Vitamál.		
I.	3. Skrifstofuhald	491,28	
	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	74,20	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	7361,26	
IV.	Hvanneyjarvitinn	5847,94	
VII.	Ýmislegt	16133,70	
VIII.	Til byggingar Svalbarðseyrar- og Hjalteyrarvita	20564,15	
			50472,53
		Samtals	479505.09

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Andlega stjettin.		
6.	Til raflagningar í dómkirkjuna í Reykjavík		2091,25
	B. Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
	b. Kennari í sögu og málfræði	100,00	
	g. 3. Ýms gjöld	8169,39	
			8269,39
II.	Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum		21978,05
III.	Mentaskólinn:		
	b. 2. Eldiviður og ljós	2826,66	
	3. Skólahúsið utan og innan	1883,92	
	4. Tímakensla og prófdómendur	11507,25	
	9. Ýmisleg útgjöld	994,25	
	11. Áhöld við fimleikakenslu	82,00	
	12. Verðlaunabækur	45,20	
			17339,28
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	b. 2. Tímakensla	1159,00	
	4. Eldiviður og ljós	2058,13	
	8. Ýms gjöld	667,77	
			3884,90
V.	Kennaraskólinn:		
	b. 1. Tímakensla	2370,00	
	3. Bækur og áhöld	29,93	
	5. Viðhald	192,77	
	6. Ýms gjöld	642,91	
			3235,61
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	b. 1. Tímakensla	114,00	
	3. Ýms útgjöld	741,08	
			855,08
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	b. 2. Ljós og hiti	394,46	
	3. Ýmislegur kostnaður	625,78	
	4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra	500,00	
			1520,24
VIII.	Bændakensla:		
	1. c. 2. Kensluáhöld.	329,81	
	3. Eldiviður og ljós	1509,45	
	Flyt	1839,26	59173,80

		kr.	kr.
	Fultt	1839,26	59173,80
	4. Ýms útgjöld	537,91	
2. c.	3. Eldiviður og ljós	152,77	
	4. Ýms útgjöld	1770,91	
3. b.	Aðstoðarkensla	200,00	
c.	4. Ýms útgjöld	2200,00	
			6700,85
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	2. b. Annar kostnaður	1628,37	
	3. Styrkur til námskvenna	3800,00	
	4. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	135,00	
			5563,37
XVII.	Kensla heyrnar- og málleysingja:		
	a.—b. Fæði nemenda, utanfararstyrkur forstöðukonu o. fl. ...		8281,45
		Samtals	79719,47

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

		kr.
21. a.	Skáld og listamenn	80,43

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

		kr.	kr.
8.	Útflutningur hrossa	536,75	
13. e.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	2186,98	
14.	Markaðsleit fyrir fiskiafurðir erlendis	17011,40	
38.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði	2582,42	
39.	Til Skeiðaáveitunnar	18380,55	
			40698,10
		Samtals	40698,10

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

	kr.
Óviss gjöld	305094, 28

Nd. **475. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 466. [Gengisskráning].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Í stað »Verslunarráði Íslands« komi: stjórn sambands starfsmanna ríkisins.

Nd. **476. Frumvarp**

til laga um framlengingu á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, skulu vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem hjer segir:

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:

Ber nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.

b. 2. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmanna, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett í nefndinni um gengisskráninguna.

Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $^3/_5$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $^1/_5$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **477. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar í strandferðamálinu.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson, Árni Jónsson, Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um skipulag strandferðanna. Skal nefndin skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Eimskipafjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands, 1 eftir tillögum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands.

Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti. Nefndin kýs sjer sjálf formann og starfar endurgjaldslaust. Tillögur hennar skulu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Strandferðirnar eru næsta ófullnægjandi eins og þeim er nú fyrir komið. Ýmsir landshlutar verða mjög út undan og hljóta að dragast mjög aftur úr vegna samgönguleysis. Má t. d. minna á Austur-Skaftafellssýslu, suðurhluta og norðurhluta Múlasýslna, Norður-Þingeyjarsýslu, ýms hjeruð við Breiðafjörð og víðar. Úr þessu verður að bæta hið bráðasta, því að þótt Esja sje gott skip, þá er engin von til þess, að hún geti fullnægt allri strandferðaþörfinni.

Sennilegt er, að helst verði að taka þann upp, að fá skip í viðbót til strandferða, sem yrði aðallega vöruflutningaskip, en þó með dálitlu farþegarúmi. Gæti þá það skip tekið við vöruflutningi að einhverju leyti úr millilandaskipunum á hinar minni hafnir. En þetta er, eins og annað, verkefni fyrir nefndina að rannsaka.

Ed. **478. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er nú loks komið frá Nd., og með því að nefndin hefir þessa síðustu daga þingsins mörg vandasöm mál, sem afgreiða verður fljótlega, hefir hún ekki getað varið nema stuttum tíma til að athuga frv.

Verðtollurinn er í landi, sem lítið tolleftirlit hefir, miður heppileg leið til tekjuauka fyrir ríkissjóð, þó að þingið í fyrra sæi sjer ekki annað fært en fara þessa leið til að bæta úr bráðri þörf ríkisins á auknum tekjum. Ákvæði 4. málsgr. 1. greinar, um almenna lækkun tollsins þegar snemma á næsta ári, skoðar nefndin vera til stórra bóta, en væntir hinsvegar þess, að ekki muni þurfa að halda þessum tolli lengur en nú er ákveðið, með því líka að hann er samþyktur til bráðabirgða, eins og nafnið bendir til.

Þótt nefndin viðurkenni, að breytingar þær á lögunum, sem í frv. felast, miði að ýmsu leyti til bóta, finst henni óhjákvæmilegt að gera við það nokkrar breytingartillögur, sem miða að tollflokkuninni og verða að teljast vera í samræmi við þá viðleitni, sem að öðru leyti er sýnd með frv. til að gera tollinn skaplegri.

Tillaga nefndarinnar um, að tollurinn lækki 1. mars næsta ár, í stað 1. apríl, byggist á því, að verslanir munu yfirleitt ekki geta, sjer að bagalausu, bæði með að flytja inn vörubirgðir sínar til apríl-byrjunar. Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. staflið A.
   a. Orðin »Kjötmeti . . . eða niðursoðið« falli burt.
   b. Á eftir orðunum »Kaffibrauð allskonar« komi: annað en kex.
   c Orðin »Kex, annað en matarkex« falli burt.
   d. Á eftir orðinu »Hársmyrsl« komi: andlitssmyrsl, andlitsduft.
   e. Orðin »Tilbúin blóm. Jólatrjesskraut« falli burt.
   f. Orðin »Úr. Klukkur« falli burt.
2. Við sömu gr. staflið B.
   a. Á eftir orðinu »Bæs« komi: Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu.
   b. Á eftir orðinu »Hunang« komi: Húsgögn. Hurðir. Gluggar.
   c. Á eftir orðunum »Ritvjelar og fjölritar« komi: Reikningsvjelar og talningarvjelar.
   d. Orðið »viðhafnarlaus« falli burt.
3. Í stað »1. apríl« í upphafi síðustu málsgreinar 1. greinar komi: 1. mars.
4. Við 2. grein.
   Aftan við greinina bætist: Vitatæki og ljósmerkjatæki og efni til þeirra.

Alþingi, 6. maí 1925.

Sig. Eggerz, formaður. Björn Kristjánsson. Ingvar Pálmason, skrifari.

Jónas Jónsson. Jóhann Jósefsson, frsm.

Nd. **479. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við 13. gr.

Síðasta málsgrein: »Árgjaldið fellur« — og út málsgr. — falli niður.

Ed. **480. Lög**

um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

1. gr.

Upphaf 1. gr. skal orða svo:

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja o. s. frv.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot samkvæmt þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi í því skyni að koma því, beinlínis eða fyrir milligöngu annara, hjer á land eða til sölu eða neyslu í landhelgi eða í íslenskt skip til sölu eða neyslu. En landhelgi telst 4 sjómílur í haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landsmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Aftan við 6. málsgr. 5. gr. bætist: en farþegar á farangri sínum.

Síðasta málsgr. sömu greinar falli niður.

3. gr.

7. gr. skal orða svo:

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

4. gr.

Orðin »og 10« í 8. gr. falli niður.

5. gr.

2. málsgr. 9. gr. skal orða þannig:

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna (sbr. þó 18. gr.), en þó aldrei oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur aðeins til lækninga.

6. gr.

10. gr. falli niður.

7. gr.

14. gr. skal orða svo:

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni 500—5000 krónum.

Öðru sinni 1000—10000 krónum.

Þriðja sinni og oftar 2000—20000 krónum.

Auk þess skal sökunautur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Nú flytur skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, og skal skip þá gert upptækt með dómi til handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, enda má kyrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

2. Ef áfengi er ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, þá varðar það sektum, frá 100—2000 krónum.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

8. gr.

1. málsgr. 15. gr. skal orða svo:

Nú skýrir skipstjóri lögreglustjóra eða umboðsmanni hans rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—2000 krónur, enda liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagafyrirmælum. Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði eins og segir í síðustu málsgrein 1. tölul. 14. gr.

3. málsgr. sömu greinar skal orða svo:

Ef nokkur brýtur oftar ákvæði þessarar greinar, eða gerir sjer sölu eða veitingar áfengra drykkja að atvinnu, þá varðar það, auk sekta samkvæmt 2. málsgr., fangelsi, ekki skemra en 1 mánuð, eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Síðustu málsgr. sömu greinar skal orða svo:

Afgreiðslumanni lyfsala eða hjeraðslæknis liggur sama hegning við, ef hann afhendir áfengi án lyfseðils, oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli eða lyfseðli læknis, er sviftur hefir verið heimild til að láta áfengislyfseðla af hendi samkvæmt 18 gr., eða eftir lyfseðli, sem ekki er að öllu leyti samkvæmur þeim reglum, er í 2. málsgr. 9. gr. segir.

Ef lyfsali sjálfur eða forstöðumaður lyfjabúðar eða hjeraðslæknir brýtur með þeim hætti, sem í næstu málsgr. hjer á undan segir, þá varðar það sektum, 200—5000 krónum. Ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar verður tvisvar sannur að þessum brotum, eða einhverju þeirra, eða ef ofannefndir þjónar hans verða það, sami maður þrisvar sinnum í þjónustu hans, þá getur dómsmálaráðherra svift hann lyfsöluleyfi eða rjetti til að standa fyrir lyfjabúð.

Lyfsali og hjeraðslæknir ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er þjónn hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, enda má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

9. gr.

18. gr. skal orða svo:

Nú lætur læknir áfengi af hendi án þess að hann hafi fullvissað sig um þörf beiðanda á því til lækninga, eða læknir brýtur reglur þær, sem settar eru eða settar verða samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., og skal hann þá sæta sektum, fyrsta skifti 500—5000 krónum, og tvöfaldri sekt, ef brot verður ítrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til þess að gefa út seðla á áfengi eða láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Dómsmálaráðherra getur sett, með ráði landlæknis, nánari reglur um þetta atriði.

10. gr.

Eftir 18. gr. komi ný grein svo látandi:

19. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum eða hótunum eða ráðum sínum, að brot á lögum þessum verði framið, enda verði hann ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, eða veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, sæti sektum, frá 50—5000 krónum. Ef brot er ítrekað eða ef miklar sakir eru, skal, auk sekta, dæma sökunaut í fangelsi, eða, ef mjög miklar sakir eru, í alt að 1 árs hegningarvinnu.

11. gr.

19. gr. skal orða svo:

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því að eins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim, enda gangi málskostnaður fyrir.

12. gr.

20. gr. skal orða svo:

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., skal fara að hætti almennra lögreglumála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Þau brot, sem framin eru fyrir þann tíma, skal dæma eftir þessum lögum, ef úrslitin verða sökunaut vægari, en ella eftir eldri lögum.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 91, 14. nóv. 1917, og gefur konungur þau lög þannig breytt út sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

Nd. **481. Lög**

um slysatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

1. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn, þá er hjer greinir:
   a. Farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
   b. Fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum, er stunda fiskiveiðar 1 mánuð í senn á ári eða lengur.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaup í þeim atvinnugreinum, sem hjer eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsvinna og vöruflutningar í sambandi þar við.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, námugröftur, enn fremur fiskverkun, ísvinna og vinna við rafmagnsleiðslur, þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvjelar eru notaðar að staðaldri.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum, nema um venjuleg bæjarhús eða útihús í sveitum sje að ræða.
   d. Vegagerð, brúargerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar og viðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu trygðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið, ráðið að opinberri tilhlutun.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., að starfið sje rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfjelags, eða þá

einstaklings eða fjelags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þótt það sje framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.

Tryggingin samkvæmt 2. tölul. nær ekki til skrifstofufólks, nema það taki einnig beinan þátt í verklegum störfum fyrirtækisins.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning, bera ábyrgð á því, að þeir sjeu trygðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

Ef ágreiningur verður um, hvort fyrirtæki sje tryggingarskylt, hver skuli skoðast sem atvinnurekandi eða hverjir falli undir trygginguna, skal Slysatryggingin skera úr því, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

2. gr.

Trygginguna samkv. 1. gr. annast stofnun, sem nefnist »Slysatrygging ríkisins«. Er henni stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Hefir stjórnarráðið yfirumsjón með stjórn Slysatryggingarinnar, og greiðist kostnaðurinn við hana úr ríkissjóði. Til stjórnarkostnaðar telst eigi borgun til nefndar þeirrar og fulltrúa, sem ræðir um í 18. gr.

3. gr.

Þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er trygður í, veitir Slysatryggingin bætur samkvæmt eftirfarandi reglum.

Sjómenn eru trygðir fyrir slysum á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

4. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal Slysatryggingin greiða þær bætur, sem hjer segir:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 4 vikur, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður aftur vinnufær eða úrskurður er feldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó aldrei lengur en í 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð.
b. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 4000 kr., og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en að $^1/_6$ hluta.

5. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því, að það bar að höndum, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum dánarbætur 2000 kr.

Rjett til dánarbótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og þau verið samvistum, þegar það vildi til, eða hafi konan notið framfærslueyris frá manninum. Hafi þau eigi verið samvistum og konan eigi notið framfærslueyris frá manninum, er það á valdi Slysatryggingarinnar að skera úr, hvort hún skuli fá bæturnar að öllu eða nokkru leyti eða alls ekki.

   Ef gift kona deyr af slysi, fær ekkillinn bæturnar eftir sömu reglum sem ekkja.
2. Börn hins látna, skilgetin eða óskilgetin, hafi þau verið á hans framfæri þegar slysið varð. Sama gildir og um fósturbörn.
3. Foreldrar hins látna. Nú hefir að eins annað foreldri hans að nokkru eða öllu leyti á hendi framfærslu systkina hans í ómegð, og fær það þá allar dánarbæturnar, enda hafi hinn látni ekki dvalið á vegum hins foreldrisins nje veitt því fjárhagslegan stuðning með atvinnu sinni. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.
4. Systkini hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum reglum, ef sjerstaklega stendur á.

Hljóti ekkja eða ekkill dánarbæturnar, skal að auki greiða 200 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 400 kr., er ekkja fær dánarbæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 200 kr. í viðbót. Þó skal engin viðbótarupphæð greidd, ef eitt barn fær dánarbæturnar.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkv. 4. gr. b.

6. gr.

Til þess að standast útgjöld Slysatryggingarinnar önnur en þau, sem nefnd eru í 2. gr., skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem trygðir eru, til útgjalda.

Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skifta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir tryggingunа, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sjerstök iðgjaldsupphæð fyrir hvern trygðan mann í þeim flokki, miðuð við tímalengd (klukkustund, dag, viku, mánuð eða ár), og skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem Slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiftinguna í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingu á skiftingunni í áhættuflokka og á iðgjöldunum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sjerstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur Slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

7. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem trygðir eru samkvæmt 1. gr. 1, reiknast eftir vikum, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og telst frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráningin fer fram skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr. 1) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn vjelbáta minni en 5 lestir greiða að eins $^{4}/_{5}$ og útgerðarmenn róðrarbáta $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

Skráningarstjóri sendir Slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

8. gr.

Nú forfallast slysatrygður skipverji, og gengur ótrygður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáts getur trygt ákveðna tölu skipverja, ef sjerstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

9. gr.

Sjerhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 1. gr. 2., skal, þegar lög þessi ganga í gildi, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra) tvíritaða tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er Slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða iðgjaldagreiðslu þess. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skift að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir Slysatryggingunni. Verkamenn skoðast trygðir frá þeim

tíma, er lögin ganga í gildi eða fyrirtækið byrjar, hvort sem það hefir verið tilkynt eða ekki.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrár á þann hátt, sem Slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast iðgjöldin við þær, en lögreglustjóri sjer um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. má taka lögtaki.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir. Af iðgjöldum samkvæmt 9. gr. greiðast 6% í innheimtulaun. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

11. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæti auk þess sektum.

12. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má, að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda svo fljótt sem auðið er lögreglustjóra, eða hreppstjóra áleiðis til lögreglustjóra, tilkynningu um slysið í því formi, sem Slysatryggingin skipar fyrir um. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rjett til bóta frá Slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til Slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Getur lögreglustjóri, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, haldið próf í málinu.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

13. gr.

Undir eins og Slysatryggingunni hafa borist nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur við ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiða samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir mist af vinnuafli sínu. Eru þá örorkubætur ákveðnar.

14. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum, og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt þær bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögunum, nje leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

15. gr.

Eigandi tryggingarskylds fyrirtækis má tryggja sjálfan sig, ef hann óskar þess, með verkamönnum sínum og með sömu skilmálum. Ennfremur getur hann krafist þess, að aðrir þeir, sem starfa við fyrirtækið, en eru eigi tryggingarskyldir, sjeu látnir falla undir trygginguna.

16. gr.

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í Slysatryggingunni á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist þá hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

17. gr.

Þeir, sem stunda einhverja þá atvinnu, er nefnd er í 1. gr. 2., en ekki eru tryggingarskyldir, hafa rjett til að tryggja verkamenn sína og einnig sjálfa sig gegn slysum hjá Slysatryggingunni, með sömu kjörum sem tryggingarskyld fyrirtæki sömu tegundar. Ef vafi er á, til hvaða áhættuflokks slíkt fyrirtæki skuli telja, sker Slysatryggingin úr því.

18. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiftingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifjelag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verslunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Iðnaðarmannafjelag Reykjavíkur skipar. Ef stofnaður verður almennur fjelagsskapur meðal atvinnurekenda í mótorbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiftingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rjett til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar. Sama rjett hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum Slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist, að Slysatryggingin standi í skilum. Þær fjárhæðir, er ríkissjóður kynni að greiða samkvæmt þessu, skulu endurgoldnar ríkissjóði jafnskjótt sem Slysatryggingin verður þess megnug.

20. gr.

Slysatrygging ríkisins tekur við eignum og skuldbindingum Slysatryggingarsjóðs sjómanna. Að öðru leyti eru lög nr. 32, 27. júní 1921, úr gildi numin.

21. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar og þeirra 2 fulltrúa, er um getur í 18. gr., ef útnefndir hafa verið.

Í reglum þessum má undanþiggja tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem til hagar og þörf krefur.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna til Slysatryggingarinnar. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Nd. **482. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. 5. b. (Augnlækningar):
Liðurinn verður svo:
Styrkur til lækningaferða kringum landið 1000
Styrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar, enda skifti þeir landinu á milli sín til yfirferðar, eftir fyrirmælum landlæknis, og hafi dvöl á að minsta kosti einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.
2. — 12. — 16. f. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir):
Fyrir »24000« kemur 38000
3. — 13. — C. 1. b. (Eimskipafjelag Íslands):
Fyrir »45000« kemur 60000

4. Við 13. gr. D. IV. 4. (Þráðlausa stöðin í Reykjavík).
Síðari málslið athugasemdarinnar skal orða svo:
Enn fremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn, frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er lokið, enda taki Alþingi fullnaðarályktun um málið.
5. — 14. — B. III. 9. (Kenslubækur Mentaskólans).
Liðurinn fellur niður.
6. — 14. — B. IX. d. (Styrkur til verklegs náms):
Fyrir »náms« kemur: framhaldsnáms.
7. — 14. — B. XIV. 5. (Hjeraðsskólar):
Fyrir orðin í athugasemdinni: »að 2—3 sýslufjelög — stjórnarráðinu« kemur: að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu.
8. — 14. — B. XX. (Landslagsuppdráttur af Íslandi).
Liðurinn fellur niður.
9. — 15. — 17. (Leikfjelag Akureyrar):
Liðurinn fellur niður.
10. — 15. — 18. a. (Skáld og listamenn):
Fyrir »9000« kemur 8000
11. — 15. — 20. (Þórbergur Þórðarson):
Fyrir orðin »enda . . . látnum« kemur: enda sje safnið eign ríkisins.
12. — 15. — 44. (Ferðastyrkur á kennaraþing):
Liðurinn fellur niður.
13. — 15. — 45. Nýir liðir.
a. Til frú Soffíu Guðlaugsdóttur leikkonu, til utanfarar til leiklistarnáms 1000
b. Til söngflokks K. F. U. M., til Noregsferðar, gegn þriðjungs framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur... ... 8000
14. — 16. — 1. (Búnaðarfjelag Íslands):
Fyrir »175000« kemur 200000
15. — 16. — 12. (Fiskifjelag Íslands).
Fyrir »60000« kemur 70000
16. — 16. — 24. (Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga).
Fyrir »6200« kemur 5200
17. — 16. — 25. Nýr liður:
Til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda í Dalasýslu, styrkur til skólahalds í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, einkum þjóðlegum hannyrðum 500
18. — 16. — 32. b. (Leiðbeinandi í húsagerð):
Liðinn skal orða svo:
Ferðakostnaður og skrifstofufje 1200
19. — 18. — II. i. 16. (Steinunn Sigurðardóttir):
Athugasemdin fellur niður.

20. Við 22. gr. 5. Nýir liðir:
a. Alt að 15000 kr. til Hvammstangahjeraðs. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
b. Alt að 40000 kr. til Húsavíkurhrepps, til þess að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin metur gilda.

21. — 22. — 7. (Lán til Kristjáns Linnets bæjarfógeta):
Liðurinn fellur niður.

Nd. **483. Frumvarp**

til laga um verslunaratvinnu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar (commission), lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur).

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.
3. Vöruútvegun manna í fjelagi til þarfa sinna, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram.

Um farandsala, sem ekki eru hjer búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum.

Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málssókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir.

2. gr.

Enginn má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita

þeim verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrotna hans.

4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verslun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hjer að lýtur, eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufjelaga.

Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana nje þeirra, sem ætla að versla einungis með innlenda mjólk, rjóma, skyr eða egg, brauð eða kökur.

6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

4. gr.

Verslunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verslunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem hjer segir:

1. Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr.
2. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórar og að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþyktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verslun látins manns síns án nýs leyfis, enda þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi öllum ákvæðum 3. gr.

Bú aðilja, er verslunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verslunarleyfi.

Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og þar til hann hefir náð lögaldri reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann fullnægi eigi skilyrðunum í 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir versluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.--3. tölul., fyrsta málsl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdastjóri fjelags eða stofnunar einhvers þess, sem áskilið er í 5. gr., fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá hafa komið þessu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

8. gr.

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að versla, lætur leyfisbrjef af hendi, sbr. þó 10. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verslun leyfið hljóðar um, hvar versla megi samkvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er ráðherra kann að ákveða.

Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verslunarleyfi hafa á landinu.

9. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um verslunarleyfi eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist verslunarheimild sína, og er honum þá rjett að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En alt að einu er aðilja rjett að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans áður sex mánuðir sje liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetningu úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi.

10. gr.

Í verslunarleyfi skal greina, hverskonar verslun (stórsala, smásala, sveitaverslun o. s. frv.) leyfð er. Leyfi til verslunar einnar tegundar felur ekki í sjer heimild til að reka annarskonur verslun; þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverslun og tilboðasöfnun eftir sama leyfisbrjefi.

Verslunarleyfi veitir einungis heimild til verslunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verslunarstað, eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar og 11. gr.

Veita má sama aðilja leyfi til verslunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verslunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, nema þeir hafi þar opna sölubúð.

Rjett er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landinu sem er og í íslenskri landhelgi.

11. gr.

Leyfi til sveitaverslunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verslun sje í þeirri sveit, enda sje umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verslunina.

12. gr.

Leyfi til lausaverslunar veitir lögreglustjóri þar, sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur, eða þar, sem hann hyggst að byrja verslun sína.

Leyfið veitir heimild til að versla hvar við land sem er, ef það hljóðar um verslun á skipi, og til að versla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verslun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verslunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verslun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sje að selja.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til stórsölu	kr.	1000,00
Leyfi til lausaverslunar	—	250,00
Leyfi til annarar verslunar	—	200,00

14. gr.

Sektum varðar til ríkissjóðs, frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, ef maður:

1. Rekur verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfi eða eftir að hann hefir mist það.
2. Byrjar verslun án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki skilyrðum fyrir að halda byrjaðri verslun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjöld þau fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið.

Mál út af brotum gegn fyrirmælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður komst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða upplýsingar hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Þeir, er fengið hafa verslunarleyfi fyrir 1. mars 1925, halda því.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Op. br. 29. okt. 1824.

Op. br. 7. apr. 1841.

Lög nr. 28, 7. nóv. 1879.

Lög nr. 28, 2. des. 1887.

Lög nr. 78, 22. nóv. 1907, 6. gr., og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. **484. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. tölul. komi nýr 2. liður:
   Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans, nemenda eða sveina.
2. Við 13. gr. Við greinina bætist:
   Ef smásali hefir fleiri opnar sölubúðir en eina í sama kaupstað eða kauptúni, skal hann greiða hið síðasttalda gjald af hverri sölubúð.

Nd. **485. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsgr. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **486. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926 og við breytingartillögur á þskj. 482.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 10. gr. I. 6. c. Nýr liður:

Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir stjórnartíðindin 1916—1925 2500

II. Frá *Jakob Möller.*

Við 12. gr. 11. Nýir liðir:

a. Til Skúla læknis Guðjónssonar, til að halda áfram bætiefnarannsóknum 2500

b. Til Valtýs læknis Albertssonar, til framhaldsnáms í líffeðlisfræði og líffærafræði 2000

III. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*

Við 12. gr. 16. e. (Læknisbúst. í Laugarási):

Fyrir »4000« kemur 5000

IV. Frá *dóms- og kirkjumálaráðherra.*

Við 14. gr. B. I. g. (Gerlarannsókn og kensla í efnafr. við háskólann):

a. Orðin »800 kr. til hvors« falla niður.

b. Fyrir »1600« kemur 1800

V. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

1. Við 14. gr. B. VIII. 3. a.--c. (Staðarfellsskóli):
Liðirnir falla niður.
2. Við 14. gr. B. XIII. 6. (Fræðslumálarit):
Liðurinn fellur niður.

VI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 14. gr. B. XVIII. 4. (Sundlaugar):
Aftan við liðinn bætist athugasemd:
Af fje þessu skal greiða alt að 2000 kr. til sundlaugar og sundskálabyggingar á Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir $^1/_5$ kostnaðar.

VII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 15. gr. 18 b. Nýr liður:
Til Stefáns frá Hvítadal 1500

VIII. Frá *Jakob Möller.*

Við 15. gr. 18 b. Nýr liður:
Til Halldórs Kiljan Laxness 1500

IX. Frá *Jakob Möller.*

Við brtt. 482, 13. a. (Við 15. gr. 45). (Soffía Guðlaugsdóttir):
Fyrir »1000« kemur 1500

X Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 482, 13. b. (Við 15. gr. 45).
Liðinn skal orða svo:
Til söngflokks K. F. U. M., til Noregsferðar, gegn hálfu minna framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, alt að ... 8000

XI. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 16. gr. 2. (Sandgræðsla):
Fyrir »23000« kemur 26000

XII. *Sveini Ólafssyni.*

Við brtt. 482, 17. (Við 16. gr. 25).
Liðinn skal orða svo:
Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi og Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, einkum þjóðlegum hannyrðum, 500 kr. til hvorrar 1000

XIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 16. gr. 39. Nýr liður:

Til Bygggingarfjelags Reykjavíkur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá 7500
Til vara 5000

XIV. Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Lúðvíks Jónssonar, til að endurbæta jarðyrkjuverkfæri þau, er hann hefir smíða látið, enda sanni hann fyrir stjórninni, að hann hafi að öðru leyti fje, sem þarf til endurbótanna 5000

XV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 17. gr. 5. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík... 2500
Til vara 2000
2. Við 17. gr. 6. Nýr b.-liður:
Til sömu stofnunar... 50000
Fjárhæð þessari sje varið til uppbótar handa þeim, er bætur hafa fengið eða rjett eiga til bóta úr sjóði slysatryggingarinnar árin 1924 og 1925, eftir sömu hlutföllum og bætur hafa verið greiddar.

XVI. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
1. Við 18. gr. II. i. 6. Nýr liður:
Til Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður á Ytri Reistará 500
2. Við 18. gr. II. j. Nýr liður:
Til Eggerts Stefánssonar, símritara á Akureyri, þar til honum verður veitt starf við landssímann... 2500
Til vara 2000

XVII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 20000 kr. til tóvinnufjelags Vestur-Ísfirðinga. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
Til vara: Við 25. gr. Nýr liður:
Að ábyrgjast alt að 30 þús. kr. lán fyrir tóvinnufjelag Vestur-Ísfirðinga, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XVIII. Frá *Jóni Sigurðssyni.*
Við 22. gr. 7. Nýr liður,
Alt að 15000 kr. til Sigurðar sýslumanns Sigurðssonar, til að koma upp embættisbústað, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.

Lánið er veitt til 30 ára, með 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum greiðslum á hverju ári.

XIX. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 25. gr.

Greinin (Áhöfn á Staðarfell) fellur niður.

XX. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Birni Lindal.*

Við 25. gr. Nýir liðir:

II. Að ábyrgjast alt að 100 þúsund kr. lán fyrir Búðahrepp, til rafmagnsveitu, (endurveiting, sbr. fjárlög 1920—21 og 1924), gegn tryggingum þeim frá hreppnum, er stjórnin áskilur.

III. Að ábyrgjast alt að 150 þúsund kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað til hafnarbóta, gegn tryggingu, er stjórnin telur gilda.

Ed. **487. Frumvarp**

til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 394, með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Enníremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.
2. Tillag úr ríkissjóði 250 þús. kr. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
4. 1 miljón króna, er ríkissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins. Skal ríkissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni.

19. gr. hljóðar svo:

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr., um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $^1/_2$% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli $5^1/_2$% og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

28. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins alment.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

35. gr. er orðin 34. gr. og greinatalan breytt samkvæmt því.

Nd. 488. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þar sem fjórir nefndarmanna leggja það til, að frv. um einkasölu á síld sje felt, og þar sem í þeim nefndarmeirihluta eru menn úr »báðum aðalflokkum þingsins«, þá þykist jeg vita, að frv. muni eigi ná fram að ganga á þessu þingi.

Engar athugasemdir hafa komið fram við orðalag frv., og geri jeg því engar tillögur þar að lútandi, þótt jeg hinsvegar telji mjer skylt að taka fúslega bendingum um betra orðalag, ef fram koma.

Það eru ekki jafnaðarmenn einir, sem halda því fram, að hagkvæmt

sje, að ríkið hafi einkasölu á síld. Menn í öllum flokkum styðja þetta mál. Þó eru margir, sem svo líta á, að heppilegt mundi einnig, að ríkið tæki í sínar hendur sölu á síldarafurðum (síldarmjöli og síldarolíu). Hefir um þetta talsvert verið ritað í blöðin á seinni tímum, og vísast til þess hjer.

Verslunin á útfluttri síld mundi eigi vera nein áhætta fyrir ríkissjóð. Og fyrir hina smærri útgerðarmenn eru kostir einkasölufyrirkomulagsins auðsæir. Þeir mundu njóta markaðsverðsins, í stað þess, að nú verða þeir flestir að selja veiðina fyrirfram fyrir allralægsta verð, þannig, að þeir fái rjett fyrir kostnaði, ef vel aflast. Verði aftur lítill afli, stórtapa þeir vegna þessarar fyrirframsölu, þótt þeir annars gætu hagnast vel, ef þeir nytu markaðsverðsins. Nægir í þessu efni að vísa til síðustu síldarvertíðar.

Með einkasölunni væri þessi stopuli atvinnuvegur gerður mun tryggari fyrir allan þorra útgerðarmanna og sjómanna. Aftur fellur burtu gróðavon hinna fáu, mestmegnis útlendu, útflytjenda síldar. Er ekki vandi fyrir Alþingi að velja þarna á milli.

Jeg legg því eindregið til, að frv. um einkasölu á síld verði samþykt.

Alþingi, 8. maí 1925.

Jón Baldvinsson.

Nd. **489. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að útvega skýrslur um kjör þau, er útvegsmenn verða að sæta í helstu verstöðvum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jón A. Jónsson og Sigurj. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega, í samráði við stjórn Fiskifjelags Íslands, skýrslur úr helstu verstöðvum landsins um kjör þau, er útvegsmenn verða að sæta þar, svo sem um uppsátursgjald, verbúðaleigu, kvaðir þær, sem lagðar eru á afla báta, og fleira þessu viðvíkjandi.

Væntanlegar skýrslur um þetta leggi stjórnin síðan fyrir næsta Alþingi, ásamt tillögum til að bæta úr því, sem ábótavant kann að þykja.

Greinargerð.

Orð fer af því, að útvegsmenn sæti erfiðum kjörum í sumum verstöðvum landsins. Er rjett að rannsaka þetta atriði, og því er tillagan fram borin.

Ed. **490. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. — Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Jónas Jónsson, frsm.

Ed. **491. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. — Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.

Jónas Jónsson.

Nd. **492. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 16. Nýr liður:

Til lendingabóta að Skálum á Langanesi	10000

Sþ. **493. Tillaga**

til þingsályktunar um steinolíuverslunina.

Flutningsmenn: Sigurjón Jónsson, Jón A. Jónsson, Magnús Jónsson, Björn Líndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa innflutning á steinolíu frjálsan frá næstu áramótum, en láta ríkisverslun með steinolíu halda áfram fyrst um sinn að því leyti sem þörf gerist til þess að tryggja nægan innflutning og sanngjarnt verð á olíunni.

Greinargerð.

Að áliti okkar flutningsmanna hefir einkasala ríkisins á steinolíu undanfarin ár ekki náð þeim tilgangi, er henni var ætlað, að útvega landsmönnum ódýrari olíu en þeir ella hefðu fengið; hinsvegar er þessi ríkisrekstur mjög áhættusamur, ef illa árar fyrir bátaútveg. Leggjum vjer flutningsmenn því til, að einkasala ríkisins hætti frá næstu áramótum. Hinsvegar viljum vjer ganga það móts við þá, er góða trú hafa á þessum ríkisrekstri, að ákveðið skuli, að ríkisverslun með steinolíu haldi áfram, eftir því sem þarf, til þess að tryggja nægan innflutning og sanngjarnt verð á steinolíu.

Nd. **494. Viðaukatillaga**

við breytingartill. á þskj. 486, XX. lið. (Fjárlög).

Frá Bernh. Stefánssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

IV. Að ábyrgjast alt að 300 þúsund kr. lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til hafnarbóta, gegn tryggingu, er stjórnin telur gilda.

Nd. **495. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Við 18. gr. II. 7. Nýr liður:

Til Einars Þorkelssonar fyrv. skrifstofustjóra 800

Ed. **496. Frumvarp**

til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkvæmt öðrum lögum, sem ekki ákveða sjerstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, til ársloka 1928 launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

2. gr.

Síðari málsgrein lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af $^2/_3$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^5/_6$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.

Nd. **497. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 16. gr.:

a. Fyrir »1. júlí 1925« komi: 1. janúar 1926.

b. Fyrir »1. mars 1925« komi: 1. júlí 1925.

Sþ. **498. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka rjettarstöðu Grænlands gagnvart Íslandi.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Magnús Jónsson og Tryggvi Þórhallsson.

Alþingi ályktar að láta fram fara rannsókn á rjettarstöðu Grænlands gagnvart Íslandi að fornu og nýju og skipa í því skyni þriggja manna milliþinganefnd.

Nd. **499. Frumvarp**

til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal skipa sáttasemjara í vinnudeilum. Nefnd skipuð 11 mönnum skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjara. Skal nefndin skipuð 5 fulltrúum, er Alþýðusamband Íslands kýs, 5 fulltrúum, er allsherjarfjelag vinnuþega kýs, og einum fulltrúa, er hæstirjettur tilnefnir. Er hinn síðastnefndi formaður nefndarinnar. Atvinnumálaráðherra tilkynnir þeim, er tilnefna eiga menn í nefndina, að skipa skuli sáttasemjara. Skal tilkynning þessi gefin svo snemma, að vænta megi, að tillaga um skipun sáttasemjara sje komin frá nefndinni til atvinnumálaráðherra viku fyrir þau áramót, er sáttasemjara skal skipa. Nú eru 7 fulltrúar hið fæsta á einu máli um tilnefning, og skal þá sá maður skipaður, er þeir tilnefna. Ella skipar atvinnumálaráðherra sáttasemjara.

Sáttasemjari skal skipaður til 3 ára, og miðast skipun hans við áramót.

Atvinnumálaráðherra getur veitt sáttasemjara lausn frá starfanum, eftir beiðni hans, ef ástæða þykir til.

Nú deyr sáttasemjari, eða fær lausn frá starfi, og skal þá tafarlaust fara fram tilnefning og skipun nýs sáttasemjara, með þeim hætti, er að framan greinir, fyrir þann hluta, sem eftir er af kjörtíma þess, sem frá fór.

2. gr.

Sáttasemjara er skylt að kynna sjer nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins og einkum öll vinnukjör vinnusala, þ. e. lengd vinnutíma, launakjör, yfirvinnu, aðbúnað við vinnu og annað þess háttar. Sjerhvert fjelag vinnusala eða vinnuþega, er samning gerir við annað fjelag eða einstakan mann um vinnukjör, skal skylt að senda sáttasemjara tafarlaust afrit af samningnum.

Sáttasemjari skal senda atvinnumálaráðuneytinu á missiri hverju skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.

Nú rís deila um vinnukjör milli fjelags vinnusala annarsvegar og hinsvegar fjelags vinnuþega eða einstakra vinnuþega, og stöðvast vinna af þeim sökum eða ástæða er til að óttast að svo fari, og skal sáttasemjari þá kveðja hlutaðeigendur til samninga, enda megi ætla, að deilan hafi óheppileg áhrif á atvinnulífið, og samningaumleitunum aðilja sjálfra slitið, hafi þær átt sjer stað. Hvor aðili um sig velur fulltrúa til samninga, og skulu þeir annaðhvort vera í fjelagi, er hlut á að máli, eða í aðalstjórn allsherjarfjelags vinnusala eða vinnuþega. Það er skylda aðilja að hlýða kvaðning sáttasemjara.

4. gr.

Þá er sáttasemjari hefir kvatt til samninga, er honum skylt að reyna að koma á friðsamlegri úrlausn deilunnar, og er honum heimilt að benda aðiljum á miðlunaratriði, er draga mætti til sátta. Svo getur hann og borið fram miðlunartillögu, en ekki má án hans samþykkis gera hana heyrinkunna, meðan ekki er komið svar beggja aðilja. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við tvo fulltrúa hvors aðilja.

5. gr.

Nú hefir sáttasemjari kvatt til samninga í vinnudeilu og nauðsynlegt þykir, vegna úrslita málsins, að fá rjettan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rjett til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu, sjeu skýrslur þeirra eigi fullnægjandi, eða að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá valdsmanni. Hefir hann rjett til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

6. gr.

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í fjelagi vinnusala eða vinnuþega, skal hún borin fram eins og sáttasemjari hefir gengið frá henni, og ber við atkvæðagreiðslu að svara miðlunartillögunni játandi eða neitandi. Þá er atkvæði hafa verið talin, er fjelaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir fjelagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er fjelagi skylt, eftir því, sem við verður komið, að sjá svo um, að sjerhver atkvæðisbær fjelagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild.

7. gr.

Bannað er að gefa út vottorð eða leiða vitni um það, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því að eins, að samþykki beggja aðilja komi til.

8. gr.

Laun sáttasemjara og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra fær sáttasemjara erindisbrjef og setur þar nánari ákvæði um starfsemi hans.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun sáttasemjara, og skal hún greidd úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Á meðan allsherjarfjelag vinnuþega er eigi stofnað, skal Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík í þess stað skipa í nefnd þá, sem um ræðir í 1. málsgrein 1. gr.

Ed. **500. Tillaga**

til þingsályktunar um skattskýrslur.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á stjórnina að mæla svo fyrir við Skattstofuna, að hún tilfæri á aðalskýrslu þeirri, sem fram er lögð almenningi til sýnis, eignar- og tekjuskatt gjaldþegnanna í tveim aðgreindum liðum.

Sþ. **501. Tillaga**

til þingsályktunar um póstmál í Vestur-Skaftafellssýslu.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi skorar á landsstjórnina að láta þegar í stað taka upp aftur það skipulag, með aukapósta frá Kirkjubæjarklaustri, sem haldist hefir um nokkur undanfarin ár, þar til breyting nokkur var gerð í því efni um síðastliðin áramót, til óþæginda fyrir bygðir þær, sem hlut eiga að máli.

Nd. **502. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 22. gr. 7. Nýr liður:

Alt að 30 þúsund kr. til Friðjóns Kristjánssonar, til þess að koma upp kembingarvjelum í Reykjavík. Lánið veitist til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

Til vara: Við 25. gr. (Ný málsgrein):

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 30 þúsund kr. lán til Friðjóns Kristjánssonar, til þess að koma upp kembingarvjelum í Reykjavík, gegn endurtryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

Nd. 503. Breytingartillögur

við frv. til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Í stað »valdsmanni« komi: dómara.
2. Við »Ákvæði um stundarsakir«. Aftan við málsgr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar er lögin hafa öðlast gildi, skal í fyrsta sinni skipa sáttasemjara til ársloka 1928. Ákveður ráðherra, hvenær tillaga um skipun sáttasemjara skuli fram koma í síðasta lagi. Að öðru leyti fer við þessa fyrstu skipun sem segir í 1. málsgr. 1. gr.

Nd. 504. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 12. gr. 16. g. Nýr liður:

Til sjúkrahússins á Ísafirði, sem uppbót þess, er byggingin hefir orðið dýrari vegna verðtollsins, eftir reikningi, alt að... 2800

Nd. 505. Frumvarp

til laga um kynbætur hesta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta $1^1/_2$ árs og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi heimila.

2. gr.

Í þeim hjeruðum eða sýslum, þar sem ekki eru samþyktir um kynbætur hrossa, skal í hreppi hverjum vera hrossakynbótanefnd skipuð 3 mönnum. Um kosningu í nefndina gilda sömu ákvæði sem um kosningu í sveitarstjórn.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin hafa gert hreppsbúum það kunnugt fyrir lok marsmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefnd að gera undanþágu frá ákvæðum 1. gr., um vörsluskyldu graðhesta, sem hún hefir valið til undaneldis.

4. gr.

Alla graðhesta, sem hrossakynbótanefnd hefir valið til undaneldis, skal merkja með því að klippa Kh hægra megin á lend þeirra; skal endurnýja merkið svo oft sem þarf til þess, að það sje ávalt glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis hrossakynbótanefndar, þá varðar það sekt. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla aðra graðhesta $1^1/_2$ árs og eldri en þá, sem ætlaðir eru til undaneldis samkvæmt 4. gr., skal gelda fyrir 21. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki eru þá kynþroska, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn, og skal hann þá sekt gjalda og skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh hægramegin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann er valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og á fóður — ef þörf gerist — á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera honum aðvart svo fljótt sem unt er; sje hestsins ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður innan 6 vikna frá því að hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

Sama gildir um graðhesta, sem verðlaun hafa hlotið á hjeraðasýningum, sem styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, enda sjeu þeir merktir á sama hátt og aðrir kynbótahestar.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—300 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brot verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem sakborningur á heima.

8. gr.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926, og skulu hrossakynbótanefndir kosnar í fyrsta sinn eftir þeim í janúarmánuði það ár.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Nd. **506. Tillaga**

til þingsályktunar um löggildingu mælitækja og vogaráhalda.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ráða í þjónustu sína fyrst um sinn einn eða tvo menn, til þess að aðstoða lögreglustjóra við löggildingu mælitækja og vogaráhalda, er þeir hafa á hendi samkvæmt lögum nr. 12, 1924.

Jafnframt skorar Alþingi á stjórnina að leggja fyrir lögreglustjórana að haga löggildingunni þannig, að sem minst þurfi að kaupa af nýjum áhöldum, heldur nota þau, er á sínum tíma voru keypt handa löggildingarstofunni.

Greinargerð.

Hjer er farið fram á það, að heimila ríkisstjórninni að ráða einn eða tvo menn í þjónustu sína, til þess að aðstoða lögreglustjórana við eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum og við löggildinguna. Mundi eftirlitið og löggildingin á þann hátt verða miklu betra og tryggara.

Við borð liggur, að kaupa þurfi handa lögreglustjórunum áhöld til löggildingarinnar. En löggildingarstofan átti fullkomin áhöld til þessa, og mundi að miklu leyti vera hægt að komast af með þau, ef það, sem tillagan fer fram á, kæmist í framkvæmd.

Ed. **507. Lög**

um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 (Herpinótaveiði).

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

1. gr.

Lög nr. 30, frá 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **508. Lög**

um vatnsorkusjerleyfi.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

I. kafli.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

Hjerað merkir kaupstað, sýslu eða hrepp.

Innlendur er hver sá, sem búsettur er á Íslandi og er íslenskur ríkisborgari eða nýtur jafnrjettis við þá.

Útlendur er hver sá, sem ekki getur talist innlendur samkvæmt þessum lögum.

Umsækjandi er hver sá maður, fjelag, samlag eða stofnun, er sótt hefir um vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Sjerleyfishafi er hver sá, er fengið hefir og ræður yfir vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Virki merkir hver þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, eða í ráði að gera, nota eða hafa til taks, samkvæmt umsókn (4. gr.) eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, orkuveitu og iðjuver.

Miðlunarvirki merkir hver þau virki, sem til þess eru ætluð að breyta eðlilegu vatnsmagni í vatnsfalli.

Orkuver merkir öll þau virki, sem til þess eru ætluð að ná vatnsorku úr fallvatni og breyta henni í raforku eða annað orkulíki, svo sem miðlunar-

virki og hver þau virki, sem breyta framrás og farveg vatnsins, fyrirhleðslur, skurðir, undirgöng, vatnsæðar o. fl., orkustöðvarnar með þar til heyrandi vjelum og öðrum tækjum, þar með taldar eimorkuvjelar eða aðrar orkuvjelar, sem ætlaðar eru í viðlögum til viðbótar eða í stað vatnsorkuvjelanna, með íbúðarhúsum verkamanna og hverjum þeim húsum, sem til heyra, ásamt öllum landspildum og rjettindum, sem höfð eru eða ætluð í þarfir orkuversins.

Orkuveita merkir hver þau virki, sem ætluð eru til að koma vatnsorkunni í einhverju líki frá orkuveri þangað, sem þeir taka við henni, er hagnýta hana.

Iðjuver merkir hver þau mannvirki, hús og tæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi reisir eða ætlar að reisa í þarfir þeirrar iðju, sem hann ætlar orkuna til.

Fyrirtæki merkir það fyrirtæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi stofnar og rekur, eða ætlar að stofna og reka, samkvæmt umsókn sinni eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, og þar að auki orkuveitu og iðjuver, ef því er að skifta.

II. kafli.

Almenn ákvæði.

2. gr.

Eigi er umráðamönnum vatnsrjettinda heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Ríkisstjórnin getur þó veitt samþykki til þess, að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meira en 500 eðlishestöfl sje að ræða, ef að eins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um virkjun ríkisins á fallvötnum fer eftir ákvæðum Alþingis.

III. kafli.

Um sjerleyfi handa innlendum mönnum.

3. gr.

1. Innlendir menn geta fengið sjerleyfi ríkisstjórnar til að virkja fallvötn, ef fyrirtækið horfir til nytsemdar og fer ekki í bága við hagsmuni almennings, með þeim nánari skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, samkvæmt þessum og öðrum gildandi lögum.
2. Sama gildir um:
   a) hlutafjelög og önnur fjelög, sem að lögum eru talin fjelög með takmarkaðri ábyrgð, ef stjórn þeirra er alinnlend og allur fjárstofninn eign innlendra manna,

b. stofnanir, ef stjórn þeirra er alinnlend og markmið þeirra horfir til almenningsheilla.

Umsóknir um vatnsorkusjerleyfi.

4. gr.

Hver sá, er æskir sjerleyfis til að virkja fallvatn, skal senda ríkisstjórn umsókn sína og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hjer segir:

1. Nafn, staða og heimili umsækjanda.
2. Nafn vatnsfalls þess eða stöðuvatns, sem hugsað er til að taka vatn úr, lýsing á því og aðstöðu og heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota.
3. Hvar hugsað er að veita vatninu úr farvegi og hvar í hann aftur, og hæðarmunur á yfirborði vatnsfallsins á þeim tveim stöðum.
4. Vatnsmagnið alt (í tenm. á sek.) á þeim stað, þar sem vatn skal tekið upp, í minsta, mesta og meðallagi; á hverju sú skýrsla er bygð.
5. Hvort miðlunarvirki eru fyrirhuguð, og þeim þá lýst, og fylgi uppdráttur, og sýnt á honum það land, sem fer í kaf, og sagt flatarmál þess; nefnt rúmmál þess vatns, sem safna megi í uppistöðuna.
6. Stutt en skýr lýsing á öllu fyrirtækinu, orkuveri, orkuveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á; fylgi uppdrættir og lýsing, sjáist á þeim, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin; skýrt frá því, hve mikið vatn (tenm. á sek.) hugsað er að taka úr farvegi að orkuverinu, hver fallhæðin verður á því vatni og hve mörg hestöfl nýtast á vatnshjóli; hvort, og þá hve nær, hugsað er til að stækka orkuverið, svo að alt vatnsmagnið verði notað.
7. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir, ef aðrir eru en umsækjandi.
8. Nefnd mannvirki, ef nokkur eru, ofar eða neðar, gerð til að nota vatn úr vatnsfallinu, t. d. til áveitu; sagt til, hvort nokkur þeirra muni bíða baga af orkuverinu, og þá hver og hvernig.
9. Hve nær umsækjandi telur sjer fært að hafa til fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.
10. Hve nær hann telur sjer fært að byrja á virkjunum og hve nær að hafa þau fullgerð, hversu margt verkafólk muni þurfa í flesta lagi, meðan virkin öll eru í smíðum, og hversu margt til rekstrar alls fyrirtækisins framvegis; hvort umsækjandi fer fram á að mega ráða útlent verkafólk, og þá hvaðan og hversu margt.
11. Til hvaða iðju orkan er ætluð, að því fráskildu, sem kynni að verða áskilið almenningi til afnota; hvort umsækjandi ætlar sjálfur að reka þá iðju eða selja öðrum orkuna til þess, og þá hverjum, og hvað því er til sönnunar, að hann eigi kaupanda vísan.
12. Hvar iðjuver eiga að standa, sem orkuna fá, og þeim lýst.

13. Hvernig hugsað er til að veita orkunni frá orkuverinu að iðjuverum, og yfirleitt til þeirra, sem ráðgert er að fái orku frá orkuverinu; lýsing á þeirri leið og veituvirkjum, sem fyrirhuguð eru.
14. Hvort umsækjandi telur sjer þörf á samgöngubótum til flutnings að og frá orkuveri eða iðjuveri, eða báðum, og því lýst, hvað hann ætlar fyrir sjer og fer fram á um þær samgöngubætur.
15. Áætlun um það, hvað öll virkin muni kosta: a) miðlunarvirki, b) orkuver, c) orkuveita, d) iðjuver til hagnýtingar orku, e) samgönguvirki.
16. Hvort umsækjandi hefir ráð á öllu því fje, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hygst að afla þess fjár, sem á vantar, og hverjar líkur eru til að það muni takast.
17. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers fjelags eða stofnunar, sbr. 3. gr. 2. lið, þá skal segja nöfn, stöðu og heimili stjórnenda, segja til hvar höfuðskrifstofa þess er og varnarþing, láta fylgja lög þess, eða aðrar fullgildar sannanir fyrir því, að það fullnægi skilyrðum 3. greinar, enn fremur sönnun þess, að umsækjandi hafi fult umboð þess fjelags, eða stofnunar, til að bera fram slíka umsókn og koma slíku fyrirtæki á fót.

    Ríkisstjórn getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hverskonar nánari eða frekari upplýsingar, áður en honum verði svarað, enda sanni hann fyrir ríkisstjórn, áður leyfi er veitt, heimildir sínar til vatnsorku þeirrar, er hann vill hagnýta.
18. Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn, ef hestaflatala sú, er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 1000 hestöflum.

5. gr.

Áður sjerleyfi er veitt, skal ríkisstjórn senda fyrirspurn til þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, og annara nálægra hjeraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja hjeraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf hug á því að virkja þetta fallvatn í almenningsþarfir, og þá hvenær og hvernig hún sjái sjer fært að koma því í verk. Ef hjeraðsstjórn getur tekið að sjer virkjun þessa, má eigi veita öðrum sjerleyfi.

6. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að ríkisstjórn telji gerlegt að ráða málinu til lykta, og ástæðan sú, að ítarlegri mælingar á fallvatninu og öllum staðháttum o. fl. myndu baka umsækjanda mjög mikinn tilkostnað, og má þá ríkisstjórnin veita honum rannsóknarleyfi; skal það leyfi veita honum forgangsrjett, ef til kemur, að ríkisstjórnin veitir sjerleyfi til að virkja þetta fallvatn, ef engin ótvírætt álitlegri umsókn verður þá fyrir hendi.

Slíkt rannsóknarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 2 ára.

7. gr.

Þá er sjerleyfis er beiðst, er fer fram úr 25000 hestöflum, skal samþykki Alþingis fengið áður en sjerleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð á þinginu sem lagafrumvörp.

8. gr.

Hvert vatnsorkusjerleyfi skal meta svo, sem það feli í sjer öll þau ákvæði þessara laga, er náð geta til allra sjerleyfa, enda þótt þau sjeu ekki tekin í sjerleyfisbrjefið.

9. gr.

Í sjerleyfi skal greina þessi atriði, eftir því sem við á:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Tilvitnun í umsókn hans og rannsóknarleyfi, ef það hefir verið veitt.
3. Sjerleyfistíminn tiltekinn, sbr. 11. gr.
4. Því lýst greinilega, hver og hve stór þau virki eru, sem sjerleyfið heimilar að halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabrjefa eða frumdrátta, er landsstjórn hefir samþykt, þar sem sjá má legu og stærð virkjanna; má festa afrit af þeim við sjerleyfisbrjefið.
5. Tekið til það vatnsmagn, sem veita megi, í mesta lagi, úr farvegi og hagnýta, í upphafi og framvegis, meðan sjerleyfið helst, og sje um miðlun að ræða, þá nefna það rúmmál vatns, sem safna má í mesta lagi fyr eða síðar á sjerleyfistímanum.
6. Hvaða árgjald skuli greiða af hverju hestafli og á hvern hátt ákveða skuli þá hestaflatölu, sem gjaldskyld er, sbr. 12. og 13. gr.
7. Tekið fram, til hvers hann megi nota orkuna; hvað ríkinu og almenningi er áskilið af orkunni, ef krafist verður fyr og síðar; hvort hann megi annars selja orku eða leigja, eða aðrir hagnýta hana; og sje svo, þá nefna innan hverra endimarka honum skuli heimilt að selja orkuna eða leigja, eða afhenda öðrum notkunarrjett á henni, eftir því sem nánar er um mælt í 14. og 15. gr.
8. Hve nær öll virkin skuli fullgerð í síðasta lagi, sbr. 17. gr.
9. Hve nær sjerleyfishafi skuli hafa afhent fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun, sbr. 16. gr.
10. Hver þau lönd eru eða landsafnot, rjettindi eða mannvirki, sem sjerleyfishafi telur sig þurfa til fyrirtækisins.
11. Hvort og hversu mikið fje hann skuli setja því til tryggingar, að hann rjúfi ekki sjerleyfisskilyrðin að neinu leyti, og greiðist það innan 8 vikna frá því, er honum er tilkynt samþykki ríkisstjórnar á fullnaðardráttum.
12. Að ríkisstjórn eða umboðsmanni hennar skuli jafnan frjáls aðgangur að öllum mannvirkjum sjerleyfishafa til eftirlits. Í sjerleyfi má og áskilja, að kostnaður við eftirlit og rannsóknir, er stjórnin lætur framkvæma samkv. 20. og 22. gr., þar með talin starfslaun kunnáttumanna, er hún skipar til þess, greiðist að einhverju eða öllu leyti af sjerleyfishafa.

13. Önnur skilyrði, sem ríkisstjórnin telur nauðsynleg til almenningshefilla, svo sem um viðurgerning verkafólks, umbætur á samgöngutækjum, um fjárstofn fjelagsins, sbr. 25. gr., svo og hvort, og þá með hvaða skilyrðum, sjerleyfishafa sje heimilt að nota aðra verkamenn en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft heimilisfang hjer á landi í eitt ár, við byggingu orkuversins eða við atvinnurekstur þann, sem fær orku þaðan.

10. gr.

Sjerleyfishafa skal skylt:

1. Að greiða þann kostnað, sem hlýst af aukinni löggæslu vegna starfsemi hans.
2. Að greiða þann kostnað, sem stafar af auknu viðhaldi á vegum, brúm eða öðrum samgöngutækjum, vegna atvinnu hans eða þeirra iðjuvera, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans. Samgöngutæki, er sjerleyfishafi lætur gera í þarfir atvinnu sinnar, skulu vera heimil til almenningsnota, að svo miklu leyti sem ríkisstjórnin telur það verða mega án verulegs óhagræðis eiganda. Hæfileg borgun fyrir þau afnot, ef eigi er um vegi eða brýr að ræða, greiðist eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.
3. Að gera nauðsynlega ráðstöfun, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður hans verði þeim til þyngsla.
4. Að veita íslenskum atvinnuvegum kost á afurðum þeim, sem framleiddar eru með orkunni, ef þær mega koma þeim að gagni, fyrir niðursett verð, er svari tilkostnaði við vinsluna, að viðbættum hæfilegum ágóða, og skal ríkisstjórnin ákveða verðið.
5. Að láta í tje til ríkisins, hjeraða eða orkuveitufjelaga alt að tilteknum hluta orkunnar eða alt að einhverri tiltekinni hestaflatölu eða orku, eftir þörfum almennings á tilteknu svæði, fyrir verð, sem ríkisstjórnin ákveður og miðast við tilkostnað, að viðbættum tilteknum hundraðshluta, venjulega ekki meira en 10% og aldrei meira en 20%. Ríkisstjórnin setur reglur um orkuútlátin að öðru leyti, sbr. 14. og 15. gr.

Um tímalengd sjerleyfis.

11. gr.

Sjerleyfi skal aldrei veitt um lengri tíma en 50 ár, nema samþykki Alþingis komi til.

Um sjerleyfisárgjöld.

12. gr.

1. Greiða skal árgjald af hverju sjerleyfi í ríkissjóð, og skal miða það við þá hestaflatölu, sem hagnýtt er, eða heimilað er að hagnýta, eftir því sem betur þykir haga.

2. Ríkisstjórnin ákveður þetta árgjald, og má það ekki nema minnu en 50 aurum og ekki meiru fyrstu 25 árin frá því er virkin eru fullgerð en 5 kr. af hverju hestafli.
3. Gjalddagi árgjaldsins er 2. janúar ár hvert, og greiðist fyrirfram.
4. Það árgjald, sem ákveðið er í fyrstu, skal haldast þar til 35 ár eru liðin frá því er virkin voru fullgerð, nema ríkisstjórn og sjerleyfishafi semji sín á milli um breytingu á því. Því sjerleyfisgjaldi, sem þá verður ákveðið, má svo breyta að liðnu 35 ára tímabilinu, ef vill, á hverjum 10 ára fresti, þó svo, að gjaldið verði aldrei hærra en 10 kr. af hverju hestafli.
5. Ef ríkisstjórn ætlar að hækka sjerleyfisgjaldið, skal hún gera sjerleyfishafa viðvart um þá fyrirhuguðu hækkun með árs fyrirvara að minsta kosti.
6. Innan 8 vikna frá því er sjerleyfishafa var gert viðvart, má hann, ef vill, senda ríkisstjórninni skrifleg andmæli gegn þessari fyrirhuguðu hækkun, og lýsa þeim ástæðum, sem hann ber fyrir sig. Náist síðan ekki samkomulag, sker sjerleyfisdómur úr.
7. Nemi hestaflatala sú, sem heimilað er að hagnýta, eigi meiru en 500 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða.

13. gr.

Lögtaksrjettur fylgir sjerleyfisárgjöldum og öðrum gjöldum, er hvíla á sjerleyfishafa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal sektum, og standa eignir og rjettindi sjerleyfishafa að veði fyrir þeim.

Um verðlag á orku.

14. gr.

1. Í sjerleyfisbrjefi skal ákveða:
   a) hvar og til hvers sjerleyfishafi megi sjálfur hagnýta þá orku, sem hann aflar sjer samkvæmt sjerleyfinu.
   b) innan hverra endimarka honum skuli frjálst að selja einstökum mönnum eða fjelögum orku, ef minnu nemur en 300 kílóvöttum til sama kaupanda.
   c) hversu mikið af orkunni skuli standa til boða í almenningsþarfir, ríkinu eða hjeruðum eða raforkufjelögum, fyr og síðar á sjerleyfistímanum, ef krafist verður, og þá með hvaða fyrirvara.
2. Ef honum býðst kaupandi að orku utan þess takmarks, sem ákveðið er í sjerleyfi hans samkvæmt 1. lið b., og er um minni kaup að ræða en nemi 300 kílóvöttum, þá má ríkisstjórnin leyfa honum að selja, ef salan, að hennar dómi, fer ekki í bága við hagsmuni almennings.
3. Nú býðst honum kaupandi eða leigjandi að orku, svo að nemur 300 kílóvöttum eða meiru, og má hann þá því að eins láta orkuna af hendi, ef ríkisstjórnin gefur út orkuleyfi þeim til handa, sem falast eftir orkunni, og tilkynnir honum, að það leyfi sje veitt og með hvaða skilmálum. Skal

honum þá skylt að haga afhendingu raforkunnar í fullu samræmi við þá skilmála, sem settir eru í orkuleyfinu.

4. Ríkisstjórn er heimilt að veita slík orkuleyfi, ef hún telur það ekki fara í bága við orkuþarfir almennings, en jafnan skal ríkisstjórn binda slíkt orkuleyfi hverjum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir, eða almenningsheill krefur, að hennar dómi; og skylt er ríkisstjórninni að synja um orkuleyfi, ef það, að hennar dómi, myndi fara í bága við hagsmuni almennings.

15. gr.

1. Verðið á þeirri orku, sem sjerleyfishafi selur samkvæmt 14. gr. 1. b. og c., skal jafnan fara eftir gjaldskrá, sem ríkisstjórnin setur.
2. Áður en gjaldskrá er sett skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði. En óheimilt er honum þá að meta sjerleyfi sitt til peningaverðs, og landareignir sínar, sem hann notar í þarfir orkuversins, má hann ekki meta verðhærri en aðrar jafnstórar landareignir í sömu sveit, sem fjær eru vatnsfallinu, en jafnar að landgæðum.
3. Hafi sjerleyfishafi að dómi ríkisstjórnarinnar metið tilkostnað sinn of hátt, þá má hún miða gjaldskrána við þann lægri tilkostnað, sem hún álítur, að frekast verði tekinn til greina.
4. Nú hefir rekstrarkostnaður sjerleyfishafa á orkuveri hans orðið svo mikill, að óhófi gegnir, og má þá miða orkuverðið við þau minni útgjöld, sem nægja myndu, ef reksturinn væri í góðu lagi og útsölunni á orkunni haganlega fyrirkomið. Skal ríkisstjórn þá skýra sjerleyfishafa frá öllu því, sem hún telur ábótavant, og gera sjer alt far um að koma viðskiftum sjerleyfishafa við almenning í það horf, að afhending orkunnar geti orðið sem haganlegust og verðið sem lægst, en sjerleyfishafi hafi þó haft rjettmætan hagnað af fyrirtæki sínu.
5. Þessa gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en á hverjum 5 ára fresti.
6. Ef kærur berast frá almenningi þess í milli út af því, að afhending orkunnar sje ekki í lagi, eða að verðið sje mun hærra en þá gerist þörf, eða frá sjerleyfishafa, að verðið sje svo lágt, að hann bíði tjón af sölunni, skal ríkisstjórn reyna að miðla málum milli kaupanda og seljanda, og má hún þá breyta einstökum atriðum í gjaldskránni, lækka eða hækka, ef hún telur það rjettmætt.

Um fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

16. gr.

1. Þegar eftir að sjerleyfi er veitt skal sjerleyfishafi taka til að semja fullnaðardrætti sína og sundurliðaða fullnaðaráætlun, er nái yfir öll virkin og alla gerð og rekstur fyrirtækisins í heild sinni. Fullnaðardrættir og áætlanir skal vera svo vandað og nákvæmt, að unt sje að framkvæma verkið eftir þeim í öllum atriðum.
2. Þessa fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun skal senda ríkisstjórn til athug-

unar; getur hún heimtað enn frekari upplýsingar, ef þurfa þykir, því til tryggingar, að fyrirtækið sje vel ráðið og verði til hagnaður fyrir almenning.

3. Ríkisstjórn getur síðan lagt samþykki sitt á þá fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun. En skylt er sjerleyfishafa að láta í tje hverskonar frekari upplýsingar, sem krafist kann að verða af honum í samræmi við ákvæði þessara laga.
4. Þessu málefni skal ráðið til lykta áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er sjerleyfishafa bar að afhenda fullnaðardrætti sína og áætlun samkvæmt sjerleyfisbrjefinu. Skal þá ríkisstjórnin gera sjerleyfishafa kunnugt, að hún hafi:
   a) samþykt fullnaðardrætti hans og áætlun án frekari skilmála,
   b) samþykt þetta tvent með tilteknum skilyrðum og þau nefnd, eða
   c) neitað um samþykki sitt, og málinu sje vísað til sjerleyfisdóms.

Mannvirkin reist.

17. gr.

Sjerleyfishafi skal byrja á virkjunum eigi síðar en 1 ári eftir að honum barst samþykki ríkisstjórnar samkvæmt 16. gr. Skal hann halda verkinu áfram án þess hlje verði á, önnur en þau, er stafa af illviðrum eða öðrum viðburðum, sem ekki verður við ráðið. Skal hann fullgera öll virkin innan 7 ára frá dagsetningu sjerleyfis og í samræmi við þá fullnaðardrætti og áætlanir, sem ríkisstjórn samþykti, skilyrðin í sjerleyfinu og fyrirmæli þessara laga.

18. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir veitt sjerleyfi, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki, og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst ekki.

19. gr.

1. Sjerleyfishafa er óheimilt að byrja á virkjunum fyr en honum hefir verið tilkynt samþykki ríkisstjórnar samkvæmt 16. gr., og þeir sjerstöku skilmálar fyrir því samþykki, ef nokkrir eru, enda hafi hann lýst yfir því skriflega, að hann gangi að þeim viðbótarskilyrðum.
2. Nú vill sjerleyfishafi haga virkjunum eða öllu fyrirtækinu eitthvað öðruvísi en samþykt hafði verið (16. gr.), og er um ótvíræða breytingu að ræða, og verður hann þá að senda ríkisstjórninni nákvæma lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu, og getur hún þá leyft honum breytinguna; er honum þá skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem ríkisstjórn kann að setja fyrir því samþykki sínu; sama gildir, ef hann sækir um framlenging á

þeim fresti, sem honum var ætlaður til að fullgera virkin. Frestur þessi má þó ekki lengri vera en 1 ár, og má setja gjald til ríkissjóðs sem skilyrði fyrir honum.

20. gr.

Ríkisstjórn, eða sá, er hún veitir umboð til þess, skal hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum sjerleyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til að gæta þess, að öll virkin verði gerð í fullu samræmi við samþykta fullnaðardrætti og öll þau skilyrði, sem sjerleyfishafa ber að halda. Hann skal veita því athygli, hver tilkostnaðurinn verður, og þá eiga heimtingu á að sjá alla reikninga sjerleyfishafa og verkstjóra hans þar að lútandi.

21. gr.

1. Ef maður er settur til eftirlits samkvæmt 20. gr., er sjerleyfishafa skylt að fara eftir hverri skriflegri fyrirsögn hans, sem lýtur að því, að öll virkin verði gerð í samræmi við þá fullnaðardrætti, er samþyktir hafa verið; ef ágreiningur verður milli þeirra, skal ríkisstjórn skera úr, og skal það vera fullnaðarúrskurður.
2. Nú vanrækir sjerleyfishafi að fara eftir skriflegri fyrirsögn verkfræðingsins, sem eftir lítur, eða úrskurði ríkisstjórnar, og getur hún þá skipað sjerleyfishafa að stöðva alla vinnu að virkjunum, þar til hann bætir úr vanrækslu sinni.
3. Sjerleyfishafa er skylt að senda ríkisstjórn, nær sem krafist verður, skýrslur um verkið.
4. Innan 8 vikna frá þeim degi, er ákveðið var í sjerleyfinu, að virkin skyldu fullger, ber sjerleyfishafa, nema ríkisstjórnin hafi veitt frest (19. gr.), að senda henni skriflega yfirlýsingu um það, að virkjun sje nú lokið.

Um viðhald og rekstur.

22. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, þá er ástæða þykir til, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin, og fá honum umboð til þess. Skal sá kunnáttumaður hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum og öllum rekstri þeirra, svo og að öllum bókum, uppdráttum og skýrslum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu. Skal honum heimilt að framkvæma hverskonar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Að því loknu er sjerleyfishafa skylt að hlíta úrskurði ríkisstjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið eða notað, og hversu mikillar orku sje aflað eða afla mætti

23. gr.

Aldrei má stöðva rekstur virkjanna að nauðsynjalausu, nje heldur að nauðsynjalausu draga svo úr honum, að neins missi við af því afli, sem selt er í almenningsþarfir.

24. gr.

Hver sjerleyfishafi skal halda nákvæma sundurliðaða reikninga yfir allar tekjur og gjöld fyrirtækisins.

Ríkisstjórnin getur, nær sem vill, krafist þess, að hver sjerleyfishafi láti henni í tje, á 4 mánaða fresti, skýrslu um allan fjárhag fyrirtækisins, og skipað fyrir um, hvernig slík skýrsla skuli gerð.

Ríkisstjórninni, eða þeim, er hún skipar til þess, skal heimilt, er þörf þykir, að rannsaka allar bækur, reikninga og yfirlit, sem áhræra alt fyrirtæki eða virki sjerleyfishafa.

25. gr.

Hlutabrjef eða önnur eignarskírteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 36. gr., eða Landsbanka Íslands. Ríkisstjórnin getur þó veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi, Þetta skilyrði skal setja í brjefin á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Skal fjelagið skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og ríkisfang. Þó skal öðrum en þeim, er hjer greinir, frjálst að eignast slík hlutabrjef eða eignarskírteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 32. gr. Sama gildir, ef hluthafi eða eigandi eignarskírteina missir rjett til sjerleyfis samkvæmt 3. gr. og 36. gr.

Að jafnaði skal setja það skilyrði í sjerleyfi, að fjárstofn fjelagsins skuli á hverjum tíma nema að minsta kosti þriðjungi þess fjár, sem þá hefir verið varið til fyrirtækisins.

Sjerleyfisskilyrðum breytt.

26. gr.

Nú vill sjerleyfishafi:

a) breyta virkjum sínum, og um gagngerða breyting er að ræða frá þeim fullnaðardráttum, sem þau voru gerð eftir og vitnað er til í sjerleyfisbrjefi hans.

b) taka orkuna til annara afnota en honum voru leyfð (14. gr. 1. lið),

og skal hann þá senda ríkisstjórn frumdrætti og lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu. Má ríkisstjórn leyfa breytinguna, og getur hún þá sett hver þau skilyrði, sem henni þykir hlýða, og skal fara um þau eftir þeim lögum og reglum, sem þá verða í gildi.

Um framsal.

27. gr.

1. Nú vill sjerleyfishafi afhenda sjerleyfi sitt eða fyrirtækið, sem sjerleyfið er miðað við, öðrum til handa, og verður hann þá að fá skriflega heimild ríkisstjórnar til þess, og það enda þótt í ráði sje, að eitthvert hjerað landsins taki við af honum.
2. Slíkt framsalsleyfi má ríkisstjórnin því að eins veita, að skiftin fari ekki í bága við hagsmuni almennings, og þá sjerstaklega, að sjerleyfishafa sje ekki heitið neinni borgun fyrir þau rjettindi, sem honum hafa verið veitt með sjerleyfinu.
3. Enga slíka afhending eða framsal skal meta löglegt, nema viðtakandi gangist undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, að ríkisstjórnin taki gilt, svo og þá skilmála, sem hún kann að setja í framsalsleyfi sínu.

28. gr.

1. Ekkert það fyrirtæki, sem stofnað er til eftir sjerleyfi samkvæmt þessum lögum, má setja að veði, nema ríkisstjórnin leyfi, enda sje lánsfjeð ætlað í þarfir fyrirtækisins.
2. Nú hefir lánardrottinn tekið fjárnámi eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, og er honum þá rjett að reka fyrirtækið í alt að því 5 ár, með því móti, að hann ræki allar þær kvaðir og skilmála, sem á sjerleyfishafa hvíla samkvæmt sjerleyfinu.
3. Ef lánardrottinn hefir ekki neytt heimildar sinnar samkvæmt 2. tölulið, eða sjerleyfishafi hefir ekki að þeim tíma liðnum, sem þar segir, tekið við fyrirtækinu aftur, eða framsal farið fram samkvæmt 27. gr., þá skal ríkisstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði. Salan bindur þá sjerleyfishafa og lánardrotna hans, svo og þá, sem kynnu annars að eiga veð í fyrirtækinu. Salan fer fram á kostnað sjerleyfishafa, þannig að ekkert af því andvirði, sem fæst, verði honum greitt, fyr en lánardrottinn hefir fengið skuld sína goldna.
4. Eigandaskifti á nauðungaruppboði eru því að eins lögleg, að kaupandinn sje ríkið, innlent hjerað eða einhver sá, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 36. gr., og skal meta svo, sem salan fari fram með því skilyrði, að kaupandi, ef annar er en ríkið, gangist undir allar þær kvaðir og skilmála, sem á eigandanum hvíldu samkvæmt sjerleyfi hans.
5. Á slíku nauðungaruppboði skal ríkið ávalt eiga forkaupsrjett að jöfnu boði við aðra, og einnig viðkomandi hjerað, að ríkinu frágengnu.
6. Ef fallvatn, orkuver eða orkuveita fellur til ríkisins samkvæmt 34. gr. eða eru leyst inn af ríkinu, afmást öll veðbönd, er á fyrirtækinu hvíla.

Um sjerleyfisdóm.

29. gr.

1. Ef ríkisstjórn telur, að vanrækt hafi verið eða vanrækt sje að halda eða fullnægja einhverjum þeim skilyrðum, sem sjerleyfi er bundið, þá getur hún látið ganga sjerleyfisdóm um það máletni. Skal hún þá tilkynna sjerleyfishafa, að sjerleyfisdómur verði látinn ganga um sök hans, og nefna sökina. Dómurinn ákveður stefnufrest. 5 menn skulu eiga sæti í sjerleyfisdómi. Hæstirjettur nefnir dómendur, og skal formaður dómsins vera einn dómenda þaðan. Sjerleyfisdómur má kalla vitni til og yfirheyra þau og eiðfesta; hann má og fresta úrskurði sínum, til að útvega frekari upplýsingar, en þó aldrei lengur en svo, að úrskurður verði feldur á 1 árs fresti frá því er hann tók við málinu.
2. Sjerleyfisdómur fellir fullnaðarúrskurð um málið, þar á meðal:
   a) hvort og að hverju leyti brotið hefir verið á móti sjerleyfisskilyrðunum.
   b) hvort brotið skuli varða sjerleyfisriftingu þegar í stað eða tiltekinni sekt ásamt ákveðnum aðgerðum til yfirbóta á tilteknum fresti, eða að sjerleyfismálefninu sje komið í löglegt horf innan tiltekins tíma.

Um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu.

30. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem sjerleyfi er bundið, varða sektum, alt að 5 kr. á hvert hestafl, sem heimilað er til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða sjerleyfisriftingu, ef miklar sakir eru.

31. gr.

1. Nú er sjerleyfisbrotið fólgið í einhverri þeirri breytingu á fyrirtækinu, sem er til tjóns eða baga fyrir hagsmuni almennings, og það að nauðsynjalausu, og skal það þá varða sektum og sjerleyfishafa jafnframt gert að skyldu að hafa lokið tilteknum umbótum á fyrirtækinu, til að koma því í löglegt horf á tilteknum fresti, sem ekki má vera skemmri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 ár, að viðlagðri sjerleyfisriftingu, ef út af er brugðið.
2. Ef sjerleyfishafi hefir áður verið sektaður fyrir sjerleyfisbrot, má, ef það kemur oftar fyrir, láta brot varða sjerleyfisriftingu.
3. Ef sjerleyfi er riftað, skal ríkisstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði samkvæmt fyrirmælum 28. gr.

32. gr.

1. Ef fjelag eða stofnun, sem fengið hefir sjerleyfi eftir lögum þessum, tekur þeirri breytingu, að þau skilyrði, sem um ræðir, eru ekki lengur fyrir

hendi, eða sannist það, að þau hafi ekki frá upphafi verið fyrir hendi, þá skal veita frest til að koma málinu í löglegt horf, t. d. með því að öðlast það sjerleyfi, sem til þarf, eða heimild, eða með frjálsri riftingu á gerðum kaupum, eða með því að selja eignina einhverjum, sem hefir rjett til að eignast hana samkvæmt 3. gr. eða 36. gr. og fyrirmælum 28. gr., eftir því sem við á, og skal sá frestur eigi skemmri en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

2. Ef ekki er hirt um frest, sem settur hefir verið samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal ríkisstjórn láta selja eignina á nauðungaruppboði, og fer um það nauðungaruppboð sem segir í 28. gr.
3. Nú gengur eign eða rjettindi í erfðir til einhvers þess, sem ekki fullnægir skilyrðum þessa kafla til að öðlast sjerleyfi, og skal þá fara eftir ákvæðunum í 1. og 2. lið þessarar greinar, nema að samningi verði við erlendar stjórnir að veita lengri frest en til er tekið í 1. lið. Ef slík eign eða rjettindi tilheyrir innlendri konu, þá skal það vera sjereign hennar, ef hún giftist útlendum manni, sem ekki hefir fengið sjerleyfi.

Um sjerleyfisslit.

33. gr.

1. Þá er 40 ár eru liðin frá því orkuver var tekið til starfa, hefir ríkið rjett til að leysa til sín alt orkuverið og orkuveituna, enda sje Alþingi því samþykt. Sama rjett hefir ríkið á hverjum 5 ára fresti þar á eftir til enda sjerleyfistímans.
2. Um þá innlausn skal fara sem hjer segir: Ríkisstjórnin skal tilkynna sjerleyfishafa 5 árum fyrirfram, að hún ætli að þeim tíma liðnum að leysa orkuverið til sín og önnur tilgreind virki í sambandi við það. Þegar ríkisstjórn þá leysir slík virki til sín, skal fara um bætur til sjerleyfishafa sem hjer segir:
   a) Rjettindi þau, sem sjerleyfið heimilaði, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.
   b) Önnur rjettindi sjerleyfishafa og landareignir þær, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skal hann fá bætur fyrir eftir mati, ef ekki semur, en þó ekki meira en hann hefir keypt þær fyrir, og draga skal frá því matsverði fyrningarupphæð fyrir það, sem liðið er af sjerleyfistímanum, er samsvari því, að matsverðið sje afborgað að fullu í lok sjerleyfistímans.
   c) Öll virki skal bæta eftir mati, ef ekki næst samkomulag. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kaupverð virkjanna, að viðbættu því, sem kostað kann að hafa verið til aukningar þeim, en að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu eftir aldri hvers eins; auk þess skal draga sjerstaklega frá fyrir skemdir og bilanir, sem kunna að hafa orðið á virkjunum umfram eðlilegt slit.

d) Þar að auki má greiða uppbót fyrir sjerleyfismissi, alt að $^3/_4$ % fyrir hvert ár, sem eftir er af sjerleyfistímanum, af öllu andvirðinu fyrir landareignir og mannvirki. Skal sjerleyfisdómur gera um þá uppbót, ef ekki semur.

34. gr.

1. Að sjerleyfistímanum loknum fellur fallvatnið, orkuver og orkuveita undir full yfirráð ríkisins endurgjaldslaust.
2. Afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast, þegar innlent hjerað á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestöflum. Í stað þess má að loknum leyfistíma framlengja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

35. gr.

1. Þegar ekki eru nema 6 ár eftir af sjerleyfistímanum, og í síðasta lagi svo, að 4 ár sjeu eftir, má sjerleyfishafi senda ríkisstjórninni umsókn um nýtt sjerleyfi til afnota af vatnsfallinu með tilheyrandi landspildum. Á þeim sama tíma skulu og þeir aðrir senda umsóknir um slíkt sjerleyfi, sem hafa hug á því. Allar þær umsóknir verða að vera samdar í samræmi við fyrirmæli, er þar um gilda.
2. Þegar þessi umsóknarfrestur er úti, skal ríkisstjórnin svara umsóknunum í samræmi við þá gildandi lög og reglur.
3. Ef sjerleyfishafinn sækir, og hafi hann rækt sjerleyfisskilyrði sín við hæfi ríkisstjórnarinnar, og álíti hún, að umsókn hans sje fult eins aðgengileg og nokkur hinna, með tilliti til hagsmuna almennings, þá skal sjerleyfishafi hafa forgangsrjett fyrir öðrum umsækjendum, ef sjerleyfi verður veitt.
4. Nú ræður ríkisstjórn það af, að sjerleyfishafa skuli ekki veitt nýtt sjerleyfi, og skal hún þá gera honum það kunnugt eigi síðar en að 3 ár sjeu eftir af sjerleyfistímanum, að öll sjerleyfisrjettindi hans falli niður, þegar kemur að þeim degi, sem ríkisstjórn þá tiltekur. Er sjerleyfishafa skylt að hlíta þeim úrskurði afdráttarlaust.

IV. kafli.

Um sjerleyfi handa útlendum mönnum.

36. gr.

1. Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Slíkt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis, sem þá ákveður þau fleiri og frekari skilyrði, er þurfa þykir. Sama gildir um framsal sjerleyfis til útlendra manna eða fjelaga, sbr. 27. og 28. gr.

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje meiri hluti stjórnar þess skipaður innlendum mönnum.
3. Ákvæði fyrri málsgreinar í 25. gr. ná einungis til þess fjárstofns, sem í sjerleyfi er áskilið, að sje innlend eign (9. gr. 13.).

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bág við lög þessi.

Ed. **509. Lög**

um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða lögreglustjórum kostnað við innheimtu gjalda þeirra af erlendum fiskiskipum, sem ákveðin eru í 54. gr. laga nr. 27, frá 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs. Greiðsluna má ákveða fyrir hvert lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og miða við tiltekinn hundraðshluta af upphæð gjaldanna, þó aldrei hærri en 25% af öllum slíkum gjöldum í umdæminu. Greiðsluna mega lögreglustjórar telja til frádráttar fiskiskipagjöldunum á aukatekjureikningi sínum.

Er hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns innheimtir gjöldin, skal greiðslan fyrir innheimtukostnað renna óskert til hans.

2. gr.

Síðasta málsgrein 4. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **510. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. Við 28. gr. Á eftir orðunum »skipaðir til 4 ára« komi: samkvæmt tillögum Búnaðarþings.

2. Við 33. gr. Á eftir henni komi ný grein, er verður 34. gr., svo hljóðandi:

Þá er Ríkisveðbankinn verður stofnaður samkvæmt lögum 27. júní 1921, má sameina Ræktunarsjóðinn honum. Skal Ræktunarsjóðurinn þó ávalt vera sjerstök deild í Ríkisveðbankanum og halda áfram starfsemi sinni með óskiftum rjettindum.

Ed. **511. Þingsályktun**

um að skora á stjórnina að halda uppi landhelgisgæslu fyrir Austurlandi.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að halda uppi landhelgisgæslu fyrir Austfjörðum þegar á þessu ári, að minsta kosti á tímabilinu frá 1. september til nóvembermánaðarloka.

Ed. **512. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir orðunum »20% af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsgr. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Andlitsduft. Andlitssmyrsl. Blóm, tilbúin. Dúnn. Eirvörur. Fiður. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Floshattar. Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Hársmyrsl. Hnetur. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Jólatrjesskraut. Kaffibrauð allskonar, annað en kex. Kniplingar. Lakkrís. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Makrónudeig. Marsípan. Myndabækur. Myndarammar. Nikkelvörur. Nýsilfurvörur. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Spil. Tinvörur. Veggmyndir.

B. Með 10% stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Brennisteinssýrur. Bæs. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gas-

framleiðslu. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Gluggar. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur og hljóðfæri þau, sem talin eru í 2. gr. Hunang. Húsgögn. Hurðarhúnar. Hurðir. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Olíulampar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjelar og fjölritar. Reikningsvjelar og talningarvjelar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshanar. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

Frá 1. mars 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Blaðgull til gyllingar. Boltar og rær. Efni til bókbands. Fiðlur. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal. Harmonía. Hnoð. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kirkjuorgel. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Piano. Sink. Skrúðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Tvinni. Vefjarskeiðar. Veggalmanök með spjöldum. Vitatæki og ljósmerkjatæki og efni til þeirra. Vjelaþjettingar. Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og gilda til ársloka 1926.

Nd. **513. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kynbætur hesta.

I. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Pjetri Ottesen.*

1. Við 1. gr.:
   Fyrir »1½ árs« komi: 2 vetra.
2. Við 2. gr.:
   Fyrri málsliður orðist svo:
   Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum.

II. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Aftan við 2. gr. bætist:

Þó má skipa nefndina samkvæmt ákvæðum hrossakynbótasamþyktar.

III. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Pjetri Ottesen.*

1. Við 3. gr.:

Síðari málsgr. orðist svo:

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum.

2. Við 5. gr.:

Fyrri málsliður annarar málsgreinar orðist svo:

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af.

Nd. **514. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um starfsemi erlendra vátryggingarfjelaga hjer á landi.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Vill ríkisstjórnin taka til rannsóknar starfsemi erlendra vátryggingarfjelaga hjer á landi og gefa næsta Alþingi skýrslu um, hvort hún sje lögum samkvæm og miðuð rjettilega við hag og þörf þjóðarinnar?

Ástæður

til fyrirspurnar þessarar eru fólgnar í brjefi því frá tryggingafróðum manni, er hjer fer á eftir:

»Samkvæmt samtali, sem við höfum átt, leyfi jeg mjer hjermeð að láta yður í tje eftirfarandi upplýsingar:

Í öllum siðuðum löndum nema Íslandi starfa vátryggingarhringar. Hringa þessa mynda flestöll innlend vátryggingarfjelög, og aðalumboð erlendra vátryggingarfjelaga, sem vátryggingarstarfsemi reka í viðkomandi landi.

Um eðli vátryggingarhringa: Chr. Thorsen: Forsikringslæren i Hovedtræk, 2. hefti, bls. 143—4. — Afsnit v (Christian Magnussen, framkvæmdarstjóra við Nordisk Brandforsikring í Köbenhavn. Þar segir svo:

»Til rjettrar virðingar á öllum þessum atriðum þarf mikla og nákvæma reynslu og þekkingu, sem fæst með samvinnu hinna ýmsu fjelaga, sem að öðru leyti eru samkeppendur, og slík samvinna hefir líka verið hafin í ríkum mæli með hinum svonefndu »Tariffjelögum«, og innbyrðis samvinnu

með vátryggingarfjelögunum. Markmið tariffjelaganna er að ákveða iðgjöld og önnur kjör við brunatryggingar, að svo miklu leyti sem unt er, afmörkuð eftir hinni sönnu áhættu, *og slík fjelög eru nú til í því nær öllum siðuðum (civiliserede) löndum*«.

Hjer á landi reka mörg erlend vátryggingarfjelög starfsemi, en eins og áður er fram tekið, er hjer ekkert »tarif«fjelag.

Halda mætti því, að hjer ríkti frjálsari samkepni með vátryggingar en í öðrum löndum, en því er þó eigi þann veg farið, heldur er íslenskt vátryggingarstarfssvið undirokað af útlendum tarifhring (DANSK TARIFFORENING). Taxtar hrings þessa gilda fyrir »Kongeriget Danmark (Danmark, samt Island og Færöerne)«. Í hring þessum eiga sæti: Framkvæmdarstjórar dönsku fjelaganna og aðalumboðsmenn erlendra fjelaga í Danmörku.

Hjer starfar ekkert fjelag, sem vinnur undir Dansk Tarifforening í Danmörku, öðruvísi en undir taxta hringsins hjer, og hafa t. d. norsk og ensk fjelög beygt sig undir hann.

Eitt sannanlegt dæmi veit jeg til þess, að maður nokkur hafði fast loforð fyrir sænsku aðalumboði, en fjelagið tók aftur loforðið, nema því að eins, að danska tarifin yrði haldin, þareð það að öðrum kosti yrði útilokað (boycottað) í Danmörku.

Hjer á landi starfa allir umboðsmenn erlendra brunatryggingarfjelaga, sem ekki eru dönsk, sem undirumboðsmenn undir dönsku aðalumboði. Leyfi jeg mjer í þessu sambandi að taka upp grein í lögum nr. 62, 1913. Þar segir svo:

»2. gr. Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, einn eða fleiri, búsettan hjer, þann er Stjórnarráðið löggildir. —

— (ný málsgrein) — Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður sett út um landið þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist gagnvart vátryggjendum fyrir hönd fjelags síns allar gerðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi. Tilkynna skal hann Stjórnarráðinu, hverjir sjeu undirumboðsmenn«.

Dæmi um erlendu, ekki dönsku fjelögin:

London (enskt).

Trondhjems Forsikringsselskab (norskt).

Niederlande (hjer á Íslandi nefnt »Nederlandene«!!) (hollenskt).

Í lögum nr. 62. $^{23}/_{11}$. 1913, 3. gr., segir svo:

»Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti Stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, er koma í bága við gildandi lög«.

Í þessu sambandi leyfi jeg mjer að taka eitt dæmi:

Í »Islandstariffen« (taxti hringsins á Íslandi) segir svo (hann er á dönsku):

KÖBMANDSFORRETNING og enhver anden Handelsvirksomhed:

1.	Naar ILDSTEDER og SKORSTENE er indrettet i Overensstemmelse med Lov om Brandforhold af 22. Novbr. 1907 (jvfr. Alm. Regler Pgr. 4)	3	8	$10^1/_2$ ‰
2.	Ellers	3	9	$11^1/_4$ —

Umboðsmaður einn í Reykjavík var kærður af tveim samkeppendum sínum fyrir DANSK TARIFFORENING fyrir að hafa reiknað iðgjald í húsi í Reykjavík eftir 1. lið, og það lagt til grundvallar kærunni, að hann hefði ekki tekið tillit til lagaákvæða liðsins.

Nokkur hluti laga þessara er sjerprentaður og límdur á þeim viðkomandi skírteini, en þess er ekki gætt hjer, að síðar í lögunum stendur, að þau gildi ekki fyrir Reykjavík, og vildi umboðsmaður vitanlega ekki brjóta landslög með því að nota ógild lög.

Fyrir Reykjavík gilda lög af 15. október 1875, sem eru víðtækari en hin fyrnefndu lög, og dálítið öðruvísi, og er útbúnaður á eldfærum í Reykjavík vitanlega sniðinn eftir þeim í hvívetna, og er þeim stranglega framfylgt, svo hjer ræðir einungis um tilraun til að *hækka iðgjöld í Reykjavík.*

Hringnum mun hafa verið tilkynt alt þetta, en það komið fyrir ekki, krafðist hann þess tafarlaust, að honum yrði hlýtt, og þar við hygg jeg að sitji.

Myndu íslenskir vátryggingarmenn, sem þó þekkja meira til danskra bruna- og byggingarmála en Danir til íslenskra, treysta sjer til að ákveða iðgjaldataxta fyrir Danmörku, og myndu Danir þola það?

Myndu Danir þola slíka frekju af hálfu t. d. Englendinga, sem þeir þó virða flestum þjóðum fremur? Nei.

Íslensku verslunarlífi er nauðsyn á, að íslenskir brunataxtar sjeu ákveðnir á Íslandi og af Íslendingum.

Framanskráðar upplýsingar er mjer ánægja að gefa yður, og megið þjer notfæra yður brjef þetta á hvern þann hátt, er þjer teljið málinu til stuðnings.

Er jeg einnig reiðubúinn til að gefa yður allar nánari upplýsingar, ef þjer óskið þess«.

Nd. 515. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Flutningsm.: Kl. Jónsson, Benedikt Sveinsson og Tryggvi Þórhallsson.

Við 15. gr. 23. Nýr liður:

Til Steins Dofra til ættfræðirannsókna 1500

Nd. 516. Breytingartillögur

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. 3. Í stað »fjelagi til þarfa sinna« komi: fjelagi til eigin þarfa.
2. — 10. — 3. málsgr. Orðin »nema þeir hafi þar opna sölubúð« falli niður.
3. — 16. — Orðin »Op. br. 7. apr. 1841« falli niður.

Nd. **517. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 484. (Verslunaratvinna).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Við 1. Orðin »sem hjá honum eru« falli niður.

Nd. **518. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Við 14. gr. B. VII.:
Fyrir »Stjórnarráðið má þó« í aths. komi: Stjórnarráðið skal þó.

Ed. **519. Frumvarp**

til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 499, með breytingunum (1.—2.) á þskj. 503.

Nd. **520. Tillaga**

til þingsályktunar um vantraust á núverandi landsstjórn.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa vantrausti á núverandi landsstjórn.

Nd. **521. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskj. 492. (Fjárlög).

Frá Benedikt Sveinssyni.

Liðinn skal orða svo:
Til lendingabóta að Skálum á Langanesi, þriðjungur kostnaðar, alt að 10000

Ed. **522. Lög**

um framlengingu á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, og breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

1. gr.

Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, skulu vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem hjer segir:

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:
Ber nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.

b. 2. gr. laganna orðist svo:
Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmanna, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett í nefndinni um gengisskráninguna.
Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:
Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $^3/_5$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $^1/_5$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **523. Tillaga**

til þingsályktunar um að gera frumdrætti að hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.

Frá mentamálanefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela landlækni og húsameistara að gera frumdrætti og kostnaðaráætlun um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk og leggja álit þeirra fyrir næsta Alþingi.

Ed. **524. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. sje samþykt með allverulegum breytingum. Ákvæðið um varasjóðinn telur nefndin til bóta, lítur svo á, að í því felist allmikil hvöt fyrir fjelögin til þess að tryggja fjárhagslega framtíð sína, en á því hefir undanfarið verið allmikill brestur. Atvinnuvegur þessi er svo áhættusamur, en hefir jafnframt svo verulega þýðingu fyrir fjárhagslega framtíð þjóðarinnar, að full nauðsyn er á því, að löggjöfin með ákvæðum sínum ýti undir varfærni í þessum atvinnuvegi eftir því, sem hægt er. Samkvæmt þessu vill nefndin fara enn lengra í þessa átt, með því að leggja til, að 1/8 af því, sem er lagt í varasjóðinn, verði skattfrjáls. Að því er aftur á móti ákvæði frv. snertir um 3 ára meðaltalsregluna, þá getur nefndin ekki fallist á það. Með varasjóðsákvæðinu er ýtt undir fjelögin að leggja fje til hliðar á góðu árunum, en með meðaltalsreglunni leggja þau skuld til hliðar á góðu árunum, sem gæti orðið erfitt að greiða þegar vondu árin koma. Og auðvitað er það, að ríkissjóður missir með þessu móti tekjuskatt hjá þeim fjelögum, sem verða síðar gjaldþrota, en sem vel hefðu getað goldið skatt meðan góðærið var eftir ákvæðum núgildandi laga. Í ár myndi ríkissjóður samkvæmt meðfylgjandi reikningi skattstofunnar missa 628428 kr., og er þó ekki varasjóðsákvæðið tekið til greina, en með því mundi upphæð þessi verða allmiklu hærri. Hve mikið af skatti þessum kæmi síðar inn, er ekki hægt að segja með neinni vissu, en allmikið kæmi þó í ríkissjóðinn aftur, þó reglan auðvitað mundi að því leyti draga úr skattinum, að skattur samkvæmt hærri stigum skattstigans minkaði, en vegna þess er þessi regla ekki nauðsynleg, því henni mætti ná alveg eins með því að hækka skattstigann. Nefndin lítur svo á, að 3 ára reglan sje óhagstæð fyrir ríkissjóð og einnig að því leyti óheppileg fyrir fjelögin, að þau á vondu árunum verði að greiða nokkuð af tekjuskatti frá góðu árunum.

Nefndin leggur einnig til, að 2. gr. sje feld úr frv.

Þá virðist nefndinni full ástæða til, að stjórnin taki tekjuskattslögin til gagngerðrar endurskoðunar. Einn nefndarmanna (B. K.) er að vísu meðmæltur 3 ára reglunni, en eftir því, sem atvik nú liggja til, vill hann ekki gera ágreining við nefndina. 2 nefndarmanna (J. J. og I. P.) kysu að vísu fremur annað fyrirkomulag viðvíkjandi varasjóðsaukanum, en hafa til samkomulags fallist á breytinguna.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að gerðar verði á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr.
   a. a-liður falli burt. Liðatalan breytist samkvæmt því.
   b. Fyrir »1/4 hluti« í c-lið komi: 1/8 hluti.
2. 2. gr. falli burt.

Alþingi, 10. maí 1925.

Sig. Eggerz, form., frsm. Jónas Jónsson. Björn Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Ingvar Pálmason, skrifari.

Fylgiskjal.

SKATTSTOFAN. Reykjavík, 5. maí 1925.

Ár:	Skattur eftir gild. lögum	Skattur eftir stjfrv. 1925	Mismunur
1922	28899	26029	2870
1923	43974	32056	11918
1924	919770	306130	613640
Samtals...	992643	364215	628428

40 innlend hlutafjelög alls, þar af 6 tekjuskattslaus öll árin.

Ed. **525. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1925.

Sig. Eggerz, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari. Jónas Jónsson, frsm.

Björn Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **526. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 15. gr. 18. Á eftir e-lið kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Til Hjálmars Lárussonar 1000

Nd. **527. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

Flm.: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Björn Líndal.

Við 19. gr.
1. Í stað »100000« komi: 130000.
2. Aftan við greinina bætist:
Þá skal og af fjárveitingu þessari greiða 30000 kr. í launauppbót handa þeim starfsmönnum landsins og á þann hátt, er segir í viðaukatillögu í nefndaráliti meiri hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis 1925 á þingskjali 184.

Nd. **528. Lög**

um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo:
Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkvæmt öðrum lögum, sem ekki ákveða sjerstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, til ársloka 1928 launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

2. gr.

Síðari málsgrein lagagreinarinnar skal orða svo:
Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu

af $^2/_3$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^5/_6$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.

Nd. **529. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Á eftir orðunum »20% af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsgr. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Andlitsduft. Andlitssmyrsl. Blóm, tilbúin. Dúnn. Eirvörur. Fiður. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Floshattar. Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Hársmyrsl. Hnetur. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Jólatrjesskraut. Kaffibrauð allskonar, annað en kex. Kniplingar. Lakkrís. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Makrónudeig. Marsípan. Myndabækur. Myndarammar. Nikkelvörur. Nýsilfurvörur. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Spil. Tinvörur. Veggmyndir.

B. Með 10% stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Brennisteinssýrur. Bæs. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Gluggar. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur og hljóðfæri þau, sem talin eru í 2. gr. Hunang. Húsgögn. Hurðarhúnar. Hurðir. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Olíulampar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjelar og fjölritar. Reikningsvjelar og talningarvjelar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshanar. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

Frá 1. mars 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Blaðgull til gyllingar. Boltar og rær. Efni til bókbands. Fiðlur. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal. Harmonía. Hnoð. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kirkjuorgel. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Piano. Sink. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Tvinni. Vefjarskeiðar. Veggalmanök með spjöldum. Vitatæki og ljósmerkjatæki og efni til þeirra. Vjelaþjettingar. Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og gilda til ársloka 1926.

Ed. **530. Lög**

um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í 1. gr. laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.
   b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 4.80 af hverju kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 12.80 af hverju kg.
   Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.

2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álímdum miðum, er stjórnarráðið lætur tollheimtumönnum í tje og á er letrað »tollur greiddur«.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur stjórnarráðið nánari ákvæði um tollmerkin.

3. gr.

Nú finnast tóbaksvörur, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki, en ekki verða þó taldar falla undir ákvæði gildandi laga um tollsvik, og skal þá telja tollinn ógreiddan nema handhafi sanni, að tollur sje greiddur. Þó skal altaf telja saknæma vanrækslu, ef ómerktar tóbaksvörur finnast hjá þeim, er versla með tóbak, og varðar slík vanræksla sektum, alt að þreföldum tolli af hinum ómerktu vörum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926. Frá sama degi falla úr gildi lög nr. 40, 27 júní 1921, um einkasölu á tóbaki.

Ed. **531. Lög**

um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsgr. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **532. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 527. [Fjárlög].

Frá Sveini Ólafssyni.

Við tölul. 1. Fyrir »130000 kr.« komi:
120000 kr.
— — 2. Fyrir »30000 kr.« komi:
20000 kr.

Nd. **533. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 527. [Fjárlög].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við 2. tölulið bætist:
Þó svo, að uppbótarinnar njóti einnig barnakennarar.

Til vara:
Þó svo, að uppbótarinnar njóti einnig farkennarar.

Ed. **534. Nefndarálit**

um frv. til laga um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið algerlega sammála um frumvarp þetta. Minni hluti nefndarinnar, 5. landsk. (J. J.), aðhyllist frv. óbreytt. En meiri hlutinn, þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) og 1. þm. Rang. (E. P.), leggur það til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Þeir íslenskir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, er eldri eru en frá árinu 1913, halda þeim; sama er og um þá menn erlenda, sem til landsins flytjast.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, er upp eru tekin síðan árið 1912, halda þeim alla æfi.

2. Við 7. gr. Í stað orðanna »unglingaskólahalds í sýslum landsins« komi: ríkissjóðs.

Alþingi, 11. maí 1925.

Jóh. Jóhannesson, form.

Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Jónas Jónsson.

Ed. **535. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1926.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1926 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	30000	
			1045000
4.	Aukatekjur	325000	
5.	Erfðafjárskattur	35000	
6.	Vitagjald	250000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
	Flyt ...	920000	1045000

		kr.	kr.
	Flutt ...	920000	1045000
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	22000	
			962000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	530000	
13.	Tóbakstollur	450000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	975000	
15.	Annað aðflutningsgjald	115000	
16.	Vörutollur	1400000	
17.	Verðtollur	800000	
			4270000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		15000
19.	Pósttekjur	350000	
20.	Símatekjur	1150000	
			1500000
21.	Víneinkasala...	375000	
22.	Tóbakseinkasala	275000	
23.	Steinolíueinkasala.	60000	
			710000
	Samtals ...		9302000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		33000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		15000
	Samtals ...	... ...	48100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		50000
2.	Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3.	Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
			55000
5.	Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6.	Vextir af Viðlagasjóði		75000
7.	Aðrir vextir		20000
	Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Óvissar tekjur		50000,00
2.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000,00
3.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000,00
4.	Úr viðlagasjóði, til jafnaðar við eftirgjafir lána		37666,66
	Samtals ...	... ...	264666,66

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1926 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	234776	
2. Dönsk lán, danskar kr. 257442 á 1/10	283186	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8781 : 8 á 28/00	245879	
4. Lausaskuldir	267500	
		1031341
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Dönsk lán, danskar kr. 542349 á 1/10	596584	
3. Enska lánið 1921, £ 1827 : 5 : 4 á 28/00	53163	
4. Lausaskuldir	600000	
		1507147
III. Framlag til Landsbankans, 13. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2638488

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	4000		
		34000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		82280	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	10000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200		
		12100	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
			182880
II. Hagstofan.			
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		16300	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
			49600
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðsskrifstofu í Kaupmannahöfn		17000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		6000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		1500	
			36500
Samtals			268480

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun	53650	
	b. Annar kostnaður, alt að	2000	
			55650
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151220
3.	Laun hreppstjóra		32000
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun	27168	
	b. Húsaleiga	3240	
	c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
	d. Yms gjöld, alt að	2400	
			34908
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	23300	
	b. Laun 3 tollvarða...	14300	
	c. Húsaleiga	4500	
	d. Hiti og ljós	1300	
	e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
			52400
	Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		84000
7.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8.	Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði		150000
9.	Framlag til landhelgissjóðs		20000
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
12.	Borgun til sjódómsmanna		1000
13.	Borgun til setu- og varadómara		3000
	Samtals ...	... ...	607678

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
Samtals ...	... ...	125000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		287000
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7700
Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924. Af upphæðinni er íbúum Ólafsfjarðarhrepps ætlaður viðbótarstyrkur, að upphæð 2000 kr., gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Flutt ...	2000	298200

		kr.	kr.
	Flutt ...	2000	298200
	Styrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar, enda skifti þeir landinu á milli sín til yfirferðar, eftir fyrirmælum landlæknis, og hafi dvöl á að minsta kosti einni eða tveim höfnum í hverri sýslu		2000
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Til Jóns læknis Kristjánssonar, endurgjald á ferðakostnaði		1500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
12.	Til Þorvarðar Helgasonar á Skriðu í Breiðdal, til heilsubótar og verknáms farlama syni hans		2000
13.	Holdsveikraspítalinn		82120
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 2500		
	4. Meðul og sáraumbúðir 2000		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3000		
	13. Ymisleg gjöld 1500		
		73420	
		82120	
	Flyt ...	... ...	403320

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	403320
14. Geðveikrahælið á Kleppi			69175
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	14500		
2. Viðurværi 94 manna (ca. 150 a. á dag)	52000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	6300		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		101800	
		109500	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur ...	69175	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			19560
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi	136000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	6000		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	12000		
Flyt ...	238000	7700	492055

		kr.	kr.
Flyt ...	238000	7700	492055
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		246000	
		253700	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
Mismunur ...		19560	
16. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi		100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
d. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (lokaveiting) alt að		25000	
e. Til læknisbústaðarins og sjúkrahússins í Laugarási		5000	
f. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		38000	
g. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Fyrri fjárveiting ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu, að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að og að trygging sje fyrir því, að einnig verði fyrir hendi sama upphæð, sem síðari fjárveitingunni úr ríkissjóði nemur.		75000	
Flyt ...		358000	492055

	kr.	kr.
Flutt ...	358000	492055
h. Bólusetningarkostnaður	2500	
i. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
j. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	4000	
k. Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
l. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
m. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2500	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1800	
q. Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
		395800
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
Samtals ...	... ...	914855

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	90366	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	71000	
c. Brjefhirðingamenn	21000	
		182366
Flyt ...	... ...	182366

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	182366
2.	Póstflutningur		160000
3.	Annar kostnaður:		
a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	8000	
b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	11000	
d.	Önnur gjöld	46000	
			85000
			427366
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1.	Laun vegamálastjóra	8700	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
3.	Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
4.	Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	5000	
5.	Skrifstofukostnaður, alt að	5500	
			28620
II.	Þjóðvegir:		
a.	Til nýrra akvega:		
1.	Kjalarnesvegur 8000		
2.	Hvítárbraut 20000		
3.	Miðfjarðarbraut 20000		
4.	Langadalsvegur 4000		
5.	Sauðárkróksbraut 20000		
6.	Þelamerkurvegur... 10000		
7.	Vallavegur 10000		
8.	Hróarstunguvegur 15000		
9.	Vaðlaheiðarvegur 18000		
		125000	
b.	Viðhald og umbætur	180000	
			305000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		90000
IV.	Til slitlags á akvegum		22000
V.	Fjallvegir		6000
	Flyt ...	... ...	451620

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	451620
VI.	1. Til áhalda, alt að	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	15000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 9, 1923	10000	
			25000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hornafirði		300
X.	Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		3000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn:		
	1. Á Tvískerjum	600	
	2. Í Fornahvammi	700	
	3. Á Hrauntanga	600	
	4. Í Bakkaseli	700	
	5. Á Kleppstöðum...	200	
	6. Í Ytri Kotum	200	
	7. Á Arngerðareyri	200	
			3200
			499320
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Esju	150000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			210000
	Flyt ...	... ...	210000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	210000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		87000
		297000
D.		
Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Ritsímafjelagið mikla norræna (lokaveiting)		23000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
III. a. Til nýrra símalagninga		
b. Til nýrrar símalínu frá Mýrum að Núpi, 4/5 kostnaðar, alt að	100000	
	2800	
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		102800
1. Laun samkvæmt launalögum		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	290000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	13000	
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	24000	
Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn. Ennfremur er henni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er lokið, enda taki Alþingi fullnaðarályktun um málið.	11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	100000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	6000	
10. Símastöðin á Borðeyri	7000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	5000	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	7000	
13. Símastöðin á Siglufirði	4500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000	
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	3000	
Flyt ...	495500	150800

	kr.	kr.
Flutt ...	495500	150800
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	2500	
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu	2000	
18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva... ...	85000	
19. Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að..	10500	
20. Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
		596700
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		30000
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		35000
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		7000
VIII. Viðhald landssímanna		130000
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
		951000
E.		
Vitamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1. Laun vitamálastjóra	8700	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2. Til verkfróðrar aðstoðar	5920	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
		20120
II. Laun vitavarða..		21050
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		60000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		15000
V. Til þess að reisa nýja vita		50000
VI. a. Til þess að kaupa hús og lóð við Garðskagavita	2250	
b. Ýmislegt	8000	
		10250
Samtals ...	... ...	176420

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	306	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49, 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	24000	
7. Styrkur til húsagerðar á Skútustöðum, gegn jafnri upphæð frá sóknarmönnum	5000	
		313056
		324556
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt, þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið á háskólanum.		
e. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	128000	.. ...

			kr.	kr.
		Flutt ...	128000	... ...
f.	Til kensluáhalda læknadeildar		500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði		1800	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4500	
i.	Önnur gjöld:			
	1. Til ritara:			
	a. Laun	1000		
	b. Dýrtíðaruppbót	500		
		1500		
	2. Til dyravarðar:			
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið...	1600		
	b. Dýrtíðaruppbót	800		
		2400		
	3. Ýms gjöld	3000		
			6900	
II.	Námsstyrkur erlendis:			141700
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 1—3 ár.		18800	
b.	Viðbót við styrkinn fyrir 1925...		7800	
c.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
III.	Mentaskólinn almenni:			29100
a.	Laun		86400	
b.	Önnur gjöld:			
	1. Til bókasafns skólans	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
	3. — skólahússins utan og innan ...	3500		
		Flyt ... 9900	86400	170800

		kr.	kr.
Flutt ...	9900	86400	170800
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	20500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2500		
10. Ýmisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
		42300	
			128700
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		27840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og tímakenslu ...	8000		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til eldiviðar og ljósa	7000		
4. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
6. Til vatnssalerna og fráræslu... ...	6700		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		28800	
V. Kennaraskólinn:			56640
a. Laun		17800	
Flyt ...		17800	356140

		kr.	kr.
	Flutt ...	17800	356140
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til girðingar og lagfæringar á lóð skólans..	5000		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
8. Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni skólans, enda verði búsáhöld mötuneytisins eign hans	3000		
		20000	
			37800
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		16960	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
		9800	
			26760
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		11200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	900		
2. Húsnæði	1800		
3. Ljós og hiti	1700		
4. Ýms kostnaður	1600		
5. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		8800	
			20000
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern			
	Flyt ...	... ...	440700

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	440700
innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að	1000		
2. Til kensluáhalda.. ...	500		
3. Til eldiviðar og ljósa...	4000		
4. Ýmisleg gjöld	5000		
	10500		
		22980	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að	1000		
2. Til kensluáhalda... ...	500		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	3000		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
	7500		
		18400	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	41380	440700

		kr.	kr.
	Flutt ...	41380	440700
3. a. Breyting og aðgerð á Staðarfellshúsinu	1800		
b. Eldavjel, sem er um leið miðstöð fyrir alt húsið	3000		
c. Rekstrarstyrkur til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð skólans ...	3000		
		7800	
IX. Iðnfræðsla:			49180
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6600	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis		4000	
			11600
X. Verslunarskólar:			
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar		6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..		6000	
			12000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
1. Laun forstöðumanns		1000	
2. Til verklegrar kenslu:			
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík	900		
b. Annar kostnaður, alt að	400		
		1300	
	Flyt ...	2300	513480

		kr.	kr.
	Flutt ...	2300	513480
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 20000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		30000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til aðgerðar á skólahúsinu 3000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		50000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9900	
2.	Laun kennara og dýrtíðaruppbót	315000	
3.	Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4.	Til prófdómara við barnapróf	2500	
5.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að	5000	
			341400
	Flyt ...	... ...	916460

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	916460
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:-			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	11200		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ... 600			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	8100		
		19900	
2. Til viðbótarbyggingar við skólann á Eiðum ...		56000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		38000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
4. Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni h/f Hvítárbakka, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðsskóli		18666,66	
5. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðsskóli.			
6. Til að gera sundlaug við Alþýðuskóla Þingeyinga		5000	
7. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg		14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.			
	Flyt ...	171566,66	916460

		kr.	kr.
	Flutt ...	171566,66	916460
7.	Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
8.	Til fulltrúaráðs verkalýðsfjelaganna í Reykjavík til kvöldskóla verkamanna	400	
			172966,66
XV.	Húsmæðrafræðsla: Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		2000
XVI.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		12000
XVII.	Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII.	Sundkensla o. fl.:		
1.	Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2.	Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum bjögunarsund	1500	
3.	Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4.	Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær hjeraðseign og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að ... ... Af fje þessu skal greiða alt að 2000 kr. til sundlaugar og sundskálabyggingar á Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir 1/5 kostnaðar.	3000	
			7800
	Flyt ...	... ...	1112226,66

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1112226,66
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		2000
XX. Til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum og hafdýpislitum		1500
Samtals ...	... ...	1115726,66

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21800	
b. Til aðstoðar	4800	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
f. Til ritaukaskrár	800	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
h. Húsaleiga	500	
i. Ýmisleg gjöld	700	
		44960
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	7200	
b. Til að binda inn og búa um skjöl	3000	
		10200
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2400	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1000	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13800
Flyt ...	... ...	68960

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	68960
4.	Náttúrufræðifjelagið ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		1600
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
	b. Til viðhalds og áhalda	2000	
			10000
6.	Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7.	Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
9.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10.	Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3600
11.	Til Þjóðvinafjelagsins		2000
12.	Til Fornleifafjelagsins		800
13.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		3000
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2500
15.	Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands«		1500
16.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
17.	a. Styrkur til skálda og listamanna	8000	
	b. Til Jakobs Thorarensens	1000	
	c. Til Stefáns frá Hvítadal	1500	
	d. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	Flyt ...	11700	105660

		kr.	kr.
	Flutt ...	11700	105660
e.	Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
f.	Til þess að kaupa listaverk.	3000	
g.	Til Hjálmars Lárussonar	1000	
			20700
18.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
19.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
20.	Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót, og 4500 kr. til ritlauna.		12200
21.	Til Eggerts Briems frá Viðey, styrkur til útgáfu ritgerðar um Alþingi hið forna		1000
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
23.	Til Steins Dofra, til ættfræðirannsókna		1500
24.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3200
25.	Til dr. Guðbrands Jónssonar, til þess að vinna að menningarsögu Íslands í kaþólskum sið		1200
26.	Til Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			9200
27.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
28.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
29.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
30.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
31.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
32.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
33.	Til veðurathugana og veðurskeyta		40000
34.	Til Íþróttasambands Íslands		2000
	Flyt ...	... ...	212360

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	212360
35.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
36.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7700	
	b. Til sama, til aðstoðar	1500	
			9200
37.	Til Tryggva Magnússonar málara, til að fullkomna sig í málaralist		1500
38.	Til listvinafjelagsins, til þess að kaupa »Móðurást« Nínu Sæmundsen, gegn sama framlagi annarsstaðar að, enda verði listaverkið opinberlega til sýnis hjer ...		2250
39.	Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, lokagreiðsla		2500
40.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, fyrsti fjórðungur andvirðis		2500
41.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
42.	Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku		1000
43.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
44.	Ferðastyrkur til tveggja manna, til þess að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors og flytja þar fyrirlestra af Íslendinga hálfu...		1200
45.	Til Sigurborgar Kristjánsdóttur, til að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors		400
46.	Til frú Soffíu Guðlaugsdóttur leikkonu, til utanfarar til leiklistarnáms		1500
47.	Til söngflokks K. F. U. M., til Noregsferðar, gegn hálfu minna framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, alt að		8000
	Samtals ...	... ...	251910

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu...		23000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		20000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
5. Til Skeiðaáveitunnar:		
a. Til flóðgarðahleðslu, fjórðungur kostnaðar, jafnóðum og verkinu miðar áfram, alt að	8000	
b. Upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 1. greiðsla gegn því, að stjórn Landsbankans gefi áveitufjelaginu eftir greiðslur af veðdeildarlánum áveitunnar 1924 og 1925, og að skipulagi sje komið á fjárreiður áveitunnar.	6000	
		14000
6. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
7. Til skógræktar:		
a. Laun	12960	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	11000	
		23960
8. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	1200	
		22380
9. Til fjárkláðalækninga		10000
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
Flyt ...	5600	368340

		kr.	kr.
	Flutt ...	5600	368340
b.	Húsaleiga	1000	
c.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
d.	Til áhaldakaupa	2000	
			10000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	4 síldarmatsmanna	10240	
d.	4 ullarmatsmanna	2560	
e.	5 kjötmatsmanna...	4800	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			53000
15.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		6000
16.	Til bryggjugerðar og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun...		20000
17.	Til lendingabóta að Skálum á Langanesi, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000
18.	Til hafnarbóta í Ólafsvík, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000
19.	Til lendingarbóta í Grindavík, 2/3 kostnaðar, alt að ...		10000
20.	Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu, enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík		16000
21.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		5000
22.	Verðlaun til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2 kr. fyrir hvern kassa (48 dósir) niðursoðinnar mjólkur, sem hún framleiðir, alt að		8000
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
	Flyt ...	... ...	602340

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	602340
24.	Til gerlarannsókna		2000
25.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		5200
26.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
27.	Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi og Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, einkum þjóðlegum hannyrðum, 500 kr. til hvorrar		1000
28.	Til sambands norðlenskra kvenna...		500
29.	Til Bandalags kvenna		500
30.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
31.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		1800
32.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
33.	Laun húsagerðarmeistara...		8300
34.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5600	
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1200	
			6800
35.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		40000
36.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1200
37.	Til vatnsrenslismælinga		2000
38.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		5000
39.	Til Lofts Guðmundssonar, til umbóta á kvikmyndum af íslensku landslagi og atvinnulífi, er hann hefir gert		3000
	Flyt ...	... ...	688440

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	688440
40. Til Magnúsar Konráðssonar, til þess að ljúka námi í verkfræði		1500
41. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs, upp í tap við umbúðasmíði undanfarin tvö ár		500
42. Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá...		5000
43. Til fyrverandi eiganda Breiðafjarðarbátsins Svans, upp í rekstrarhalla, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóðum Snæfellsnes- og Dalasýslna		6000
44. Til að gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum og til að standast kostnað við undirbúning þess verks, 2/3 kostnaðar, alt að		9000
45. Til Lúðvíks Jónssonar, til að endurbæta jarðyrkjuverkfæri þau, er hann hefir smíða látið, enda sanni hann fyrir stjórninni, að hann hafi að öðru leyti fje, sem þarf til endurbótanna		5000
Samtals ...	... ..	715440

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		300000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
5. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
6. Til slysatryggingar sjómanna		14000
7. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8. Til bjargráðasjóðs		24000
9. Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
10. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		6000
11. Til Rauðakrossfjelags Íslands		1000
Samtals ...	... ..	460200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	27168,95	
	b. Embættismannaekkjur og börn	15794,89	
	c. Uppgjafaprestar	635,28	
	d. Prestsekkjur	5936,68	
	e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923	2500	
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		52035,80
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
	2. — Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
	6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar 3000,00		
	7. — Halldórs Briems bókavarðar ... 960,00		
		6819,87	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Theodóru Thoroddsen 800		
	5. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	6. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	7. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	8. — Sigríðar Finnbogadóttur ... ... 800 enda verði afritasafn dr. Jóns Þorkelssonar eign Þjóðskjalasafnsins.		
	9. — Ágústu Jóhannsdóttur 300		
	10. — Rannveigar Tómasdóttur 300		
	11. — Önnu Gunnlaugsson 400		
		4375	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
	4. — Sig. prófasts Gunnarssonar 662,25		
	5. — Guttorms Vigfússonar 600,00		
		2867,25	
	Flyt ...	14062,12	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	14062,12	52035,80
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20. — Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
25. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
		7374,97	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — 2 barna hennar	150,00		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300,00		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
5. — Hjartar Snorrasonar	500,00		
Flyt ...	1610,00	21437,09	52035,80

			kr.	kr.
	Flutt ...	1610,00	21437,09	52035,80
6.	Til Magnúsar Einarssonar	500,00		
7.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
8.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300,00		
9.	— 1 barns hennar	33,33		
10.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
11.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
12.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
13.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
			4043,33	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar	200		
4.	— Hallgríms Krákssonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	200		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	1000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
			6300	
g.	Ritháfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
			15400	
	Flyt ...		47180,42	52035,80

		kr.	kr.
	Flutt ...	47180,42	52035,80
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	475,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 3 barna hennar	300,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	266,67		
		2441,67	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
5. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
6. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
7. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
8. — Páls Erlingssonar	800		
9. — Erlends Zakaríassonar	300		
10. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
11. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
12. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
13. — Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar	400		
14. — Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar ...	300		
15. — Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300		
Flyt ...	6300	49622,09	52035,80

		kr.	kr.
Flutt ...	6300	49622,09	52035,80
16. Til Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
Ennfremur er heimilt að greiða úr ríkissjóði hæfilega leigu fyrir herbergi það, er hún hefir nú í Landsbankahúsinu.			
17. — Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
18. — Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
19. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar	600		
		7900	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...		1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds		1000	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			62722,09
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			65734,74
Samtals ...		... ...	180492,63

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð er stjórninni heimilt að greiða Grímsneshreppi í Árnessýslu alt að 2500 kr. í skaðabætur fyrir tjón af síldarkaupum hreppsins 1920, gegn jafnhárri upphæð úr sýslusjóði Árnessýslu.

Ennfremur er stjórninni heimilt að greiða Sveini Björnssyni, fyrrum sendiherra, 10000 kr., upp í tjón, er hann hefir beðið af húsakaupum í Kaupmannahöfn, vegna embættis síns.

20. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1926 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	2638488.00		
——	8. —	—	60000.00		
——	9. —	—	199800.00		
——	10. —	—	268480.00		
——	11. — A.	kr.	607678		
——	11. — B.	—	125000		
		—	732678.00		
——	12. —	—	914855.00		
——	13. — A.	kr.	427366		
——	13. — B.	—	499320		
——	13. — C.	—	297000		
——	13. — D.	—	951000		
——	13. — E.	—	176420		
		—	2351106.00		
——	14. — A.	kr.	324556		
——	14. — B.	—	1115726.66		
		—	1440282.66		
——	15. —	—	251910.00		
——	16. —	—	715440.00		
——	17. —	—	460200.00		
——	18. —	—	180492.63		
——	19. —	—	100000.00		
——	20. —	—	4000.00		
				kr.	10317732.29
En tekjur eru áætlaðar:					
Samkvæmt	2. gr.	kr.	9302000.00		
——	3. —	—	48100.00		
——	4. —	—	230000.00		
——	5. —	—	264666.66		
				—	9844766.66
				Tekjuhalli kr.	472965.63

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum

1. Alt að 100000 kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda

er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.

d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.

2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

5. Alt að 6000 kr. til Síðuhjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

6. Alt að 15000 kr. til Hvammstangahjeraðs. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

7. Alt að 40000 kr. til Húsavíkurhrepps, til þess að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin metur gilda.

8. Alt að 20000 kr. til tóvinnufjelags Vestur-Ísfirðinga. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

9. Alt að 15000 kr. til endurbyggingar garðinum á Siglufjarðareyri. Lánið er veitt til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

10. Alt að 15000 kr. til Kristjáns Linnets bæjarfógeta, til að koma upp embættisbústað, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið veitist til 30 ára, með 6% vöxtum, og endurborgist árlega með jöfnum afborgunum.

11. Alt að 15000 kr. til Sigurðar sýslumanns Sigurðssonar, til að koma upp embættisbústað, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið er veitt til 30 ára, með 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum greiðslum á hverju ári.

Viðlagasjóðslán Guðmundar Björnssonar sýslumanns frá 1921 ávaxtast og endurborgast með 6% árlega á 40 árum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða tjón það, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1925, miðað við verð það, sem framleiðendur fá á útflutningshöfn. Enn fremur halla þann, er verða kann á því að taka skip á leigu til útflutningsins. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1926, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 15 þús. kr. lán til forstöðukonu húsmæðraskóla á Staðarfelli, til að kaupa áhöfn á skólajörðina, gegn endurtryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1925 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **536. Lög**

um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílikt, að skifta hreppi í tvær eða þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti annarar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, ef þrjár eru, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnar-

oddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lögákveðnu kjördeildaoddvita kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslið 9. gr. laganna komi: Kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **537. Lög**

um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 5—7 ára skeið frá því útvarpsstöð tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði fjelag til að reka útvarpið, sem hafi ekki minna en 100000 króna stofnfje, og sje að minsta kosti helmingur þess fjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.
2. Að útvarpsstöðin verði í Reykjavík eða í námunda við hana, og að afl stöðvarinnar verði alt að 1,5 kw. í loftnetið, enda dragi stöðin um land alt. Þyki hentugra að hafa fleiri stöðvar en eina, má þó víkja frá þessu ákvæði.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur útvarpsins. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn rjettindum sjerleyfishafa.
4. Að ríkið eigi að sjerleyfistímanum liðnum kauprjett á stöðinni eða stöðvunum fyrir matsverð.
5. Að byrjað sje á útvarpinu áður en 16 mánuðir eru liðnir frá staðfesting laga þessara.
6. Að sjerleyfishafi hliti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rjett að setja, þar á meðal um viðurlög.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:

a. Að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvarinnar, er tækin eru sett niður, og síðan árlegt gjald fyrir notkun þeirra, hvorttveggja eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum,

og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.

b. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá opinberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).

c. Að útvarpsfyrirtækið verði undanþegið greiðslu opinberra skatta og gjalda.

Nd. 538. Lög

um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Fyrir »1923« í 1. gr. laganna komi: 1926.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Seðlar þeir, er gefnir verða út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði og eru manna milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Landsstjórnin ákveður lögun og útlit seðlanna og upphæð þá, er hver einstakur seðill hljóðar um. Um seðla þessa gilda ákvæði 5. gr. laga nr. 14, 18. sept. 1885.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 539. Lög

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.

2. Tillag úr ríkissjóði 250 þús. kr. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
4. 1 miljón króna, er ríkissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins. Skal ríkissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni

3. gr.

Ræktunarsjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef, er nefnast jarðræktarbrjef. Skulu það vera skuldabrjef, er hljóða upp á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um lögun og útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa brjefin.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins, hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabrjefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn, sem ráðherra setur, skal ákveða fjárhæð brjefanna, vexti, gjalddaga vaxtanna, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 35 árum frá því er flokkur var opnaður.

4. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur ríkissjóður 10 þús. kr. árlega í þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi öðlast gildi, og úr því fer upphæðin minkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

5. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

6. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að $3^1/_2\%$ ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 15% af upphæð höfuð-

stóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingganna, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

8. gr.

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og til húsagerðar á býlum í sveitum.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktarlaganna frá 20. júní 1923, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðunni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafist, að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Upphæð lánanna má nema alt að $^3/_5$ virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyr en jarðabót eða hús, sem lánið er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar meðan verkið stendur yfir, að nokkru eða öllu, ef nægilegt veð er fyrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. og lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verðhækkun vegna hennar liggur fyrir, enda er lántakanda þá skylt að ljúka við mannvirkið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðsins tiltekur og aldrei má lengri vera en 5 ár. Nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd slíkra mannvirkja skal setja í reglugerð sjóðsins.

Nú er veittur styrkur af opinberu fje til mannvirkis, og má þá upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr $^2/_3$ virðingarverðs mannvirkisins.

9. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^3/_5$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli eigi veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veð-

rjetti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna sjálfra til viðauka við virðingarverð eignarinnar óbættrar, án þess að ný virðing á fasteigninni í heild fari fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

b. Gegn afgjaldskvöð á býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfjelaga, enda sje lánið veitt leiguliða til umbóta á býlinu sjálfu. Afgjaldskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt.

c. Gegn ábyrgð hreppsnefnda eða sýslunefnda, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgjaldskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

10. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins mega telja til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu vátrygð í vátryggingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs telur góða og gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Ræktunarsjóður annist vátryggingar og innheimti iðgjöldin með árgjöldum af láninu, þegar stjórn sjóðsins ákveður svo.

11. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og umbætur þær, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfjelags Íslands samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjelaganna.

12. gr.

Búnaðarfjelag Íslands og trúnaðarmenn þess skulu láta í tje umsögn sína og upplýsingar um sjerhverja lánbeiðni, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs óskar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti, eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfjelags Íslands, eða öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því, að jarðabótinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Hámark lánsupphæðar til einstakrar fasteignar skal ákveðið í reglugerð. Gegn afgjaldskvöð á einstakri

fasteign má ekki lána meira en 10 þús. kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og samþykki jarðareiganda komi til, og þá aldrei meira en 25 þús. kr.

Lánstíminn má vera:

a. Til matjurtagarða 5 ár.
b. Til girðinga, vega, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu 10 ár.
c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og áburðargryfja 20 ár.
d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga alt að 25 árum.

Af láninu samkvæmt staflið a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflið c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

14. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

15. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til að annast án endurgjalds útborganir á lánum úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirliggjandi hjá þeim, og gera reikningsskil eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

17. gr.

Vilji maður, vegna eigendaskifta eða ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar

sjóðsins um það, og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins.

18. gr.

Lánum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr., um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $^1/_2$% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli $5^1/_2$% og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

20. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Sjóðurinn má og á þann þátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

21. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuð-

stól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

22. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

24. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

25. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Ræktunarsjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

26. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

27. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

Ríkisstjórnin gerir sjerstakan samning við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, er nemi alt að 1400000 kr.

28. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins almennt.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

29. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Ræktunarsjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til trygga skjalavörslu, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Ræktunarsjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

30. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hve nær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

31. gr.

Lán þau, er veitt hafa verið úr Búnaðarlánadeild Landsbankans, þá er Ræktunarsjóður tekur til starfa samkvæmt þessum lögum, má yfirfæra til Ræktunarsjóðs, þótt lánsskilmálar sjeu aðrir en þessi lög ákveða, enda taki Landsbankinn vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði sem greiðslu fyrir skuldabrjef þau, er hann samkvæmt þessu afhendir Ræktunarsjóði.

32. gr.

Úr Ræktunarsjóði má veita lán samkvæmt þessum lögum til jarðabóta og húsabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, 2. mars 1900, lög 20. okt. 1905, um breytingu á þeim lögum, lög 14. nóv. 1917, um breytingu á sömu lögum, lög 4. júní 1924, um stofnun Búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.

Ed. **540. Tillaga**

til þingsályktunar um verndun frægra sögustaða.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fela Þingvallanefndinni að gera tillögur um verndun frægra sögustaða og leggja þær niðurstöður fyrir næsta Alþingi, einkum þau tvö atriði, sem hjer skal greina:

A. Um verndun Þingvalla, bæði að því er snertir þinghelgina, skóginn og öll hin fornu sjereinkenni hjeraðsins.

B. Hvort tiltækilegt þætti að reisa bæi í fornum stíl á Bergþórshvoli, Hlíðarenda, Reykholti og Hjarðarholti í Dölum, og hve mikið það mundi kosta.

Ed. **541. Frumvarp**

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna skal farið eftir þessum reglum:

a. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutafjár skal með innborguðu hlutafje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.
b. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er $^1/_3$ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.
c. Sem varasjóð samkvæmt b.- og c.-lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
d. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **542. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 16. gr. Á eftir »Lög nr. 78, 22. nóv. 1907, 6. gr.« komi: Lög nr. 36, 27. júní 1921, 27. gr. síðari málsliður.

Nd. **543. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 3. lið komi nýr liður:
   Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum.
2. Við 3. gr. 5. lið síðari málsgr. Orðin »nje þeirra ... ... eða kökur« falli burt.

Ed. **544. Frumvarp**

til laga um verslunaratvinnu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar (commission), lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur).

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.
3. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans, nemenda eða sveina.
4. Vöruútvegun manna í fjelagi til eigin þarfa, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram.
5. Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum.

Um farandsala, sem ekki eru hjer búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum.

Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málssókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir.

2. gr.

Enginn má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verslun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hjer að lýtur, eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufjelaga.

   Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana.
6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

4. gr.

Verslunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verslunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem hjer segir:

1. Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr.
2. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórar og að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþyktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verslun látins manns síns án nýs leyfis, enda þótt hún fullnægi ekki

skilyrðum 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi öllum ákvæðum 3. gr.

Bú aðilja, er verslunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verslunarleyfi.

Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og þar til hann hefir náð lögaldri reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann fullnægi eigi skilyrðunum í 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir versluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., fyrsta málsl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdastjóri fjelags eða stofnunar einhvers þess, sem áskilið er í 5. gr., fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá hafa komið þessu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

8. gr.

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að versla, lætur leyfisbrjef af hendi, sbr. þó 10. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verslun leyfið hljóðar um, hvar versla megi samkvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er ráðherra kann að ákveða.

Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verslunarleyfi hafa á landinu.

9. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um verslunarleyfi eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist verslunarheimild sína, og er honum þá rjett að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En alt að einu er aðilja rjett að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans áður sex mánuðir sje liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetningu úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi.

10. gr.

Í verslunarleyfi skal greina, hverskonar verslun (stórsala, smásala, sveitaverslun o. s. frv.) leyfð er. Leyfi til verslunar einnar tegundar felur ekki

í sjer heimild til að reka annarskonur verslun; þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverslun og tilboðasöfnun eftir sama leyfisbrjefi.

Verslunarleyfi veitir einungis heimild til verslunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verslunarstað, eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar og 11. gr.

Veita má sama aðilja leyfi til verslunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verslunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, nema þeir hafi þar opna sölubúð.

Rjett er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landinu sem er og í íslenskri landhelgi.

11. gr.

Leyfi til sveitaverslunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verslun sje í þeirri sveit, enda sje umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verslunina.

12. gr.

Leyfi til lausaverslunar veitir lögreglustjóri þar, sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur, eða þar, sem hann hyggst að byrja verslun sína.

Leyfið veitir heimild til að versla hvar við land sem er, ef það hljóðar um verslun á skipi, og til að versla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verslun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verslunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verslun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sje að selja.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til stórsölu	kr. 1000,00
Leyfi til lausaverslunar	— 250,00
Leyfi til annarar verslunar	— 200,00

Ef smásali hefir fleiri opnar sölubúðir en eina í sama kaupstað eða kauptúni, skal hann greiða hið síðasttalda gjald af hverri sölubúð.

14. gr.

Sektum varðar til ríkissjóðs, frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, ef maður:

1. Rekur verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfi eða eftir að hann hefir mist það.
2. Byrjar verslun án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki skilyrðum fyrir að halda byrjaðri verslun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjöld þau fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið.

Mál út af brotum gegn fyrirmælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður komst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða upplýsingar hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926.

Þeir, er fengið hafa verslunarleyfi fyrir 1. júlí 1925, halda því.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Op. br. 29. okt. 1824.

Op. br. 7. apr. 1841.

Lög nr. 28, 7. nóv. 1879.

Lög nr. 28, 2. des. 1887.

Lög nr. 78, 22. nóv. 1907, 6. gr., og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Sþ. **545. Þingsályktun**

um steinolíuverslunina.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa innflutning á steinolíu frjálsan frá næstu áramótum, en láta ríkisverslun með steinolíu halda áfram fyrst um sinn að því leyti, sem þörf gerist til þess að tryggja nægan innflutning og sanngjarnt verð á olíunni.

Nd. **546. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar í strandferðamálinu.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um skipulag strandferðanna. Skal nefndin

skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Eimskipafjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands, 1 eftir tillögum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands.

Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti. Nefndin kýs sjer sjálf formann og starfar endurgjaldslaust. Tillögur hennar skulu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Nd. **547. Þingsályktun**

um að skora á ríkisstjórnina að útvega skýrslur um kjör þau, er útvegsmenn verða að sæta í helstu verstöðvum.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega, í samráði við stjórn Fiskifjelags Íslands, skýrslur úr helstu verstöðvum landsins um kjör þau, er útvegsmenn verða að sæta þar, svo sem um uppsátursgjald, verbúðaleigu, kvaðir þær, sem lagðar eru á afla báta, og fleira þessu viðvíkjandi.

Væntanlegar skýrslur um þetta leggi stjórnin síðan fyrir næsta Alþingi, ásamt tillögum til að bæta úr því, sem ábótavant kann að þykja.

Ed. **548. Þingsályktun**

um að gera frumdrætti að hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela landlækni og húsameistara að gera frumdrætti og kostnaðaráætlun um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk og leggja álit þeirra fyrir næsta Alþingi.

Ed. **549. Þingsályktun**

um skattskýrslur.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

Efri deild Alþingis skorar á stjórnina að mæla svo fyrir við Skattstofuna, að hún tilfæri á aðalskýrslu þeirri, sem fram er lögð almenningi til sýnis, eignar- og tekjuskatt gjaldþegnanna í tveim aðgreindum liðum.

Ed. **550. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Ed. **551. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um mannanöfn.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Þeir íslenskir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga. Sama er og um þá erlenda menn, er til landsins flytjast.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla æfi.

Konur þeirra manna, sem rjett hafa til þess að bera ættarnafn, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

Ed. **552. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 11. gr. bætist:

Samvinnufjelög eru þó undanþegin ákvæði þessarar greinar.

Ed. **553. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um verndun frægra sögustaða.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Við staflið B.

Í stað orðanna »á Bergþórshvoli« til enda greinarinnar komi: Odda, Reykholti, Vatnsfirði, Ljósavatni og Skriðu í Fljótsdal, og hve mikið það mundi kosta.

Ed. **554. Lög**

um verslunaratvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar (commission), lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur).

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.
3. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans, nemenda eða sveina.
4. Vöruútvegun manna í fjelagi til eigin þarfa, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram.
5. Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum.

Um farandsala, sem ekki eru hjer búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum.

Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málssókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir.

2. gr.

Enginn má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verslun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um

það, er hjer að lýtur, eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufjelaga.

Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana.

6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

4. gr.

Verslunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verslunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem hjer segir:

1. Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr.
2. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórar og að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþyktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verslun látins manns síns án nýs leyfis, enda þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi öllum ákvæðum 3. gr.

Bú aðilja, er verslunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verslunarleyfi.

Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og þar til hann hefir náð lögaldri reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann fullnægi eigi skilyrðunum í 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir versluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., fyrsta málsl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdastjóri fjelags eða stofnunar einhvers þess, sem áskilið er í 5. gr., fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá hafa komið þessu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

8. gr.

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að versla, lætur leyfisbrjef af hendi, sbr. þó 10. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verslun leyfið hljóðar um, hvar versla megi samkvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er ráðherra kann að ákveða.

Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verslunarleyfi hafa á landinu.

9. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um verslunarleyfi eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist verslunarheimild sína, og er honum þá rjett að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En alt að einu er aðilja rjett að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans áður sex mánuðir sje liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetningu úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi.

10. gr.

Í verslunarleyfi skal greina, hverskonar verslun (stórsala, smásala, sveitaverslun o. s. frv.) leyfð er. Leyfi til verslunar einnar tegundar felur ekki í sjer heimild til að reka annarskonar verslun; þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverslun og tilboðasöfnun eftir sama leyfisbrjefi.

Verslunarleyfi veitir einungis heimild til verslunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verslunarstað, eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar og 11. gr.

Veita má sama aðilja leyfi til verslunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verslunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, nema þeir hafi þar opna sölubúð.

Rjett er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landinu sem er og í íslenskri landhelgi.

11. gr.

Leyfi til sveitaverslunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verslun sje í þeirri sveit, enda sje umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verslunina.

12. gr.

Leyfi til lausaverslunar veitir lögreglustjóri þar, sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur, eða þar, sem hann hyggst að byrja verslun sína.

Leyfið veitir heimild til að versla hvar við land sem er, ef það hljóðar um verslun á skipi, og til að versla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verslun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verslunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verslun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sje að selja.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til stórsölu	kr.	1000,00
Leyfi til lausaverslunar	—	250,00
Leyfi til annarar verslunar	—	200,00

Ef smásali hefir fleiri opnar sölubúðir en eina í sama kaupstað eða kauptúni, skal hann greiða hið síðasttalda gjald af hverri sölubúð.

14. gr.

Sektum varðar til ríkissjóðs, frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, ef maður:

1. Rekur verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfi eða eftir að hann hefir mist það.
2. Byrjar verslun án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki skilyrðum fyrir að halda byrjaðri verslun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjöld þau fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið.

Mál út af brotum gegn fyrirmælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður komst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða upplýsingar hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926.

Þeir, er fengið hafa verslunarleyfi fyrir 1. júlí 1925, halda því.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Op. br. 29. okt. 1824.

Op. br. 7. apr. 1841.

Lög nr. 28, 7. nóv. 1879.

Lög nr. 28, 2. des. 1887.

Lög nr. 78, 22. nóv. 1907, 6. gr., og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. **555. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga. Sama er og um þá erlenda menn, er til landsins flytjast.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla æfi.

Konur þeirra manna, sem rjett hafa til þess að bera ættarnafn, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Ed. **556. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og aðra bankalöggjöf landsins.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að íhuga og gera tillögur um, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og einnig að öðru leyti að undirbúa endurskoðun á bankalöggjöf landsins. Skal fjármálaráðherra ákveða formann nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Nefndin skal senda fjármálaráðherra tillögur sínar svo fljótt, sem við verður komið, en einkanlega er ætlast til, að frumvarp um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar verði afgreitt svo fljótt, að það verði lagt fyrir Alþingi 1926.

Nd. **557. Breytingartillögur**

við frv. til laga um mannanöfn.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. 2. gr. frv. skal orða svo:
Þeir menn, sem bera ættarnafn eða taka sjer ættarnafn hjer eftir, skulu og kenna sig til föður, móður eða kjörföður, með þeim hætti, sem segir í 1. gr., og rita ættarnafnið á eftir kenningunni.
2. 3. gr. frv. falli burt. Greinatalan breytist eftir því.
3. 8. gr. frv. falli burt.

Ed. **558. Fjárlög**

fyrir árið 1926.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

Samhljóða þskj. 535.

Ed. **559. Lög**

um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Fyrir »1%« í 1. grein laganna komi: 1½%.

2. gr.

11. gr. laganna er úr gildi numin, svo og lög nr. 15, 4. júní 1924.

3. gr.

Árin 1925 og 1926 greiðir ríkissjóður til aukningar á höfuðstól Ræktunarsjóðs Íslands allan tekjuauka þann, er ríkissjóður fær með þessum lögum. Frá 1. janúar 1927 skal ¾ hlutum tekjuaukans varið til rekstrarkostnaðar við strandgæsluskip, ef þörf krefur, en að ¼ hluta gengur tekjuaukinn til Ræktunarsjóðs Íslands, uns framlag til sjóðsins samkvæmt lögum þessum hefir numið 1 miljón króna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **560. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. d. Í stað »1925« komi: 1926.

Nd. **561. Lög**

um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna skal farið eftir þessum reglum:

a. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutafjár skal með innborguðu hlutafje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.
b. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er $^1/_5$ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.
c. Sem varasjóð samkvæmt a.- og b.-lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
d. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um

gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **562. Lög**

um mannanöfn.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga. Sama er og um þá erlenda menn, er til landsins flytjast.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla æfi.

Konur þeirra manna, sem rjett hafa til þess að bera ættarnafn, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Risi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóv. 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Ed. **563. Lög**

um sáttatilraunir í vinnudeilum.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal skipa sáttasemjara í vinnudeilum. Nefnd skipuð 11 mönnum skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjara. Skal nefndin skipuð 5 fulltrúum, er Alþýðusamband Íslands kýs, 5 fulltrúum, er allsherjarfjelag vinnuþega kýs, og einum fulltrúa, er hæstirjettur tilnefnir. Er hinn síðastnefndi formaður nefndarinnar. Atvinnumálaráðherra tilkynnir þeim, er tilnefna eiga menn í nefndina, að skipa skuli sáttasemjara. Skal tilkynning þessi gefin svo snemma, að vænta megi, að tillaga um skipun sáttasemjara sje komin frá nefndinni til atvinnumálaráðherra viku fyrir þau áramót, er sáttasemjara skal skipa. Nú eru 7 fulltrúar hið fæsta á einu máli um tilnefning, og skal þá sá maður skipaður, er þeir tilnefna. Ella skipar atvinnumálaráðherra sáttasemjara.

Sáttasemjari skal skipaður til 3 ára, og miðast skipun hans við áramót.

Atvinnumálaráðherra getur veitt sáttasemjara lausn frá starfanum, eftir beiðni hans, ef ástæða þykir til.

Nú deyr sáttasemjari, eða fær lausn frá starfi, og skal þá tafarlaust fara fram tilnefning og skipun nýs sáttasemjara, með þeim hætti, er að framan greinir, fyrir þann hluta, sem eftir er af kjörtíma þess, sem frá fór.

2. gr.

Sáttasemjara er skylt að kynna sjer nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins og einkum öll vinnukjör vinnusala, þ. e. lengd vinnutíma, launakjör, yfirvinnu, aðbúnað við vinnu og annað þess háttar. Sjerhvert fjelag vinnusala eða vinnuþega, er samning gerir við annað fjelag eða einstakan mann um vinnukjör, skal skylt að senda sáttasemjara tafarlaust afrit af samningnum.

Sáttasemjari skal senda atvinnumálaráðuneytinu á missiri hverju skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.

Nú rís deila um vinnukjör milli fjelags vinnusala annarsvegar og hinsvegar fjelags vinnuþega eða einstakra vinnuþega, og stöðvast vinna af þeim sökum eða ástæða er til að óttast að svo fari, og skal sáttasemjari þá kveðja hlutaðeigendur til samninga, enda megi ætla, að deilan hafi óheppileg áhrif á atvinnulífið, og samningaumleitunum aðilja sjálfra slitið, hafi þær átt sjer stað. Hvor aðili um sig velur fulltrúa til samninga, og skulu þeir annaðhvort vera í fjelagi, er hlut á að máli, eða í aðalstjórn allsherjarfjelags vinnusala eða vinnuþega. Það er skylda aðilja að hlýða kvaðning sáttasemjara.

4. gr.

Þá er sáttasemjari hefir kvatt til samninga, er honum skylt að reyna að koma á friðsamlegri úrlausn deilunnar, og er honum heimilt að benda aðiljum á miðlunaratriði, er draga mætti til sátta. Svo getur hann og borið fram miðlunartillögu, en ekki má án hans samþykkis gera hana heyrinkunna, meðan ekki er komið svar beggja aðilja. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við tvo fulltrúa hvors aðilja.

5. gr.

Nú hefir sáttasemjari kvatt til samninga í vinnudeilu og nauðsynlegt þykir, vegna úrslita málsins, að fá rjettan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rjett til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu, sjeu skýrslur þeirra eigi fullnægjandi, eða að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá dómara. Hefir hann rjett til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

6. gr.

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í fjelagi vinnusala eða vinnuþega, skal hún borin fram eins og sáttasemjari hefir gengið frá henni, og ber við atkvæðagreiðslu að svara miðlunartillögunni játandi eða neitandi. Þá er atkvæði hafa verið talin, er fjelaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir fjelagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er fjelagi skylt,

eftir því, sem við verður komið, að sjá svo um, að sjerhver atkvæðisbær fjelagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild.

7. gr.

Bannað er að gefa út vottorð eða leiða vitni um það, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því að eins, að samþykki beggja aðilja komi til.

8. gr.

Laun sáttasemjara og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra fær sáttasemjara erindisbrjef og setur þar nánari ákvæði um starfsemi hans.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun sáttasemjara, og skal hún greidd úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Á meðan allsherjarfjelag vinnuþega er eigi stofnað, skal Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík í þess stað skipa í nefnd þá, sem um ræðir í 1. málsgrein 1. gr.

Þegar er lögin hafa öðlast gildi, skal í fyrsta sinni skipa sáttasemjara til ársloka 1928. Ákveður ráðherra, hvenær tillaga um skipun sáttasemjara skuli fram koma í síðasta lagi. Að öðru leyti fer við þessa fyrstu skipun sem segir í 1. málsgr. 1. gr.

Ed. **564. Þingsályktun**

um verndun frægra sögustaða.

(Afgreidd frá Ed. 15. mai).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fela Þingvallanefndinni að gera tillögur um verndun frægra sögustaða og leggja þær niðurstöður fyrir næsta Alþingi, einkum þau tvö atriði, sem hjer skal greina:

A. Um verndun Þingvalla, bæði að því er snertir þinghelgina, skóginn og öll hin fornu sjereinkenni hjeraðsins.

B. Hvort tiltækilegt þætti að reisa bæi í fornum stíl á Bergþórshvoli, Hlíðarenda, Reykholti og Hjarðarholti í Dölum, og hve mikið það mundi kosta.

sþ. **565. Nefndaskipun 1925.**

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sigurður Eggerz, formaður,
Jónas Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.
Jóhann Jósefsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (22*, n. 109 (meiri hl.) og 112 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
   Frsm. minni hl.: Björn Kristjánsson.
2. Frv. til laga um Landsbanka Íslands (26, n. 300 (minni hl.) og 357 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (69, n. 130).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 % gengisviðauka (114, n. 160).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar (126, n. 271 (minni hl.) og 289 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n) hlutu. Sama er að segja um mál þau, er nefndirnar flytja.

6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu (198, n. 361).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
7. Frv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum (194, n. 428 (meiri hl.) og 429 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
8. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1923 (2, n. 431).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (373, n. 430).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög (372, n. 457 (meiri hl.) og 468 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
    Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
11. Frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (386, n. 524).
    Frsm.: Sigurður Eggerz.
12. Frv. til laga um breytingu á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (387, n. 471).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl. (230, n. 525).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (362, n. 432).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
15. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum (422, n. 478).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun (348).
   Frsm.: Sigurður Eggerz.
2. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].
   Frsm.: Sigurður Eggerz.

2. Fjárveitinganefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Einar Árnason,
Ingibjörg H. Bjarnason,

Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924 (115, n. 196).
   Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
2. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1926 (323, n. 395).
   Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.

3. Samgöngumálanefnd:

Eggert Pálsson, formaður.
Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,
Sigurður Jónsson,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir (73, n. 205).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Frá nefndinni kom enn fremur:

Nál. um flóabátastyrki (374), og var það tekið til meðferðar við 2. umr. fjárlagafrv.
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.
Sigurður Jónsson,
Eggert Pálsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m. (13, n. 167).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
2. Frv. til laga um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði (10, n. 157).
   Frsm.: Sigurður Jónsson.
3. Frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð (133).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (190, n. 240).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
5. Frv. til laga um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849 (120, n. 228).
   Frsm.: Sigurður Jónsson.
6. Frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands (394, n. 462).
   Frsm.: Eggert Pálsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Björn Kristjánsson, formaður,
Ingvar Pálmason,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu (12, n. 107 (meiri hl.) og 110 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (23, n. 103).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um skráning skipa (28, n. 147).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði (62, n. 119).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
5. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi (174, n. 268).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til laga um aflaskýrslur (197, n. 238).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til laga um hvalveiðar (287, n. 346).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
8. Frv. til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 [Herpinótaveiði] (354, n. 438).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um einkenning fiskiskipa (149).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

6. Mentamálanefnd:

Sigurður Eggerz, formaður,
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Ingibjörg H. Bjarnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (19, n. 102).
   Frsm.: Sigurður Eggerz.
2. Frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík (17, n. 209 (meiri hl.) og 210 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Ingibjörg H. Bjarnason.

3. Frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana (18, n. 227).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til laga um húsmæðraskóla á Staðarfelli (43).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms (65, n. 211).
   Frsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.
6. Frv. til laga um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands (101, n. 208 (meiri hl.) og 233 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
7. Frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla (84, n. 278 (meiri hl.) og 297 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.

   Nefndin flutti:

   Till. til þál. um að gera frumdrætti að hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk (523).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

7. Allsherjarnefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður.
Jónas Jónsson,
Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921 (6, n. 81).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
2. Frv. til laga um verslunaratvinnu* (8, n. 249).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um úrskurði í útsvarsmálum o. fl. (11).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum 25. júní 1869 og viðauka við þau (14).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [Bæjarstjórn á Siglufirði] (41).
   Nefndarálit kom ekki.

---

*) Nefndin bætti við sig tveim mönnum, þeim
Jóhanni Jósefssyni og
Ingvari Pálmasyni,
til þess að eiga hlut í meðferð frv. til laga um verslunaratvinnu, en að öðru leyti tóku þeir ekki þátt í störfum nefndarinnar.

6. Frv. til laga um eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi (44, n. 80).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
7. Frv. til laga um innlenda skiftimynt (52, n. 131).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga (60, n. 95).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
9. Frv. til laga um sektir (93, n. 252).
   Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
10. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri (96, n. 280).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
11. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (56, n. 330 (minni hl.) og 340 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Eggert Pálsson.
12. Frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll (79, n. 315).
    Frsm.: Eggert Pálsson.
13. Frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað (232, n. 328).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
14. Frv. til laga um slysatryggingar (284, n. 397).
    Frsm.: Eggert Pálsson.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (360, n. 435).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
16. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (410, n. 461).
    Frsm.: Eggert Pálsson.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (413, n. 491).
    Frsm.: Eggert Pálsson.
18. Frv. til laga um mannanöfn (437, n. 534).
    Frsm. meiri hl.: Eggert Pálsson.
    Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
19. Frv. til laga um sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi (455, n. 490).
    Frsm.: Jónas Jónsson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902 [Sóttvarnalög] (245).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.

B.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Jón Auðunn Jónsson, fundaskrifari,
Klemens Jónsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Halldór Stefánsson,
Jakob Möller,
Björn Lindal,
Sveinn Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1923 (2, n. 343).
   Frsm.: Jakob Möller.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (3, n. 108).
   Frsm.: Jakob Möller.
3. Frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (16, n. 189 (meiri hl.) og 213 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Auðunn Jónsson.
4. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum (20, n. 304).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (25, n. 54).
   Frsm.: Klemens Jónsson.
6. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (38, n. 454).
   Frsm. meirí hl.: Jakob Möller.
   Frsm. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
7. Frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (30, n. 171 (minni hl.) og 184 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Klemens Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög (55, n. 302 (meiri hl.) og 357 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jakob Möller.
   Frsm. minni hl.: Klemens Jónsson.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (69, n. 202 og 273 (framhaldsnál.)).
   Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, fjárveitinga- og samgöngumálanefndir.

10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu (198, n. 274).
    Frsm. meiri hl.: Björn Líndal.
    Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl. (230, n. 331).
    Frsm.: Halldór Stefánsson.
12. Frv. til laga um íslenskt ríkishappdrætti (341).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun (348, n. 441).
    Frsm.: Klemens Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum (194).
   Frsm.: Björn Líndal.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (362).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

2. *Fjárveitinganefnd:*

Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.
Tryggvi Þórhallsson,
Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson, formaður,
Bjarni Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Ingólfur Bjarnarson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1926 (1, n. 203).
   Frsm. fyrri hl. (1.—13. gr.): Þórarinn Jónsson.
   Frsm. síðari hl. (14.—25. gr.): Tryggvi Þórhallsson.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924 (4, n. 94).
   Frsm.: Þórarinn Jónsson.

3. *Samgöngumálanefnd:*

Pjetur Þórðarson,
Jón Auðunn Jónsson,
Klemens Jónsson, formaður,
Hákon Kristófersson,
Sveinn Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Suðurlandsvegur] (39, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson,
2. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Borgarnes- og Eyjafjarðarbrautir] (42, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
3. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Upphjeraðsvegur] (49, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
4. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Landbraut og Fljótshlíðarvegur] (57, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
5. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Vesturlandsvegur] (59, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
6. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Skeiðabraut] (64, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
7. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Norðurlandsvegur] (70, n. 121).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir (73).
Frsm.: Klemens Jónsson.

Frá nefndinni kom enn fremur:

Nefndarálit um strandferðir og flóabátaferðir (242).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.

4. *Landbúnaðarnefnd:*
   Halldór Stefánsson,
   Árni Jónsson, fundaskrifari,
   Pjetur Þórðarson, formaður,
   Hákon Kristófersson,
   Magnús Torfason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði (10, n. 67).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
2. Frv. laga um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m. (13, n. 40 og 222 (framhaldsnál.)).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
3. Frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands (27, n. 229).
   Frsm.: Árni Jónsson.

4. Frv. til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og takmörkun á ádráttarveiði (50, n. 251).
   Frsm.: Pjetur Þórðarson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 4. júní 1924 [Friðun rjúpna] (51, n. 75 (meiri hl.) og 137 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pjetur Þórðarson.
   Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.
6. Frv. til laga um tilbúinn áburð (89).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um Ræktunarsjóð hinn nýja (45).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (118, n. 177).
   Frsm.: Hákon Kristófersson.
9. Frv. til laga um breyting á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849 (120, n. 179).
   Frsm.: Hákon Kristófersson.
10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (151).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um kynbætur hesta (156, n. 442).
    Frsm.: Pjetur Þórðarson.
12. Frv. til laga um aðflutningsbann á heyi (293, n. 396).
    Frsm.: Pjetur Þórðarson.
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924 [Sauðfjárbaðanir] (452).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti (ásamt meiri hluta sjávarútvegsn.):

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl. (230).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Ásgeir Asgeirsson, formaður,
Ágúst Flygenring,
Jón Baldvinsson,
Sigurjón Jónsson,
Jakob Möller, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi (24, n. 128).
   Frsm.: Ágúst Flygenring.

2. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (47, n. 127).
   Frsm. meiri hl.: Jakob Möller.
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
3. Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (72, n. 248 (meiri hl.) og 488 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurjón Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
4. Frv. til laga um að Landhelgissjóður Íslands skuli taka til starfa (141, n. 212).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (135, n. 465).
   Frsm.: Jakob Möller.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði (136, n. 176).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
7. Frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu (12, n. 279).
   Frsm.: Jakob Möller.
8. Frv. til laga um skráning skipa (158, n. 258).
   Frsm.: Ágúst Flygenring.
9. Frv. til laga um hvalveiðar (165, n. 221 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til laga um einkenning fiskiskipa (149, n. 246).
    Frsm.: Sigurjón Jónsson.
11. Frv. til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 [Herpinótaveiði] (354, n. 384).
    Frsm.: Sigurjón Jónsson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um aflaskýrslur (134).
   Frsm.: Ágúst Flygenring.

Meiri hl. nefndarinnar flutti (ásamt landbúnaðarn.):

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl. (230).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.

6. *Mentamálanefnd:*

Jörundur Brynjólfsson, formaður,
Sigurjón Jónsson,
Bernharð Stefánsson,
Björn Líndal,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari.

Fastanefndir Nd.: Mentamála- og allsherjarnefndir.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla (21, n. 68).
   Frsm.: Björn Líndal.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (15, n. 105).
   Frsm.: Sigurjón Jónsson.
3. Frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík (33, n. 146).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
4. Frv. til laga um ungmennafræðslu (148).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms (225, n. 306).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
6. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (241).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands (101, n. 399 (meiri hl.) og 403 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Björn Líndal.
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana (18).
   Nefndarálit kom ekki.

7. *Allsherjarnefnd:*

Bernharð Stefánsson,
Jón Kjartansson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari,
Árni Jónsson,
Magnús Torfason, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um innlenda skiftimynt (5, n. 46).
   Frsm.: Árni Jónsson.
2. Frv. til laga um sjúkratryggingar (7, n. 153).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (9, n. 257).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
4. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 25, 19. júní 1922 [Bæjarstjórn í Hafnarfirði] (37, n. 61).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Torfason.
5. Frv. til laga um löggilta endurskoðendur (35, n. 349 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

6. Frv. til laga um sektir (31, n. 71).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (29, n. 163 (meiri hl.) og 178 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Kjartansson.
8. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (53).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (66, n. 312).
   Frsm.: Árni Jónsson.
10. Frv. til laga um bygðarleyfi (76).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (56, n. 125).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
12. Frv. til laga um sölu á kolum eftir máli (87, n. 311).
    Frsm.: Árni Jónsson.
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (97).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll (79, n. 166).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
15. Frv. til laga um eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi (44, n. 129).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
16. Frv. til laga um breyting á póstlögum 7. maí 1921 (104, n. 145).
    Frsm.: Jón Kjartansson.
17. Frv. til laga um varalögreglu (32, n. 319 (meiri hl.) og 363 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
    Frsm. minni hl.: Jón Kjartansson.
18. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík (113).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til laga um mannanöfn (34, n. 292 (minni hl.) og 347 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Magnús Torfason.
    Frsm. meiri hl.: Árni Jónsson.
20. Frv. til laga um slysatryggingar (100, n. 185).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
21. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (77).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

22. Frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum (90, n. 310).
    Frsm. meiri hl.: Jón Kjartansson.
    Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
23. Frv. til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum (117).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Frv. til laga um sáttatilraunir í vinnudeilum (123, n. 420).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
25. Frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905 (143).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 34, 3. nóv. 1915, um dýraverndun (144).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 27. júní 1921, um slysatryggging sjómanna (150).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (169).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld (216).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Fjósum í Laxárdalshreppi, utan verslunarlóðar (234).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Frv. til laga um verslunaratvinnu (285, n. 419 (minni hl.) og 460 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jón Kjartansson.
    Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
32. Frv. til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi (308, n. 364).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
33. Frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík (356).
    Nefndarálit kom ekki.

N e f n d i n f l u t t i :

1. Till. til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga sveitarstjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins (199).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til laga um að veita síra Friðriki Hallgrímssyni ríkisborgararjett (217).
    Frsm.: Árni Jónsson.
3. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (313).
    Frsm.: Árni Jónsson.

C.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbrjefanefnd

(4. gr. þingskapanna):

Björn Lindal,
Sveinn Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Einar Árnason,
Sigurjón Jónsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

2. Þingfararkaupsnefnd

(2. gr. laga nr. 36, 28. nóv. 1919):

Eggert Pálsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason, skrifari,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Jónsson, formaður.

Sþ. 566. **Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi 1925.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðflutningsbann á áfengi. Fundargerð umræðufundar um bannmálið, sem haldinn var í Reykjavík 20. mars. (Nd. 330). Sbr. Tollgæsla.

Aflaskýrslur. Erindi Fiskifjelags Íslands um að sett verði lög um aflaskýrslusöfnun. Brjef 23. febr. með 4 fskj. (Nd. 107).

Afurðasala, sjá Markaður.

Akureyri, sjá Bókasöfn, Sóttvarnahús.

Albert Ólafsson, sjá Námsstyrkur 5.

Alþýðufræðsla Stúdentafjelagsins. Stúdentafjelag Reykjavíkur sækir um styrk til alþýðufræðslu sinnar, jafnháan sem það hefir haft. Brjef 28. febr. (Nd. 186).

Alþýðukveðskapur.

1. Jakob B. Bjarnason frá Holtastaðakoti í Langadal sækir um 800 kr. styrk í 5 ár til söfnunar allskonar alþýðukveðskapar. Brjef 20. jan. (Nd. 113).
2. Benjamín Sigvaldason frá Gilsbakka í Þingeyjarsýslu sækir um 1000 kr. styrk til að safna meðal alþýðu ljóðum, sögnum og ættvísi. Brjef 27. febr. (Nd. 166).

Alþýðuskóli Þingeyinga.

1. Skólastjóri Alþýðuskóla Þingeyinga sækir um 15000 kr. fjárveitingu til rekstrar skólans næsta ár. Brjef 25. febr. (Nd. 123).
2. Sami sækir um 4000 kr. til heimilisiðnaðarkenslu. Brjef 14. febr. ásamt umsögn fræðslumálastjóra 28. febr. (Nd. 156).
3. Sami sækir um 16000 kr. fjárveitingu til þess að fullgera skólahúsið og koma upp yfirbygðri sundlaug. Brjef 4. mars, 2 fskj. (Nd. 202).

Andersson, Reinhold, sjá Fatagerð.

Arngerðareyri, sjá Gististaðir 1—2.

Atvinna við siglingar. Skipstjórafjelagið Aldan mótmælir brtt. sjútvn. efri deildar á þskj. 103 við frv. til l. um atvinnu við siglingar. Ódags. brjef. (Nd. 247 og Ed. 27).

Augnlækningar. Guðmundur Guðfinnsson augnlæknir sækir um alt að 500 kr. styrk til augnlækningaferðalags. Brjef 16. apríl (Nd. 327).

Aukatekjur, sjá Skipagjöld.

Áfengisverslun ríkisins. Lyfsölustjóri ríkisins sendir fjhn. skýrslu um áfengissölu frá lyfjabúðum landins árið 1924, dags. 2. maí (Nd. 318).

Áslækjarrjómabú. Landbn. Ed. spyrst fyrir, hvort fjvn. Nd. sjái sjer fært að flytja tillögu um, að Áslækjarrjómabúi verði gefið upp 5000 kr. viðlagasjóðslán. Brjef 17. mars, með árituðu neitandi svari fjvn., dags. s. d. (Nd. 335).

Baðlyf. Áskorun sýslunefndar Dalasýslu um að leyft verði að flytja inn Coopersduft til sauðfjárböðunar. Útdráttur úr sýslufundargerð 18. mars. (Nd. 301).

Bandalag kvenna sækir, í brjefi 22. febr., um 5000 kr. styrk til þess að senda fulltrúa á aðalfund hins alþjóðlega kvennaráðs, er haldinn verður í maíbyrjun 1925 í Washington. — Til vara sækir Bandalagið um 3000 kr. í þessu skyni, í brjefi 11. mars. (Nd. 176, 1—2).

Bankamál.

1. Álitsskjal próf. Axel Nielsens um íslensk bankamál, dags. 29. sept. 1924 (Nd. 77).
2. Fjármálaráðuneytið sendir fjhn. brjef bræðranna Sturlu og Friðriks Jónssona, 13. jan., um bankastofnun hjer á landi, og enn fremur álit stjórnar Landsbankans um það efni, dags. 16. febr. Brjef 21. febr. (Ed. 18).

Bannlög, sjá Aðflutningsbann á áfengi.

Barnaskólar.

1. Brjef fræðslumálastjóra, 3. mars, ásamt beiðni frá oddvita Ólafsfjarðarhrepps, 2. jan., um 5000 kr. styrk til þess að reisa barnaskóla í Ólafsfirði. 2 fskj. (Nd. 201).
2. Fræðslunefndin í Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu sækir um 2000 kr. styrk til skólahúsbyggingar. Brjef 13. mars. (Nd. 252).

Benjamín Sigvaldason, sjá Alþýðukveðskapur 2.

Berklafræði, sjá Háskólinn 2—3.

Berklasjúklingar, sjá Elín Sigurðardóttir.

Berklavarnafjelag Íslands sækir um 20000 kr. styrk. Brjef 28. febr. (Nd. 182).

Berklavarnir. Atvinnumálaráðuneytið sendir allshn. brjef sparnaðarnefndar, 20. jan., ásamt frv. til l. um breyting á lögum um varnir gegn berklaveiki, frá nefndinni, og umsögn yfirlæknisins á Vífilsstöðum um frumvarpið, dags. 10. jan. Brjef 17. febr. (Nd. 72 a. og b.)

Bifreiðaferðir. Björgvin sýslumaður Vigfússon sækir vegna Rangárvallasýslu um styrk úr ríkissjóði til vöruflutninga á bifreiðum austan úr miðri Rangárvallasýslu til Reykjavíkur. Brjef 6. mars. (Ed. 26).

Biskupstungnasími, sjá Símamál 1.

Bjarni Sæmundsson, sjá Fiskirannsóknir.

Björgunarskip, sjá Þór.

Björn Björnsson, gullsmiður, sjá Námsstyrkur 9.

Björn Sigurðsson, bóndi á Kleppustöðum, sjá Gististaðir 4.

Bolungarvík, sjá Brimbrjótur, Ísafjarðarprestakall.

Borgarfjarðarhjerað, sjá Sjúkrahús 1.

Bókasöfn. Stjórnarnefnd Amtsbókasafnsins á Akureyri sækir um 3000 kr. aukastyrk til þess að geta ráðið Davíð skáld Stefánsson fyrir bókavörð. Brjef 22. febr. (Nd. 227).

Bókmentafjelagið.

1. Fjelagið sækir um 2000 kr. styrk og 1600 kr. til útgáfu Fornbrjefasafnsins 1926. Brjef 3. nóv. 1924. (Nd. 42, xxxvii).
2. Annað brjef, 20. febr., með umsókn um sama styrk, og að auki um 600 kr. viðbótarstyrk 1925, til samningar registurs við XI. bindi Fornbrjefasafnsins. (Nd. 90).

Breiðafjarðarbátur. Ásgeir Ásgeirsson, prestur í Hvammi, sækir um, f. h. fyrverandi umráðamanna Breiðafjarðarbátsins »Svans«, að greiddar verði úr ríkissjóði skuldaleifar þær, um 13000 kr., er hvíla á þeim vegna útgerðar bátsins. Brjef 31. jan. (Nd. 39).

Breiðafjarðarferðir, sjá Strandferðir 3—6.

Brimbrjótur í Bolungarvík. Brjef þm. N.-Ísf. (J. A. J.), 25. febr., um skemdir á brimbrjótnum í Bolungarvík, með erindi hreppsnefndar Hólshrepps um eftirgjöf viðlagasjóðsláns, að upphæð kr. 16840,68, dags. 22. febr., og 1 fskj. (Nd. 114).

Brúargerðir, sjá Vegamál 2.

Bryggjur.

1. Brjef Fiskifjelags Íslands um bryggjugerð á Eyrarbakka, 14. mars, (Nd. 253).
2. Kaupfjelag Þingeyinga sækir um 3000 kr. styrk á þessu ári til stækkunar bryggjunni í Húsavík, gegn jafnháu framlagi frá fjelaginu. Brjef 3. febr. (Nd. 91).
3. Bæjarfógetinn á Ísafirði sækir um styrk til hafnarbryggju á Ísafirði. Símskeyti 2. des. 1924. (Nd. 45, 2).
4. Stjórn Kaupfjelags Króksfjarðar sækir um 2000 kr. styrk til bryggjugerðar eða lendingarbóta í Króksfjarðarnesi. Brjef 24. febr. (Nd. 220).
5. Hreppsnefnd Ólafsfjarðar sækir um 4000 kr. styrk til viðgerðar bryggjunni í Ólafsfirði. Brjef 20. jan. (Nd. 33).
6. Brjef þm. Skagf. (M. G. og J. S.), 14. mars, með símskeyti oddvitans á Sauðárkróki, 9. mars, um fjárveitingu til stækkunar bryggjunnar þar. (Nd. 269).
7. Hafnarnefnd Stykkishólms sækir um alt að 10000 kr. styrk á þessu ári til endurbyggingar hafnarbryggjunni þar. Brjef 26. jan. (Ed. 4).
8. Erindi Halldórs Steinssonar, þm. Snæf., til fjvn. um framlag til bryggjugerðar í Stykkishólmi, 27. febr. (Nd. 179).

Brýr á ár í Ölfusi, sjá Vegamál 3.

Búðardalur, sjá Karl Þórðarson.

Búnaðarfjelag Íslands.

1. Áætlun um tekjur og gjöld fjelagsins 1926, ásamt athugasemdum. Brjef 29. nóv. 1924. (Nd. 42, xlvi).
2. Erindi fjelagsins, 3. des. 1924, um hækkun á fjárveitingu til fram-

kvæmda jarðræktarlaganna í fjáraukalögum 1925 og um upphæð styrksins í fjárlögum 1926. (Nd. 42, xlvii).

Byggingarfjelag Reykjavíkur sækir um 10000 kr. styrk. Brjef 3. maí. 1 fskj. (Nd. 320).

Bæjarfógetinn í Reykjavík.

1. Bæjarfógetinn sendir fjvn. yfirlit um helstu störf embættisins 1920—1924. Brjef 10. febr. (Nd. 30).
2. Brjef dómsmálaráðuneytisins, 24. febr., með athugasemdum við áætlun um skrifstofukostnað bæjarfógetaembættisins 1926. 2 fskj. (Nd. 112).

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., leitar þess, að stjórninni verði heimilað að veita bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 15000 kr. lán, til þess að koma upp embættisbústað. Brjef 16. apríl. (Ed. 46).

Bæjargjöld í Reykjavík. Hreppsnefndir Kjalarnes-, Mosfellssveitar-, Seltjarnarnes-, Bessastaða-, Vatnsleysustrandar-, Gerða- og Garðahreppa mótmæla sjerrjettindum þeim, sem Reykjavíkurkaupstað sje veitt um útsvarsálagningu með lögum um bæjargjöld í Reykjavík, nr. 36, 4. júní 1924, og enn ýmsum ákvæðum frv. um úrskurði í útsvarsmálum á þskj. 11. Brjef 17. febrúar. (Nd. 84 og Ed. 17).

Bæjarstjórnarlög. Bæjarfógetinn á Ísafirði sendir tillögur um breytingar á bæjarstjórnarlögum Ísafjarðar. Brjef 14. febr. (Nd. 71. c.).

Bændaskólar, sjá Verklegt nám.

Coopersduft, sjá Baðlyf.

Dagsbrún, verkamannafjelag, sjá Sjúkrasjóðir.

Daníel Hjálmsson beiðist enn skaðabóta, alt að 20000 kr., fyrir það er hann var sviftur vegaverkstjórn 1913. Brjef 7. febr. með skjölunum Nd. 80, 1924. (Nd. 20).

Davidson, M., sjá Síldarverksmiðjur 1.

Davíð Stefánsson, sjá Bókasöfn.

Dómkirkjupresturinn, sjá Launamál 5.

Dósentsembætti, sjá Háskólinn 1.

Dráttlist.

1. Ríkarður Jónsson sækir um 2500 kr. styrk til þess að halda uppi kenslu í dráttlist og þrjeskurði í þjóðlegum stíl. Brjef 15. febr. (Nd. 65).
2. Soffía Stefánsdóttir sækir um styrk til þess að halda uppi kenslu í þrjeskurði og dráttlist, jafnmikinn sem faðir hennar, Stefán Eiríksson, naut síðasta árið sem hann lifði. Tvö brjef, 12. febr. og 30. mars. (Nd. 74 og 332).

Dýraverndun. Umsögn dómsmálaráðuneytisins um frv. um viðauka við lög um dýraverndun, dags. 27. mars, ásamt umsögn dýralæknisins í Reykjavík, dags. 18. apríl. (Nd. 290).

Dýrtíðaruppbót, sjá Launamál 1.

Efnafræði, sjá Háskólinn 4.
Efnarannsóknarstofan. Atvinnumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi efnarannsóknarstofunnar, 11. apríl, um að tekinn verði í fjárlög liður til áhaldakaupa handa stofunni. Brjef 20. apríl. (Ed. 48).
Eftirlaun.
1. Elísabet Jónsdóttir, ekkja Pjeturs barnakennara Guðmundssonar, sækir um 500 kr. lífeyri. Brjef 1. febr. (Nd. 57).
2. Atvinnumálaráðuneytið sendir fjvn. brjef aðalpóstmeistara, 2. mars, ásamt 5 fskj., um lífeyri til handa Þorsteini pósti Jakobssyni. Brjef 5. mars (Nd. 211).
3. Atvinnumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi Vigfúsar Sigurðssonar, 2. febr., þar sem hann segir upp vitavarðarstarfi, ásamt læknisvottorði og brjefi vitamálastjóra, 4. mars, um eftirlaun vitavarðarins. Brjef 9. mars. (Nd. 226).
4. Bjarni Jónsson frá Vogi sækir um, að frú Þóru A. Ólafsdóttur verði ætlaðar 500 kr. í 18. gr. fjárlaganna. Brjef 17. des. 1924. (Nd. 42, lii).
5. Þórdís Símonardóttir, ljósmóðir á Eyrarbakka, sækir um 1200 kr. eftirlaun, eftir 50 ára þjónustu. Brjef 1. febr. (Nd. 7).

Eggert Stefánsson, sjá Símamál 6.
Egill Guttormsson bóksali, sjá Lagasafn.
Eiðaskóli.
1. 473 kjósendur í Múlasýslum báðum og Seyðisfjarðarkaupstað skora á þing og stjórn að fullnægja skilyrði því, sem landið gekk að, er því voru afhentar Eiðaeignir, og ætla fje í fjárlögum 1926 til skólahúsbyggingar á Eiðum. (Nd. 26, 183 og 219, Ed. 6).
2. Áskorun sýslunefnda beggja Múlasýslna um fjárveitingu til skólahúsbyggingar á Eiðum. Brjef 15. mars. (Nd. 280).
3. Brjef þingmanna Múlasýslna til fjvn. um byggingu skólahúss á Eiðum, dags. 2. mars. (Nd. 189).
4. Brjef dómsmálaráðuneytisins um skólahúsbyggingu á Eiðum, dags. 11. mars. (Nd. 240).

Eimskipafjelag Íslands fer þess á leit, að styrkur sá, sem stjórninni er heimilað í 23. gr. fjárlagafrv. að greiða fjelaginu, verði tekinn upp sem fastur útgjaldaliður í fjárlögunum. Brjef 24. apríl. (Nd. 316).
Sbr. og Strandferðir 1.
Einkasala, sjá Landsverslun.
Eiríkur Albertsson prestur, sjá Hestsskóli.
Elín Árnadóttir, sjá Námsstyrkur 6.
Elín Sigurðardóttir, fyr kennari og póstmaður, sækir um 1200 kr. árlegan styrk til framfærslu sjer, meðan hún er ekki vinnufær. Brjef 24. febr. (Nd. 147).
Elísabet Jónsdóttir, sjá Eftirlaun 1.
Emil Thoroddsen sækir um 4000 kr. styrk til þess að halda uppi blönduðum kórsöng í Reykjavík á komandi ári. Brjef 28. febr. (Nd. 175).

Erasmus Gíslason skorar á fjvn., að hún hlutist til um, að honum verði bætt tjón það, sem hann hefir beðið við úrskurð stjórnarráðsins, er það heimilaði árið 1922 sýslumanninum í Rangárvallasýslu að banna allan fjárrekstur úr Árnessýslu austur yfir Þjórsá, sökum kláðahættu. Brjef 27. febr. 1 fskj. (Nd. 172).

Erindreki, sjá Fiskifulltrúi.

Esphólin, Bræðurnir, sjá Tunnusmiðja.

Eyrarbakki, sjá Bryggjur 1, Skemdir af sjávarflóði 1.

Fangahús.

1. Bæjarfógetinn á Ísafirði sækir um 15000 kr. fjárveitingu til fangahúsbyggingar. Símskeyti 30. nóv. 1924. (Nd. 45,1).
2. Áskorun bæjarstjórnar Ísafjarðar um sama efni. Brjef 14. febr. (Nd. 71. b).
3. Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum fer fram á 20000 kr. fjárveitingu til fangahúsbyggingar. Brjef 28. jan. ásamt uppdrætti. (Nd. 203).

Fatagerð. Reinhold Andersson klæðskeri endurtekur beiðni sína frá 15. mars 1923, um 30000 kr. lán til þess að sauma fatnað úr íslenskum dúkum, til gjaldeyrissparnaðar. Brjef 7. mars. (Nd. 235).

Fátækralög. Atvinnumálaráðuneytið sendir allshn. frv. til l. um breyting á fátækralögum 1905, ásamt greinargerð, er sparnaðarnefnd hafði sent með brjefi 20. jan. Brjef 17. febr. (Nd. 72, c.).

Fellshreppur, sjá Sjúkrasjóðir.

Ferjur.

1. Áskorun 27 búenda í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu um 300 kr. styrk til þess að kaupa ferju á Hornafjörð og 50 kr. á ári til starfrækslu hennar. 1 fskj. (Nd. 51).
2. Ásgeir prestur Ásgeirsson í Hvammi sækir, fyrir bönd íbúanna í Klofnings- og Skarðshreppum, um fjárveitingu til kláfferju á svonefnt Krosssund. Brjef 21. mars, með 2 fskj. (Nd. 299).

Fiðluleikur, sjá Þórarinn Guðmundsson.

Fimleikakensla. Ingibjörg Guðbrandsdóttir sækir um, að styrkur sá til leikfimiskenslu, 600 kr., sem hún hefir notið síðustu 15 ár, verði aftur tekinn upp í fjárlög. Brjef 26. febr. (Nd. 128).

Fiskaðgerðarflötur. Erindi 15 útgerðarmanna á Stokkseyri um styrk til þess að gera fiskaðgerðarflöt. Brjef 20. jan. 1 fskj. (Nd. 8).

Fiskifjelag Íslands. Brjef fjelagsins, 31. okt. 1924, með fjárhagsáætlun þess 1926, ásamt athugasemdum. (Nd. 42, xlix).

Fiskifulltrúi.

1. Áskorun Fiskifjelags Íslands um erindreka á Spáni. Brjef til sjútvn. 24. febr. (Nd. 116).
2. Umsögn um frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu, send sjútvn. að beiðni hennar, frá:
   1. Fiskifjelagi Íslands, 24. mars, 2. Landsbanka Íslands, 27. mars, 3. Íslandbanka, 25. mars. (Nd. 285).

Fiskimatsmenn.

1. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir sjútvn. útdrátt úr fundarskýrslu yfirfiskimatsmanna í febrúar 1925. Brjef 21. febr. (Nd. 100).
2. Brjef yfirfiskimatsmanna um bætt launakjör, dags. 27. febr. (Nd. 149).
3. Brjef sjútvn. til fjvn., dags. 14. mars, um launakjör yfirfiskimatsmanna. (Nd. 256).

Fiskimið við Grœnland.

1. Fiskifjelag Íslands sækir um 50000 kr. styrk til þess að gera út 2 skip til þess að leita fiskimiða við Grænland. Brjef til sjútvn. 24. febr. (Nd. 105).
2. Jón Bjarnason, húsmaður á Ísafirði, og Guðsteinn Einarsson, formaður í Bolungarvík, sækja um 20000 kr. styrk til þess að leita að fiskimiðum við Grænland og athuga þar skilyrði fyrir hverskonar veiðiskap. Brjef 29. jan. (Nd. 54).

Fiskirannsóknir. Bjarni Sæmundsson sækir um 1500 kr. fjárveitingu til ferðalaga og aðstoðar við fiskirannsóknir sínar. Brjef 14. nóv. 1924. (Nd. 42, xli).

Fiskiveiðalög. Erindi Fiskifjelags Íslands um framkvæmd fiskiveiðalaganna og breytingar á þeim. Brjef 23. febr. (Nd. 110).

Fiskveiðar, sjá Iðnefnafræði.

Fjósar, sjá Kirkjujarðasala.

Fornbrjefasafnið. Stjórn Bókmentafjelagsins æskir þess, að Alþingi veiti 5000 kr. til kaupa á safni dr. Jóns Þorkelssonar af eftirritum skjala, sem hann hefir ætlað til útgáfu framhalds Fornbrjefasafnsins, og greiðist andvirðið með 1000 kr. á ári í 5 ár til Sigríðar Finnbogadóttur, ekkju dr. Jóns. Brjef 28. febr. 2 fskj. (Nd. 155). Sbr. og Bókmentafjelagið.

Fornleifafjelagið sækir um 800 kr. styrk, svo sem það hefir áður haft. Brjef 26. febr. (Nd. 129).

Friðjón Kristjánsson, sjá Ullariðnaður 2.

Friðrik Hallgrímsson, sjá Launamál 5.

Friðrik Jónsson, sjá Bankamál 2.

Frímann B. Arngrímsson sækir um 10000 kr. fjárveitingu til þess að setja upp steinarannsóknarstofu á Akureyri, og um 3000 kr. hækkun á styrk til sín. Símskeyti 4. maí. (Nd. 321).

Fræðafjelagið sækir um 1000 kr. styrk til þess að halda áfram útgáfu Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, og um 2500 kr. styrk til þess að hefja jafnframt útgáfu Jarðabókarinnar um Norðlendingafjórðung. Brjef 29. ág. 1924. (Nd. 42, xxxix).

Garðskagaviti, sjá Vitamál 8.

Geir G. Þormar, sjá Námsstyrkur 7.

Gerðardómur, sjá Kaupgjaldsþrætur.

Gistihús. Hjálpræðisherinn sækir um 5000 kr. styrk til þess að reisa gesta- og sjómannaheimili í Vestmannaeyjum. Brjef 14. nóv. 1924, ásamt uppdrætti. (Nd. 45, 4).

Gististaðir.
1. Jón A. Jónsson, þm. N.-Ísf. sendir fjvn. umsókn Halldórs bónda Jónssonar um 600 kr. árlegan styrk til gistihúshalds á Arngerðareyri. Brjef 6. mars með 4 fskj. (Nd. 213).
2. Meðmæli 6 sýslunefndarmanna í Norður-Ísafjarðarsýslu með beiðni Halldórs bónda á Arngerðareyri. 6 símskeyti. (Nd. 307).
3. Gunnar bóndi Þórðarson í Grænumýrartungu við Hrútafjörð sækir um 2500 kr. styrk til þess að reisa íbúðarhús á ábýlisjörð sinni, svo að hann geti hýst ferðamenn. Brjef 27. jan. (Nd. 196).
4. Björn bóndi Sigurðsson á Kleppustöðum í Hrófbergshreppi sækir um 200 kr. árlegan styrk til þess að hýsa ferðamenn. Brjef 29. jan. 1 fskj. (Nd. 195).

Gísli Jónasson kennari sækir um 1500 kr. styrk til utanfarar, til þess að læra að setja upp dýr — spendýr, fugla og fiska — fyrir söfn og skóla. Brjef 28. febr. 1 fskj. (Nd. 169).

Gísli J. Ólafson, sjá Símamál 5.

Gísli Þorvarðarson sækir um einhverja opinbera viðurkenningu fyrir að hafa tvívegis bjargað lífi margra manna, öðru sinni á landi, en í hitt skiftið á sjó. Brjef 26. febr. (Nd. 140).

Gjöf Jóns Sigurðssonar.
1. Dómsmálaráðuneytið sendir skýrslu um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« fyrir tímabilið frá 1. janúar 1923 til 31. des. 1924. Brjef 10. febr. (Sþ. 7).
2. Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, dags. 26. mars. (Sþ. 23).

Gook, A., sjá Útvarp 1.

Grasasafn. Bjarni Jónsson frá Vogi býður Alþingi kaup á grasasafni dr. Helga Jónssonar fyrir 10000 kr., og verði andvirðið sjerstök deild í minningarsjóði Eggerts Ólafssonar. Brjef 2. apríl. (Nd. 295).

Grindavík, sjá Skemdir af sjávarflóði 2.

Grímsnes, sjá Síldarkaup.

Grímsneshjerað, sjá Sjúkrahús 5.

Grundarfjarðarviti, sjá Vitamál 6.

Grænland, sjá Fiskimið.

Grænumýrartunga við Hrútafjörð, sjá Gististaðir 3.

Guðbjörn Guðmundsson. Dómsmálaráðuneytið sendir fjvn. beiðni Guðbjarnar Guðmundssonar prentsmiðjustjóra, 4. apríl, um styrk til dvalar sonar hans á fábjánahæli erlendis. Brjef 17. apríl. 2 fskj. (Ed. 40).

Guðbrandur Jónsson, sjá Kæliskip 2, Menningarsaga 1.

Guðmundur Bergsson póstfulltrúi sækir um styrk til utanfarar, til þess að kynna sjer póstmál. Brjef 27. febr., ásamt umsögn aðalpóstmeistara 4. mars. (Nd. 184).

Guðmundur Björnsson sýslumaður, sjá Sýslumannssetur.

Guðmundur Guðfinnsson læknir, sjá Augnlækningar.

Guðmundur B. Kristjánsson, sjá Launamál 6.
Guðsteinn Einarsson, sjá Fiskimið við Grænland.
Gunnar Þórðarson, bóndi í Grænumýrartungu, sjá Gististaðir 3.

Hafnir.

1. Halldór Steinsson, þm. Snæf., sækir um 12000 kr. fjárveitingu til hafnarbóta í Ólafsvík, gegn tvöföldu framlagi frá hreppnum. Brjef 28. febr. (Nd. 146).
2. Lýsing Benedikts verkfræðings Jónassonar á fyrirhuguðum hafnarbótum í Ólafsvík. Brjef 31. mars. (Nd. 292).

Halldór Arnórsson, sjá Umbúðasmíði.
Halldór Jónsson, bóndi á Arngerðareyri, sjá Gististaðir 1—2.
Halldór Kiljan Laxness rithöfundur sækir um 3000 kr. styrk til ferðalaga og ritstarfa. Brjef 25. febr. (Nd. 131).
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 2—3.
Handritaskrá, sjá Landsbókasafn.
Hannes Þorsteinsson sendir skýrslu um störf sín í sambandi við þann 2000 kr. ársstyrk, sem hann hefir notið úr ríkissjóði hingað til. Brjef 20. febr. (Nd. 87).
Háskólinn.

1. Álit Sigurðar prófessors Nordals um frv. um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands. Brjef 17. apríl. (Nd. 312).
2. Rektor háskólans fer fram á, að Sigurði yfirlækni Magnússyni á Vífilsstöðum verði veittar 600 kr. á ári fyrir kenslu við háskólann í berklafræðum. Brjef 27. nóv. 1924. (Nd. 42, xviii).
3. Brjef læknadeildarinnar, 20. apríl, um sama efni. (Ed. 49).
4. Trausti efnafræðingur Ólafsson mælist til þess, að hækkuð verði laun kennara í efnafræði. Brjef 6. apríl. (Ed. 50).
5. Brjef háskólarektors, 21. febr., um styrk til háskólastúdenta, kennarastarfið í sögu og málfræði íslenskrar tungu, stúdentabústað, og um húsnæði fyrir rannsóknarstofu háskólans. (Nd. 96).
6. Háskólaráðið æskir þess, að feld verði niður athugasemdin við námsstyrk stúdenta í frv. til fjárlaga fyrir 1926. Brjef 6. apríl. (Nd. 306).

Heilsuhæli á Norðurlandi.

1. Heilsuhælisfjelag Norðurlands sækir um 150000 kr. fjárveitingu 1926, til þess að reisa heilsuhæli á Norðurlandi, gegn jafnmiklu fjárframlagi annarsstaðar að. Símskeyti 26. febr., ásamt 3 fskj. (Nd. 126).
2. Brjef sama efnis, dags. 24. febr. (Nd. 218).

Heimilisiðnaður.

1. Sambandsstjórn íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga fer fram á, að styrkur til sambandsins verði ekki minni en 10000 kr. Brjef 11. apríl. 4 fskj. (Ed. 32).
2. Halldóra Bjarnadóttir sækir um að fá að halda þeim 2000 kr. styrk, sem hún hafði síðastl. ár, svo að hún geti haldið áfram starfi sínu í þarfir heimilisiðnaðarins. Brjef 2. mars. 1 fskj. (Nd. 192, I).

3. Sama sækir um 30000 kr. lán til þess að koma á stofn heimilisiðnaðarútsölu. Brjef 2. mars. (Nd. 192, II).
Sbr. og Alþýðuskóli Þingeyinga 2.
Helgi Jónsson, dr., sjá Grasasafn.
Helgi Pjeturss. 22 menn og konur í Hornafirði skora á Alþingi að veita dr. Helga Pjeturss þann styrk, er hann hefir farið fram á. Brjef 15. febr. (Nd. 221).
Herpinótaveiði.
1. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu svarar fyrirspurn sjútvn. um ástæður til samþyktar um herpinótaveiði á Skagafirði. Símskeyti 17. apríl. (Nd. 310).
2. Bæjarstjórn Siglufjarðar skorar á Alþingi að nema úr gildi lög nr. 30, 1923, með því að þau loki aðalsíldveiðasvæðinu við Norðurland innan landhelgi. Símskeyti 26. apríl. (Nd. 315).
Hestsskóli. Eiríkur Albertsson að Hesti sækir um 2000 kr. fjárveitingu til þess að halda uppi skólastarfsemi á heimili sínu, samkv. meðlagðri reglugerð. Brjef 31. jan. ásamt prentaðri ritgerð: Kirkjan og skólarnir. (Nd. 41).
Hjálpræðisherinn, sjá Gistihús.
Hjúkrunarheimili. Fjelagið Hvítabandið sækir um 50000 kr. styrk til þess að koma upp hjúkrunarheimili, og 5000 kr. styrk á ári hverju til rekstrar þess. Brjef 27. febr. 1 fskj. (Nd. 170).
Hjúkrunarnám, sjá Námsstyrkur 1—2.
Hljóðfæratollur, sjá Verðtollur 4.
Hornafjörður, sjá Ferjur 1.
Hólssókn, sjá Ísafjarðarprestakall.
Hróarstunguhjerað, sjá Læknisbústaður.
Húsagerð. Jóhann Fr. Kristjánsson, leiðbeinandi í húsagerð til sveita, æskir þess, að launakjör sín verði tekin til athugunar, þannig að hann fái ferðakostnað og skrifstofufje úr ríkissjóði, og að dagkaup hans við byggingar renni til hans sjálfs. Brjef 28. febr. (Nd. 152).
Húsaleigulög. Umsögn bæjarstjórnar Reykjavíkur um frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík. Brjef 11. maí. (Nd. 331).
Húsavík, sjá Bryggjur 2.
Húsmæðraskólar.
1. Kvenfjelagið Ósk á Ísafirði sækir um 5000 kr. styrk til húsmæðraskólahalds. Brjef 25. jan. (Nd. 53).
2. Álit sýslufundar Dalasýslu um frv. um húsmæðraskóla á Staðarfelli. Útdráttur úr sýslufundargerð 18. mars. (Nd. 300).
3. Áætlun um húsmæðraskóla á Staðarfelli. (Nd. 339).
Hvalveiðalög.
1. Fiskifjelagsdeildin á Flateyri skorar á Alþingi að samþykkja frv. um hvalveiðar. Símskeyti 19. apríl. (Nd. 314).
2. Fiskifjelagsdeildin á Ísafirði og skipstjórafjelagið Bylgjan skora á Alþingi að afgreiða ekki á þessu þingi frv. um undanþágu frá lögum um friðun hvala. Símskeyti 14. apríl. (Ed. 33).

3. Fiskifjelagsdeild Súgfirðinga skorar á Alþingi að framlengja friðunarlög hvala og mótmælir eindregið undanþágu frá þeim. Símskeyti 15. apríl. (Ed. 34).
4. Fiskifjelagsdeildin á Eskifirði mótmælir eindregið breytingu á núgildandi hvalafriðunarlögum. Símskeyti 17. apríl. (Ed. 35).
5. Fiskiveiðadeild Dýrafjarðar tjáir sig eindregið samþykka gerðum neðri deildar í frv. um hvalveiðar og skorar á Alþingi að samþykkja það óbreytt. Símskeyti 17. apríl. (Ed. 36).
6. 132 alþingiskjósendur í Neshreppi í Norðfirði skora á efri deild að fella frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita undanþágu um hvalveiðar hjer við land. Símskeyti 17. apríl. (Ed. 37).
7. Fiskifjelagsdeildin í Fáskrúðsfirði óskar þess, að núgildandi hvalveiðalög verði látin standa óbreytt fyrst um sinn. Símskeyti 18. apríl. (Ed. 38).
8. Aðalfundur sýslunefndar Suður-Múlasýslu mótmælir því, að haggað sje gildandi hvalafriðunarlögum. Símskeyti 25. apríl. (Ed. 40).

Hvítabandið, sjá Hjúkrunarheimili.

Hvítárbakkaskóli. H/f Hvítárbakki sækir um stofnstyrk til skólans á Hvítárbakka, í sama hlutfalli sem veitt var í fjárlögum 1924 til byggingar Alþýðuskóla Þingeyinga, alt að 36000 kr., en til vara um eftirgjöf á kr. 18666,66, er fjelagið skuldar viðlagasjóði. Brjef 23. febr. 2 fskj. (Nd. 141).

Iðnefnafræði. Verkfræðingafjelag Íslands sækir um 6000 kr. fjárveitingu til rannsókna á því, hvernig auðið verði að tengja iðnefnafræðilegan iðnað betur en nú við fiskiveiðar á Íslandi. Brjef 27. febr. 1 fskj. (Nd. 168).

Iðnskólar.

1. Stjórnarnefnd Iðnskólans í Reykjavík sækir um hækkun ríkissjóðsstyrks til skólans úr 5000 kr. upp í 6600 kr. Brjef 19. febr. (Nd. 118).
2. Iðnaðarmannafjelag Akureyrar sækir um 1500 kr. styrk til kvöldskólahalds. Brjef 6. febr. (Nd. 21).

Ingibjörg Guðbrandsdóttir, sjá Fimleikakensla.

Ingólfsfjarðarsími, sjá Símamál 3.

Innflutningshöft, sjá Verðtollur 2.

Ísafjarðarprestakall.

1. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að samþykkja skiftingu Ísafjarðarprestakalls. Símskeyti 19. mars. (Nd. 267).
2. Áskorunarskjöl frá sóknarmönnum í Hólssókn í Norður-Ísafjarðarsýslu um að gera sóknina að sjerstöku prestakalli. (Nd. 239).
3. Fimm skjöl um málið úr Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. (Nd. 275).
4. Umsögn biskups um frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í 2 prestaköll. Brjef 4. mars. (Nd. 206).

Ísafjörður, sjá Bryggjur 3, Bæjarstjórnarlög, Fangahús 1—2, Húsmæðraskólar 1, Sjúkrahús 7—9.

Íslandssaga, sjá Jón Stefánsson, dr.

Íslenskur söfnuður í Kaupmannahöfn. Sr. Haukur Gíslason, prestur við Holmens Kirke í Kaupmannahöfn, sækir um 1000 kr. styrk til íslenska safnaðarfjelagsins í Kaupmannahöfn. Brjef 20. jan. 4 fskj. (Nd. 130).

Íþróttasamband Íslands sækir um 1600 kr. styrk til íþróttanámsskeiðs síns. Brjef 25. febr. 3 fskj. (Nd. 178).

Jakob B. Bjarnason, sjá Alþýðukveðskapur 1.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sjá Fræðafjelagið.

Jarðræktarlög, sjá Búnaðarfjelag Íslands 2.

Jarðyrkjuverkfæri, sjá Lúðvík Jónsson.

Járnbrautarmálið. Fundargerð almenns fundar að Þjórsártúni 7. mars fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, ásamt fundarsamþykt um járnbrautarmálið. (Nd. 277).

Járbrautarrannsókn. Fjármálaráðherra ritar fjárhagsnefnd um greiðslu til Magnúsar Jónssonar, fyrv. fjármálaráðherra, upp í kostnað við rannsóknir til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna. Brjef 12. febr. 6 fskj. (Nd. 47).

Jóhann Fr. Kristjánsson, sjá Húsagerð.

Jóhann M. Kristjánsson, sjá Verðtollur 1.

Jóhannes L. L. Jóhannsson, sjá Launamál 7.

Jón Ásgeirsson, sjá Námsstyrkur 10.

Jón Bjarnason læknir. Björn Þorgrímsson verslm. sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til handa Jóni hjeraðslækni Bjarnasyni. Brjef 28. febr. (Nd. 157).

Jón Bjarnason á Ísafirði, sjá Fiskimið við Grænland 2.

Jón Gunnarsson, sjá Námsstyrkur 13.

Jón Kristjánsson læknir fer fram á, að ríkið endurgreiði sjer ferðakostnað og kostnað við mannahald þann tíma, sem hann var utanlands til þess að kaupa gagnvermi (diathermi-áhald), og enn fremur, að veittur verði 3600 kr. styrkur til lækningastofu hans, er svari kaupi nuddkonu, sem hann hefir orðið að ráða til þess að fara með áhald þetta. Brjef 28. febr. (Nd. 174).

Jón Kristjánsson, veitingamaður á Akureyri, sækir um nokkurn fjárstyrk til þess að standast tilfinnanlegt fjártjón, er hann hefir beðið við langvarandi taugaveiki og skarlatssótt í gistihúsi sínu 1924. Brjef 22. jan. 1 fskj. (Nd. 14).

Jón Leifs, sjá Tónlist.

Jón Ófeigsson, sjá Mentaskólinn.

Jón Stefánsson, doktor, sækir um styrk til þess að rita sögu Íslands á ensku. Brjef 20. febr., ásamt skrá um ýms rit dr. Jóns. (Nd. 85).

Jón Þorkelsson, dr., sjá Fornbrjefasafn.

K*arl* bóndi *Þórðarson* sækir um 2000 kr. styrk til girðingar á ábýlisjörð sinni, Búðardal. Brjef 28. jan. (Nd. 265).

Kaupgjaldsþrætur.

1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um frv. um gerðardóm og málamiðlun í kaupgjaldsþrætum og frv. um sáttatilraunir í vinnudeilum. Brjef 10. mars. (Nd. 238).

2. Umsögn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda um sömu frv. Brjef 16. mars. (Nd. 322).
Keflavík, sjá Strandferðir 2.
Kennaraskólinn. Stjórn mötuneytis kennaraskólans biður um uppgjöf á 3000 kr. láni, er því var veitt til búsáhaldakaupa árið 1923. Brjef 18. febr. (Nd. 82).
Kennaraþing í Helsingfors. Samband íslenskra barnakennara sækir um 1200 kr. styrk handa 2 mönnum til þess að koma fram fyrir Íslands hönd á kennaraþingi í Helsingfors í sumar. Brjef. 15. apríl. 1 fskj. (Ed. 44).
Kensluáhöld, sjá Gísli Jónasson, Landslagsuppdráttur.
Kenslubækur. Jóhannes yfirkennari Sigfússon sækir um 1500 kr. fjárveitingu til þess að halda áfram og ljúka við útgáfu kenslubókar í sögu handa gagnfræðaskólum. Brjef 26. febr. (Nd. 145).
Kenslustundafjöldi.
1. Álit rektors mentaskólans um frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana, ásamt skýrslu um kenslustundafjölda tveggja kennara skólans. Brjef 23. febr. (Ed. 19).
2. Álit skólastjóra vjelstjóraskólans um sama frv. Brjef 23. febr. (Ed. 20).
3. Fastir kennarar við kennaraskólann skora á Alþingi að fjölga ekki með lögum kenslustundum þeirra við skólann frá því, sem nú eru þær. Brjef 18. febr. (Ed. 14).
4. Björn fimleikakennari Jakobsson fer þess á leit, að mentmn. Ed. stuðli að því, að á launakjörum hans og kenslustundafjölda verði engin breyting gerð. Brjef 2. mars. (Ed. 23).
5. Sami sendir mentmn. skýrslu um kenslustundafjölda sinn. Brjef 19. mars. (Ed. 29).

Kirkjujarðasala.
1. Bogi kaupmaður Sigurðsson óskar lagaheimildar til handa stjórnarráðinu til þess að selja honum ábýlisjörð hans, Fjósar í Laxárdalshreppi í Dalasýslu. Brjef 3. febr. (Nd. 282).
2. Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til allshn. 5. maí, um sölu á jörðinni. (Nd. 324).

Kjós, sjá Læknishjeruð 2.
Kleppustaðir í Hrófbergshreppi, sjá Gististaðir 4.
Kolasala.
1. Umsögn Verslunarráðs Íslands um frv. um sölu á kolum eftir máli. Brjef 7. mars. (Nd. 229).
2. Umsögn Sambands íslenskra samvinnufjelaga um sama frv. Brjef 12. mars. (Nd. 248).
3. Umsögn borgarstjóra Reykjavíkur um sama mál. Brjef 7. maí. (Nd. 325).

Kórsöngur, sjá Emil Thoroddsen.
Kristján Linnet, sjá Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum.
Kristján Skúlason, sjá Skógrækt 3.
Krosssund, sjá Ferjur 2.
Króksfjarðarnes, sjá Bryggjur 4.

Kvennaskólar.

1. 255 íbúar Dalasýslu lýsa óánægju sinni yfir nokkrum ósanngjörnum og ófrægjandi blaðagreinum, er út hafa komið til andmæla Staðarfelli sem skólasetri, og skora á Alþingi að vinna að því, að skóli verði reistur þar sem fyrst. (Nd. 52).
2. Mótmæli gegn því að kvennaskóli Vesturlands verði reistur á Staðarfelli og að gjafasjóði Herdísar Benediktsen sje blandað saman við aðrar stofnanir frá:
   a. Þingmálafundi í Flatey í Breiðafirði 18. febr.
   b. 108 konum í Flateyjarhreppi. (Nd. 305).

Kvikmynd. Loftur Guðmundsson fer þess á leit, að Alþingi veiti sjer þann styrk, að hann bíði ekki beint fjárhagslegt tjón af kvikmyndatöku, sem hann hefir haft með höndum hjer innanlands, en hallinn sje um 10000 kr. Brjef 2. febr. (Nd. 5).

Kvöldskólar. Fulltrúaráð verklýðsfjelaganna í Reykjavík sækir um 500 kr. styrk til kvöldskólahalds. Brjef 20. mars, ásamt skýrslu. (Nd. 289).

Kæliskip.

1. Atvinnumálaráðuneytið sendir fjvn. 2 uppdrætti af kæliskipi og skýrslu kæliskipsnefndar ásamt 56 fskj. Brjef 11. mars. (Nd. 244).
2. Dr. Guðbrandur Jónsson endurnýjar tilboð sín frá síðasta þingi (Db. Nd. 282/'24) um smíði kælirúmsskips. Brjef 18. febr. (Nd. 89).

Lagasafn. Egill Guttormsson bóksali sækir um 3000 kr. styrk til framhalds útgáfu Laga Íslands. Brjef 27. febr. (Nd. 162).

Landhelgisgæsla.

1. Fjármálaráðherra fer þess á leit við fjvn,, að hún flytji breytingartillögu um, að fjárveiting til landhelgisgæslu verði hækkuð úr 85000 kr. upp í 150000 kr., með því að farið verði fram á heimild til þess að kaupa strandgæsluskip. Brjef 28. febr. (Nd. 159).
2. Erindi Fiskifjelags Íslands um landhelgisgæsluskip, 23. febr. (Nd. 111).
3. O. H. Romdahl, maskinforretning í Bergen, sendir tilboð um sölu á hreyfibátum til landhelgisgæslu. Brjef 30. apríl með 4 fskj. (Nd. 323).

Sbr. Þór.

Landsbókasafn. Erindi próf. dr. phil. Páls E. Ólasonar um handritaskrá Landsbókasafnsins, dags. 14. febr. (Nd. 61).

Landslagsuppdráttur. Samband íslenskra barnakennara fer þess á leit, að veittar verði 1500 kr. til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæðalitum og sjávardýpis. Brjef 15. apríl. 2 fskj. (Ed. 43).

Landsspítali.

1. Brjef stjórnar Landsspítalasjóðs Íslands, 19. jan., um 75—100 þús. kr. fjárveitingu til landsspítala, gegn 75 þús. kr. láni úr landsspítalasjóði. (Nd. 45,6).
2. Stjórn landsspítalasjóðsins skorar á fjvn. að taka upp tillögu um fjárveitingu til landsspítala, sem gert er ráð fyrir í ályktun Alþingis 2. maí 1924. Brjef 3. mars. (Nd. 204).

3. Áskorun almenns fundar í Reykjavík 15. mars um landsspítalamálið, að leitað verði samninga við stjórn landsspítalasjóðsins um framlag úr sjóðnum til spítalabyggingar, alt að 75000 kr. á ári, gegn 75—100 þús. kr. framlagi árlega úr ríkissjóði. (Nd. 264).
4. Áskorun Læknafjelags Reykjavíkur um byggingu landsspítala. Brjef 14. mars. (Nd. 259).
5. Brjef læknadeildar háskólans um landsspítala, 23. mars. (Nd. 281).
6. Álit spítalanefndar um hinn nýja uppdrátt Guðjóns húsameistara Samúelssonar af landsspítala. Brjef 22. mars. (Nd. 278).

Landsverslun.

1. Skýrsla um tóbakseinkasöluna til Alþingis frá Landsverslun, prentuð, ódagsett. (Nd. 124).
2. Skýrsla um steinolíueinkasöluna og efnahag Landsverslunarinnar, til Alþingis frá Landsverslun, prentuð, ódagsett. (Nd. 287).
3. Brjef Verslunarráðs Íslands, 12. mars, með mótmælum gegn einkasölum ríkisins. (Nd. 251).
4. Fiskifjelagsdeildin á Ísafirði skorar á Alþingi að afnema olíuverslun ríkisins. Símskeyti 17. mars. (Nd. 262).

Landtökuviti á Suðurlandi, sjá Vitamál 1 og 5.

Launamál.

1. Samband starfsmanna ríkisins sendir fjhn. eftirrit af brjefi sínu til stjórnarráðsins, dags. 3. des. 1924, um dýrtíðarmál embættismanna. Brjef 21. febr. (Nd. 88).
2. Erindi skrifara í stjórnarráðinu um bætt launakjör, dags. 14. febr. (Nd. 81).
3. Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu fara fram á bætt launakjör. Brjef 28. febr. (Nd. 191).
4. Steindór Björnsson efnisvörður fer fram á að fá að halda þeirri aukauppbót, 200 kr. fyrir hvert barna sinna, sem hann hefir notið nú í 2 ár. Brjef 28. febr. (Nd. 193).
5. Sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík fer fram á 1200 kr. launabót til handa dómkirkjuprestinum, og að sr. Friðriki Hallgrímssyni verði veitt sama aldursuppbót, sem hann myndi njóta; ef hann hefði þjónað hjer á landi síðan hann var vígður. Brjef 3. apríl. (Nd. 302).
6. Sigurbjörn Á. Gíslason og Guðmundur B. Kristjánsson, kennarar við vjelstjóra- og stýrimannaskólana fara fram á sömu launakjör, sem kennarar við sambærilega skóla. Brjef 14. mars. (Nd. 284 og Ed. 28).
7. Jóhannes L. L. Jóhannsson leitar þess, að árslaun sín 1926 sjeu ekki lægri en 7000 kr., og að sjer verði veitt 2000 kr. uppbót 1925. Brjef 10. nóv. 1924. (Nd. 42, xl).

Sbr. og Eftirlaun, Lífeyrissjóður.

Laxaklak.

1. Erindi Þórðar Flóventssonar um 3000 kr. styrk 1926 og 2000 kr.

aukafjárveitingu 1925, til þess að ferðast um landið og leiðbeina mönnum um laxaklak og silunga. Brjef 3. sept. 1924. 1 fskj. (Nd. 42, l).

2. Brjef atvinnumálaráðuneytisins um erindi Þórðar Flóventssonar, dags. 17. jan., um 2000 kr. styrk á ári í 5 ár, til þess að ferðast um landið og koma á sem víðast laxaklaki og silunga. Brjef 10. febr. 5 fskj. (Nd. 34).

Lánssjóður stúdenta, sjá Stúdentar 3.

Leikfjelag Akureyrar, sjá Leiklist 1.

Leiklist.

1. Leikfjelag Akureyrar sækir um 1200 kr. styrk. Brjef 25. febr. (Nd. 288).
2. Frú Soffía Guðlaugsdóttir Kvaran sækir um styrk til utanfarar, til þess að nema leiklist. Brjef 6. maí. (Nd. 326).

Lífeyrissjóður.

1. Fulltrúaráð starfsmanna ríkisins fer fram á, að lögum um lífeyrissjóð embættismanna verði breytt þannig, að þeir sýslanamenn, sem fara sjálfviljugir úr þjónustu ríkisins, fái iðgjöld sín endurgreidd án vaxta, hafi þeir ekki verið full 8 ár í þjónustunni. Brjef 21. mars. 1 fskj. (Nd. 272).
2. Símakonur í Reykjavík fara fram á, að lögum um lífeyrissjóð embættismanna verði breytt á þá leið, að konur í þjónustu landssímans fái endurgreidd tillög sín til lífeyrissjóðs við burtför þeirra úr þjónustu ríkisins. Brjef 2. apríl. (Nd. 297).

Loftur Guðmundsson, sjá Kvikmynd.

Lokunartími sölubúða.

1. Rakarafjelag Reykjavíkur æskir þess, að Alþingi samþykki heimildarlög til bæjarstjórnar Reykjavíkur um það, að ákveða megi með reglugerð um lokanir á rakarastofum í Reykjavík. Brjef 16. febr. (Nd. 95).
2. Fjórir rakarar í Reykjavík mótmæla frv. um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum. Brjef 24. febr. (Nd. 122).
3. Brjef Rakarafjelags Reykjavíkur um frv. til laga um viðauka við lög nr. 29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, dags. 3. mars. (Nd. 194).

Lúðvík Jónsson búfræðingur sækir um 10000 kr. styrk til umbóta og smíða á nýtísku jarðyrkjuverkfærum. Brjef 28. febr. ásamt uppdrætti og 2 fskj. (Nd. 151).

Lýðskólinn í Bergstaðastræti 3. Ísleifur skólastjóri Jónsson sækir um 1500 kr. styrk til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Bergstaðastræti 3. Brjef 5. nóv. (Nd. 42, xxx).

Læknisbústaður. Þingmenn beggja Múlasýslna sækja um styrk til læknisbústaðar að Hjaltastað, þriðjung kostnaðar. Brjef 20. febr., ásamt uppdrætti og 2 fskj. (Nd. 92).

Læknishjerað.

1. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að Ólafsfjörður verði

gerður að sjerstöku læknishjeraði, eða að hreppnum verði veitt á ári hverju til læknishalds fjárhæð, er nemi hálfum læknislaunum með dýrtíðaruppbót. Brjef 3. febr., ásamt brjefi þm. Eyf. (E. Á. og B. St.) 19. febr. (Nd. 55).

2. Þm. G.-K. (Á. F. og B. K.) sækja um 2000 kr. styrk til handa Kjósar-, Kjalarnes- og Mosfellshreppum, til læknishalds. Brjef 28. febr., ásamt tilboði frá Ólafi lækni Gunnarssyni, s. d. (Nd. 185).

Læknisvitjunarstyrkur. Jón A. Jónsson, þm. N.-Ísf., sækir um læknisvitjanastyrk til handa 3 hreppum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Brjef 2. mars. (Nd. 188).

Magnús Árnason, sjá Námsstyrkur 11.

Magnús Einarson dýralæknir, sjá Tekjuskattur.

Magnús Konráðsson, sjá Námsstyrkur 12.

Markaður. Verslunarráð Íslands sækir um 5000 kr. styrk — til vara 2000 kr. — til þess að afla upplýsinga um markaðshorfur og vöruverð erlendis. Brjef 17. febr., ásamt skýrslu um starfsemi Verslunarráðsins 1923. (Nd. 79).

Málmleit. Stjórn fjelagsins Málmleitar fer fram á, að ríkið kaupi borunaráhöld fjelagsins fyrir 12000 kr. og haldi áfram borun í Vatnsmýrinni eftir áætlun og tillögum sjerfræðinga. Brjef 5. mars. (Nd. 228).

Málsháttasafn, sjá Páll Þorkelsson 1.

Menningarsaga.

1. Dr. Guðbrandur Jónsson sækir um 3600 kr. styrk til þess að safna til íslenskrar menningarsögu í kaþólskum sið og semja hana. Brjef 24. mars, ásamt 3 fskj. (Nd. 291).
2. Valtýr Stefánsson ritstjóri mælist til þess, að tekin verði upp 10000 kr. fjárveiting, er verja skuli til að safna drögum til menningarsögu Íslands. (Brjef 26. febr. (Nd. 173).

Sbr. og Alþýðukveðskapur.

Mentaskólinn. Jón Ófeigsson adjunkt sendir skýrslu um utanför sína, sækir um 5000 kr. ferðastyrk til þess að kynnast skólamálum erlendis, en til vara, að kostnaður við starfrækslu embættis hans, meðan hann er erlendis, verði greiddur úr ríkissjóði. Brjef 22. jan. (Nd. 4).

Minningarsjóður Eggerts Ólafssonar. Stjórnarnefnd Minningarsjóðs Eggerts Ólafssonar sækir um 6000 kr. styrk til þess að gefa út minningarrit á tveggja alda afmæli Eggerts, og að Alþingi styrki sjóðinn með árstillagi eða með afmælisgjöf 1. des. 1926. Brjef 25. febr., ásamt prentuðu ávarpi. (Nd. 135). Sbr. og Grasasafn.

Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarfirði fer fram á verndartoll á aðfluttri niðursoðinni mjólk. Brjef 23. mars. 1 fskj. (Nd. 328). Sbr. Verðtollur 1.

Mosfell í Grímsnesi, sjá Prestssetur 3.

Mosfellssveitarvegur, sjá Vegamál 4.

Móðurást. Listvinafjelag Íslands fer fram á, að veittar sjeu 4500 kr., skift á 2 ár, gegn jafnháu framlagi frá fjelaginu, til þess að kaupa mynd ungfrúr Nínu Sæmundsson, Móðurást, í bronsi. Brjef 3. mars. (Nd. 205).

Mýrdalshjerað, sjá Sjúkrahús 3—4.

Námsstyrkur.

1. Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna sækir um 1500 kr. styrk til hjálpar við nám hjúkrunarnema og hjúkrunarkvenna. Brjef 22. jan. (Nd. 3).
2. Guðjón J. Bachmann sækir um alt að 2000 kr. styrk til handa Sigríði dóttur sinni til hjúkrunarnáms erlendis. Brjef 31. jan. og 2 fskj. (Nd. 69).
3. Valtýr Albertsson læknir sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í lífeðlisfræði. Brjef 2. febr., 1 vottorð og umsögn læknadeildar háskólans, dags. 27. febr. (Nd. 40).
4. Skúli læknir Guðjónsson sækir um 4000 kr. styrk til þess að halda áfram bætiefnarannsóknum við heilsufræðisstofnunina í Kaupmannahöfn og til þess að framkvæma lækningatilraunir á fjöruskjögri í sauðfje. Brjef 25. febr., með 1 fskj. — Umsögn læknadeildar háskólans 21. mars. (Nd. 236).
5. Albert Ólafsson sækir um 2000 kr. styrk til þess að ljúka kennaranámi við Volda lærarskule í Noregi. Brjef 12. júní 1924. (Nd. 1).
6. Árni prófastur Björnsson í Görðum sækir fyrir hönd Elínar dóttur sinnar um 1000 kr. utanfararstyrk, til þess að hún fái fullkomnað sig í því, er lýtur að skólaiðnaði. Brjef 25. febr. (Nd. 127).
7. Geir G. Þormar sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms erlendis í trjeskurðarlist og dráttlist. Brjef 6. febr. (Nd. 28).
8. Þórarinn Jónsson frá Mjóafirði sækir um 6000 kr. styrk til hljómlistarnáms í Þýskalandi. Brjef 23. des. 1924. 5 fskj. (Nd. 12).
9. Björn gullsmiður Björnsson sækir um 2500 kr. utanfararstyrk til framhaldsnáms í dráttlist og málaralist. Brjef 27. febr. 3 fskj. (Nd. 180).
10. Björn lögfr. Árnason sækir um 3000 kr. styrk til handa Jóni Ásgeirssyni, til náms í pianóleik og hljómfræði. Brjef 27. febr., ásamt 4 meðmælum (Nd. 148).
11. Ársæll Árnason bóksali sækir um 3000 kr. styrk til handa Magnúsi bróður sínum, til listanáms. Brjef 27. febr. (Nd. 158).
12. Magnús Konráðsson stud. polyt. sækir um 1500 kr. styrk til þess að ljúka námi í mannvirkjafræði við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. Brjef 16. febr. (Nd. 63).
13. Jón Gunnarsson frá Blöndubakka sækir um 1500 kr. styrk til að ljúka vegagerðarnámi í Noregi. Brjef 7. jan. (Nd. 2).
14. Jón A. Egilson sækir um, að Þorvaldi syni hans verði veittar 4000 kr. til fullnaðarnáms í hænsnarækt og ferðakostnaðar að loknu námi. Brjef 28. febr. (Nd. 153).
15. Þorvarður bóndi Helgason á Skriðu í Breiðdal sækir um styrk til þess að koma farlama syni sínum til verknáms. Brjef 13. febr. með 2 vottorðum. (Nd. 274).

Náttúrufræðifjelagið sækir um 3000 kr. styrk 1926. Brjef 15. nóv. 1924. (Nd. 42, xxxvi).

Nína Sæmundsson, sjá Móðurást.

Núpsskóli. Skólastjóri Núpsskóla í Dýrafirði fer fram á, að skólinn fái að halda

styrk sínum af fje því, sem veitt er til unglingaskóla, þótt hann starfi ekki í vetur. Brjef 20. jan. (Nd. 125).
Nýbýli. Brjef Búnaðarfjelags Íslands, dags. 3. des. 1924, um styrk til nýbýla. (Nd. 45, 5).
Nýi skólinn á Hesti, sjá Hestsskóli.
Næfurholt, sjá Skógrækt 4.

Orðabók, íslensk-frönsk, sjá Páll Þorkelsson 2.
Orðasöfnun. Þórbergur Þórðarson sækir um 2400 kr. fjárveitingu til þess að halda áfram orðasöfnun. Brjef 29. okt. 1924 og 4 mars. (Nd. 42, xlii og 208).
Ottó B. Arnar, sjá Útvarp 2—5.

Ólafsfjörður, sjá Barnaskólar 1, Bryggjur 5, Læknishjeruð 1.
Ólafsvík, sjá Hafnir.
Ólafur Pálsson, sjá Sundkensla.
Ólafur Th. Sveinsson, sjá Skipaskoðun.

Páll Þorkelsson.
1. Erindi, 21. nóv. 1924, um að mega halda 500 kr. styrk til þess að vinna að málsháttasafni sínu. (Nd. 42, xliii).
2. Sami býður Alþingi kaup á handriti sínu að íslensk-franskri orðabók, sem hann hefir unnið að síðan 1876, fyrir 3000 kr. Brjef 25. febr., ásamt 2 fskj. og orðabókarsýnishorni. (Nd. 121).

Pálmi Hannesson stud. mag. sækir um 6000 kr. styrk til rannsóknarleiðangurs um öræfin vestur af Vatnajökli. Brjef 20. jan., ásamt uppdrætti og kostnaðaráætlun. (Nd. 86).
Poul, dr., sjá Síldarverksmiðjur 2.
Póstmál, sjá Eftirlaun 2, Guðmundur Bergsson.
Prestssetur.
1. Eiríkur prestur Stefánsson að Torfastöðum fer þess á leit, að ríkissjóður kaupi af sjer til handa prestssetrinu íveruhús ásamt 5 útihúsum þar á staðnum. Brjef 6. febr., ásamt umsögn biskups, dags. 26. febr., og 1 fskj. (Nd. 56).
2. 90 íbúar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu fara fram á ríkissjóðsstyrk til þess að byggja upp staðarhúsin á prestssetrinu Stað í Steingrímsfirði. Brjef til þm. Str. 29. jan., 3 fskj. (Nd. 68).
3. Ingimar prestur Jónsson að Mosfelli í Grímsnesi sækir um til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að ríkissjóður endurgreiði sjer það, sem hann hefir þurft að greiða úr eigin sjóði til þess að koma upp íveruhúsi á prestssetrinu. Brjef 12. des. 1924, með umsögn biskups til fjvn., dags. 28. febr., uppdrætti og brunabótavirðingu. (Nd. 93).
4. Söknarnefndir Skútustaðaprestakalls sækja um 5000 kr. styrk og tvenn 5000 kr. lán til þess að húsa staðinn að Skútustöðum. 2 brjef

til kirkjumálastjórnarinnar, dags. 26. des. 1924, með 1 fskj. og umsögn biskups í brjefi til fjvn. 2. mars. (Nd. 94).

5. Sóknarnefnd Svalbarðseyrar skorar á fjvn. að leita umsagnar sr. Hermanns Hjartarsonar, hvar hann vilji þjóna; mótmælir ella styrk til húsagerðar að Skútustöðum. Símskeyti 12. mars. (Nd. 249).
6. Helgi læknir Ingvarsson sækir fyrir hönd föður síns, sr. Ingvars Nikulássonar, um viðbótarstyrk vegna húsagerðar á Skeggjastöðum, að minsta kosti $^2/_3$ af því fje, er hann hefir lagt fram. Brjef 10. mars, ásamt 3 fskj. og umsögn biskups 17. mars. (Nd. 232).

Rakarastofur, sjá Lokunartími sölubúða.

Rauði kross Íslands sækir um 3000 kr. fjárveitingu í fjáraukalögum 1925, og sömu upphæð í fjárlögum 1926. Brjef 26. febr. (Nd. 164).

Reykjanessími, sjá Símamál 2.

Ríkarður Jónsson, sjá Dráttlist 1.

Romdahl, O. H., Maskinforretning, Bergen, sjá Landhelgisgæsla 3.

Samband norðlenskra kvenna sendir skýrslu um starfsemi sína og sækir um 500 kr. styrk. Brjef 24. jan. (Nd. 15).

Sandgræðsla.

1. Brjef Búnaðarfjelags Íslands, 27. okt. 1924, með áætlun og tillögum um fje til sandgræðslu 1926. (Nd. 42, xlv).
2. Búnaðarfjelag Íslands sendir fjvn. tillögur sínar um sandgræðslumálið. Brjef 23. febr. með sjerprentun úr Búnaðarritinu xxxix. (Nd. 98).

Sauðárkrókur, sjá Bryggjur 6.

Sáttatilraunir, sjá Kaupgjaldsþrætur.

Seðlaútgáfa, sjá Bankamál 1.

Selvogur, sjá Skemdir af sjávarflóði 1.

Sigfús Sigfússon. Þingmenn Múlasýslna (H. Stef., Á. J., Sv. Ó. og I. P.) fara fram á, að 500 kr. styrkur til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará verði aftur tekinn upp í 15. gr. Brjef 2. mars. (Nd. 190).

Siglufjörður, sjá Sjúkrahús 6.

Sigríður Finnbogadóttir, sjá Fornbrjefasafn.

Sigríður Guðjónsdóttir Bachmann, sjá Námsstyrkur 2.

Sigurbjörn Á. Gíslason, sjá Launamál 6.

Sigurborg Kristjánsdóttir sækir um styrk til þess að sækja húsmæðraskólamót í Helsingfors. Brjef 15. apríl. (Ed. 45).

Sigurður Magnússon yfirlæknir, sjá Háskólinn 2—3.

Síðuhjerað, sjá Sjúkrahús 2.

Síldarkaup. Þm. Árn. (M. T. og Jör. B.) fara fram á 2500 kr. fjárveitingu til þess að bæta Grímsnesingum skaða þann, er þeir höfðu af síldarkaupum 1920, gegn jafnmiklu tillagi frá öðrum. Brjef 11. mars, með 3 fskj. og umsögn atvinnumálaráðherra 28. mars. (Nd. 234).

Síldarverksmiðjur.

1. Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sjávarútvegsnefnd-

ar, dags. 13. febr., með erindi Richards Eiríkssonar, umboðsmanns firmans M. Davidson í Glasgow, dags. 1. febr., um byggingu og starfrækslu síldarverksmiðju í Hrísey. 2 fskj. (Nd. 48).

2. Atvinnumálaráðuneytið sendir sjútvn. til umsagnar erindi dr. Poul's í Oldenburg, þar sem hann fer fram á að mega setja á stofn á Norðurlandi verksmiðju til að vinna lýsi og önnur efni úr síld og öðrum fiski. Brjef 10. mars. (Nd. 230).

Símamál.

1. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á Alþingi að veita fje til símalínu frá Minniborg austur í Biskupstungur og Hreppa. Útdr. úr sýslufg. 26. —30. jan. (Nd. 10).
2. Erindi Fiskifjelags Íslands um símalínu að Reykjanesvita og að Skálum á Langanesi. Brjef 23. febr. (Nd. 109).
3. Fiskifjelagsdeildin á Ísafirði og skipstjórafjelagið Bylgjan skora á Alþingi að láta nú þegar leggja símalínu frá Búðum að Stapa og frá Reykjarfirði í Ingólfsfjörð. Símskeyti 17. apríl. (Nd. 311).
4. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi landssímastjóra, dags. 23. febr., viðvíkjandi stöðvarhúsinu á Siglufirði. Brjef 26. febr. 2 fskj. (Nd. 134).
5. Gísli J. Ólafson símstjóri sækir um 3000 kr. styrk til utanfarar, til þess að kynna sjer helstu framfarir og nýungar í símamálum. Brjef 1. apríl. (Nd. 293).
6. Eggert Stefánsson, fyrrum símritari, krefst 3000 kr. eftirlauna árlega, auk dýrtíðaruppbótar, fyrir það er hann var sviftur starfi sínu við landssímann. Brjef 11. mars með 5 fskj. — Umsögn landssímastjóra 25. apríl og atvinnumálaráðherra 27. apríl. (Nd. 273).

Sbr. og Lífeyrissjóður, Útvarp.

Sjúkrahús.

1. Borgfirðingar sækja um 2000 kr. viðbótarstyrk til læknisbústaðar og sjúkraskýlis á Kleppjárnsreykjum. Brjef 15. febr. ásamt 1 fskj. (Nd. 166).
2. Erindi Jóns Kjartanssonar, þm. V.-Sk., dags. 25. febr., með brjefi formanns byggingarnefndar læknisbústaðar og sjúkraskýlis Síðuhjeraðs, um viðbótarstyrk til byggingarinnar, kr. 3298,28, og um 6000 kr. viðlagasjóðslán til hjeraðsins. (Nd. 117).
3. Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu sækir um alt að 15000 kr. til þess að koma upp sjúkraskýli og læknisbústað í Vík í Mýrdal. Brjef 23. nóv. 1924. (Nd. 45, 3).
4. Erindi þm. V.-Sk. (J. K.) um 18000 kr. styrk til hins sama, dags. 16. febr. 4 fskj. (Nd. 64).
5. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn., fer fram á 7000 kr. fjárveitingu til sjúkraskýlis og læknisbústaðar í Grímsneshjeraði. Brjef 6. mars. (Nd. 217).
6. Þm. Eyf. (E. Á. og B. St.) sækja um styrk til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði. Brjef 12. mars, ásamt uppdrætti og 3 fskj. (Nd. 245).
7. Sjúkrahúsnefndin á Ísafirði skorar á Alþingi að veita í fjárauka-

lögum síðustu fjárveitingu til sjúkrahúsbyggingarinnar, alt að 30000 kr., og 5000 kr. til þess að koma upp sótthreinsunartækjum. Brjef 14. febr. (Nd. 71 a.).

8. Sama sækir um aukafjárveitingu, alt að 3000 kr., sem endurgjald fyrir verðtoll, er greiddur hefir verið í ríkissjóð af efni til sjúkrahúsbyggingarinnar. Brjef 11. mars, ásamt símskeyti og umsögn fjármálaráðuneytisins, dags. 16. mars. (Nd. 231).
9. Sama fer þess á leit við fjhn., að hún hlutist til um, að sjúkrahúsbyggingunni á Ísafirði verði endurgreiddur verðtollur, sem greiddur hefir verið vegna hennar í ríkissjóð, en ella, að veittur verði alt að 3000 kr. aukastyrkur til byggingarinnar. Brjef 28. apríl. (Ed. 41).
10. Brjef landlæknis um 4 erindi um fjárveitingar til læknisbústaða og sjúkraskýla, er honum hafa verið send til umsagnar, dags. 12. mars. (Nd. 246).

Sjúkrasjóðir. Erindi 1. þm. Skagf. (M. G.) og 2. þm. Reykv. (J. Bald.) um 200 kr. styrk til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu og 500 kr. styrk til slysatryggingasjóðs fjelagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Brjef til fjvn. 25. febr. (Nd. 115).

Sjúkratryggingar.

1. Sjúkrasamlag Reykjavíkur mótmælir frv. um sjúkratryggingar. Brjef 11. mars. (Nd. 242).
2. Almennur kjósendafundur á Þingeyri skorar á Alþingi að samþykkja ekki frv. um sjúkratryggingar án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu. (Nd. 279).

Skaðabætur, sjá Daníel Hjálmsson, Erasmus Gíslason, Jón veitingamaður Kristjánsson.

Skálasími, sjá Símamál 2.

Skáldastyrkur og listamanna. Fjórtán rithöfundar og listamenn skora á Alþingi að hækka styrkinn til skálda og listamanna upp í 24000 kr. Brjef 17. mars. (Nd. 263).

Skeggjastaðir, sjá Prestssetur 6.

Skeiðaáveitan. Búnaðarfjelag Íslands sendir álit og tillögur Búnaðarþings í Skeiðaáveitumálinu, ásamt sjerprentun úr Búnaðarriti xxxix. Brjef 24. febr. (Nd. 102).

Skemdir af sjávarflóði.

1. Búnaðarfjelag Íslands sendir álit og tillögur Búnaðarþings um skemdir á sjóvarnargarðinum í Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Selvogshreppum. Brjef 24. febr. 12 fskj. (Nd. 104).
2. Einar G. Einarsson í Garðhúsum sendir skýrslu um skemdir þær, sem urðu á sjóvarnargörðum o. fl. í Grindavík í sjávarflóðinu 21. jan., og fer fram á 35000 kr. fjárveitingu á þessu þingi, og svipaða upphæð í næstu 2 ár, til þess að bæta úr skemdunum. Brjef 27. febr., ásamt skýrslu Benedikts Jónassonar verkfræðings, 26. febr., og uppdrætti. (Nd. 133).

3. Umsögn atvinnumálaráðuneytisins um styrkbeiðni vegna skemda af sjávarflóði í Grindavík og í Árnessýslu. Brjef 12. mars. (Nd. 250).

Skemtanaskattur. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendir álit sitt um frv. um breyting á lögum um skemtanaskatt og þjóðleikhús, á þskj. 241. Brjef 7. apríl. (Nd. 308).

Skipagjöld. Fjármálaráðuneytið sendir fjhn. framhaldsathugasemd við aukatekjureikning Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1922, ásamt úrskurðum á reikninginn. Brjef. 28. febr. (Nd. 161).

Skipagöngur.

1. Bænarskrá til Alþingis 1925 frá 578 kjósendum í Rangárvallasýslu, um 5000 kr. styrk til þess að tryggja sýslubúum vöruflutning einu sinni á ári beint frá útlöndum með farmgjaldskjörum Eimskipafjelags Íslands. Dags. í janúar 1925. (Nd. 83).
2. Brjef sýslumannsins í Skaftafellssýslu, 3. mars, með erindi um skipagöngur frá öllum hreppsnefndum og verslunum í Vestur-Skaftafellssýslu. (Nd. 200).

Skipaskoðun.

1. Atvinnumálaráðherra sendir sjútvn. erindi Ólafs Th. Sveinssonar, 7. febr., um stofnun sjerstakrar skrifstofu til umsjónar skipaskoðunarstarfinu. Brjef 11. febr. (Nd. 46).
2. Brjef sjútvn. til fjvn., dags. 13. mars, um hækkun fjárveitingar til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra. (Nd. 257).

Skipulag kauptúna. Brjef vegamálastjóra, 14. nóv. 1924, um 10000 kr. fjárveitingu til framkvæmdar laganna um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. (Nd. 42, li).

Skógrækt.

1. Tillögur skógræktarstjóra um fjárveitingu til skógræktar 1926. Brjef 31. okt. 1924. 1 fskj. (Nd. 42, xlviii).
2. Skógræktarstjóri fer fram á 3000 kr. hækkun á fjárveitingunni til skógræktar 1926. Brjef 16. apríl. (Ed. 47).
3. Kristján bóndi Skúlason býður ríkissjóði kaup á 100 ha. skóglendi í landi Sigríðarstaða í Ljósavatnsskarði fyrir 5000 kr. Brjef 6. mars, ásamt umsögn stjórnarráðsins, 13. mars, og skógræktarstjóra 12. mars. (Nd. 214).
4. Brjef atvinnumálaráðuneytisins, dags. 13. mars, ásamt 2 fskj., um kaup á jörðinni Næfurholti vegna skóglendis þar. (Nd. 255).

Skólagjöld. Sigurður skólastjóri Guðmundsson fer þess á leit, að syni Guðmundar G. Bárðarsonar kennara verði veitt undanþága frá skólagjaldi. Brjef 19. mars. (Nd. 336).

Skólar, sjá Alþýðuskóli Þingeyinga, Eiðaskóli, Háskólinn, Hestsskóli, Hvítárbakkaskóli, Iðnskólar, Kennaraskólinn, Kvennaskólar, Kvöldskólar, Lýðskóli, Mentaskólinn, Núpsskóli, Suðurlandsskóli, Verslunarskólar.

Skúli Guðjónsson læknir, sjá Námsstyrkur 4.

Skútustaðir, sjá Prestssetur 4—5.

Slysatryggingar.
1. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir allshn. brjef slysatryggingarnefndar, 14. febr., ásamt frv. til laga um almennar slysatryggingar. Brjef 23. febr. (Nd. 99).
2. Fiskifjelag Íslands sendir tillögur um að hækka slysatryggingar sjómanna. Brjef 24. febr. (Nd. 106).
3. Atvinnumálaráðuneytið sendir allshn. brjef vitamálastjóra, 4. mars, um slysatrygging vitavarða og hjálparmanna þeirra. Brjef 7. mars. (Nd. 225).

Sbr. og Sjúkrasjóðir.
Smjörlíkisgerð, sjá Áslækjarrjómabú.
Soffía Guðlaugsdóttir Kvaran, sjá Leiklist 2.
Soffía Stefánsdóttir, sjá Dráttlist 2.
Sogsfossar, sjá Járnbrautarrannsókn.
Sóttvarnahús. Stjórnarnefnd sjúkrahússins »Guðmanns minni« á Akureyri sækir um 10000 kr. styrk til viðgerðar á sóttvarnahúsi Akureyrar. 5 fskj. Brjef 16. jan. (Nd. 337).
Sóttvarnir, sjá Jón Kristjánsson veitingamaður.
Sparnaðarnefnd, sjá Berklavarnir, Fátækralög.
Spánarfulltrúi, sjá Fiskifulltrúi.
Staðarfellsgjöf, sbr. Húsmæðraskólar 2—3, Kvennaskólar 1—2.
Staður í Steingrímsfirði, sjá Prestssetur 2.
Stafnesviti, sjá Vitamál 6.
Stapasími, sjá Símamál 3.
Stefán B. Jónsson sækir um 20000 kr. styrk, en til vara um lægri upphæð, til útbreiðslu og eflingar lýðvarnarhreyfingu meðal landsmanna. Brjef 26. febr., ásamt stofnskrá lýðvarnarfjelagsins. (Nd. 137).
Steindór Björnsson, sjá Launamál 4.
Steinolíueinkasala, sjá Landsverslun.
Stjórnarráðsaðstoðarmenn og skrifarar, sjá Launamál 2—3.
Stokkseyri, sjá Fiskaðgerðarflötur, Skemdir af sjávarflóði 1.
Stórstúka Íslands sækir um 10000 kr. styrk á næsta ári. Brjef 20. febr. (Nd. 222). Sbr. Tollgæsla.
Strandferðir.
1. H/f Eimskipafjelag Íslands fer þess á leit, að styrkur fjelagsins til strandferða verði hækkaður úr 45000 kr. upp í 60000 kr. Brjef 27. febr. (Nd. 143).
2. Þm. G.-K. (Á. F. og B. K.) fara þess á leit við samgmn., að e/s Esja verði látin koma við í Keflavík í flestum ferðum austur og austan. Brjef 3. mars. (Nd. 329).
3. Atvinnumálaráðuneytið sendir samgmn. erindi Eimskipafjelags Suðurlands, 6. mars, um Breiðafjarðarferðir, ásamt 2 brjefum Eimskipafjelags Íslands, 3. og 4. mars, um flutningsgjald fyrir vörur úr skipum fjelagsins, sem fluttar verða áfram til viðtakenda í e/s Suðurlandi. Brjef 9. mars. (Nd. 224).

4. Erindi Saurbæinga til samgmn. um að hún greiði fyrir samgöngum við Gilsfjörð, dags. 21. febr. (Nd. 216, 1).
5. Erindi stjórnar Kaupfjelags Króksfjarðar um sama efni, dags. 18. febr. (Nd. 216, 2).
6. 129 íbúar í Barðastrandar-, Múla- og Gufudalshreppum skora á Alþingi að veita hæfilegan styrk til ferða við norðanverðan Breiðafjörð. (Nd. 309).
7. Þm. V.-Ísf. (Á. Á.) sendir samgmn. áskorun frá Súgandafirði um fjölgun ferða e/s Esju þangað. Brjef 14. mars. (Nd. 258).

Sbr. og Breiðafjarðarbátur.

Sturla Jónsson, sjá Bankamál 2.

Stúdentagarður.

1. Stúdentagarðsnefnd stúdentaráðsins fer fram á 100000 kr. fjárveiting til stúdentagarðs, en til vara 100000 kr. lán gegn 2. veðrjetti í húsinu. Brjef 28. febr. (Nd. 181).
2. Áskorun almenns stúdentafundar í Reykjavik 5. apríl um stúdentagarðsmálið. (Nd. 304).

Sbr. Háskólinn 5.

Stúdentar.

1. Íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn fara fram á, að íslenskum stúdentum við erlenda háskóla verði veittur sami styrkur í fjárlögum 1926 sem 1924, og að leitað verði aukafjárveitingar fyrir 1925, þannig, að hver stúdent fái 100 kr. styrk á mánuði. Ennfremur að stúdentar frá 1919 og 1920 fái bættan upp mismun þann, sem kom fram við að þeir fengu lægri styrk fyrstu árin. Brjef 17. nóv. 1924. (Nd. 42, xix).
2. Háskólaráðið sendir mentmn. breytingartillögur við frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla. Brjef 28. mars. (Ed. 31).
3. Stúdentaráðið fer fram á 2000 kr. fjárveitingu til lánssjóðs stúdenta. Brjef 27. febr. 1 fskj. (Nd. 171).
4. Stúdentaráðið sækir um 2500 kr. styrk til utanfarar Lúðvígs Guðmundssonar stud. theol., vegna ýmsra stúdentamála. Brjef 18. mars. (Nd. 268).

Sbr. og Alþýðufræðsla, Háskólinn 5—6.

Stykkishólmur, sjá Bryggjur 7—8.

Styrktarsjóðir. Stjórn styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík sækir um 5000 kr. styrk. Brjef 14. febr. (Nd. 67).

Suðurland e/s, sjá Strandferðir 3.

Suðurlandsskóli.

1. Nefnd til undirbúnings stofnunar hjeraðsskóla í Árnessýslu sækir um styrk úr ríkissjóði til skólastofnunar, að minsta kosti $^2/_5$ af stofnkostnaði skólans, og til árlegs rekstrar ekki minna en nemur launum skólastjóra. Brjef 30. jan. 3 fskj. (Nd. 58).

2. Áskorun sýslunefndar Árnessýslu um sama efni. Útdráttur úr sýslufundargerð 26.—30. jan. (Nd. 11).

Sundhöll, sjá Sundlaugar 1.

Sundkensla. Ólafur sundkennari Pálsson fer fram á, að styrkur sá, sem hann hefir notið til sundkenslu, verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 2400 kr. Brjef 26. febr. (Nd. 144).

Sundlaugar.

1. Dómsmálaráðuneytið sendir áætlun húsameistara, dags. 6. mars, með uppdrætti um yfirbygða sundlaug í Reykjavík. Brjef 14. mars. (Sþ. 20).
2. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu fer fram á fjárveitingu til sundlaugar og sundskálagerðar í Reykjanesi, 1/5 kostnaðar, alt að 2000 kr. Brjef 17. mars. (Nd. 266).
3. Sundnefnd U. M. F. Svarfdæla sækir um 3500 kr. styrk til sundskálagerðar. Brjef 9. febr. með 3 fskj. (Nd. 271).

Sbr. Alþýðuskóli Þingeyinga 3.

Súgandafjörður, sjá Strandferðir 7.

Svanur, sjá Breiðafjarðarbátur.

Sveitarstjórnarlög. 37 íbúar í Norðfjarðarhreppi skora á Alþingi að nema úr gildi úr síðustu málsgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaganna orðin »innan sömu sýslu«. (Nd. 27).

Sýslumannssetur í Borgarnesi. Fjármálaráðuneytið leggur til við fjvn., að 60000 kr. viðlagasjóðsláni Guðmundar sýslumanns Björnssonar verði breytt þannig, að það ávaxtist og endurgreiðist með 6% á 40 árum. Brjef 2. mars, ásamt erindi sýslumanns til stjórnarráðsins, dags. 15. des. 1924. (Nd. 199).

Sögufjelagið sækir um 4000 kr. aukafjárveitingu 1925 og 5000 kr. styrk í fjárlögum 1926. Brjef 23. okt. 1924. (Nd. 42, xxxviii).

Tekjuskattur. Guðmundur Ólafsson hrm. fer þess á leit f. h. Magnúsar dýralæknis Einarssonar, að fjhn. leggi til, að tekjuskattur dýralæknisins fyrir árið 1922, að upphæð kr. 975.00, verði látinn niður falla. Brjef 20. mars. 1 fskj. (Nd. 333).

Tillögur um fjárveitingar í 11., 12., 13., 14. og 15. gr. fjárl. til ríkisstofnana, heilbrigðismála, samgöngumála, skóla og safna, frá forstöðumönnum þeirra. (Nd. 42, iv—xvii, xx—xxix, xxxii—xxxv og xliv).

Tollgæsla. Stórstúka Íslands fer þess á leit, að Alþingi veiti sem ríflegastan styrk til tollgæslu og bannlagaeftirlits á næsta ári. 1 fskj. Brjef 16. febr. (Nd. 223).

Torfastaðir, sjá Prestssetur 1.

Tóbakseinkasala, sjá Landsverslun.

Tóbaksiðnaður, sjá Þorsteinn J. Sigurðsson.

Tónlist. Jón Leifs endurtekur ávarp það, er hann sendi Alþingi í fyrra, um skipun nefndar til að starfa að framförum íslenskrar tónmentar, og

fer þess ennfremur á leit, að Alþingi láti endurskoða og endursemja íslensk lög um höfundarjett. Brjef 28. jan. 2 fskj. (Sþ. 8).

Tóvinna, sjá Ullariðnaður.

Trausti Ólafsson, sjá Háskólinn 4.

Trjeskurður, sjá Dráttlist.

Trjesmiðafjelag Reykjavíkur, sjá Verðtollur 3.

Tryggvi Magnússon málari sækir um 3000 kr. utanfararstyrk. Brjef 25. febr., ásamt 4 meðmælum. (Nd. 167).

Tunnusmiðja. Brjef atvinnumálaráðuneytisins, 5. mars, með erindi bræðranna Esphólín, dags. 24. febr., um lán til þess að koma upp tunnuverksmiðju. 3 fskj. (Nd. 210).

Ullariðnaður.

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., sendir fjvn. erindi tóvinnufjelags Vestur-Ísfirðinga, dags. 14. mars, um 25—30 þús. kr. lán til þess að koma upp kembinga- og lyppivjelum á Vestfjörðum. Brjef 2. apríl. (Nd. 296).
2. Friðjón Kristjánsson sækir um 90000 kr. lán til þess að koma upp kembingar- og lopunarverksmiðju í Reykjavík. Brjef 26. febr. 1 fskj. (Nd. 160).

Umbúðasmiði. Halldór umbúðasmiður Arnórsson sækir um 7000 kr. styrk til umbúðasmíði sinnar. Brjef 27. febr., ásamt umsögn Læknafjelags Reykjavíkur, dags. 25. febr. (Nd. 154).

Unglingaskóli Ásgríms Magnússonar, sjá Lýðskólinn í Bergstaðastræti 3.

Ungmennafjelag Íslands sækir um 4000 kr. styrk á þessu ári. Brjef 18. febr. (Nd. 97).

Utanfararstyrkur, sjá Halldór Kiljan Laxness, Jón læknir Bjarnason, Jón læknir Kristjánsson, Sigurborg Kristjánsdóttir, Tryggvi Magnússon. Sbr. og Kennaraþing í Helsingfors, Leiklist 2, Mentaskólinn, Námsstyrkur.

Úrskurðir í útsvarsmálum, sbr. Bæjargjöld í Reykjavík.

Útsvar, sjá Bæjargjöld í Reykjavík.

Útvarp.

1. A. Gook á Akureyri sækir um leyfi til að reisa útvarpsstöð í húsi sínu. Brjef 27. jan. (Nd. 13).
2. Ottó B. Arnar æskir þess, að Alþingi taki aftur til íhugunar umsókn hans frá síðasta ári um sjerleyfi til þess að reka útvarp. Brjef 2. mars. (Nd. 187).
3. Ottó B. Arnar breytir áður sendri umsókn sinni um sjerleyfi til útvarps á þá leið, að það verði gefið út til handa sjer ásamt 4 öðrum nafngreindum mönnum. Brjef 24. mars. 1 fskj. (Nd. 283).
4. Umsögn landssímastjóra um erindi Ottós B. Arnar um sjerleyfi til útvarps og um beiðni A. Gook's um leyfi til að setja upp útvarpsstöð, ásamt frv. um sjerleyfi til handa væntanlegu hlutafjelagi til þess að reka útvarp á Íslandi. Brjef 1. apríl. (Nd. 294).

5. Athugasemdir fjelags íslenskra loftskeytamanna við umsókn Ottós B. Arnar o. fl. um sjerleyfi til útvarps. Brjef 16. apríl. (Nd. 313).

Valtýr Albertsson læknir, sjá Námsstyrkur 3.
Valtýr Stefánsson, sjá Menningarsaga.
Varalögregla.

1. Verkamannafjelagið Fram á Seyðisfirði mótmælir harðlega ríkislögreglufrumvarpi stjórnarinnar og öllu sama eðlis. Símskeyti 20. febr. (Ed. 16).
2. Áskorun til Alþingis um að fella öll frumvörp, er snerta vopnaða lögreglu, í símskeyti frá Sandi 27. febr., undirrituð sjómenn og verkamenn. (Nd. 132).

Vegamál.

1. Umsögn vegamálastjóra um frumvörp þau og tillögur um breytingar á vegalögum, sem liggja fyrir þinginu. Brjef 27. febr. (Nd. 142).
2. Áætlun vegamálastjóra um vega- og brúargerðir á næstu 7 árum, dags. 16. mars. (Nd. 261).
3. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á Alþingi að láta ekki lengur dragast að veita fje til þess að brúa árnar í Ölfusi. Útdr. úr sýslufg. 26.—30. jan. (Nd. 9).
4. Brjef atvinnumálaráðuneytisins, 20. mars, með erindi oddvita Kjalarneshrepps, 15. febr., um framhald Mosfellssveitarvegar, og umsögn vegamálastjóra 18. mars. (Nd. 276).

Verðtollur.

1. Brjef fjármálaráðuneytisins til fjhn., 25. febr., um undanþágur frá verðtolli, ásamt erindi Jóhanns M. Kristjánssonar, 27. júní 1924, Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, 12. ág. 1924, og Mjólkurfjelagsins Mjallar, 28. jan. (Nd. 139).
2. Brjef Verslunarráðs Íslands, 27. febr., um verðtoll og bann gegn innflutningi óþarfavarnings. (Nd. 340).
3. Trjesmiðafjelag Reykjavíkur skorar á fjhn. að stuðla að því, að verðtollur á útlendum varningi, sem unt er að vinna jafngóðan í landinu, fái að standa áfram um óákveðið tímabil. Brjef 3. mars. (Nd. 207).
4. Tólf söngkennarar og sönglistarvinir æskja þess, að fjhn. geri tillögur um afnám verðtolls á hljóðfærum. Brjef 2. mars. (Nd. 197).
5. Vitamálastjóri skorar á sjútvn. að hlutast til um afnám verðtolls á vitatækjum o. fl. Brjef 11. mars. (Nd. 237).

Sbr. Sjúkrahús 8—9.

Verklegt nám við bændaskóla. Búnaðarfjelag Íslands sendir álit og tillögur Búnaðarþings um verklegt nám við bændaskólana. Brjef 24. febr. (Nd. 103).

Verndartollur, sjá Mjólkurfjelagið Mjöll, Verðtollur 3.

Verslunaratvinna. Verslunarráð Íslands bendir á nokkur atriði, er því þykir máli skifta, að Alþingi breyti í frv. til laga um verslunaratvinnu. Brjef 27. febr. Fskj.: Nýtt frv. frá ráðinu. (Ed. 22).

Verslunarskólar.

1. Verslunarráð Íslands sækir um, að styrkur til Verslunarskóla Íslands verði hækkaður upp í alt að 10000 kr. Brjef 17. febr., ásamt skólaskýrslu 1923–24. (Nd. 78).
2. Skólastjóri Samvinnuskólans sendir skýrslu um starfsemi skólans síðastl. ár. Brjef 16. des. 1924. (Nd. 42, xxxi).

Vestmannaeyjar, sjá Fangahús 3, Gistihús, Vitamál 6—7.

Vestur-Íslendingar. Fjelag Vestur-Íslendinga í Reykjavík sækir um 5000 kr. styrk til þess að senda mann í fyrirlestraferð til Íslendingabygða vestanhafs. Brjef 14. febr. og 1 fskj. (Nd. 80).

Vigfús Sigurðsson vitavörður, sjá Eftirlaun 3.

Vinnudeilur, sjá Kaupgjaldsþrætur.

Vitamál.

1. Tillögur vitamálastjóra um fjárveitingar til vitamála 1926 og smíði nýrra vita, einkum landtökuvita á Suðurlandi. Brjef 21. okt. 1924. 9 fskj. (Nd. 42, xv).
2. Erindi vitamálastjóra um, að því fje, sem vitagjaldið gefur fram yfir rekstrar- og viðhaldskostnað vitanna, sje að öllu leyti varið til þess að fullkomna og endurbæta vitakerfi landsins. Brjef til fjvn. 27. febr. (Nd. 138).
3. Yfirlit um rekstur vitanna 1878—1923. (Nd. 254).
4. Athugasemd vitamálastjóra við ummæli í nál. fjvn. á þskj. 203, hvernig vitagjaldinu hafi verið varið. Brjef 20. mars. (Nd. 270).
5. Erindi Fiskifjelags Íslands um landtökuvita á Suðurlandi. Brjef 23. febr. (Nd. 108).
6. Fjórir þingmenn (H. Steins., J. Jós., J. A. J. og Sigurj. J.) fara þess á leit við fjvn., að tekin verði í fjárlög 60000 kr. fjárveiting til vitasmíðar við Grundarfjörð, á Stafnesi og í Vestmannaeyjum. Brjef 28. febr. (Nd. 198).
7. Erindi Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm., um fjárveitingu til vitagerðar austan á Heimaey. Brjef 25. febr. (Nd. 119).
8. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir fjvn. brjef vitamálastjóra, dags. 14. febr., ásamt brjefi vitavarðarins á Garðskaga til hans, dags. 10. febr., um kaup á lóð og mannvirkjum við Garðskagavita. Brjef 17. febr. (Nd. 70).

Sbr. og Eftirlaun 3, Verðtollur 5.

Víðboð, sjá Útvarp.

Vöruflutningar, sjá Bifreiðaferðir, Skipagöngur.

Yfirsetukvennalög. Brjef allshn. Nd. til fjhn. Nd. um frv. um breyting á yfirsetukvennalögum á þskj. 97, dags. 17. mars. (Nd. 334).

Þingeyingaskóli, sjá Alþýðuskóli Þingeyinga.

Þingmálafundargerðir.

Af Akureyri 19. jan. (Nd. 22).

Úr Árnessýslu, þrjár, 11., 17. og 30. jan. (Nd. 6).
Úr Barðastrandarsýslu, þrjár, 23. og 27. jan. og 2. febr. (Nd. 303).
Úr Borgarfjarðarsýslu, fimm, 20. des. 1924, 20., 21, 24. og 25. jan. (Nd. 59).
Úr Dalasýslu, tvær, 23. jan. og 20. febr. (Nd. 37 og 215).
Úr Eyjafjarðarsýslu, þrjár, 20. okt. 1924 og 12. og 16. jan. (Ed. 8).
Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, fimm, 20., 21., 25., 29. og 31. jan. (Nd. 49).
Úr Hafnarfirði, 3. febr., send af verkamannafjelaginu Hlíf. (Nd. 66).
Úr Austur-Húnavatnssýslu, þrjár, 19., 20. og 30. jan. (Ed. 3 og 11).
Af Ísafirði, tvær, 29. jan. og 10. febr. (Nd. 31 og 209).
Úr Norður-Ísafjarðarsýslu, átta, 10., 20., 21., 22., 29. og 30. jan. (tvær), 2. febr. (Nd. 32 og 73).
Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu. (Fundargerð 26. þing- og hjeraðsmálafundar Vestur-Ísafjarðarsýslu, 9. til 11. des. 1924). (Nd. 101).
Úr Múlasýslum báðum (stjórnmálafundur að Egilsstöðum) 17. jan. (Nd. 23).
Úr Norður-Múlasýslu, 18. jan. (Nd. 25).
Úr Suður-Múlasýslu, fimm, 20. nóv., 11. og 27. des. 1924, 11. og 17. jan. (Nd. 24).
Úr Mýrasýslu, tvær, 30. og 31. jan. (Nd. 60).
Úr Rangárvallasýslu, fimm, 17., 18. og 19. sept. 1924, 18. og 23. jan. (Ed. 7, 12 og 25).
Úr Austur-Skaftafellssýslu, þrjár, 11., 12. og 16. jan. (Nd. 50).
Úr Vestur-Skaftafellssýslu, fimm, 21. og 29. des. 1924, 28., 29. og 30. jan. (Nd. 36 og 243).
Úr Skagafjarðarsýslu, tvær, 12. og 17. jan. (Nd. 38).
Úr Snæfellsnessýslu, þrjár, 25. og 27. jan., 11. febr. (Ed. 5 og 24).
Úr Vestmannaeyjum, 28. jan. (Ed. 10).
Úr Norður-Þingeyjarsýslu, tvær, 15. og 16. jan. (Nd. 19).
Úr Suður-Þingeyjarsýslu, þrjár, 17., 20. og 31. jan. (Nd. 62).

Þjóðjarðasala. Atvinnumálaráðuneytið sendir skjöl, 43 að tölu, er varða sölu þjóðjarða þeirra, sem ráðuneytið seldi 1924. Brjef 24. mars. (Sþ. 22).

Þjóðmenjasafn.
1. Þjóðmenjavörður fer fram á hækkaða fjárveitingu til Þjóðmenjasafnsins. Brjef 20. mars. (Ed. 30).
2. Starfskonur við Þjóðmenjasafnið fara fram á hækkun fjárveitingar til vörslu safnsins. Brjef 2. apríl. (Nd. 298).

Þjóðvinafjelagið. Forseti Þjóðvinafjelagsins sækir um, að fjelaginu verði veittur 3000 kr. styrkur á næsta ári, eða að minsta kosti ekki lægri styrkur en þetta ár, 2000 kr. Brjef 28. febr. (Nd. 163).

Þorsteinn Jakobsson póstur, sjá Eftirlaun 2.

Þorsteinn J. Sigurðsson f. kaupm. sækir um 3000 kr. styrk til þess að fara utan og kynna sjer alt, er lýtur að tóbaksiðnaði. Brjef 26. febr. (Nd. 136).

Þorvaldur Egilson, sjá Námsstyrkur 14.

Þorvarður Helgason, sjá Námsstyrkur 15.

Þór. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer fram á, að styrkur til björgunarskipsins Þórs verði hækkaður upp í 80000 kr., enda annist skipið þá líka strandvarnir austur og vestur með söndum, meðan það er fyrir sunnan land. Brjef 25. febr. (Nd. 120).

Þóra Á. Ólafsdóttir, sjá Eftirlaun 4.

Þórarinn Guðmundsson. Guðmundur Jakobsson fer fram á, að Þórarni fiðluleikara, syni hans, verði á ný veittur sá styrkur, 1200 kr., sem hann hafði árin 1922 og 1923 til þess að kenna sveitapiltum fiðluleik. Brjef 17. mars. (Nd. 260).

Þórarinn Jónsson frá Mjóafirði, sjá Námsstyrkur 8.

Þorbergur Þórðarson, sjá Orðasöfnun.

Þórður Flóventsson, sjá Laxaklak.

Þórdís Símonardóttir ljósmóðir, sjá Eftirlaun 5.

Þverárhlíðarhreppur, sjá Barnaskólar 2.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson, sjá Verðtollur 1.